

ÍSLAND

Atvinnuhættir og menning

Bók 2

ÍSLAND - atvinnuhættir og menning 2020

Útgefandi:

Sagaz ehf.

www.isat.is

Hönnun og umbrot:

Ragnheiður Linda Eyjólfsdóttir,

grafískur hönnuður FÍT

Prentun:

Specialtrykkeriet Arco A/S, Danmörk.

Bókin er prentuð á umhverfsvænan pappír.




© 2022 Upplýsingar í þessari bók má ekki afrita með
neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.
Sagaz ehf. tekur ekki ábyrgð á innsendu efni.

ISBN:

978-9935-9680-0-5 (Ritröð)

978-9935-9680-2-0

ÍSLAND
Atvinnuhættir og menning 2020



Jarðhitasvæði á Mývatni. Ljós: Gretar Örn Bragason.

Efnisyfirlit

Mennta- og menningarmál	8
Samstarfsnefnd Háskólastigsins	10
Háskólar	20
Framhaldsskólar.....	36
Símenntun	86
Skólar og fræðslustarfsemi.....	98
Bókasöfn á Íslandi - eitt kerfi.....	110
Menning og listir.....	116
Söfn	122
Aðilar á vinnumarkaði	160
Samtök í atvinnulífinu.....	162
Erlent vinnuafli - en upplýsingaskortur veldur flækju	182
Verkalýðs- og stéttarfélag.....	184
Réttindasamtök.....	256
Hönnun og ráðgjöf	258
Endurskoðendur.....	260
Arkitektar.....	276
Verkfræðistofur	296
Upplýsingar og fjarskipti	324
Hugbúnaðarfyrirtæki.....	326
Fjarskiptafyrirtæki	360
Upplýsingatækni.....	378
Nafnaskrá	384



Mennta- og Menningarmál

Framhaldsskólar

Háskólar

Menning og Listir

Skólar og Fræðslustarfsemi

Símenntun

Söfn



Mynd af nefndinni frá árinu 2019. Frá vinstri: Friðrika Harðardóttir, ritari, Vilhjálmur Egilsson, rektor HB, Friða Björk Ingvarsdóttir, rektor LHÍ, Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor HH, Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA, Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ og formaður samstarfsnefndar háskólastigsins, Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, rektor LbHÍ og Ari Kristinn Jónsson, rektor HR. / Ljós. Kristinn Ingvarsson.

Samstarfsnefnd Háskólastigsins

Friðriikka Póra Harðardóttir

Samstarfsnefnd háskólastigsins er vettvangur samráðs og samstarfs íslenskra háskóla um sameiginleg málefni þeirra er varða starfsemi og hagsmuni háskólanna, s.s. gæðamál og fjármögnun háskólakerfisins, auk þess að veita umsagnir um mál sem háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eða aðrir aðilar vísa til hennar. Ennfremur tilnefnir samstarfsnefnd háskólastigsins fulltrúa háskólasamfélagsins í fjölmargar nefndir og ráð.

Samstarfsnefnd háskólastigsins hefur starfað frá árinu 1990 og starfar nú skv. 26. gr. laga um háskóla nr. 63/2006.

Rektorar þeirra háskóla sem hafa fengið viðurkenningu ráðuneytis háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, skipa samstarfsnefnd háskólastigsins. Nú sitja rektorar eftirtalinnna háskóla í nefndinni: Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Listaháskóla Íslands og Háskólans á Bifröst.

Rektor Háskóla Íslands er fastur formaður nefndarinnar. Hann tilnefnir ritara (e. secretary general) nefndarinnar.

Starfsemin

Samstarfsnefnd háskólastigsins er vettvangur samráðs og samstarfs í þágu sameiginlegra markmiða um gæði háskólamenntunar og rannsókna og leitast við að samræma afstöðu háskólanna til mikilvægra málefna er varða æðri menntun og rannsóknir gagnvart ríkisstjórn, Alþingi, hagsmunaaðilum og almenningi.

Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir fulltrúa í nefndir og ráð skv. því sem fyrir er mælt í lögum og reglum eða eftir atvikum fyrir beiðni hlutaðeigandi stjórnvalda þar sem kallað er eftir fulltrúa háskólasamfélagsins.

Forsenda háskólastarfsemi er sjálfstæði háskóla og sjálfðæmi um eigin starfsemi, sbr. 2. gr. laga um háskóla nr. 63/2006. Samstarfsnefndin hefur frumkvæði af því að fjalla um, álykta eða veita umsagnir um málefni sem varða háskólana alla, svo sem um undirbúning fyrir háskólanám, gæðaviðmið og gæðaeftirlit með háskólastarfsemi, fjármögnun kennslu og rannsókna, inntak og framvindu Bolognaferlisins, verkaskiptingu, bókasafns- og upplýsingamál, lagafrumvörp sem snerta háskólastarfsemi og önnur þau málefni er nefndin telur nauðsynlegt að fjalla um og taka afstöðu til. Nefndin skipar starfshópa um einstök málefni eftir því sem þurfa þykir. Samstarfsnefnd háskólastigsins er aðili að Samtökum evrópskra háskóla, European University Association (EUA) og Samtökum norrænna háskóla (NUS), og tekur virkan þátt í starfsemi þessara samtaka, vinnuhópum og stefnumótun. Samstarfsnefnd háskólastigsins er með formennsku í NUS 2022-2024 og því í forsvari fyrir sameiginlega norræna stefnumörkun á sviði háskólamála.





Í júlí 2022 sitja eftirtaldir rektorar háskóla í samstarfsnefnd háskólastigsins:

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, formaður

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands

Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólans á Hólum

Ragnhildur Helgadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík

Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst

Ritari samstarfsnefndar háskólastigsins er Friðrika Harðardóttir, sviðsstjóri alþjóðasviðs Háskóla Íslands, en hún hefur sinnt starfinu frá ársbyrjun 2014.



Stofnun Árna Magnússonar



Guðrún Nordal, forstöðumaður.

Aflstöð íslenskra fræða – mikilvægt kennileiti í Reykjavík

Hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er að vinna að rannsóknum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem eru á stofnuninni.

Sérstaða

Sérstaða stofnunarinnar býr í frumgögnum hennar sem hafa gildi á alþjóðlega vísu og einstakur efniviður til rannsókna. Á stofnuninni er stutt við fjölbjóðlegt samfélag fræðimanna, stúdenta og þýðenda sem hafa áhuga á íslenskum fræðum, máli og menningu. Stofnunin þrífst á öflugum samstarfi við háskóla og aðrar háskólastofnanir, innlandar sem erlendar; við rannsóknar- og menningarstofnanir, fræðasetur og söfn um allt land; fyrirtæki á sviði útgáfu, upplýsingatækni, afþreyingar, ferðaþjónustu og menningarmiðlunar; við alþjóðlegar systurstofnanir og háskóla þar sem íslensk fræði eru kennd. En síðast en ekki síst er hún í öflugum samstarfi við almenning í landinu.

Svið stofnunarinnar

Stofnuninni er skipt í fimm rannsóknarsvið auk stjórnsýslusviðs. Þau eru **handritasvið, málræktarsvið, nafnfræðisvið, orðfræðisvið og þjóðfræðisvið**.

Handrit í vörslu stofnunarinnar koma úr nokkrum söfnum. Að lokinni afhendingu handritanna frá Danmörku árið 1997 eru í handritasafni stofnunarinnar 1666 handrit og handritahlutar úr safni Árna Magnússonar, auk 1345 íslenskra fornbréfa í frumriti og 5942 fornbréfauppskrifta. Til viðbótar er 141 handrit úr Konungsbókhöfðu. Fjöldi handrita er enn varðveittur í Árnasafni og Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn en auk þess eru íslensk handrit varðveitt í ýmsum söfnum víða um heim. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, setti safn Árna Magnússonar á Íslandi og í Danmörku á sérstaka varðveisluskrá sína árið 2009.

Á handritasviði stofnunarinnar er unnið að ýmiss konar fræðilegum og hagnýtum verkefnum sem snerta varðveislur handritanna, rannsóknir á þeim og útgáfu. Forvörslustofa og ljósmyndastofa eru á einnig á handritasviði. Handritasafnið er varðveitt við bestu skilyrði og áhersla lögð á eflingu þess, viðhald og skráningu og miðlun. Safnið er skráð á vefinn handrit.is sem er samvinnuverkefni Árnastofnunar, Árnasafns í Höfn og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns þar sem finna má stafrænar myndir af handritum.

Viðfangsefni málræktarsviðs lúta annars vegar að málrækt almennt og hins vegar að sérhæfðum orðaforða. Starfsmenn málræktarsviðs veita almenningi og sérfræðingum málfarsráðgjöf og leiðbeiningar um vandað mál, rétttritun, orðmyndun, iðorðastarf og fleira og aðstoða við útgáfu orðaskráa í sérgreinum. Málræktarsvið sinnir einnig lögbundinni þjónustu Árnastofnunar við Íslenska málnefnd.

Á nafnfræðisviði stofnunarinnar er unnið að fræðilegum og hagnýtum verkefnum sem snerta örnefni og nafnfræði. Það veitir einstaklingum, stofnunum, sveitarfélögum og fyrirtækjum þjónustu sem felst meðal annars í því að miðla upplýsingum og svara fyrirspurnum. Sviðið er



Starfsfólk stofnunarinnar í Húsi íslenskunnar.

í samstarfi við aðrar stofnanir, einkum Landmælingar Íslands og Þjóðskrá Íslands, og annast skrifstofuhald fyrir Örnefnanefnd. Í lok árs 2020 var nýr vefur Árnastofnunar, nafnið.is, formlega opnaður. Á vefnum má finna gögum um íslensk nöfn af ýmsu tagi. Vefurinn veitir aðgang að örnefnasafni Árnastofnunar sem nú er orðið leitarbært í heild sinni.

Á orðfræðisviði stofnunarinnar er lögð áhersla á rannsóknir sem tengjast orðum og orðasamböndum, rannsóknir á orðaforðanum og þróun hans svo og rannsóknir í orðabókafræðum og máltækni. Þar eru söfn Orðabókar Háskólans, sem geyma mikilvægar heimildir um orðaforðan frá siðskiptum til nútíma, varðveitt. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er í forystu um nýjungar í orðabókagerð og starfsmenn orðfræðisviðs búa yfir þekkingu og reynslu á því sviði. Gefnar eru út prentaðar og rafrænar orðabækur sem ýmist eru einmála eins og Íslensk nútíamamálsofðabók sem hefur að geyma 56.000 uppflettiorð með íslenskum skýringum eða margmála á borð við ISLEX sem er veforðabók milli íslensku annars vegar og dönsku, finnsku, færeysku, norsku (bókamáls og nýnorsku) og sænsku hins vegar. Auk orðabókanna eru margvísleg gagnasöfn um íslensku aðgengileg á vefnum. Stofnunin er leiðandi í máltækni og tekur þátt í máltækniáætlun stjórnvalda og annast hagnýt og fræðileg verkefni á sviði máltækni með því markmiði að styðja málrannsóknir, gerð orðabóka og efla þróun máltækniþúnaðar.

Þjóðfræðisviði annast þjóðfræðisafn stofnunarinnar en í því er hljóðritað efni sem safnað er úr munnlegri geymd og miðlað í gagnagrunninum www.ismus.is. Þar má finna flokkaða yfirlitsskrá um þjóðfræðiefni ásamt hljóðritum (að hluta). Unnið er að rannsóknum á efni safnsins og ýmsum verkefnum sem því tengjast, einkum söfnun og skráningu. Útgáfa er snar þáttur í starfsemi sviðsins. Lögð er áhersla á varðveislu, viðhald, flokkun og skráningu safnsins þannig að gott aðgengi sé að því.

Íslenskukennsla

Árnastofnun hefur umsjón með íslenskukennslu við erlenda háskóla í samstarfi við Háskóla Íslands. Nú er íslenska kennd við 100 háskóla víðs vegar um heim en margir erlendir nemendur koma gagnert til Íslands til að sækja alþjóðleg sumarnámskeið stofnunarinnar í íslensku. Þetta starf ber m.a. ávöxt í öflugu miðlunarstarfi fjölmargra þýðenda á erlendri grund.

Starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sprettur af ræktarsemi við tungu og menningu Íslendinga. En það starf snýst ekki um að reisa varðveislumúra heldur er brýnt að opna sem flestum aðgang að verðmætum íslenskrar menningar og varpa ljósi á erindi hennar við samtímann. Unnið er markvisst að því á stofnuninni að opna aðgang að gögnum stofnunarinnar á stafrænu formi. Á síðustu misserum hafa nýir vefir eins og málið.is, ISLEX-orðabókin og nafnið.is litið dagsins ljós og aðrir hafa eflst og dafnað líkt og vinsæll vefur Beygingarlýsingar íslensks nútíamamáls (BÍN).

Hús íslenskunnar

Nú sér fyrir endann á byggingu Húss íslenskunnar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ásamt íslenskudeild Háskóla Íslands flytja í þetta nýja hús þar sem hægt verður að leggja saman krafta fræðimanna, kennara og nemenda. Húsið mun verða sannkölluð afstöð íslenskra fræða. Þar verður gögnum stofnunarinnar miðlað með alveg nýjum hætti og starfsemin opnuð almenningi. Handritasýning verður þar í öndvegi og þannig mun Hús íslenskunnar leika stórt hlutverk í bókmenntaborginni Reykjavík.



Hús íslenskunnar í byggingu.





Aðalbyggingar Háskóla Íslands.

Happdrætti Háskóla Íslands

Fyrsti útdráttur Happdrættis Háskóla Íslands fór fram í lðnó þann 10. mars árið 1934 að viðstöddu fjölmenni. Á undraskjótum tíma urðu miðakaup í Háskólahappdrættinu fastur liður í heimilishaldi stórs hluta Íslendinga. Að baki þessum mikla spilavilja lágu annars vegar vonin um að hljóta vænan vinning en hins vegar stuðningur við markmið happdrættisins, að safna fjármunum til að byggja yfir Háskólann.

Hátt vinningshlutfall

Það happdrættisform sem notast var við þegar í upphafi, er svokallað flokkahappdrætti. Þá er ekki um einn stóran útdrátt að ræða, heldur er happdrættisárinu skipt niður í tólf flokka þar sem einn er dreginn út í hverjum mánuði. Í flokkahappdrætti eru fjárhæðir vinninga þekktar fyrirfram, öfugt við svokölluð sjóðshappdrætti þar sem vinningsupphæðin sveiflast í takt við miðasölu og fjölda vinningshafa.

Eitt af sérkennum Háskólahappdrættisins hefur verið hið háa vinningshlutfall eða 70% í flokkahappdrættinu. Það þýðir að fyrir hverjar tíu krónur sem viðskiptavinir láta af hendi renna sjö aftur í vinninga. Það er hærra en gerist og gengur í happdrættisleikjum á borð við Lottó að ekki sé talað um happdrætti ýmissa líknarfélaga sem byggjast á stökum útdráttum.

Sífelld ný verkefni

Í fyrstu var ætlunin að Háskólahappdrættið lyki störfum um leið og aðalbygging Háskólans yrði tekin í notkun, enda var áætlað að með henni væri allri húsnæðisþörf skólans svalað til að minnsta kosti hundrað ára! Annað kom á daginn. Háskólastúdentum hefur fjölgað í sífellu, nýjar námsbrautir komið til sögunnar og kröfur um aðstöðu og tækjabúnað verða meiri ár frá ári. Þá fylgir meiri húsakosti stöðug viðhaldsþörf. Háskólinn hefur nánast allt frá 1935 staðið í byggingaframkvæmdum og hafa þær alla tíð að langmestu leyti verið fjármagnaðar af happdrættinu.

Tekjustoðirnar

Skafmiðahappdrættið Happaþrennan var kynnt til sögunnar árið 1987 og naut mikilla vinsælda, einkum í fyrstu. Um svipað leyti var mikil þróun erlendis á sviði samtengdra happdrættisvéla og árið 1993 fékk Háskólahappdrættið leyfi til slíks reksturs, sem fékk heitið Gullnáman. Hafa þessar þrjár stöðir myndað grundvöll Happdrættis Háskóla Íslands. Segja má að hinn alþjóðlegi happdrættismarkaður sé suðupottur nýjunga og hafa þær að langmestu leyti verið á sviði netspilunar. Hafa hérlend happdrættisfyrirtæki fullan hug á að taka virkan þátt á því sviði, en íslensk löggjöf hefur til þessa ekki gefið færi á slíku og öfugt við norræna starfsbræður sína hafa íslensk stjórnvöld lítið gert til að hafa hemil á umsvifum erlendra netfyrirtækja sem bjóða upp á peningaspil. Öll íslensku happdrættin sinna þjóðþrifamálum og starfa eftir lögum og reglum sem ríkisvaldið setur. Sami háttur er hafður á í nágrannalöndum okkar, þótt misjafnt sé hvort veitt séu einkaleyfi til happdrætta



Lögberg.



Háskóli Íslands, aðalbygging.

eða leyfi seld til margra á opnum markaði. Aðgerðaleysi stjórnvalda kann að skaða Happprætti Háskóla Íslands ef ekki fæst leyfi til að fylgja alþjóðlegri þróun og tryggja þannig tekjustoðirnar.

Ábyrg spilun

Stundum er sagt að öll happprætti selji í raun sömu vöruna: von. Það virðist vera sammannlegur eiginleiki að finnast gaman að freista gæfunnar og upplifa spennu í veðleikjum. Dæmi um þetta má finna frá öllum tímum í öllum menningarsamfélögum. En öllu gamni fylgir alvara. Vitundarvakning hefur átt sér stað um spilavanda og spilafíkn sem óhjákvæmilega fylgir spilamennsku. Frá árinu 2002 hafa farið fram rannsóknir á spilafíkn að frumkvæði Happprættis Háskóla Íslands innan vébanda Háskólans. Um 2,3% Íslendinga teljast eiga við spilavanda að stríða. Er þetta í samræmi við erlendar rannsóknir. Háskólahappprættið leggur sitt af mörkum til að sporna gegn spilafíkn og styður dyggilega við bakið á aðilum sem sinna meðferðar- og forvarnarstarfi. Happprætti Háskólans hefur undirgengist staðla alþjóðasamtakanna European Lotteries um ábyrga spilun. Þá er unnið að innleiðingu á virkni sem styður við auknar kröfur um varnir gegn peningapvætti og í undirbúningi er að bjóða þátttakendum að setja sér mörk eða útiloka sig frá spilun með rafrænu auðkenni.


Eignarhald, stjórn og starfsfólk

Happprætti Háskóla Íslands er í eigu Háskóla Íslands og er stjórn þess kosin af Háskólaráði. Happprættið er sjálfstæð stofnun og tilheyrir B-hluta fjárlaga. Stöðugildi eru 19. Stjórnarformaður er Eyvindur G. Gunnarsson, prófessor í lögum, en forstjóri frá árinu 2010 er Bryndís Hrafnkelsdóttir. Fjölmarginir umboðsmenn koma að rekstrinum og eru þeir víðsvegar um landið.

Ómetanlegt framlag

24 byggingar hafa verið reistar fyrir happprættisfé, auk viðhalds og tækjakaupa fyrir skólann. Þá hefur það árlega greitt einkaleyfisgjald, að fjárhæð 150 millj. kr. sem fer í innviðasjóð Rannís. Augljóst er að án Happprættis Háskólans væru húsnæðismál hans í öðru og miklu verra horfi. Þrengri og verri húsakostur og ófullkomnari tækjabúnaður leiddi til lakari menntunar og að lokum verri samkeppnisstöðu landsins og rýrari lífskjara þjóðarinnar. Þennan góða árangur Happprættis Háskóla Íslands má þó fyrst og fremst þakka viðskiptavinunum, sem er í raun þjóðin öll. Í meira en 85 ár hafa landsmenn lagt sitt af mörkum til að styðja hugsjónina um öflugan Háskóla og í leiðinni kryddað tilveruna með því að freista gæfunnar í skemmtilegum happprættisleikjum. www.hhi.is

Byggingar kostaðar af happprættisfé



Oddi.



Askja.



Yfirlitsmynd af húsum Tilraunastöðvarinnar sumarið 2018.

Tilraunastöð Háskóla Íslands

í meinafræði að Keldum

Sagan, stofnendur, eigendur og stjórnendur

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hefur verið starfrækt í rúmlega sjö áratugi, en miðað er við að starfsemin hafi formlega hafist þann 15. nóvember 1948. Tilraunastöðin var sett á laggirnar að stórum hluta til að rannsaka sauðfjárjúkdóma sem bárust til landsins með sauðfé frá Þýskalandi, svokölluðu karakúl-fé. Það bar með sér sjúkdómana garnaveiki, votamæði og mæði-visnu sem íslenskt fé reyndist afar næmt fyrir. Forstöðumenn Keldna frá upphafi hafa verið sex og tók núverandi forstöðumaður Sigurður Ingvarsson við embætti árið 2001. Aðrir forstöðumenn eru Björn Sigurðsson (1946-1959), Páll Agnar Pálsson (1959-1967), Guðmundur Pétursson (1967-1993), Kári Stefánsson (1993) og Guðmundur Georgsson (1994-2001). Björn Sigurðsson var skipaður fyrsti forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar árið 1946 og tveimur árum síðar, árið 1948, var ný rannsóknastofuaðstaða tekin í notkun að Keldum. Björn lést um aldur fram og hafði þá aðeins verið rúman áratug í starfi forstöðumanns Tilraunastöðvarinnar. Björn varð viðfrægur fyrir störf sín og bera hæst rannsóknir hans á hæggingum smitsjúkdómum og skilgreiningar hans á þeim. Björn var upphafsmaður hugmynda um sérstakan flokk smitsjúkdóma sem hann nefndi annarlega hægginga smitsjúkdóma og var sú skilgreining afrakstur rannsókna hans á ýmsum sýkingum í sauðfé, svo sem votamæði, þurramæði, visnu og riðu. Störf Björns eru þekkt í dag meðal vísindamanna víða um heim sem vinna að rannsóknum á hæggingum veirusýkingum í mönnum og dýrum og nýtur starfsemin á Keldum enn góðs af þeirri viðurkenningu, sem stofnuninni tókst að afla sér á alþjóðlegum vettvangi á fyrstu starfsárunum.

Vinnulag og framleiðsluferli

Frá upphafi hafa verkefni Tilraunastöðvarinnar fyrst og fremst verið rannsóknir á sjúkdómum og sjúkdómavörnum dýra og er hún leiðandi stofnun á því sviði. Viðfangsefnið hafa breyst í áruna rás samhliða breytingum í atvinnuháttum. Í dag starfar Tilraunastöðin eftir lögum um stofnunina nr. 67 frá 1990, en að auki er henni ætlað sérstakt hlutverk við rannsóknir á fisksjúkdómum samkvæmt lögum nr. 50 frá 1986. Á Keldum eru stundaðar rannsóknir á sjúkdómum í flestum spendýrategundum Íslands og allmörgum fugla- og fisktegundum. Tilgangur rannsókna er að efla skilning á eðli sjúkdóma og skapa nýja þekkingu. Heilbrigð dýr eru forsenda arðvænlegs landbúnaðar og fiskeldis. Mikilvægt er að dýr beri ekki sjúkdóma í menn með matvælum eða öðrum hætti. Stofnunin þarf að geta brugðist sem skjótast við nýjum og aðkallandi vandamálum á sviði sjúkdómagreininga. Viðbúnaður þarf að vera til staðar vegna vandamála sem upp kunna að koma með tilheyrandi mannauði og aðstöðu. Tilraunastöðin hefur þjónustuskýldur varðandi greiningar á dýrasjúkdómum, en þær eru unnar í nánnum tengslum við rannsóknirnar til að samlegðaráhrif verði sem best. Tilraunastöðin starfar sem innlend tilvísunarrannsóknastofa á nokkrum sviðum. Unnið er eftir gæðakerfi og hafa valdar prófunaraðferðir hlotið faggildingu samkvæmt alþjóðlegum



Sigurður Ingvarsson, forstöðumaður.



Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, deildarstjóri.



Árni Kristmundsson, deildarstjóri.



Keldnahestarnir í vetrarskrúða.

faggildingarstaðli. Starfsemin innan stofnunar er fjölþætt og aðferðum margra fræðigreina er beitt í grunn- og þjónusturannsóknum á sviði líffærameinafræði, örverufræði, ónæmisfræði, sníkjudýrafræði, lífefnafræði og sameindalíffræði. Keldur sér innlendum rannsóknastofum fyrir dýrablóði, úr hestum og kindum, sem þær nota til að framleiða sýklaæti. Frá upphafi hefur verið framleitt bóluæfni á Keldum, aðallega til að verja sauðfé gegn smitsjúkdómum. Nú um mundir er þar framleitt bóluæfni gegn lungnapest og blandað bóluæfni gegn lambablóðsött, flosnýrnaveiki og bráðapest. Þá er í litlum mæli framleitt mótefnasermi gegn lambablóðsött og garnapest. Viðtækt samstarf er við innlendar og erlendar stofnanir og háskóla í verkefnum og notkun á kjarnaadstöðu. Samhliða þessu er fjölbreytt samstarf við atvinnulíf, má þar nefna landbúnað, fiskeldi, sjávarútveg og stangveiðifélög, matvælaframleiðslu og líftækniöðnað. Starfið á Keldum er gott dæmi um hvernig tengsl atvinnulífs og vísindastarfs geta verið. Tilraunastöðin fjármagnar starfsemi sína með framlagi skv. fjárlögum, þjónustutekjum og styrkjum úr samkeppnissjóðum.

Skipulag og sérstaða

Tilraunastöðin er háskólastofnun sem tengist læknadeild Háskóla Íslands en hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stjórnina skipa fimm manns, einn þeirra er tilnefndur af Læknadeild Háskóla Íslands, einn af Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, tveir af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, þar af annar úr hópi starfsmanna Tilraunastöðvarinnar, og einn stjórnarmaður er kosinn af starfsmönnum stofnunarinnar. Sérstaða Keldna felst í því að hún er eina stofnunin á Íslandi sem vinnur eingöngu að rannsóknum á dýrasjúkdómum. **Starfseminni er skipt í fjórar fagdeildir; 1) stjórnsýsludeild, 2) veiru- og sameindalíffræðideild, 3) bakteríu-, sníkjudýra- og meinafræðideild og 4) rannsóknadeild fisksjúkdóma.**

Mannauður og starfsmannafjöldi

Á Keldum starfa sérmenntaðir og framsækni vísindamenn sem hafa faglega forystu á ýmsum fræðasviðum og þar að baki býr mikil þekking og reynsla. Við rannsóknir á dýrasjúkdómum og við sjúkdómagreiningar skiptir miklu máli að hafa öflugt rannsóknateymi með reyndum sérfræðingum á fræðasviðum Tilraunastöðvarinnar. Unnið er eftir sérstakri gæðastefnu, jafnréttisstefnu, starfsþróunarstefnu og starfsþróunaráætlun. Sérfræðingar stofnunarinnar vinna jöfnum höndum við grunn- og þjónusturannsóknir og kynna niðurstöður sínar í vísindagreinum og bókarköflum í erlendum ritryndum ritum. Ennfremur fer kynningarstarfsemi fram á ráðstefnum, innlendum og erlendum.

Framtíðarsýn

Á Íslandi eru einstakar aðstæður fyrir ýmis rannsóknar- og skimunarverkefni á sviði dýrasjúkdóma. Þessar aðstæður hafa skapast vegna landfræðilegrar einangrunar landsins og stærðar þess. Sökum þessa hefur ónæmiskerfi dýra á Íslandi ekki verið útsett fyrir ýmsum smitefnum, og mismunandi stofnum þeirra, í sama mæli og víða erlendis. Margir dýrastofnar á Íslandi hafa því annað næmi fyrir ýmsum smitsjúkdómum en gengur og gerist í heiminum. Miðað við flest önnur lönd er íslensk náttúra tegundafá, sem hefur skapað rannsóknum á Tilraunastöðinni nokkra sérstöðu. Vaxandi lífsýnasöfn gefa aukna möguleika á nýjum samanburðarrannsóknum af ýmsum toga. Stöðug þróun er á fræðasviðum sjúkdómalíffræðinnar varðandi þekkingu og aðferðir. Nýjar aðferðir eru teknar inn sem auka greiningarhæfni, afkastagetu og afkastahraða. Tölvuvæðing mælingartækja og tengsl þeirra við myndgreiningar eru í hraðri þróun. Flókin úrvinnsla gagna er tölvuvædd í auknum mæli. Ýmsar áskoranir eru framundan. Má þar nefna aukna hnattvæðingu með ferðalögum og vöruflutningi sem skapar ný viðmið í allri hugsun um dreifingu smitsjúkdóma í mönnum, dýrum og plöntum. Með auknum innflutningi ferskra landbúnaðarvara og aukinni ferðamennsku er einstakri smitsjúkdómastöðu íslenskra búfjárfstofna ógnað. Hætta er á að ný smitefni, sem munu hafa áhrif á heilsu manna og dýra, berist út í lífríkið. Nýjar áskoranir fylgja auknu fiskeldi og aukin heilsufarsvandamál hafa skapast vegna sýklafjaónæmra baktería, sem gætu aukist enn frekar, sé ekki gripið til aðgerða í tíma. Aðstæður í umhverfi geta haft áhrif á útbreiðslu sjúkdóma, s.s. loftslagshlýnun og breytingar á vistkerfum (t.d. skóglendi og votlendi).

Aðsetur

Tilraunastöðin hefur frá upphafi verið staðsett á jörðinni Keldum, sem ríkið eignaðist árið 1941. Þá var jörðin í Mosfellssveit en er nú innan Reykjavíkurborgar.



Háskólaráð. Frá vinstri: Jessý Rún Jónsdóttir, Sív Friðleifsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur Pétur Pálsson, Jón Atli Benediktsson, Einar Sveinbjörnsson, Ásthildur Margrét Otharsdóttir, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Vigdís Jakobsdóttir og Isabel Alejandra Díaz. Á myndinni eru einnig starfsmenn háskólaráðs, Þórður Kristinsson ráðgjafi og Magnús Diðrik Baldursson skrifstofustjóri.

Háskóli Íslands



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands er einn stærsti vinnustaður landsins. Auk tæplega 16 þúsund nemenda starfa þar rúmlega sextán hundruð fastráðnir starfsmenn og yfir tvö þúsund stundakennarar og lausráðnir starfsmenn. Meginhlutverk Háskóla Íslands er að vera vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun.

Sagan

Háskóli Íslands var stofnaður 17. júní árið 1911 á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta. Fyrstu 29 árin var hann til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll. Við stofnun Háskóla Íslands voru Prestaskólinn, Læknaskólinn og Lagaskólinn sameinaðir og mynduðu hver sína deild skólans, auk þess sem heimspekideild var bætt við. Háskólaárið 1911-1912 voru nemendur einungis 45 og þar af ein kona, en í dag eru konur tæplega 2/3 hluti þeirra nemenda sem stunda nám við Háskóla Íslands.

Húsakostur

Árið 1940 flutti Háskóli Íslands í Aðalbyggingu við Suðurgötu. Húsakostur skólans hefur vaxið mikið síðan og er nýjasta byggingin Háskólatorg sem stendur sunnan við Aðalbyggingu, en það var vígt 1. desember 2007.

Í dag nær húsakostur Háskóla Íslands hátt í 100.000 fm í 32 byggingum.

Skipulag, skipurit og stjórnkerfi

Hinn 1. júlí 2008 tók gildi nýtt skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands og á sama tíma sameinaðist skólinn Kennaraháskóla Íslands á aldarafmæli hins síðarnefnda. Hinn nýi Háskóli Íslands skiptist í fimm fræðasvið sem hvert um sig skiptist í nokkrar deildir. Auk þess er við skólann starfræktur fjöldi rannsókn- og þjónustustofnana, auk rannsóknasetra um allt land.



Nemendur í viðskiptafræði, grunnnámi



Lyfjafræðideild.



Hjúkrunarfræðideild.

Framhald á næstu opnu →

Fræðasvið

Félagsvísindasvið

Innan Félagsvísindasviðs eru sex deildir:

- Félagssfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
- Félagsráðgjafardeild
- Hagfræðideild
- Lagadeild
- Stjórn málafræðideild
- Viðskiptafræðideild

Heilbrigðisvísindasvið

Innan Heilbrigðisvísindasviðs eru sex deildir:

- Hjúkrunarfræðideild
- Lyfjafræðideild
- Læknadeild
- Matvæla- og næringarfræðideild
- Sálfræðideild
- Tannlæknadeild

Hugvísindasvið

Innan Hugvísindasviðs eru fjórar deildir:

- Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
- Íslensku- og menningardeild
- Mála- og menningardeild
- Sagnfræði- og heimspekideild

Menntavísindasvið

Innan Menntavísindasviðs eru fjórar deildir:

- Deild faggreinakennslu
- Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda
- Deild kennslu- og menntunarfræði
- Deild menntunar og margbreytileika

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eru sex deildir:

- Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild
- Jarðvísindadeild
- Líf- og umhverfsvísindadeild
- Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
- Raunvísindadeild
- Umhverfis- og byggingarverkfræðideild



Stofnun Árna Magnússonar, handritin.



Lagadeild.



Nemendur í Stúdentakjallaranum.



Háskóli fyrir alla.



Bóksala stúdenta, Háskólatorgi.

Stjórnskipulag Háskóla Íslands í heild

Háskólaráð

Stefnumarkandi hlutverk, vald til að taka endanlegar ákvarðanir í málum skólans.

Háskólaþing

Samráðsvettvangur. Umræða um málefni háskólans, þá sérstaklega þróun, eflingu og mótun vísinda- og menntastefnu.

Fastanefndir háskólaráðs

Ráðgefandi fyrir rektor og háskólaráð, hver á sínu sviði, ásamt því að vinna að undirbúningi stefnumarkandi mála og framgangi þeirra (t.d. gæðamála) og úthlutun styrkja.

Stjórnskipulag fræðasviða

Sviðsstjórn

Samráðsvettvangur um sameiginleg mál innan viðkomandi fræðasviðs, ráðgefandi en tekur þó ákvarðanir í vissum málum.

Fastanefndir fræðasviðs

Fjalla um stefnumótandi mál í tilteknum málaflokkum viðkomandi sviðs og fylgjast með framkvæmd innan þeirra. Álitsgjafar fyrir forseta sviðs.

Sviðsþing

Samráðsvettvangur þar sem fram fer umræða um málefni sviðs, getur ályktað um sameiginleg mál.

Stjórnskipulag deilda

Deildarfundur

Vettvangur fyrir umræðu og ákvörðunartöku um sameiginleg mál, sérstaklega þau sem deildarforseti leggur fram.

Deildarráð

Vettvangur fyrir umræðu um málefni deilda, sérstaklega málefni námsbrauta þar sem þær eru starfandi. Ákvörðunarvald í málum sem deildarfundur hefur falið ráðinu.

Fastanefndir deilda

Starfa m.a. við endurskoðun kennsluskrár, undirbúning að inntöku nemenda, afgreiðslu nemendaerinda o.fl.



Óflugt íþróttastarfi.



Nemendur í straumfræði.



Fornleifauppgröftur.

Miðlæg stjórnsýsla

Alþjóðasvið

Annast formleg samskipti við erlendar menntastofnanir og veitir nemendum, kennurum og deildum ýmsa þjónustu varðandi alþjóðlegt samstarf.

Fjármálasvið

Aðstoðar starfseiningar Háskóla Íslands við allt er viðkemur fjármálum fræðasviða og stofnana á vegum hans. Það samanstendur af launadeild, reikningshaldi og sjálfstæðum verkefnastjórum.

Framkvæmda- og tæknisvið

Hefur yfirumsjón með málefnum er lúta að skipulagi lóða Háskóla Íslands ásamt byggingum og rekstri á þeim.

Kennslusvið

Fer með sameiginleg málefni sem varða kennslu og nám, svo sem inntöku og skráningu stúdenta, mat á námi, náms- og starfsráðgjöf, kennslumál og próf.

Markaðs- og samskiptasvið

Hefur heildarumsjón með öllu markaðs- og samskiptastarfi Háskóla Íslands og samhæfir slíkt starf innan allra eininga skólans.

Mannauðssvið

Vinnur að því að vönduðum vinnubrögðum sé fylgt í starfsmannamálum við Háskóla Íslands og tryggir að lögum og reglum sé framfylgt í meðferð starfsmannamála.

Upplýsingatæknisvið

Sér um rekstur tölvukerfa Háskólans og sinnir tölvu- og tækniþjónustu fyrir nemendur og starfsmenn.

Vísinda- og nýsköpunarsvið

Meginmarkmið Vísinda- og nýsköpunarsviðs er að efla rannsóknir við Háskóla Íslands með almennum stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, hagnýtingu, erlent samstarf og vísindastarf skólans.

Rektor

Rektor er forseti háskólaráðs, yfirmaður stjórnsýslu skólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi skólans og á milli funda háskólaráðs fer henn með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans.

Jón Atli Benediktsson var kjörinn rektor Háskóla Íslands árið 2015. Jón Atli er prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði við skólann.



Nemendur í félagsráðgjöf.



Hugvísindasvið, Veröld - hús Vigdísar.



Háskólaborpið á Bifröst með Grábrók í baksýn.

Háskólinn á Bifröst



Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst.
Margrét tók við embættinu af Vilhjálmí Egilssyni árið 2020.

Framtíðin býr á Bifröst

Háskólinn á Bifröst býr að þeirri skemmtilegu sérstöðu innan íslenska háskólasamfélagsins, að vera er allt í senn einn stærsti, elsti, minnsti og yngsti háskóli landsins. Helsta sérstaða háskólans, góð og nán tengsl við atvinnulífið í landinu, hafa jafnframt haldist óbreytt í áratuganna rás enda byggir Háskólinn á Bifröst á gömlum merg elsta viðskiptakóla landsins. Áhersla hefur því jafnan verið mikil á hagnýtt gildi háskólanámsins á Bifröst fyrir einstakling jafnt sem samfélag.

Sagan

Sögu Háskólans á Bifröst má rekja aftur til Reykjavíkur árið 1918, er Jónas Jónsson, frá Hriflu, setti Samvinnuskólann á fót. Jónas er um margt einn minnisstæðasti stjórnámalamaður 20. aldarinnar. Hann var einn helsti hvatamaðurinn að stofnun bæði Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins árið 1918, auk þess sem stofnun Sjálfstæðisflokksins hefur einnig verið rakin til hans, en með óbeinum hætti þó. Jónas þótti sýna pólitískum andstæðingum sínum hörku sem dómsmálaráðherra á árunum 1927-1932 og er talið að harðlyndi ráðherrans hafi orðið til þess að Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn sameinuðust árið 1929 í Sjálfstæðisflokknum. Enda þótt gustað hafi um stjórnámalann Jónas, gegndi öðru máli um kennarann og uppeldisfrömuðinn Jónas. Sjálfur nam hann við Lýðháskólann í Askov á Jótlandi og kennaraháskólann í Kaupmannahöfn. Þá kynnti sér skólamál í Þýskalandi, Frakklandi og Englandi og dvaldi um eins misseris skeið á Ruskin College í Oxford, sem rekinn var í sameiningu af bresku samvinnuhreyfingunni og verkalýðshreyfingunni og þótti standa fyrir nýjum og róttækum straumum í menntamáli alþýðunnar.

Þessa róttæku strauma veitti Jónas óspart til Íslands um Samvinnuskólann þar sem hann var skólastjóri nær óslitið frá stofnun og fram til ársins 1955 er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Um það leyti urðu jafnframt breytingar á högum skólans þegar starfsemi hans var flutt á Bifröst í Norðurárdal í Borgarfirði. Til tíðinda dregur á ný árið 1988, er Samvinnuskólinn á Bifröst varð að Samvinnuháskólanum og þar með fyrsti háskólinn sem var starfræktur utan vébanda Háskóla Íslands. Á þúsaldarárinu 2000 var heiti skólans breytt í Viðskiptaháskólann á Bifröst, sumarið 2003 hófst kennsla á meistarastigi og árið 2006 var skrefið svo stigið til fulls með stofnun Háskólans á Bifröst. Samhliða var þriggja anna kerfi háskólans tekið í notkun með fyrstu sumarönninni, en þetta kennslufyrirkomulag gefur nemendum háskólans kost á styttri námstíma en ella.

Menntastraumar

Framsæknir menntastraumar hafa því löngum drifið áfram menntastofnanir kenndar við Bifröst og þar sem forverar hans skilgreindu sig ekki síður sem félagsmálaskóla en viðskiptaskóla, býr háskólinn enn að þeirri merku arfleifið að mennta ungt fólk til samfélagslegrar þátttöku



Árið 2021 voru 20 ár liðin frá því að lagadeild var stofnuð við Háskólann á Bifröst. Var þess minnst með málþingi sem haldið var í minningu Ólafar Nordal, brautryðjanda deildarinnar, sem var jafnframt sú fyrsta sem tók til starfa hér á landi utan Háskóla Íslands.



Háskólinn á Bifröst bauð fyrstur háskóla hér á landi nám í skapandi greinum. Áhersla hefur jafnan verið lögð á framboð á hagnýtu námi við háskólann.



Stuttar staðlotur eru mikilvægur hluti háskólanámsins á Bifröst.

og ábyrgar forystu í atvinnu- og viðskiptalífi. Á Bifröst mætast því ólíkir menntastraumar sem mótað hafa námsframboð með ólíku móti og skipa háskólanum sérstakan sess innan menntakerfisins.

Brautryðjendastarf

Eitt merkasta brautryðjendastarf Háskólans á Bifröst er þó framlag hans til fjarnáms og þróunar stafrænnar miðlunar á háskólastigi á undanförunum 20 árum eða allt frá því að stafræn tækni var tekin í þjónustu æðri menntunar við háskólann um síðustu aldamót. Fjarnám hefur gert miklum fjölda fólks kleift að stunda háskólanám, sem hefði að öðrum kosti horfið frá frekari námi að framhaldskólagöngu lokinni. Aðgengi að fjarnámi sem raunhæfum möguleika hefur þannig mikið að segja ekki aðeins fyrir einstaklinginn sem slíkan heldur einnig þann mannauð sem þjóðin hefur á að skipa. Með fjórðu iðnbyltinguna handan hornsins má jafnframt heita ljóst að menntun er að umhverfast í ávilangt ferli með stafræna miðlun í lykilhlutverki. Framtíðin býr því enn sem áður á Bifröst.

Nemendur

Háskólinn á Bifröst er fjórði fjölmennasti háskóli landsins með um 1100 nemendur alls í þremur deildum eða félagsvísindadeild, lagadeild og viðskiptadeild. Einnig er háskólagátt fyrir undirbúning fyrir háskólanám, bæði á íslensku og ensku ásamt öflugri endurmenntunardeild. Þá hefur rannsóknarstarfi háskólans farið stöðugt fram samfara fjölgun akademískra starfsmanna með doktormenntun við háskólann. Nemendafélag háskólans er jafnframt öflugt og dvelur nokkur fjöldi alþjóðlegra skiptinema jafnan á gömlu heimavistinni.

Námsframboð

Námsframboð við Háskólinn á Bifröst nýtur talsverðrar sérstöðu. Nemendur í grunnnámi í viðskiptafræði geta sem dæmi valið um sjö mismunandi áherslur, sem spanna allt frá sjálfbærnistjórnun að viðskiptagreið og fjármálastjórnun, svo að dæmi séu nefnd. Á meistarastigi býðst svo nám í markaðsfræðum annars vegar og forystu og stjórnun hins vegar með áherslu á annað hvort mannauðsstjórnun eða verkefnastjórnun. Eitt af aðalsmerkjum félagsvísindadeildar er meistaranám í menningarstjórnun ásamt grunnnámi í skapandi greinum. Þá hefur nýrri meistaranámslínu í áfallastjórnun verið hrint af stað við deildina í samstarfi við viðbragðsaðila og sveitarfélögin í landinu.

Háskólinn á Bifröst er jafnframt eini háskóli landsins sem býður grunnám í miðlun og almannatengslum ásamt sígildu grunnnámi í HHS, heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Þá hefur viðskiptalögfræði, sem er nú í boði bæði á grunnnáms- og meistarastigi, eingöngu verið kennd við lagadeild Háskólans á Bifröst allt frá stofnun deildarinnar árið 2001.



Háskólinn á Bifröst býður vandað grunnám og meistaranám í þremur deildum eða félagsvísindadeild, lagadeild og viðskiptadeild.



Háskólinn á Bifröst hefur verið leiðandi í stafrænni miðlun náms á háskólastigi hér á landi. Allt nám við háskólann er nú miðlað stafrænt og skipuleggja nemendur að miklu leyti sjálfir stundaskrána sína.



Ari Kristinn Jónsson, rektor.



Við HR stunda um 3700 nemendur fjölbreytt nám.

Háskólinn í Reykjavík

Rektor Háskólans í Reykjavík kemur fram fyrir hönd háskólans, ber ábyrgð á daglegum rekstri hans og starfsemi gagnvart stjórn HR. Hann ber jafnframt ábyrgð á gæðum starfseminnar og framkvæmd innri úttekta. Rektor skipar sviðsforseta og deildarforseta í samráði við stjórn og að loknu mati hæfisnefndar. Ari Kristinn Jónsson hefur gengt stöðu rektors frá árinu 2010.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík (HR) er að skapa og miðla þekkingu og starf hans miðar að því að bæta lífsgæði einstaklinga og efla samkeppnishæfni samfélagsins með sjálfbærni, ábyrgð og virðingu að leiðarljósi. HR veitir nemendum sínum fjölbreytta þekkingu og færni fyrir atvinnulíf framtíðarinnar. Boðið er upp á metnaðarfullt grunnnám og framhaldsnám í sjö deildum. Undir tækni sviði eru tölvunarfræðideild, verkfræðideild og iðn- og tækni fræðideild. Undir samfélagssviði eru sálfræðideild, viðskiptadeild, íþróttfræðideild og lagadeild. Nútímalegar kennsluáðferðir, verkefna miðað nám, sterk tengsl við atvinnulífið og þátttaka í rannsóknum er meðal þess sem einkennir nám í HR. Lögð er áhersla á góða aðstöðu og persónulega þjónustu fyrir nemendur.

Nemendur

Haustið 2020 hófu um 1700 nýnemar nám við Háskólann í Reykjavík, í grunnnámi, meistaranámi og doktorsnámi, 20% fleiri en haustið 2019, og hafa nýnemar aldrei verið fleiri. Alls stunda um 3700 nemendur nám við háskólann. Árið 2020 voru 894 nemendur útskrifaðir frá HR með háskólagráðu.

Staða Háskólans í Reykjavík og árangur

Á lista Times Higher Education yfir bestu háskóla í heimi var Háskólinn í Reykjavík árið 2020 efstur íslenskra háskóla í 300.-350. sæti. Þá var hann talinn 59. besti háskóli í heimi yngri en 50 ára og 18. besti háskóli í heimi með undir 5000 nemendum. Þá var hann, ásamt fleiri háskólum, í fyrsta sæti háskóla í heiminum þegar horft er til fjölda tilvitnana í vísindagreinar eftir starfsmenn, annað árið í röð.

Við HR er lögð áhersla á alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir sem efla orðstír skólans á alþjóðavettvangi, næra kennslu við háskólann og veita nýrri þekkingu inn í íslenskt atvinnulíf og samfélag. HR hefur mótað sér skýra og framsækna rannsóknastefnu og markviss skref hafa verið stigin til að efla rannsóknir á öllum fræðasviðum skólans. Rannsóknarvirgni háskólans hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og fjöldi birtinga á ritrýndum vettvangi að sama skapi. Á helstu fræðasviðum skólans er HR nú fremstur meðal jafningja hér á landi þegar litið er til árangurs í rannsóknum.

HR tekur virkan þátt í mótun og uppbyggingu atvinnulífs og samfélags og leggur áherslu á að mæta þörf fyrir sérfræðþekkingu með menntun, rannsóknum, nýsköpun, þróun og þátttöku í samfélagsumræðu. HR starfar með fjölda lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stofnana á Íslandi og erlendis og nemendum háskólans gefst kostur á að vinna að fjölbreyttum verkefnum í samstarfi við atvinnulífið og fara í starfsnám til fyrirtækja og stofnana.

Meðal nánustu samstarfsfyrirtækja HR á árinu 2020 má nefna: Arion banki, CCP, Deloitte, Icelandair, Isavia, Íslandsbanki, Landsnet, Landsvirkjun, Marel, Nox Medical, Pure North, Síminn og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS).



Ragnhildur Helgadóttir, sviðsforseti samfélagssviðs HR.



Gísli Hjálmtýsson, sviðsforseti tækni sviðs HR.



Á Háskólageginum, sem haldinn er um mánaðarmótin febrúar, mars, ár hvert, kynna allir háskólar námsframboð sitt fyrir framhaldsskólanemendum.

Framhald á næstu opnu →

COVID-19

HR þurfti eins og aðrir háskólar um allan heim að laga starfsemi sína að heimsfaraldri COVID-19 árið 2020. Þegar fyrstu samkomutakmarkanir voru settar á var nánast öll kennsla háskólans flutt á netið og lyftu starfsmenn háskólans grettistaki til að gera það mögulegt. Gera þurfti ýmiskonar breytingar á starfi háskólans vegna COVID, meðal annars á skipulagi kennslu, námsmati og aðgangi að byggingu HR og vel var fylgst með líðan nemenda og starfsmanna með reglulegum könnunum. Áhersla var lögð á að nýta það svigrúm sem til staðar var hverju sinni til að nemendur gætu komið í HR til að stunda sitt nám og sækja kennslu. Þó fór stærstur hluti kennslu ársins fram á netinu og starfsfólk vann að stærstum hluta heima mestan hluta ársins. Í samvinnu við stjórnvöld voru skipulögð sumar námskeið fyrir háskólanema og almenning og sköpuð 150 ný sumarstörf fyrir nemendur, í tengslum við aðgerðir stjórnvalda vegna faraldursins.

Háskólagarðar

Árið 2020 var tekinn í notkun fyrsti áfangi Háskólagarða HR og fluttu fyrstu nemendurnir inn í september. Alls er gert er ráð fyrir byggingu 390 íbúða á svæðinu, fyrir nemendur að stærstum hluta, en einnig til leigu og tímabundinnar búsetu fyrir starfsfólk HR. Einnig fyrir erlent samstarfsfólk, starfsfólk fyrirtækja sem starfa innan HR og starfsfólk annarra þekkingarfyrirtækja sem tengjast háskólanum.

Sagan, stofnendur, eigendur og stjórnendur

Háskólinn í Reykjavík hefur verið starfræktur frá 4. september árið 1998 og var starfsemi hans byggð á Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands (TVÍ) sem stofnaður var í janúar 1988. Þann 4. mars árið 2005 sameinuðust Tækniháskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík undir nafni Háskólans í Reykjavík. Tækniskóli Íslands var stofnaður árið 1964 en var færður á háskólastig árið 2002 og tók þá upp nafnið Tækniháskóli Íslands. Háskólinn í Reykjavík er einkahlutafélag og eru hluthafar og eignarhluti þeirra eftirfarandi: Menntasjóður Viðskiptaráðs Íslands 64%, Samtök iðnaðarins 24% og Samtök atvinnulífsins 12%. Eigendur hafa ekki fjárhagslegan ávinning af rekstri HR og ekki er heimilt að greiða arð til hluthafa.

Stjórn

Stjórn Háskólans í Reykjavík er skipuð fimm aðalmönnum og einum til vara, kjörnum á aðalfundi. Stjórnin sinnir almennum stjórnarstörfum eins og á við um stjórnir fyrirtækja og ber ábyrgð á stefnumótun, stjórnskipulagi, fjármálum, þar með ákvörðun skólagjalda, og almennum rekstri. Rektor Háskólans í Reykjavík er ráðinn af stjórn HR. **Í stjórn Háskólans í Reykjavík sitja:** Formaður: Hjörleifur Pálsson, viðskiptafræðingur og ráðgjafi, Ásta Sigríður Fjeldsted, framkvæmdastjóri Krónunnar, Frosti Ólafsson, ráðgjafi, Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöríss og Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.



Skólastarfi árið 2020 einkenndist mjög af sóttvartakmörkunum vegna COVID-19.



Fyrsti áfangi Háskólagarða HR opnaði árið 2020.



Háskólinn í Reykjavík var stofnaður árið 1998.



Háskólinn í Reykjavík.



HR hlaut árið 2020 gullmerki jafnlaunaúttektar PwC sem greinir hvort fyrirtæki greiði starfsmönnum sömu laun fyrir sambærileg störf, óháð kyni.



Rannsókn- og bróunarverkefnið Svefnbyltingin hlaut árið 2020 viðurðing fyrir tveggja og hálf milljarða króna (15 milljón evra) styrk til fjögurra ára úr Horizon 2020 rammaáætlun ESB fyrir rannsóknir og nýsköpun.

Háskólaráð

Háskólaráð er vettvangur umræðna um stefnumótun háskólans um nám, kennslu og rannsóknir, sem og um tengsl háskólans og atvinnulífsins. Í háskólaráði HR sitja 10 fulltrúar atvinnulífs, háskólasamfélagsins og stjórnslu.

Í Háskólaráði Háskólans í Reykjavík sitja:

Hjörleifur Pálsson, formaður háskólaráðs
 Árni Sigurjónsson, formaður Samtaka iðnaðarins og yfirlögfræðingur Marel
 Ari Fenger, formaður Viðskiptaráðs og forstjóri 1912
 Arndís Kristjánsdóttir, lögfræðingur, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins
 Brynja Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo
 Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður Samtaka atvinnulífsins og fyrrverandi forstjóri Mannvits
 Hjálmar Gíslason, stofnandi og framkvæmdastjóri GRID
 Katrín Olga Jóhannesdóttir, fyrrverandi formaður Viðskiptaráðs
 Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, Brunnur Ventures
 Stefánía Guðrún Halldórsdóttir, Eyfir Invest

Framkvæmdaráð

Í framkvæmdaráði sitja rektor, sem veitir því forstöðu, sviðsforsetar, deildarforsetar, framkvæmdastjórar, formenn rannsóknaráðs og námsráðs og þeir aðilar sem skulu eiga sæti þar að mati rektors. Framkvæmdaráð samþykkir reglur og stefnur HR og hefur til umræðu rekstraráætlun, niðurstöður úttekta og ársreikning. **Í framkvæmdaráði sátu árið 2020:**

Ari Kristinn Jónsson, rektor
 Ragnhildur Helgadóttir, sviðsforseti samfélagssviðs
 Gísli Hjálmtýsson, sviðsforseti tæknisviðs
 Ingunn Svala Leifsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar
 Ester Gústavsdóttir, mannauðsstjóri
 Hafrún Kristjánsdóttir, deildarforseti íþróttfræðideildar
 Luca Aceto, deildarforseti tölvunarfræðideildar
 Hera Grímsdóttir, deildarforseti iðn- og tæknifræðideildar
 Bryndís Björk Ásgeirsdóttir deildarforseti sálfræðideildar
 Eiríkur E. Þorláksson, deildarforseti lagadeildar
 Sveinn Viðar Guðmundsson, deildarforseti viðskiptadeildar
 Ágúst Valfells, deildarforseti verkfræðideildar
 Bjarni Már Magnússon, formaður rannsóknaráðs
 Ingunn Gunnarsdóttir, formaður námsráðs
 Formaður Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík situr einnig fundi framkvæmdaráðs.

Framtíðarsýn

HR hefur mótað skýra stefnu til næstu ára undir heitinu 2020+. Stefnan byggir á traustum grunni sem lagður hefur verið undanfarin ár og mótast af skýrum markmiðum um gæði kennslu, áhrifamiklum rannsóknum, samstarfi við atvinnulíf, HR sem góðan vinnustað og ábyrgð í fjármálum. Þegar horft er til þekkingar, þá er markmið stefnu HR 2020+ að HR sé miðstöð nýsköpunar og rannsókna og brú á milli yfirstandandi tæknibyltingar og íslensks samfélags. Er varðar framþróun náms eru lykilkættir stefnunnar aukin áhersla á stafrænt, verkefnaþætt og alþjóðlegt nám. Með fjölbreyttu námsúrvali, sveigjanlegri námi, fjölgun styttri námsbrauta og opnari námsbrautum mun HR veita menntun til tækifæra á öllum æviskeiðum.

Samfélagsleg ábyrgð

Kjarnastarfsemi háskólans er kennsla og rannsóknir í sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag, þar sem áhersla er lögð á þverfagleika, alþjóðleg viðmið, nýsköpun og faglega þjónustu. Starfsemin mótast af persónulegum tengslum og virðingu fyrir samfélagi og umhverfi. Við menntun framtíðarleiðtoga samfélagsins er lögð áhersla á samfélagslega ábyrgð, jafnrétti, gott siðferði, nýsköpun og þróun sem miðar að aukinni sjálfbærni samfélagsins.

Háskólinn leggur sitt af mörkum og leitast við að sýna gott fordæmi í starfsemi sinni, meðal annars í umhverfismálum, loftslagsmálum og jafnréttismálum og hefur gripið til markvissra aðgerða í þessum málaflokkum.

Markmið PRME um menntun ábyrga framtíðarleiðtoga hafa verið innleidd þvert á deildir háskólans. PRME (e. Principles for Responsible Management Education) var stofnað árið 2007 á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í Genf sem vettvangur til að auka skilning og hæfni nemenda til að takast á við áskoranir í atvinnulífinu sem framtíðarleiðtogar og stjórnendur. Um það bil 650 háskólar frá 85 löndum vinna að markmiðum PRME, sem er hluti af Global Compact áætlun Sameinuðu þjóðanna.

HR starfar eftir metnaðarfullri jafnréttisáætlun. Helstu efnisatriði hennar snúa að launum og kjörum, ráðningum, framgangi, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og skilgreiningum og reglum vegna kynbundins ofbeldis og kynferðislegrar áreitni.

HR hvetur konur til náms í tæknigreinum og liður í því er verkefnið Stelpur og tækni, þar sem stelpum úr 9. bekkjum grunnskóla er boðið í háskólann og tæknifyrirtæki. Markmiðið er að vekja áhuga þeirra á ýmsum möguleikum í tækninámi og störfum, brjóta niður staðalímyndir og sýna þeim fjölbreytileikann sem einkennir tækniiðnaðinn.

HR hefur skrifað undir yfirlýsingu um loftslagsmál. Samkvæmt henni ætlar HR að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum.

Aðsetur, mannauður og starfsmannafjöldi

Háskólinn í Reykjavík er til húsa í Nauthólsvík, við Menntaveg 1, 102 Reykjavík. Árangur Háskólans í Reykjavík byggir fyrst og fremst á framúrskarandi starfsfólki sem endurspeglar fjölbreytt viðhorf og fagmennsku. Lögð er áhersla á að skapa starfsumhverfi þar sem samskipti og vinnubrögð einkennast af virðingu, heilindum, sanngirni og jafnrétti. Við Háskólann í Reykjavík starfa um 270 fastráðnir starfsmenn. Meðalaldur starfsfólks í HR er 46,8 ár og flestir, eða 35%, eru á aldursbilinu 40-49 ára. 40% starfsfólks HR með doktorsgráðu, 35% með meistarágráðu, 3% með kandídatgráðu, 14% með grunngráðu og 8% með aðra menntun. Háskólinn í Reykjavík hlaut jafnlaunavottun fyrstur íslenskra háskóla á vormánuðum 2019. Jafnlaunavottunin er staðfesting á því að unnið sé markvisst gegn kynbundnum launamun innan háskólans, að ákvarðanir í launamálum feli ekki í sér kynbundna mismunun og að jafnlaunakerfi háskólans standist kröfur jafnlaunastaðals. Háskólinn hlaut einnig árið 2020 gullmerki jafnlaunaúttektar PwC sem greinir hvort fyrirtæki greiði starfsmönnum, óháð kyni, sömu laun fyrir sambærileg störf.




Frá brautskráningarárathöfn Háskólans í Reykjavík 1. febrúar 2020. Háskólinn brautskráði 894 kandiðata árið 2020.



Hjá Lbhí eru öflugar rannsóknir á sviði jarðræktar, garðyrkju og matvælaframleiðslu.

Landbúnaðarháskóli Íslands



Rúmlega 130 erlendir sérfræðingar hafa lokið námi hjá Landgræsluskólanum.



Boðið er upp á nám í landslagsarkitektúr og skipulagsfræðum hjá skólanum.



Verkleg kennsla og rannsóknir gegna mikilvægu hlutverki í námi skólans.

Landbúnaðarháskóli Íslands (Lbhí) starfar á þremur starfsstöðvum; Hvanneyri í Borgarfirði, Keldnaholti í Reykjavík og Reykjum í Ölfusi. Skólinn er reistur á grunni öflugrar rannsóknastofnunar og tveggja gróinna menntastofnana á sviði landbúnaðar; Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Rala), Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins, Reykjum í Ölfusi. Lbhí tók til starfa í upphafi árs 2005. Rektor Landbúnaðarháskóla Íslands er Ragnheiður I. Þórarinsdóttir. Heimasíða www.lbhi.is

Sérstaða meðal háskóla og stefna til framtíðar

Lbhí gegnir lykilhlutverki í þeim þáttum samfélagsins sem snúa að þróun landbúnaðar, nýtingu náttúruauðlinda, skipulagsmála, umhverfis- og loftslagsmála sem og samfélagsins í heild. Hlutverk skólans er afar víðfeðmt og snertir grundvallarskilyrði lífs okkar á jörðinni, fæðuöryggi, aðgengi að heilnæmu andrúmslofti, hreinu vatni og orku sem aftur byggir á fjölbreytileika vistkerfa og jafnvægi þeirra í náttúrunni.

Til næstu ára er lögd áhersla á að efla rannsóknir og alþjóðastarf og samþætta rannsóknir, nýsköpun og kennslu. Nemendum hefur fjölgað á öllum námsstigum á undanförunum misserum, sem og vísindamönnum. Samhliða hefur verið unnið að uppbyggingu innviða og viðhaldi bygginga og annarrar aðstöðu á öllum starfsstöðvum.

Sjálfbærni – Hagsæld - Framsækni

Gildi Lbhí eru sjálfbærni, hagsæld og framsækni. Starfsemin snertir öll 17 sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna og speglar sig í stefnu ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun, loftslagsmarkmið, ósnortin víðerni og verndun náttúru og lífs. Skólinn leggur áherslu á að mennta og þjálfar nemendur sína og starfsfólk til að taka þátt í þeirri þróun og uppbyggingu sem framundan er með nýjum áherslum og öflugu rannsóknar- og nýsköpunarstarfi. Brautum skólans er skipt á þrjár fagdeildir, Ræktun og fæða, Skipulag og hönnun og Náttúra og skógur. Allar deildir bjóða upp á starfsmenntanám á framhaldsskólastigi, grunnnám (BSc) og framhaldsnám (MSc og PhD).

Endurmenntun

Endurmenntun Lbhí býður upp á fjölbreytt úrval námsleiða á fagsviðum skólans. Markmið Endurmenntunar er að bjóða innihaldsríkt og skemmtilegt nám sem stenst ýrstru gæðakröfur, með áherslu á íslenska náttúru og nýtingu hennar, og í nánnum tengslum við öflugar rannsóknir.

Hvanneyrarbúið

Hvanneyrarbúið hefur eflst á undanförunum árum og er nú til fyrirmyndar í öllum rekstri. Unnið er að áframhaldandi uppbyggingu rannsóknaraðstöðu, t.d. til að geta framkvæmt einstaklingsfóðrun og aðrar nauðsynlegar tilraunir til að styðja við eflingu og framþróun í greininni.



Búfræði, búvísindi og hestafræði eru meðal vinsælla námsleiða hjá skólánum.

Jarðræktarmiðstöð

Jarðræktarmiðstöðin á Hvanneyri hefur bætt tækjakost sinn verulega á undanförunum misserum. Nýjar vélar og tæki leggja grunninn að áframhaldandi rannsóknum og tilraunum og hafa stórir rannsóknastykir fengist til skólans í kjölfarið. Er þetta afar mikilvæg þróun þar sem framþróun í jarðrækt leggur grunninn að sjálfbærri landnýtingu.

Mið-Fossar

Lbhí rekur hestamiðstöðina að Mið-Fossum í 5 mínútna aksturfarlægð frá Hvanneyri. Þar er úrvals aðstaða til kennslu og annarrar starfsemi skólans á sviði reiðmennsku og umhirðu hrossa og er aðstaðan afar vel nýtt af nemendum skólans.

Hestur

Búið að Hesti hefur nýst til kennslu og sauðfjártílauna og þar hafa farið fram kynbætur um áratuga skeið. Stefnt er að aukinni sjálfvirknivæðingu til að bæta rekstur búans og stuðla að aukinni tæknivæðingu í greininni hérlendis. Mikil tækifæri eru til að þróa afurðir til neytenda, gera sögunni sem snýr að kynbótum og sauðfé landsins betri skil, tengja við nýtingu á ull og vinnslu hennar og efla samþættingu við aðra starfsemi á svæðinu.

Rannsóknir í garðyrkju og vistkerfum á Reykjum

Á landsvæði Lbhí að Reykjum í Ölfusi eru kjöraðstæður, m.a. vegna landfræðilegrar legu, loftslags og jarðvarma, fyrir rannsókn- og nýsköpunarmiðstöð á sviði garðyrkju. Með aukinni áherslu á hollustu og lýðheilsu verður vægi garðyrkjuframléiðslu sífellt mikilvægara. Efla þarf til stórsóknar á þessu sviði og koma þekkingu, tækninýtingu og nýsköpun til jafns við það sem best þekkt í heiminum. Er þar sérlega horft til nýtingar jarðvarmans á Íslandi sem og landrýmis. Á Reykjum fara einnig fram mikilvægar rannsóknir á vistkerfum þar sem könnuð eru viðbrögð jarðvistkerfa við hlýnun jarðvegs.

Orkídea

Sumarið 2020 var undirritaður samningur um Orkídeu, sem er samstarfsverkefni um nýsköpun á Suðurlandi á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands, Landsvirkjunar, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Markmið Orkídeu er að efla nýsköpun og nýtingu grænnar orku og koma á öflugum samstarfsverkefnum, einkum á sviði hátæknimatvælaframléiðslu og líftækni. Heiti verkefnisins, Orkídea, er sprettið af orðunum orka og ídea. Þannig vísar nafnið bæði til grænnar orku og þeirra nýstárlegu hugmynda sem spretta í frjóum jarðvegi.

Landgræðsluskólinn

Landgræðsluskólinn varð formlega hluti af neti Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, þann 1. janúar 2020 þegar skólinn varð hluti af GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu sem starfar undir merkjum UNESCO. Landgræðsluskólinn hófst sem tilraunaverkefni árið 2007 og starfaði á árunum 2010-2019 undir merkjum Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Markmið Landgræðsluskólans er að þjálfa sérfræðinga frá þróunarlöndum á sviði landgræðslu og sjálfbærrar nýtingu lands. Yfir 130 nemendur frá 13 löndum hafa útskrifast frá sex mánaða námi skólans á Íslandi og svipaður fjöldi hefur lokið stuttum námskeiðum á vegum skólans í þróunarlöndum.



Árið 2020 sóttu færri nemendur en venjulega Háskólahátíð/útskrift, enda ferða- og samkomutakmarkanir mest allt árið. En nægt pláss er á Hrafnseyri undir berum himni og því auðvelt að „afhenda“ húfur með tveggja-metra-reglu. Á myndinni sjást fjórir af 17 útskriftarnemendum ásamt forstöðumanni, Peter Weiss, en áður hafði rektor HA, Eyjólfur Guðmundsson „afhent“ skírteinin, snertilaust, að sjálfsgöðu. Myndina tók Gísli Halldór Halldórsson, f.v. nemandi í Haf- og strandsvæðastjórnun, en hefð er fyrir því að fyrirverandi nemendur fjölmenni á Hrafnseyri í tilefni Háskólahátíðar og mæta þá með sínar húfur.

Háskólasetur Vestfjarða

Háskólasetur Vestfjarða er stofnun sem starfar á háskólasviði. Hún býður upp á tvær alþjóðlegar námsleiðir á meistarastigi, er virk á sviði rannsókna og er tengiliður fjölda innlendra sem erlendra stofnana og fyrirtækja við Vestfirði. Háskólasetur Vestfjarða er þjónustumiðstöð fyrir Vestfirðinga í fjarnámi og mikilvægur tengiliður vestfirska rannsóknarsamfélags innbyrðis. Háskólasetur Vestfjarða er bæði mjög vestfirsk og mjög alþjóðleg stofnun. Ríkur þáttur í starfsemi Háskólaseturs felst í því að koma Vestfirðum á kortið og laða fólk allstaðar að úr heiminum, jafnt nemendur sem kennara. Í ljósi þess hve upptökusvæði Háskólaseturs er fámenn mun ekkert háskólanám þrífast á Vestfirðum án þess að nemendur utan fjórðungsins sækja það. Að laða nemendur vestur er því ekki aukaatriði heldur forsenda þess að háskólanám geti byggst upp á svæðinu.

Fjöldi starfsfólks og nemendur

Hjá Háskólasetri sjálfu eru sjö stöðugildi, en stöðugildi með utanaðkomandi fjármögnun og stundakennarar eru aukalega um tíu. Í Vestrahúsinu öllu starfa um 60 manns við rannsóknir, þjónustu og þróun hjá ýmsum stofnunum og fyrirtækjum. Innritaðir nemendur eru nú um 70.

Eigendur

Háskólasetrið var stofnað 2005 sem sjálfseignarstofnun að frumkvæði heimamanna. Stofnaðilar voru 42, þar á meðal allir háskólar landsins og allar rannsóknarstofnanir, sem voru þá virkar á Vestfirðum. Staðbundið nám á háskólastigi var eitt aðalmarkmið og hefur það náðst.

Námið

Háskólasetrið býður upp á meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun og meistarnám í sjávarbyggðafraeði. Í báðum námsleiðum útskrifast nemendur frá Háskólanum á Akureyri í gegnum samstarfssamning. Báðar námsleiðirnar eru kenndar í lotum, á ensku, og laða að fjölda hæfra námsmanna. Allar kennslulotur námsleiðanna eru aðgengilegar gestanemum og þátttakendum úr atvinnulífi. Með því að kenna námið í lotum nær Háskólasetrið að fá til sín sérhæfða kennara víða að. Sérhæfður alþjóðlegur kennarahópur er eitt aðalsmerki námsleiðanna. Frá 2008 til 2018 hafa 218 nemendur innritast og 176 útskrifast með meistaragráðu frá HA. Útskriftarhlutfallið er því rétt rúmlega 80% og hafa 64,2% útskrifast á tveim árum. Þetta eru lykiltölur sem þola samanburð.

Nemendur velja sér efni í lokaritgerðir sjálfir, en Háskólasetrið er sérlega stolt af þeim fjölmörgu verkefnum þar sem fengist er við vestfirsk og íslensk málefni. Haustið 2021 eru 70 nemendur innritaðir í námsleiðirnar tvær og stóri salurinn í Edinborgarhúsi nýttur undir kennslu. Það má líta á það sem viðurkenningu að upp undir 30 nemendur hafa að náminu loknu verið samþykktir í doktorsnám á Íslandi og erlendis, og 6 af þeim hafa þegar lokið doktorsprófi. Háskólasetrið heldur líka utan um nám fyrir School for International Training, samstarfsskóla í Vermont, og býður upp á vettvangsskóla, sumarnámskeið, fyrirlestra og ráðstefnur.



Háskólahátíð með útskrift í viðurvist rektors HA er haldin á Hrafnseyri árlega á 17. júní. Hér kasta nemendur húfum sínum í loft upp eftir útskrift 2019. Húfurnar eru þrjónaðar á Ísafirði og á hólkin er grafið útskriftarárið. Háskólahátíð er alltaf haldin undir berum himni þegar veður leyfir. Hún er svolítið eins og Háskólasetrið í heild: Lítil og öðruvísi, en skemmtileg og hún er farin að skipa stóran sess í huga nemenda.



Nemendur haustið 2020 á Hesteyri – með bil á milli sín eins og vera ber. Nemendur læra ekki síst hver af öðrum og því að dvelja í þessu sérstaka umhverfi sem Vestfirðir eru. Nemendur koma og fara og heimurinn fyllist af sendiherrum Vestfjarða. En nemendur verða líka eftir og af fyrstu ellefu árgöngunum hafa 12% nemenda dvalið í a.m.k. nokkur ár á Vestfjörðum eftir útskrift. Þó nokkrir hafa sest að og ekki er ólíklegt að einhver á þessari mynd verði í beim hápi og auðgi mannlíf og atvinnulíf eftir útskrift innan tveggja ára.

Á hverjum tíma eru um eitt hundrað manns á Vestfjörðum skráðir í eitt eða annað fjarnám í innlendum háskólum. Námsleiðir sem fólk hefur áhuga á eru fjölmargar en eingöngu fjölbreytt framboð fjarnáms getur tryggt Vestfirðingum breitt námsframboð. Áður fyrr var skýr greinarmunur á fjarnámi og staðnámi, en með tækniþróun síðustu ára hefur staðbundið nám og fjarnám blandast. Þjónustan sem Háskólasetrið veitir nemendum sem stunda fjarnám er aðallega fólgin í prófþjónustu, sem sparar þeim ótal ferðir suður eða norður í próf.

Rannsókn- og þróunarumhverfi

Rannsókn- og þróunarumhverfi á Vestfjörðum hefur vaxið mjög síðustu árin, mörgum að óvörum. Háskólasetrið með sitt umfangsmikla og öflugla tengslanet er þar miðlægur aðili. Það er mikils virði fyrir Háskólasetrið að geta stólað á rannsóknarstofnanir á Vestfjörðum, sem margar hverjar eru í sama húsi, með sitt innlenda tengslanet. Hlutfall kennslumagns í meistaranámsleiðum Háskólaseturs sem kennt er af fræðimönnum sem búsettir eru á Vestfjörðum er um 20%. Það ber vott um afar gott samstarf innan rannsókn- og þróunarumhverfis Vestfjarða.

Lengi vel hefur Háskólasetrið takmarkað rannsóknarvirkni sína við nemendaritgerðir, enda er lítið svo á að lokaritgerðir nemenda séu rannsóknir, þó umfang slíkra rannsókna sé takmarkað. Á allra síðustu árum hafa fagstjórar meistaranámsleiðanna verið mjög virkir í að tengjast rannsóknarverkefnum og hefur það leitt til aukinna umsvifa og fjölda rannsóknarverkefna sem Háskólasetrið tengist. Sérstakur rannsóknarstjóri var ráðinn í hlutastarf árið 2020. Rannsóknarsviðin tengjast eðlilega námsleiðunum sem í boði eru: Sjávarfengd málefni, strandsvæðastjórnun og byggðafræði eru svið sem Háskólasetrið sérhæfir sig í. Enn sem komið er eru þó engin stöðugildi í rannsóknum við Háskólasetrið sjálft, starfsmenn þurfa að ráða til sín rannsóknarmenn eða taka launalaust leyfi til þess að sinna slíkum verkefnum. Þó hafa bæst við rannsóknarmenn með utanaðkomandi fjármögnun að undanförunu. Allt eykur þetta krítískan massa á sviði rannsókna og kennslu á háskólastigi, sem hefur myndast á Vestfjörðum, bæði hjá Háskólasetri sem og hjá fjölda stofnana og útibúum stofnana. Háskólasetrið, sem er einmitt ekki útibú, heldur sjálfstæð stofnun, hefur hér mikilvægu hlutverki að gegna sem hlekkur í vestfirsku og íslensku háskólaumhverfi.



Meistaránámið hjá Háskólasetri hagnýtir þá náttúrulegu rannsóknastofu sem Vestfirðir eru.

Haf- og strandsvæðastjórnun er þverfaglegt nám sem byggir á vistræði, hagfræði og félagsvísindum. Það gengur að mörgu leyti út á skipulag og nýtingu á þeirri takmörkuðu auðlind sem strandsvæðin eru án þess að ganga óþarflega á nágranna og náttúru.



Dúxar Keilis 2020 f.v. Anna Guðný Elvarsdóttir, Kayla Jo Baranowski og Valdís Steinarsdóttir.

Keilir



Jóhann Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri.

Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

Keilir er miðstöð vísinda, fræða og var stofnuð árið 2007 með það að markmiði að byggja upp námsmannasamfélag á Suðurnesjum þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Aðalbygging Keilis er á Ásbrú í Reykjanesbæ. Miðstöðin og skólar hennar eru smá í sniðum og sérhæfð, með áherslu og persónulega þjónustu við nemendur, fræðasamfélag og atvinnulíf. Framkvæmdastjóri Keilis er Jóhann Friðrik Friðriksson en tók hann við starfinu af Hjálsmari Árnasyni sumarið 2019.

Á haustmánuðum ársins 2020 var nýtt skipurit Keilis samþykkt, starfsemin skiptist nú í fjóra skóla og þrjú stoðsvið. Stoðsviðin eru fjármálasvið, mennta- og þjónustusvið og markaðs- og þróunarsvið. Skólarnir eru Heilsuakadema, Háskólabrú, Menntaskólinn á Ásbrú og Flugakadema Íslands. Þá hýsir Keilir Frumkvöðlasetrið Eldey ásamt Nýsköpunarakademíu Ferðaþjónustunnar sem hóf störf í árslok 2020. www.keilir.net

Vendinám

Keilir leggur áherslu á svokallað vendinám eða speglaða kennslu. Með því er átt við að hefðbundinni kennslu er snúið við þar sem fyrirlestrar og kynningar kennara eru vinstuð á netinu. Nemendur geta horft og hlustað á kynningarnar eins oft og þeim sýnist og hvar sem þeim sýnist. Þá geta nemendur sent spurningar um efnið til kennara (eða annarra nemenda í hópnum) og fengið svör á netinu sem öllum eru opin. Þá eru nemendur hvattir til að nota netið til að finna heppilegt kennsluefni.

Kennslustundir í skólanum verða fyrir vikið öðruvísi. Þar vinna nemendur verkefni, oftast saman í hóp, og kennarar aðstoða eftir þörfum við úrlausnir. Þar sem þetta form hefur verið reynt virðist lærdómurinn verða lifandi ferli sem virkjar nemendur á skemmtilegan hátt. Nám er alltaf á ábyrgð nemenda og undirbúningur fyrir verkefnatímana í skólanum er nauðsynlegur til þess að vinnan í skólanum nýtist á virkan hátt.

Skólar Keilis

Árið 2020 stunduðu ríflega þúsund einstaklingar nám við skóla Keilis. Flestir eru nemendur við Háskólabrú eða 332 talsins. Fjölmennasta námslínan við Keili var þó atvinnuflugnám en skráðir nemendur voru 237 talsins, næst fjölmennust var félagsvísinda- og lagadeild Háskólabrúarinnar sem taldi 158 nemendur. Kynjaskipting við Keili var því sem næst jöfn og var meðalaldur nemenda um þrítugt. Yngstir voru nemendur Menntaskólans á Ásbrú en meðalaldur við skólann var 23 ára. Hæst hlutfall nemenda bjó á höfuðborgarsvæðinu eða 60% en um það bil fjórðungur var búsettur á Reykjanesi. Nemendur komu þó víðar af en svo eða frá 22 mismunandi löndum. Um 6% nemendahópsins komu erlendis frá, flestir frá Danmörku (17), Póllandi (6) og Svíþjóð (4). Hæsta hlutfall erlendra nemenda var við



Nemar í Flugakademiunni.



Loftmynd af Keili.

Heilsuakademíuna en kemur það til vegna Nordic Personal Trainer Certificate námsins sem er einkaþjálfaranám á ensku og fer fram að fullu í fjarnámi.

Háskólabrú

Háskólabrú hefur frá árinu 2007 boðið uppá eins árs aðfaranám sem undirbýr nemendur markvísst undir háskólanám. Háskólabrú býður að auki upp á fagháskólanám í leikskólafræðum. Keilir hefur verið í samstarfi við Háskóla Íslands varðandi skipulagningu námsins. Að lokinni Háskólabrú geta nemendur sótt um háskóla hérlendis og erlendis. Háskólabrú er kennd bæði í staðnámi og fjarnámi.

Flugakademía Íslands

Flugakademía Íslands er eini flugskólinn á landinu sem býður upp á atvinnuflugnám en bæði er hægt að leggja stund á samtvinnnað og áfangaskipt atvinnuflugnám við skólann. Þá býður hún einnig upp á einkaflugmannsnám, námskeið í áhafnasamstarfi, flugkennaranám ásamt hagnýtum endurmenntunarnámskeiðum fyrir flugmenn og flugkennara.

Í byrjun árs 2019 sameinuðust Flugakademía Keilis og Flugskóli Íslands, einn elsti starfandi flugskóli landsins. Sameinaðir mynda skólarnir nú einn öflugasta flugskóla á Norðurlöndunum með rúmlega tuttugu kennsluvélar, starfsstöðvar bæði í Reykjanesbæ og Hafnarfirði, fullkomna flugherma og á þriðja hundrað flugnema.

Heilsuakademían

Heilsuakademían býður upp á hið rótgróna ÍAK einkaþjálfaranám, ÍAK styrktarþjálfaranám, einkaþjálfaranám á ensku, undirbúningsnámskeið fyrir inntökupróf í læknisfræði og leiðsögunám í ævintýraferðamennsku, nám í fóttaðgerðafræði. Þá hóf Vinnuverndarskóli Íslands sem heyrir undir Heilsuakademíuna að bjóða upp á sérhæfð námskeið á sviði vinnuverndar á árinu 2020 og fer úrval þeirra og starfsemi skólans ört vaxandi.

Menntaskólinn á Ásbrú

Menntaskólinn á Ásbrú hóf að bjóða upp á framsækið stúdentsnám með áherslu á tölvuleikjagerð haustið 2019. Þar að auki býður skólinn upp á fjölbreytt úrval opinna framhaldsskólaáfanga. Menntaskólinn á Ásbrú byggir á hagnýtum verkefnum með sterkum tengslum við atvinnulífið. Markmið skólans er að bjóða upp á nám í tölvuleikjagerð sem svarar bæði ákalli atvinnulífsins eftir vel menntuðu og sérhæfðu starfsfólki og áhuga ungs fólks á menntun til starfa í skapandi greinum.



Nemendur Menntaskólans á Ásbrú.



Afhending verðlauna í smásagnakeppni framhaldsskólanna í ensku. Frú Eliza Reed, sigurvegari keppinnar og nemandi í kvikmyndagerð í Borgarholtsskóla, Íris Þóll Hróbjartsdóttir, Páll Jakob Malmberg enskukennari og Katherine Louise Þóra Stokke enskukennari.

Borgarholtsskóli



Ársæll Guðmundsson, skólameistari.

Bygging Borgarholtsskóla hófst árið 1995 og hvíldi framkvæmdin á samningi milli ríkis, Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar. Efnt var til samkeppni um hönnun hússins. Tilboð Arkitektastofu Finns og Hilmars og Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar reyndust hagstæðust. Skólahúsið var byggt í áföngum og skiptist í tvö verknámshús, þriggja hæða bóknámshús og þriggja hæða stjórnunarálmu fyrir skrifstofu, bókasafn og matsal. Starfsemi skólans hófst haustið 1996 en þá voru þrjú fyrstu áfangar hússins tilbúnir til notkunar. Fjórða áfangi var lokið í árslok 1999 og var húsið þá fullbyggt.

Skólameistari, Eygló Eyjólfsdóttir, var ráðinn til starfa haustið 1995 og var í embætti næstu ár. Árið 2001 tók Ólafur Sigurðsson við. Bryndís Sigurjónsdóttir var skólameistari frá 2010 og til 2016. Síðan 1. júlí 2016 hefur Ársæll Guðmundsson verið skólameistari, að undanskildum vetrinum 2021-2022 þegar Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir var settur skólameistari í fjarveru Ársæls.

Skólastarfið

Eygló hafði eitt ár til að undirbúa skólastarfið ásamt skólanefnd. Meðal nýjunga var fjölmenntabrot sem ætluð var nemendum sem voru óráðnir um námsval sitt og starfsnámsbrautir á sviði verslunar og félagsþjónustu. Strax í upphafi hófst kennsla í fornámi og á bóknámsbrautum til stúdentsprófs og iðnnámi á sviði mál- og bíliðna. Starfsemi sérnámsbrautar hófst einnig á fyrsta starfsári. Samstarf atvinnulífs og skólans var með nýstárlegum hætti því Fræðslumiðstöð bílgreina stýrði námi í bílgreinum og rak auk þess endurmenntun bílgreinamanna í skólanum samkvæmt sérstökum samningi til ársloka 1998 en þá yfirtók skólinn alla kennslu í bíliðnum. Borgarholtsskóli var settur í fyrsta sinn mánudaginn 2. september 1996. Nemendur voru tæplega 400 talsins og kennarar og annað starfsfólk á fimmta tug. Stöðugur vöxtur og þróunarstarf hafa einkennt starf skólans. Í dag stunda yfir 1300 nemendur nám við skólann og starfsfólk er yfir 140.

Borgarholtsskóli hefur frá upphafi gert það að stefnu sinni að stuðla að bókmennt, handmennt og siðmennt nemenda sinna. Grunnildir skólans eru: **jafnrétti, sjálfsagi, náungakærleikur, sköpun og framsækni.**

Borgarholtsskóli hefur einsett sér að vera leiðandi menntastofnun á þeim námssviðum sem boðið er upp á. Í náinni samvinnu við atvinnulífið og háskólastigið hefur skólinn leitast við að tryggja nemendum sínum hnökralausa leið til vinnu eða áframhaldandi náms auk undirbúnings fyrir lífið sjálft. Frá stofnun skólans hefur verið lögð rík áhersla á að Borgarholtsskóli sé fyrir alla með það að markmiði að sinna þörfum samfélags og einstaklinga sem best. Hlúð hefur verið að nýjum vaxtasprotum í skólastarfinu í góðri samvinnu við atvinnulífið og aðra hagsmunaaðila. Blómleg uppbygging starfsnámsbrauta ber þess glöggt vitni að þörfin fyrir nýbreytni og framfarir er mikil. Í þessu sambandi má nefna að Borgarholtsskóli hafði frumkvæði að uppbyggingu námsbrauta fyrir félagsliða, skólaliða, tómstundaliða og fleiri fagstéttir sem atvinnulífið og samfélagið allt hefur kallað eftir.

Borgarholtsskóli er framsækinn og lögð er áhersla á að allir fái nám við sitt hæfi. Námsframboð



Grunngildi skólans.



Keppendur í málningarkeppni nemenda í bílamálun.



Opið hús, leiklistarnemar settu upp Gosa.

hefur alltaf verið fjölbreytt og er í dag boðið upp á hefðbundið bóknám, iðnnám og starfsnám, auk þess sem sérnámsbraut er við skólann. Frá hausti 2018 hafa nemendur getað valið að stunda nám á afreksíþróttasviði samhliða öðru námi en markmið sviðsins er að bjóða upp á nám sem styður við þarfir afreksíþróttafólks á framhaldsskólastigi. Flestir nemendur skólans stunda nám í dagskóla en jafnframt eru nokkrar námsbrautir í boði fyrir þá sem velja að stunda dreifnám. Dreifnám hefur lengi verið starfrækt við skólann og er það með staðbundnum lotum. Með dreifnámi leitast Borgarholtsskóli við að þjónusta sem best þá nemendur sem vegna búsetu, atvinnu, veikinda eða annarra ástæðna geta ekki stundað nám með hefðbundnum hætti í dagskóla. Dreifnám felur í sér fulla kennsluþjónustu sem þó fer ekki fram nema að litlum hluta í sjálfu skólahúsnæðinu. Grunnskólanemendur í nágrenninu hafa auk þess getað sótt listnám og nám í málmi sem hluta af vali.

Í Borgarholtsskóla er boðið upp á eftirfarandi nám:

Bíliðngreinar, kennt í dagskóla, nemendur geta útskrifast að loknu starfsnámi eða að loknu starfsnámi og stúdentsprófi.

- Bifreiðasmíði
- Bifvélavirkjun
- Bílamálun

Bóknám, kennt í dagskóla, nemendur útskrifast að loknu stúdentsprófi.

- Félags- og hugvísindabraut
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og frumkvöðlabraut

Félagsvirkni- og uppeldissvið, kennt í dagskóla og dreifnámi, nemendur geta útskrifast að loknu starfsnámi eða að loknu starfsnámi og stúdentsprófi.

- Félagsliðar
- Félagsmála- og tólmstundanám
- Leikskólaliðar
- Stuðningsfulltrúar

Listnám, kennt í dagskóla, nemendur útskrifast að loknu stúdentsprófi.

- Grafísk hönnun
- Kvikmyndagerð
- Leiklist

Málm- og véltæknibrautir, kennt í dagskóla og dreifnámi, nemendur geta útskrifast að loknu starfsnámi eða að loknu starfsnámi og stúdentsprófi.

- Blikksmíði
- Rennismíði
- Stálsmíði
- Vélvirkjun

Sérnámsbraut, nemendur útskrifast að loknu fjögurra ára námi.



Yfir fjallið eru sjálfshjálparspil og er sköpun nemenda Borgó í keppninni Ungir frumkvöðlar, en nemendurnir fengu samfélagsverðlaun Ungra frumkvöðla fyrir verkefnið.



Nemendur á afreksíþróttasviði skólans að kynna á opnu húsi.



Opið hús, nemendur á málm- og véltæknibraut.



Skólavæði Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra



Ingileif Oddsdóttir, skólameistari.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra var stofnaður árið 1979 og settur í fyrsta sinn þann 22. september sama ár, þá undir heitinu Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. Fram að þeim tíma hafði verið starfræktur lðnskóli á Sauðárkróki frá 1946 og framhaldsdeild við Gagnfræðaskólann á Sauðárkróki frá 1977. Stofnendur skólans voru sveitarfélög á Norðurlandi vestra ásamt ríkissjóði. Jón F. Hjartarson var ráðinn skólameistari og gegndi því starfi til haustannar 2011 þegar hann lét af störfum. Við starfi hans tók Ingileif Oddsdóttir, núverandi skólameistari.

Skólinn

Skólinn er framhaldsskóli með áfangakerfi sem þjónar nemendum fyrst og fremst af Norðurlandi vestra og býður fram bóknað, iðn- og starfsnáð auk heimavistarþjónustu. Hann leitast við að bjóða upp á menntun í takt við kröfur tímans og vera leiðandi á því sviði. Um 600 nemendur stunda nám við skólann, þar af u.þ.b. helmingur í verknámsdeildum.

Einkunnarorð skólans eru:

Vinnusemi, virðing, vellíðan. Stjórnendur leitast við á hverjum tíma að skapa þær aðstæður á vinnustað að þar ríki vinnusemi, gagnkvæm virðing starfsfólks og nemenda og vellíðan allra sem við skólann nema og starfa.

Markmið skólans

Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknaðsbrautum og kennsla á iðn- og starfsnámsbrautum, starfræksla sérdeildar fyrir fatlaða nemendur og fjarkennsla allt með áfanga- og fjölbrautasniði. Skólinn starfrækir dreifnámsstöðvar á Blönduósi, Hólmavík og Hvammstanga. Nemendur í dreifnámi eru hluti af nemendahópum í FNV og fá kennslu í gegnum Teams í rauntíma. Þá býður skólinn upp á helgarnám í húsasmíði og rafíðnum sem ætlað er nemendum eldri en 23ja ára, auk fjarnáms í almennum bóklegum greinum. Markmið með skólastarfinu er að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og viðsýni, þjálf þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra hefur lagt áherslu á að uppfæra tækjabúnað og þekkingu með það markmið að vera leiðandi á meðal menntastofnana við innleiðingu nýjustu CNC hátækni í iðnmenntun. Sem dæmi um þessa viðleitni má nefna samstarf skólans við HAAS Automation sem vottar gæði námsins með skírteini sem nýtt alþjóðlegar viðurkenningar. Skólinn hefur boðið upp á nýjungar á borð við nám í kvikmyndagerð í samstarfi við Skotta film. Þá er skólinn í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Sveitarfélagið Skagafjörð um rekstur Fab Lab stofu eða rafrænnar smíðu sem m.a. er ætluð til að auðvelda frumkvöðlum að gera hugmynd að veruleika. Skólinn hefur verið virkur þátttakandi í verkefnum á vegum Menntaáætlunar Evrópusambandsins og

Námsbrautir:

- Félagsvísindabraut
- Fjölgreinabraut
- Hestabraut
- Náttúruvísindabraut
- Tæknistúdentsbraut
- Húsasmíði
- Húsgagnasmíði
- Meistaránám iðnaðarmanna
- Bifvélavirkjun
- Rafvirkjun
- Vélvirkjun
- Hestaliðabraut
- Kvikmyndabraut
- Sjúkraliðabraut
- Sjúkraliðabru
- Vélstjórnarbraut A
- Vélstjórnarbraut B
- Starfsbraut



Bóknámshús skólans og hluti af verknámshúsi skólans.

Nordplus. Að jafnaði eru um fimm verkefni í gangi á hverjum tíma. Skólinn hefur í samstarfi við grunnskóla á Norðurlandi vestra lagt áherslu á kynningu á iðnnámi fyrir grunnskólanema auk hefðbundinnar kynningar á námsframboði skólansboði skólans. Heimasiða fnv.is

Starfsfólk

Við skólann starfa 65 starfsmenn í 53 stöðugildum, þar af starfa 47 við kennslu. Kennarar og stjórnendur við skólann hafa ýmist háskólamenntun eða iðnmeistararéttindi auk kennsluréttinda. Kynjaskipting starfsfólks við skólann er jöfn og sama er að segja um nemendur.

Skólanefnd:

Formaður: Gunnsteinn Björnsson. **Aðrir nefndarmenn:** Adolf H. Berndsen, Ásta Pálmadóttir, Guðný Hólmfríður Axelsdóttir og Unnur Valborg Hilmarsdóttir. **Fulltrúi starfsmanna:** Aðalheiður Reynisdóttir. **Skólameistari:** Ingileif Oddsdóttir.

Aðstoðarskólameistari: Þorkell V. Þorsteinsson. **Áfangastjóri:** Kristján Bjarni Halldórsson.

Brautskráning 2020.





Útskrift í maí 2019.

Aðstoðarskólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir er vinstra megin og Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari er hægra megin (í upphlut).

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Skólameistari:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Aðstoðarskólameistari:

Sólrún Guðjónsdóttir

Skólanefnd:

Helga Guðmundsdóttir, Hilmar Már Arason,

Vilborg Lilja Stefánsdóttir og Örvar Már

Marteinsson

Formaður: Björg Ágústsdóttir

Fjölbrautaskóli Snæfellinga stendur á einstaklega fallegum stað í Grundarfirði.

Í fréttatilkynningu frá menntamálaráðuneyti árið 2003 var sagt frá undirritun á samningi um nýjan framhaldsskóla í Grundarfirði. Þessi samningur var undirritaður af þáverandi menntamálaráðherra, Tómasi Inga Olrich, og fulltrúum sveitarfélaganna á svæðinu.

Í tilkynningunni kom fram að með Fjölbrautaskóla Snæfellinga hefði verið þróuð ný hugsun í kennsluháttum, skipulagi skólastarfs og skólahúsnæði. Þessi ný skóli gaf vissulega tækifæri til mikilla breytinga og innleiðingar á nýjum kennsluháttum. Skólinn hóf starfsemi í ágúst 2004 og hófst kennsla sama haust. Stofnendur skólans voru fjögur sveitarfélög á Snæfellsnesi, Grundarfjörður, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær, ásamt ríkisjóði.



Loftmynd af Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Skólinn og markmið

Skólinn var óskabarn samfélaganna sem að honum stóðu og réðust sveitarfélögin á svæðinu í það stórvirki að byggja húsnæði yfir skólann. Hugmyndir voru uppi um að nýta upplýsingatækni og möguleika dreifmenntunar þannig að námframboð gæti orðið fjölbreytt. Skólahúsnæði átti ekki að vera með hefðbundnum kennslustofum heldur voru hönnuð opin rými auk lítilla herbergja sem ætluð voru til hópavinnu og einstaklingsvinnu. Skólinn var stofnaður til að kenna nemendum sem færu út á vinnumarkaðinn á 21. öldinni og mörg nýmæli voru boðuð bæði í kennsluháttum og allri starfsemi skólans. Í skólanum starfa allir kennarar sem dreifkennarar en með hugtakinu dreifkennarar og dreifmennt er átt við að kennarar skipuleggi kennsluna með það að markmiði að unnt sé að stunda nám í skólanum eða utan hans. Skólinn er vel búinn og öll aðstaða til fyrirmyndar. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti nemendum og að samskipti nemenda og starfsfólks séu bæði frjálst og einkennist af gagnkvæmri virðingu. Markmið skólans er að skapa metnaðarfullt námsumhverfi þar sem komið er til móts við þarfir hvers og eins með sveigjanlegu skipulagi. Guðbjörg Aðalbergsdóttir var ráðinn fyrsti skólameistari skólans og núverandi skólameistari er Hrafnhildur Hallvarðsdóttir. Allt frá upphafi hafa kennarar skólans unnið allar kennsluáætlanir með það fyrir augum að þær henti hvort sem er dagskóla- eða dreifnemendum. Þessi tilhögun hefur gert það að verkum að nemendur skólans eru ýmist dagskólánemendur sem sækja skólann daglega eða dreifnemendur sem ekki sækja skólann heldur stunda nám sitt heima þar sem möguleikar upplýsingatækni eru nýttir til hins ýtrasta í kennslu í FSN.

Stofnun skólans hefur haft mikil áhrif á sveitarfélögin á Snæfellsnesi og á sunnanverðum Vestfjörðum. Nú þurfa foreldrar og forráðamenn ekki lengur að senda börn sín í burtu í nám að loknum grunnskóla heldur geta þau stundað nám á framhaldsskólastigi og lokið stúdentsprófi í heimabyggð. Þessi breyting hefur haft þau áhrif að mannlíf hefur orðið fjölbreyttara í þessum samfélögum. Ungu fólk þekur þátt í félagslífi og atvinnulífi í sínum heimabæjum og ekki þarf að taka fram hvað það er auðveldara að geta haft unglinga heima á þessum árum því það er kostnaðarsamt að senda þau til náms fjarri heimili og það er



Kennsla.



Skák á þemadögum.



Nýnemadagur.



Krufning.

mikilvægt að geta veitt þeim stuðning á þessu mikilvæga tímabili unglingsáranna. Það má einnig sjá áhrif skólans á fjölgun ungs fólks á upptökusvæði skólans því mikið er um að unga fólk komi aftur heim og settist að í heimabyggð eftir að hafa náð sér í framhaldsnám.

Námið og nemendur

Í skólanum stunda rúmlega 200 nemendur nám á átta námsbrautum, náttúru- og raunvísindabraut, félags- og hugvísindabraut, íþróttabraut, opinni braut, framhaldsskólabraut 1 og 2, starfsbraut og nýjasta brautin okkar er nýsköpunar- og frumkvöðlabraut. Nemendur sem stunda dagskólanám koma af norðanverðu Snæfellsnesi og sunnanverðum Vestfjörðum en dreifnemendur koma víða að af landinu. Allir nemendur eru með fartölvu og tengjast netinu þráðlaust en öll kennsla miðast við að allir nemendur vinni að verkefnum á netinu, skili verkefnum og fái þar námsmat auk þess sem samstarf á milli nemenda fer of fram á netinu enda er hluti nemanda í fjarnámi. Samskipti kennara og nemanda fara einnig oft fram á netinu. Við skólann starfa 33 starfsmenn. Kennarar sem starfa við skólann hafa allir háskólapróf og kennsluréttindi. Í skólanum er lögð áhersla á öfluga þjónustu, námsráðgjöf og stuðning við þá sem þurfa námsaðstoð. Skólinn hefur tekið þátt í erlendu samstarfi í gegnum Comenius, Erasmus og Nordplus en það gefur nemendum ómetanlegt tækifæri að kynnst nemendum á öðrum menningarsvæðum og víkkar sjónvildarhorninginn. Mörg þróunarverkefni hafa verið unnin í skólanum og er stærsta verkefnið sennilega á sviði námsmats. Vorið 2008 fóru kennarar á námskeið í Kings College í Bretlandi og kynntu sér þar leiðsagnarnám. Sú tegund námsmats hefur verið nýtt í skólanum og hefðbundin lokapróf hafa verið lögð niður.

Framhaldsdeild á Vestfjörðum

Árið 2007 var gerður samningur milli Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps annars vegar og Fjölbrautaskóla Snæfellinga- FSN hins vegar um rekstur framhaldsdeildar á Patreksfirði. Rekstur deildarinnar var upphaflega þróunarverkefni til fjögurra ára en þar sem reynslan var góð af rekstri deildarinnar er hún nú orðinn hluti af Fjölbrautaskóla Snæfellinga og þaðan hafa margir nemendur lokið stúdentsprófi. Nemendafjöldi deildarinnar hefur aukist jafnt og þétt frá upphafi. Í framhaldsdeildinni geta nemendur af suðursvæði Vestfjarða stundað nám á framhaldsskólastigi undir stjórn kennara í Grundarfirði með aðstoð nútíma upplýsingatækni. Starfsmenn framhaldsdeildar á Patreksfirði veita nemendum leiðsögn á staðnum og halda utan um starfsemina. Allt frá stofnun FSN hefur skólinn unnið allar kennsluáætlanir með það fyrir augum að þær henti hvort sem er dagskóla- eða dreifnemendum. Þessi skipan hefur gert það að verkum að nemendur í dagskóla, framhaldsdeildinni á Patreksfirði og dreifnemendur sem eru í sama áfanga eru öll í sama hópnun. Dreifmennt er góður kostur til að brúa bil milli landshluta og gera einstaklingum kleift að stunda það nám sem þeir kjósa sér hvar sem þeir eru staddir. Sjálfstæði í námi er oft meira þar sem algengt er að nemendur vinna án beinnar tilsagnar kennara og þurfa því að taka mikla ábyrgð á eigin námi. Nám nemenda fer að miklu leyti fram með sjálfstæðri verkefnavinnu, þar sem nemendur vinna einstaklingsverkefni eða hópverkefni, ýmist með nemendum á staðnum eða í Grundarfirði. Reglulegar námsferðir eru farnar til Grundarfjarðar og eru ferðirnar mikilvægur hluti af starfi deildarinnar því í námsferðunum hafa nemendur tækifæri til að hitta nemendur og kennara og taka þátt í félagslífi í stærra skólaumhverfi.

Félagslíf nemenda

Félagslíf nemenda er fjölbreytt. Á hverju ári er haldin árshátíð með heimatilbúnum skemmtiatriðum sem nemendur njóta á meðan þeir gæða sér á ljúffengum veitingum. Jólaskemmtun er líka veglegur atburður þar sem nemendur skemmta sér saman, borða hátíðamat og ljúka samverunni með dansi fram á nótt. Stundum er farið í leikhúsferðir og er það gjarnan í tengslum við námsefni sem verið er að vinna. Minni skemmtanir eru reglulega og má þar nefnda kaffihúskvöld og íþróttakeppni sem ber nafnið Sólarleikar. West Side er viðburður þar sem nemendur úr framhaldsskólunum þremur á Vesturlandi, FVA og MB koma saman og keppa í ýmsum keppnisíþróttum og halda dansleik um kvöldið.



Ljósmynd. Blik Stúdíó.



Frá vinstri: Dröfn Viðarsdóttir, aðstoðarskólameistari, Hlöðver Már Pétursson dúx, útskrifaður af rafvirkjabraut með viðbótarnámi til stúdentsprófs júlín 2020 og Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari. / Ljósmynd. Blik Stúdíó.

Fjölbrautaskóli Vesturlands



Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari frá 2020.

Stofnun Fjölbrautaskólans á Akranesi árið 1977 markaði tímamót í menntamállum á Vesturlandi. Mikil undirbúningsvinna hafði átt sér stað áður en draumur um að stofna framhaldsskóla á Skaganum rættist. Skipst var á skoðunum um það hvort ætti yfirhöfuð að stofna framhaldsskóla á Akranesi. Flestir voru hlyntir því en nokkrir höfðu miklar efasemdir og höfðu áhyggjur af því að slíkur skóli gæti orðið of stór og efuðust jafnvel um að nám þar yrði tekið gilt. Rúmum 40 árum síðar eru um 500 nemendur í FVA og starfsmenn eru um 70, þar af rúmlega 50 kennarar. Námsframboð er fjölbreytt og ættu flestir að geta fundið nám við sitt hæfi í FVA. Auk stúdentsbrauta er í boði nám á framhaldsskólabraut, í húsnæði, rafvirkjun, vélvirkjun, sjúkraliðabraut og starfsbraut. Haustið 2022 er stefnt á að bæta við námsbraut fyrir félagsliða. Boðið er upp á dreif- og helgarnám í iðnnámi og á sjúkraliðabraut. Haustið 2020 var í fyrsta sinn boðið upp á svið lista og skapandi greina. Skólameistari frá 1. janúar 2020 er Steinunn Inga Óttarsdóttir. Við embættistöku hófst hún strax handa við að bæta kjör og aðbúnað starfsfólks og efla ímynd og starfsanda í skólanum með áherslu á lýðræðislega stjórnun og þjónandi forystu. Svo vill til að stjórnendateymið er eingöngu skipað konum næstu árin. Auk skólameistara er Dröfn Viðarsdóttir aðstoðarskólameistari og áfangastjóri er Jónína Halla Víglundsdóttir.

Húsnæði skólans

Skólinn stendur á góðum stað við Vogabraut 5 á Akranesi. Skólalúsnæðið telur rúma 8000 fermetra og aðstaðan er góð, m.a. er öndvegis bókasafn og tölvuþjónusta við skólann, stórt mótuneyti og hátíðarsalur. Um þessar mundir er þörf á endurbótum á húsnæðinu orðin mikil, einkum í elstu byggingunni. Heimavist með 30 tveggja manna herbergjum er hinum megin við götuna.

Fjör í Fjölbraut

Nemendur í skólanum árið 1977 voru 180 talsins og voru orðnir um 500 tíu árum síðar. Á árunum 1977-1987 luku 740 nemendur burtfararprófi frá skólanum á yfir 30 námsbrautum. Fjöldi nemenda hefur verið nokkuð breytilegur. Árið 2022 eru ársnemendur um 480 talsins. Oft er mikið fjör í félagslífinu. Nemendafélag skólans, NFFA, stendur fyrir hefðbundnum viðburðum, s.s. leiksýningu, Skammhlaupi og dansleikjahaldi. Stoðþjónusta FVA er afar öflug og áhersla lögð á að sinna henni markvisst og af fagmennsku.

Að menntast og mennta

Á 25 ára afmæli skólans árið 2002 var gefið út afmælissrit og þar segir Þórir Ólafsson, fyrrverandi skólameistara FVA, um samruna Gagnfræða- og Fjölbrautaskólans: „Það voru mörg ljón á veginum og verkefnið í raun risavaxið. Fáir þekktu áfangakerfið. Það þurfti að sameina tvær rótgrónar menntastofnanir. Námsefni vantaði víða. Námskrár lágu ekki fyrir. Húsnæði var mjög þröngt og tækjakostur fábreyttur. Það þurfti að taka upp ný vinnubrögð á fjölmörgum sviðum. Þetta gekk upp og með því varð Fjölbrautaskólinn á Akranesi hluti af mjög merkilegum þætti

Skólameistarar FVA

Ólafur Ásgeirsson 1977-1984

Þórir Ólafsson 1985-2001

Hörður Helgason 2001-2011

Atli Harðarson 2011-2014

Ágústa Elín Ingbórsdóttir 2014-2019

Steinunn Inga Óttarsdóttir frá 2020

Gildi skólans:

JAFNRÉTTI - VIRÐING - FJÖLBREYTILEIKI



í sögu framhaldsmenntunar á Íslandi. Innra hreyfiafl skólans í samspili við áhuga heimamanna átti stóran þátt í að skapa ný og betri menntunarskilyrði. Starfsmenn skólans voru tilbúnir að menntast til að geta betur menntað aðra."

Á 40 ára afmæli skólans var einnig gefið út veglegt afmælisrit. Í blaðinu er viðtal við Þórdísi Kolbrúnu Reykfrjörð Gylfadóttur, yngstu konu sem sest hefur í ráðherrastól á Íslandi en hún lauk stúdentsprófi af félagsfræðabraut í FVA. Aðspurð hvernig var að vera nemandi í FVA sagði hún: „Það var alveg ótrúlega skemmtilegt, ég held að fjölbrautaskólaárin mín hafi verið með svona skemmtilegri árunum mínum.“

Sterkur kennarahópur

Í FVA hefur alltaf verið sterkur kennarahópur. Í ávarpi til útskriftarárgangs vorannar 2016 sagði Sigurbjörg Þrastardóttir, skáld og stúdent frá FVA: „Ég hef raunar aldrei skilið hvernig kennurum lukkast að framreiða námsefni sitt þannig að það passi öllum í einu, þegar skólastofan er skipuð jafn mörgum og mismunandi einstaklingum, en ég á heldur aldrei eftir að skilja töfra kennslu og þau kraftaverk sem kennarar vinna á hverjum degi.“

Kennarar skólans hafa góða menntun og langflestir eru með kennsluréttindi. Það á einnig við um verknám en slíkir kennarar eru ekki á hverju strái. Árið 2022 eru laun kennara FVA vel samkeppnishæf eftir nokkra lægð og starfsandi mælist mjög góður.

Fjölbreytt samstarf

FVA á gott samstarf við fjölda aðila á svæðinu og leggur áherslu á góða tengingu við atvinnulífið. Auk samstarfs við aðra fjölbrautaskóla, MB og FSN, og FSS og FSU, er gott samstarf við Stóriðjuskólann, Tónlistarskólann á Akranesi, Akraneskaupstað, Heilsugæslu Vesturlands, Nýsköpunarsetrið, barnaverndaryfirvöld o.m.fl. Árið 2016 var skrifað undir samning milli FVA, Akraneskaupstaðar og og ÍA um formlegt samstarf um að nemendur sem vilja stunda sína íprótt að hætti afreksfólks fái handleiðslu sérmenntaðra þjálfara í í stundatöflu og einingar að launum. Fjöldi þessara nemenda hefur sveifast nokkuð en er á bilinu 30-50 manns á ári og fer hróður þeirra víða.

Sérstaða og áherslur

Sérstaða og áherslur skólans frá 2020 til næstu ára felast í lýðræðislegum stjórnunar- og kennsluháttum, sterkum tengslum við atvinnulíf og íþróttir á svæðinu, persónulegri þjónustu, notalegu andrúmslofti og fjölbreyttu námsframboði. Starfsemin er í anda gilda skólans og heimsmarkmiða SP um heilsu og vellíðan, atvinnumöguleika og jöfnuð. Markmiðið er að ungmenni á Vesturlandi geti stundað farsælt og hagnýtt nám í heimabyggð og séu reiðubúin til starfa eða frekara náms, hafi opinn huga og temji sér jákvæðni, umburðarlyndi og lýðræðisvitund.



Stúdentar. / Ljósmynd. Blík Stúdíó.



Kennslustund í járnsmíði.



Nemendur í líffræðitíma.



Nemendur í líffæra- og lífeðlisfræði.



Starfsmenn eru yfirleitt tilbúnir að taka þátt í sprelli með nemendum, hér stilla þeir sem upp á árdegi.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Námsbrautir við FÁ

Félagsfræðabraut
Hugvísindabraut/málabraut
Íþrótt- og heilbrigðisbraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Nýsköpunar- og listabraut
Grunnnám heilbrigðisgreina
Heilbrigðisritarabraut
Heilsunuddbraut
Lyfjatækna
Námsbraut fyrir sóttreinsitækna
Sjúkraliðabraut
Tanntækna
Viðbótarnám til stúdentsprófs
Framhaldsnám lyfjatækna
Almenn námsbraut
Sérnámsbraut
Fjarnám

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur verið framhaldsskóli síðan 1979, en formlega var Fjölbrautaskólinn við Ármúla stofnaður haustið 1981.

Markmið skólans er að undirbúa nemendur undir líf og störf í lýðræðisþjóðfélagi, efla læsi í víðasta skilningi þess orðs og hafa lýðræði, jafnréttishugsjón, menntun til sjálfbærni og sköpunaranda að leiðarljósi. Skólastarfið byggist á því að hver nemandi finni sér nám við hæfi og geti stundað það á eigin námshraða. Fjölbrautaskólinn við Ármúla er áfangaskóli og kjarnaskóli heilbrigðisgreina. Fjölbreytni í námsvali laðar að fjölbreyttan nemendahóp og er stefna skólans að sinna hverjum og einum nemanda á sem bestan hátt. Nemendur sem ekki standast viðmið grunnskólans við innritun fara tímabundið á almenna námsbraut þar sem þeir fá sérstakan stuðning þar til þeir hefja nám á öðrum brautum. Stór hópur nemenda í FÁ er með annað móðurmál en íslensku og skólinn hefur mikinn metnað til að koma til móts við þarfir þeirra og er það starf í stöðugri þróun. Skólinn tekur þátt í fjölmörgum alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem stuðla að viðsýni og samkennd þvert á þjóðerni og landamæri og í öllu starfi sínu leitast skólinn við að starfa með sjálfbærum hætti með umhverfismálin í brennidepli. Í skólanum er hægt að stunda nám til stúdentsprófs á fimm bóknámsbrautum auk viðbótarnáms til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Skólinn býður upp á nám til starfsréttinda á sex brautum á heilbrigðisviði auk framhaldsnáms á fjórða þrepi fyrir lyfjatækna. Við skólann er metnaðarfull nýsköpunar- og listabraut sem leggur áherslu á hagnýtt nám í listgreinum auk þess að undirbúa nemendur fyrir framhaldsnám. Loks er í skólanum sérnámsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu og er öll aðstaða þar til fyrirmyndar. FÁ rekur öflugt fjarnám allt árið fyrir fjölbreyttan hóp nemenda alls staðar að og þar er á hverri önn val um 80 – 90 áfanga. Nemendur dagskólans nýta sér gjarnan fjarnám til að flýta námi sínu. Á vorönn 2018 stunduðu rúmlega 2000 nemendur nám við skólann, þ.e. í dagskóla og fjarnámi. Starfsmenn skólans eru rúmlega eitt hundrað, þar af rúmlega 70 fastráðnir kennarar.

Skólinn hefur þrjú þætt meginmarkmið:

1. Að veita hverjum og einum nemanda almenna menntun sem nýtist í daglegu lífi og tómstundum, sem auðveldi nemendum að taka sjálfstæða afstöðu til manna og málefna og njóta menningarlegra verðmæta.
2. Að búa nemendur undir framhaldsnám í háskólum og sérskólum.
3. Að búa nemendur undir tiltekin störf.



Í hvalaskoðun.



Útskrift frá Heilbrigðisskólanum vorið 2019.

Bóknám

Skólinn býður upp á hefðbundið nám til stúdentsprófs á félagsfræðabraut, hugvísindabraut, náttúrufræðibraut, íþróttá- og heilbrigðisbraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Stúdentspróf er undirbúningur fyrir háskólanám auk þess sem það nýtist þeim sem hafa hug á annars konar námi eða þátttöku í atvinnulífnu.

Félagsfræðibraut; að loknu námi á brautinni skulu nemendur vera undirbúnir fyrir frekara nám í félagsvísindum og skyldum greinum.

Hugvísindabraut; að loknu námi á brautinni skulu nemendur vera undirbúnir fyrir frekara nám í hugvísindum og skyldum greinum.

Íþróttá- og heilbrigðisbraut; er góður undirbúningur fyrir þá sem ætla að mennta sig í íþróttá- og lýðheilsugreinum eða starfa að þeim málum.

Náttúrufræðibraut; að loknu námi á brautinni er ætlast til að nemendur hafi góða undirstöðu í stærðfræði og náttúruvísindum.

Viðskipta- og hagfræðibraut; að loknu námi á brautinni er ætlast til að nemendur hafi góða undirstöðu í viðskipta- og hagfræðigreinum.

Starfsnám

Heilbrigðisskólinn leggur áherslu á fjölbreytt starfsnám á heilbrigðisviði sem ávallt er í takt við þarfir samfélagsins. Nám í heilbrigðisskólanum veitir fjölbreytt starfsréttindi innan og utan stofnana auk þess að undirbúa nemendur fyrir frekara nám í heilbrigðisgreinum. Nemendur sem hefja nám á bóknámsbrautum skólans geta fært sig yfir á starfsmenntabrautir og öfugt.

Sjúkraliðabraut; skiptist í bóklegt nám og vinnustaðanám á heilbrigðisstofnun.

Lyfjatæknabraut; hefur það markmið að sérmennta fólk til starfa við afgangi, sölu og dreifingu lyfja. Námið er bæði bóklegt og verklegt.

Tanntæknabraut; verklegi hluti námsins fer fram við tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Heilbrigðisritarabraut; skiptist í bóklegt- og verknám sem fram fer á heilbrigðisstofnunum. Námsbraut fyrir heilsunuddara; skiptist í bóklegt nám, verknám og starfsþjálfun.

Grunnnám heilbrigðisgreina; námið er ætlað þeim sem hafa hug á starfsmenntun á heilbrigðisviði, en hafa ekki gert upp hug sinn hvaða braut skuli velja.

Nýsköpunar- og listabraut; námi á nýsköpunar- og listabraut er ætlað að veita nemendum góða og almenna undirstöðu í listum og nýsköpun.

Þeim sem vilja kynna sér skólann nánar og fylgjast með nýngum er bent á vefsíðu skólans www.fa.is



Myndlistartími.



Lyfjafraeðinemar.



Smásjárskoðun í líffræði.





Gamli skóli og skólatjörnin.



Nemendur í sjóbrettakennslu í sundlauginni.

Framhaldsskólinn á Laugum

Árið 1925 tók Laugaskóli til starfa. Fyrsti skólastjóri Laugaskóla var Arnór Sigurjónsson. Saga Laugaskóla spannar yfir stóran hluta 20. aldar og hefur skólinn að miklu leyti mótað samfélag Þingeyinga. Árið 1988 var Framhaldsskólinn á Laugum formlega stofnaður, með sameiningu Héraðsskólans og Húsmæðraskóla Þingeyinga. Fyrsti skólastjóri hans var Steinþór Þráinsson. Skólinn býður upp á fjórar brautir til stúdentsprófs auk undirbúningsnáms á almennri braut.

Skólastarfið

Laugaskóli er lítill heimavistarskóli í sveit sem sóttur er af nemendum alls staðar að landinu. Skóladagurinn er samfelldur frá klukkan 09:10-15:30 og stundataflan er fljótandi og breytileg frá viku til viku. Skipulag námsins eru annars vegar hefðbundnir kennslutímar (um þriðjungur námsins) og hins vegar vinnustofur þar sem nemendur vinna á vinnustöðvum sínum undir handleiðslu kennara að því námi sem þeir vilja leggja áherslu á hverju sinni. Vinnustofukerfið kallar á aukið sjálfstæði og aukna ábyrgð nemenda á námi sínu. Á Vopnafirði er starfrækt framhaldsskóladeild þar sem nemendur geta stundað nám í heimbyggð en dvelja eina viku í mánuði á Laugum. Nemendafélag skólans er mjög virkt og ýmsar uppákomur haldnar, til dæmis Tónkvíslin, sem er stærsta söngkeppni framhaldsskóla sem er haldin á Norðurlandi. Auk þess taka nemendur meðal annars þátt í Morfís og Gettu betur sem og leiklistarstarfi á vegum Ungmennafélagsins Eflingar.

Skólinn er starfræktur í sjö stórum húsum. Aðalskólahúsnæðið er Gamli skóli, hjarta skólans en þar má m.a. finna skrifstofur, vinnustöðvar nemenda og kennara, mótuneyti, bókasafn og þvottahús. Fagttímar eru kenndir í Álfasteini og Dvergasteini og gamla íþróttahúsið, Þróttó, nýttist fyrir fyrirlestra, fundi, tónleika o.þ.h. Heimavistir skólans eru í Tröllasteini, Álfasteini og Draugasteini (Fjalli) og skólinn á sitt eigið íþróttahús.

Starfsfólk

Sigurbjörn Árni Arngrímsson tók við 2015 sem skólameistari Laugaskóla. Hallur B. Reynisson er áfangastjóri og Þórunn Sigtryggsdóttir er fjármálastjóri. Í Laugaskóla starfa í heildina 29 manns, auk ofangreindra eru starfandi 11 kennarar, brautarstjóri almennrar brautar, verkefnastjóri Vopnafjarðardeildar, náms- og starfsráðgjafi, ritari, kerfisstjóri, húsvörður, ræstítæknar, húsbændur, bryti, eldhústarfsfólk og þvottastjóri.

Framtíðarsýn

Undanfarin ár hefur verið unnið að breytingum á innra starfi skólans, s.s. aukinni áherslu á einstaklingsmiðað nám, símat og rafrænt kennsluumhverfi og -hætti. Skólinn hefur lagt mikið í markaðssetningu og hefur aðsókn nemenda aukist verulega. Stefnt er að því að hverju sinni stundi rúmlega 100 nemendur nám við skólann og að um 80 nemendur búi á heimavistum hans.



Sigurbjörn Árni Arngrímsson, skólameistari.



Frá söngkeppninni Tónkvísl.



Í skólanum er lögð áhersla á jafnrétti, umhyggju og velliðan.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ



Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ var stofnaður við undirritun samkomulags menntamálaráðherra og bæjarstjórans í Mosfellsbæ þann 19. febrúar 2008. Í samkomulaginu kom fram að aðilar væru sammála um að byggja nýjan skóla og að í fyrsta áfanga yrði gert ráð fyrir allt að 4.000 m² byggingu sem myndi rúma allt að 500 nemendur. Við hönnun hússins og undirbúning skólastarfs yrði lögð áhersla á sveigjanleika og möguleika til nýbreytni. Jafnframt yrði við ákvörðun lóðarstærðar gert ráð fyrir möguleikum til verulegrar stækkunar í framtíðinni. Við byggingu skólans var mikil áhersla lögð á vistvæna hönnun. Byggingin er með BREEAM vottun sem er alþjóðlegt umhverfsvottunarkerfi. Arkitektar hússins eru Aðalheiður Atladóttir og Frank Kruger hjá A2F arkitektum. Listskreytingarnar í húsinu eru hannaðar af Bryndísi Bolladóttur listakonu sem vann með hljóðverkfræðingum til að gera listskreytingarnar hluta af hljóðvist skólans.

Sagan

Skólinn hóf starfsemi sína haustið 2009 í Brúarlandi, elsta skólahúsi Mosfellsbæjar, þar sem kennslan fór fram til loka haustannar 2013. Nýja skólabyggingin var fyrst notuð við útskrift 20. desember 2013. Kennsla hófst í byggingunni í upphafi vorannar 2014. Auk þess fer kennsla á hestakjörsviði opinna stúdentsbrautar að hluta til fram í reiðhöll Harðar í Mosfellsbæ og verkleg íþróttakennsla fer fram í íþróttamiðstöðinni Lágafelli.

Einkunnarorð skólans eru auðlindir og umhverfi

Þar er átt við auðlindir í viðum skilningi, auðlindir í náttúrunni og þann mannauð sem felst í fjölbreyttum nemenda- og starfsmannahópi þar sem áherslan er á lýðheilsu, jafnrétti og menningarlegar auðlindir. Í skólanum er lögð áhersla á jafnrétti, umhyggju og velliðan allra og að koma til móts við ólíkar þarfir. Í skólanum er hvetjandi lærdómssamfélag þar sem við gerum ráð fyrir að allir nemendur geti bætt sig og komið er fram við alla af virðingu. Skólabragur FMOS einkennist af góðum samskiptum nemenda og starfsmanna. Nemendur hafa greiðan aðgang að kennurum, m.a. í verkefnatímum sem eru opnar vinnustofur á skólatíma.

Námsbrautir

Í skólanum eru 6 námsbrautir, þ.e. 3 stúdentsbrautir, 2 framhaldsskólabrautir og sérnámsbraut fyrir fatlaða nemendur.

Nemendafjöldi og starfsfólk

Nemendafjöldi hefur undanfarin ár verið um 350 og starfsmenn eru 45. Frá stofnun skólans hefur Guðbjörg Aðalbergsdóttir verið skólameistari.



Skólinn hóf starfsemi sína í Brúarlandi árið 2009.



FRAMHALDSSKÓLINN
Í MOSFELLSBÆ



Hluti starfsfólks Kvinnaskólans haustið 2022.

Kvinnaskólinn í Reykjavík



Frá vinstri: Lilja Dögg Gunnarsdóttir kórstjóri, Ingibjörg Guðmundsdóttir fyrrverandi skólameistari, Hjalti Jón Sveinsson fyrrverandi skólameistari, Margrét Helga Hjartardóttir frönskukennari og Aðalsteinn Eiríksson fyrrverandi skólameistari. Mynd tekin á peysufatadegi vorið 2022.



Hópefli fyrir nýnema haustið 2021.

Kvinnaskólinn í Reykjavík er einn allra elsti skóli landsins, stofnaður 1874 af hjónunum Þóru og Páli Melsteð í þeim tilgangi að bjóða stúlkum upp á bóklegt og verklegt nám. Upphaflega var skólahaldið á heimili þeirra hjóna við Austurvöll en árið 1878 létu þau rífa húsið og byggðu nýtt og stærra hús á sama stað á eigin kostnað. Árið 1909 flutti skólinn í eigið húsnæði að Fríkirkjuvegi 9 í hjarta miðborgar Reykjavíkur þar sem hluti starfseminnar fer enn fram. Árið 1979 var tekin í notkun viðbygging við gamla húsið og nú er sá hluti nýttur sem kennslustofur og bókasafn. Frá árinu 1993 hefur hluti kennslunnar farið fram í Þingholtsstræti 37, í húsi sem kallað er Uppsalir en hýsti áður Verslunarskóla Íslands. Þar eru nú fjórar kennslustofur og mötuneyti nemenda. Haustið 2011 fékk skólinn svo Miðbæjarskólann, Fríkirkjuvegi 1, til afnota.

Skólinn var einkaskóli til ársins 1946 en þá varð hann að almennum gagnfræðaskóla og árið 1979 varð hann að framhaldsskóla. Fyrstu stúdentarnir útskrifuðust 1982. Fyrstu öldina sem skólinn starfaði var hann eingöngu fyrir stúlkur en í dag er skólinn eins og aðrir framhaldsskólar fyrir alla nemendur óháð kyni.

Kvinnaskólinn á sér langa og merka sögu með rætur í baráttu fyrir bættri menntun kvenna. Vert er einnig að minnast þess að Ingibjörg H. Bjarnason, einn af fyrrum skólástjórum skólans, var fyrst kvenna til að taka sæti á alþingi Íslendinga. Átta skólástjórnendur hafa verið við skólann frá upphafi. Núverandi skólameistari er Kolfína Jóhannesdóttir og aðstoðarskólameistari er Ásdís Arnalds.

Námið

Kvinnaskólinn í Reykjavík er bekkjarskóli og býður upp á nám til stúdentsprófs á þremur námsbrautum, félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og hugvísindabraut. Námtími er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki námi til stúdentsprófs á þremur árum. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla er á metnað nemenda og ábyrgð í námi, persónuleg og hlýleg samskipti, gildi tjáningar og þá samskiptahæfni sem nauðsynleg er í samskiptum ólíkra einstaklinga í ólíkum aðstæðum. Þannig leggur skólinn áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Nemendur og starfsfólk

Nemendur skólans eru að jafnaði um 630 og starfsfólk um 70 talsins. Við skólann starfar vel menntaður og reynslumikill hópur kennara og annars starfsliðs. Skólabragur skólans einkennist af heimilislegu andrúmslofti, jákvæðni, góðri umgengni og góðum samskiptum nemenda og starfsfólks og gagnkvæmri virðingu þeirra á milli.



Nemendur í námsferð í Berlín vorið 2022.



Kvinnaskólinn í Reykjavík, aðalbygging.

Félagslífið

Sterkar hefðir hafa skapast í félagslífi nemenda. Nemendafélagið Keðjan var stofnað árið 1919 og vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Af hefðum í félagslífi nemenda má nefna peysufatadaginn, epladaginn, eplaballið og tjarnardaga. Söngvakeppnin Rymja er árlegur viðburður og leikfélagið Fúría setur upp metnaðarfullar sýningar og gefið er út skólablaðið Heimasætan. Þá hefur málfundafélagið Loki átt mjög góðu gengi að fagna í Gettu betur og MORFÍS keppnum framhaldsskólanna.

Framtíðarsýn

Kvinnaskólinn hefur frá upphafi verið framsækinn í námskrárþróun og kennsluháttum og tekið miklum breytingum í takt við tímans tönn. Á sama tíma hefur skólinn staðið vörð um ákveðnar hefðir í námskipulagi, s.s. bekkjarkefnið sem hefur reynst vel og vilji er til að varðveita. Í tilefni af 100 ára sögu skólans var gefið út veglegt afmælisrit árið 1974. Innan skamms eða árið 2024 verður skólinn 150 ára sem gefur enn á ný tilefni til að rifja upp farsæla sögu skólans.



Nemendur á peysufatadegi í apríl 2022. Ljósmyndina tók Valgeir Halbergsson í porti Miðbæjarskólans.




Stúdentar frá Kvinnaskólanum í Reykjavík vorið 2022. Athöfnin fór fram í Háskólabíó.



Nemendur að mynda út í náttúrinni.

Kvikmyndaskóli Íslands



Friðrik Þór Friðriksson, skólastjóri.

Hlutverk Kvikmyndaskóla Íslands er að þjóna kvikmyndalistinni og einkunnarorð okkar eru: „Byggjum upp blómstrandi kvikmyndaiðnað.“

Sögu Kvikmyndaskóla Íslands má rekja aftur til ársins 1992 þegar fyrstu námskeið í kvikmyndagerð voru haldin í húsakynnum MÍR félagsins að Vatnsstíg 10 í Reykjavík. Námskeiðin stóðu yfir í 3 mánuði og strax á upphafsárum námsins komu fram sterkir nemendur sem síðar urðu virkir þátttakendur í kvikmyndaiðnaðinum.

Skólinn, sem stækkaði ört, starfaði í upphafi sem hluti af öðru félagi. Það var síðan árið 2003 að eignarhaldsfélagið Telemakkus ehf. var stofnað um Kvikmyndaskólann og í dag er það félag í meirihlutaeigu Böðvars Bjarka Péturssonar og fjölskyldu hans. Stjórn skólans skipa Böðvar Bjarki Pétursson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Oddný Sen, Ingimundur Sigurpálsson og Örn Pálmason.

Námið

Á árinu 2000 var ákveðið að fella nám í Kvikmyndaskólanum að hinu almenna skólakerfi í landinu og síðla árs 2002 veitti þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra skólanum formlega viðurkenningu ráðuneytisins á tveggja ára námsbraut í kvikmyndagerð á framhaldsskólastigi. Allar götur síðan hefur skólinn sinnt metnaðarfullu námi í kvikmyndagerð. Í Kvikmyndaskólanum er gerð krafa um stúdentspróf en heimilt er að meta aðra menntun og/eða reynslu við inntöku í námið. Skólinn hefur útskrifað á sjötta hundrað nemenda sem margir hverjir starfa nú víðsvegar í íslenskum kvikmynda- og sjónvarpsiðnaði. Samkvæmt innra mati er skólinn framkvæmdi á árinu 2018, var meðal annars kannað hversu margir útskrifaðir nemendur Kvikmyndaskólans voru í starfslíði þeirra 9 bíómynda sem sóttust eftir að vera framlag Íslands til Óskarsverlaunanna 2019. Meginniðurstöður leiddu í ljós að meðaltal fyrrum nemenda var 26% af töku- og eftirvinnsliðinu. Af öðrum niðurstöðum innra matsins má nefna að nemendur og útskrifaðir nemendur skólans áttu 6 af 12 stuttmyndum sem sýndar voru á RIFF og 13 af 22 á Northen Wave kvikmyndahátíðunum það árið. Skýrslunni var gefið heitið Blómstrandi kvikmyndaiðnaður enda sýna niðurstöðurnar mikinn vöxt í greininni meðal annars fyrir áhrif Kvikmyndaskólans. Innlend bíómyndagerð (árleg framleiðsla) óx um 24% þann áratug sem skólinn hafði starfað með núverandi sniði í 4 deildum. Velgengni skólans má meðal annars rekja til velvilja leiðandi og athafnasamra kvikmyndagerðarmanna sem hafa lagt sitt af mörkum við að ná góðum árangri í skólastarfinu. Rektor skólans er Friðrik Þór Friðriksson.

Árið 2008 var ákveðið að taka þá stefnu að færa skólastarf Kvikmyndaskóla Íslands á háskólastig og var kennsluskrá skólans löguð að því skólastigi. Umsókn um háskóla viðurkenningu er nú í ferli hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Jafnframt var hafinn undirbúningur að stofnun alþjóðlegrar deildar við skólann. Árið 2012 var skólinn tekinn inn sem fullgildur meðlimur inn í Cilect, alþjóðasamtök kvikmyndaskóla.

Mestu máli skiptir að grunnnám í kvikmyndagerð sé í boði hér á Íslandi en með því opnast



Kvikmyndaskóli Íslands, Suðurlandsbraut 18.



Myndir frá náminu.

mikill fjöldi meistaranámsleiða víðs vegar um heim. Það er óhentugt og dýrt fyrir nemendur að þurfa að sækja sér grunnám erlendis. Háskólastigið mun sjálfkrafa stórbæta þjónustu Kvikmyndaskóla Íslands við atvinnugreinina. Löng hefð hefur verið fyrir því að litlar og sérhæfðar listaskólalæningar starfi sjálfstætt undir stórum háskólum beggja vegna Atlansáa. Það er að nokkru fyrirmyndin að samstarfi Kvikmyndaskóla Íslands og Háskóla Íslands sem ætlinin er að gefi út BA gráðuna með Kvikmyndaskólanum. Til þess að slíkt geti orðið verður Kvikmyndaskóli Íslands að koma sér upp sjálfstæðri viðurkenningu sem háskóli og hljóta um leið þann sess að verða einn allra minnsti háskóli heims. Það er nokkuð sem við erum stolt af og munum halda ófeimin á lofti. Kvikmyndaskólinn er verklegur skóli. Allir nemendur þurfa að framleiða og búa til nokkrar myndir í námi sínu, sem eru höfundarverk þeirra. Að auki starfa nemendur við fjölmargar myndir annarra nemenda. Kvikmyndaskóli Íslands er eitt stærsta framleiðsluhús landsins og allt skólalald snýst meira og minna um kvikmyndagerð frá fyrstu mínútu til útskriftar. Nemendur geta valið um fjórar námsleiðir, það er leikstjórn og framleiðsla, skapandi tækni, handrit og leikstjórn og leiklist. Allar deildir hafa aðgang að tækjaleigu Kvikmyndaskólans þar sem finna má víðtækt úrval af ljósum, myndavélum, hljóðupptökubúnaði og ýmsum öðrum tækjum til kvikmyndagerðar. Skólinn er búinn upptökustúdíóum, hljóðupptökuveri, tölvuverum og nemendur hafa aðgang að öllum helsta hugbúnaði sem þeim gagnast. Umgjörð skólans, höfuðborgin og landið sem slíkt, felur í sér marga kosti. Hér er ró og öryggi, stutt á milli, gnægð tókustaða og vinveitt fólk. Þessi umgjörð skapar kjöraðstæður fyrir nemendur til að fá sem mest út úr náminu. Skólinn er staðsettur miðja vega á milli Evrópu og Ameríku. Íslendingar eru opnir fyrir bandarískum menningaráhrifum en lifa og hrærast í evrópskri menningu. Nemendur fá því menntun með djúpar rætur í bæði evrópskri og bandarískri kvikmyndahefð.

Aðsetur

Kvikmyndaskóli Íslands er nú staðsettur að Suðurlandsbraut 18. Í hinu nýja húsnæði er vítt til veggja og hátt til lofts og eru allar aðstæður kjörnar til spennandi listsköpunar og náms í hæsta gæðaflokki. Skólastofur eru sérsníðnar að kennslustarfi með sérstakar tölvustofur til kennslu og úrvinnslu verkefna. Húsakynnin bjóða upp á 32 kennslurými í kennslustofum, stúdíóum og tæknirýmum. Áætlað er að allt að 450 manns geti verið að störfum í húsinu í einu.

Markmið

Markmiðið er einfalt, að vera leiðandi í námi kvikmyndagerðar. Með háskólaviðurkenningu mun skólinn leggja höfuðáherslu á grunnám og að byggt verði upp stöðugt streymi innlendra og erlendra nýstúdentna til skólans með frábærum grunnámsbrautum, öflugri framleiðslu og rannsóknarstarfi.





Starfsfólk MÍT vorið 2020. / Ljós. Juliette Rowland.

Menntaskóli í tónlist



Freyja Gunnlaugsdóttir, skólameistari MÍT.
Ljós. Rut Sigurðardóttir.



Zoe Vala Sands og Kjalar Marteinsonn taka lagið.
Ljós. Juliette Rowland.

Menntaskóli í tónlist er listframhaldsskóli sem tók til starfa árið 2017. Í apríl 2016 samþykkti þáverandi ríkisstjórn tillögu mennta- og menningarmálaráðherra um að stofnaður yrði sérstakur framhaldsskóli í tónlist, sem býði upp á framhaldsskólanám með sérstaka áherslu á hljóðfæraleik og söng og ættu nemendur að geta lokið stúdentsprófi frá skólanum með aðaláherslu á tónlist. Gert var ráð fyrir samningi um kennslu allt að 200 nemenda og að þjóna ætti nemendum af landinu öllu. Í framhaldinu var auglýst eftir aðilum til að stofna og reka framhaldsskóla í tónlist. Niðurstaðan var sú að tilboði Tónlistarskólans í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH var tekið og stóðu þessir tveir rótgrónu tónlistarskólar að stofnun skólans. MÍT varð þannig fyrsti skólinn til þess að hljóta viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi til kennslu í tónlist og á sér sterkan faglegan bakgrunn í skólunum tveimur sem stóðu að stofnun hans. Þetta var mikilvægt skref í að efla tónlistarmenntun á framhaldsskólastigi á Íslandi og með þessari aðgerð varð tónlistarmenntun hluti af almenna skólakerfinu.

Hlutverk

Með námi við Menntaskóla í tónlist er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar. Lögð er áhersla á að veita nemendum trausta grunnmenntun í tónlist, bæði þeim sem hyggjast starfa sem tónlistarmenn eða við önnur störf tengd tónlist og einnig sem undirbúningur undir fjölbreytt háskólanám og störf. Við skólann geta nemendur lokið stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein og stundað áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsskólastigi. Nemendur geta valið á milli þess að sérhæfa sig í klassískri eða rytmískri tónlist í hljóðfæraleik, söng, tónsmíðum eða raftónlist. Nemendur geta mótað námið að eigin áhugasviði og sótt námskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og fá nemendur þjálfun í hljómsveitarleik og fjölbreyttu samspili. Jafnframt er lykilatriði að allir nemendur fái haldgóða kennslu í fræðigreinum tónlistar. Markmið skólans er að skapa umhverfi þar sem nemendur geta notið þess atlætis og þjálfunar sem nauðsynleg er til þess að þeir geti þroskast sem listamenn og þátttakendur í síbreytilegu samfélagi. Námið er því góður undirbúningur undir háskólanám og fjölbreytt störf á sviði tónlistar og skapandi greina. Miðað er að því að undirbúa nemendur að taka þátt í samfélagi þar sem sífelt meiri áhersla er lögð á skapandi hugsun og sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Skólinn leggur allt kapp á að skapa umhverfi þar sem nemendur fá það atlæti sem nauðsynlegt er til þess að þroskast sem listamenn og manneskjur.

Mannauður

Við skólann starfa margir af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar. Sérstaða skólans liggur meðal annars í því að flestir kennarar við skólann eru starfandi listamenn, flytjendur og tónskáld sem taka virkan þátt í tónlistarlífi landsins. Þeir kennarar sem starfa við skólann hafa nær undantekningarlaust sótt sér háskólamenntun í tónlist við erlenda háskóla. Mikil verðmæti felast því í fjölbreyttri reynslu þeirra kennara sem starfa við skólann og við hann er saman kominn ómetanlegur þekkingarauður í tónlist og tónlistarkennslu.



Glæsilegur hópur tónlistarnemenda lauk stúdents- og burtfararprófi frá Menntaskóla í Tónlist vorið 2021, útskriftartónleikar voru hátt í fjörutíu talsins og efnisskrár þeirra spönnuðu alla tónlistarsöguna og ólíkustu tónlistarstíla. Mikið af frumsaminni tónlist var flutt á tónleikunum og greinilegt íslenskt tónlistarlíf þarf ekki að kvíða framtíðinni. Átján nemendur luku framhaldsprófi í Tónlist frá MÍT um vorið, tíu nemendur luku burtfararprófi og níu nemendur luku stúdentsprófi frá skólanum. / Ljós. Juliette Rowland.



Ólína Ákadóttir leikur á pianó og Sigurður Bjarki Gunnarsson flettir. / Ljós. Juliette Rowland.

Skólaárið 2020-2021 störfuðu 81 kennarar við Menntaskóla í Tónlist í um 30 stöðugildum. Þann 1. janúar 2021 tók Freyja Gunnlaugsdóttir við stöðu skólameistarara af Kjartani Óskarssyni sem hafði stýrt skólanum frá stofnun hans árið 2016. Stefanía Ólafsdóttir tók jafnframt við stöðu aðstoðarskólameistarara (klassísk deild) á sama tíma en Sigurður Flosason gegnir á mótí henni stöðu aðstoðarskólameistarara (rytmísk deild). Sólrún Sumarliðadóttir gegnir stöðu áfangastjóra. Ólafur Axelsson tók við stöðu stjórnarformanns skólans í janúar.

Skólaárið 2020-2021

Skólaárið 2020-2021 stunduðu 208 nemendur nám við Menntaskóla í Tónlist. 50 nemendur stunduðu nám á stúdentsbrautum skólans en 158 nemendur á almennum brautum skólann. Að auki stunduðu 20 nemendur fjarnám í bóklegum greinum eða gestanám við skólann. Skólastarfið veturinn 2020-2021 var að mörgu leyti óvenjulegt og litaðist óhjákvæmilega af skugga heimsfaraldurs. Hluti kennslunnar var í fjarkennslu fyrri hluta vetrar og tónleikahald og hljómsveitarstarf var takmarkað vegna samkomutakmarkana. Nemendur og kennarar þurftu endurtekið að bregðast við nýjum aðstæðum og laga sig að breyttum reglum og fyrirmælum um sóttvarnir. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður var ljóst að tónlistarnemendur stunduðu námið af kappi og um veturinn sáu kennarar miklar framfarir og frábæran árangur hjá fjölda nemenda við skólann. Ljóst var að nemendur höfðu leitað á náðir tónlistargöðjunnar til að takast á við þær óvenjulegu aðstæður sem sköpuðust við heimsfaraldurinn og höfðu haft meiri tíma til að iðka listina en í venjulegu árferði.

Tónleikar

Menntaskóli í Tónlist stendur alla jafna að 70-80 tónleikum yfir skólaárið, en tónleikahald er þungamiðja í skólastarfinu sem gefur nemendum mikilvæga reynslu í að koma fram. Samkomutakmarkanir höfðu tölverð áhrif á tónleikahald um veturinn og brugðið var á það ráð að streyma tónleikum. Streymið gerði það að verkum að fleiri gátu hlýtt á tónleikana og mikið áhorf var á tónleika skólans, en allt upp í 1700 manns hafa horft á einstaka tónleika við skólann. Svo nokkrir tónleikar séu nefndir sérstaklega þá voru haldnir glæsilegir kammertónleikar um haustið og jafnframt afmælistónleikar á 250 ára ártíð Beethovens sem heppnuðust einstaklega vel. Þann 18. apríl voru haldnir tónleikar símfóníuhljómsveitar MÍT á Miklagarði í MH þar sem Baldvin Fannar Guðjónsson lék pianókoncert nr. 3 eftir Beethoven. Josef Ognibene stjórnaði hljómsveitinni. Klassíska deildin stóð jafnframt fyrir streymisveislu þar sem úrvalsatriði úr skólastarfinu voru valin á sérstaka hátíðartónleika sem sendir voru beint út á Youtube rás skólans. Haldnar voru tvær söngsýningar í rytmísku deildinni: Tónleikar til heiðurs Tinu Turner og 100 ára afmælistónleikar Jóns Múla Árnasonar sem tókust mjög vel. Efnt var til góðs samstarfs nemenda MÍT í verkefnastjórnun og nemenda í kvikmyndagerð í Borgarholtsskóla sem komu að upptöku og streymi á tónleikunum. Vignir Þór Stefánsson var hljómsveitarstjóri og Guðlaug Ólafsdóttir var söngstjóri. Á vordögum fór fram samspilsmarabon sem var lokapunktur á starfi samspilanna um veturinn. Upptökur af öllum þessum tónleikum má nálgast á Youtube rás skólans.



Dagný Halla Björnsdóttir leikur á kontrabassa og syngur. Ljós. Juliette Rowland.



Tumi Torfason leikur á trompet. Ljós. Juliette Rowland.



Við ML hafa skapast skemmtilegar hefðir í tengslum við skólabyrjun og skólaslit. „Skírinn“ kallast vígsluathöfn nýrra nemenda inn í skólann. Frá því elstu menn muna hafa nýnemar verði skírðir með vatnsaustri úr gömlu skólabyllunni. Við lok gleðigöngu taka nemendur á sprett niður að vatninu til skírnar.



Nýnemar og eldri nemendur taka sporið í gleðigöngu skírnardagsins. / Ljós. Páll M. Skúlason.

Menntaskólinn að Laugarvatni



Í ML er blómlegt félags- og menningarlíf með leiklist og tónlist. Kór skólans á tónleikum í Skálholti.

ML er heilsueflandi framhaldsskóli og heimavistarskóli, ríkur af hefðum og sögu. Hann er staðsettur í fögru umhverfi í Laugardal í Bláskógabyggð. Skólinn rekur markvissa jafnréttis- og umhverfisstefnu og flaggar grænfána í umhverfisverkefninu „Skóli á grænni grein“.

Einkunnarorð og leiðarljós skólans eru manngildi, þekking, atorka

Manngildi: Í ML ríkir jákvæður skólalagur. Þar er borin virðing fyrir einstaklingum og umhverfi. Starfshættir eru lýðræðislegir og samskipti persónuleg. Lagt er upp úr velferð og líðan nemenda enda er skólinn jafnframt heimili flestra sem þar stunda nám. Skólastarfið miðar að því að efla alhliða þroska, siðferðisvitund, samkennd, ábyrgð, víðsýni og umburðarlyndi nemenda.

Þekking: Skólinn býður þriggja ára nám til stúdentsprófs í bekkjakerfi sem líkist áfangakerfi, einkum á lokaári. Námsbrautir eru tvær, náttúruvísindabraut og félags- og hugvísindabraut. Markmið kennslu og náms er að styrkja vísindaleg vinnubrögð, sjálfstæða þekkingarleit og gagnrýna hugsun. Áhersla er lögð á samvinnu, fagmennsku og starfsþróun.

Atorka: Íþróttastarf, heilsuefling og útivist eru veigamikill þáttur í skólastarfinu ásamt lífflegu félags- og menningarlífi sem ýtir undir sköpun og frumkvæði. Kapp er lagt á að nýta umhverfið og nærsamfélagið eins og kostur er, með sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Vettvangsferðir, samstarfsverkefni og skólaheimsóknir stuðla að virkum tengslum við atvinnulífið og aðra skóla.

Merki skólans

Fáni skólans er hvítbláinn, útfararfáni Einars skálds Benediktssonar sem hann vildi að yrði þjóðfáni Íslendinga, og er hann ásamt einkunnarorðunum í merki skólans. Fáninn var færður skólanum að gjöf við stofnun og er hvítbláinn meðal merkustu gripa í hans eigu. Skólasöngur ML er ljóð Einars „Til fánans“.

Upphaf og þróun

Menntaskólinn að Laugarvatni var formlega stofnaður 12. apríl 1953. Áður hafði verið starfrækt framhaldsdeild, svokölluð Skálholtsdeild, við Héraðsskólann á Laugarvatni frá 1947 í samstarfi við Menntaskólann í Reykjavík. Menntaskólinn að Laugarvatni var þriðji menntaskóli landsins og sá fyrsti sem stofnaður var í „sveit“.

Fimm skólameistarar hafa verið við stjórnvöl skólans frá stofnun. Fyrstur var dr. Sveinn Þórðarson (1953-1959), þá Ólafur Briem (1958-1960), Jóhann S. Hannesson (1960-1970), Kristinn Kristmundsson (1970-2002) og núverandi skólameistari, Halldór Páll Halldórsson frá 2001.

Þegar Menntaskólinn að Laugarvatni hóf göngu sína voru þar 52 nemendur en í dag eru þeir um 140. Nemendur koma úr öllum landshlutum en um 80% eru af Suðurlandi.



Margvíslegt nám, myndlistarkennsla í náttúruvísindastofu.



Nýstúdentar ML vorið 2019 ásamt Halldóri Páli Halldórssyni skólameistara.

Starfsfólk

Í dag eru 38 starfsmenn við Menntaskólann að Laugarvatni, þar af eru 22 á kennslu- og stjórnunarsviði. Aðrir starfsmenn starfa við heimavist, þvottahús, mötuneyti, ræstingar og umsjón fasteigna.

Sérstaða

Fagurt umhverfi, einstök aðstaða fyrir íþróttir og útivist, heimavist, stærð og skipulag, allt skapar þetta skólanum sérstöðu. Fyrir utan hefðbundna kennslu hefur skólinn hátt þjónustustig þar sem rekið er þvottahús fyrir nemendur og mötuneyti fyrir allt skólasamfélagið.

Menntaskólinn að Laugarvatni er fremur lítið samfélag sem er hvort tveggja í senn vinnustaður og heimili. Sú tilhögun skapar nánd milli nemenda og aukið utanumhald í skólastarfi. Heimavist hefur verið við skólann frá upphafi. Nös og Kös kallast heimavistarhúsin tvö. Þriðja vistin sem er fyrir elstu nemendurna er í skólabyggingunni og nefnist Fjarvist.

Eldri nemendur Menntaskólans að Laugarvatni mynda Nemendasamband ML (NEMEL). Þeir hafa í tímans rás látið sér annt um skólann sinn í orði og verki.

Framtíðarsýn og markmið

Starfsfólk og stjórnendur eru bjartsýn á framtíðina og þau verkefni sem hún ber í skauti sér. Menntaskólinn að Laugarvatni er og verður heilsueflandi framhaldsskóli með grænfána við hún og markvissa jafnréttisstefnu að leiðarljósi. Áfram verður kappkostað að rækta með nemendum læsi í viðum skilningi, þjálfá þá í samvinnu og miðlun upplýsinga og efla þannig færni þeirra til þátttöku í íslensku samfélagi. Áfram verður hlúð að góðu skólasamfélagi sem styður vel við grunnþætti menntunar: Jafnrétti, sköpun, sjálfbærni, heilbrigði og velferð á forsendum lýðræðishugsunar og mannréttinda. Þessar áherslur eru framtíðarmarkmið í starfi skólans, meitlaðar í kjörorðunum þremur: **Manngildi - þekking - atorka.**



Glaðbeitt sigurlið Dollans, en svo nefnist árleg þrautakeppni fjölbreytileikans, sem endar með íþróttapema í íþróttahúsinu.



Eins og kálfar eða bleikir pardusar að vori. Dimmittendur fyrir utan skólann sinn.



Nemendur í Ljóðhúsi. / Ljós. Sverrir Páll.



Menntaskólinn á Akureyri í vetrarbúningi. / Ljós. Sverrir Páll.

Menntaskólinn á Akureyri



Jón Már Héðinsson, skólameistari.

Menntaskólinn á Akureyri er ein af elstu og helstu menntastofnunum landsins. Hann er ekki einungis gamalgróin stofnun heldur jafnframt nútímalegur skóli í stöðugri þróun. MA var til dæmis í fararbroddi framhaldsskóla að endurnýja námskrá skólans samkvæmt framhaldsskólalögum frá 2008 og starfaði samkvæmt henni frá 2010. Þá voru teknar upp allmiklar breytingar og nýjungar, meðal annars samþætting nokkurra námsgreina, flestir námsáfangar voru endurnýjaðir og teknar upp fjölbreyttar nýjar náms- og kennsluáferðir. Þó er þess gætt að skólastarfið standi meira og minna á gömlum merg í anda kjörorða skólans: Virðing, víðsýni, árangur. Enn urðu breytingar á skólafyrirkomulaginu haustið 2016, en þá voru fyrst teknir inn nemendur samkvæmt ákvörðun yfirvalda um að skipuleggja nám til stúdentsprófs sem þriggja ára nám. Samkvæmt nýjstu námskrá býður skólinn upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs, eða 200 framhaldsskólæiningar, með valmöguleikum nemenda til að taka stúdentspróf á lengri tíma, 3½ eða 4 árum. Meginmarkmið skólans er sem fyrr að búa nemendur vel undir háskólanám í lýðræðisþjóðfélagi og koma öllum nemendum til nokkurs þroska. Þetta hefur skólanum auðnast að gera lengi og stúdentar frá MA hafa, eins og kannanir til margra ára hafa sýnt, náð einstaklega góðum árangri í háskólanámi.

Sagan

Menntaskólinn á Akureyri á rætur að rekja til hins endurreista norðenska skóla á Möðruvöllum í Hörgárdal, sem stofnaður var 1880. Með lögum frá Alþingi árið 1930 var kveðið á um að á Akureyri skyldi vera „skóli með fjórum óskiptum bekkjum, er nefnist Menntaskólinn á Akureyri“. Allar götur síðan hafa stúdentar brautskráðst frá Menntaskólanum á Akureyri. Norðenskur skóli var endurreistur 1880, en þá var settur gagnfræðaskóli á Möðruvöllum í Hörgárdal. Eftir að skólahús á Möðruvöllum brann árið 1902 var skólinn fluttur til Akureyrar. Gamli skóli, hið mikla og fagra timburhús á Brekkubrúninni, var reistur sumarið 1904, íþróttahúsið ári síðar og hús Heimavistar á árunum 1946-1956. Haustið 1969 var tekið í notkun kennsluhús fyrir raungreinar með samkomusal í kjallara, Möðruvellir. Haustið 1996 var síðan tekið í notkun nýtt kennsluhúsnæði, Hólar, með 9 stórum kennslustofum, vel búnu bókasafni og samkomusal, sem gengur undir nafninu Kvosin og rúmar um 600 manns. Sumarið 2003 var svo tekið í notkun á skólalóðinni nýtt heimavistarhús. Þá var stofnað rekstrarfélag um heimavist fyrir nemendur úr báðum framhaldsskólunum á Akureyri, Menntaskólanum og Verkmenntaskólanum, sem hýsir um það bil 300 nemendur í eins og tveggja manna herbergjum.

Námið

Á Hólum, er Kvosin, þar sem allir nemendur og flestir kennarar eiga leið um og meginhluti félagsstarfsins fer fram, en þar er einnig bókasafn skólans og lesaðstaða fyrir 80 nemendur. Nemendur hafa auk þess lesaðstöðu í kennslustofum skólans utan kennslutíma, fram á



Stúdentar frá Menntaskólanum á Akureyri.
Ljós. Sverrir Páll.

kvöld virka daga og á laugardögum. Langflestir nemendur hafa með sér fartölvur og það gera kennarar líka. Í skólanum er mikil verkefnavinna, bæði einstaklings- og hópverkefni, og tölvutækni, hljóðtækni og myndtækni meira og minna notað við efnisöflun og skil. Nútímalegt námsumhverfið er mikið notað og skólinn hefur samning við Microsoft Office um full afnot af hugbúnaði þess.

Í skólanum er bekkjakennsla, en hugtakið bekkur tekur breytingum eins og tíminn. Námi og kennsla er með fjölbreytilegu móti, verkefnaíðað, hópvinna auk einstaklingsverkefna, stórra og smárra. Áhersla er á munnleg jafnt sem skrifleg skil á verkefnum, leitarnám og leiðsagnarnám og námsferðir, svo eitthvað sé nefnt.

Nöfn á brautum, deildum eða sviðum hafa breyst í tímans rás, en með námskrá frá 2016 eru í skólanum mála- og menningarbraut, félagsgreinabraut, náttúrufræðibraut (sem skiptist á öðru ári í þrjár brautir) og kjörnámsbraut í sviðslistum. Auk þess stunda nemendur nám á kjörnámsbraut (tónlist) í samvinnu við Tónlistarskólann.

Sívaaxandi tölvueign nemenda og tölvunotkun hefur á undanförunum árum breytt námi þeirra mikið, en skólinn leitast við að fá nemendur til að temja sér góðar og gagnlegar aðferðir við að nota tölvur og síma á jákvæðan hátt í námi.

Kappkostað er að nemendum geti liðið vel í Menntaskólanum á Akureyri og hann hefur lengi verið í fararbroddi skóla um nemendavernd.

Skólaárið hefur verið fært til og nú er skóli settur seinni hluta í ágúst og reglulegu námsmati lýkur í desember. Vorönn hefst um miðjan janúar og lýkur viku af júní. Brautskráning verður sem fyrr 17. júní. Skóla er þá slitið við veglega athöfn í Íþróttahöllinni á Akureyri. Þá um kvöldið er haldin í höllinni hátíðarsamkoma nýstúdenta, vina þeirra og vandamanna, með kvöldverði, skemmtun og dansi. Félagsslífi í Menntaskólanum á Akureyri hefur áratugum saman verið talið afar fjölskrúðugt, enda hafa skólayfirvöld gætt þess vel að sameina í skólalífnu hefðbundið nám og fjölbreytt, heilbriggt tómstundastarf. Innan skólans er eitt nemendafélag, Huginn, skólafélag Menntaskólans á Akureyri.

Mannauður

Skólinn býr að traustum og stöðugum hópi kennara skólans en þeir eru á bilinu fimmtíu til sextíu alls. Auk þeirra hefur skólinn á að skípa um það bil tveimur tugum afar góðra starfsmanna, sem eins og kennararnir hafa iðulega mjög langa viðdöl.

Framtíðarsýn

Þessi gamli skóli, sem getur á góðum degi rakið sögu sína þúsund ár aftur í tímann, stefnir ótrauður inn í framtíðina með öllu því góða sem hún hefur í boði.



Afmælishátíð Menntaskólans á Akureyri. / Ljós. Sverrir Páll.



Nemendur í Kvosinni. / Ljós. Sverrir Páll.



Nemendur á bókasafni skólans. / Ljós. Sverrir Páll.



Húsnæði ME.

Menntaskólinn á Egilsstöðum



Stjórnendur Menntaskólans á Egilsstöðum. Frá vinstri: Jóney Jónsdóttir fjarnámsstjóri, Árni Ólason skólameistari og Bergþóra Hlín Arnórsdóttir áfangastjóri.

Þróun kennsluhátta: Annir, spannir og verkefnatímar

Menntaskólinn á Egilsstöðum er einn af fáum framhaldsskólum landsins sem byggir nám sitt upp á spönnum en ekki á önnum eins og áður var (1979–2011). Í grein á heimasíðu skólans er fjallað um þá kennsluhætti sem hafa verið við skólann frá upphafi. Þar segir: Skólinn hefur frá fyrstu tíð starfað eftir áfangakerfi sem er sveigjanlegt og gefur nemendum kost á misjöfnum námshraða.

Á vorönn 1983 var brugðið út af hefðbundnum kennsluháttum við skólann og komið á fót svonefndu opnu kerfi sem síðar var kallað stoðkerfi. Nemendum var í sjálfsvald sett hvaða stoðtíma þeir mættu í og hvaða verkefnum þeir sinntu. Kennarar voru til staðar í tilteknum stofum, tilbúnir að veita aðstoð sína. Þannig fól stoðkerfið í sér aukna ábyrgð nemenda á eigin námi. Kerfið var við lýði í skólanum í rúma tvo áratugi en tók nokkrum breytingum í gegnum árin.

Haustið 2011 hóf skólinn að starfa eftir nýrri námskrá og samhliða því var ákveðið að breyta kennsluháttum umtalsvert. Í stað tveggja anna var skólaárinu skipt í fjórar spannir þar sem nemendur einbeita sér að færri námsgreinum í einu og ljúka áföngum á skemmri tíma. Einnig voru teknir upp verkefnatímar í anda stoðkerfisins, þó með mætingaskyldu. Þar vinna nemendur undir verkstjórn kennara en velja sjálfir hvaða námsgrein þeir sinna.

Spannir

Tvær átta vikna spannir eru á hvorri önn, sjö kennsluvikur og ein prófavika. Meðalnám á hverri spönn er fimmtán einingar og lýkur nemandi því um 60 einingum á skólaárinu. Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir til þess að mæta margbreytilegum hópi nemenda og því allt eins líklegt að sérstakir prófadagar líði undir lok þegar fram í sækir. Með því að skipta önninni í tvær spannir er nemendum gefinn kostur á að einbeita sér að færri námsgreinum í einu. Þeir geta því kafað dýpra í námsefnið og sinnt hverju verkefni betur.

Verkefnatímar

Kennslustundum er skipt í bundna tíma og verkefnatíma. Í bundnum tímum er nemandinn í kennslustund hjá kennaranum í faginu og í verkefnatímum vinna nemendur, einir eða í hópum, að verkefnum í þeim námsgreinum sem þeir stunda þá spönnina og hafa kennara sér til aðstoðar. Oft er hægt að ljúka heimavinnu í verkefnatímum og getur því nemandinn sinnt öðru eftir að skóladegi lýkur. Kennsluhættir taka mið af aukinni verkefnavinnu og stuðla verkefnatímar að aukinni virkni og ábyrgð nemandans. eru flestir sammála um að kerfið henti nemendum mjög vel



Séð yfir ME og sundlaugina.



Tæknismiðja ME.

Um tæknismiðju Menntaskólans á Egilsstöðum

Á síðustu spönn skólaársins 2018–2019 hófust framkvæmdir við nýja tækni- og verkaðstöðu í Menntaskólanum á Egilsstöðum sem hefur í daglegu tali verið nefnd tæknismiðja. Húsnæðið sem um ræðir samanstendur af þrem litlum kennslustofum á neðri hæð heimavistarhúss og hafa verið í lítilli notkun undanfarin ár. Opnað var á milli rýma, þannig að hægt væri að skilja að eða opna með einföldum hætti á milli kennslustofa sem buðu upp á mismunandi eiginleika. Heildarstærð þessa húsnæðis er um 75 fermetrar og síðan er 80 fermetra stofa við hliðina, sem er með máluðum green screen vegg til að auka möguleika við myndvinnslu ýmiskonar. Þarna er ennfremur möguleiki til talsverðrar stækkunar, gangi verkefnið vel. Undanfarin ár hafa verið kenndir áfangar við skólann undir nafninu smiðja og þar hafa nemendur fengið ýmis tækifæri til að þroska sjálfstæð vinnubrögð í gegnum verkefnavinnu, með verklegri hætti en áður hefur tíðkast. Bæði í ljósi þessarar reynslu og áskorana, sem ungt fólk og samfélag á 21. öld standur frammi fyrir, var ákveðið að bæta verulega í þessa aðstöðu sem og koma fyrir fullkomnum hugbúnaði og vélum til stafrænnar framleiðslu. Þá er við skólann listnámsbraut til stúdentsprófs og þessi viðbót nýtist vel við undirbúning ýmiss konar framhaldsnáms í hönnun og listum. Þá gagnast þessi tækjakostur og nám ekki síður gagnast þeim nemendum sem stefna á tækni- og verkfræðinám. Það má því segja að þetta sé tímabær viðbót í breyttum heimi og þar sem æ þyngri áhersla er lögð á sköpun, lausnaleit og fjölbreytt, sjálfstæð vinnubrögð.

Þessi þrjú rými samanstanda af hinni eiginlegu „stafrænu smiðju“ sem inniheldur átta tölvur og áður nefnd tæki, miðrymi með nokkuð hlutlausri aðstöðu til frekari vinnu við ýmis verkefni úr hinum smiðjunum og svo grófsmiðju sem er nokkurs konar lítil smiðastofa, með borvélum, sögum, slípivélum og þess háttar tækjum auk flestra algengra handverkfæra sem ættu í flestum tilfellum þó að duga til frekari útfærslu og samsetningar á afurðum þeirra véla sem tæknismiðjan býður upp á. Einnig nýtist þessi búnaður til undirbúnings ýmiss konar efnis til notkunar í þeim vélum og má þar nefna staðbundið hráefni af svæðinu eins og til dæmis ýmiss konar viðartegundir, hreindýrshorn og fleira. Vélbúnaðurinn samanstendur af laserskera, vinylskera, hitapressu og þrívíddarprentara og hugbúnaðurinn er Adobe creative cloud. Hann býður einnig upp á fleiri möguleika eins og kvikmyndagerð, hljóðvinnslu og margt, margt fleira, sem vonandi verður hægt að nýta betur en nú er gert er fram líða stundir.





Starfsfólk Menntaskólans á Ísafirði vorið 2020. Myndin var tekin í miðju COVID-19 ástandi.

Aftasta röð frá vinstri: Hermann Þorsteinsson, Kristján Sigurðsson, Einar Hreinsson, Þröstur Jóhannesson, Helga Guðrún Gunnarsdóttir.

Næstaftasta röð frá vinstri: Magnús Einar Magnússon, Alexíus Jónasson, Andri Pétur Þrastarson, Jónas Þór Birgisson.

Þriðja röð ofanfrá, frá vinstri: Jóhannes Kristjánsson, Ragnheiður Fossdal, Ragnar Kristjánsson, Jón Guðni Guðmundsson.

Fjórtða röð ofanfrá, frá vinstri: Auður Björnsdóttir, Stella Hjaltadóttir, Sólrún Geirsdóttir, Emil Ingi Emilsson, Steiney Ninna Halldórsdóttir, Dóróteha Margrét Einarsdóttir, Þuríður Signý Friðriksdóttir.

Fimmta röð ofanfrá, frá vinstri: Elin Sveinsdóttir, Heiðrún Tryggvadóttir, Friðgerður Guðný Ómarsdóttir, Elin Ólafsdóttir, Fjölínir Ásbjörnsson, Björg Sveinbjörnsdóttir.

Önnur röð frá vinstri: Nadja Sophia Teresa Widell, Júlía Bjarney Björnsdóttir, Guðjón Torfi Sigurðsson.

Fremsta röð frá vinstri: Anna Jóna Kristjánsdóttir, Jón Reynir Sigurvinsson og Andrea Harðardóttir. Ljós. Gústi.

Útskriftarhópur vorsins 2020. / Ljós. Gústi.

Menntaskólinn á Ísafirði

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður árið 1970 sem bóknámskóli með hefðbundnu bekkjakerfi. Stofnun skólans má þakka ötulli baráttu heimamanna fyrir stofnun framhaldsskóla. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, Iðnskóli Ísafjarðar og húsmæðraskólinn Ósk sameinuðust í einn skóla sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 þegar samþykkt var að færa nafn hans til fyrra hofs. Frekar má lesa um upphaf og þróun Menntaskólans á Ísafirði í Sögu Menntaskólans á Ísafirði sem gefin var út í tilefni af 40 ára afmæli skólans árið 2010. Menntaskólinn á Ísafirði starfar eftir áfangakerfi. Boðið er upp á nám á bóknáms- og verknámsbrautum sem og nám á starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Nemendur skólans eru tæplega 500 og stunda nám í dagskóla, dreif- og fjarnámi. Hlutverk skólans er að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins og því er lögð áhersla á samstarf við stofnanir og fyrirtæki á heimaslóðum skólans. Í skólanum er lögð áhersla á persónuleg samskipti við nemendur. Húsakynni skólans eru björt og rúmgóð og öll á einni lóð. Vel búin heimavist er við skólann þar sem nemendur búa í einstaklingsherbergjum. Öflugt starf er unnið innan skólans. Frá hausti 2016 hefur verið unnið að innleiðingu gæðastjórnunar og hefur skólinn nú hlotið vottun samkvæmt ISO 9001 á gæðakerfi skólans. Á vorönn 2018 hófst undirbúningur fyrir innleiðingu jafnlaunastaðals og hlaut skólinn vottun á jafnlaunakerfi sínu haustið 2019.

Fjölbreytt námsframboð

Menntaskólinn á Ísafirði er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og það er skólanum kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám. Innan skólans er því lögð áhersla á fjölbreytt námsframboð, bæði í bók- og verknámi. Á síðustu árum hefur námsfyrirkomulagið breyst mikið frá því að vera eingöngu kennsla á staðnum yfir í dreif- og fjarnám. Í dreifnámi mæta nemendur í staðlotur en stunda fjarnám þess á milli en nám í fjarnámi fer alfarið fram á netinu. Kennarar við skólann hafa í auknum mæli tileinkað sér ýmsa tækni til að sinna breyttu námsfyrirkomulagi og kom það sér vel þegar skólanum var lokað um miðjan mars 2020 vegna COVID-19 og allt bóknám færðist í fjarnám. Í rúman áratug hefur skólinn síðan lagt áherslu á að breyta kennsluháttum og námsmati með þeim hætti að nám nemenda skili sem bestum árangri.

Nokkru fleiri stunda bóknám en verknám við skólann. Árið 2020 var skiptingin milli bóknáms annars vegar og verknáms hins vegar þannig að 61,3% nemenda voru í bóknámi og 38,7% í verknámi.



Sjúkraliðanám kynnt á opnu húsi.

Framhald á næstu opnu →

Eftirfarandi námsbrautir eru kenndar við skólann

Bóknám

- Félagsvísindabraut
- Náttúruvísindabraut
- Opin stúdentsbraut
- Opin stúdentsbraut – fjarnám
- Stúdentspróf af fagbraut
- Afreksípróttasvið
- Starfsbraut

Starfs- og verknám

- Grunnnám háriðngreina
- Grunnnám málm- og véltæknigreina
- Grunnnám rafiðna
- Húsasmíði
- Lista- og nýsköpunarbraut
- Sjúkraliðabraut
- Sjúkraliðabrá
- Skipstjórnarnám A og B
- Stálsmíði
- Vélstjórn A og B

Fjölbreyttur nemendahópur

Skólinn þjónar breiðum og fjölmennarlegum nemendahópi á þann hátt að sem flestir fá menntun við hæfi. Upptökusvæði dagskólanemenda skólans eru norðanverðir Vestfirðir en dreif- og fjarnámsnemar koma af öllu landinu. Kynning á skólanum fer fram með ýmsum hætti, s.s. á heimasíðu hans www.misa.is, samfélagsmiðlum, með kynningum fyrir grunnskólanemendur og heimsóknum.

Í MÍ er þrenns konar námsfyrirkomulag. Í fyrsta lagi dagskólanám. Í öðru lagi dreifnám sem er verknám skipulagt sem nám með vinnu. Undanfarin ár hefur slík kennsla verið í boði í húsasmíða-, sjúkraliða- og skipstjórnargreinum og á haustönn 2020 bættist grunnnám rafiðna í þann hóp. Í þriðja lagi fjarnám þar sem nemendur stunda fjarnám í bóklegum áföngum. Dreif- og fjarnám hefur verið einn aðalvaxtabroddur skólans undanfarin ár.

Samstarf við aðra framhaldsskóla

Menntaskólinn á Ísafirði á í góðu samstarfi við aðra framhaldsskóla á landinu. Sem verknámsskóli er skólinn í góðu samstarfi við aðra slíka skóla um allt land. Skólinn á einnig samstarf við 11 aðra framhaldsskóla á landsbyggðinni um fjarnám og gengur samstarfið undir nafninu Fjarmenntaskólinn. Innan Fjarmenntaskólans er sérstakt samstarf milli Menntaskólans, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Verkmenntaskóla Austurlands um sjúkraliðanám.

FabLab - stafræn smiðja

Menntaskólinn á Ísafirði er aðili að FabVest sem er hollvinafélag um stofnun og rekstur FabLab, stafrænnar smiðju, á Ísafirði. Aðilar að félaginu eru auk skólans Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurreppur og Fræðslumiðstöð Vestfjarða. FabLab er ætlað að efla þá nýsköpunarhugsun og frumkvöðlastuðning sem smiðjur af þessu tagi veita nemendum á



Unnið við bilanaleit í vélstjórnarnámi.



Útskriftarefni ársins 2020 að dimmitera.



Nýnemaferð að Núpi í Dýrafirði.



Frá skólamálaþingi sem haldin eru reglulega í skólanum

öllum skólastigum, fyrirtækjum og almenningi. Smiðjan er staðsett í húsnæði Menntaskólans og ber skólinn ábyrgð á starfseminni og hefur umsjón með daglegum rekstri smiðjunnar.

50 ára afmæli

Árið 2020 fagnaði Menntaskólinn á Ísafirði 50 ára afmæli sínu. Í tilefni afmælisins voru fyrirhuguð mikil hátíðarhöld en í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna Covid-19 urðu þau smærri í sniðum. Ákveðið var að gera afmælismyndband og var myndbandið frumsýnt föstudaginn 2. október, sem var vel við hæfi því þann dag árið 1970 mættu fyrstu nemendur skólans til að taka á móti stundatöflum.

Skóli sem hefur starfað í hálföld er í stöðugri þróun og það er engan veginn hægt að gera hálftrar aldar sögu skóla skil í stuttu myndbandi. Myndbandinu var því ekki ætlað að gera það heldur að gefa góða innsýn í þann skólabrag sem einkennir Menntaskólann á Ísafirði. Þegar skólinn fagnaði 50 ára afmæli höfðu aldrei fleiri nemendur verið skráðir í nám við skólann en á afmælisárinu. Mikill eldmóður, hæfni og góður skólabragur er einkennandi innan skólans. Horfa má á afmælismyndbandið á Youtube rás skólans.

Mannauður

Árið 2020 var starfsfólk Menntaskólans á Ísafirði 47,22 konur og 25 karlar. Af þessum 47 sinntu 36 kennslu. Yfirstjórn skólans er þannig skipuð: Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari (frá 2007), Hildur Halldórsdóttir aðstoðarskólameistari (frá 2007), Heiðrún Tryggvadóttir áfangastjóri (frá 2015) og Friðgerður Guðný Ómarsdóttir fjármálastjóri (frá 2014).

Hefðir í skólastarfinu

Ýmsar hefðir hafa skapast í skólastarfi Menntaskólans á Ísafirði. Sumar hafa verið lengi við lýði meðan aðrar eru nýrri af nálinni. Í byrjun haustanna eru nýnemar boðnir velkomnir í skólann með nýnemaferð sem farin hefur verið að Núpi í Dýrafirði. Stuttu síðar, eða í september, er haldin róðrarkeppni þar sem etja kappi nemendur, kennarar og stundum fleiri gestir.

Á haustdögum eru haldnir Vísindadagar þar sem nemendur sýna og kynna ýmis verkefni úr námi sínu. Fullveldisfagnaður, svokölluð 1. des. hátíð, er haldin í kringum fullveldisdaginn. Þá koma nemendur og starfsfólk saman til hátíðarkvöldverðar með skemmtidagskrá og dansleikjahaldi. Síðasta fimmtudag janúarmánaðar er boðið upp á sólarkaffi og rjómapönnukökur á sal en sólin skín í fyrsta sinn á ný á glugga skólans 25. janúar, eftir meira en tveggja mánaða fjarveru handan fjalla. Í febrúar ár hvert er haldin árhátíð skólans. Þá mæta nemendur og kennarar þrúbúnir til hátíðarkvöldverðar með skipulagðri dagskrá og svo er dansleikur á eftir. Í mars er haldin sérstök lista- og menningarvika í umsjá nemenda skólans, nefnd Sólrishátíð og hefur hún verið fastur liður í menningarlífi bæjarins árlega síðan 1975. Hluti af Sólrisuviðunni eru Gróskudagar þar sem nemendur sækja ýmiss konar smiðjur og kynnast ýmsu sem jafnan er ekki hluti af námi þeirra í skólanum.



Lið skólans í Gettu betur sem komst í annað skipti í sjónvarpshluta keppinnar vorið 2020.



Við setningu Sólríshátíðar.

Í tengslum við útskrift að vori hafa útskriftarefni boðið starfsfólki skólans til kaffisamsættis daginn fyrir dimmision. Á útskriftardaginn er síðan haldinn útskriftarfagnaður þar sem útskriftarefni, fjölskyldur þeirra og starfsfólk fagna saman með borðhaldi og dansleik fram á nótt.

Öflugt félagslíf

Í skólanum er gróskumikið félagslíf. Kjörin stjórn nemendafélagsins hefur yfirumsjón með félagslífinu og frumkvæði að nýjungum. Í stjórninni sitja 8 fulltrúar nemenda.

Hápunktur félagslífsins er gjarnan Sólríshátíðin í byrjun mars ár hvert. Sérstök Sólrísunefnd sér um að skipuleggja viðburðina og leggur metnað sinn í að skipuleggja vikuna vel. Á meðan á hátíðinni stendur er m.a. rekið útvarp, MÍ-flugan. Á Sólrísu eru ýmsar uppákomur alla vikuna en hæst ber uppfærsla leikhóps MÍ sem frumsýnir leikrit í fullri lengd á Sólrísu og hefur það verið árviss viðburður frá árinu 1993. Leiksýningarnar vekja jafnan mikla athygli í nærsamfélaginu. Dæmi um leiksýningar undanfarinna ára eru m.a. söngleikirnir Konungur ljónanna, Ávaxtakarfan, Mamma mia og Hárið.

Innan skólans er starfandi ritnefnd en til margra ára hefur verið gefið út skólablað í tengslum við Sólrísu. Sömuleiðis er vídeóráð starfandi sem hefur skapað ýmiss konar efni á myndrænu formi. Á vegum nemendafélagsins er margs konar önnur starfsemi og stjórn félagsins stendur fyrir reglulegum viðburðum af ýmsum toga yfir skólaárið. Nemendur taka auk þess þátt í ýmsum keppnum á vettvangi framhaldsskólanna svo sem Morfís, Gettu betur og Söngkeppninni.

Möguleikar til framtíðar

Undanfarin ár hefur bæði námsbrautum og nemendum fjölgað við skólann og má gera ráð fyrir áframhaldandi vexti. Slíkur vöxtur getur ekki átt sér stað nema til komi annars vegar öflugur hópur starfsfólks sem sameinast um að halda uppi góðu skólastarfi og hins vegar nemendur sem velja að sækja sér nám við skólann.

Tækni framfarir hafa leitt til þess að nám er nú ekki bundið við skólastofu eina og sér. Þann möguleika hefur skólinn nýtt sér sem sjá má í vaxandi aðsókn og möguleikum í dreif- og fjarnámi. Bættar samgöngur innan Vestfjarða skapa líka vaxtarmöguleika fyrir skólann sem áhugavert verður að fylgjast með á næstu árum.

Menntaskólinn á Ísafirði er mikilvægur hlekkur í mannlífi Vestfirðinga og til að svo megi áfram verða þarf skólinn að vaxa og dafna með samfélaginu. Ljóst er að nýjar áskoranir í tæknimálum og atvinnuháttum kalla á nýja nálgun í menntamálum. Því kalli mun skólinn svara.



Auglýsing fyrir leiksýningu skólans á Sólrísu, Mamma mia, vorið 2020.



Sápuboltamót með Grunnskóla Fjallabyggðar.
Ljós. Gísli Kristinsson.

Menntaskólinn á Tröllaskaga



Lára Stefánsdóttir, skólameistari. / Ljós. Gísli Kristinsson.

Einkunnarorð Menntaskólans á Tröllaskaga eru frumkvæði, sköpun og áráði. Frumkvæði vísar til frumkvæðis í kennslu og að nemendur tileinki sér frumkvæði. Sköpun vísar til skapandi hugsunar, að hugsa í lausnum og fara ótroðnar slóðir. Áráði vísar til þess að skólinn – nemendur og starfsfólk – hafi þor til þess að fara óhefðbundnar leiðir í skólastarfi. Menntaskólinn á Tröllaskaga er í Ólafsfirði. Skólinn var settur á stofn árið 2010 og hefur frá byrjun markað sér sérstöðu í kennsluháttum, viðfangsefnum og skipulagi sem hefur virkni og sjálfstæði nemenda að leiðarljósi.

Námið

Menntaskólinn á Tröllaskaga leggur áherslu á sköpun – menningu og listir – og taka allir nemendur skólans áfanga á listum. Í samræmi við einkunnarorð skólans er áhersla á nýsköpun og var skólinn fyrstur framhaldsskóla til þess að taka upp skylduáfanga í nýsköpunar- og frumkvöðlameennt sem hefur verið kallaður Tröllaskagaáfanginn. Í áfanganum kynnast nemendur atvinnulífinu frá ýmsum hliðum og fá fjölda fyrirlæsara, m.a. stjórnendur fyrirtækja og stofnana, í heimsókn. Menntaskólinn á Tröllaskaga er þriggja ára framhaldsskóli til 200 eininga stúdentsprófs og hafa allar námsbrautir sama fjölda eininga kjarnagreina til stúdentsprófs. Boðið er upp á nám á sviði félags- og hugvísinda og náttúruvísinda en einnig í listljósmyndun, skapandi tónlist, íþróttum og útivist. Á opinni kjörnámsbraut gefst nemendum kostur á að setja saman nám sitt út frá sérhæfingu og áhugasviði. Starfsbraut er við skólann. Gerð er krafa um að allir nemendur Menntaskólans á Tröllaskaga séu með eigin fartölvur sem undirstrikar mikilvægi upplýsingatækni í skólastarfinu og sjálfstæði nemenda. Námið er skipulagt í vikulöngum lotum og verkefni og símat kemur í stað prófadaga.

Fjöldi nemenda

Nemendum hefur fjölgað stöðugt frá fyrstu önninni haustið 2010. Þá voru 73 nemendur skráðir við skólann en á vorönn 2021 eru þeir yfir fimm hundruð. Grunnildir skólastarfsins hafa í öllum meginatriðum verið þau sömu frá byrjun en stóra breytingin hefur verið sú að fjarnemum hefur fjölgað verulega en nemendum í dagskóla hlutfallslega fækkað. Á vorönn 2020 voru átta af hverjum tíu nemendum Menntaskólans á Tröllaskaga fjarnemar, með búsetu um allt land og í útlöndum.

Rekstur skólans

Í tíu ára sögu Menntaskólans á Tröllaskaga hefur rekstur hans gengið vel og starfsmannavelta verið lítil. Árin 2015, 2016, 2017 og 2019 var hann efstur í útnefningu stofnunar ársins í flokki meðalstórra ríkisstofnana, þar sem starfsmenn eru 20-49, og í öðru sæti árin 2014 og 2018. Val á stofnun ársins byggir á mati starfsmanna og er m.a. horft til starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjara, sjálfstæðis í starfi, vinnuskilyrða, sveigjanleika vinnu og ímynd stofnunarinnar.



Borið á gönguskiði í fyrir nemendaferð. / Ljós. Gísli Kristinsson.



Nemendur í sjósundsnámi í útivistaráfanga. / Ljósm. Gísli Kristinsson.

Skólinn

Skólinn hefur tekið virkan þátt í erlendum samstarfsverkefnum, bæði nemendur og kennarar, og víkkað þannig út sjóndeildarhringinn. Menntaskólinn á Tröllaskaga er mikilvæg stofnun fyrir Fjallabyggð. Auk atvinnusköpunar er það samfélaginu dýrmætt að nemendur á framhaldsskólaaldri geti sótt menntun sína í heimabyggð. mtr.is



Listýning í lok annar. / Ljósm. Gísli Kristinsson.



Menntaskólinn á Tröllaskaga. / Ljósm. Gísli Kristinsson.



Kornaxkeppni í bakstri.

Menntaskólinn í Kópavogi



Útskrift nemenda í matvælanámi og stúdentsnámi 2016.



Aðalinnangangur Menntaskólans í Kópavogi.

Menntaskólinn í Kópavogi var settur í fyrsta sinn 22. september 1973 af Ingólfi A. Þorkelssyni, skólameistara. Í fyrstu fór starfsemi skólans fram í viðbyggingu við Kópavogsskóla og voru nemendur alls 125 í sex bekkjadeildum en kennt var eftir bekkjakerfi. Árið 1982 var kennslukerfinu breytt og tekið upp svokallað kjarnakerfi sem var millileið milli bekkjakerfis og áfangakerfis og MK varð því menntaskóli með fjölbrautasníði. Menntaskólinn í Kópavogi var til húsa í Kópavogsskóla fyrstu tíu árin en árið 1983 var starfsemi hans flutt í Víghólaskóla. Á vordögum 1991 hófust byggingaframkvæmdir við skólann og var fyrsti hluti tekinn í notkun haustið 1993 og þremur árum síðar, 1996, var risið glæsilegt verknámshús fyrir hótél- og matvælagreinar. Árið 2002 var ráðist í að byggja nýja álmu við norðurenda skólans. Var þar m.a. sett upp sérútbúin kennsluástaða fyrir sérdeild skólans. Á 30 ára afmæli skólans 2003 var nýja norðurálmán tekin í notkun. Haustið 1995 var kennslukerfinu breytt í núverandi horf eða hreint áfangakerfi og ári seinna hófst kennsla í verknámsdeildum skólans. Árið 2000 setti skólinn sér stefnu um fartölvuvæðingu og að upplýsingatækni væri notuð í allri kennslu. Á 40 ára afmæli sínu opnaði skólinn upplýsingatækniver þar sem sameinað var hið klassíska bókasafn við tölvu-, hugbúnaðar- og upplýsingaþjónustu. Skólinn hefur alltaf lagt áherslu á að vera í fararbroddi framhaldsskóla við not á nýrri tækni við nám. Þá hefur Menntaskólinn í Kópavogi lagt metnað sinn í að auka vitund nemenda sinna um jafnréttis- og umhverfismál og í þeim tilgangi helgað eina viku á hverju skólaári jafnréttismálum og aðra umhverfismálum þar sem hefðbundið skólastarf er brotið upp og þessum mikilvægu málaflokkum gefið sérstakt vægi. Stjórnendur stefna að því að í Menntaskólanum í Kópavogi verði áfram boðið, jöfnum höndum, upp á metnaðarfullt bóknám og verknám og bæta enn við sérhæfingu skólans á þeim sviðum. Einnig að auka námsframboð í takt við þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma.

Námið

Nám í Leiðsöguskólanum er víðfemt og fjölbreytt. Fjallað er um jarðfræði Íslands, sögu og menningu, gróður, dýralíf, atvinnuvegi og íslenskt samfélag, bókmenntir og listir. Nemendur eru fræddir um helstu ferðamannastaði á Íslandi, ferðamannaleiðir, náttúruvernd, umhverfismál og leiðsögutækni.

Meistaránám matvælagreina er framhaldsnám nemenda að loknu sveinsprófi úr matvælagrein. Áhersla er lögð á stjórnun og rekstur í matvælafrirtækjum og því hvernig hugað er að nemendum sem sækja í iðngreinar á matvælasviði frá námssamningi til útskriftar.

Stefna Menntaskólans í Kópavogi er að veita nemendum möguleika til menntunar og þroska á þeirra forsendum í framsæknum skóla. Skólinn kappkostar að bjóða hagnýtt og fjölbreytt nám með hag nemenda að leiðarljósi sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu eða frekara nám. Skipulag yfirstjórnar skólans er skilgreint í skipuriti skólans og skólasamningi menntamálaráðuneytis og Menntaskólans í Kópavogi.



Keppnisið MK í Gettu betur á vorönn 2021.



Undirbúningur fyrir gestæfingu nemenda á þriðju önn í matreiðslu og framreiðslu.

Aftekssvið Menntaskólans í Kópavogi býður upp á kröfuhart nám með sveigjanleika fyrir metnaðarfullt íþróttafólk. Aftekssviðið var stofnað þann 11. apríl 2019 af Menntaskólanum í Kópavogi, Breiðablik, Gerplu og Handknattleiksfélagi Kópavogs og er unnið í nánu samstarfi við þessi félag ásamt Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar. Aftekssviðið er opið íþróttafólki úr öllum íþróttafélögum og er sniðið að því sem er talið henta hverjum einstaklingi.

Hlutverk skólans

Hlutverk Menntaskólans í Kópavogi endurspeglast í kjörorðum hans; **þekking, þroski, þróun og þátttaka** og þar fer fram kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, kennsla á iðn- og verknámsbrautum, einkum í matvælagreinum allt með áfanga- og fjölbrautasniði. Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í skólastarfinu eru nemendur búnir undir störf og frekara nám og auka með þeim ábyrgðarkennd og vísðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi, þjálfá þá í öguðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar.

Allt starf skólans endurspeglar hina sex grunnþætti náms;

Læsi

Sjálfbærni

Heilbrigði og velferð

Lýðræði og mannréttindi

Jafnrétti

Sköpun

Í skólanámskrá mótar skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar. Menntaskólinn í Kópavogi er menntaskóli í víðasta skilningi, skóli bóklegra og verklegra mennta.

Leiðarljós Menntaskólans í Kópavogi eru:

Leiðbeina nemendum af festu án þess að teyma þá.

Gefa nemendum sýn til allra átta.

Kenna nemendum að hugsa fremur en innræta þeim hvað þeir eigi að hugsa.

Vera nemendum til fyrirmyndar um fornar dyggðir, iðjusemi, árvekni og stundvísi.

Leggja áherslu á hvort tveggja þekkingu og þróun.

Hvetja nemendur til virkrar þátttöku í nær- og fjærsamfélagi.

Koma hverjum og einum til nokkurs þroska.



Nemendur í dansatriði fyrir Gettu betur, vorönn 2021.



Nemendur í kjötiðnaðarnámi með uppsett söluborð.



Eldsteiking í móttöku nemenda á þriðju önn.



Menntaskólinn í Reykjavík.

Menntaskólinn í Reykjavík

Menntaskólinn í Reykjavík er framhaldsskóli í miðbæ Reykjavíkur. Hann á sér afar langa skólahefð og hefur í aldanna rás m.a. ýmist verið kallaður Lærði skólinn, Reykjavíkurskóli, Latínuskólinn eða, upp á latínu, Schola Reykjavicensis.

Saga skólans

Sögu skólans má rekja allt aftur til biskupstíðar Ísleifs Gissurarsonar 1056-1080, en hann var fyrsti biskup yfir Íslandi og hóf skólalald á bæ sínum í Skálholti. Í Suðurlandsskjálftunum árið 1784 hrundu nær öll hús Skálholtsstaðar og í framhaldinu var skólinn fluttur til iðnaðarþorpsins Reykjavíkur árið 1786. Þar fór skólalald í fyrstu fram við Hólavelli (nálægt þeim stað sem nú er norðurendi gamla kirkjugarðsins við Suðurgötu), en húsnæði Hólavallaskóla þótti alla tíð óboðlegt. Á Bessastöðum var hins vegar vandaður stiftamtmannsbústaður og þangað flutti skólinn árið 1805. Var hann starfræktur þar allt til ársins 1846, er hann flutti aftur til Reykjavíkur, þar sem hann hefur starfað allar götur síðan. Frá 1937 hefur skólinn heitið Menntaskólinn í Reykjavík.

Elsta hús Menntaskólans í Reykjavík er skólahúsið við Lækjargötu, í daglegu tali kallað „gamli skóli“. Skólalald hófst þar þann 1. október 1846, en hátíðarsalur byggingarinnar var þó tilbúinn til notkunar ári fyrr, svo þar mætti halda fyrsta þing hins endurreista Alþingis. Þar fór einnig fram Þjóðfundurinn 1851 og þar sat Jón Sigurðsson öll sín þing. Þegar Kristján IX. heimsótti Ísland 1874 til að fagna þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar og færa Íslendingum stjórnarskrá, hafði hann skólahúsið til afnota fyrir veislur og móttökur. Margir þekktir Íslendingar og fjöldi erlendra gesta hafa því haft þar viðkomu í gegnum tíðina. Húsakostur skólans hefur jafnframt aukist mjög og fer starfsemi hans nú fram í mörgum húsum á reit, sem afmarkast af Lækjargötu, Þingholtsstræti, Amtmannsstíg og Bóklhöðustíg.

Námið

Skólinn kappkostar að gera nemendur sína sem best undirbúna fyrir háskólanám og veitir haldgóða menntun sem nýtist þeim hvert sem leið þeirra liggur að loknu stúdentsprófi. Svo að vel megi til takast þurfa skólinn og nemendur hans jafnan að gera miklar kröfur og setja markið hátt. Menntaskólinn í Reykjavík er bóknámsskóli með bekkjakerfi og hefur hver bekkur sína heimastofu. Stúdentsprófið er í dag þriggja ára nám. Skólinn skiptist í tvær meginbrautir, náttúrufræðibraut og málabraut. Þær greinast áfram í samtals átta deildir, náttúrufræði-, eðlisfræði-, formála- og nýmáladeild, allar með skiptingu í I og II.

Félagslíf

Félagslíf Menntaskólans í Reykjavík er afar öflugt, haldið uppi af tveimur nemendafélögum, Skólafélaginu og Framtíðinni, málfundafélagi. Félagin eru bæði afar metnaðarfull og standa fyrir fjölmörgum viðburðum, með stuðningi fjölmargra undirfélaga og nefnda. Félagslíf nemenda er því sérstaklega blómlegt. Heilmikil útgáfustarfsemi er á vegum félaganna, þar



Nemendur Menntaskólans í Reykjavík í Gettu betur.

á meðal Skólablaðið-Skinfaxi sem er elsta skólablað landsins, Menntaskólatíðindi og Loki Laufeyjarsón fjalla um það sem hæst ber í skólalífinu yfir veturinn. De Rerum Natura er gefið út í lok vetrar af Vísindafélagi skólans.

Á hverju ári er haldin söngkeppni og sigurvegari hennar er svo fulltrúi MR í Söngkeppni framhaldsskólanna. Fleiri keppnir eru haldnar milli framhaldsskólanna og eru alltaf sérstaklega spennandi en auk Söngkeppninnar er Morfís, keppni framhaldsskólanna í ræðulist og Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna á RÚV, en hana hefur MR nú unnið 20 sinnum, oftast allra skóla.

Nemendur Menntaskólans í Reykjavík hafa náð framúrskarandi árangri í margvíslegum keppnum, má þar nefna Olympiuleika í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði. Hafa nemendur skólans jafnan raðað sér í efstu sætin í framhaldsskólakeppnum. Einnig er skólinn öflugur í alþjóðlegu samstarfi eins og Erasmus og NordPlus.

Herranótt, leikfélag Skólafélagsins stendur á vorin fyrir uppsetningu leikrits. Það er hefð sem nær aftur til Skálholtsskóla. Framtíðin heldur úti öðru leikfélagi, Frúardegi, sem sýnir á haustmisseri.





Menntaskólinn við Hamrahlíð.

Menntaskólinn við Hamrahlíð



Steinn Jóhannsson, rektor.

Menntaskólinn við Hamrahlíð er ríkisskóli sem starfar samkvæmt framhaldsskólalögum. Hlutverk skólans er að mennta nemendur til stúdentsprófs með áherslu á undirbúning fyrir háskólanám.

Markmið og gildi

Markmið Menntaskólans við Hamrahlíð er að hvetja nemendur til ábyrgðar og dugnaðar í námi, vera fyrirmynd um framsækna kennslu og leggja rækt við menningu og listir. Undir forystu nýs rektors hafa verið sett fram gildi skólans sem eru þekking, ábyrgð, virðing og víðsýni. Kappkostað er að starfsemi skólans endurspegli þau. Lögð er áhersla á að nemendur axli ábyrgð um leið og frelsi þeirra til að velja er sett í öndvegi. Nemendur læra vinnubrögð sem tíðkast í háskólanámi og ólíkar þarfir einstaklinga eru virtar.

Kennsla við skólann

Nám við skólann er skipulagt á átta brautum. Þær eru opin braut, þar sem nemendur velja sér þrjár kjörgreinar, félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, fjölnámsbraut, IB-braut til alþjóðlegs stúdentsprófs og listdansbraut fyrir þau sem eru í framhaldsnámi í listdansi. Í skólanum er kennt eftir áfangakerfi sem tryggir fjölbreytni námsins en leggur einnig þá skyldu á herðar nemendum að skipuleggja nám sitt og framvindu þess. Nemendur geta haft áhrif á framboð valáfanga og komið með hugmyndir að nýjum áföngum. Þeir geta einnig valið að vinna að sjálfstæðum verkefnum og lokaritgerðum. Þá gefst nemendum kostur á að ljúka áföngum án þess að sitja kennslustundir.

Almennar upplýsingar

Menntaskólinn við Hamrahlíð hóf starfsemi sína árið 1966 og var fyrsti rektor hans Guðmundur Arnlaugsson. Skólinn var annar menntaskólinn sem stofnaður var í höfuðborginni og brautryðjandi í innleiðingu áfangakerfis og öldungadeildar sem rekin var við skólann um áratugaskeið. Í dag eru nemendur skólans um 1100 af um 30 þjóðernum og árlega eru brautskráðir um 250 stúdentar. Kennarar og starfsmenn eru 120. Núverandi rektor er Steinn Jóhannsson og konrektor er Helga Jóhannsdóttir.

Sérstaða

Sérstaða skólans felst einkum í fjölbreyttu áfangaframboði auk þess að vera kjarnaskóli fyrir listdans. Skólinn er miðstöð framhaldsskólakennslu í norsku og sænsku til viðbótar við óvenju mikla fjölbreytni í tungumálanámi. Nemendur í Menntaskóla í tónlist taka bóklegan hluta náms til stúdentsprófs í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Eftir að byggt var við skólann árið 2007 býr hann við einkar vel útbúnað raungræinastofur og þá varð aðstaða til íþróttakennslu einnig til fyrirmynda.



Nemendur í myndlist.



Útskriftanemendur.

Félagslíf

Blómlegt félagslíf er í skólanum og standa nemendur fyrir ýmsum lista- og menningarviðburðum. Kór Menntaskólans við Hamrahlíð hefur getið sér gott orð og hefur frá stofnun verið hluti af ímynd skólans. Loks má nefna að í skólanum er öflug stoðþjónusta sem felst í náms- og starfsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og námsveri.

50 ára afmæli skólans

Árið 2016 var vikulöng dagskrá í tilefni 50 ára afmælis skólans. Mikill fjöldi útskrifaðra nemenda kom og kynnti störf sín og verk fyrir nemendum skólans. Vikunni lauk með mikilli afmælishátíð sem öllum fyrrverandi nemendum og starfsfólki var boðið til.



Kynning fyrir væntanlega nemendur.



Frá 50 ára afmæli skólans árið 2016.



50 ára afmæli skólans í október 2019. Frá vinstri: Friðjón Friðjónsson formaður skólaneftdar, Helga Sigríður Þórsdóttir, þáverandi konrektor og núverandi rektor, Björg Birgisdóttir, Már Vilhjálmsson rektor til 2021, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og fyrrverandi nemandi við MS.

Menntaskólinn við Sund



Már Vilhjálmsson, rektor.

Menntaskólinn við Sund var stofnaður þann 1. október árið 1969 og hét fyrstu árin Menntaskólinn við Tjörnina enda til húsa í gamla Miðbæjarskólanum. Fyrsta starfsárið var skólinn rekinn sem útibú frá MR. Fyrsti skipaði rektor skólans hét Björn Bjarnason og starfaði hann til ársins 1987. Hinn 30. maí 1973 voru fyrstu stúdentarnir útskrifaðir frá skólanum, 159 að tölu. Athöfnin fór fram í Háskólabíói og hefur svo verið síðan. Árið 1976 flutti skólinn á núverandi stað inni við Sund og fékk nafnið Menntaskólinn við Sund ári síðar. Aðrir rektorar skólans hafa verið Sigurður Ragnarsson frá árinu 1987-1996, Eiríkur G. Guðmundsson frá 1997-2001 og Már Vilhjálmsson frá 2001-2021. Núverandi rektor er Helga Sigríður Þórsdóttir, Leifur Ingi Vilmundason er kennslustjóri og Ágúst Ásgeirsson, námsbrauta- og námskrárstjóri.

Nýr tími

Skólinn var lengst af hefðbundinn bekkjarskóli sem bauð upp á fjögurra ára nám til stúdentsprófs. Árið 2015 var námstími til stúdentsprófs stytur í þrjú ár og skipulagi náms í skólanum breytt. Bekkjarkerfið var lagt til hliðar og tekið upp þriggja anna áfangakerfi. Markmið með breytingunum var að hækka útskriftarhlutfall nemenda úr skólanum og hefur það stóruð á undanföllum árum. Tilgangur náms í skólanum er að veita nemendum menntun til stúdentsprófs, stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Skólanum er einnig ætlað að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og undir frekara nám á háskólastigi. Á hverju skólaári stunda að jafnaði um 700 nemendur nám við skólann. MS er ungmennaskóli og meðalaldur nemenda í skólanum rúm 17 ár.

Skólinn

Á undanföllum árum hefur verið byggt við skólann og hann mikið endurnýjaður. Í upphafi árs 2016 var tekin í notkun ný og glæsileg bygging með sérstakri aðstöðu til raungreina og listgreinakennslu. Skrifstofa skólans, kaffistofa starfsmanna og mötuneyti nemenda er að finna í nýbyggingunni. Í skólanum starfa að jafnaði um 70 starfsmenn þar af um 55 kennarar.

Námsbrautir

Námsbrautir í skólanum eru tvær og á hvorri námsbraut eru auk þess tvær námslínur.

Félagsfræðabraut:

- Félagsfræða og sögúllína
- Hagfræði og stærðfræðillína

Náttúrufræðibraut:

- Líffræði og efnafræðillína
- Eðlisfræði og stærðfræðillína

Nám til stúdentsprófs í MS er 206 feiningar og er skólaárinu skipt í þrjár jafnlangar 12 vikna annir. Skólinn brautskráir nýstúdentu þrisvar á ári í lok hverrar annar, í maí, desember og mars.



Menntaskólinn við sund.



'85 vika í MS.



Stúdentar vorið 2020.

Stefna í námi og kennslu

Fjölbreytni í náms- og kennsluháttum eru lykilatriði í starfsemi skólans og í starfinu er haft að leiðarljósi að örva virkni og þátttöku nemenda. Í námskrá MS er lögð áhersla á skapandi nám, nám í lýðræðsvitund og umhverfisfræði þar sem einstaklingar fá að njóta sín í verkefnabundnu og samvinnutengdu námi. Nemendur fá tækifæri til að afla sér þekkingar, leikni í að vinna með hana og hæfni til að nýta með ólíkum hætti. Unnið er út frá kenningu um að byggja upp námskraft nemenda (LPA). Stefna skólans í námi og kennslu kallar á námsvenjur þar sem ábyrgð nemenda á eigin námi, mæting, virkni og þátttaka gegna lykilhlutverki. Mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt, ástundi heiðarleg vinnubrögð og þjálfni með sér þrautseigju þar sem mistök eru eðlilegur hluti af námsferlinu. Skólinn hvetur kennara til nýbreytni- og þróunarstarfs þar sem horft er bæði til innihalds náms og námsumhverfis. Á hverju ári sækir skólinn um utanaðkomandi styrki til þess að efla starfsþróun kennara.

Skólinn leggur áherslu á að hrinda í framkvæmd áherslum mennta- og menningarmálaráðuneytis á hverjum tíma með því að setja fram aðgerðaáætlun til að draga úr brotthvarfi, efla veg skapandi greina og með því að bjóða nemendum upp á sveigjanleika í sínu námsvali ásamt möguleika á að stýra námshraða sínum í takt við það álag sem þeim hentar.

Félagslíf nemenda

MS er ungmennaskóli og félagslíf meðal nemenda líflegt. Í skólanum starfa auk aðalstjórnar Nemendafélagsins, skemmtinefnd, ritnefnd, vídeónefnd, feminístafélag, málfundafélag, leiklistafélag, íþróttafélag og listafélag. Hápunktar skólaársins eru þemavikur, stórdansleikir, MORFÍS, blaðaútgáfa, nemendaútlit og íþróttamót.



Viðeyjarferð með nýnemum.



Tækniskólinn á Skólavörðuholti.

Tækniskólinn



Hildir Ingvarsdóttir, skólastjóri.

Tækniskólinn er fjölmennasti framhaldsskóli landsins og leiðandi í starfs- og tæknimenntun á Íslandi. Nú stunda liðlega 3.000 nemendur nám við skólann á 50 mismunandi brautum og hafa nemendur aldrei verið fleiri. Stefna Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að hann verði áfram eftirsóknarverður vinnustaður og vel rekinn skóli þar sem nemendum og starfsfólki líður vel og aðstaða er til fyrirmyndar. Tækniskólinn leggur áherslu á öflug tengsl við atvinnulífið og að vera í forystu við innleiðingu á bestu kennsluaðferðum hverju sinni.

Hlutverk

Að bjóða upp á fjölbreytt og framsækið nám í góðu samstarfi við atvinnulífið og að efla nemendur til persónulegs þroska og virkrar þátttöku í samfélaginu.

Sérstaða Tækniskólans felst í nánum tengslum hans við atvinnulífið í gegnum eignarhaldsfélag hans. Flestar námsbrautir Tækniskólans veita markvissan undirbúning til ákveðinna starfa jafnframt því sem þær opna leiðir til áframhaldandi náms. Sérstakt hlutverk Tækniskólans er að mennta eftirsótt fólk í handverks-, iðnaðar-, tækni-, tölvu-, vélstjórnar-, skipstjórnar- og sjávarútvegsgreinum til starfa í íslensku, jafnt sem alþjóðlegu umhverfi.

Markmið

Meginmarkmið Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að veita nemendum menntun sem samtímis er sniðin að þörfum nemenda og atvinnulífs, auðga líf einstaklinganna og efla samfélagið.

Eftirsóttur skóli með fyrirmyndar aðstöðu, þekktur fyrir fagmennsku og nútímalegt nám. Skóli sem útskrifar framúrskarandi fagfólk.

Gildi

Tækniskólinn hefur sett sér gildi sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi og rekstri skólans. Mikilvægt er að starf innan skólans sé á grundvelli þessara gilda og að sífellt sé leitast við að mæta þeim kröfum sem samtíminn gerir til skólastarfs. Samhliða er horft til framtíðar og rýnt í þróun kennslu og starfshátta.

Gildi Tækniskólans eru eftirfarandi:

Alúð

Við sýnum hvert öðru góða framkomu, vinsemd og virðingu. Starfsfólk og nemendur sinna verkefnum af natni og fagmennsku. Nemendur læra vinnubrögð sem stuðla að öryggi, gæðum og skilvirkni.

Framsækni

Tækniskólinn er framsækinn í kennsluháttum og þróun námsgreina. Við fylgjumst með nýjungum og temjum okkur lausnamiðuð vinnubrögð. Nýsköpun og útsjónarsemi skal vera í fyrirrúmi. Nemendur tileinka sér skapandi hugsun og fagleg vinnubrögð.

Fjölbreytileiki

Tækniskólinn er skóli margbreytileika með fjölbreyttum námsleiðum og gróskusömu félagslífi.



Nemendur á tölvubraut.



Nemi í stálsmiði.

Framhald á næstu opnu →

Við berum virðingu fyrir mismunandi menningu og uppruna, þvert á kyn og stöðu einstaklinga. Við sýnum skilning og leggjum okkur fram við að efla og þroska nemendur sem best við getum.

Sjálfsmat og innra eftirlit

Gæðakerfi

Gæðakerfi Tækniskólans er vottað samkvæmt ISO 9001:2015 af Vottun hf. sem framkvæmir reglulega úttekt á kerfinu. Einnig er kerfið reglulega tekið út af óháðum úttektaraðila að kröfu IMO, International Maritime Organization sem Ísland er aðili að.

Skólinn vinnur sjálfur stöðugt að umbótum gæðakerfisins m.a. með innri úttektum, rýni ferla, rýni atvika, meðhöndlun ábendinga og forvarna- og úrbótaverkefnum. Gæðakerfi skólans er ætlað að tryggja að skólinn uppfylli þarfir og væntingar nemenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila skólans. Gæðahandbók skólans heldur utan um stefnuskjöl og verklagsreglur sem ná yfir alla starfsemi skólans með tilheyrandi vinnulýsingum, gátlistum, eyðublöðum og leiðbeiningum. Gæðahandbókin er aðgengileg öllum starfsmönnum skólans.

Öryggismál

Tækniskólanum er umhugað um öryggi og heilsu nemenda og starfsmanna og hefur það að markmiði að stuðla að öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi. Fjöldi öryggisúttekta voru framkvæmdar árið 2022 og var áfram unnið að áhættumati á ákveðnum þáttum skólastarfsins. Skráningar í ábendingakerfi skólans héldu áfram að aukast á árinu svo og skráningar í atvikakerfi skólans, en bæði þessi kerfi voru tekin í notkun 2018. Á árinu var hafin greining á notkun efnna í skólanum með það fyrir augum að draga úr notkun skaðlegra efnna eins og mögulegt er og að varðveisla þeirra fari eftir ströngustu kröfum. Ætlunin er að taka nýja viðurkennda efnaskápa í notkun svo og kerfi sem heldur utan um öll efni sem notuð eru í skólastarfinu.

Véltækni- og skipstjórnarskólinn

Tækniskólinn er kjarnaskóli í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum og hefur lagt sig fram um að rækja það hlutverk af alúð og samvirkun. Helstu verkefni Skipstjórnar- og Véltækniskólanna sem kjarnaskóla hafa á undanförunum árum verið margvísleg og tengst fjölbreyttum verkefnum. Meginverkefni hafa annars vegar verið samstarf og ráðgjöf til innlendra skóla og hins vegar samstarf við stjórnvöld um réttindamál og þróun náms. Námið við þessa skóla er viðurkennt af IMO, Alþjóða siglingamálastofnuninni, og gefa héraend samgönguyfirvöld út alþjóðlega viðurkennd skírteini eftir námið.

Tengsl við atvinnulíf

Kennarar faggreina skólans hafa breiða fagþekkingu, eru stoltir af sínum iðngreinum og bera hag þeirra fyrir brjósti með því að leggja sitt af mörkum til að byggja brú milli skóla og atvinnulífs. Reglulega koma t.d. kennarar úr atvinnulífinu í heimsókn í skólann með innlegg



Nemendur bregða á leik.



Hársnyrtið.



Nemendur í ljósmyndun.



Fatatækni.



Lið Tækniskólans í rafíþróttum.

og fyrirlestra og sömuleiðis hafa nemendur unnið verkefni í tengslum við atvinnulífið. Kennslan og starfið í skólanum hefur notið velvildar fyrirtækja og er alltaf vel tekið á móti nemendahópum sem fara í tugi heimsóknna á hverju ári í ýmis fyrirtæki sem kemur á góðu sambandi við atvinnulífið og hefur sú tenging heldur verið að aukast. Stórar gjafir hafa verið færðar skólanum frá ýmsum fyrirtækjum í gegnum tíðina. Gjafir sem koma sér vel í kennslu, styðja við námið og auka tengsl við nýjustu tækni og þróun í faggreinunum.

Námskeið

Endurmenntunarskólinn hefur sérstöðu meðal undirskóla Tækniskólans en hlutverk hans er m.a. að efla og auka framboð á endur- og símenntun með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi. Haldinn er fjöldi námskeiða á hverju ári, jafnt starfstengd réttindanámskeið sem og tómstundanámskeið og einnig sérhæfð námskeið fyrir starfsfólk ólíkra atvinnugreina til sjós og lands sem og undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf. Endurmenntunarskólinn hefur notið góðs af opnun framtíðarstofunnar 42 og má segja að mörg ný námskeið hafi sprottið fram í tengslum við aðstöðuna þar og þá grósku sem hefur átt sér stað frá opnun 42. Endurmenntunarskólinn hefur einnig staðið fyrir námskeiðum fyrir ungmenni undir nafninu Tækniskóli unga fólksins, en þau námskeið hafa verið í boði í júnímánuði.

Þjónusta

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöfin snertir fjölmörg svið skólastarfsins en meginþungi starfsins er ráðgjöf við nemendur skólans, bæði í dagskóla og dreifnámi. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og á ýmsum aldri og tekur ráðgjöfin mið af því. Náms- og starfsráðgjafar eru málsvavar nemenda innan skólans og gæta hagsmuna þeirra. Við Tækniskólann starfa fjórir náms- og starfsráðgjafar í fullu starfi. Náms- og starfsráðgjafar liðsinna nýnemum á margvíslegan hátt, m.a. með nýnemaviðtölum við drjúgan hluta nemenda yngri en 18 ára og forráðamenn þeirra. Ávallt er lögð áhersla á að bjóða foreldrum til viðtals og/eða hafa samband í tölvupósti eða síma.

Sálfræðiþjónusta

Sálfræðiþjónusta hefur nú verið starfrækt við Tækniskólann síðan haustið 2018. Megin tilgangur sálfræðiþjónustunnar er að bjóða nemendum upp á gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu í nærumhverfi þeirra, þ.e. í skólanum. Auk þess var horft til þess að sálfræðingur gæti boðið upp á námskeið og fræðslu, og að starfsfólk gæti leitað eftir sálfræðiþjónustu ef svigrúm skapaðist til. Boðið er upp á tímabantanir í gegnum Innu en þannig geta nemendur pantað sér tíma milliliðalaust og valið þá tímasetningu sem passar við stundatöflu þeirra. Nemendur hafa tekið vel í þessa þjónustu og nýtt sér hana. Samstarf var haft við Landlæknisembættið og gæða- og skjalastjóra skólans um vinnulag, örugga varðveislu persónuupplýsinga og fleira. Sálfræðingurinn er einnig í nánu samstarfi við náms- og starfsráðgjafa Tækniskólans sem og aðra í stöðtými skólans.



Öflugt félagslíf.

Upplýsinga- og alþjóðadeild

Meginhlutverk Upplýsinga- og alþjóðadeildar er að veita nemendum og starfsmönnum Tækniskólans greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu auk þess að sjá um alþjóðamál skólans, sækja um Erasmus+ styrki og hafa umsjón með nýtingu þeirra. Á skólaskrifstofu taka starfsmenn m.a. á móti fyrirspurnum frá nemendum jafnt sem almenningi og veita almennar upplýsingar um nám og kennslu. Á bókasafninu er veitt fjölbætt þjónusta, s.s. aðstoð við upplýsingaöflun, heimildaleit og kennsla í notkun heimilda, útlán, uppsetningu verkefna og prentun auk persónulegrar aðstoðar við tölvunotkun. Starfsfólk sér einnig um útgáfu prentkorta til nemenda og starfsfólks. Safnið stendur fyrir kennslu í upplýsingalæsi fyrir fyrsta árs nemendur og starfsfólk kennir jafnframt hvernig fara skal með heimildir í heimildaritgerðum og lokaverkefnum.

Forvarnir

Markvisst er unnið að forvörnum í skólanum með fræðslu til nemenda m.a. um skaðsemi tóbaksnotkunar, vímuefna, mikillar spilunar tölvuleikja, áhrif ofnotkunar samfélagsmiðla og mikilvægi næringar og nægs svefns. Stutt er við forvarnarstarfið með því að bjóða upp á nám í lífsleikni, fræðslu um mataræði og svefn og með því að bjóða upp á hollan og góðan mat í mótuneyti skólans, en skólinn er þátttakandi í samvinnuverkefni Landlæknis „Heilsueflandi framhaldsskóli“. Við skólann starfar forvarnarfulltrúi.

Jafnréttismál

Við skólann er virk jafnréttisnefnd sem skipuð er fulltrúum starfsmanna, kennara og nemenda. Í jafnréttisnefnd sitja fimm einstaklingar þar af a.m.k. einn úr röðum almennra starfsmanna, einn kennari og einn nemandi. Stjórn nemendasambands Tækniskólans tilnefnir sinn fulltrúa. Hlutverk jafnréttisnefndar er að fylgjast með stöðu jafnréttismála í skólanum, gera tillögur um stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum og fylgja jafnréttisáætlun eftir. Jafnréttisnefnd setur fram tveggja ára aðgerðaáætlun í senn, fylgir eftir framkvæmd hennar og metur árangur miðað við sett markmið. Formaður jafnréttisnefndar er jafnréttisfulltrúi Tækniskólans.

Einnig var árið 2017 stofnuð jafnréttisnefnd nemenda sem hefur staðið fyrir fræðslu og framförum á sviði jafnréttismála, t.d. hafa verið sett upp kynlaus salerni og vann nefndin að kynningu á átakinu Sjúk ást í samvinnu við Stígámót.

Félagsmálafulltrúi

Hlutverk félagsmálafulltrúa er að styðja við og veita Nemendasambandinu og skólafélagunum ráðgjöf. Eins hefur hann það hlutverk að vinna markvisst að eflingu félagslífs innan skólans. Félagsmálafulltrúi er í fullu starfi við skólann.

Félagslíf

Félagslífið í Tækniskólanum er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og áhersla er lögð á að markvisst sé unnið að því að bjóða upp á félagslíf sem höfðar til breiðs hóps nemenda og viðburði sem tengjast fjölbreyttum áhugamálum þeirra. Í hverjum undirskóla eru starfrækt skólafélög sem standa fyrir margvíslegum viðburðum ætluðum nemendum undirskólanna en heildarsamtök félaganna Nemendasambandið (NST) heldur utan um framkvæmd stærri viðburða sem opnir eru öllum nemendum skólans.

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að efla félagslíf skólans. Hefur sú vinna skilað góðum árangri sem hefur sýnt sig m.a. í aukningu á fjölda viðburða, þátttöku nemenda og aukinni virkni skólafélaganna.



Nemndur á rafvirkjabraut vinna að smíði spennis.



Nemandi á hársnyrtibraut æfir greiðslu og blástur.

Verkmenntaskóli Austurlands



Hafliði Hinriksson, skólameistari, frá 1. sept. 2021.



Lilja Guðný Jóhannesdóttir, fyrrverandi skólameistari.



Bóknámshús Verkmenntaskóla Austurlands.

Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað var stofnaður árið 1986 fyrir tilstuðlan bæjarstjórnar Neskaupstaðar og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Þróun iðnskólánáms má rekja aftur til ársins 1943 þegar Iðnskólinn í Neskaupstað tók til starfa, en hann var rekinn af Iðnaðarmannafélagi Neskaupstaðar fram til ársins 1955.


Á grundvelli iðnfræðslulaga 1966 var ákveðið að Iðnskóli Austurlands yrði í Neskaupstað, en það var ekki fyrr en haustið 1971 að skipaður var skólastjóri við skólann. Fram að því hafði Iðnskólinn verið rekinn í nánnum tengslum við Gagnfræðaskóla Neskaupstaðar. Við Gagnfræðaskóla Neskaupstaðar hófst framhaldsnám 1960 og 1972 hófst kennsla 1. bekkjar menntaeldrar. Árið 1977 hófst síðan fjölbrautarnám með áfangasniði við skólann. Árið 1973 tekur til starfa samstarfsnefnd um fjölbrautarnám í þeim tilgangi að samræma allt fjölbrautarnám í Neskaupstað og á sama tíma er unnið að áætlun um framhaldsnám á Austurlandi af hálfu menntamálaráðuneytisins. Með samningi menntamálaráðuneytis og bæjarstjórnar Neskaupstaðar 1981 var síðan Framhaldsskólinn í Neskaupstað stofnaður og tók þá alfarið við starfsemi Iðnskóla Austurlands og Gagnfræðaskólans í Neskaupstað og skyldi vera kjarnaskóli iðn- og tæknimenntunar á Austurlandi.

Skólinn

Verkmenntaskóli Austurlands er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, framhaldsskólalögum og öðrum lögum og reglugerðum sem snerta skólastarf á framhaldsskólastigi. Skólinn hefur að leiðarljósi þá grunnþætti menntunar sem tilteknir eru í Aðalnámskrá framhaldsskóla: **Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð ásamt sköpun.** Verkmenntaskóli Austurlands er eini skólinn á austanverðu landinu sem gefur nemendum kost á að leggja stund á nám á iðn- og starfsnámsbrautum auk bóknámsbrauta. Þessi sérstaða skólans krefst þess að markvisst sé unnið að kynningu á því námi sem boðið er upp á. Í skólastarfinu er leitast við að veita góða kennslu, auka viðsýni nemenda, hvetja til gagnrýnnar og skapandi hugsunar, efla samvinnu og tillitssemi og hvetja til virðingar fyrir umhverfi og samfélagi. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendum gefist tækifæri til þátttöku í heilbrigðu og þroskandi félagslífi. Þá vill skólinn veita nemendum stuðning eftir þörfum og sem fullkomnasta aðstöðu til náms og félagslegra athafna.

Einkunnarorð skólans eru: SAMVINNA - ÞEKKING –ÁRANGUR

Verkmenntaskóli Austurlands leggur mikla áherslu á góð tengsl við það samfélag sem hann starfar í og það atvinnulíf sem hann þjónar. Markmið skólans er að bjóða upp á menntun sem gagnast samfélaginu sem hann er hluti af. Almenn menntun sem boðið er upp á í skólanum tekur mið af þeim grunnþáttum sem tilteknir eru í Aðalnámskrá framhaldsskóla og nýtast þeir nemendum í daglegu lífi og í þátttöku þeirra í samfélaginu. Skólinn leggur rækt við að fylgjast með þróun samfélags og atvinnulífs og metur á grundvelli hennar hvort ástæða sé til að gera breytingar á námsframboði.



Nemandi í húsasmíði teiknar hús.



Jón Þorláksson kennari í húsasmíði leiðbeinir nemanda.

Nærsamfélagið og samstarf

Verkmenntaskóli Austurlands vill í auknum mæli taka þátt í málefnum nærsamfélagsins auk þess sem samfélagsþróunin á öllu starfssvæði skólans hefur áhrif á námsframboð hans og námsskipulag. Þá gefur tækni nútímans og alþjóðlegt samstarf skólanum kleift að taka þátt í verkefnum með fulltrúum framhaldsskóla annarra þjóða. Skólinn hefur verið virkur í Erasmus+ samstarfi frá árinu 2016.

Áherslur

Skólinn leggur rækt við að undirbúa alla nemendur sína sem best fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og á vettvangi atvinnulífs. Skólinn sjálfur á að endurspeglar samfélagið og innan veggja hans eiga að ríkja samsvarandi lögmál og almennt ríkja þar. Í starfi sínu leggur skólinn áherslu á sjálfbærni og nýsköpun, en sjálfbærni- og nýsköpunarmenntun gerir fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis og félagslegra- og efnahagslegra þátta í þróun samfélagsins.

Námið

Námsframboð við Verkmenntaskóla Austurlands er afar fjölbreytt. Námið er allt í boði í dagskóla fyrir utan sjúkraliðanámið og námsbrautir fyrir leikskólaliða og stuðningsfulltrúa. Sjúkraliðanámið í VA er kennt í samvinnu við tvo aðra framhaldsskóla, FNV og MÍ, og er hluti af samstarfi innan Fjarmenntaskólans. Ein iðnnámsdeild skólans er í boði í bæði dagskóla og dreifnámi en það er rafiðndeildin. Þar er fagbóklegt nám í boði í gegnum netið og vinnustofur fyrir verklegan þátt námsins í boði utan dagvinnutíma þrisvar í viku.

Í VA hefur frá árinu 2014 verið starfrækt Fab Lab smiðja

Fab Lab er stytting á enska heitinu „fabrication laboratory“ og er stundum kallað stafræn smiðja á íslensku. Markmið með smiðjunni er að hvetja nemendur, einstaklinga og frumkvöðla til að láta hugmyndir sínar verða að veruleika, skapa tækifæri til vinnu við frumgerðasmíð og vöruþróun með því að bjóða upp á aðgang að stafrænum framleiðslutækjum og búnaði af ýmsum toga. Rekstur smiðjunnar styður vel við brautir skólans og þá ekki síst verknámsbrautirnar.

Mannauður

Skólaárið 2020-2021 starfa 38 starfsmenn í 31 stöðugildi við skólann, 29 í samtals 22,5 stöðugildum við kennslu og 9 í samtals 8,5 stöðugildum við rekstur og þjónustusvið.

Skólaárið 2020-2021 eru starfræktar við skólann eftirfarandi brautir:

- Félagsvísindabraut til stúdentsprófs
- Náttúruvísindabraut til stúdentsprófs
- Opin stúdentsbraut
- Framhaldsskólabraut
- Starfsbraut fyrir nemendur með sérþarfir
- Hársnyrtibraut
- Húsasmíðabraut
- Rafvirkjabraut
- Sjúkraliðabraut
- Vélstjórnarbraut
- Vélvirkjabraut
- Þjónustubraut fyrir leikskólaliða og stuðningsfulltrúa



Nemandi í rafsuðu.



Nemandi að sjóða.

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Sigríður Huld Jónsdóttir, skólameistari.

Fagmennska, fjölbreytni og virðing eru einkunnarorð Verkmenntaskólans á Akureyri - VMA. Nemendurnir eru hornsteinninn og skólans er að auka þekkingu þeirra, efla og þroska. VMA er stærsti iðn- og verkmenntaskóli landsins utan höfuðborgarsvæðisins og stendur á gömlum merg. Nemendur eru um eitt þúsund og starfsfólk vel á annað hundrað. VMA var settur á stofn árið 1984 og var arftaki Iðnskólans, framhaldsdeilda Gagnfræðaskólans á Akureyri, Hússtjórnarskólans á Akureyri, vélstjórnarnáms Vélskóla Íslands og útíbús Tækniskólans. Nemendur skólans koma af öllu landinu en mikill meirihluti þeirra er frá Akureyri og nærliggjandi byggðarlögum. Nemendur utan Akureyrar geta sótt um á sameiginlegri heimavist Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri.

Námið

VMA er áfangaskóli og býður upp á fjölbreytt iðn- og starfsnám og nám til stúdentsprófs. Nemendur ljúka stúdentsprófi á þremur árum en geta einnig lokið námi á lengri eða skemmri tíma, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Áfangakerfið gerir nemendum kleift að útskrifast af fleiri en einni námsbraut. Margir nemendur sem ljúka námi af iðn- og starfsnámsbrautum skólans bæta við sig einingum til stúdentsprófs og slá þannig tvær flugur í einu höggi, ljúka námi með starfsréttindum og stúdentsprófið gefur þeim síðan aðgang að námi á háskólastigi.

Námsbrautir

Skólinn býður upp á sjö námsbrautir til stúdentsprófs;

félags- og hugvísindabraut, fjölgreinabraut, íþrótt- og lýðheilsabraut, listnáms- og hönnunarbraut – myndlistarlína, listnáms- og hönnunarbraut – textillína, náttúruvísindabraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Þá er unnt að stunda nám á listnámsbraut - tónlistarkjörsviði - í samvinnu við Tónlistarskólann á Akureyri.

Verknámsbrautirnar eru; bifvélavirkjun, matreiðsla, matartækni, hársnyrtiðn, rafeindavirkjun, rafvirkjun, sjúkraliðabraut, stálsmiði, vélstjórn (A-D réttindi), vélvirkjun og húsasmíði. Þegar næg þátttaka fæst er einnig boðið upp nám í kjötiðn, pípulögnum, múriðn, málaraiðn, húsgagnasmíði og blikksmiði.

Nám á Brautabru er sniðið að þeim nemendum sem eru óráðnir í námsvali þegar þeir koma í VMA eða hafa ekki náð fullnægjandi námsárangri í kjarnagreinum grunnskóla. Á starfsbraut er blanda af bæði bóklegu og verklegu námi fyrir nemendur sem þurfa einstaklingsmiðað nám.

Fjarnám; þá skal þess getið að VMA býður upp á fjarnám, er raunar frumkvöðull á sviði fjar-kennslu í framhaldsskólum á Íslandi. Í fjarnámi býður skólinn upp á nám til iðnmeistararéttinda.

Skólasamfélagið

Fjölbreytt og víðtækt námsframboð gerir það að verkum að skólasamfélagið í VMA er afar fjölbreytt og það er styrkur skólans. Nemendafélagið Þórduna heldur utan um öflugt félagslíf





Nemendur að dimmitera 2018.



Loftmynd af svæði skólans.

sem byggir m.a. á leiklist, tónlist, klúbbum af ýmsum toga auk hefðbundinna viðburða, s.s. nýnemahátíðar, árs hátíðar og söngkeppni. Skólinn tekur þátt í ýmsum alþjóðlegum verkefnum sem víkkar út sjóndeildarhringinn, bæði fyrir starfsmenn og nemendur sem hafa á nokkrum verknámsbrautum tekið hluta af starfsnámi sínu erlendis.

Tengsl við atvinnulífið

Verkmenntaskólinn á Akureyri gegnir afar mikilvægu hlutverki í menntun ungs fólks, sem annar tveggja skóla á Norðurlandi sem býður upp á iðn- og starfsnám. Fjórða iðnbyltingin kallar á aukna áherslu á verk- og tæknimenntun og reynslan sýnir að nemendur úr starfsnámi og ekki síður þeir sem bæta við sig einingum til stúdentsprófs og opna þannig á frekara tækninám, standa vel að vígi á vinnumarkaði. VMA starfar náið með atvinnulífinu og fylgist þannig náið með þeim hröðu tæknibreytingum sem fyrirtækin tileinka sér á hverjum tíma. Nemendur á verknámsbrautum starfa á samningstíma sínum hjá fyrirtækjum í viðkomandi iðngreinum og á bæði stúdents- og verknámsbrautum vinna nemendur verkefni í samvinnu við hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir. Þessi nánú tengsl eru bæði skólanum og atvinnulífinu mikilvæg til þess að búa nemendur sem best undir að fara út á vinnumarkaðinn. Hlutverk VMA er efla, með starfsemi sinni, grunnþjónustu við íbúana og treysta þannig búsetuskilyrði og undirstöður velferðar í nærsamfélaginu.





Nemendur á bókasafni skólans.

Verzlunarskóli Íslands



Ingi Ólafsson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands.

Verzlunarskóli Íslands er menntastofnun sem býður upp á þriggja ára framhaldsnám, til stúdentsprófs, fyrir nemendur sem hafa lokið grunnskólaprófi. Skólinn starfar eftir bekkjarkerfi og starfrækir fjórar námsbrautir þar sem hægt er að velja á milli mismunandi lína. Áhersla er lögð á að skapa þroskandi námsumhverfi sem eflir jafnt náms- og persónulega hæfni nemenda. Verzlunarskóli Íslands er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt skipulagsskrá sem Viðskiptaráð Íslands setur. Samkvæmt henni er meginhlutverk skólans að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis, sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla og veita almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi.

Saga og þróun

Hinn 15. apríl árið 1904 voru 50 ár liðin frá því að Danir veittu Íslendingum fullt verslunarfrelsi. Í tilefni þess efndi verslunarstéttin í Reykjavík til samsætis. Þar flutti Brynjólfur H. Bjarnason ræðu og minntist þarna á að verslun og viðskipti yrðu ekki eflid frekar nema með stofnun menntaseturs á þessu sviði. Málið komst síðan á skrið þegar Verzlunarmannafélag Reykjavíkur tók það upp á sína arma, en fyrir tilstilli þess og Kaupmannafélags Reykjavíkur var Verzlunarskóli Íslands stofnaður haustið 1905. Árið 1919 var lagt fram frumvarp á þingi um ríkisrekinn verslunarskóla. Málinu var vísað frá, en aðstandendur Verzlunarskóla Íslands töldu að skólinn þyrfti að eignast öflugan forsvaraðila ef tryggja ætti framtíð hans. Samkvæmt ósk Kaupmannafélagsins, Verzlunarmannafélagsins og skólanefndar varð sú breyting árið 1922 að Verslunarráð Íslands tók að sér umsjón og yfirstjórn skólans og svo hefur verið síðan. Fyrsta árið var einungis kennt í tveimur deildum, yngri deild og undirbúningsdeild. Eldri deild tók til starfa næsta skólaár. Þessi skipting var við lýði til ársins 1926, en þá var þriðja bekk bætt við. Árið 1935 var fjórða bekk bætt við og sama ár var sett á stofn framhaldsdeild fyrir þá nema sem lokið höfðu verslunarprófi. Sú ráðstöfun lagði grunninn að stofnun viðskiptaháskóla árið 1938, en hann breyttist í viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1941. Með reglugerð um lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands árið 1942 aflaði skólinn sér heimildar til að útskrifa stúdenta. Verslunargreinar og tungumál settu í upphafi mestan svip á námsefni lærdómsdeildar, en tilkoma hennar átti eftir að auka námsframboðið til mikilla muna þegar fram í sótti. Hagfræðideild og máladeild voru settar á stofn árið 1970 og stærðfræðideild árið 1984. Árið 2004 var farið í heildarendurskipulagningu á starfsemi skólans, námsleiðum fjölgað og námsframboð aukið. Árið 2005 hóf skólinn að bjóða upp á fjarnám og er það opið öllum. Fjarnámið hefur vaxið jafnt og þétt og geta fjarnemendur útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum Verzlunarskóla Íslands. Fjarnámið er í boði þrjár annir á ári og útskrifað í lok hverrar annar. Vorið 2015 var í fyrsta sinn innritað í skólann samkvæmt skipulagi þriggja ára náms til stúdentsprófs þar sem boðið var upp á fjórar ólíkar námsbrautir. Skólaárið 2017 – 2018 markaði tímamót í sögu Verzlunarskólans þar sem saman brautskráðust síðustu nemendur skólans úr fjögurra ára náminu og þeir fyrstu í hinu nýja þriggja ára námi.

Skólastjóri og aðrir stjórnendur:

Skólastjóri: Ingi Ólafsson.

Skólastjórn: Guðrún Inga Sívertsen, starfsmanna- og þróunarstjóri, Klara Hjálmtýsdóttir, áfangastjóri, Sigurlaug Kristmannsdóttir, fjarnámsstjóri, Þorkell H. Diego, yfirkennari.

Skólanefnd:

Formaður: Bryndís Hrafnkelsdóttir, varaformaður: Helgi Jóhannesson.

Meðstjórnendur:

Andri Þór Guðmundsson, Hannes Frímánn Hrólfsson, Sigríður Margrét Oddsdóttir.

Áheyrnarfulltrúi kennara:

Ásta Henriksen.



Nemendur í myndlist.



Efnafræðitími.

Námsleiðir

Verzlunarskólinn býður upp á fjórar námsbrautir. Innan hvorrar brautar er ýmist ein, tvær eða þrjár línur sem draga fram frekari sérkenni námsleiða. Nemendur innritast inn á ákveðna námsbraut og línu við upphaf skólagöngu sinnar. Innan hvorrar námsbrautar geta nemendur valið sér leiðir til þess að búa sig fyrir frekara nám á háskólastigi.

Á alþjóðabraut er lögð áhersla á tungumál og kjarnagreinar félagsvísinda, s.s. alþjóðfræði, menningarfræði, stjórn málafræði, sögu og sálfræði. Nemendum alþjóðabrautar gefst færi á að taka þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Náttúrufræðibraut skiptist í eðlisfræðilínu og líffræðilínu. Á brautinni er lögð áhersla á stærðfræði og raungreinar, s.s. líffræði, jarðfræði, efnafræði og eðlisfræði. Sérkenni eðlisfræðilínunnar eru m.a. stærðfræði, eðlisfræði og stjörnufræði. Eðlisfræðilína er góður undirbúningur fyrir nám í verkfræði, stærðfræði og heilbrigðis- og raunvísindum. Líffræðilína er góður undirbúningur fyrir nám í verkfræði, læknisfræði og heilbrigðis- og raunvísindum. Sérkenni líffræðilínu eru m.a. líffræði, efnafræði og jarðfræði. Nýsköpunar- og listabraut er ætlað að búa nemendur undir frekara nám á háskólastigi, sér í lagi innan hugvísinda og lista. Námið samanstendur af kjarnagreinum sem fléttast saman við hönnun og listgreinar, s.s. stafræna hönnun, sjónlistir, ritlist og leiklist. Viðskiptabraut skiptist í þrjár línur. Á brautinni er lögð áhersla á viðskiptagreinar, s.s. bókfærslu, hagfræði, fjármál, lögfræði og frumkvöðlafræði. Sérkenni hagfræðilínu eru m.a. stærðfræði, rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði. Sérkenni viðskiptalínunnar er m.a. markaðsfræði, stjórnun og enska. Þriðja og nýjasta lína brautarinnar er stafræn viðskiptalína. Sérkenni þar eru m.a. stafræn miðlun, gagnagreining og vinnustaðanátt. Nánari upplýsingar um einstakar námsgreinar og annað, sem varðar starfsemi Verzlunarskóla Íslands er að finna á heimasíðu skólans: www.verslo.is

Námsmarkmið

Meginmarkmið náms við Verzlunarskóla Íslands eru tvíþætt. Í fyrsta lagi að brautskráðir nemendur verði færir um að takast á við nám í háskóla eða sérskóla á háskólastigi. Í öðru lagi að brautskráðir nemendur verði færir um að stunda rekstur og gegna stjórnunarstörfum í íslensku atvinnulífi. Til að þessi markmið náist verður námsframboð að taka mið af þeim kröfum sem háskólar hérlendis og erlendis gera til nýnema. Einnig verður skólinn að laga sig að sibreytilegum aðstæðum og þróun samfélagsins. Til að brautskráðir nemendur séu tilbúnir að hefja störf í tæknivæddu nútímasamfélagi verður að fylgjast vel með allri þróun sem á sér stað á sviði upplýsinga- og tölvutækni. Verzlunarskólinn hefur að markmiði að vera í fremstu röð menntastofnana á þessu sviði.

Stjórn / starfslíð / nemendur

Í fulltrúaráði Verzlunarskóla Íslands sitja níu einstaklingar sem skipaðir eru af Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði Íslands. Fulltrúaráðið skipar fimm manna skólanefnd sem ræður skólastjóra. Skólastjóri ræður síðan annað starfsfólk. Að jafnaði starfa um 113 manns við skólann, fjöldi nemenda í dagskóla er um 1000 og yfir 500 nemendur á önn í fjarnámi.



Nemandi í Fab-lab.



Frá útskrift 2019.

ÁRANGUR STARFS FA Á VETTVANGI FRAMHALDSFRÆDSLUNNAR



Ráðgjöf um nám og störf
Fjöldi viðtala með
endurkomum frá 2006



Vottaðar námsleiðir
Fjöldi einstaklinga sem luku
námi í námsleiðum FA frá 2003



Raunfærnimat
Fjöldi einstaklinga
í raunfærnimati frá 2007

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins



Hildur Betty Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri.

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) er að veita fólki á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína. Við upphaf 21. aldar tilheyrði um þriðjungur fólks á aldrinum 18-64 ára þeim hópi, en nú 20 árum síðar hefur fækkað í hópnum og nú teljast um tveir af hverjum tíu til hópsins. Hlutverkið verður sífellt mikilvægara með örum breytingum á vinnumarkaði sem færa okkur nýjar áskoranir og tækifæri, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Hröð tækniþróun, sjálfvirknivæðing, fjölgun innflytjenda á vinnumarkaði, breytt aldurssamsetning og loftlagsbreytingar eru meðal þeirra áskorana sem takast verður á við.

Til að sinna hlutverki sínu vinnur FA meðal annars að eftirfarandi verkefnum:

- Auka framboð á vottuðu námi fyrir markhópin byggd á hæfnigreiningum.
- Efla náms- og starfsráðgjöf meðal einstaklinga sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi.
- Vinna að þróun og viðurkenningu raunfærnimats í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila.
- Greina hæfnikröfur starfa á vinnumarkaði.
- Tryggja gæði í starfi fræðsluaðila með þróun og innleiðingu á gæðakerfi fyrir framhaldsfræðsluna.
- Taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi þar sem hagsmunir atvinnulífs og markhópsins eru í fyrirrúmi.
- Miðla upplýsingum um árangur starfsins, nýjungar og þróun framhaldsfræðslu.
- Þróa aðferðir til að styðja við framkvæmd náms og nýtingu verkfæra.

Tilurð og saga

Starf FA grundvallast á samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, stéttarfélag, fagfélög, fyrirtæki og stofnanir. FA þróa aðferðir og verkfæri sem styðja samstarfsaðila við að veita markhópnum þá þjónustu sem þörf er á til að auka tækifæri þeirra í námi og störfum. Framkvæmd er unnin í gegnum fjármögnun Fræðslusjóðs og samninga við 14 fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar um land allt. Þar fer fram ráðgjöf, raunfærnimat og námskeiðshald fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar í gegnum fjármögnun Fræðslusjóðs. Allir samstarfsaðilar FA eru viðurkenndir fræðsluaðilar skv. lögum um framhaldsfræðslu 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011. Þeir hafa allir hlotið EQM/EQM+ gæðavottun. Að auki starfar FA með fjölbreyttum hópi sérfræðinga í Evrópu í gegnum ákveðin verkefni og tengslanet.

FA fagnar 20 ára afmæli í ár en Fræðslumiðstöðinni var komið á í kjölfar samninga á almennum markaði. Árið 2001 var gert samkomulag þar sem ríkisstjórn Íslands samþykkti yfirlýsingu um að efla starfsmenntun í atvinnulífinu. Í lok árs 2002 var Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stofnuð, eigendur voru Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Fyrsti framkvæmdastjóri FA var Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir en á 20 ára starfstímabili hafa fjórir sinnt starfi framkvæmdastjóra, núverandi framkvæmdastjóri er Hildur Betty Kristjánsdóttir. FA var falið að sinna faglegri skipulagningu, samhæfingu og gæðastjórnun í fræðslu fullorðinna. Í kjarasamningum 2001 og síðan aftur 2005, 2006 og 2008 var lagður grunnur að fjármögnun verkefnisins.

SAMSTARFSADILAR FA UM LAND ALLT



1. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
 2. Símenntun Vesturlands
 3. Fræðslumiðstöð Vestfjarða
 4. Farskólinn
 5. SÍMEY
 6. Þekkingarnet Þingeyinga
 7. Austurbú
 8. Fræðslunet Suðurlands
 9. Víska
 10. Mímir - símenntun
- Framvegis - miðstöð símenntunar
Iðan
Rafmennt
Starfsmennt

Við setningu laga um framhaldsfræðslu árið 2010, sem ætlað er að vera fimmta stoðin undir menntakerfið á Íslandi, bættust Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytið í hóp eigenda FA. Þá var Fræðslusjóði komið á laggirnar og samkvæmt lögnum er hlutverk hans að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, jafnframt því að taka þátt í að skapa skilyrði til þess að sömu einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Þar með axlaði ríkisvaldið ábyrgð sína formlega og lagður var grunnur að kerfi fyrir starfseminna.

Eigendur (og eignahluti) FA er sem hér segir: Samtök atvinnulífsins (40%), Alþýðusamband Íslands (40%), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (10%), fjármála- og efnahagsráðuneytið (5%), Samband íslenskra sveitarfélaga (5%). Stjórn mynda fulltrúar eigenda.

Frá 2005 hefur FA hýst landstengilið Íslands í Norræna tengslanetinu um nám fullorðinna (NVL) með fjármagni frá Norrænu ráðherranefndinni. Jafnframt Hæfnisetur ferðaþjónustunnar frá 2017, sem vinnur samkvæmt þjónustusamningi við menningar- og viðskiptaráðuneytið (áður atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið), um uppbyggingu á hæfni starfsfólks í íslenski ferðaþjónustu. FA heldur úti þremur vefjum auk frae.is sem hver um sig hefur skilgreind markmið og markhóp.

Á **frae.is** má meðal annars finna mælaborð FA þar sem nálgast má tölur yfir árangur af starfinu og vegvísi sem ætlað er að styðja við starfsþróun leiðbeinenda fullorðinna og matslistar svo þeir geti metið eigin hæfni.

Hinir þrjú vefirnir eru:

naestaskref.is Umfangsmikill upplýsingavefur um störf, námsleiðir, raunfærnimat og starfsráðgjöf

gatt.frae.is Veftímaritið Gátt sem hefur það að markmiði að efla umræðu um framhaldsfræðslu og menntun á vinnumarkaði

haefni.is Síða Hæfniseturs ferðaþjónustunnar með fjölbreyttum tilboðum og verkfærum fyrir starfsfólk og stjórnendur í greininni

Framtíðin

FA er leiðandi í að greina, meta og auka hæfni í atvinnulífinu. Sú bylting í tækni sem nú á sér stað hefur ekki aðeins áhrif á hvernig við störfum heldur einnig á hvernig við lærum. Í sameiningu þurfum við að finna leiðir til að nema breytingarnar og bregðast við. Endurskoðun laga um framhaldsfræðslu er tímabær og hefur verið sett á dagskrá. Vonir standa til að með þeim verði FA betur gert kleift veita fjölbreyttum markhópi nám við hæfi, á því formi sem það helst kys og telur sig hafa gagn af. Það verður aðeins gert með nýrri hugsun, nýjum fjölbreyttum og sveigjanlegum áherslum innan framhaldsfræðslunnar. Á þann hátt verður hægt að styðja áfram við einstaklinga til þess að efla hæfni sína og bæta stöðu á vinnumarkaði þeim, atvinnulífi og samfélaginu til gagns.





Stjórn og starfsfólk Starfsmenntar í október 2021. Efri röð frá vinsti: Aldís Magnúsdóttir, Jóhanna Þórdórsdóttir, Björg Valsdóttir, Sólborg Alda Pétursdóttir, Halldóra Friðjónsdóttir, Arna Jakobína Björnisdóttir, Einar Mar Þórðarson, Guðfinna Harðardóttir, Þórarinn Eyfjörð, Elin Valgerður Margrétardóttir og Helga Rún Runólfsdóttir.

Fræðslusetrið Starfsmennt

Fræðslusetrið Starfsmennt var stofnað árið 2001 í kjölfar kjarasamninga sem gerðir voru á opinbera markaðinum. Þá sömdu fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og 19 stéttarfélag innan BSRB um stofnun samstarfsvettvangs um starfstengt nám, starfsþróun og ráðgjöf á sviði mannauðsefingar. Stofnun Starfsmenntar var afsprengi þeirrar auknu áherslu sem farið var að leggja á endur- og símenntun starfsmanna ríkisins. Fræðslusetrið byggir á þeirri hugmyndafræði að það sé æskilegt að þjálfra, viðhalda og auka þekkingu starfsfólks til að auka gæði starfseminnar og efla jákvæðan starfsanda á stofnunum. Í upphafi náði þjónusta Starfsmenntar aðeins til ríkisstarfsmanna en með árunum hefur þeim fjölgað sem eiga aðild að Fræðslusetrinu ýmist með samningum um bein framlög eða í gegnum samstarfssamninga. Þjónustan nær því einnig til opinberra starfsmanna sem eiga aðild að bæjarstarfsmannafélögum og aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins og starfsfólks sjálfseignarstofnana með kjarasamning við Sameyki.

Starfsemin

Hlutverk Starfsmenntar er að efla símenntun opinberra starfsmanna með það fyrir augum að þeir verði færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni og jafnframt að auka möguleika stofnana á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á hverjum tíma. Fræðslusetrið er þjónustuaðili fræðslumála fyrir félagsmenn þeirra fjölmörgu aðildarfélaganna sem að setrinu standa. Það metur þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnunum, stofnanahópum og starfsgreinum, kemur á starfstengdum námskeiðum, leggur fram nýjar hugmyndir að starfsþróunarverkefnum og veitir stofnunum ráðgjöf á sviði mannauðsefingar og fræðslu. Starfsmennt á í samstarfi við stóran hóp fræðsluaðila og kennara eru margir enda ávallt leitað til þeirra sem teljast sérfræðingar í viðfangsefninu hverju sinni. Fjöldi árlegra námsframboða og þátttakenda hjá Starfsmennt er breytilegur en árið 2021 var boðið upp á 425 námskeið, námsleiðir eða aðra viðburði tengda starfsþróun og fjöldi skráninga nam 6.035.

Starfsmennt miðar að því að vera leiðandi starfsmenntar- og ráðgjafamiðstöð og eftirsóknarverður samstarfsaðili í viðleitni opinberra stofnana til að efla fagmennsku og færni í starfi og í að skapa uppbyggilegt og hvetjandi vinnuumhverfi. Fræðslusetrið er öflugur samstarfsaðili einstaklinga og stofnana í verkefnum á sviði stefnumiðaðrar starfsþróunar.

Stjórn

Stjórn Starfsmenntar er skipuð fulltrúum eigenda, tveimur fulltrúum stéttarfélaganna og tveimur fulltrúum vinnuveitenda og jafnmörgum varafulltrúum. Fyrsti framkvæmdastjóri var Þórarinn Eyfjörð og gegndi hann því starfi þar til hann tók við starfi framkvæmdastjóra SFR stéttarfélags í almannaðjónustu árið 2006, SFR varð síðar að Sameyki. Hulda Anna Arnljótsdóttir tók þá við og stýrði starfinu í rúm tíu ár eða til ársins 2017 þegar Guðfinna Harðardóttir var ráðin framkvæmdastjóri.



Útskrift úr diplómanámi í opinberri stjórnsýslu frá Bifrost vorið 2020.



Útskrift úr Fangavardaskólanum vorið 2019.



Útskrift úr tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífs vorið 2021. Verkefnið var unnið í samvinnu við Vinnuálagstofnun.



Starfsfólk Iðunnar, starfsárið 2019-2020.

Iðan fræðslusetur



Stjórn Iðunnar, starfsárið 2019-2020.

Framsækni, virðing og fagmennska

IÐAN fræðslusetur var stofnað árið 2006 og varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu. Ári seinna bættist Fræðslumiðstöð bílgreina í hópinn. IÐAN fræðslusetur er í fararbroddi í símenntun iðngreina, með fræðslu, miðlun og þjónustu sem stuðlar að framþróun í iðnaði. Sérstaða þess eru sterk tengsl við atvinnulífið.

Mannauður og kjarnastarfsemi

Eigendur IÐUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Grafía, FIT, VM, Bílgreinasambandið, Samtök ferðaþjónustunnar og Meistarafélag húsmiða. Hildur Elín Vignir er framkvæmdastjóri IÐUNNAR fræðsluseturs og þar starfa á þriðja tug sérfræðinga í fræðslumálum og þróunarstarfi. Kjarnastarfsemi IÐUNNAR er að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bil-, bygginga- og málmíðngreinum, prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum. Sviðsstjórar IÐUNNAR eru fimm og skipuleggja fræðslustarf fyrir sínar greinar. Þeir eru í samstarfi við lykilmálmið í iðngreinunum, innlendrar og erlendar menntastofnanir og systurfélög vegna sí- og endurmenntunaráætlana.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir stýrir prent og miðlunarsviði, Kristján Kristjánsson málm- og véltækisviði, Ólafur Ástvaldsson sviði bygginga- og mannvirkjagreina, Ólafur Jónsson matvæla- og veitingasviði og Sigurður Svavar Indriðason stýrir bílgreinasviði. Á bak við hvert svið starfa sérfræðingar í sviðsstjórnnum sem tryggja faglega framþróun í hverri grein. Á hverju ári eru haldin á þriðja hundrad námskeiða og fræðsluviðburðir. IÐAN hefur hlotið EQM (European Quality Mark) gæðavottunina sem er staðfesting á því að námskeið IÐUNNAR standist evrópskar kröfur um gæði fræðsluaðila.

Alþjóðasamstarf og innlend samstarfsverkefni

Í öllu starfi IÐUNNAR fræðsluseturs er lögð áhersla á að nýta tækni á skilvirkan hátt og þróa námsleiðir sem mæta þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Nýsköpun og framþróun er því ríkur þáttur í starfi IÐUNNAR og vel er fylgst með helstu straumum og stefnum.

IÐAN tekur þátt í ýmiss konar samstarfi, formlegu og óformlegu, við stofnanir, fræðsluaðila og hagsmunasamtök bæði innanlands og erlendis. Tilgangurinn með samstarfinu er að miðla upplýsingum og sérfræðiþekkingu um menntamál í iðnaði, stuðla að nýjungum í fræðslustarfi og styrkja þróun og framkvæmd verkefna sem IÐAN vinnur að hverju sinni. Meðal þróunarverkefna sem IÐAN fræðslusetur hefur tekið þátt í er VISKA, raunfærnimat fyrir innflytjendur, Ævintýri í Evrópu, námsmannaskipti í Evrópu, NKK, jafnrétti og vinnustaðanám í iðn- og starfsgreinum og þátttaka í EQAMOB, gæðakerfi fyrir fyrirtæki sem taka þátt í námsmannaskiptum.



Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri Iðunnar, heldur ræðu við útskrift nýsveina.



Ásgeir Valur Einarsson, verkefnastjóri á bygginga- og mannvirkjasviði stýrir beinu streymi á fundi.



Sigurður Svavar Indriðason, sviðsstjóri bílgreinasviðs, í alþjóðlegri vottun fyrir rafbilanámskeiði.



Nemendur á námskeiði um grænmetisfæði.

Betra aðgengi að námi

Á vegum IÐUNNAR fer fram greining á þörfum fyrirtækja fyrir þekkingu. Þjálfun og þekkingu er miðlað með hliðsjón af því sem hentar aðstæðum og þörfum hvers og eins, hvort sem um er að ræða kennslu í skólastofu, þjálfun á vinnustað eða einstaklingsbundna leiðsögn. Undanfarið hefur IÐAN fræðslusetur lagt áherslu á að efla framboð sitt á fjarnámi og vefnámskeiðum og betra aðgengi fólks og fyrirtækja á atvinnumarkaði að námi.

Náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR eru fjórir og sinna þeir raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf en taka að auki þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni og fara í fyrirtækjaheimsóknir til að meta þörf á símenntun og fræðslu.

Raunfærnimat er góður kostur fyrir fólk sem hefur reynt úr atvinnulífinu en stutta formlega skólagöngu. Matið getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eftt sjálfstraust þeirra ásamt því að stytta mögulega nám til sveinsprófs eða starfsréttinda. Frá árinu 2007 hafa 2585 einstaklingar farið í gegnum raunfærnimat hjá IÐUNNI fræðslusetri.

IÐAN fræðslusetur er ein menntastofnana sem tekur þátt í Áttinni, vefgátt sem nokkrir stórir starfsmenntasjóðir hafa sameinast um. Þar geta fyrirtæki sótt um styrki til námskeiðahalds fyrir starfsmenn sína eða vegna námskeiða sem starfsmenn sækja.

IÐAN fræðslusetur hefur umsjón með gerð námssamninga og framkvæmd sveinsprófa fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins í bygginga- og mannvirkjagreinum, matvæla- og veitingagreinum, málmiðngreinum, upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, snyrtigreinum, hönnunar- og handverksgreinum og bíliðngreinum

Gidi

Gildi IÐUNNAR fræðsluseturs eru framsækni, virðing og fagmennska. Mikil áhersla er lögð á að vera í fararbroddi, skrefinu á undan, og að nýta tæknina á skilvirkan hátt. Með öflugri símenntun móta einstaklingar starfsþróun sína eftir kröfum atvinnulífsins og með þeim hætti verður þekking þeirra verðmætari bæði fyrir þá sjálfa og samfélagið í heild.

Aðsetur

IÐAN er til húsa í Vatnagörðum 20 þar sem er bæði góð aðstaða til verklegar og bóklegar kennslu. Þar eru einnig skrifstofur og fundarherbergi. Námskeið fara einnig fram vítt og breitt um landið eftir óskum félagsmanna. Námskeið hafa til að mynda verið haldin í Landbúnaðarháskóla Íslands, Reykjanesbæ, Selfossi, Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Sauðárkróki, Húsavík og Vestmannaeyjum



Gústaf Adólf Hjaltason, fagstjóri suðumála, sýnir réttu handbrögðin við kennslu í málmstuðu.



Helen Gray, þróunarstjóri Iðunnar og Raket S. Hallgrímsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, flytja erindi á lokaráðstefnu Viska verkefnisins.



Iðan, Vatnagörðum 20 í Reykjavík.



Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum



Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður MSS.

Forstöðumenn frá upphafi

Kjartan Már Kjartansson 1998
Skúli Thoroddsen 1998-2003
Guðjónína Sæmundsdóttir frá 2003

Stofnaðilar MSS

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Reykjanesbær
Fjölbautaskóli Suðurnesja
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
Iðnsveinafélag Suðurnesja
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja
Vélstjórafélag Suðurnesja
Útvegsmannafélag Suðurnesja
Vinnuveitendafélag Suðurnesja
Kaupfélag Suðurnesja
Hitaveita Suðurnesja

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) var stofnuð 10. desember 1997. MSS hefur verið einn máttarstólpanna í menntun Suðurnesjamanna í nær aldarfjórðung.

Meginhlutverk MSS er að bjóða upp á nám, námskeið, ráðgjöf og þjónustu, ásamt því að skapa aðstöðu til náms þar sem einstaklingnum líður vel. Markmiðið frá upphafi hefur verið að hækka menntunarstig á Suðurnesjum. Þannig má efla bæði atvinnulíf og mannlíf á svæðinu sem leiðir til aukinna lífsgæða. Háskólamenntuðum einstaklingum á Suðurnesjum hefur fjölgað á því tímabili sem háskólamenntun hefur staðið til boða í fjarnámi í gegnum MSS og önnur menntaúrræði á svæðinu. Á sama tíma hefur þeim sem eingöngu hafa lokið grunnskólaprófi fækkað.

Starfsemi MSS hefur vaxið jafnt og þétt og námsframboðið tekið mið af þörfum viðskiptavina hverju sinni. Starfsmenn miðstöðvarinnar eru 20 og hún er til húsa í Krossmóa í Reykjanesbæ.

Fjölmargar námsleiðir í boði

Hjá MSS er fjölbreytt námsframboð og ýmsar námsleiðir í boði. Lögð er mikil áhersla á að bjóða upp á nám sem hentar sem flestum, hvort sem fólk stundar nám á dagtíma eða með vinnu. Þá geta nemendur valið um staðnám eða fjarnám. Dæmi um nám sem MSS býður upp á: **Grunnmennt og Menntastöðir** er fyrir nemendur sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsskóla en vilja aftur í nám.

Stökkpallur er ætlaður ungu fólki sem þarf aðstoð við að komast aftur í nám eða út í atvinnulífið. **Uppleið** hefur það að markmiði að auka færni námsmanna með hamlandi líðan.

Starfstengt nám miðar að því að styrkja stöðu þátttakenda á vinnumarkaði. Hér má nefna Skrifstofuskóla I og II, Sölu-, markaðs- og rekstrarnám, Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk, Meðferð matvæla, Færni í ferðaþjónustu, Fagnám í umönnun fatlaðs fólks, Tæknilæsi og tölvufærni, Samfélagstúlk og Móttöku og miðlun.

Tómstundanámskeið sem einstaklingar sækja sér til skemmtunar og fróðleiks.

Fjarnám á háskólastigi

Aldamótaárið 2000 var sögulegt í starfsemi MSS. Í ágúst það ár hófst fjarnám á háskólastigi í góðu samstarfi við Háskólann á Akureyri. Möguleikar fólks á háskólamenntun gjörbreyttust með tilkomu fjarnáms í hjúkunarfræði og rekstrar- og viðskiptafræði. Ekki síst var fjarnámið mikil bylting fyrir fjölskyldufólk. Þáttaskil urðu í sögu menntunar á Suðurnesjum þegar fyrsta útskriftin var haldin í Kirkjulundi 17. júní 2004. Þá útskrifuðust níu hjúkunarfræðingar og átta viðskiptafræðingar sem hófu fjarnám haustið 2000. Í dag er hægt að stunda nám í fjölmörgum greinum á háskólastigi í fjarnámi og fá náms- og prófaðstöðu hjá MSS.

Fyrirtækjaþjónusta

Einn angí af þjónustu MSS er sí- og endurmenntun fyrirtækja á svæðinu og starfsmanna þeirra.



Útskrift úr námsleiðum MSS.



Íslenskukennsla hjá MSS.

Boðið er upp á ráðgjöf og námskeið þar sem þarfir fyrirtækja og einstaklinga eru hafðar að leiðarljósi. Sem dæmi má nefna námskeið tengd stjórnun, hópefli, tölvu- og upplýsingatækni og um einelti á vinnustöðum.

Íslenskukennsla fyrir nemendur af erlendum uppruna

Öflug íslenskukennsla hefur verið einn af hornsteinunum í starfsemi MSS. Hjá miðstöðinni er kennd íslenska á fimm stigum þar sem talað mál og skrifað er æft. Erlendir nemendur með góða íslenskukunnáttu eru sérstaklega hvattir til að hefja nám á íslensku og efla færni sína með þeim hætti.

Náms- og starfsráðgjöf

MSS veitir einstaklingum náms- og starfsráðgjöf með samningi við Fræðslusjóð. Ráðgjöfin hefur notið mikilla vinsælda hjá almenningi á Suðurnesjum sem getur nýtt sér þjónustuna endurgjaldslaust. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga. Þá eiga einstaklingar auðveldara með að ákveða stefnu í námi og/eða starfi. Einnig býður MSS upp á hópráðgjöf og ráðgjöf á vinnustað.

Raunfærnimat

MSS sér um framkvæmd á raunfærnimati fyrir einstaklinga sem eru orðnir 23 ára og með að lágmarki þriggja ára starfsreynslu í viðkomandi fagi. Í raunfærnimati er þekking og færni á ákveðnu sviði metin, svo sem reynsla af starfi, námi eða félagsstörfum. Þá er hægt að staðsetja einstaklinginn innan formlega skólakerfisins á framhaldsskólastigi og liðka fyrir áframhaldandi námi í greininni.

Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Alla jafna er boðið upp á fjögur til fimm námskeið á önn, s.s. ýmis tómstundanámskeið, færni- og sjálfstyrkingarnámskeið og námskeið í tengslum við listahátíðina List án landamæra.

Samvinna starfsendurhæfing

Samvinna starfsendurhæfing var stofnuð sem sjálfseignarstofnun 15. maí 2008. Frá árinu 2014 hefur Samvinna verið rekin sem hluti af MSS. Hugmyndafræði Samvinnu gengur út á að vinna með styrkleika og hindranir þátttakenda á einstaklingsmiðaðan hátt. Þátttakandi er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi og tekið er mið af þörfum hvers og eins. Þjónustan getur verið í formi námskeiða, fræðslu, hópeflis, sálfræðiþjónustu, sjúkráþjálfunar, líkamspjálfunar, vinnuþrófana o.fl.

Erlent samstarf

Erlent samstarf hefur verið stór hluti af starfsemi MSS frá upphafi. Miðstöðin tekur þátt í nokkrum erlendum verkefnum á hverjum tíma til að fylgjast með þróuninni út í heimi, taka inn nýjungar í starfið og sem lið í sí- og endurmenntun starfsmanna.



Nemendur í hljóðvinnslu.

Framtíðarsýn MSS

MSS er framsækið og virt afl í samfélaginu sem eflir einstaklinga og atvinnulíf – brú til aukinna lífsgæða.

MSS veitir íbúum á svæðinu ráðgjöf, persónulega þjónustu og aðstöðu til náms þar sem einstaklingum líður vel.




Húsnæði MSS í Reykjanesbæ.



Stjórn RAFMENNTAR. Frá vinstri: Hafliði Sívertsen, Andri Jóhannesson, Hilmar Guðmannson, Sigurður Gunnarsson, Helgi Rafnsson, Hjörleifur Stefánsson, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Hrafn Guðbrandsson og Vilmundur Sigurðsson.

RAFMENNT



Kennslubúnaður frá FESTO.

RAFMENNT fræðslusetur rafiðnaðarins er í eigu Rafiðnaðarsambands Íslands RSÍ og Samtaka fyrirtækja í rafiðnaði SART. RAFMENNT var stofnað á grunni Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins sem hvoru tveggja var í eigu RSÍ og SART.

Í stjórn RAFMENNTAR árið 2019-2020 eru: Andri Jóhannesson, Hafliði Sívertsen, Helgi Rafnsson, Hilmar Guðmannson, Hjörleifur Stefánsson formaður, Hrafn Guðbrandsson, Sigurður Gunnarsson og Vilmundur Sigurðsson. Varmenn í stjórn eru: Kristján Daníel Sigurbergsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson. Framkvæmdastjóri er Þór Pálsson.

Endurmenntun rafiðnaðarmanna


Upphaf endurmenntunar rafiðnaðarmanna má rekja til á síns 1972. Við endurnýjun kjarasamninga í álverinu í Straumsvík, það ár, náðist samkomulag um að fyrirtækið fjármagnaði í samvinnu við RSÍ þjálfun tveggja rafiðnaðarmanna til kennslu og uppbyggingar á endurmenntunar námskeiðum fyrir rafiðnaðarmenn. Allt frá upphafi hafa rök rafiðnaðarmanna fyrir endurmenntun verið sú að hröð tækniþróun í rafiðnaðargeiranum geri það að verkum að starfsmenn fyrirtækja verði að endurnýja menntun sína til að ráða við þau verkefni sem þeir eiga að leysa. Segja má að þær forsendur eigi enn frekar við í dag en á þeim árum sem voru kölluð voru ár tækniframfara með tilkomu stórra verksmiðja og öflugra raforkukerfis á sjötta áratugnum. Skipulögð voru nokkur kvöldnámskeið, sem voru haldin í félagsheimili FÍR veturinn 1973-1974. Námskeiðin gengu mjög vel hvað varðar aðsókn. Kennslan fór hins vegar að mestu ofan garðs og neðan hjá þátttakendum sakir þess að tæknibúnaðurinn sem kennslan snerist um var ekki til staðar. Námskeiðin voru fullbókud til að byrja með en smám saman heltust fleiri og fleiri úr lestinni af framangreindum ástæðum.

Í viðræðum milli Rafiðnaðarsambandsins og Landsambands Íslenskra Rafverktaka náðist samkomulag um að setja á laggjarnar formlega eftirmenntunarnefnd rafvirkja með fastráðinn starfsmann. Eftirmenntunarnefndin hóf svo rekstur námskeiða vorið 1975.

Farið var með námskeið víða um land með kennslubúnað sem var leigður frá dönsku eftirmenntuninni. Búnaðurinn var nokkuð fyrirferðarmikill, sérstaklega í segullíðanámskeiðunum því þar voru allar helstu gerðir rafmótora. Gengið var þannig frá búnaðinum að auðvelt var að flytja hann á milli staða og fljótlegt að stilla upp námskeiðum. Nokkru síðar er stofnuð á sama grunni eftirmenntunarnefnd rafeindavirkja.

Sumarið 1985, eftir 10 ára starf nefndanna og flutning starfseminnar í húsnæði í Skipholti 7, var ákveðið að stofna Rafiðnaðarskólann og er hann formlega opnaður þann 20. september 1985. Starfsemin var ekki nema í tvö ár í Skipholti 7 en síðan þá hefur starfsemin verið flutt þrisvar sinnum.

Samhliða auknum umsvifum endurmenntunarinnar í Rafiðnaðarskólanum og frumkvæði rafiðnaðarmanna í menntamálum rafiðnaðarins almennt var Fræðslumiðstöð rafiðnaðarins stofnuð. Gerður var samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið, fyrst árið 1991 um endurskoðun námskráa og í framhaldi af því um umsýslu sveinsprófa. Með tilkomu



Kennslubúnaður PLC stýringar.



Þjarkur frá Fanuc.

Fræðslumiðstöðvar rafiðnaðarins gjörbreyttist öll aðkoma rafiðnaðargeirans að stjórn og skipulagi verknámsins. Einnig voru gerðar breytingar á framkvæmd sveinsprófa og hefur öll umsýsla um þau og framkvæmd þeirra verið á hennar vegum síðan.

Fræðsluskrifstofan tók að sér eða setti í gang fjölmörg önnur verkefni sem sneru beint að grunnmenntun rafiðnaðarmanna. Frá árinu 2006 hefur verið haldið úti www.rafbok.is, vef með rafrænu kennslufni fyrir nemendur í rafiðngreinum. Efnið er nemendum að kostnaðarlausu, en með þessu er verið að styðja við útgáfu á efni til nemenda.

RAFMENNT

Á vordögum 2018 ákváðu stjórnir Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins að sameina þessi tvö félög í eitt undir merki RAFMENNTAR fræðsluseturs rafiðnaðarins og færa þannig öll verkefni sem snúa að menntamállum rafiðnaðarmanna, frá upphafi náms til loka meistaraskóla og síðan þeirrar endurmenntunar sem félagsmenn þurfa stöðugt að vera að nýta sér, í eitt félag. RAFMENNT er framsækið þekkingarfyrirtæki, leiðandi í fræðslu og miðlun nýjunga og vinnustaður með aðdráttarafi fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu raf- og tækniíðnaðarins á Íslandi. Hjá RAFMENNT starfa ellefu starfsmenn í tíu og hálfu stöðugildi.


Framtíðarsýn

Segja má að framtíðarsýn rafiðnaðarmanna sem mótuð var með stofnun fagnefnda sé enn í fullu gildi, að hafa sterka trú á menntun og endurmenntun til að takast á við þá stöðugu þróun sem starfsumhverfi rafiðnaðarmanna er í.

Stöðugt er verið að endurbæta kennslubúnað námskeiða. Áhersla undanfarin ár hefur verið á sjálfvirkni ýmiskonar eins og með róbótum og færíböndum til að færa hluti milli staða. Einnig hefur verið lögð áhersla á ýmsan tækniþúnað sem er að aukast í hússtjórnarkerfum sem er stýrt með forritum eins og KNX og Dali.

Fagnám meistaraskóla rafiðngreina hefur einnig notið góðs af þessari sýn þannig að nemendur eru að vinna með þann þúnað sem er í gangi í atvinnulífinu þegar þeir eru í námi. Breytingar eru það örar í greinum rafiðnaðarmanna að stöðugt þarf að vera að uppfæra búnaðinn.

Ásamt tækniþreytingum í faggreinunum hefur einnig orðið til fjölbreyttari samsetning menntunar félagsmanna RSÍ og SART og því er það áskorun fyrir RAFMENNT að mæta þörfum félagsmanna til endurmenntunar. Krafa um fjölbreytt námskeið til að mæta þörf félagsmanna er það viðfangsefni sem starfsmenn eru stöðugt að vinna að. Einnig er aukin krafa að framsetning námskeiða verði í auknum mæli á rafrænu formi þannig að þátttakendur geti í auknum mæli sótt sér þekkingu þegar þeim hentar.



Kennslubúnaður frá FESTO.



Starfsmenn og stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar 2019-2020.

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar SÍMEY

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY) er sjálfseignarstofnun sem starfar á sviði fullorðinsfræðslu. Að SÍMEY standa stéttarfélag, menntastofnanir, sveitarfélög og atvinnurekendur á Eyjafjarðarsvæðinu. Miðstöðin fagnaði 20 ára afmæli sínu á árinu 2020 en starfsemin hefur vaxið og dafnað jafnt og þétt frá fyrsta degi.

Að efla símenntun

Helstu markmið Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar allt frá stofnun hafa verið að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu. Í því felst m.a. að veita einstaklingum náms- og starfsráðgjöf og bjóða hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum.

Á síðustu árum hefur umfang starfseinnar á fyrirtækjasviði vaxið hratt. SÍMEY veitir fyrirtækjum ráðgjöf um sí- og endurmenntun, skipuleggur námsframboð og aðstoðar við uppbyggingu fyrirtækjaskóla. Þarfagreiningar innan fyrirtækja og stofnana undir merkjum MARKVISS hugmyndafræðinnar hafa nýst vel til að aðstoða við gerð fræðsluáætlana og uppbyggingu starfsþróunar starfsmanna, í samstarfi við fræðslusjóði stéttarfélaga.

Hæfnigreiningar á vinnumarkaði eru einnig vaxandi þáttur í starfseminni sem og raunfærnimat í ýmsum atvinnugreinum. Einstaklingar sem undirgangast það hafa í kjölfarið gjarnan lokið löggiltu iðnnámi.

Mjór er mikils vísir

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar var stofnuð í mars árið 2000. Fyrsta starfsárið voru starfsmennirnir tveir, í einu og hálfu stöðugildi. Nú eru þeir 12 talsins en auk þeirra starfa hjá miðstöðinni um 150 verktakar, þar á meðal fjöldi kennara og sérfræðinga af ýmsum sviðum atvinnulífsins.

SÍMEY er til húsa að Þórsstíg 4 á Akureyri. Þar eru átta skrifstofur, átta kennslustofur, afgreiðsla, fullbúið eldhús og kaffitorg. Einnig er námskeiðahald SÍMEY mikið úti í atvinnulífinu, innan fyrirtækja og stofnana. Þá er SÍMEY í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri um leigu á aðstöðu er snýr að verklegum smiðjum, m.a. í málmsuðu og FAB-Lab. SÍMEY er einnig með starfsstöð á Dalvík sem skipuleggur starfsemina við utanverðan Eyjafjörð, í samstarfi við Dalvíkurbyggð, Menntaskólann á Tröllaskaga og Einingu-löju.

Framkvæmdastjóri SÍMEY er Valgeir B. Magnússon. Hann er sá fjórði til að gegna þeirri stöðu frá upphafi. Fyrsti framkvæmdastjóri SÍMEY var Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, þá Soffía Gísladóttir, svo Erla Björg Guðmundsdóttir en Valgeir hefur verið framkvæmdastjóri frá árinu 2016. Stjórnarformaður SÍMEY er Arna Jakobína Björnsdóttir.

Nemendur SÍMEY frá upphafi eru um 35.000 talsins auk þess sem um 8.000 einstaklingar hafa sótt þangað ýmsa aðra þjónustu. Nemendastundir á þessum 20 árum eru um 1.360.000. Það má því til sanns vegar færa að SÍMEY sé ein stærsta menntastofnunin á starfssvæði sínu.



Valgeir B. Magnússon, framkvæmdastjóri SÍMEY.



FAB-Lab námskeið 2019.



Upprennandi listmálarar á námskeiði 2019.



Hópur útskriftarnema frá SÍMEY á vorönn 2019.

Gæðavottuð starfsemi

Í lok október 2018 fékk SÍMEY afhenta staðfestingu á svokallaðri EQM+ gæðavottun (European Quality Mark) en hún tekur til hönnunar, þróunar og umsjúlu náms í fullorðinsfræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Vottunin er til þriggja ára og gildir til loka október 2021. SÍMEY fékk árið 2012 EQM gæðavottun fyrir fræðslustarf en þessi endurnýjaða vottun er víðtækari.

Klæðskerasaumaðar lausnir

Valgeir B. Magnússon, framkvæmdastjóri SÍMEY, segir starfsemina miða að því að bjóða klæðskerasaumaðar lausnir við allra hæfi á sviði sí- og endurmenntunar og framhaldsmenntunar. Markhópurinn sé einstaklingar og fyrirtæki á starfssvæðinu og starfsemin sé fjölbreyttari en margir kunni að halda.

„Til SÍMEY sækja þeir sem hafa ekki lokið framhaldsmenntun en vilja auka þekkingu sína. Það á bæði við um þau námskeið og námsleiðir sem SÍMEY býður upp á en einnig um náms- og starfsráðgjöfina.“

Valgeir segir að á tímum hraðra samfélagsbreytinga og tækninýjunga sé mikilvægara en nokkru sinni fyrr að þróast í starfi og sækja sér þá þekkingu sem atvinnulíf dagsins í dag kalli á. Hann nefnir raunfærnimatið sem dæmi: „SÍMEY sinnir raunfærnimati á víðum grunni en þar fá einstaklingar starfsreynslu sína metna á móti námi. Raunfærnimat, m.a. innan sjávarútvegs, í iðn- og þjónustugreinum og á uppeldissviði hefur verið mjög áberandi í starfi miðstöðvarinnar.“ Hann segir framþróun raunfærnimats mjög mikilvæga á næstu árum. „Þar verður það tengt enn frekar við störf fólks á vinnumarkaði og getur haft víðtækar skírskotanir varðandi aðlögun okkar að fjórðu iðnbyltingunni svonefndu.“

Fjöldmörg sóknarfæri í fullorðinsfræðslunni

Áður en COVID-faraldurinn hófst snemma árs 2020 hafði vægi fjarnáms aukist talsvert hjá SÍMEY. Það komst í áður óþekktar hæðir það sem eftir lífði árs og Valgeir segir ljóst að fjarnám sé komið til að vera sem einn þáttur starfseminnar. Hann leggur áherslu á að allir geti leitað til SÍMEY eftir aukinni þekkingu og færni, hvort sem fólk hafi lokið skilgreindri framhaldsmenntun eða ekki. „Fólk á öllum aldri og úr öllum starfsstéttum hefur brennandi áhuga á að auka menntun sína og færni og tileinka sér þær tækninýjungar sem í boði eru. Við horfum því bjartsýn fram á veginn. SÍMEY hefur ríku hlutverki að gegna í þessu ferli og við sjáum fjöldmörg sóknarfæri í fullorðinsfræðslunni,“ segir Valgeir.



Aðalstjórn Fyrir hönd:	
Stjórnarformaður:	Opinberra stéttarfélagi Anna Jakobína Björnsd.
Stjórnarmenn:	
Sigríður Huld Jónsd.	Fræðslustofnana
Ingimar Eydal	Opinberra fyrirtækja
Halldór Óli Kjartanss.	Almennra stéttarfélagi
Sverrir Gestss.	Almennra fyrirtækja
Axel Grettiss.	Sveitarfélagi við Eyjafjörð
Halla Margrét Tryggvad.	Akureyrarbæjar
Varastjórn Fyrir hönd:	
Hjördís Sigursteinsd.	Opinberra stéttarfélagi
Erla Björnsd.	Opinberra fyrirtækja
Anna Júlíusd.	Almennra stéttarfélagi
Anna María Kristinsd.	Almennra fyrirtækja
Maria Albína Tryggvad.	Sveitarfélagi við Eyjafjörð
Hlynur Már Erlings.	Akureyrarbæjar



Hluti námsins eru vettvangsferðir og hér eru flugnemar að heimsækja flugturninn á Keflavíkurflugvelli.

Flugakademía Íslands



Konur eru sistækkandi hópur í flugmannastétt og fjölmargar hafa stundað nám hjá Flugakademíunni.



Hér eru Kári Kárasón og Hjálmar Árnason að slá á léttu strengi í heimsókn til NASA á Keflavíkurflugvelli árið 2012 þar sem þeir voru í vísindaflogi á flugvélinni ER-2 sem er sama flugvél og U-2 njósnaflugvél. Þrýstjafnaður flugmannsbúningur er hér uppblásinn.

Forsaga

Flugakademía Íslands varð til við samruna tveggja stærstu flugskóla á Íslandi, Flugskóla Íslands og Flugakademíu Keilis árið 2019. Flugskóli Íslands var stofnaður árið 1998 af íslenska ríkinu eftir að málefni flugkennslu höfðu verið til mikillar endurskoðunar og sætt gagnrýni frá árinu 1988. Sett voru lög um stofnun hans á Alþingi og var fyrsti skólastjóri hans Gylfi Ernst Gíslason flugumferðarstjóri og flugstjóri. Aðrir eigendur auk ríkisins voru Flugleiðir hf., Air Atlanta Icelandic og Íslandsflug ásamt tveimur litlum flugskólum, Flugmennt og Flugtak. Hugmyndin var sú að hagsmunaaðilar kæmu að rekstri skólans og hann myndi þjóna sínum tilgangi best með aðkomu ríkisins og flugfélaganna líkt og tíðkaðist víða erlendis. Lög um stofnun Flugskóla Íslands voru lögð af árið 2006 og keyptu þá eigendur Flugtaks og stjórnendur skólans öll hlutabréf í skólanum og seldu þau svo strax til Fjöltækniskólans, nú Tækniskólans. Tækniskólinn átti svo Flugskóla Íslands til ársins 2018, þegar sömu aðilar og fyrr keyptu nú skólann í annað sinn og seldu hann svo aftur til Flugakademíu Keilis sama ár. Flugakademía Keilis varð til árið 2007 þegar Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs var stofnaður og var Flugakademían einn fjögurra undirskóla Keilis. Kári Kárasón varð fyrsti skólastjóri Flugakademíunnar og voru keyptar nýjar flugvélar sem notuðu þotuelsneyti og voru sparneytnari en hefðbundnar kennsluflugvélar. Bóklegt atvinnuflugmannsnám hjá Flugakademíu Keilis hófst árið 2009 og voru því skólarnir tveir, Flugskóli Íslands og Flugakademía Keilis komnir í harða samkeppni sem endaði þó farsælega. Eftir kaup Flugakademíu Keilis á Flugskóla Íslands hófst sameining skólanna tveggja og lauk henni á árinu 2020. Sameinaður skóli hlaut nafnið Flugakademía Íslands og var fyrsti stjórnarformaður Flugakademíunnar Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ. Í byrjun árs 2021 var kosin ný stjórn Flugakademíunnar og var Jón Björgvin Stefánsson kosinn stjórnarformaður, en hann hafði talsverða reynslu af rekstri Flugskóla Íslands þar sem hann var skólameistari Tækniskólans í þá tíð sem Flugskóli Íslands var í eigu Tækniskólans.

Rekstur

Flugskólarnir stækkðu ört og þá sérstaklega Flugakademía Keilis sem fékk til sín allmarga erlenda nemendur. Árið 2018 var heildarvelta Flugakademíu Keilis orðin tvöfalt meiri en Flugskóla Íslands. Sameinaður rekstur skólanna tveggja skilaði auknum afköstum árið 2019 en árið 2020 hallaði undan fæti þó svo að útskrifaðir nemendur úr atvinnuflugmannsnámi væru um 80 talsins. Var orsakanna að leita í færri umsóknnum í flugnám en einnig vegna umtalsverðra takmarkana á flugkennslu, sem var bönnuð hluta úr ári vegna COVID-19 faraldursins.

Flugvélafloti

Flugakademía Keilis hóf starfsemi með nýjum flugvélum sem búnar eru til úr koltrefjaefnum. Koltrefjaefnin þykja gríðarlega sterk og hægt er að móta flugvélaströkkinn til að minnka loftmótstöðu og eldsneytiseyðslu. Styrkur koltrefjaefna kemur sér vel ef flugvélar þurfa að



Tekjur sameinaðra skóla og áætlanir til næstu ára.



Horft yfir rennisléttan væng DA-40NG kennslflugvélar að eldgosinu í Geldingadöllum.

nauðlenda á grófu yfirborði líkt og á hálendi Íslands. Nýir flugvélahreyflar voru einnig teknir í notkun sem eyddu 45% minna eldsneyti en hefðbundnar kennslflugvélar og notuðu auk þess þotueldsneyti sem er hagstæðara en flugvélabensín. Á 12 árum höfðu þessar flugvélar sparað eldsneyti sem nam 1.5 milljónum lítra borið saman við hefðbundnar kennslflugvélar. Flugskóli Íslands hafði í gegnum árin ekki eignast sínar eigin flugvélar, heldur leigt þær af fyrirtækjum í eigu lykilstarfsmanna. Vélarnar voru af hefðbundinni gerð með hefðbundna flugvélahreyfla. Endurnýjun á flugflota fór að hluta til fram árið 2016 þegar keyptar voru léttar og sparneytnar flugvélar sem gátu notað venjulegt bílabensín. Árið 2020 var flugfloti Flugakademíu Íslands 18 flugvélar, ein leiguvél, 5 flugvélar á kaupleigu en 12 flugvélar í eigu Flugakademíunnar. Að auki var Flugakademían með tvo flugherma í rekstri.

Tækninýjungar

Tækninni fleygir fram í gerð flugmælitækja og hefur markviss stefna verið sett á að allar kennslflugvélar Flugakademíunnar séu útbúnar bestu tækjum sem völ er á. Sýndarveruleikamynd (Synthetic Vision System) er kerfi sem sýnir þrívíddarmynd af stöðu vélarinnar miðað við umhverfið og byggist á gagnagrunni og GPS-tækni sem eykur umhverfisvitund flugmannsins þegar flogið er í slæmu skyggni. Rafmagnsflugvélar hafa rutt sér til rúms á undanföllum árum og stefna hefur verið tekin að innleiða slíkar vélar í rekstur Flugakademíunnar eftir því sem tækninni fleygir fram. Þróunin er komin vel af stað en framundan eru spennandi tímar í nýjungum sem gagnast í rekstri flugskóla.

Aðstaða til flugkennslu

Flugakademía Íslands var með aðstöðu til flugkennslu á tveimur flugvöllum árið 2020, Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli. Gerðar hafa verið tilraunir með fleiri bækingstöðvar, meðal annars á Sauðárkróki og Selfossi. Líkur eru á að þörf muni aukast fyrir öflugri aðstöðu til flugkennslu á komandi árum og eru stóru flugvellirnir tveir takmarkaðir hvað varðar aðbúnað eins og flugskýli og kennslurými sem stutt gæti við frekari vöxt. Sérstaklega eru aðstæður erfiðar á Reykjavíkurflugvelli en Reykjavíkurborg hefur lengi stefnt að því að loka flugvöllinum og hefta frekari vöxt hans og þróun. Þetta hefur reynst snúin staða því uppsöfnuð þörf til að mæta ákalli nemenda um viðeigandi aðstöðu fer vaxandi.

Mannauður og framtíð

Skólastjóri Flugakademíu Íslands frá árinu 2020 er Davíð Brár Unnarsson flugstjóri og yfirkennari bóklegs náms er Benedikt Arnarson flugstjóri en verkleg flugkennsla er undir stjórn Hlyns Ólafssonar yfirflugkennara. Framkvæmdastjóri Flugakademíu Íslands er Jóhann Friðrik Friðriksson en forstöðumaður er Kári Kárason þjálfunarflugstjóri og stofnandi Flugakademíu Keilis. Hefur Flugakademían á að skipa öflugum hópi sérhæfðra og reynslumikilla flugkennara og annars starfsfólks sem telur um 100 manns en stór hluti starfsmanna eru flugkennarar í hlutastörfum. Samhliða samgönguáætlun 2020-2034, sem samþykkt var á Alþingi 29. júní 2020, var kynnt fyrsta flugstefna Íslands. Tilgangur með mótun flugstefnu er að skapa umhverfi sem viðheldur grunni fyrir flugrekstur og flugtengda starfsemi á Íslandi og styður vöxt hennar. Í því sambandi hefur ríkisstjórn Íslands tekið mikilvæg skref í stuðningi við Flugakademíu Íslands sem var og er á árinu 2021 eini flugskólinn á Íslandi til að sinna kennslu til atvinnuflugmanns og blindflugsréttinda.



Hildur Björk Pálsdóttir og Guðmundur Tómas Sigurðsson fyrrverandi yfirkennari fara yfir flugleiðsögu á Atlantshafinu.



Flugakademía Íslands nýtir sér nýjustu sýndarveruleikatekni í flugvélum þar sem hún eykur öryggi og minnkar líkur á flugslysum.



Hjallastefnan



Margrét Pála Ólafsdóttir, stjórnarformaður Hjallastefnunnar, höfundur og stofnandi.



Þórdís Jóna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.

Hjallastefnan í þrjá áratugi

Hjallastefnan er framsækið félag á sviði uppeldis og menntunar sem starfrækir sjálfstæða leik- og grunnskóla undir merkjum jafnréttis, lýðræðis og sköpunar. Þann 25. september árið 1989 tók Margrét Pála Ólafsdóttir við rekstri leikskólans Hjalla í Hafnarfirði og markaði það upphafið að starfsemi Hjallastefnunnar. Árið 1999 var Hjallastefnan ehf. stofnuð í því skyni að halda formlega utan um sjálfstæðan rekstur um hugmyndafræðina á leik- og grunnskólastigi.

Stofnendur og stjórnendur

Hjallastefnan er í dag að stærstum hluta í eigu Margrétar Pálu Ólafsdóttur ásamt framkvæmdastjóra og nokkrum öðrum smærri hluthöfum. Það hefur aldrei verið greiddur út hagnaður en öll tækifæri nýtt til að styðja við áframhaldandi uppbyggingu á starfi. Stjórnarformaður Hjallastefnunnar er Margrét Pála Ólafsdóttir og framkvæmdastjóri Þórdís Jóna Sigurðardóttir.

Vöxtur og valdefling Hjallastefnunnar

Alls starfrækir Hjallastefnan 15 leikskóla á landinu í 11 sveitarfélögum, sex á höfuðborgarsvæðinu, tvo í Reykjanesbæ, einn í Suðurnesjabæ (Sandgerði) auk sex leikskóla á landsbyggðinni; á Skagaströnd, í Ísafirði, á Akureyri, á Bifrost í Borgarfirði, Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum. Einnig rekur Hjallastefnan þrjá grunnskóla í þremur sveitarfélögum fyrir börn á aldrinum 5-12 ára; Barnaskólann í Reykjavík, Garðabæ og Hafnarfirði. Hjá Hjallastefnunni starfa tæplega 500 manns og eru nemendur tæplega 2000 talsins. Allir 18 skólar Hjallastefnunnar starfa sjálfstætt undir stjórn skólustjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri skólans. Hver skóli hefur sína eigin menningu en allir starfa þeir að sameiginlegu markmiði og eftir sömu námskrá en skapa sitt einstaka andrúmsloft og menningu. Skólustjórnendur starfa einnig í náninni samvinnu sín á milli og við rekstrarskrifstofuna, Hjallamiðstöð, sem þjónar skólunum rekstrarlega og fjárhagslega. Allir skólarnir starfa samkvæmt hugmyndafræði Hjallastefnunnar, eiga sameiginlegt markmið sem byggja á stöðum og meginreglum stefnunnar. Þá er valdefling kvenna enn fremur eitt af leiðarljósum Hjallastefnunnar enda var skólinn stofnaður af konu, allur reksturinn er í höndum kvenna, nær allir stjórnendur eru konur, meirihluti eiganda eru konur og starfsfólk leik- og grunnskóla er að meirihluta konur.

Meginreglurnar sex og kynjanámskrá

Frá upphafi var sýnin fyrir nýjan skóla skýr og einföld. Hún var sú að tryggt skyldi að hverju einasta barni liði vel í skólanum. Hjallastefnan setti sér því snemma meginreglur sem enn þann dag í dag marka allt skólastarfið, þar sem jafnrétti er grunnstefið í allri nálgun í starfsemi. Lýðræði meðal barna og starfsmanna er í hávegum haft og kraftur sköpunar er nýttur börnunum til handa. Hjallastefnan byggir á sex meginreglum sem hafa það markmið að byggja upp jákvæða og kærleiksríka skólamenningu. Mikilvægasta meginreglan er þó



sú að mæta skuli hverju barni eins og það er og af virðingu en Hjallastefnan viðurkennir ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Önnur meginregla er sú að stuðla skuli að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks og í öllum samskiptum við börn, foreldra og aðra sem koma að málefnum skólans. Að auki búa skólarnir að sérstakri kynjanámskrá sem er í forgrunni í öllu skólastarfinu og unnið er kerfisbundið að jafnrétti kynjanna, allt skólaárið. Kynjaskipting er notuð til að tryggja jafnræði stúlkna og drengja og gefa báðum kynjum uppbot á þeim sviðum sem ekki tilheyra hefðbundnum kynjahlutverkum. Þannig hafa kynin farið á mis við ólíka þjálfun í samfélagi sem ekki hefur enn náð jafnréttis- markmiðum sínum.

Hjalli-model

Hjalli-model er systurfyrirtæki Hjallastefnunnar sem rekið hefur skólann Elmwood í Glasgow síðan 2018. Skólinn starfar samkvæmt hugmyndafræði Hjallastefnunnar og hafa skoskir foreldrar og börn tekið þessum nýja valkosti opnum örmum. Til Hjallastefnunnar streyma reglulega gestir úr öllum heimsálfum og hafa margir gert skólastarfinu góð skil í fjölmiðlum. Áframhaldandi þróun er á Hjalli-model en mikill áhugi erlendis ber vott um aukna eftirspurn eftir nýjum hugmyndum í skólastarfi á alþjóðavísu.

Stofnandi Hjallastefnunnar Margrét Pála Ólafsdóttir

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að fyrsti leikskólinn var stofnaður á Hjalla í Hafnarfirði. Frá upphafi hefur sýnin verið skýr, að tryggja velferð hvers einasta barns, mæta því og þeirra þörfum og stuðla að vellíðan í skólanum. Árangur Hjallastefnunnar hefur verið ótrúlegur vöxtur og telur nú 18 skóla. Kannanir sýna að ánægja starfsfólks og foreldra er með hæsta móti hérlendis. Faghlutfall kennara er einnig með því hæsta sem gerist á Íslandi. Sýna langir biðlistar skólanna fram á mikla eftirspurn foreldra eftir inngöngu í Hjallastefnuskóla.





Konur í skólanum upp úr miðri 20. öldinni.



Nemendur raða sér upp í stigann í þá daga og svo núna.



Hússtjórnarskólinn í Reykjavík



Margrét Dórothea Sigfúsdóttir, skólalastjóri.

Skólinn var stofnaður 1941 og hvatamenn að stofnun skólans voru konur í Bandalagi kvenna í Reykjavík með Ragnhildi Pétursdóttur í fararbroddi. Það hafði lengi verið draumur kvenna í Reykjavík að stofnaður yrði Húsmæðraskóli í Reykjavík. Andstaða hafði lengi verið á Alþingi við að Húsmæðraskóli væri í Reykjavík. Umræða var um að ungar stúlkur utan af landi gætu lent hér í klandri og veseni og í lengst í borginni. Bandalag kvenna skipaði framkvæmdanefnd á haustmánuðum 1940 sem auglýsti eftir framlögum til stofnun Húsmæðraskóla. Framkvæmdanefnd hélt fund 3. jan 1941 og fjallaði um bréf frá Hermanni Jónassyni fosætisráðherra sem sagði að hann og hans ráðuneytti myndu ganga frá þessum máli. Bjarni Benediktsson borgarstjóri tók einnig vel í málaleitan kvennanna. Bandalagskonur voru þá búnar að koma auga á húsið að Sólvallagötu 12 og höfðu skoðað það. Þær létu hendur standa fram úr ermum og þann 23. janúar 1941 festu þær kaup á húsinu. 15. febrúar var endanlega gengið frá kaupunum. Kaupverðið var kr.100.000. Við undirritun sammings var greitt kr. 33.000 en peningur sem safnast hafði var kr. 22.642 það sem upp á vantaði lánaði Halldór Kr. Þorsteinsson skipsstjóri í Háteigi (eiginmaður Ragnildar). Eftir þetta skiptist rekstur skólans sem hér segir ríkið 75% og borgin 25%. Viðgerðir og breytingar kostuðu kr. 500.000. Viðgerðir tók lengri tíma en ætlað var þannig að skólinn tók ekki til starfa fyrr en 7. febrúar 1942. Byggt var við skólann 1950 þar sem kennslueldhús var á neðri hæð fyrir nemendur utan úr bæ en er nú vefstofa og handavinnustofa á efri hæð var stækkuð. Skólinn hefur starfað óslitið síðan þá, ýmist sem heilsárskóli eða sem annarnám og með ýmsum námskeiðum. Árið 1977 tók mennta og menningarmálaráðuneytið alfarið við rekstri skólans og nafni skólans breytt í Hússtjórnarskólann í Reykjavík.



Hússtjórnarskólinn í Reykjavík Sólvallagötu 12, 101 Reykjavík.

Skólalastarfið og námið

Námsframboð og skólareglur hefur breyst í tímans rás. Skólalastjóri býr ekki lengur í skólanum eins og áður var. Í skólanum er húsvörður og allir nemendur eru með lykil að húsinu meðan á námi stendur svo þeir geti nýtt sér aðstöðu og tæki til heimavinnu, eins og td. vefstóla og saumavélar og ekki síst til að vera saman í sínum frístundum. Heimavist er í skólanum fyrir 15 nemendur og notfæra nemendur sér það þótt þeir búi í Reykjavík en nemendur af landsbyggðinni ganga fyrir með húsnæði. Lögð er áhersla að kenna nemendum hagnýtt nám sem getur nýttst þeim í framtíðinni hvort þeir búa einir eða með öðrum. Nám við skólann er tvær annir. Hvor önn er 16 vikur í kennslu, eftir þann tíma eru próf og frágangur á húsnæði skólans. Nám á haustönn hefst upp úr miðjum ágúst og stendur fram í desember og vorönn hefst snemma í janúar og lýkur um miðjan maí.



Konur í skólanum upp úr miðri 20. öldinni.



Fög sem kennd eru er matreiðsla, ræsting, fatasaumur og annar vélsaumur, útsaumur, vefnaður, þrjón, hekl, næringarfræði og vörufræði. Skóladagur hefst með morgunmat kl. 08:00, kennsla hefst kl. 08:30. Dagurinn er langur og kennt er án frímínútna, kennsla stendur til kl.16:20 eða 16:45 en á föstudögum lýkur kennslu kl.12:00. Innfalið í skólagjöldum er; öll matvæli, allt efni til ræstinga, allt handavinnuefni, allt garn og efni í vefnað, þrjón, hekl, útsaum og vélsaum. Allar bækur möppur og blöð ásamt ýmsum tækjum og tólum sem tengjast handavinnu.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn skólans er sú að hér verði áfram rekinn hússtjórnarskóli sem veitir nemendum fræðslu sem miðar að því að gera ungt fólk fært um að sjá um sig sjálft og geta lifað heilbrigðu lífi hvað varðar fæðuval og umgengni um umhverfi sitt.

Rekstur skólans


Skólinn er rekinn sem sjálfseignarstofnun með framlagi frá mennta og menningarmálaráðuneytinu. Stofnfé skólans eru málverk sem skólinn hefur fengið í gjöf í gegn um árin, og áður fyrr komu gamlir nemendur í skólann (þegar árgangarnir áttu afmæli) og gáfu peninga, t.d. í listaverkasjóð sem skólastjórar keyptu síðan málverk fyrir sem prýða skólann og veita ánægju. Stefnt er að því að gera samning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið til nokkura ára um rekstur skólans. Undanfarin ár hefur samningur verið gerður til hálfis árs í einu sem er allkostar óviðunandi.

Nemendur og starfsfólk

Nemendur eru oftast á aldrinum milli 18 og 30 ára, oft koma þeir beint úr menntaskóla eða eru að taka sér frí í eina önn. Stundum eru nemendur að láta gamlan draum rætast og koma þegar lag er hjá þeim. Þetta er nám sem kemur öllum til góða og eru bæði kynin velkomin. Við skólann starfa þrír kennarar í fullu starfi, þeir eru allir með framhaldsskólaréttindi og sérnám í sínum fögum, ásamt skólameistara.

Myndir frá skólastarfinu.





Á myndinni er stjórn skólans Herdís Þórsteinsdóttir meðstjórnandi, Páll Harðarson stjórnformaður og Jóhann Þórarinnson meðstjórnandi ásamt Sigríði Önnu Guðjónsdóttur skólastjóra að afloknum ársfundi 2019.

Skóli Ísaks Jónssonar



Ísaksskóli stendur við Bólstaðarhlíð 20 í Reykjavík.

Skóli Ísaks Jónssonar ses. (Ísaksskóli) er sjálfseignarstofnun sem sinnt hefur menntun yngstu nemenda grunnskólans og elstu barna leikskólans í 94 ár, frá stofnun hans 1926. Skólinn fer í öllu að grunnskólalögum og því er Aðalnámskrá grunnskóla það leiðarljós sem fylgt er við gerð skólanámskrár. Skólinn er fyrir 5 ára börn og nemendur 6-9 ára bekkja. Fjöldi nemenda í hverjum bekk er að jafnaði 17-21. Frístundaheimili Ísaksskóla er fyrir alla grunnskólanemendur skólans og er bekkurinn þétt setinn, þar sem tæplega 200 nemendur eru í leik og starfi alla daga vikunnar frá skólalokum á daginn, kl. 17:15. 5 ára deild Ísaksskóla er rekinn sem leikskóladeild og þar eru um 80 börn að leik og starfi. Skólahluti 5 ára deildar er frá kl. 8:30-13:25 alla daga og eftir það tekur Sólbrekka við, sem er leikskóladeild 5 ára barna, til kl. 17:15.

Markmið

Það er meginmarkmið Ísaksskóla að vera ávallt í fremstu röð grunnskóla í landinu á yngsta aldurstiginu. Nemendur í 4. bekk hafa almennt staðið sig vel á samræmdum prófum og frá upphafi verið vel yfir landsmeðaltali. Skólinn leggur mikinn metnað í kennslu í íslensku og stærðfræði. Auk þess er lögð rík áhersla á tónlist, myndlist, íþróttir og útiveru. Enska er kennd frá 5 ára aldri og spænska frá 6 ára aldri. Í skólanum er lögð mikil áhersla á söng. Nemendur læra nýja söngtexta í hverri viku. Söngurinn styður vel við lestrarnám barnanna, eykur málskilning þeirra og orðaforða. Samsöngur nemenda í sal skólans er tvisvar í viku og eru foreldrar ávallt velkomnir.

Stefna

Í skólanum eru heilbrigðir lífshættir hafðir að leiðarljósi. Lögð er áhersla á jákvætt lífsviðhorf og að styrkja sjálfsmynd barnanna. Stefna skólans er að mæta börnunum þar sem þau eru stödd og markvisst leiða þau áfram í átt til aukinnar færni og þroska. Faglegur metnaður er í fyrirrúmi í skólastarfinu. Í skólanum er lögð áhersla á að kenna nemendum markviss og öguð vinnubrögð og að þeim líði vel í sínu vinnuumhverfi.

Ísaksskóli er starfræktur í um 2.000 fm. skólahúsnæði í Bólstaðarhlíð 20 sem skiptist í aðalbyggingu og tvær samtengdar færanlegar kennslustofur á lóð skólans. Ísaksskóli hefur verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja Creditinfo á hverju ári frá 2018 til 2021.

Rekstur, stjórnendur og starfsfólk

Rekstur Ísaksskóla byggist á lögbundnum framlögum frá sveitarfélögum og skólagjöldum frá foreldrum. Skólastjóri er jafnframt framkvæmdar-, fjármála-, gæða- og starfsmannastjóri. Stjórn Ísaksskóla skipa Páll Harðarson formaður, Jóhann Örn Þórarinnson og Herdís Þórsteinsdóttir. Varamenn í stjórn eru Jónas Þór Guðmundsson, Árni Sigurðsson og Lára Jóhannesdóttir. Skólastjóri Ísaksskóla frá árinu 2009 er Sigríður Anna Guðjónsdóttir. Starfsmenn Ísaksskóla eru 54 í 42 stöðugildum. Kennarar skólans eru 26 og annað starfsfólk 28.



Mikið er sungið í Ísaksskóla og alla morgna hefst skóladagurinn á söng í kennslustofunum. Söngur á sal er tvisvar í viku allt skólaárið. Á föstudagsmorgnum er þétt setinn bekkurinn þegar aðstandendur nemenda staldra við og hlýða á sönginn.



Skriftarkennsla árið 1954.



Gamlar myndir frá skólstarfinu.

Skólaráð


Skólaráð Ísaksskóla skipa: Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri, Þóra Elísabet Kjeld fulltrúi kennara, Matthías Guðmundsson fulltrúi kennara, Pröstur Gunnar Sigvaldason fulltrúi starfsfólks, Anna María Guðnadóttir fulltrúi foreldra, Harpa Helgadóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Varamenn eru Hugrún Tanja Haraldsdóttir fulltrúi kennara og Jón Þór Einarsson fulltrúi foreldra.

Umhverfis- og persónuverndarstefna

Ísaksskóli starfar eftir metnaðarfullri umhverfisstefnu og samkvæmt gildandi persónuverndarlögum. Nefndir skólans hafa ólík hlutverk og misjafnt hvenær og hversu oft þær funda. Hver nefnd fyrir sig skipuleggur þau verkefni sem fyrir liggja og ber ábyrgð á að upplýsa starfsfólk skólans þegar það á við. Nefndirnar eru þemanefnd, umhverfisnefnd, útleikjanefnd, jafnréttisnefnd, teymi gegn einelti, innra mats teymi, skemmtinefnd og bókasafnsnefnd. Einnig starfa ýmis teymi tengd náminu. Þau eru: tungumálateymi, íþróttateymi, verkgreinateymi, áttahagafræðiteymi, upplýsingatækniteymi, sérkennsluteymi, tónlistarteymi, íslenskuteymi og stærðfræðiteymi.



Nemendur í kennslustund árið 1954.



Skipurit Ísaksskóla.



Kennarar og makar í skólaheimsókn í Austurríki, maí 2019.

Tónlistarskóli Árnesinga



Lúðarasveitarmaræðing í Höfuðborgin, nóv. 2019.



Jól með Sinfó, 14.-15. des. 2019.



Arndís Hildur á víólu og Söngfuglar.

Tónlistarskóli Árnesinga var stofnaður árið 1955 að frumkvæði sr. Sigurðar Pálssonar fyrrum vígslubiskups og Rotaryklúbbs Selfoss, en fyrsti skólustjóri tónlistarskólans var Guðmundur Gilsson (1955-1968). Um stjórnartaumana hafa í kjölfarið haldið þeir Jón Ingi Sigurmundsson (1968-1971), Glúmur Gylfason (1971-1972), Jónas Ingimundarson (1972-1974), Sigurður Ágústsson (1974-1978), Ásgeir Sigurðsson (1978-2000) og Róbert A. Darling (2000-2017). Núverandi skólustjóri er Helga Sighvatsdóttir. Jóhann I. Stefánsson er aðstoðarskólustjóri, en deildarstjórnar eru Edit Anna Molnár, Gestur Áskelsson, Guðmundur Kristmundsson, Margrét S. Stefánsdóttir og Vignir Ólafsson.

Rekstur skólans og nemendur

Að rekstri skólans koma öll átta sveitarfélög Árnessýslu, undir merkjum Héraðsnefndar Árnesinga og fer kennsla fram í öllum grunnskólum sýslunnar auk kennsluhúsnæðis að Eyravegi 9 og 15 á Selfossi (alls 14 kennslustaðir).

Strax í upphafi voru nemendur um 50 talsins, en í dag 65 árum frá stofnun skólans, eru 550 nemendur skráðir til náms og 37 kennarar sem starfa við skólann. Allt samspils-, hljómsveita- og kórastarf hefur vaxið og dafnað og eru starfandi 49 hópar í vetur.

Skólastarfið

Sem sjá má er starfsemi Tónlistarskóla Árnesinga umsvífamikill bæði hvað þjónustusvæði og fjölda nemenda varðar. Það sem skiptir þó mestu máli er að starfsemi er gríðarlega öflug og kennarahópurinn er skipaður vel menntuðu, metnaðarfullu og áhugasömu fólki. Árlega er haldinn mikill fjöldi tónleika. Auk smærri haust- og vortónleika, spila nemendur út um allt samfélagið fyrir jólin og á ýmsum viðburðum. Stórtónleikar hvers árs eru margir, en nefna má deildatónleika þar sem hópastarfið fær að njóta sín, á Degi tónlistarskólanna eru haldnir svæðisbundnir tónleikar víða um sýsluna og síðast en ekki síst má nefna óperusýningar sem settar eru upp þriðja hvert ár. Á öllum þessum stórviðburðum tekur um helmingur nemenda skólans þátt hverju sinni og kennarar lyfta grettistaki með vinnu sinni.

Tónlistarskóli Árnesinga hefur tekið virkan þátt í viðburðum bæði á landsvísi og milli landa, sem er mjög eflandi og gefandi fyrir nemendur. Innanlands má nefna æfingabúðir blásara-, strengja- og blokkflautusveita, samstarfsverkefni milli tónlistarskóla og uppskeruhátíð Nótunnar. Utanlands má nefna námskeið strengjanemenda í Póllandi, Suzuki-námskeið á Englandi, heimsókn blokkflautunemenda til Hollands og blásaramót á Spáni.

Markmið

Tónlistarskóli Árnesinga mun halda áfram að leggja sitt af mörkum til eflingar tónlistarfræðslu í Árnessýslu.



Ekki var hægt að halda venjulega tónleika svo það var allt í streymi og var nemendum boðið upp á að fara í upptökur. Arnar Gauti Markússon sá um upptökur fyrir nemendur og streymi á öllum tónleikum.



Öðruvísi reynsla fyrir nemendur að spila fyrir fólk á bakvið skjái.

Tónlistarskóli Rangæinga

Tónlistarskóli Rangæinga var stofnaður fyrir forgöngu og áhuga Björns Fr. Björnssonar f.v. sýslumanns um áramótin 1955-1956 og var Guðmundur Gilsson sem þá var forystumaður og kennari við Tónlistarskóla Árnesinga fenginn til að taka að sér faglega stjórn og kennslu við Tónlistarskóla Rangæinga.

Árið 1976 varð skólinn sameign allra hreppanna í sýslunni og var rekinn af þeim samkvæmt lögum um tónlistarskóla. Skólinn var rekinn samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla til ársins 1989 en þá voru tónlistarskólar fluttir til sveitarfélaga og hefur byggðasamlagið Tónlistarskóla Rangæinga rekið skólann síðan og skipað skólanefnd. Skólanefndina skipa Ágúst Sigurðsson formaður og sveitarstjóri Rangárþings Ytra, Lilja Einarasdóttir ritari og sveitarstjóri Rangárþings Eystra, Brynja J. Jónasdóttir f.h. Ásahrepps, Guðjón Halldór Óskarsson fulltrúi kennara og Sandra Rún Jónsdóttir skólastjóri.

Sandra Rún Jónsdóttir tók við störfum sem skólastjóri í ágúst 2020. Það er ekki frásögur færandi nema það að hún var einungis 26 ára gömul þegar hún tekur við starfinu sem þykir mjög ungt fyrir skólastjóra, og er hún yngst í starfsmannahópnum. En þrátt fyrir ungan aldur hefur hún mikla reynslu og menntun er varðar starfið.

Kennarar og nemendur

Í dag starfa um 20 kennarar við skólann í rúmlega 10 stöðugildum. Nemendur eru um 300 í allt, en skólinn sér um forskólakennslu í grunnskólum sýslunnar, forskólanemendur eru tæplega helmingur nemendafjölda skólans.

Skólastarfið

Skólinn starfar eftir Aðalnámskrá Tónlistarskólanna og er aðili að Prófanefnd tónlistarskóla. Boðið er uppá fjölbreytt nám í hljóðfæraleik og söng, bæði klassískt sem og rytmískt; á píanó, gítar, söng, stok strengi, blásturshljóðfæri og harmonikku.

Skólinn kennir á þremur stöðum í sýslunni; Laugalandi, Hellu og Hvolsvelli. Á Laugalandi fær skólinn lánaðar kennslustofur til afnota fyrir tónlistarkennslu, en á Hellu (Laufskálum 2) og á Hvolsvelli (Vallarbraut 16) hefur skólinn til umráða eigið húsnæði.

Árið 2020 hefur sett sitt strik í hvernig kennslu er háttað í skólanum vegna COVID-19. Þessi reynsla hefur kennt okkur margt en mun aldrei koma í stað fyrir hefðbunda kennslu en getur komið að góðum notum vegna óviðráðanlegra aðstæðna eins og veðurfars því nemendur skólans eru á mjög stóru og dreifbýlu svæði.

Markmið

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og stuðla að eflingu söngs og tónlistarstarfs í héraðinu og að allir sem vilja geti stundað tónlistarnám á sínum eigin forsendum.



Sandra Rún Jónsdóttir, skólastjóri.



Samtals voru haldnir 9 jólatónleikar í streymi í desember 2020.



Strengjasveit.

Tónlistarskóli Kópavogs



Tónlistarskóli Kópavogs í Hamraborg.

Tónlistarskóli Kópavogs tók til starfa í nóvember 1963. Fyrsti skólastjóri var Jón S. Jónsson tónskáld og voru kennarar þrír auk skólastjóra fyrsta skólaárið. Nemendur voru 37 og lærðu allir utan einn á píanó. Jón gegndi starfinu í tvö ár, er hann sagði starfi sínu lausu og fluttist til Bandaríkjanna til kennslustarfa í tónlist. Frank Herlufsen tónlistarkennari var ráðinn í hans stað haustið 1965 og gegndi hann því starfi í þrjú ár. Var Fjölur Stefánsson tónskáld þá ráðinn skólastjóri frá 1. september 1968.

Tók þá við mikið vaxtarskeið skólans en Fjölur gegndi starfi skólastjóra allt til ársins 2000. Skipulag skólans var endurskoðað, lagður grundvöllur að öflugum skóla með stofnun undirbúningsdeildar eða forskóla og kennsluhættir festir í sessi, sem hafa í stórum dráttum haldist fram á þennan dag. Í þeim efnum var horft til Bretlands en þar byggðist nám í hljóðfæraleik og söng upp á kerfi Associated Board of the Royal Schools of Music. Þetta kerfi varð einnig fyrirmynd að fyrstu samræmdu námskrám fyrir tónlistarskóla á Íslandi.

Burtfararpróf

Skólinn útskrifaði sinn fyrsta nemanda með burtfararpróf á 10 ára afmæli sínu árið 1973; Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur, söngkonu. Þremur árum síðar, árið 1976, lauk fyrsti nemandinn burtfararprófi í hljóðfæraleik, en það var Árni Harðarson, núverandi skólastjóri Tónlistarskólans. Margir fleiri hafa fylgt í kjölfarið sem lokið hafa burtfararprófi eða framhaldsprófi.

Reksturinn

Tónlistarskólinn var lengst af rekinn af Tónlistarfélagi Kópavogs í samræmi við lög. Þar er nú kveðið á um að sveitarfélög standi undir kennslukostnaði í tónlistarskólum, en annar rekstrarkostnaður, s.s. húsnæði, hljóðfæra kaup og laun annarra starfsmanna en kennara, skuli fjármagnaður með skólagjöldum. Rekstrarformi Tónlistarskóla Kópavogs var breytt árið 2001 í sjálfseignarstofnun. Um leið var fulltrúum bæjarfélagsins í fimm manna stjórn skólans fjölgað úr einum í tvo.

Húsnæði skólans

Á bernskuárum skólans voru húsnæðismálin jafnan erfiðustu viðfangsefnin, enda jafnan búið við þröngan kost. Skólinn var fyrstu árin til húsa í leiguhúsnæði í Félagsheimili Kópavogs og í húsnæði Skátafélags Kópavogs að Borgarholtsbraut 7 til eins árs. Úr húsnæðismálum rættist árið 1971 þegar skólinn tók á leigu húsnæði við Hamraborg 11. Skólinn stækkaði síðar við sig á sama stað með kaupum á viðbótarhúsnæði og var til húsa í Hamraborginni allt til haustsins 1999. Árið 1997 gerðist Tónlistarfélagið svo aðili að stofnsamningi um Tónlistarhús Kópavogs ásamt Kópavogsbæ. Tónlistarskólinn flutti í hið nýja og glæsilega húsnæði, sem jafnframt var 1. áfangi Menningarmiðstöðvar Kópavogs, haustið 1999 og hafði þar með eignast framtíðarheimili.



Tónlistarskóli Kópavogs í Hamraborg.

Námið

Í dag er Tónlistarskóli Kópavogs einn af stærstu tónlistarskólum landsins og starfar í samræmi við markmið aðalnámskrár tónlistarskóla. Hlutverk skólans er að veita nemendum sínum góða undirstöðuþekkingu og þjálfun í tónlist, ásamt því að leggja rækt við að undirbúa efnilega tónlistarnema fyrir frekara nám. Boðið er upp á kennslu í hljóðfæraleik, þar sem nemendur geta valið á milli allra helstu hefðbundinna strengja- og blásturshljóðfæra auk harmoníku, hörpu, sembals og píanós. Skólinn býður einnig upp á söngnám og í fullkomnu hljóðveri skólans eiga nemendur kost á að leggja stund á tölvutónlist. Til viðbótar treysta nemendur almenna þekkingu sína með ástundun fræðilegra greina, s.s. tónfræði, hljómfraði, tónheyrnar og tónlistarsögu.

Skólastjórnendur

Skólastjóri frá árinu 2000 er Árni Harðarson og aðstoðarskólastjóri Kristín Stefánsdóttir.

Söngdeild.





Bókasöfn á Íslandi - eitt kerfi

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir



Á Íslandi eru starfrækt rúmlega 300 bókasöfn, stór og smá. Flest eru aðilar að bókasafnskerfinu Gegnir og leitarvélinni Leitir, en bæði kerfin eru rekin af Landskerfi bókasafna, sem er opinbert hlutafélag. Notendur geta leitað í safnkosti allra bókasafnanna eða einstakra safna. Bókasöfnin skiptast í nokkra flokka eftir því hvaða notendahópi þau þjóna og eru langflest á vegum opinberra aðila.

Forverar almenningsbókasafna voru lestrarfélögin, en það fyrsta var stofnað 1790. Lestrarfélögin voru frjáls félagasamtök fólks sem skaut saman fjármunum til að kaupa bækur, sem síðan gengu á milli félagsmanna. Þau urðu rúmlega 400 og störfuðu í lengri eða skemmri tíma. Á fyrri hluta 20. aldar var mörgum þeirra breytt í almenningsbókasöfn á vegum sveitarfélaga.

Árið 1937 voru sett lög um lestrarfélög og árið 1955 lög um almenningsbókasöfn. Þau lög voru endurskoðuð 1963, 1976 og 1997. Með nýjum bókasafnalögum nr. 150/2012 var tilgangurinn að efla starfsemi og samvinnu allra bókasafna á landinu, þannig að þau geti sem best gegnt því hlutverki sínu að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir. Þeim er einnig ætlað að halda uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfnin hafa að geyma. Bókasafnalögin ná einnig yfir starfsemi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Hljóðbókasafns Íslands, svo og háskólabókasafna, almenningsbókasafna, bókasafna framhalds- og grunnskóla, sérfræðibókasafna og bókasafna í stofnunum sem reknar eru af ríki eða sveitarfélögum, eftir því sem við á. Sérlæg gilda einnig um Landsbókasafn – Háskólabókasafn nr. 142/2011, auk laga um skylduskil til safna nr. 20/2002.

Söfnin mynda sameiginlega bókasafnakerfi landsins. Þau skulu taka þátt í samstarfi bókasafna og safnkostur þeirra skal vera aðgengilegur eftir því sem við verður komið. Upplýsingar um safnkostinn skulu aðgengilegar öllum, og það er m.a. gert í gegnum bókasafnskerfin Gegnir og Leitir.

Bókasafnaráð

Skv. bókasafnalögum starfar bókasafnaráð sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna tilnefna hvort sinn fulltrúa í ráðið, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, tilnefnir tvo fulltrúa ólíkra flokka bókasafna, og einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar. Landsbókavörður og forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands sitja fundi bókasafnaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk ráðsins er að vinna að stefnumörkun um starfsemi bókasafna, að setja reglur um söfnun og úrvinnslu tölfraeðiupplýsinga um bókasöfn á Íslandi sem ráðherra staðfestir, að setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur, að veita umsögn um styrkumsóknir úr bókasafnasjóði og að sinna öðrum verkefnum á sviði málefna bókasafna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.



Framhald á næstu opnu →

Menntun starfsfólks - kennsla við Háskóla Íslands

Fyrsti sérmenntaði íslenski bókasafnmaðurinn var Sigurgeir Friðriksson, en hann stundaði nám í Danmörku 1920-21 og síðar í Bandaríkjunum. Hann varð bæjarbókasafnmaður í Reykjavík að loknu námi. Nokkrir einstaklingar sóttu sér menntun og fræðslu erlendis á næstu áratugum, en kennsla í bókasafnsfræði (librarianship / library science) hófst við Háskóla Íslands árið 1956. Framan af voru fáir nemendur, en smám saman óx fræðigreininni fiskur um hrygg. Nokkrir erlendir sendikennarar komu til landsins, og settu mark sitt á kennsluna. Námið var upphaflega á BA stigi en árið 1993 var í fyrsta sinn boðið upp á meistaranám. Þá var tekin upp kennsla í skjalastjórn og nafninu breytt í bókasafns- og upplýsingafræði, en er nú upplýsingafræði og nær yfir bæði bókasöfn og skjalasöfn, auk margvíslegrar upplýsingastjórnunar. Árið 2007 hófst doktorsnám og fyrsti nemandinn útskrifaðist með doktorsgráðu árið 2013. Frá því ári hefur námið eingöngu verið á meistarastigi, bæði MA og MLIS, þannig að nemendur koma með ákveðna sérþekkingu inn í námið. Kennslan er nú að miklu leyti í fjarkennslu gegnum kennsluferfi Háskóla Íslands og auðveldar það nemendum á landsbyggðinni að stunda námið. Ýmis hagsmunafélög og hópar hafa verið stofnuð s.s. Bókavarnafélag Íslands, Félag bókasafnsfræðinga og hópar eftir safnategundum. Nú geta allir sem starfa á bókasöfnum verið félagar í sameinuðu fagfélagi, Upplýsingafræðingum. Starfsfólk safnanna er síðan í mismunandi stéttarfélagum, s.s. Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU).

Tegundir bókasafna

Meginhlutverk bókasafna er að útvega fólki lesefni og upplýsingar á hvaða formi sem er, hvort sem það eru fagurbókmenntir eða fræðibækur og þar með upplýsingar um hin ýmsu málefni. Einnig er það hlutverk bókasafna að hvetja fólk til að meta efnið og að bjóða upp á hlutlaust rými, þar sem engar kröfur eru gerðar til gesta aðrar en tillitsemi við aðra.

Grunnskólar - skólasöfn

Í grunnskólalögum nr. 91/2008 er gert ráð fyrir skólasafni í öllum grunnskólum eða að tryggður sé aðgangur að þjónustu slíks safns, sem skal vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Skólasafnið skal búið safnkosti sem tengist námsgreinum og námssviðum aðalnámsskrár grunnskóla. Áhersla er á lestur fagurbókmennta og í aðalnámsskrá hefur hugtakið læsi jafnframt verið víkkað út og tekur einnig til stafræna samskipta s.s. stafræns læsis, miðlamenntar og miðlælæsis, sem upplýsingafræðingar nefna jafnan upplýsingalæsi. Í 24. gr. laganna, er lögð áhersla á margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni og safna- og heimildavinnu. Ekki hafa allir grunnskólar á landinu komið á fót skólasafni, en í nokkrum sveitarfélögum er öflugt samstarf eða samrekstur almennings- og skólasafna. Gera má ráð fyrir að þegar sveitarfélögum fækkar og þau stækka, þá eflist slíkt samstarf.





Framhaldsskólar - framhaldsskólasöfn

Í öllum framhaldsskólum skal gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Hlutverk þeirra er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Þau skulu búin bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla. Í tengslum við starfsemi skólasafns í framhaldsskólum skal vera lesaðstaða með aðgangi að upplýsingaritum. Leggja skal áherslu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga og notkun gagnabanka. Skv. 10. gr. reglugerðar nr. 1100/2007 um starfslið og skipulag framhaldsskóla, skal yfirmaður skólasafns vera bókasafnsfræðingur, sem hefur umsjón með daglegum rekstri, bóka- og gagnakosti og lesrymum.

Háskólar - háskólabókasöfn

Háskólabókasöfnin eru sjö talsins, eitt við hvern háskóla. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er bókasafn Háskóla Íslands skv. lögum nr. 142/2011. Háskólabókasöfn hafa með sér reglulegt samráð og vinna að mörgum sameiginlegum verkefnum, s.s. kaupum á rafrænu efni, fræðslu og rekstri gagnagrunnanna Skemman og Opin vísindi, fræðslu í upplýsingalæsi o.fl. Hlutverk safnanna er að veita sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna á sérviðum skólanna. Með sumum þeirra starfa bókasafnsnefndir, en stjórn er hjá Landsbókasafni - Háskólabókasafni.

Almenningsbókasöfn

Hlutverk almenningsbókasafna er að vera menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir og eru þau rekin af sveitarfélögum og skulu allir landsmenn eiga kost á þjónustu almenningsbókasafna, samkvæmt bókasafnalögum. Í 8. gr. laganna segir að fyrir hverju almenningsbókasafni skuli vera stjórn, kjörin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum. Skipunartími stjórnar er hinn sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Sveitarstjórn er heimilt að skipa eina bókasafnsstjórn fyrir öll almenningsbókasöfn sem rekin eru af sveitarfélaginu eða fela fastanefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélags að fara með málefni almenningsbókasafna. Stjórn bókasafns skal gæta þess að þar sé unnið í samræmi við lög og reglugerðir og eftir faglegum viðmiðunum á sviði bókasafna- og upplýsingamála. Það er misjafnt hversu miklum fjárumunum sveitarfélög verja til rekstur almennings- og skólasafna, en reynslan sýnir að því stærra og fjölmennara sem sveitarfélagið er, því öflugri eru bókasöfnin. Starfsemi flestra almenningsbókasafna hefur eflst mjög á undanförunum árum. Þau hafa tekið að sér margvíslega þjónustu við nærsamfélagið og menningarleg starfsemi þeirra hefur einnig aukist verulega. Flest almenningsbókasöfnin taka mið af þróun sem hefur orðið víða á Norðurlöndum, um að skapa hlutlaust rými, þar sem notandinn getur komið og dvalist á eigin forsendum og nýtt sér það sem stendur til boða. Í mörgum almenningsbókasöfnum fer fram öflugt barna og ungmennastarf og einnig fyrir eldri borgara. Almenningsbókasöfnin eru hluti af annarri menningar- og safnastarfsemi



Framhald á næstu opnu →

á vegum sveitarfélaga og vinna með öðrum stofnunum á þeirra vegum s.s. skólasöfnum, minjasöfnum, skjala- og ljósmyndasöfnum, svo fátt eitt sé nefnt. Þá skapa þau vettvang fyrir margvíslegar dagskrár og uppákomur á vegum sveitarfélaga, auk viðburðastjórnunar. Þar má nefna lestrarátök, menningardagskrár, tónlistarflutning, spila- og skákmót, dagskrár um héraðssögu, saumakvöld og lán á verkfærum og tækjum.

Engar kröfur gerðar til notenda sem koma í söfnin, nema góð samskipti og góð umgengni, bókasafnið hlutlaust svæði sem allir geta fært sér í nyt, hvort sem það er að glugga í bók, horfa á bíómynd, taka þátt í dagskrá, vera í tölvunni, hlusta, föntra, eða hitta aðra.

Rafbókasafnið

Rafbókasafnið er sameiginlegt kerfi fyrir almenningsbókasöfnin, rekið af Landskerfi bókasafna hf. og Borgarbókasafni Reykjavíkur. Rekstur þess hófst árið 2016. Þar geta notendur fengið að láni rafbækur og hljóðbækur, bæði erlendar og íslenskar, en rúmlega 60 almenningsbókasöfn eru aðilar að kerfinu.

Hljóðbókasafn Íslands

Hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er skv. 15. gr. bókasafnalaga að sjá þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir bókasafnsþjónustu með miðlun á fjölbreyttu safnefni, þar á meðal námsgögnum, í sem bestu samræmi við óskir og þarfir notenda. Hljóðbókasafn skal hafa samstarf við aðila sem standa að skipulagningu bókasafnamála, þá sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis og þá sem starfa að málefnum blindra og sjónskertra og annarra hópa fatlaðra sem njóta þjónustu safnsins. Safninu er heimilt að gera þjónustu- og samstarfssamninga við slíka aðila og kostnaður við rekstur safnsins greiðist úr ríkissjóði. Hljóðbókasafnið miðlar skáldverkum, fræðiritum og öðru efni s.s. námsgögnum, til blindra og til þeirra sem eiga við lestrarörðugleika að etja. Safnið skal hafa samstarf við aðila sem standa að skipulagningu bókasafnamála, þá sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis og þá sem starfa að málefnum blindra og sjónskertra og annarra hópa fatlaðra sem njóta þjónustu safnsins.

Sérfræði- og stofnanabókasöfn

Sérfræðisöfn og bókasöfn stofnana sem reknar eru af ríki eða sveitarfélögum skulu vera þekkingarmiðstöðvar á þeim sviðum sem þau eru helguð skv. 7. gr. bókasafnalaga. Undir þetta ákvæði falla einnig háskólabókasöfnin. Ýmsar opinberar stofnanir hafa sett á fót lítil sérfræðisöfn, með safnkosti á viðkomandi fræðasviði og sérstaklega stofnanir þar sem stundaðar eru rannsóknir. Þar má m.a. nefna Landspítala - Háskólasjúkrahús, Orkustofnun og Hafrannsóknastofnun. Safnkostur sem starfsfólk þessara stofnana þarf á að halda er að mestu orðinn rafrænn og aðgengilegur í gegnum tölvur, þannig að hlutverk þessara safna er að breytast og sum þeirra jafnvel verið lögð niður eða sameinuð öðrum á síðari árum.





Þjóðarbókhlaðan.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er bæði þjóðbókasafn Íslendinga og bókasafn Háskóla Íslands. Það starfar skv. lögum nr. 142/2011 og er rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Það sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála. Samstarf við Háskóla Íslands byggir á sérstökum samstarfssamningi sem er endurskoðaður með reglubundnum hætti. Á síðari árum hefur safnið lagt áherslu á rafræna miðlun upplýsinga, m.a. með kaupum á erlendum gagnasöfnum og stafrænni endurgerð íslenskrar útgáfu. Safnið er skylduskilasafn skv. lögum um skylduskil til safna, og það fær 3-4 eintök af allri útgáfu í landinu, á hvaða formi sem er, s.s. bækur, blöð og tímarit, landakort, hljóðrit, kvikmyndir og verk á rafrænu formi. Safnið skal halda skrár um þessi verk og eru þær birtar í bókasafnskerfinu Gegnir og leitarvélinni Leitir. Tilgangurinn er að tryggja varðveislu og aðgengi að íslenskum menningararfi.

Þá eru í safninu ýmis sérsöfn s.s. handritasafn, kvennasögusafn, leikminjasafn, miðstöð munnlegrar sögu og tónlistarsafn. Þau taka á móti margvíslegu efni sem tengist þeirra sérsviðum. Í húsi safnsins, Þjóðarbókhlaðunni, er aðstaða til rannsókna, lesturs og skoðunar, auk þess sem veitt er öflug upplýsingaþjónusta. Ennfremur rekur safnið verkefnið Landsaðgangur að rafrænum áskriftum, en þar eru keypt erlend gagnasöfn sem íslensk bókasöfn og stofnanir greiða fyrir, en þau eru opin á landsvísu.

Safnið rekur um 30 upplýsingavefi, smáa og stóra, og má þar nefna vefi með stafrænni endurgerð s.s. tímarit.is, bækur.is og hljóðsafn.is, upplýsingavefi s.s. leiðarvísasafn.is, skemman.is og opinn-aðgangur.is og sögulega vefi s.s. hallgrímurpetursson.is og jonarnason.is. Nýtt verkefni er varðveislusafnið IRIS (Icelandic Research Information System), sem verður vettvangur vísinda- og fræðafólks á Íslandi, og er ætlað að halda utan um rannsóknir og birtingar íslenskra vísindagreina.

Landskerfi bókasafna

Flest eru bókasöfnin aðilar að miðlæga bókasafnskerfinu Gegnir og leitarvélinni Leitir, sem eru rekin af Landskerfi bókasafna, en það er opinbert hlutafélag. Sameiginlegt bókasafnskerfi hefur sparað gífurlega vinnu á bókasöfnunum við kerfisrekstur og við skráningu og flokkun efnis í hverju safni. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn fer með gæðastjórnun á skráningarfærslum í Gegni, og söfnin tengja sitt efni við rétta skráningarfærslu, þannig að notandinn getur alltaf séð hvaða bókasöfn eiga viðkomandi efni. Starfsfólkið getur þá beint kröftum sínum að annarri þjónustu s.s. upplýsingagjöf, menningardagskrám og viðburðastjórnun.






Ambókasafnið á Akureyri.

Þjónustumiðstöð bókasafna

Þjónustumiðstöð bókasafna er sjálfseignarstofnun, en markmið hennar er að bæta bókasafnsþjónustu á Íslandi og styðja bókasöfnin í að gera lestur, upplýsingar, menntun og menningu aðgengilega almenningi. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í bókasafnsbúnaði og húsgögnum og flytur inn margvíslega smávöru fyrir bókasöfnin.

Öll mynda þessi bókasöfn og stofnanir eitt kerfi fræða, menningar, þjónustu og upplifunar, og auðga þannig íslenskt samfélag.





Níu líf Bubba, Björn Stefánsson.



Rikharður, Hjörtur Jóhann Jónsson.

Borgarleikhúsið - Leikfélag Reykjavíkur



Borgarleikhúsið.

Borgarleikhúsið

Borgarleikhúsið var opnað árið 1989 og er ein helsta menningarstofnun Reykjavíkur. Leikfélag Reykjavíkur heldur utan um rekstur Borgarleikhússins, en auk þess er Íslenski dansflokkurinn til heimilis í húsinu. Borgarleikhúsið er stærsta og best búna leikhús landsins, 10.400 fermetrar að stærð með þremur leiksviðum, eigin smíðaverkstæði, saumastofu og leikmunaverkstæði. Við opnun hússins voru sviðin tvö, Stóra sviðið, með sætum fyrir 550 áhorfendur, og Litla sviðið, breytilegur salur sem rúmar allt að 200 manns. Í október 2001 var þriðja sviðinu bætt við, Nýja sviðinu, þar sem sæti eru fyrir allt að 300 áhorfendur. Á hverju ári koma vel á þriðja hundrað þúsund gesta í Borgarleikhúsið. Auk sýninga á vegum Leikfélags Reykjavíkur, Íslenska dansflokksins og samstarfsverkefna, fara fram margvíslegir viðburðir í Borgarleikhúsinu, allt frá fundum og ráðstefnum til sýninga dansskóla og hæfileikakeppni grunnskóla.

Leikfélag Reykjavíkur

Leikfélag Reykjavíkur ses. annast rekstur Borgarleikhússins samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi við Reykjavíkurborg. Heildarvelta félagsins leikárið 2018-2019 nam 1.588 mkr. Þar af nam rekstrarframlag Reykjavíkurborgar 673 mkr. (42% af veltu) og sjálfsaflafé því 915 mkr. (58% af veltu). Í samburði við sambærilegar listastofnanir héraendis og erlendis er hlutfall sjálfsaflafjár af heildartekjum leikhússins mjög hátt. Sjálfsaflafé teljast tekjur af miðasölu, útleigu, veitingasölu, markaðssamstarfi o.fl. Langstærsti gjaldaliðurinn í rekstri leikhússins er launagreiðslur, um það bil 69% af veltu og að jafnaði eru um 180 starfsmenn starfandi hjá leikhúsinu.

Skyldur Leikfélagsins samkvæmt rekstrarsamningi þess við Reykjavíkurborg eru að standa fyrir öflugri og samfelldri menningarstarfsemi í Borgarleikhúsinu, á eigin vegum, í samstarfi við aðra eða með öðrum hætti sem tryggir góða nýtingu hússins. Leikfélaginu ber að setja upp fimm leiksýningar á ári hverju hið minnsta og tryggja auk þess að minnsta kosti tveimur sjálfstæðum leikhópum afnot af húsnæði Borgarleikhússins til æfinga og sýninga. Auglýsa skal opinberlega eftir umsóknum leikhópa fyrir 1. mars ár hvert.

Í starfsemi Borgarleikhússins er lögð áhersla á fjölbreytt og metnaðarfullt verkefnaval. Grunnurinn liggur í samþykktum Leikfélags Reykjavíkur, samningi þess við Reykjavíkurborg og stefnumótun leikhússins hverju sinni undir forystu leikhússtjóra. Hann stýrir verkefnavali en með virkri þátttöku listrænna ráðunauta og starfsmanna hússins, gjarnan með verkefnavalsnefnd og reglulegum leiklestrum. Stjórn Leikfélags Reykjavíkur samþykkir verkefnaval leikárs vorid á undan.

Leikfélag Reykjavíkur er elsta leikfélag sem starfað hefur óslitið á Íslandi og er jafnframt eitt elsta starfandi menningarfélag landsins, stofnað 11. janúar 1897. Það var frá upphafi mjög metnaðarfullt og félagarnir tilbúnir að leggja hart að sér til að standa fyrir sjónleikjum af hæsta gæðaflokki. Leikfélagið hlaut fyrst fjárstuðning frá hinu opinbera 1899 sem ásamt viðtökum

Leikhússtjórar Leikfélags Reykjavíkur

Sveinn Einarsson 1963 - 1972

Vigdís Finnbogadóttir 1972 - 1980

Stefán Baldursson og

Þorsteinn Gunnarsson 1980 - 1983

Stefán Baldursson 1983 - 1987

Hallmar Sigurðsson 1987 - 1991

Sigurður Hróarsson 1991 - 1996

Viðar Eggertsson 1996

Þórhildur Þorleifsdóttir 1996 - 2000

Guðjón Pedersen 2000 - 2008

Magnús Geir Þórðarson 2008 - 2014

Kristín Eysteinsdóttir 2014 - 2020

Brynhildur Guðjónsdóttir frá 2020



Njála.



Mamma Mía.

áhorfenda og gagnrýnenda gerði það að verkum að félagið öðlaðist fljótt algjöra sérstöðu í íslensku menningarlandslagi og má segja að það hafi gegnt hlutverki þjóðleikhúss fram að opnun Þjóðleikhússins 1950.

Starfsemin

Starfsemi Leikfélagsins fór frá upphafi fram í lðnó við Tjörnina, en upp úr miðri síðustu öld var ljóst að gamla leikhúsið við Tjarnarbakkann var orðið of lítið fyrir starfsemina. Um tíma voru sýningar haldnar í Tjarnarbíói, í Austurbæjarbíói og víðar, en hugmyndir um byggingu nýs leikhúss tóku að mótast í byrjun sjötta áratugarins. Leikfélagið hafði stofnað Húsbyggingarsjóð árið 1953 og snemma árs 1975 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur stofnskrá fyrir Borgarleikhúsið í Reykjavík. Segir þar m.a. að Leikfélagið og Reykjavíkurborg láti reisa sameiginlega hús til sjónleikjahalds í borginni sem rekið yrði sem sjálfstæð stofnun í eigu beggja aðila. Ári síðar var fyrsta skóflustunga tekin að nýju leikhúsi við Kringluna og þann 3. september 1989 var Leikfélaginu afhent lyklavöldin að Borgarleikhúsinu.

Frá opnun Borgarleikhússins hefur Leikfélag Reykjavíkur staðið fyrir metnaðarfullu starfi. Hjarta leikhússins er leikhópurinn sem flutti stoltur frá „gamla miðbænum“ í „nýja miðbæinn“ og hefur að jafnaði staðið fyrir öflugri en jafnframt fjölbreyttri verkefnaskrá ár hvert. Að auki hefur Leikfélagið tryggt annarri menningarstarfsemi aðstöðu í húsinu, boðið til sín gestaleikjum og tekið þátt í innlendu sem erlendu samstarfi. Borgarleikhúsið er eins og lðnó forðum, menningarmiðja í Reykjavík.

Skömmu eftir að Leikfélagið flutti inn í Borgarleikhúsið var gerður nýr samningur við Reykjavíkurborg sem gekk í gildi 11. janúar árið 2000. Félagið er opið öllu áhugafólki um leiklist og leikhúsrekstur. Leikfélag Reykjavíkur er sjálfseignarstofnun og byggir á lögum um sjálfseignarstofnanir. Stjórn Leikfélags Reykjavíkur ber ábyrgð á rekstri Leikfélags Reykjavíkur og Borgarleikhúss en ræður leikhússtjóra sem stýrir leikhúsinu í umboði stjórnar. Stjórnin ræður einnig framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á fjármálum og rekstri leikhússins.

Stjórn

Í dag sitja í stjórn: Eggert Benedikt Guðmundsson, formaður, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, varaformaður, Védís Hervör Árnadóttir, ritari, Hilmar Oddsson, meðstjórnandi og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, meðstjórnandi.

Varamenn eru: Sigríður Hagalín Björnsdóttir og Þorsteinn S. Ásmundsson.



Elly, Katrín Halldóra Sigurðardóttir.



Samkomuhúsið.

Ljósmynd: Auðunn Nielsson.

Menningarfélag Akureyrar



Purrður Helga Kristjánsdóttir,
framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar.

Menningarfélags Akureyrar

Menningarfélag Akureyrar er sjálfseignarstofnun sem samanstendur af þremur menningarstofnunum á Akureyri; Leikfélagi Akureyrar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Menningarfélaginu Hofi. Sameiningin tók í gildi árið 2014 og er markmiðið að skapa öflugan vettvang fyrir þrjár af stærstu menningarstofnunum á Norðurlandi til að starfa saman, sækja fram í menningarlífi á Akureyri og efla enn frekar þá starfsemi sem þessir aðilar hafa staðið að. Í starfseminni er áhersla lögð á fagmennsku í listum, jafnvægi í rekstri og góðan starfsanda. Vefsíða Menningarfélagsins www.mak.is

Markmið Menningarfélags Akureyrar

*Efla atvinnustarfsemi í leiklist og sífónískri tónlist á Akureyri
Bjóða fyrirmyndarvettvang fyrir tónlistar- og sviðslistaviðburði, fundi og ráðstefnur
Stuðla að öruggum rekstri og góðri meðferð og nýtingu opinberra fjármuna
Stuðla að auknu framboði og fjölbreytileika í menningar- og listalífi Norðurlands*

Stjórnendur

Framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar er Purrður Helga Kristjánsdóttir. Leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar er Marta Nordal. Viðburðarstjóri Menningarhússins Hofi er Kristín Sóley Björnsdóttir. Tónlistarstjóri MAK er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson.

Leikfélag Akureyrar

Leikfélag Akureyrar er eina atvinnuleikhús landsins utan höfuðborgarsvæðisins og hefur verið atvinnuleikhús frá árinu 1973. Það er rekið með stuðningi Akureyrbæjar á grunni samnings við menntamálaráðuneytið. Saga Leikfélagsins spannar yfir heila öld en félagið var stofnað árið 1908. Leikfélag Akureyrar hefur sitt aðal aðsetur í fallegu húsi sem stendur nærri hjarta Akureyrar, Samkomuhúsinu, sem tekur 210 manns í sæti. Samkomuhúsið er hefðbundið leikhús með sviði, upphækkuðum sal og svölum.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nútímaleg og verkefnamiðuð hljómsveit. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Fyrir utan að hafa í hávegum flutning á klassískri tónlist hefur hljómsveitin á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenski sífónískri tónlist. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands brýtur múra milli tónlistarstefna og leitast við að brúa bilið milli áheyrenda og flytjenda með samstarfi við listamenn úr öðrum geirum tónlistarlífsins. Frábær árangur hljómsveitarinnar ber vitnisburð um að starfsemi hennar hefur unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.



Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, tónlistarstjóri
Menningarfélags Akureyrar.



Menningarhúsið Hof.

SifoniaNord

Sprotaverkefni Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands heita SifoniaNord. Tilgangur verkefnisins er að skapa hljóðfæraleikurum SN aukin atvinnutækifæri. Undir verkefnið falla upptökur á alþjóðlegri kvikmyndatónlist í Hofi og þjónustuverkefni þar sem Hljómsveitin veitir sífóníska þjónustu til þriðja aðila. Aðstæður og tækjabúnaður Hofs til að taka upp sífóníska tónlist er á heimsælikvarða og ekki skemmir Hljómburður Hamraborgar fyrir.

Verkefnið hefur verið starfrækt síðan 2015 og hefur nú þegar verið hljóðrituð kvikmyndatónlist fyrir Netflix, BBC, Sony og History Channel svo eitthvað sé nefnt. Undir þjónustuverkefni falla verkefni eins og Lord of the Rings, þar sem kvikmyndirnar þrjár eru sýndar við lífandi undirleik 230 tónlistarmanna og söngleikir á borð við Phantom of the Opera og War of The Worlds, auk undirleiks á tónleikum listamanna úr öðrum geirum tónlistarinnar. Söngleikurinn EVITA í Eldborg 15. nóvember 2019 er dæmi um þjónustuverkefni þar hljóðfæraleikarar með samning við SN eru ráðnir.

Sprotaverkefnið SifoniaNord hlaut nýsköpunarverðlaun Akureyrar 2017 ásamt Atla Örvarssyni og var valið átaksverkefni sóknaráætlunar Eyþings 2018.

Menningarhúsið Hof

Menningarhúsið Hof er staðsett í miðbæ Akureyrar og er eitt af helstu kennileitum bæjarins. Í Hofi er framúrskarandi aðstaða fyrir allar gerðir viðburða. Fjölbreytt úrval rýma í húsinu gefur kost á að halda þar allt frá litlum stjórnarfundum og námskeiðum upp í fjölmennar ráðstefnur, stórtónleika og glæsilegar veislur. Starfsfólk Menningarhússins Hofs hefur mikla reynslu af skipulagningu fjölbreyttra viðburða og veitir faglega ráðgjöf auk þess að vera skipuleggjendum innan handar við undirbúning og framkvæmd. Glæsileg hönnun hússins að innan sem utan skapar notalegt andrúmsloft og og vekur mikla athygli gesta og gangandi. Menningarhúsið Hof er miðpunktur menningar á Norðurlandi og þjónustar íbúa á öllum norðurausturhluta landsins með fjölbreyttu úrvali viðburða. Árlega sækja þúsundir gesta alls staðar að af landinu, auk erlendra gesta, Hof til að sækja menningar- og listviðburði, sífóníutónleika, ráðstefnur, fundi og svo mætti lengi áfram telja. Rekstur Menningarhússins Hofs er í höndum Menningarfélags Akureyrar sem sér að auki um framleiðslu á mörgum viðburðum sem fram fara bæði í Hofi og Samkomuhúsinu. Þess utan sér Menningarfélag Akureyrar um útleigu á fjölbreyttum rýmum Hofs og Samkomuhússins fyrir hvers kyns viðburði og stuðlar þannig að auknu framboði og fjölbreytileika í öflugu menningarlífi á Norðurlandi. Saga Menningarhússins Hofs á Akureyri nær aftur til ársins 1999, þegar ákvörðun um byggingu hússins var tekin, enda þörfin fyrir góða aðstöðu til tónleikahalds og aðra listviðburði óumdeild. Opunarhátíð Hofs og vígsla hússins var á Akureyrarvöku dagana 27. til 29. ágúst 2010.



Marta Nordal, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar.



Kristín Sóley Björnsdóttir, viðburðarstjóri Hofs.



Björn Thors í hlutverki sínu í verkinu Vertu úlfur.



Leikarar Þjóðleikhússins.

Ljósmyndir: Atli Þór Alfreðsson, Grímur Bjarnason, Hörður Sveinsson og Vignir.

Þjóðleikhúsið



Þjóðleikhúsið, teiknað af Guðjóni Samúelssyni.

Efnið sem notað var utan á Þjóðleikhúsið var uppfinning Guðjóns. Þrjár bergtegundir: hrafninn, kvars og silfurberg, voru muldar saman og steypan húðuð með þessu efni. Þannig fékk húsið sinn sérstaka svip og í kjölfarið var bergmulningur, eða steining, notuð víða á íslensk hús.

Þjóðleikhússtjórar frá upphafi

Guðlaugur Rósinkrans 1949 – 1971

Sveinn Einarsson 1972 – 1983

Gísli Alfreðsson 1983 – 1991

Stefán Baldursson 1991 – 2004

Tinna Gunnlaugsdóttir 2005 – 2014

Ari Matthíasson 2015 – 2019

Magnús Geir Þórðarson 2020 -

Þjóðleikhúsið er lifandi og kraftmikið leikhús sem á brýnt erindi við fólkið í landinu

Í Þjóðleikhúsinu eru settar á svið framúrskarandi leiksýningar sem skemmta áhorfendum, ögra þeim, vekja þá til umhugsunar og veita þeim innblástur. Þjóðleikhúsið sýnir fjölbreytt úrval sviðsverka sem er ætlað að höfða til ólíkra áhorfendahópa, með það að markmiði að efla og glæða áhuga landsmanna á list leikhússins og auðga leikhúsmenningu í landinu. Á hverju ári eru um 30 ólíkar sýningar á fjöllum leikhússins. Þar af er um tugur nýrra frumsýninga, en að auki sýnir leikhúsið verk frá fyrra leikári ásamt samstarfs- og gestasýningum.

Þjóðleikhúsið - byggingin

Guðjón Samúelsson arkitekt (1887-1950) teiknaði Þjóðleikhúsið. Hann var fyrstur Íslendinga á 20. öld til að ljúka háskólaprófi í byggingarlist og gegndi hann embætti húsameistara ríkisins í þrjá áratugi, allt frá árinu 1920 til ársins 1950. Hann var einn mikilvirkasti og áhrifamesti arkitekt landsins, hannaði fjölda opinberra bygginga og hafði mikil áhrif á hugmyndir um borgarskipulag. Byggingar sem hann hannaði er að finna í flestum byggðarlögum á Íslandi og má þar nefna Háskóla Íslands, Hallgrímskirkju og Akureyrarkirkju.

Fjölbreytt verkefnaval

Á verkefnaskránni eru að jafnaði ný og eldri innlend og erlend verk, klassískar leikbókmenntir, söngleikir og barnasýningar, sem og sýningar af ýmsu tagi unnar í samstarfi við leikhópa, danslistafólk og listastofnanir. Sérstök rækt er lögð við innlenda nýsköpun og ný íslensk leikverk. Þjóðleikhúsið leggur einnig ríka áherslu á að efla áhuga og skilning yngri kynslóða á leikhúsinu með sýningum fyrir börn og unglinga og fræðslustarfi. Leikið er á fimm ólíkum leiksviðum í leikhúsinu, en Þjóðleikhúsið sýnir einnig sýningar á leikferðum um landið.

Metnaður á öllum sviðum

Fastráðið starfsfólk leikhússins er um 100 manns, en einnig starfa tæplega 200 lausráðnir starfsmenn við leikhúsið á ári hverju. eru þá ótaldir starfsmenn gesta- og samstarfsverkefna. Í Þjóðleikhúsinu starfar metnaðarfullt sviðslistafólk í fremstu röð, og leikhúsið á í samstarfi við heimsspekta erlenda listamenn og leikhús. Þar er lögð alúð við að efla innra starf og starfsánægju, með áherslu á jafnréttismál. Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar og um starfsemi þess er fjallað í lögum nr. 165/2019 um sviðslistir.

Fræðslustarf - Þjóðleikur, námskeið, leikferðir og fleira

Þjóðleikhúsið hefur mikilvægt fræðsluhlutverk sem það leysir af hendi með margvíslegum hætti. Fræðsluverkefnið Þjóðleikur hefur verið mikilvægur þáttur í að tengja leikhúsið landsbyggðinni. Reglulega eru haldin námskeið á vegum Þjóðleikhússins, ýmist fyrir leikara eða tæknifólk. Á vegum Endurmenntunar HÍ er einnig boðið upp á námskeið á hverju ári þar sem leikhúsgestir geta kafað ofan í ákveðið leikverk. Börnum og ungu fólki um allt land er boðið að kynast töfrum leikhússins með ókeypis leiksýningum og leikferðum.



Ilmur Kristjánsdóttir, Hilmir Snær og Góí, í Nashyrningunum.



Baksviðs í Þjóðleikhúsinu.

Stóra sviðið – þar sem töfrarnir gerast

Margar af glæsilegustu uppsetningum íslenskrar leikhússögu hafa verið sýndar á Stóra sviði Þjóðleikhússins. Allt frá því að Nýársnóttin eftir Indriða Einarsson var frumsýnd á sumardaginn fyrsta árið 1950 hafa áhorfendur hrifist af eftirminnilegum leiksýningum, stjórnur hafa fæðst á sviði og galdrar leikhússins snert við okkur á einstakan hátt.

Stóra sviðið er útbúið snúningssviði sem enn er notað í dag í nánast óbreyttri mynd. Grunnur hringsviðsins er smíðaður úr járni úr gömlu Ölfusárbrúnni sem endurgerð var árið 1944.

Kassinn – ennþá meiri nánd

Kassinn er leiksvið sem opnað var árið 2006 á efri hæð hússins við Lindargötu 7 sem í daglegu tali er nefnt Jónshús, eftir Jóni Þorsteinssyni íþróttakennara sem lét reisa það árið 1935 og kenndi þar íþróttir og leikfimi um árabil. Kassinn ber nefn með rentu enda er hann svokallað „black-box“ þar sem hægt er að færa til áhorfendabrekkur.

Litla sviðið – barnaleikhús Þjóðleikhússins

Litla sviðið er á neðri hæð Jónshúss. Þar eru einkum sýndar sýningar fyrir börn, en einnig sýningar fyrir fullorðna.

Kjallarinn – klassabúllan

Þjóðleikhúskjallarinn á sér langa sögu og hefur ekki verið einhamur í gegnum tíðina. Nú hefur rýmið fengið kærkomna andlitslyftingu; nýtt færanlegt svið og endurnýjaður tækjabúnaður eru tilvalin vettvangur fyrir afburða afþreyingu.



Leikhúsgestir.



Ebba Katrín Finnsdóttir í Rómeó og Júlíu.



Ingvar E. Sigurðsson í Íslandsklukkunni.



Listasafn Íslands við Frikirkjuveg í Reykjavík.
Ljós. ©Listasafn Íslands, Sigurður Gunnarsson.



Gestir á Safnanótt á sýningunni Beirút, Beyrut, Beyrou, Beyrou / Ljós. ©Listasafn Íslands, Sigurður Gunnarsson.

Listasafn Íslands



Starfsfólk Listasafns Íslands 2021. Harpa Þórsdóttir var skipuð safnstjóri árið 2017. / Ljós. ©Listasafn Íslands, Sigurður Gunnarsson.

Listasafn Íslands er höfuðsafn íslenska ríkisins á sviði myndlistar. Hlutverk þess er fjölbætt en grunnur starfseminnar byggir á þeirri ríkulegu safneign sem endurspeglar íslenska listasögu á 20. og 21. öld og á sér ekki hliðstæðu í öðrum söfnum.

Listasafn Íslands er elsta myndlistarsafn þjóðarinnar, stofnað árið 1884 í Kaupmannahöfn af Birni Bjarnarsyni (1853–1918) þá lögfræðikandidat og síðar alþingismañni og sýslumanni. Framtak Björns Lýsir stórhug hans og trú á framtíð þjóðarinnar og mikilvægi myndlistar og menningarstarfsemi í sýn hans.

Árið 1988 flutti Listasafn Íslands í eigin húsakynni, við Frikirkjuveg 7 sem setur sterkan svip á einstaka götummynd við austurhluta Tjarnarinnar í Reykjavík. Vatnaskil urðu í starfsemi safna á Íslandi við þennan flutning, því listasafn þjóðarinnar hlaut þar með loks þann meðbyr sem þurfti til nútímalegrar starfsemi. Fólst það meðal annars í þeirri nýbreytni að ráðinn var safnkennari sem tók á móti skólahópum. Kaffihús var opnað fyrir gesti sem var nýlunda og naut fádæma vinsælda í þeirri glæsilegu umgjörð sem safninu var búin. Sama ár og Listasafn Íslands var opnað í miðborg Reykjavíkur tók það formlega við húseign listmálarans Ásgríms Jónssonar við Bergstaðastræti, sem hann ánaðnaði ríkinu við andlát sitt 1958 og hafði verið safn um árabíl. Árið 2012 afhenti fjölskylda Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara Listasafni Íslands til gjafar, drjúgan hluta listaverkasafns sem var tileinkað listamanninum ásamt húseign og öðrum eignum þeirrar sjálfseignarstofnunar sem hélt utan um safnið á Laugarnestanga. Snemma árs 2021 tók mennta- og menningarmálaráðherra Lilja D. Alfreðsdóttir ákvörðun um að færa Safnahúsið við Hverfisgötu frá Þjóðminjasafni til Listasafnsins. Mun Listasafn Íslands setja þar upp grunnþýningu á myndlistararfinum með sérstakri áherslu á vísinda- og fræðslustarf fyrir börn. Þessi fjögur safnhús eru til marks um ólíkar áherslur í sýninga- og safnastarfi og eru opin allt árið.

Starfsfólk

Við safnið starfa rúmlega 20 manns í um 17 stöðugildum, með ólíka menntun og reynslu, og byggja upp fjölbætta starfsemi á sviði listfræðirannsókna, forvörslu, markaðssetningar, fræðslu, skráningarvinnu, öryggis- og gestamóttöku og almenns rekstrar húseigna og starfseininga.

Sýningar, safneign og útgáfur

Listasafn Íslands er meginsafn íslenskrar myndlistar í landinu. Sýnilegasti hluti starfseminnar felst í sýningahaldi en um langt árabíl hafa fjölbreyttar listsýningar veitt þekkingu og aflað íslenskri myndlist vitnisburðar um þá miklu grósku og þann metnað sem hér ríkir á þessu sviði. Sýningastarfsemin byggir á rannsóknum sérfræðinga safnsins og oft er leitað samstarfs við innlenda og erlenda fræðimenn. Samhliða sýningahaldi er Listasafn Íslands öflugasti útgefandi landsins á bókum og sýningarskrám um íslenska myndlist. Svo dæmi sé tekið, þá hafði Listasafn Íslands yfirumsjón með útgáfu á Íslenskri listasögu sem kom út í 5 bindum árið 2011 og árið 2019 gaf safnið út vandaða bók um 130 verk úr safneign safnsins. Listasafn



Ungir gestir virða fyrir sér verk eftir Huldu Hákon á yfirlitssýningu hennar, *Hverra manna ertu?* / Ljós. ©Listasafn Íslands, Sigurður Gunnarsson.



Nemendur njóta leiðsagnar sérfræðings safnsins á sýningunni, *Lífsblómið*. / Ljós. ©Listasafn Íslands, Sigurður Gunnarsson.

Íslands starfrækir einstakt heimildasafn um íslenska myndlist og geta fræðimenn og nemendur notið þjónustunnar sem þar er veitt og önnur söfn og erlendar stofnanir leitað þar upplýsinga og fengið heimildir um íslenska listasögu.

Ríkar skyldur eru lagðar á Listasafn Íslands gagnvart myndlistarlífínu í landinu. Samkvæmt myndlistarlögum nr. 64/2012 skal safnið veita öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðla að samvinnu listasafna og vinna að samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar. Árlega eru keypt ný verk og reglulega berast listaverk að gjöf og ýmsar heimildir frá listamönnum og velunnurum og varðveitir Listasafn Íslands nú rúmlega 13 þúsund verk í safneign sinni.

Útlán listaverka safnsins hafa fæst í vöxt á síðustu árum og ber það vott um hversu öflug starfsemin er orðin í íslenskum listasöfnum víða um land. Ennfremur hafa íslenskir myndlistarmenn og íslensk myndlist notið viðurkenningar í auknum mæli á alþjóðlegum vettvangi og sífelld verður algengara að óskað er eftir verkum Listasafns Íslands á sýningar í erlendum söfnum. Safnið hefur um árabíl átt mikilvægt samstarf við íslensk og erlend sendiráð og íslensk stjórnvöld um kynningu á íslenskri myndlist og haldið sýningar á alþjóðlegri myndlist í töluverðum mæli.

Áherslur safna: Rödd, sýnileiki og þjónusta

Nýjar áherslur hafa orðið áberandi í safnastarfi á síðustu árum. Með eflingu stafrænnar miðlunar og þróun Internetsins auk ýmissa samskiptamiðla hefur fjölbreytt starfsemi safna orðið mun sýnilegri. Aukning ferðamanna um allan heim hefur vitaskuld einnig haft sitt að segja. Víða mætir starfsemin skilningi og yfirvöld ættu að horfa til safna sem nauðsynlegra innviða til aukinnar menntunar og þekkingarsköpunar. Rödd einstaks safns getur hreyft við umræðum með mikilvægum hætti, ekki síst innan samfélaga sem verða æ einsleitari. Listasafn Íslands hefur lagt ríka áherslu á þjónustuhlutverk sitt með það að markmiði að heimsókn í safn verði eðlilegur þáttur í lífi fólks. Fjölbreyttar viðburða- og fræðsludagskrár eru mikilvægar í þessu samhengi. Hlutverk Krakkalúbbssins Krumma sem var stofnaður 2018 er að horfa til þarfa yngstu gestanna sem koma utan venjubundinna skólaheimsóknna. Gæðastundir eru ætlaðar eldri borgurum, sem njóta miðlunar sérfræðinga safnsins í heimsóknum sínum. Leiðsagnir um sýningar skipa ávallt vinsælan sess í fræðslustarfsemi og málþing og ráðstefnur um málefni tengd myndlist og starfsemi safna eru meðal þeirra mikilvægu viðburða sem safnið stendur reglulega fyrir.

Í lok árs 2018 var Listasafn Íslands í fararbroddi að semja við samtök höfundarréttarhafa myndhöfunda um myndbirtingar á listaverkum úr rafrænum safnskrám á netinu. Almennigur og skólasamfélagið getur nú skoðað safneign Listasafns Íslands að vild og nýtt þær upplýsingar sem safnmunaskráin www.sarpur.is veitir.



Frá yfirlitssýningu á verkum Huldu Hákon, *Hverra manna ertu?* / Ljós. ©Listasafn Íslands, Sigurður Gunnarsson.



Húsið á Eyrarbakka sem byggt var árið 1765 hýsir grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Hér er flaggað eftir fyrstu bylgu COVID-19, 29. maí 2020.



Státsstofa Hússins á Eyrarbakka.

Byggðasafn Árnesinga



Þjónusta við skóla er ríkur þáttur í starfsemi Byggðasafns Árnesinga. Hér hlýðir leikskólahópur á Lýð Pálsson safnstjóra.



Varðveisla er stór þáttur í starfsemi Byggðasafns Árnesinga. Vel er búið að bátum safnsins í grófmunasal í Búðarstíg 22, sem safnið tók til nota árið 2020.

Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.

Starfsemin

Starfsemi Byggðasafns Árnesinga var óvenjuleg að mörgu leyti árið 2020. COVID-19 faraldurinn setti strik í aðsóknarfjölda miðað við undanfarin ár og starfsemin raskaðist á ýmsan hátt. En þrátt fyrir það var engan bilbug að finna á innra starfi safnsins, við söfnin var unnið að verkefnum samkvæmt stofnskrám og öðrum samþykktum. Unnið var að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun.

Grunnsýningar

Grunnsýningar safnsins eru í Húsinu á Eyrarbakka, Eggjaskúrnum, Kirkjubæ og Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Þrjár sýningar voru settar upp á árinu í borðstofu Hússins. Sumarsýningin var Fröken Lunn kemur í heimsókn. Á þorra var boðið upp á leikskólasýningu um vinnslu mjólkur. Jólasýning var að vanda sett upp í upphafi aðventu en ýmsum viðburðum jóladagskrár var streymt. Kirkjubær var opinn um leið og Húsið. Byggðasafn Árnesinga hafði umsjón með starfsemi Rjómbúsins á Baugsstöðum. Bæjarhátíðir sem haldnar eru árlega féllu niður.

Innra starf

Hjá safninu fer fram öflugt innra starf. Við safnið fer fram stöðug söfnun á munum með varðveislugildi og sögu tengdu héraðinu. Er það í samræmi við hlutverk safnsins samkvæmt stofnskrá. Safnað er eftir söfnunarstefnu. Safmnunir eru skráðir í gagnagrunninn Sarp sem sýnilegur er á www.sarpur.is. Við safnið fer jafnframt fram forvarsla, rannsóknir, ráðgjöf, upplýsingagjöf, umsýsla í geymslum, undirbúningur og gerð sýninga, frágangur sýninga og útlán. Á árinu 2020 var átak gert í myndvæðingu gripa í Sarpi.

Búðarstígur 22 var keyptur af Byggðasafni Árnesinga árið 2019 til að hýsa allt innra starf safnsins. Á árinu var unnið að viðgerðum á húsinu og gengu þær vel. Skemma byggingarinnar var tekin í notkun fyrir grófgripi safnsins. Stefnt er að verklokum um mitt ár 2021. Öðru hefðbundnu viðhaldi á húsakynnum safnsins var sinnt.

Eigendur og stjórnendur

Byggðasafn Árnesinga er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga bs. sem er byggðasamlag allra átta sveitarfélaganna í Árnessýslu og er Sveitarfélagið Árborg þeirra fjölmennast með um 10 þúsund íbúa. Stjórn safnsins er skipuð Árna Eiríkssyni oddvita Flóahrepps, Eggerti Val Guðmundssyni bæjarfulltrúa í Árborg og Bryndísi Eir Þorsteinsdóttur bæjarfulltrúa í Hveragerði. Safnstjóri er Lýður Pálsson sagnfræðingur. Þrjú stöðugildi voru við safnið á ársvísu. Á vettvangi stjórnar safnsins var starfsemi safnsins til umræðu og voru húsnaðismálin fyrirferðarmikil auk þess sem sérstök bygginganefnd vegna framkvæmda var starfandi.



Pilsabyskonur í sínu finasta þússi ásamt Eyjólfri Eyjólfssyni, langspilleikara á Kvenréttindadeginum 19. júní 2019. / Ljós. BSK.



Frá námskeiði Fornverkaskólans í torfhleðslu. / Ljós. BSK.

Byggðasafn Skagfirðinga

Metnaðarfull og yfirgripsmikil starfsemi hjá Byggðasafni Skagfirðinga

Byggðasafn Skagfirðinga er rannsókn-, þekkingar- og þjónustustofnun sem safnar, varðveitir og rannsakar muni og minjar úr Skagafjarðarhéraði og miðlar til almennings. Starfsvæði þess er bundið við landfræðileg mörk Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Megin markmið safnsins eru að varðveita og bæta við þekkingu á muna- og minjaarfi Skagfirðinga, standa að þróunar- og rannsóknarverkefnum og fræðslu til allra aldurshópa. Safnið er viðurkennt safn og starfar samkvæmt siðareglum ICOM. Það er ekki rekið í hagnaðarskyni. Byggðasafn Skagfirðinga hlaut íslensku safnaverðlaunin árið 2016 fyrir metnaðarfulla og yfirgripsmikla starfsemi, þar sem hlúð er að hverjum þætti safnastarfsins á faglegan hátt.

Fornleifadeild

Byggðasafnið hefur starfrækt fornleifadeild frá árinu 2003. Hún stendur fyrir og stuðlar að rannsóknum á menningarminum í Skagafirði og víðar, einkum hafa þær beinst að byggðasögu, elstu kirkjum og grafreitum. Fornleifadeildin er ekki, fremur en safnið, rekin í hagnaðarskyni. Hún er rekin á styrkjum og útseldri vinnu. Starfsemi deildarinnar hefur skipt verulegu máli fyrir fagleg störf safnsins og ímynd þess og hefur eftir það til fjölbreyttari rannsókna, faglegrar úrvinnslu og betri minjaverndar. Þá hefur Byggðasafnið einnig Fornverkaskólann, sem er samstarfsverkefni Byggðasafnsins, Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra og Háskólans á Hólum, á sínum snærum og stendur fyrir námskeiði í fornu handverki, einkum torf- og grjóthleðslu og grindarsmiði.

Glaumbær

Á vordögum 2018 fagnaði Byggðasafn Skagfirðinga því að sjötíu ár eru liðin frá stofnun safnsins en það var sett á laggirnar þann 29. maí 1948. Höfuðstöðvar og skrifstofur Byggðasafnsins eru í Glaumbæ en gamli bærin í Glaumbæ, sem er í eigu Þjóðminjasafns Íslands, hefur verið sýningarstaður fyrir safnið allt frá stofnun. Á safnsvæðinu eru tvö 19. aldar timburhús, Áshús sem byggt var á árunum 1884-1886, og var flutt og gert upp í Glaumbæ árið 1991. Í því eru sýningar og kaffistofa. Hitt er Gilsstofa, endurgerð timburstofa frá 1849. Aðstaða til rannsókna og megin geymsla safnsins hefur verið á Sauðárkróki. Gestaföldi í Glaumbæ hefur vaxið ár frá ári og tekur safnið nú á móti um 40 þúsund gestum á ári. Þá tók safnið við rekstri Víðimýrarkirkju, fyrir Þjóðminjasafn Íslands, í apríl 2016.

Mannauður

Safnstjóri Byggðasafnsins frá árinu 1987-2018 var Sigríður Sigurðardóttir. Núverandi safnstjóri er Berglind Þorsteinsdóttir. Á ársgrundvelli eru um 5 stöðugildi hjá safninu en fjölgar yfir sumartímam þegar mestu umsvifin eru í starfsemi safnsins, einkum í safngæslu og móttöku safngesta.



Heyskapur í Glaumbæ sumarið 2019. Sigríður Marz Björnsson, Hildur Hrönn Albertsdóttir, Swanhild Ylfa Leifsdóttir, Búi Vilhjálmsson, Silja Rún Friðriksdóttir og Magnús Árni Jóhannesson. / Ljós. Bp.



Hér er verið að strokka smjör í mjólkurbúrinu í Glaumbæ á alþjóðlega safnadeginum 2019. Berglind Þorsteinsdóttir safnstjóri og Hrönn Birgisdóttir safnvörður. / Ljós. BSK.



Lífð til sjós. Sæunn MB9 smíðuð árið 1874 og í notkun til ársins 1956.



Lífð í landi. Elsta varðveitta baðstofa Garðaprestakalls frá bænum Staðarhöfða í Innri-Akraneshreppi. Flutt á safnið árið 1959 og endurbýggð fjöl fyrir fjöl.

Byggðasafnið í Görðum Akranesi



Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður.

Byggðasafnið í Görðum Akranesi var stofnað 13. desember 1959 að frumkvæði sr. Jóns M. Guðjónssonar, þáverandi sóknarprests á Akranesi. Safnið er sjálfseignarstofnun. Eigendur þess eru Akraneskaupstaður (90%) og Hvalfjarðarsveit (10%) og markast starfssvæði safnsins við landsvæði eigenda. Safnið er staðsett á hinu forna höfuðbóli, Görðum á Akranesi, sem var kirkjustaður og prestsetur frá öndverðri kristni til loka 19. aldar. Samkvæmt Landnámabók bjó þar í upphafi Jörundur hinn kristni, sonur Ketils Bresasonar, sem ásamt Þormóði bróður sínum kom til Íslands frá Írlandi í lok 9. aldar og nam Akranes.

Safnið og fastasýning

Safnið býður gestum einstaka innsýn í liðna tíma en jafn heildstæð sýning er fágæt á landsvísu. Sýningar safnsins eru afar fjölbreyttar, m.a. í nokkrum húsum sem sum hafa verið flutt á svæði safnsins. Meðal húsa safnsins eru Garðahús, elsta steinsteypa hús sinnar tegundar á Íslandi, byggt sem prestssetur á árunum 1876-1882 og hýsti safnið við stofnun þess, Neðri-Sýrupartur sem er elsta varðveitta timburhús á Akranesi, byggt árið 1875 og stóð á svokölluðum Þörtum á Niðri-Skaga og Stúkuhúsið sem var upphaflega byggt sem hlaða og fjós um 1916 og stóð við Háteig 11 en í dag er húsið m.a. nýtt fyrir tónlistarflutning fyrir safngesti og leigt út til fundahalda og annarra samkoma. Þá starfar félagsskapurinn Íslenskir eldsmiðir í eldsmiðju sem staðsett er á svæði safnsins.

Fastasýning safnsins var endurgerð og opnuð fyrir almenning á árinu 2020. Í nýrri sýningu er lögð áhersla á sérstöðu starfssvæðis safnsins og er efnistöðum skipt upp í fjögur meginþemu: Lífið til sjós, lífið í landi, lífið í vinnu og lífið í leik. Þá fá valdir ferðalangar, sem sett hafa mark sitt á samfélagið, jafnframt sérstakann sess. Í sýningarhúsinu eru einnig sérstakt kvikmyndarými, sýningarými fyrir skammtímasýningar og fræðslurými.

Sýningin miðlar fróðleik með fjölbreyttum hætti og má þar nefna ljósmyndir, kvikmyndir, veggtexta, fatnað sem gjarnan má prófa að ógleymdum safnmunum. Metnaðarfull hljóðleiðsögn er í boði í afspilunarbúnaði sem er nýjung hér á landi. Boðið er uppá hljóðleiðsögn bæði á íslensku og á ensku og er hún innifalin í aðgangseyri. Aðgengismál hafa fengið sérstaka áherslu í nýrri sýningu og má m.a. nefna að tvær hjólastólalyftur hafa verið teknar í gagn, gott aðgengi er að salernisaðstöðu og inntak hljóðleiðsagnar er í boði í útprentuðu handriti fyrir þá sem hafa skerta heyrn. Heimsókn á Byggðasafnið í Görðum leikur við öll skilningarvit gesta.

Stjórnendur og starfsmenn

Forstöðumaður safnsins er Ella María Gunnarsdóttir. Aðrir starfsmenn safnsins eru Jón Allansson deildarstjóri minjavörslu, Nanna Þóra Áskelsdóttir sérfræðingur og Guðmundur Sigurðsson iðnaðarmaður.



Ferðalangar. Yfirlitsmynd af umfjöllun um Guðjón Þórðarson, Kristrínu Hallgrímsdóttur á Bjargi, Odd Sveinsson í Brú, Guðrínu Gísladóttur, Harald Böðvarsson, Svöfu Þórleifsdóttur og Béla Hegeðus eða Bjarna Gústafsson.



Lífð í vinnu. Aflagt stjórnborð úr Sementsverksmiðju ríkisins.



Gerðisbraut 10, húsið sem sýningin er byggð utan um.

Eldheimar

23. maí 2014 voru Eldheimar vígðir og teknir í notkun fyrir gosminjasýningu sem miðlar fróðleik um eldgosíð í Vestmannaeyjum árið 1973, sem án efa telst til stærstu náttúruhamfara Íslandssögunnar. Miðpunktur sýningarinnar er húsið, sem stóð við Gerðisbraut 10, sem grófst undir ösku í gosinu og var grafið upp. Hægt er að sjá á áhrifamikinn hátt dæmi um hvernig náttúruhamfarirnar fóru með heimili fólks.

Sýningin

Sýningin hlaut hönnunarverðlaun Íslands árið 2015. Sýningin er verk Axels Hallkells Jóhannessonar sýningarhönnuðar, Gagarín sem hannaði gagnvirka sýningarhluta, arkitektsins Margrétar Kristínar Gunnarsdóttur og Lilju Kristínar Ólafsdóttur landslagsarkitekts.

Á sýningunni er skyggst inn í mannlífið og umhverfið í Vestmannaeyjum fyrir gos og hvernig náttúruhamfarirnar 1973 gripu inn í samfélagið og líf fólksins. Nær allir íbúar Heimaeyjar urðu að yfirgefa heimili sín í skyndi og flýja eyjuna. Margir sáu húsin sín, sem og megnið af eignum sínum aldrei aftur. Kristín Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Eldheima, segir að frá því að safnið var opnað hefur rekstur þess gengið vel og að styrkleiki þess liggja í tengingunni í Eyjum. Þrátt fyrir stóra eldfjallasögu Íslands þá sé þetta einstök saga, gos sem verður í miðri byggð. Á safninu sé sagan sögð á þann hátt að fólk fer út af sýningunni fróðari og hefur meiri vitneskju um það sem gerðist á sínum tíma.

Vestmannaeyjagosið

Gosið hófst aðfaranótt 23. janúar 1973 á Heimaey, einu byggðu eyjunni í Vestmannaeyjaklasanum. Það stóð yfir í rúmlega 5 mánuði. Hraun og aska eyðilögðu þriðjung byggðarinnar í Eyjum, eða tæplega 400 hús og byggingar. Meðan gosið stóð yfir var mikil óvissa um það hvort nokkurn tímann yrði aftur mannabyggð á eyjunni.

Fyrir gos bjuggu um 5.300 manns í Vestmannaeyjum. Allt þetta fólk, nema um 200 manns sem urðu eftir við björgunarstörf, flúði til meginlands Íslands þar sem það bjó í bráðabirgðahúsnæði og beið á milli vonar og ótta eftir því hvað framtíðin bæri í skauti sér.

Fregnir af gosinu, sem breytti landslaginu í Vestmannaeyjum svo um munaði, fóru um heimsbyggðina og þegar því lauk flyktust fréttamenn, ferðamenn og vísindamenn allstaðar að úr heiminum á staðinn til þess að sjá með eigin augum hvers náttúruöflin eru megnug. Hraun og aska hylja um 2,5 km² af eyjunni þ.á.m. hluta af miðbænum, risið er nýtt 220 metra hátt fjall, Eldfell og eyjan hefur stækkað um 2 km²

Surtsey

Á sýningunni er einnig farið yfir þróun Surtseyjar, eyjunnar, sem reis úr hafi sunnan við Heimaey árið 1963. Eldgosið í Surtsey stóð yfir í nær 4 ár. Eftir gosið var Surtsey gerð að lokuðu nátturverndarsvæði, sem gerði vísindaheiminum mögulegt að fylgjast með hvernig nýtt líf og vistkerfi verður til. Surtsey hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO síðan 2008.



Kristín Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri.



Krakkar að skoða gagnvirka sýningarhlutann.



Um 200 flugvirkjanemar Tækniskólans hafa verið við nám í Flugsafninu. Á myndinni er árgangurinn sem var við nám árið 2017 ásamt kennurum sínum, þeim David Webster og Reyni Garðari Brynjarssyni.



Flugvélin Páll Sveinsson TF-NPK „Bristurinn“, er til sýnis á Flugsafninu. Í flugstjórnarklefanum situr Hallgrímur Jónsson flugstjóri.

Flugsafn Íslands



Steinunn María Sveinsdóttir, sagnfræðingur er safnstjóri Flugsafnsins. / Ljós. Auðunn Nielsson.



Flugsveitin sýnir listir sínar á Flugdeginum 2020 Ljós. Hörður Geirsson.

Á vefsíðu safnsins

www.flugsafn.is

má finna ýmsan fróðleik um safnið og íslenska flugsögu sem og upplýsingar um opnunartíma og starfsemi safnsins hverju sinni

Flugsafn Íslands var stofnað árið 1999 og hét þá Flugsafnið á Akureyri. Aðalhvatamaður að stofnun safnsins var Svanbjörn Sigurðsson fyrrverandi rafveitustjóri. Að stofnun Flugsafnsins unnu ýmsir áhugamenn um íslenska flugsögu og varðveislu gamalla flugvéla en stofnaðilar safnsins voru Vélflugfélag Akureyrar, Svifflugfélag Akureyrar, Flugmóðelfélag Akureyrar, Flugfélag Íslands, Flugfélagið Atlanta, Flugleiðir, Íslandsflug og Íslenska flugsögufélagið. Safnið var opnað með formlegum hætti þann 24. júní árið 2000. Þá var haldin í fyrsta sinn svokölluð „Flughelgi“ á vegum Flugsafnsins í samvinnu við Flugmálafélag Íslands. Var þá haldið Íslandsmót í listflugi og ýmislegt fleira var á dagskránni svo sem listflugsýningar, fallhlífastökk, móðelflug, útsýnisflug með þyrllu og margt fleira. Flugdagur Flugsafnsins hefur allar götur síðan verið haldinn í kringum Jónsmessu. Fyrstu árin var Flugsafnið til húsa í flugskýli sem safnið hafði á leigu og keypti þegar fram liðu stundir. Fljótlega varð ljóst að skýlið var of lítið fyrir ört vaxandi safn og var ráðist í byggingu nýs og hentugra húsnæðis við Akureyrarflugvöll og opnaði safnið á nýjum stað sumarið 2007. Á Flugsafninu er 100 ára sögu flugs á Íslandi miðlað til gesta á lifandi hátt. Sýningar safnsins leiða gesti í gegnum þróun íslensks flugs og flugfélaga frá árinu 1919 og til dagsins í dag, með flugvélum af ýmsum stærðum og gerðum, björgunarþyrllu og flugmódelum auk fjölda annarra áhugaverðra muna og ljósmynda. Sumar flugvéla eru enn í flughæfu ástandi og er, m.a. flogið á Flugdegi og gestum er velkomið að ganga um vél Landhelgisgæslunnar, TF-SÝN. Flugsafnið er eina viðurkennda safnið á Íslandi sem stendur vörð um íslenska flugsögu. Árlega er sett upp sérsýning um afmarkaðan þátt flugsögunnar og faglegt starf safnsins hefur verið eft. Frá árinu 2013 hafa Flugsafnið og Tækniskólinn átt afar ánægjuríkt samstarf, þar sem safnið er nýtt sem námsvettvangur fyrir flugvirkjanema skólans í tvo mánuði á ári. Þá hefur safnið verið nýtt sem vettvangur fyrir ýmsa viðburði og mannamót þar sem gestir njóta sín í einstöku umhverfi.

Stjórn og hollvinir

Allt frá upphafi hefur Flugsafnið notið mikillar góðvildar góðra bakhjarla og hugsjónamanna sem höfðu og hafa það að meginmarkmiði að standa vörð um íslenska flugsögu. Núverandi aðildarfélög Flugsafns Íslands eru; Air Atlanta Icelandic, Avion Aircraft Trading, Cirrus Consulting, Flugfélag Akureyrar, Flugfélag Íslands, Flugmóðelfélag Akureyrar, Icelandair Group, Svifflugfélag Akureyrar og Vélflugfélag Akureyrar. Stjórnarformaður er Hörður Geirsson. Svanbjörn Sigurðsson var safnstjóri Flugsafnsins frá upphafi til ársins 2009. Gestur Einar Jónasson stýrði safninu eftir það um nær tíu ára skeið en núverandi safnstjóri, Steinunn María Sveinsdóttir, tók við stjórnartaumunum þann 1. nóvember 2019.

Örninn - Hollvinafélag safnsins var stofnað 4. maí 2013. Tilgangur félagsins er: „að styðja við starfsemi [safnsins] með því að aðstoða ef þörf er á, stuðla að úrbótum, leita eftir styrkjum og kynna safnið.“ Hollvinir safnsins hafa reynst safninu ómetanlegir og eru ávallt boðnir og búnir að leggja hönd á plóg.



Stjórn Gunnarsstofnunar árið 2020: Oddný Eir Ævarsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Gunnar Björn Gunnarsson formaður og Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður.



Starfsmenn Gunnarsstofnunar sumarið 2019: Briet Finnsdóttir, Jófríður Úlfarsdóttir, Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Brynjar Darri Sigurðsson.

Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri

Stofnun Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri varð til árið 1997 þegar þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, staðfesti reglur fyrir stofnunina til að vinna eftir. Stofnunin fékk til afnota og umráða Gunnarshús á Skriðuklaustri í Fljótsdal, starfsmannahúsið Skriðu og 15 ha svæði umhverfis þessi hús ásamt útihúsum. Starfsemin skyldi grundvallast á gjafabréfi þeirra Gunnars skálds og Franziscu konu hans frá árinu 1948, en í því segir m.a.: „að jörðin skuli vera ævarandi eign íslenska ríkisins og hagnýtt svo til menningarauka horfi.“ Í fyrstu stjórn Gunnarsstofnunar sátu: Helgi Gíslason formaður, Guttormur V. Þormar og Sigríður Sigmundsdóttir. Skúli Björn Gunnarsson íslenskufræðingur tók til starfa sem fyrsti forstöðumaður Gunnarsstofnunar 1. október 1999 og gegnir því starfi enn. Í júní á aldamótaárinu var Gunnarshús opnað sem menningarsetur og sögustaður með sýningum, viðburðum og kaffihúsi auk þess sem áfram var rekin gestaíbúð fyrir lista- og fræðimenn í húsinu. Strax á fyrsta sumri laðaði starfsemin að sér þúsundir gesta og hefur þeim fjölgað ár frá ári allar götur síðan. Áætlað er að allt að 50 þús. manns komi nú í Skriðuklaustur ár hvert til að skoða minjar um miðaldaklaustrið á Kirkjutúni, sem grafið var upp á árunum 2000-2012, eða heimsækja sýningar í Gunnarshúsi, kynna sér sögu skáldsins eða annað sem þar ber fyrir augu. Veitingastaðurinn Klausturkaffi dregur einnig að sér margan ferðamanninn. Gunnarsstofnun hefur frá árinu 2008 verið rekin sem sjálfeignarstofnun og starfar eftir skipulagsskrá skv. lögum nr. 19/1988. Hún vinnur í samræmi við samning við mennta- og menningarmálaráðuneyti og fær rekstrarfjármagn gegnum fjárlög og sjálfsaflafé.

Starfsemin

Starfsemin á Skriðuklaustri er margþætt en fyrst og fremst er lögð rækt við minningu skáldsins og sögu staðarins. Húsið sjálft er stærsti sýningargripurinn, hannað af þýska arkitektinum Fritz Höger og byggt árið 1939 á aðeins fáum mánuðum. Það telst vera yfir 800 fermetrar að flatarmáli og enn eitt af stærstu einbýlishúsum landsins enda byggt sem herragarðshús fyrir húsbændur og hjú. Það rúmar því vel, fjölbreytta starfsemi og mikinn gestafjölda. Gunnarsstofnun lætur sig varða margvísleg málefni og skal samkvæmt skipulagsskrá, m.a. stunda fræðastarfsemi á sviði hugvísinda, efla rannsóknir á austfirskum fræðum og sinna alþjóðlegum menningartengslum. Stofnunin rækir hlutverk sitt eftir bestu getu og tekur m.a. þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum er lúta að menningararfi og margmiðlun.

Starfsfólk

Heilsársstarfsmenn stofnunarinnar eru að jafnaði tveir en starfsmenn í móttöku gesta frá apríl til október eru allt að fjórir. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum fjölgi áfram á næstu árum, bæði vegna lengingar á opnunartíma og aukinnar áherslu á verkefni af fræðilegum toga.



Hið sérkennilega hús skáldsins á Skriðuklaustri dregur að sér fjölda fólks, ekki síst á góðviðrísögum.



Minjasvæðið á Skriðuklaustri þar sem Ágústínusarklaustur stóð á 16. öld er skammt neðan Gunnarshúss.



Ein af ellefu beinagrindum á safninu.

Hvalasafnið á Húsavík



Hvalasafnið.



Hvalasafnið á Húsavík, Hafnarstétt 1.



Forveri Hvalasafnsins á Húsavík var lítil sýning í sal félagsheimilisins á efri hæð Hótel Húsavíkur sem opnaði árið 1997. Á þessum tíma voru áætlaðar hvalaskoðunarferðir í boði þriðja árið í röð frá Húsavík og fékk hóteltjóri staðarhótelisins, Páll Þór Jónsson þá hugmynd að opna sýningu á hótelinu tileinkaða hvöllum. Ásbjörn Björgvinsson var fenginn til að leiða verkið og gerði hann það allt fram til ársins 2008. Á þessum 11 árum hafði Hvalasafnið verið til húsa í gömlum verbúðum við höfnina en flutti svo að Hafnarstétt 1 árið 2002. Starfsemi safnsins hafði þá þanist út meðal annars vegna fjölda hvalagrinda sem safninu hafði áskotnast. Í dag eru 11 beinagrindur til sýnis á safninu ásamt ýmsum öðrum sýningum og sýningagripum. Stærsta uppsetningarverkefni safnsins var á árunum 2015-2016 þegar að 25 metra löng steypireyð var sett saman inni á safninu. Hvalasafnið hefur í gegnum tíðina haldið viðburði og stofnað til ýmskonar samstarfs, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Fimm sinnum hefur verið haldin svokölluð Hvalaráðstefna þar sem erlendir sem og íslenskir fræðimenn hafa látið ljós sitt skína í eina kvöldstund. Fræðsluverkefni hafa verið haldin í samvinnu við leik- og grunnskóla á Húsavík undir nafninu „Hvalaskólinn“.

Framkvæmdastjóri safnsins Eva Björk Káradóttir og er hún sjöundi aðilinn til að veita safninu forstöðu. Jafnan eru þrír starfsmenn í vinnu á safninu allt árið um kring en á sumrin bætast venjulega við nokkrir sumarstarfsmenn.

Skipulag og sérstaða

Hvalasafnið er rekið í formi sjálfseignarstofnunar og hefur það fyrirkomulag ríkt frá ársbyrjun 2005. Fram að því hafði safnið verið einkahlutafélag en var ekki lögformlegt safn á þeim tíma. Safnið hefur í mörg ár fjármagnað rekstur sinn að langmestu leyti með tekjum frá ferðamönnum í formi aðgangseyris og minjagripaverslunar. Einnig er í gangi samstarfssamningur við Menntamálaráðuneytið sem veitir safninu mánaðarlegan rekstrarstyrk.

Starfsmenn safnsins vinna árstíðabundin störf. Á sumrin er unnið að mestu við afgreiðslu og rekstur minjagripaverslunar en á veturna er unnið hefðbundnara safnastarf, viðhaldsverkefni, samstarf við skóla og önnur fræðslumál.

Framtíðarsýn

Horft er til þess að Hvalasafnið á Húsavík haldi áfram að bæta og endurnýja innviði og sýningar á næstu árum.

Stjórnin. Frá vinstri: Guðrún Þórhildur Emilsdóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Eva Björk Káradóttir, framkvæmdarstjóri, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, fráfaramandi stjórnarformaður, Lilja Berglind Ragnarsdóttir, Jan Aksel Harder Kitgaard, stjórnarformaður, Daniel Chandrachur Annisius, varamaður.



Uppgröftur jarðýtu á Hofsstöðum í Mývatnssveit.



Afrakstur uppgraftra á Hofsstöðum í Mývatnssveit.
Frá vinstri: Konráð Vilhjálmsson, Ásmundur á Hofstöðum og Viggó Brynjólfsson.

Konnasafn

Vinnuvélasafn Konráðs Vilhjálmssonar eða Konnasafn ehf. er vinnuvélasafn sem var stofnað var af Konráði Vilhjálmsyni og afkomendum hans. Óformlega var safnið stofnað árið 1984. Konnasafn ehf. var formlega stofnað árið 2009. Höfuðstöðvar Konnasafns eru á Moldhaugnahálsinum rétt utan Akureyrar. Fyrsta skóflustungan að Konnasafni var tekin 9. júlí árið 2011 í landi Skúta. Skóflustunguna tók Valgerður Sigurbegsdóttir ásamt Guðmundi Sigvaldassyni þáverandi sveitarstjóra í Hörgársveit. Brynjólfur Snorrason er safnvörður/safnstjóri Konnasafns

Vinnulag og framleiðsluferli

Konnasafn á nú yfir 300 vélar og bætast sífellt fleiri vélar í safnið. Margar vinnuvélar eru gangfærar. Flest tækin á safninu eru líkt og nafnið gefur til kynna vinnuvélar af ýmsum stærðum og gerðum. Á meðal annarra safngripa eru jarðýtur, hjólaskóflur, gröfur, heflar, traktorar, valtarar, borir, vörubílar ásamt ýmsum öðrum tengdum tækjabúnaði. Tækin koma víðsvegar að og farið er út um land allt til að sækja gamlar vinnuvélar í allskonar ástandi. Sumar þeirra þarf að grafa upp eftir að þær hafa verið dysjaðar en því fylgir oft mikil vinna að ná upp gerseminni.

Skipulag og sérstaða

Markmið Konnasafns er að varðveita sögu vinnuvéla og vinnuvélastjóra á Íslandi með því að halda upp á og skrá söguna. Konnasafn safnar brotajárni og skiptir við brotajárnsfyrirtækin á safngripum sem koma til eyðingar. Mjög gott samstarf er við þau brotajárnsfyrirtæki um þetta þar sem að þeir sem þar vinna geta oft ekki hugsað sér að farga merkilegum vélum. Safninu hafa borist ótal margar gamlar myndir af vélum sem eru í eigu safnsins, þegar þær voru upp á sitt besta. Í framtíðinni geta gestir því skoðað gömlu vinnuvélarar ásamt mynd og þannig séð hvornig vélarar hafa breyst í gegnum árin. Konnasafn heldur úti vefsíðu vinnuvelasafn.is. Velunnarar Konnasafns eru margir og á ári hverju kemur fjöldi manns til að skoða vélarar.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Konnasafns er byggja utan um starfsemi safnsins á Moldhaugnahálsi rétt utan Akureyrar, annarsvegar að reisa hús sem yrði gestamóttaka með salernisaðstöðu þar sem rútur og ferðamenn gætu komið og borgað aðgangseyri fyrir að skoða safnið og gætu jafnvel keypt veitingar og hins vegar að byggja hús utan um safngripina og sprengja svo hvelfingar inn í bergið við hliðina á safninu. Þar inni verði svo stærstur hluti safngripanna geymdur. Það er svo hugmynd að fara í samstarf við Arngrím Jóhannsson sem er með Norðurslóðasafnið um að hýsa starfsemi þess einnig á sama stað. Þessu tengt þá koma fleiri söfn á þessu sama svæði eins og saumavélasafn Vilborgar Daníelsdóttir, landbúnaðarsafn, bátasafn og gömul hús til varðveislu. Einnig verður þarna markaðstorg og nytjamarcaður. Einnig er áætlað að vera með vinnuvélasafni tengdu safninu á svæðinu. Þar verði kennt á nútíma vinnuvélar og gps tækni, einnig farið yfir viðhald, öryggismál og notkun tækja. Konnasafn hefur stækkað jafnt og þétt í gegnum árin og líkt og áður segir fjölgar safngripum á ári hverju.



Konráð Vilhjálmsson, jarðýtustjóri.



Brynjólfur Snorrason, safnstjóri Konnasafns.



Fyrsta skóflustungan vegna Konnasafns, tekin júlí 2011.
Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri í Hörgársveit og Valgerður Sigurbegsdóttir eiginkona Konráðs.



Snartarstaðir.



Grenjaðarstaður.



Safnahúsið.



Sjóminjasafn.

Menningarmiðstöð Þingeyinga

Fjölbreytta safneign og einstakar söguminjar er að finna á margbreytilegum söfnum og sýningum sem tilheyra Menningarmiðstöð Þingeyinga. Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi á ólíkum byggðasöfnunum sem segja áhugaverður sögur af mannlífi héraðsins, eða við að fræðast um náttúru nærumhverfisins í gegnum muni Náttúrugripasafnsins. Á Sjóminjasafninu er meðal annars að finna dæmi um hina einstöku Súðbyrðinga sem nú eru á heimsminjaskrá Unesco. Héraðsskjalasafn og ljósmyndasafn geyma einstakar heimildir og svipi sveitunga í árána rás. Að lokum á stofnunin stóra og dýrmæta myndlistareign.

Menningarmiðstöð Þingeyinga er sjálfseignarstofnun sem rekin er af þeim sveitarfélögum sem tilheyra Héraðsnefnd Þingeyinga. Starfstöðvarnar eru fjórar talsins, en skrifstofur stofnunarinnar er að finna í Safnahúsinu á Húsavík.

Safnahúsið á Húsavík

Í Safnahúsinu á Húsavík fer fram fjölbreytt menningar- og safnastarf. Tvær fastasýningar eru í húsinu. Sýningin „Mannlíf og náttúra - 100 ár í Þingeyjarsýslum“ er önnur fastasýningin sem unnin er úr safneignum Byggða- og náttúrugripasafna þar sem áhersla er lögð á samspil manns og náttúru á árunum 1850-1950. Hin fastasýning Safnahússins er Sjóminjasýning í rými Sjóminjasafns. Hún gefur glögga mynd af þróun útgerðar og bátasmíði í Þingeyjarsýslum, allt frá árabátaöldinni fram til vélbátaútgerðar. Í Safnahúsinu eru að auki tvö sýningarrými þar sem settar eru upp tímabundnar sýningar. Sýningar Safnahússins eru opnar fyrir gesti allt árið um kring.

Grenjaðarstaður – Byggðasafn Suður-Þingeyinga

Á Grenjaðarstað í Aðaldal stendur einn stærsti og glæsilegasti torfbær landsins, sem er um 775 fermetrar og mjög ríkulegur, enda var Grenjaðarstaður á tímabili eitt besta brauð landsins. Búið var í hraunklæddum bænum fram til ársins 1949. Árið 1954 eignaðist Þjóðminjasafnið torfbæinn og hófust þá framkvæmdir við að koma honum aftur í upprunalegt horf. Í bænum er nú að finna safn sem rekið er af Menningarmiðstöð Þingeyinga og sýnir lífnaðarhætti fólks í kringum aldamótin 1900 þegar það þurfti að reiða á sjálft sig, hyggjuvitið og náttúruna til þess að komast af. Safnið er opið fyrir gesti yfir sumartímann.

Snartarstaðir – Byggðasafn Norður-Þingeyinga

Byggðasafn Norður-Þingeyinga er til húsa að Snartarstöðum sem eru rétt fyrir utan Kópasker. Á safninu má sjá fjölbreytt úrval menningarminja sem gefa góða innsýn í líf fólks á svæðinu á þeim tíma er gamla bændasamfélagið var farið að víkja fyrir tækninýjungum nútímans. Munirnir bera oft vitni um það hversu mikla fegurð er hægt að finna í hverdeginum. Sérstök áhersla hefur einnig verið lögð á hannyrðir sem unnar voru á svæðinu, aðallega af konum. Að lokum má þar einnig sjá stórmerkilegt bókasafn hjónanna Helga og Andreu í Leirhöfn sem telur um 9000 titla. Safnið er opið fyrir gesti yfir sumartímann.



Sauðaneshús á Langanesi

Sauðaneshús á Langanesi er elsta steinhús í Þingeyjarsýslum og er einstakt á landsvísu þar sem hlaðin steinhús af þessu tagi eru afar sjaldgæf á Íslandi. Húsið var byggt sem prestsbústaður árið 1879 úr grágrýti og endurbyggt á árunum 1991-2003. Í dag ber þar að líta sýninguna „Að sækja björg í björg“ þar sem lögð er áhersla á að miðla því hvernig fólk nýtti sér það sem gjöfult nærumhverfið hafði upp á að bjóða til þess að lifa af á þeim tíma sem búið var í Sauðaneshúsi. Sauðaneshús er hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en er rekið af Menningarmiðstöð Þingeyinga. Safnið er opið fyrir gesti yfir sumartímann.

Sauðaneshús.



Á Minjasafni Austurlands er gestum m.a. boðið að ganga til baðstofu.



Á sýningunni Hreindýrin á Austurlandi er fjallað um þessi einkennisdýr Austurlands á fjölbreyttan hátt og frá mörgum hliðum.

Minjasafn Austurlands

Minjasafn Austurlands var formlega stofnað árið 1943 eftir að hópur fólks á Austurlandi hafði árið áður vakið athygli á mikilvægi söfnunar menningarminja og hvatt til stofnunar minjasafns í fjórðungnum. Fyrst um sinn var safnið í geymslum á Hallormsstað en var síðar flutt í hús Gunnars Gunnarssonar rithöfundar að Skriðuklaustri þar sem það var til sýnis um árabil. Síðar var ákveðið að byggja yfir safnið á Egilsstöðum þar sem það var opnað að nýju í Safnahúsinu að Laufskógum 1, árið 1996. Þar er safnið til húsa enn í dag ásamt Héraðsskjalasafni Austfirðinga og Bókasafni Héraðsbúa. Minjasafn Austurlands er rekið sem byggðasamlag Múlþings og Fljótsdalshrepps.

Stjórnendur og starfsfólk

Safnstjóri safnsins er Elsa Guðný Björgvinsdóttir, fjölmiðla- og þjóðfræðingur en hún tók við starfinu haustið 2015. Auk hennar starfa á safninu þær Beata Brodowska fornleifafræðingur og Eyrún Hrefna Helgadóttir þjóðfræðingur og menningarmiðlari. Auk umsýslu um safnkost safnsins, gestamóttöku, uppsetningu sýninga og viðburðahalda sinna starfskonur safnsins safnfræðslu og móttöku skólahópa af metnaði.

Starfsemin

Minjasafn Austurlands er almennt byggðasafn sem hefur það að markmiði að safna, skrásetja og varðveita minjar um búshætti, atvinnulíf og daglegt líf á Austurlandi og miðla menningararfinum m.a. með sýningum og fræðslu. Safnið varðveitir yfir 12.000 muni sem skráðir eru í menningarsögulega gagnasafnið Sarp og eru upplýsingar um stóran hluta gripanna aðgengilegar almenningi á vefsíðunni sarpur.is.

Grunnsýningar safnsins eru tvær og hafa verið í núverandi mynd frá árinu 2015. Annars vegar er þar um að ræða sýninguna Sjálfbær eining en yfirskrift hennar vísar til þess að áður fyrr þurfti hvert íslenskt sveitahemili að vera sjálfu sér nægt um brýnustu lífsnauðsynjar. Til sýnis eru ýmsir gripir sem tilheyra sögu gamla sveitasamfélagsins á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öld. Meðal gripa á sýningunni er baðstofa frá bænum Brekku í Hróarstungu. Hin sýningin ber heitið Hreindýrin á Austurlandi og fjallar hún eins og nafnið bendir til, um þessi einkennisdýr Austurlands. Fjallað er á fjölbreyttan hátt um lífshætti og lífsbaráttu hreindýranna, hættur sem þau búa við af völdum náttúru og mannsins, um rannsóknir á þeim, um sögu hreindýraveiða og hvernig afurðir dýranna hafa verið nýttar til matar og í handverki og hönnun.

Auk grunnsýninga safnsins er leitast við að bjóða upp á fjölbreyttar örsýningar og viðburði allt árið um kring.



Minjasafn Austurlands er til húsa í Safnahúsinu á Egilsstöðum. Þar eru einnig Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Bókasafn Héraðsbúa.



Safnfræðsla og móttaka skólahópa er stór þáttur í starfsemi Minjasafns Austurlands.



Sýning Náttúruminjasafns Íslands, Vatnið í Náttúru Íslands, er heildstæð, falleg og nútímaleg sýning sem veitir vandaða innsýn í eina mikilvægustu auðlind landsins, vatnið. Efnið er sett fram á nýstárlegan hátt þar sem lögð er áhersla á virka þátttöku gesta og beitt nýjustu margmiðlunartækni. / Ljósmynd: Vigfús Birgisson.

Náttúruminjasafn Íslands



Dr. Hilmar J. Malmquist, líffræðingur, forstöðumaður.

Náttúruminjasafn Íslands er í eigu íslenska ríkisins, eitt þriggja höfuðsafna landsins ásamt Þjóðminjasafni Íslands og Listasafni Íslands, sett á laggirnar árið 2007. Náttúruminjasafnið er fræðslu- og vísindastofnun sem er ætlað að gegna miðlægu hlutverki við miðlun þekkingar og upplýsinga um náttúrufræðileg efni og vera ráðgefandi gagnvart öðrum söfnum landsins sem sýsla með náttúruna. Náttúruminjasafnið er skilgetið afkvæmi Hins íslenska náttúrufræðifélags sem var stofnað 1889 en félagið átti og rak náttúrugripasafn á árunum 1889–1947, lengst af með stuðningi ríkisins og sýningaraðstöðu í Safnahúsinu við Hverfisgötu, en safnkosturinn var afhentur ríkinu til eignar 1947 ásamt myndarlegum byggingarsjóði fyrir nýju safnahúsi.

Árið 1951 var Náttúrugripasafn Íslands stofnað og á grunni þess árið 1965 reis Náttúrufræðistofnun Íslands, systurstofnun Náttúruminjasafnsins, sem sinnti sýningahaldi á Hlemmi frá 1967 til 2008 er sýningunni var lokað og stofnunin flutt í nýjar höfuðstöðvar í Garðabæ. Lokun sýningarinnar á Hlemmi hélst í hendur við þá ákvörðun stjórnvalda að stofna þriðja höfuðsafnið, Náttúruminjasafn Íslands, sem hefði fræðslu og miðlun með sýningahaldi að meginhlutverki.

Starfsemi Náttúruminjasafnsins er markaður rammi með sérlögum um safnið (nr. 35/2007) og safnalögum (nr. 141/2011). Meginhlutverk safnsins er að miðla þekkingu og fróðleik um náttúru Íslands, náttúrusögu, nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og tengsl náttúru landsins við umheiminn. Í því skyni stundar safnið rannsóknir, safnar munum, skráir þá og varðveitir og gengst fyrir sýningahaldi, útgáfu og viðburðum og veitir skólum fjölþætta þjónustu með öflugri safnkennslu. Þannig stuðlar Náttúruminjasafnið að auknu aðgengi almennings að náttúruarfinum, varðveislu hans og sjálfbærri umgengni við hann, sjá www.nmsi.is

Starfsemi, mannaður, verkefni

Frá stofnun Náttúruminjasafnsins hefur staða þess lengst af verið bág. Fjárheimildir fyrstu tíu árin voru naumt skammtaðar og stofnunin hafði ekki yfir eigin húsnæði að ráða, hvorki til sýningahalds né annarra starfa. Markverð breyting varð á högum Náttúruminjasafnsins seint á árinu 2018 þegar safnið opnaði sína fyrstu sjálfstæðu sýningu, *Vatnið í náttúru Íslands*, í Perlunni. Sýningin er rekin í samvinnu við Perlu norðursins ehf. samkvæmt afnotasamningi til 15 ára, en félagið leigir allt húsið af Reykjavíkurborg og er með eigin sýningar þar.

Á fyrstu tíu árum starfsemi Náttúruminjasafnsins var fjöldi stöðugilda aðeins 2–3, en eftir opnun sýningarinnar í Perlunni árið 2019 voru stöðugildin orðin 7,1 og 8,8 árið 2020. Fjöldi ársverka s.l. þrjú ár hefur verið 10–14. Frá vori 2020 hefur safnið haft skrifstofur að Suðurlandsbraut 24 í 310 fm leigurémi og 120 fm geymslurémi í Sundaborg 4.

Fyrsti forstöðumaður Náttúruminjasafnsins var dr. Helgi Torfason jarðfræðingur sem fór



Á sýningunni í Perlunni eru lifandi vatnadýr og jurtir og safnkennarar taka á móti skólahópum og fara með þá um sýninguna. Rúmlega 3000 nemendur ásamt kennurum heimsóttu sýninguna árið 2019, en færri komu árið 2020 vegna COVID-19. Ljós. Vigfús Birgisson.



Vatnaveröld í Perlunni. Öll hönnun og framsetning upplýsinga miðar að því að gestir njóti sýningarinnar hvort sem þeir staldra stutt við eða vilja dvelja lengur og þyrstir í meiri upplýsingar. Sýningin er sérstaklega sniðin að ungu kynslóðinni. / Ljós. Vigfús Birgisson.

fyrir safninu á árunum 2007–2012. Þjóðminjavörður, Margrét Hallgrímsdóttir, var settur forstöðumaður frá vori 2012 fram á haust 2013, þegar dr. Hilmar J. Malmquist, líffræðingur var skipaður í embættið og aftur haustið 2018 til fimm ára.

Starfsemi Náttúruminjasafnsins er skipt í fjögur megin svið: 1) Skrifstofu- og fjármál, 2) Miðlun, fræðslu og upplýsingagjöf, 3) Rannsóknir, söfnun og skráningu, 4) Forvörslu og varðveislu.

Í sýningahaldi er rík áhersla lögð á þjónustu við öll skólastig og sjá safnkennarar um móttöku hópa og fjölþætta fræðslu á staðnum. Sýningin í Perlunni hefur notið mikillar velgengni, aðsóknarmet var slegið 2019 þegar nær 200.000 gestir komu í heimsókn og sama ár hlaut sýningin mikilsverð evrópsk hönnunarverðlaun. Náttúruminjasafnið tók einnig þátt í grunnsýningunni Sjónarhorn – ferðalag um íslenskan myndheim, sem sex söfn stóðu að í Safnahúsinu við Hverfisgötu 2015–2021.

Helstu rannsóknir á vegum safnsins síðustu ár hafa beinst að líffræðilegum fjölbreytileika, vatnalíffræði, fornlíffræði og náttúrusýn Íslendinga fyrr á öldum. Náttúruminjasafnið gefur út tímaritið Náttúrufræðinginn með Hinu íslenska náttúrufræðifélagi og miðlar einnig efni á vefsetri safnsins, samfélagsmiðlum og með útgáfu bóka.

Framtíðarsýn

Á haustdögum 2020 kynnti mennta- og menningarmálaráðherra niðurstöðu greinargerðar starfshóps sem falið var að kanna fýsileika þess að staðsetja höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins á Seltjarnarnesi í fyrirliggjandi húsnæði Lækningaminjasafns og í Nesstofu. Meginniðurstaðan var mjög jákvæð. Seltjarnarnes er talinn kjörinn framtíðarstaður fyrir Náttúruminjasafnið vegna mikillar nálægðar við náttúruna og merkilegra fornleifa á svæðinu, og bygging Lækningaminjasafnsins ásamt nýtingu Nesstofu talin henta að mörgu leyti vel fyrir starfsemina. Jafnframt eru fyrir hendi áhugaverðir stækkunarmöguleikar á húsi Lækningaminjasafnsins og möguleikar á nýtingu húsnæðis í eigu Seltjarnarnesbæjar á svæðinu, fræðasetrinu í Gróttu. Að mati starfshópsins gæti núverandi bygging Lækningaminjasafnsins, um 1360 m², verið tilbúin undir starfsemi Náttúruminjasafnsins á um tveimur árum. Stefnt er að því að hefja framkvæmdir í ársbyrjun 2021.

Bygging glæsilegs Náttúruhúss á Nesinu fyrir höfuðstöðvar Náttúruminjasafns Íslands yrði mikil lyftistöng fyrir náttúruvísindi og safnastarfsemi í landinu. Fyrirtaks aðstaða til fræðslu og miðlunar í náttúrufræðum og umhverfismálum hefur aldrei verið brynnt en nú á tímum staðbundinna og hnattrænna umhverfisáhrifa af völdum manna. Þekking og skilningur á náttúrunni, undrum hennar og gangverki er forsenda fyrir sjálfbærri sambúð manns og náttúru, jafnt fyrir okkur sem komandi kynslóðir.



Rostungurinn er ný sýning í Dropanum, sérsýningarrými safnsins, í Perlunni. Nýleg rannsókn hefur staðfest að á Íslandi lifði í árpúsun dir sérstakur íslenskur rostungsstofn sem varð útdauður í kjölfar landnámsins, um 1000–1200 e.Kr. Á sýningunni er þessum merkilegu niðurstöðum gerð skil og fléttu saman við umfjöllun um líffræði rostunga og útbreiðslu, sem og við nýtt af rostungum og hugsanlegum þætti þeirra í landnámi Íslands. / Ljós. Vigfús Birgisson.



Náttúruminjasafn Íslands hefur sett upp tvær sýningar um aðfrír geirfuglsins og útdauða tegunda í Safnahúsinu við Hverfisgötu í tengslum við sýninguna Sjónarhorn – ferðalag um íslenskan myndheim. Hér má sjá geirfuglinn, sem Íslendingar eignuðust 1971, og í baksýn ljósmyndir Ólafar Nordal myndlistarmanns af innflylum síðustu tveggja geirfuglanna sem drepnir voru í Eldey árið 1844. Ljós. Vigfús Birgisson.



Sýningin, dýralíf á norðurlóðum.



Sýningin, kortasafn Arngríms.

Norðurlóð



Arngrímur B. Jóhannsson, stofnandi safnsins.

Norðurlóð var opnað 28. janúar 2017. Upphaf og hugmynd Norðurlóðasetursins er safn stofnanda þess, Arngríms B. Jóhannssonar af aldagömlum Íslandskortum eftir þekkta kortagerðarmann, þar sem elsta kortið er líklega um 300-400 ára. Safninu var fært að gjöf hluti af lífsstarfi Hafsteins Hólm Þorsteinssonar sem samanstendur af uppstoppuðum dýrum. Sögur, myndir og munir eru frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar heimskautafara og fræðast má um ferðir hans um norðurlóðir, einnig eru frásagnir af ferðum Vigfúsar Sigurðssonar með Wegener og Kock yfir Grænlandsjökul. Norðurlóðasetrið gefur okkur góða innsýn í lífið á norðurlóðum, þar á meðal hluta af strandmenningu Eyjafjarðar. Fræðast má um líf Inúíta, um báta/skip og flugvélar, auk gamalla siglingatækja, einnig eru sýnishorn af fatagerð frá fyrri tíð.

Sýningar Norðurlóða

Sýningar Norðurlóða eru 11 talsins og segja frá áhugaverðum sögum í máli og myndum auk þess að vera með glæsilegt safn af sögulegum gripum.

Landnám Íslands - Fjallar um landnám Ingólfs Arnarsonar árið 840 sem kom fyrstur landnámsmanna til Íslands með búsetu í huga.

Dýralíf á Norðurlóðum - Á sýningunni má sjá ótal uppstoppuð dýr, meðal annars refi, seli og hreindýr. Auk þess má sjá alla varpfugla Íslands, eða um 250 tegundir.

Kortasafn Arngríms - Glæsilegt safn margvíslegra korta, en þar má meðal annars finna Guðbrandskort, margvísleg land- og sjókort, flugkort og myndir frá um 400 km hæð úr gervitunglum.

Grænlandsfarinn Vigfús Sigurðsson - Grænlandsleiðangurinn var farinn 1912 og var á vegum Danans J.P. Koch. Íslendingurinn Vigfús Sigurðson, síðar kallaður Grænlandsfari, var með í för. Sýningin segir frá leiðangrinum í máli og myndum.

Vigfúsarstofa - Hér er sagt í máli og myndum frá ferðum Vigfúsar. Dóttursonur Vigfúsar, Vigfús Geirdal, sagnfræðingur og kennari og kona hans Sigrún ásamt fjölskyldu, varðveittu myndir og gögn, sem þau góðfúslega lánuðu til sýningarinnar.

Landkönnuðurinn Vilhjálmur Stefánsson - Nafn Vestur-Íslendingins Vilhjálms Stefánssonar er órofa tengt norðrinu og könnun þess. Hann er þekktastur fyrir að hafa ferðast um heimskautasvæði Kanada í fimm ár óslitið (1913-1918) og stundað mannfræðirannsóknir og landkönnun, en alls dvaldi hann um 12 ár á þessum slóðum.

Heimskautslöndin unaðslegu - Lýsir með listrænum hætti lífi, starfi og hugsjónum Vilhjálms Stefánssonar en er um leið kynning á umhverfi, menningarheimum og málefnum norðurlóða.

Hundasleðaferð - Hér er boðið upp á upplifun á hundasleða. Á stórum skjá má sjá hundasleðaferð um Grænland og gefst fólki tækifæri til að setjast á sleða og upplifa tilfinninguna.

Handverkssýning - Sýning á íslensku handverki, einkum fatnaði, sem einkennt hefur íslenska menningu í gegnum tíðina. Unnið af hópi handavinnufólks á Norðurlandi.

Flug á Norðurlóðum - Sýning sem veitir innsýn í upphaf flugs á norðurlóðum á 20. öld.

Strandlíf í Eyjafirði - Sýning sem fjallar um strandmenningu í Eyjafirði í gegnum tíðina. Sagt er frá í máli og myndum en einnig er þar að finna áhugaverð skipalíkon.



Frá sýningum í safninu.





Sagnheimar, byggðasafn. / Ljós. Viktor Pétur Jónsson.



Séð inn í barnadeild Bókasafn. / Ljós. Sigurgeir Jónasson.

Safnahús Vestmannaeyja

Safnahús Vestmannaeyja var tekið í notkun 1977. Safnahúsið stendur við Ráðhúströð og hýsir bókasafn, héraðsskjalasafn, listasafn, ljósmyndasafn og byggðasafnið Sagnheima, auk sérstaks sýningarrýmis. Staða fjölmenningsfulltrúa er einnig hluti af starfsemi hússins. Forstöðumaður Safnahúss er Kári Bjarnason.

Söfnin

Bókasafn Vestmannaeyja var stofnað 1862 og var í byrjun nefnt Lestrarfélag Vestmannaeyja. Aðalhvatamenn að stofnun safnsins voru Bjarni E. Magnússon sýslumaður, séra Brynjólfur Jónsson á Ofanleiti og J.P.T. Bryde kaupmaður. Bókasafnið var í fyrstu staðsett í Landlyst en húsnæðisekla háði safninu allt þar til safnið komst í núverandi húsnæði.

Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja var stofnað 1980. Héraðsskjalasafnið geymir opinber skjöl, önnur en þau sem fara eiga í Þjóðskjalasafn, svo sem skjöl Vestmannaeyjabæjar og Landakirkju en einnig hin ýmsu einkaskjöl og skjöl félaga og félagasamtaka. Héraðsskjalavörður er Hrefna Valdís Guðmundsdóttir.

Listasafn Vestmannaeyja hefur að geyma tæplega eitt þúsund listaverk sem flest tengjast Vestmannaeyjum á einn eða annan hátt. Í eigu safnsins eru nokkur verk eftir eyjafólk á borð við Júlíönu Sveinsdóttur, Engilbert Gíslason, Ragnar Engilbertsson, Guðna Hermansen og Kristín Ástgeirsson en auk þess er á safninu að finna stærsta safn verka Jóhannesar S. Kjarval, utan Kjarvalsstaða, samtals 37 málverk.

Ljósmyndasafn Vestmannaeyja hefur að geyma meira en þrjár milljónir ljósmynda frá hinum ýmsu tímum sem að langmestu leyti tengjast Eyjum. Má þar nefna myndir eftir Kjartan Guðmundsson (1885-1950), Sigurgeir Jónasson (1934-) og Óskar Björgvinsson (1942-2002).

Byggðasafn Vestmannaeyja var stofnað 1932. Frumkvöðlar þess voru Þorsteinn Þ. Víglundsson, Eyjólfur Gíslason frá Bessastöðum og Árni Arnason símritari. 1978 flutti Byggðasafnið á 2. hæð Safnahúss og hefur starfað þar síðan. Miklar breytingar voru gerðar á safninu og uppsetningu sýninga veturinn 2010-2011 og sumarið 2011 opnaði safnið í nýrri mynd og undir nýju nafni sem **Sagnheimar, byggðasafn**. Safnstjóri er Sigurhanna Friðþórsdóttir.

Landlyst og **Skanssvæðið** tilheyra Sagnheimum, byggðasafni. Landlyst er eitt elsta hús í Vestmannaeyjum, byggt 1848. Húsið stóð lengst af við Strandveg 43b en 1992 var það friðlýst og flutt á Skanssvæðið þar sem það stendur nú í sinni upphaflegu mynd og hýsir læknamínjasafn. Fyrsta fæðingarheimili á Íslandi var rekið í húsinu 1848-1850. **Náttúrugripasafn Vestmannaeyja** var stofnað 1964. Það hefur nú sameinast Sagnheimum, byggðasafni og unnið er að opnun á sýningu muna úr eigu safnsins í húsnæði Sea Life við Ægisgötu á vordögum 2022.

Fjölmenningsfulltrúi Vestmannaeyja sér um stefnumótun, upplýsingagjöf og túlkun fyrir stofnanir og íbúa bæjarins. Fjölmenningsfulltrúi er Klaudia Beata Wanecka.

Einarsstofa, í anddyri Safnahússins, er tileinkuð Einari Sigurðssyni frá Heiði (1906-1977). Þar eru reglulega haldnar myndlistarsýningar auk fyrirlestra og viðburða af ýmsu tagi.



Kári Bjarnason, forstöðumaður Safnahúss. / Ljós. Óskar Pétur Friðriksson.



Sigurhanna Friðþórsdóttir, safnstjóri Sagnheima, byggðasafns. / Ljós. Óskar Pétur Friðriksson.



Skanssvæðið, fullgert árið 2000. / Ljós. Sigurgeir Jónasson.



Húsnæði Safnahúss. / Ljós. Viktor Pétur Jónsson.



Þetta er elsta bílasafn landsins og er það opið almenningi alla daga vikunnar yfir sumarið en veturnir fara í að lagfæra eða endursmiða sýningargripi. Þó árin hafi liðið og tíðarandinn breyst þá kemur fólk enn í skúrinn að Ystafelli til að ræða málin og rétta fram hjálparhönd.

Samgönguminjasafnið



Sverrir Ingólfsson, framkvæmdastjóri.

Kristbjörg Jónsdóttir (Bibba) frá Ystafelli í Kaldakinn fór rúmlega tvítug til Reykjavíkur í atvinnuleit eins og svo margir aðrir í stríðinu og haggvextinum sem koma hersins hafði í för með sér. Ekki leið á löngu þar til unga konan sem fengið hafði vinnu á saumastofu kynntist Ingólfi Kristjánssyni, Reykvíking, sem gerði út eigin vörubíl og keyrði meðal annars fyrir herinn. Vorið 1946, ári eftir að þau giftu sig, fluttu hjónin aftur á heimaslóðir Bibbu í Ystafelli. Búskapurinn féll vel að bóndadótturinni á meðan bílstjórinn frá Reykjavík fór fljótt að huga að viðgerðum á bílum og búvélum bænda á svæðinu. Hann stundaði einnig bílaúterð ýmiskonar, t.d. í tengslum við mjólkurflutninga og vegavinnu, auk þess að kenna á bíl. Öllum sem erindi áttu í Ystafell var boðið í kaffi eða mat hjá Bibbu og fljótlega var fólk farið að venja komur sínar þangað til að heimsækja þau hjónin og kannski sjá hvað Ingólfur var að brasa þann daginn, enda alltaf nóg að gera. Í þá daga var ekki auðvelt að nálgast varahluti eða verkfæri í gegnum Internet, síma eða jafnvel bréfaskriftir og því varð að passa upp á hverja skráfu, bolta og fjaðurblað. Ingólfur átti það til að segja: „Það má aldrei henda neinu, þá vantar þig það aftur á morgun“. Af því leiðir að ýmislegt er til í Ystafelli sem ekki finnst annars staðar. Það má segja að safnið eigi rætur sínar í þessari speki og elju Ingólfs við að safna að sér varahlutum, tækjum og tólum.



Safnhúsið á Ystafelli.

Ekki með það að markmiði að opna safn heldur af einskærri nauðsyn

Þau hjón eignuðust 7 börn á 19 árum og með slíkan liðsstyrk til að búi og bílskúr skapaðist áhugaverð menning á staðnum. Til að gera langa sögu stutta gafst tími til að púsla einhverju af þessu uppsafnaða dóti sem fyrirfannst á svæðinu saman og árið 1994 var búið að gera upp Ford AA 1929, komplett, takk fyrir. Í kjölfar þessa, snemma árs 1995 fóru að vakna hugmyndir um að það væri sniðugt að byggja safn utan um Fordinn og önnur tæki sem til voru. Á svipuðum tíma voru Ingólfur og Sverrir að vinna að öðrum verkefnum, m.a. Land Rover árg. 1951 og árið 1998 var byrjað á Ford 1938 vörubíl og þá var ekki aftur snúið. Framkvæmdir hófust með fyrstu skóflustungunni sumarið 1998, en það ár stofnuðu Ingólfur og Bibba sjálfseignarstofnun utan um rekstur safnsins. Þá var grafið fyrir 640 fermetra sýningarsal og varð hann foheldur í nóvember sama ár. Eftir að búið var að einangra og innrétta salinn var safnið opnað sumarið 2000. Það varð snemma ljóst að þetta hús myndi fyllast fljótt. Sumarið 2004 var byrjað að grafa fyrir öðrum sýningarsal og var hann opnaður í júlí 2006, en þá var sýningarrými safnsins orðið allt að 1500 fermetrar. Fyrsta sumarið sem safnið var opið taldi það 35 farartæki en í dag eru þau nærri 90 talsins, innandyra. Nú er staðan sú að safnið er yfirfullt og brýn þörf er á nýjum húsakosti.

Hlutverk safnsins

Yfirlýst hlutverk safnsins er varðveisla samgöngutækja hverskonar sem og upplýsinga og myndefnis úr samgöngusögu Íslands. Ingólfur og Bibba létust bæði árið 2003 og hefur sonur þeirra Sverrir séð um rekstur safnsins eftir þeirra dag, með aðstoð frá fjölskyldu og vinum.





Órlygur Kristfínnsson, safnstjóri Síldarminjasafnsins til tuttugu ára og helsti hvatamaður uppbyggingar safnsins (sjá uppbyggingu Bátahússins í bakgrunni).



Sildarsöltun á bryggjunni við Róaldsbrakka.

Síldarminjasafn Íslands

Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði er stærsta sjóminja- og iðnaðarsafn landsins, en uppbygging þess hefur verið einstök á landsvísi. Síldarminjasafnið er dæmi um safn, sem segja má að hafi sprottið upp úr grasrótinni með framtaki Félags áhugamanna um minjasafn, FÁUM. Með stofnun félagsins árið 1989 hófst ötul og fórnfús vinna sjálfboðaliða við endurgerð Róaldsbrakka sem áður var hluti af einni stærstu söltunarstöð landsins; glæsilegt háreist hús, byggt í sjó fram. Eftir að brakkinn var endurgerður, var framan við húsið smíðað síldarplan og bryggjustúfur sem stendur fram í lítið lón þannig að líkt er eftir umhverfi hússins á árum áður. Róaldsbrakki var vígður sem fyrsta safnhús Síldarminjasafnsins þann 9. júlí 1994. Síðan þá hefur safnið vaxið mjög og dafnað. Árið 1998 var hafist handa við uppbyggingu Gránu, bræðsluminjasafns og aðeins tveimur árum seinna voru lögð fram drög að nýrri húsbyggingu; Bátahúsinu. Verkefnið voru ærin á næstu árum. Grána var vígð sumarið 2003 og aðeins ári seinna var sýningin í Bátahúsinu opnuð almenningi. Í umræddum þremur safnhúsum fá gestir innsýn í hið stórbrotna og heillandi síldarævintýri og kynnast sögu síldveiða og vinnslu á silfri hafsins – en síldin var einn helsti orlagavaldur Íslands á tuttugustu öld. Róaldsbrakki er norskt síldarhús frá 1907. Þar er flest eins og var á árum áður, þegar síldarstúlkur þjuggu í húsinu sumarlangt. Í Gránu er að finna dæmi um litla síldarverksmiðju frá því á fjórða áratugnum og kynnast gestir þar sögu bræðsluiðnaðarins, sem löngum var kallaður fyrsta stóriðja Íslendinga. Í Bátahúsinu eru bátar bundnir við bryggjur, búnir viðeigandi veiðarfærum, með það að markmiði að endurskapa lítinn hluta af síldarhöfninni frá því um miðja síðustu öld. Neta- og beitningaskúrar standa til hliðar sem minnisvarðar um þá fjölbreyttu iðju sem fram fór á höfninni á árum áður. Hákon krónprins Noregs vígði húsið við hátíðlega athöfn árið 2004. Árið 2014 var hafist handa við endurreisn Salthússins svokallaða, 18. aldar pakkhúss sem upprunalega var í eigu Rússakeisara sem hluti af hvalstöð. Húsið hefur ferðast víða en mun þjóna hlutverki varðveisluhúss Síldarminjasafnsins í framtíðinni. Umfangsmiklum safnkosti verður komið fyrir við kjöraðstæður. Þar að auki verður ný sýning um veturinn í hluta hússins.

Hlutverk, verðlaun og viðurkenningar

Hlutverk Síldarminjasafnsins er að tryggja söfnun og varðveislu menningarsögulegra minja, tengdum síldveiðum og iðnaði. Sögu síldarævintýrisins svokallaða er miðlað í sýningum safnsins, með bókaútgáfu og safnkennslu, með fyrirlesturum og öðrum kynningum. Starfsmenn safnsins stunda að jafnaði rannsóknir og skráningu á safnkosti. Síldarminjasafnið hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir sýningar sínar og starfsemi. Hæst ber að nefna Íslensku safnverðlaunin árið 2000 og Evrópuverðlaun safna sem besta nýja iðnaðarsafn Evrópu 2004. Gestum hefur farið verulega fjölgandi ár eftir ár – á tuttugu árum fjölgaði gestum úr 5.000 á ári í tæp 28.000. Safnið er sjálfseignarstofnun og í stjórn þess sitja fulltrúar frá Félagi áhugamanna um minjasafn og sveitarfélaginu Fjallabyggð auk þess sem safnstjóri skipar fulltrúa í stjórn.



Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafnsins.



Bátahúsið.



Safnhúsin þrjú, Róaldsbrakki, Grána og Bátahúsið.



Torfbæirnir í húsasafninu.

Skógasafn hefur tekið stakkaskiptum frá stofnun þess og mikil uppbygging hefur átt sér stað. Safnið hefur verið leiðandi í menningarstarfsemi og markmið þess er að safna og sýna menningarminjar Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga og varðveita þær fyrir komandi kynslóðir.



Stjórn Skógasafns 2018-2022 ásamt forstöðumanni. Frá vinstri: Anton Kári Halldórsson varaformaður, Elin Grétarsdóttir ritari, Eva Björk Harðardóttir, Andri Guðmundsson forstöðumaður Skógasafns, Sigþór Sigurðsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson formaður stjórnar.

Skógasafn



Móttaka safnsins.



Þórður Tómasson í pontu á 70 ára afmælishátíð safnsins.



Samgöngusafnið.

Skógasafn á upphaf sitt að rekja til ársins 1945 þegar tekin var ákvörðun í sýslunefnd Rangárvallasýslu að efna til byggðasafns sýslunnar. Sama ár var skipuð stjórn verðandi byggðasafns en í henni sátu: séra Jón M. Guðjónsson í Holti, Guðmundur Erlendsson frá Núpi og Þórður Tómasson í Vallnatúni. Safnið er í eigu héraðsnefnda Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga.

Sagan

Byggðasafn Rangæinga hóf starfsemi sína í húsi Skógaskóla árið 1949. Fyrsta sýning safnsins var gerð aðgengileg fyrir almenning þann 1. desember 1949, en fyrstu árin var komið upp sýningum á munum safnsins í kennslustofum skólans á sumrin í samvinnu við sumarhótelilið í Skógum. Fljótlega varð þó ljóst að safninu var ekki sniðinn stakkur eftir vexti. Þórður Tómasson sá um safnið í byrjun og var ráðinn sem safnvörður Byggðasafnsins árið 1959.

Árið 1952 gerðist Vestur-Skaftafellssýsla aðili að safninu með fjórðungs eignarhlut og eftir það hét safnið Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga. Fyrstu Skaftfellingar í safnstjórn voru Jón Þorsteinsson sýslufulltrúi og bóndi í Norður-Vík og Óskar Jónsson verslunarmaður í Vík. Sama ár fékk safnið að gjöf áttæringinn Pétursey frá Jóni Halldórssyni kaupmanni í Suður-Vík. Árið 1954 var hafist handa við að byggja safninu húsnæði og árið 1955 var risið myndarlegt safnhús sem rúmaði áttæringinn Pétursey og gott betur. Þar var ekki látið staðar numið því Þórður Tómasson hélt ótrauður áfram að viða að sér fleiri munum og fljótlega fór að þrengja að á ný. Árið 1968 hófst uppbygging á gömlum bæjarhúsum á safnsvæðinu. Fyrsta húsið sem flutt var að Skógum og endurreist þar var skemma frá Varmahlíð undir Eyjafjöllum sem langafi Þórðar, Sigurður Jónsson, byggði á bæ sínum um 1830. Suðurhluti safnhússins var byggður á árunum 1990-95 og árskipinu Pétursey markaður þar staður í öndvegi. Héraðsskjalasafni Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga var komið fyrir í kjallara í viðbyggingunni. Tengibygging úr gleri milli gamla og nýja hússins varð gestamóttaka safnsins. Þann 20. júlí 2002 var opnuð safndeild í nýju 1510 fm sýningarhúsi sem reis austan við aðalbyggingu safnsins. Þetta safn hlaut nafnið Samgöngusafnið í Skógum og var fyrsta safn sinnar tegundar hér á landi. Hlutverk safnsins er söfnun, varðveisla og sýning muna og minja er tengjast þróun samgangna í landinu á 19. og 20. öld. Í húsinu eru einnig safnverslun og veitingastaðurinn Skógakaffi. Helsti hvatamaður að þessu verki var Sverrir Magnússon, þáverandi framkvæmdastjóri safnsins. Fljótlega eftir tilkomu Samgöngusafnsins í Skógum var byrjað að notast við nafnið Skógasafn sem yfirheiti yfir alla safnheildina sem risið hafði í Skógum. Föstudaginn 1. september 2017 var vígt nýtt móttökuhús í Skógasafni með stórbættri aðstöðu fyrir gesti og starfsfólk, nýjum snyrtingum og rúmgóðri afgangi. Jafnframt var gamla safnhúsið frá 1955 gert upp og gömlu móttökunni breytt í sýningarrými og nýjar sýningar settar þar upp. Þann 1. júlí 2018 tók Andri Guðmundsson við sem forstöðumaður Skógasafns.

Árið 2019 voru gestir safnsins samtals 43.452 talsins og stöðugildi við safnið voru 10,7. Þar af voru stöðugildi háskólamenntaðra starfsmanna 5,7 talsins.



Frá steinasafni Petru.

Steinasafn Petru

Safnari og náttúrubarn eru orð sem tengjast Petru órofa böndum. Frá því hún opnaði augun í fyrsta skipti veitti hún umhverfi sínu meiri athygli en flest okkar.

Áhugi Petru á fallegum steinum fylgdi henni alla ævi og byrjaði Petra að safna steinum fyrir alvöru þegar þau Nenni fluttu inn í Sunnuhlíð árið 1946.

Fyrstu tuttugu árin af söfnunarstarfi sínu sótti Petra nær eingöngu steina í fjöurnar og fjallgarðinn norðan fjarðarins. Petra gekk einfaldlega út um aðaldyrnar á Sunnuhlíð og eins og leið lá upp brekkurnar og á fjöllin fyrir ofan. Steinarnir hennar eru því langflestir úr Stöðvarfirði og af Austurlandi því Petra leitaði sjaldan steina í öðrum landsfjórðungum.

Steinasafnið

Á undanföllum áratugum telja gestir Steinasafnsins hundruð þúsunda. Í safnið kemur fjöldi fólks sem annað hvort trúir á mátt steinanna eða kemur í fræðilegum tilgangi. Þó að þessir tveir hópar nálgist steinana á ólíkan hátt þá má fullyrða að upplifun fólks hér í safninu getur verið afar sterk. Þetta sést af því að margir koma hér ár eftir ár til að rifja upp kynni sín af safninu. Hvort fallegur steinn býr yfir mætti til lækninga eða hvort hann inniheldur sérstaka orku verður aldrei útkljáð eða sannað. Til þess er nálgun fólks of ólík. Hitt er víst að fólk sem trúir staðfastlega á orku steinanna kemur hingað í hundraða vís á ári hverju.

Safnið er rekið af afkomendum Petru, þeim Ingimari, Elsu, Sveini og Þórkötlum.

Safnarinn Petra

Söfnunaráhugi Petru einskorðaðist ekki við steinasöfnun. Petra safnaði merktum pennum, bollum og fleiri smáhlutum auk þess sem hún safnaði hverskonar skeljum og kuðungum í marga áratugi. Petra safnaði líka vasaklútum en ástæða þeirrar söfnunar er nokkuð sérstök. „Þegar ég og Rósa vinkona vorum átta eða níu ára þá vorum við hérna upp í fjalli og ákváðum að gefa alltaf hvor annarri vasaklút í afmælisgjöf. Það mátti aldrei vera minna en vasaklútur, hann var skyldustykki. En á meðan að við værum sáttar þá átti að vera eitthvað meira. En það væru boð um að það væri ekki allt í lagi ef það kæmi bara vasaklútur. Og það kom alltaf vasaklútur á hverju ári og enn í dag og alltaf eitthvað meira.“ Á hverju ári endurnýjuðu þær heitið og með tímanum eignaðist Petra stórt og litríkt safn vasaklúta sem er minnisvarði um ævilanga vináttu.

Viðurkenning

Árið 1995 veitti Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti Íslands, Petru hina íslensku fálkaorðu sem viðurkenningu fyrir söfnun og varðveislu náttúruminja.

Petra var listakona í hjarta sínu. Steinarnir voru hennar farvegur til að fá útrás fyrir djúpstæða tjáningarþörf og gestabækurnar sýna að margir sem hingað koma upplifa heimili hennar sem listaverk. Petru tókst því að miðla þeirri fegurð sem hún naut á ferðum sínum, þó að það hafi ekki verið ætlun hennar í upphafi.

Petra bjó í Sunnuhlíð þar til árið 2007 en fylgdist þó vel með safninu þar til hún lést árið 2012.



Ljósbjörg Petra María Sveinsdóttir.



Systkinin. Frá vinstri: Sveinn, Elsa, Þórkátla og Ingimari.



Steinasafn Petru.



Amtsbókasafnið.



Minjasafnið.

Söfnin á Akureyri



Davíðshús.

Safnaflóran á Akureyri er afar fjölbreytt og tæki eflaust nokkra daga að skoða vel allt sem þar er til sýnis hverju sinni. Hvort sem þig langar að sökkva þér í klassísk listaverk, þæla í hönnun gamalla vöruumbúða, dást að gljáfægðum mótorfákum eða ferðast í huganum aftur til fortíðar og upplifa bæjarbraginn eins og hann var á öldum eða árum áður, þá eru söfnin á Akureyri rétti staðurinn fyrir þig.

Amtsbókasafnið

Amtsbókasafnið, Brekkugötu 17 er eitt stærsta almenningsbókasafn landsins. Hér má finna bækur, hljóðbækur, tímarit, dagblöð, skólablöð, margmiðlunarefni, tónlist á geisladiskum, kvikmyndir og fræðslumyndir á mynddiskum og myndböndum og margt fleira. Á safninu eru reglulega haldnar ýmiss konar sýningar, viðburðir og fyrirlestrar. Notalegt kaffihús er á safninu þar sem má fá rétt dagsins í hádeginu alla virka daga. Á safninu er þráðlaust netsamband og hægt er að fá aðgang að netinu í gegnum tölvur sem eru á safninu.

Davíðshús

Í grænum hlíðum Akureyrar rétt ofan við Amtsbókasafnið á Bjarkarstíg 6 er hús sem eitt ástsælasta skáld Íslendinga, Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, lét reisa árið 1944. Þar bjó hann síðan til dánardags. Davíð var sannkallaður fagurkeri og safnari af guðs náð. Húsakynnin bera smekkvísi hans glögg merki, full af bókum, listaverkum og persónulegum munum, eins og þegar hann skildi við árið 1964, næstum eins og hans sé að vænta innan skamms. Kynnstu skáldinu í fögru umhverfi sem gerir heimsóknina að einstakri upplifun.

Flugsafn Íslands

Á Flugsafni Íslands á Akureyrarflugvelli er yfir 100 ára sögu flugs á Íslandi miðlað til gesta á lifandi hátt. Sýningar safnsins leiða gesti í gegnum þróun íslensks flugs og flugfélaga frá árinu 1919 og til dagsins í dag með flugvélum af ýmsum stærðum og gerðum, björgunarþyrlu og flugmódelum auk fjölda annarra áhugaverðra muna og ljósmynda. Sumar flugvélanna eru enn í flughæfu ástandi og er m.a. flogið á Flugdegi safnsins sem haldinn er árlega í júní. Gestum er velkomið að ganga um vél Landhelgisgæslunnar, TF-SÝN.

Hérðasskjalasafnið

Hlutverk safnsins er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda héraðssögunnar, til notkunar fyrir stjórnslu, stofnanir og einstaklinga. Þetta er gert til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðimennsku. Safnið er í sömu húsakynnum og Amtsbókasafnið á Brekkugötu 17.

Hús Hákarla-Jörundar

Í elsta húsi Hríseyjar á Norðurvegi er búið að koma upp vísi að sýningu sem tengist hákarlaveiðum við strendur Íslands fyrr á öldum. Húsið var byggt á árunum 1885-86 af Jörundi Jónssyni, eða Hákarla-Jörundi úr timbri norskra skipa er fórust við Hrísey, þann 11. september 1884. Húsið hefur verið gert upp og fært í upprunalegt útlit.



Flugsafn Íslands.



Hús Hákarla-Jörundar.



Listasafnið á Akureyri.

Iðnaðarsafnið

Á Iðnaðarsafninu er arfleifð iðnaðar á Akureyri á síðustu öld miðlað; sögð saga verksmiðjanna og þeirra sem byggðu þær upp og unnu í þeim. Á safninu má finna vélar, tæki og verkfæri auk sýnishorna af þeim varningi sem framleiddur var í verksmiðjunum. Hér má sjá allt frá smjörlíkisgerðarvélum, prentvélum og rennibekkjum til saumavéla og áhalda til úrsmíða. Öll fjölskyldan nýtur þess að heimsækja Iðnaðarsafnið á Krókeyri við Drottningarbraut

Leikfangasafnið

Í Leikfangasafninu í Friðbjarnarhúsi, Aðalstræti 46 gefur að líta fjölda gamalla leikfanga. Elsta leikfangið er brúða með postulínshöfuð frá því um 1880 en þarna má einnig finna gamla og snjáða bangsa, tinlest, mekkanóskep, bíla, dúkkulísur, dúkkuhús, leggi, skeljar og allskyns leikföng úr bernskunni. Uppistaðan í safninu eru að mestu leyti gjafir frá einstaklingum. Leikherbergi fyrir börnin er á staðnum.

Listasafnið á Akureyri

Listasafnið er í hjarta bæjarins í Listagilinu svokallaða við Kaupvangsstræti 8-12. Safnið leggur áherslu á að virkja sem flesta til þátttöku, að fræða almenning um sjónlistir og efla umræðu um samfélagið, menningu og listir þar sem safnkennsla og fyrirlestrahald skipar stóran sess. Þá er einnig lögð áhersla á samstarf önnur listasöfn og við erlenda aðila. Safnið setur upp um 15 nýjar sýningar árlega og eru að meðaltali 5-7 sýningar í safninu hverju sinni. Listasafnið leitast þannig við að efla menningarlíf bæjarins, auka við þekkingu, áhuga og efla skilning á myndlist og hönnun.

Minjasafnið á Akureyri

Í elsta bæjarhluta Akureyrar í Aðalstræti 58 er Minjasafnið. Sögu kaupstaðarins Akureyri og íbúa bæjarins eru gerð skil í fjölbreyttum og fjölskylduvænum sýningum. Einnig eru settar upp sýningar í samstarfi við önnur söfn. Safnið varðveitir og safnar munum og ljósmyndum sem tengjast lífi og umhverfi bæjarins og íbúa fjarðarins. Safnið stendur fyrir fjölmörgum viðburðum og sögugöngum og heldur úti öflugri miðlun á heimasíðu og samfélagsmiðlum. Í safninu eru bæði grunnsýningar sem rekja sögu Akureyrar og skammtímasýningar um ýmis efni. Safnið varðveitir og sýnir eitt merkilegasta safn erlendra Íslandskorta, Schulte safnið, þar sem þau elstu eru frá 1547.

Mótorhjólafn Íslands

Glæsilegt safn við Krókeyri 2, sem sýnir rúmlega 100 ára sögu mótorhjóna á Íslandi. Mótorhjól víðsvegar að og hlutir tengdir mótorhjólafn Íslands í glæsilegu 800 fermetra húsnæði sem var byggt sérstaklega undir safnið. Safnið var stofnað í minningu Heiðars Þ. Jóhannssonar, vélhjólamanns sem lést í mótorhjólafn árið 2006. Heiðar átti 22 hjól þegar hann lést. Safnið var byggt og er rekið alfarið með styrkjum frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Nonnahús

Í elsta bæjarhluta Akureyrar í Aðalstræti 54, er bernskuheimili rithöfundarins og jesúíta-prestsins Jóns Sveinssonar, Nonna (1857-1944). Húsið er eitt af kennileitum Akureyrar en þrátt fyrir að byggingin sé einföld hefur hún að geyma mikla sögu lítils drengs sem hélt í ferðalag lífsins aðeins 12 ára gamall. Ferðalagið stendur í raun enn því sögurnar sem Nonni gaf út í Þýskalandi frá 1913 eru enn að koma út um allan heim.



Iðnaðarsafnið.



Leikfangasafnið.



Mótorhjólafnið.



Nonnahús.



Frá sögugöngu á Hernámsdeginum á Reyðarfirði.
F.v., Helgi Sigfússon, Almar Blær Sigurjónsson, Eyþór Dan
Sigurðarson, óþekktur, Einar Þorvarðarson, Þóroddur
Helgason og Háskuldur Ólafsson.

Söfnin í Fjarðabyggð



Safnið, Fransmenn á Íslandi, Fáskrúðsfirði.

Söfnin í Fjarðabyggð eru jafn ólík og þau eru mörg. Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði geymir gagnmerkar heimildir um atvinnusögu landsmanna, í útgerð, verslun, smáíðnaði og lækningum. Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði er merk heimild um hernám landsins og síðari heimsstyrjöldina, með hersetu Reyðarfjarðar í forgrunni. Safnið er það eina hér á landi sem gerir atburðum stríðsáranna skil, eins og þeir komu almenningi fyrir sjónir á þessum viðsjárverðu tímum. Safnið Fransmenn á Íslandi segir sögu franskra skútusjómannanna á Fáskrúðsfirði. Raunsannri mynd er brugðið upp af lífi þeirra og kjörum ásamt merku framlagi Frakka hér á landi í m.a. þróun húsagerðar og heilbrigðisþjónustu. Í Safnahúsinu í Neskaupstað, eru þrjú og ekki síður áhugaverð söfn til húsa. Náttúrugripasafnið í Neskaupstað lýsir náttúru Austurlands með aðgengilegum og lífandi hætti. Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar snýr að hand- og iðnverki fyrri tíðar. Á jarðhæð Safnahússins er svo Myndlistarsafn Norðfirðingsins Tryggva Ólafssonar. Safnið er stærsti eigandi að verkum þessa óvenjulega listamanns og er ný sýning sett upp á verkum hans á hverju ári. Frakkar á Íslandsmiðum er ein af perlunum á safnastreng Fjarðabyggðar. Safnið er til húsa í tveimur reisulegum byggingum sem Frakkar reistu upp úr aldamótunum 1900 eða Læknishúsinu og Franska spítalanum á Fáskrúðsfirði. Meginsýning safnsins er þó í hvorugu húsanna, heldur í undirgöngum sem tengja þau saman.

Söfnin

Frakkar á Íslandsmiðum er án efa eitt athyglisverðasta safn landsins. Ekki aðeins fyrir hönnun þess og nálgun við viðfangsefnið, heldur einnig vegna andrúmsloftsins sem tekist hefur að skapa. Lífandi nærmynd er brugðið upp af lífi sjómannanna um borð í frönsku skútunum sem sóttu Íslandsmið og skynjar áhorfandinn glögg aðstæður þeirra og daglegt líf. Þá veitir safnið einnig glögga innsýn í starfsemi Franska spítalans og merka starfsemi hans upp úr aldamótunum 1900. Endurgerð Minjaverndar á Frönsku húsunum á Fáskrúðsfirði lauk sumarið 2014. Húsin eru alls fimm og eru auk Læknishússins og Franska spítalans, Sjúkraskýlið, Litla kapellan og Líkhúsið. Endurreisnarsaga húsanna er með merkari framkvæmdum Minjaverndar og sú viðamesta utan höfuðborgarsvæðisins. Frönsku húsin gegna á ný mikilvægu hlutverki fyrir bæjarlíf Fáskrúðsfjarðar, en nú sem Fosshótel Austfirðir, sælkerastaðurinn l'Abri og safnahús Fransmanna á Íslandi. Litla kapellan hlaut blessun 26. júlí 2014 og er eina byggingin sem heldur upprunalegu hlutverki sínu.

Íslenska Stríðsárasafnið – Andi stríðsáranna endurvakinn. Gestir Íslenska stríðsárasafnsins hverfa rúm 70 ár aftur í tímann, allt aftur til 5. áratugarins þegar heimsstyrjöldin síðari geisaði. Sýningar safnsins gera þessu tímabili vönduð skil, bæði út frá sjónarhóli hins almenna hermanna í setuliði bandamanna og íbúa Reyðarfjarðar. Safnið er staðsett við bragga sem voru hluti af stórum spítalakampi. Sjá má líkan af kampnum ásamt aðstöðu óbreyttra hermanna og yfirmanna. Fjöldi upprunalegra muna glæða safnið lífi og veita óvenjulega innsýn í



Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði.

Þessa löngu liðnu tíma, þá ógn sem stöðugt vofði yfir en einnig hversdagslegar aðstæður og tískustrauma. Íslenska stríðsárasafnið geymir óvenjulega tíma í lífi íslensku þjóðarinnar og skapar ógleymanlegar stundir þeim sem það heimsækja.

Sjóminjasafn Austurlands á Eskfirði - Í safninu eru munir sem tilheyra sjósókn og vinnslu sjávarafla. Einnig eru þar verslunarminjar og hlutir sem tilheyra ýmsum greinum iðnaðar og lækninga frá fyrri tíð. Sjóminjasafnið er staðsett í gömlu verslunarhúsi, Gömlu búð, sem byggt var 1816. Safnið þykir einstaklega skemmtilega framsett, fjölbreytt og fróðlegt heim að sækja. Það er á tveimur hæðum.

Safnahúsið í Neskaupstað – einstakt hús þriggja safna - Húsið, sem á sér merka sögu, hefur að geyma þrjú glæsileg og afar ólík söfn undir sama þaki; Náttúrugripasafnið, Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar og Sjóminja- og smiðjusafn Jósafats Hinrikssonar. Safnahúsið er fallega staðsett við sjávarsíðuna og þykir endurgerð hússins hafa tekist vel í hvívetna.

Málverkasafn Tryggva Ólafssonar – „Liggur alltaf eitthvað á hjarta“ - Málverkasafn Tryggva Ólafssonar (1940 – 2019), Tryggvasafn, er eitt af þremur söfnum Safnahússins í Neskaupstað og er staðsett á jarðhæð hússins. Tryggvi Ólafsson er í hópi þekktustu núlifandi myndlistarmanna þjóðarinnar en hann skipaði sér snemma á ferlinum í framvarðarsveit íslenskra myndlistarmanna með sérstæðum og auðþekkanlegum stíl. Tryggvi var fæddur árið 1940 í Neskaupstað. Hann hóf ungur að mála og nam myndlist bæði hér á landi og í Kaupmannahöfn, við Myndlistar- og handiðaskóla Íslands 1960-61 og Konunglegu listakademíuna í Kaupmannahöfn 1961-66. Lengst af starfsævinnar var Tryggvi búsettur í Kaupmannahöfn. Málverkasafn Tryggva Ólafssonar opnaði formlega í september 2001 og færði Björn Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, þá safninu að gjöf verkið Kronos fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Veg og vanda af stofnun safnsins átti Magni Kristjánsson, skipstjóri og æskuvinnur Tryggva og var safnið fyrst til húsa í gamla Kaupfélagshúsi bæjarins, þar sem nú er Hótel Hildibrand, en flutti árið 2007 í nýverandi húsnæði í Safnahúsinu.

Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar - er staðsett á annarri hæð Safnahússins. Safnið var stofnað af vélstjóranum og athafnamanninum Jósafat Hinrikssyni sem ættaður var frá Neskaupstað. Safnið byggir á munum sem tilheyra sjávarútvegi, járn- og eldsmíði, bátasmíði og gömlum atvinnuháttum. Einnig geymir safnið eftirlíkingu af eldsmiðju Hinriks Hjaltasonar, föður Jósafats, þar sem Jósafat lærði og hóf starfsferil sinn. Safnið er áhugaverð heimild um framkvæmdir og smíðatækni fyrri ára. Það var áður til húsa í Súðavogi 4 í Reykjavík, þar sem Vélaverkstæði J. Hinrikssonar var til húsa. Árið 2000 afhentu erfingjar Jósafats Fjarðabyggð safnið til varðveislu í Neskaupstað.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað – Íslensk náttúra í nærmynd í Safnahúsinu - er staðsett á þriðju hæð safnahússins. Safnið hefur að geyma flesta íslenska fugla auk fjölda flækinga og ágætt fiskasafn með ýmsum sjaldséðum fiskum. Einnig eru í safninu ýmsir gripir af sjávarbotni, þar á meðal mjög gott safn skeldýra. Villtu íslensku spendýrin eiga sína fulltrúa á safninu og þar er einnig mjög gott steinasafn. Þá varðveitir safnið austfirskt plöntuvísindasafn og skordýrasafn. Náttúrugripasafnið í Neskaupstað var stofnað 1965. Upphafsaður að stofnun safnsins var Bjarni Þórðarson þáverandi bæjarstjóri. Hjörleifur Guttormsson líffræðingur var fyrsti forstöðumaður safnsins og vann að uppsetningu þess. Fyrsta sýningin var opnuð í Gagnfræðaskólanum í Neskaupstað sumarið 1970. Unnið hefur verið að umhverfisráðgjöf á vegum Náttúrustofu Austurlands, m.a. á hálendinu Norðaustan Vatnajökuls vegna virkjanaframkvæmda og annast stofan eftirlit og ráðgjöf vegna mannvirkjagerðar fyrir Náttúruvernd ríkisins. Á árinu 2002 tók Náttúrustofa Austurlands við rekstri safnsins af Fjarðabyggð.



Breiðdalssetur á Breiðdalsvík.



Vitarnir á Dalatanga.



Frá afhendingu Safnaverðlaunanna árið 2020. Margrét Hallgrímsdóttir heldur á viðurkenningaskjalinu.

Um starfsemi Þjóðminjasafns Íslands gilda sérstök lög nr. 140/2011. Auk þess starfar safnið samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 og lögum um menningarminjar nr. 80/2011. Um safnið gildir einnig reglugerð um Þjóðminjasafn Íslands nr. 896/2006. Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011 og Siðareglur ICOM 2006.

Þjóðminjasafn Íslands



Þjóðminjasafn Íslands við Suðurgötu.

Þjóðminjasafn Íslands, höfuðsafn á sviði menningarminja

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins og fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn þess. Safnið er höfuðsafn á sviði menningarminja og háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag. Kostnaður af rekstri Þjóðminjasafnsins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Þjóðminjavörður stjórnar starfsemi og rekstri safnsins. Hann ræður starfsmenn þess og er í fyrirsvari fyrir safnið. Þjóðminjasafni Íslands er ætlað að vera miðstöð þjóðminjavörslu og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar og stuðla að því að sem flestir geti haft gagn og gaman af sögu og minjum lands og þjóðar. Meginhluti safnhússins við Suðurgötu hýsir grunnsýningu Þjóðminjasafnsins: Þjóð verður til - menning og samfélag í 1200 ár, þar fer fram fjölbætt menningarstarfsemi á sviði menntunar, fræðslu og ferðaþjónustu.



Bæjarhúsin að Keldum á Rangárvöllum, einn af torfbæjunum í Húsasafni Þjóðminjasafnsins.

Sagan, stofnendur, eigendur og stjórnendur

Þjóðminjasafn Íslands er meðal elstu stofnana landsins, stofnað árið 1863. Í lögum um Þjóðminjasafn Íslands, lögum um menningarminjar og safnalögum er kveðið á um á hvern hátt safnið skuli sinna hlutverki sínu með því að safna, skrá og varðveita menningarminjar, taka við og varðveita fornminni, sýni og önnur rannsóknargögn úr fornleifarannsóknnum, rannsaka og annast kynningu, útgáfu og aðra fræðslustarfsemi, miðla þekkingu um íslenska menningu til skóla, fjölmiðla og almennings, stuðla að samvinnu safna og veita ráðgjöf. Safnið starfar jafnframt samkvæmt alþjóðlegum siðareglum og samþykktum safna. Samkvæmt lögum eru söfn: „... varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.“ Í stefnu Þjóðminjasafns fyrir menningarminjasöfnin er kveðið á um að söfn séu grunnstoðir í menningarsamfélaginu og að þau taki „þátt í að framfylgja markmiðum lýðræðis með því að tryggja aðgengi að heimildum um uppruna og þróun mannlífs í landinu. Það er hlutverk safna að miðla upplýsingum um sögu og menningu til almennings. Þau eru jafnframt orðin að órjúfanlegum þætti menntakerfisins.“



Sýning um fornleifarannsóknir á Hofstöðum í Mývatnssveit í Bogasal.

Skipulag og sérstaða

Þjóðminjasafn Íslands sem höfuðsafn er traust meðal landsmanna og stjórnvalda, en það er forsenda góðs árangurs á sviði þjóðminjavörslu. Sem höfuðsafn, er Þjóðminjasafnið í forystu fyrir viðurkenndum menningarminjasöfnin í landinu, stendur fyrir virku samtali og samvinnu þeirra á milli, og styður faglega við hvers kyns verkefni þeirra. Stofnunin er í virkum tengslum við önnur söfn í landinu og í nágrennalöndum okkar, sem og við aðrar menningarstofnanir og menntastofnanir. Árlega býður Þjóðminjasafnið fulltrúum minjasafna til samráðsfundar, vorkundar, sem er gagnlegur samráðsvettvangur. Sem höfuðsafn, er Þjóðminjasafn Íslands í forystu og ber því að móta safnastefnu á sviði menningarminja og vera leiðandi um fagleg vinnubrögð á fagsviðinu, svo sem um stjórnsýslu, við öflun upplýsinga og skráningu, fullnægjandi varðveisluskilyrði og hvers konar miðlun menningarminja. Samkvæmt gildandi



Sýning á ljósmyndum Gunnars Péturssonar í Myndasál.



Áhöfn af áraskipi fyrir framan verbúð sína í Þorlákshöfn um 1905.

safnalögum ber höfuðsöfnum að stuðla að samræmdri safnastefnu á sínu sviði og fylgja henni eftir í samstarfi við safnaráð. Safnastefnan er unnin á grundvelli menningarstefnu og er ætlað að stuðla að framgangi safnastarfs og fagmennsku á sviði vörslu, rannsókna og miðlunar menningarminja.

Framtíðarsýn


Leiðarljós í starfi Þjóðminjasafns Íslands, er að safnið stuðli að varðveislu og þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar frá upphafi til samtíma og standi fyrir vandaðri miðlun um sögu og minjar lands og þjóðar með fjölbreyttu sýningar- og menningarstarfi. Þjóðminjasafn speglar þannig fortíð og samtíð í starfi sínu með virðingu fyrir fjölbreytileika menningar og samfélags á hverjum tíma. Þjóðminjasafn Íslands er safn allra landsmanna og einn af hornsteinum íslensks menningarsamfélags. Þar er varðveittur menningararfur þjóðarinnar, brunnur heimilda um menningarsögu Íslands. Þannig mun safnið í framtíðinni stuðla að nýrri þekkingu, umræðu og nýsköpun samfélaginu til góðs. Hlutverk safna í samtímanum er víðtækt á svið menningar, menntunar og ferðapjónustu auk varðveislu menningararfs og rannsókna. Það leggur áherslu á gott aðgengi og almenna þátttöku í fjölmeningarsamfélaginu. Þjóðminjasafn Íslands er þannig vettvangur til umræðu, upplifunar og íhugunar. Þjóðminjasafn Íslands er safn allra landsmanna, einn af hornsteinum íslensks menningarsamfélags og mun án efa þróast áfram með öðrum grunnstofnunum menningar- og menntasamfélagsins.

Aðsetur

Starfsemi Þjóðminjasafns Íslands er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Að auki er 71 hús á 40 minjastöðum um allt land á ábyrgð stofnunarinnar. Þjóðminjavörður er Margrét Hallgrímsdóttir. Framkvæmdastjóri er Þorbjörg Gunnarsdóttir. Sviðsstjóri munasafns er Lilja Árnadóttir, sviðsstjóri húsasafnsins er Guðmundur Lúther Hafsteinsson og sviðsstjóri Ljósmyndasafns Íslands er Inga Lára Baldvinsdóttir. Mannauðsstjóri er Hildur Halldórsdóttir. Höfuðstöðvar Þjóðminjasafns Íslands eru á Suðurgötu 41. Varðveislu- og rannsóknamiðstöð Þjóðminjasafns Íslands er á Tjarnarvöllum 11 í Hafnarfirði. Ljósmyndasafn Íslands er með aðsetur í Vesturvör 16-20 í Kópavogi. Safnahúsið við Hverfisgötu 15 er hluti af Þjóðminjasafni Íslands og er þjóðminjavörður forstöðumaður þess. Safnahúsið, sem áður var lengst af aðsetur Landsbókasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands var sameinað Þjóðminjasafninu árið 2013. Nánari upplýsingar er að finna á vef stofnunarinnar www.thjodminjasafn.is

Mannauður og starfsmannafjöldi

Við þjóðminjasafn Íslands starfa um sextíu starfsmenn með fjölbætta menntun og reynslu á sviði rekstrar og þjónustu, sem og þjóðminjavörslu, varðveislu, rannsókna, og miðlunar á menningararfi þjóðarinnar.



Brjóstnælar frá miðöldum og röntgenmynd af þeim.



Upphenging á ljósmyndasýningunni Vigdís, forseti nýrra tíma, vorið 2020.



Munir í nýjum geymslum þjóðminjasafnsins á Tjarnarvöllum.



Steinninn hans Þórbegs.



Pórbergssetur

Pórbergssetur á Hala í Suðursveit hóf starfsemi sína formlega í nýju og glæsilegu húsnæði 1. júlí árið 2006. Áður hafði undirbúningur að starfsemi þess staðið í fimm ár. Árið 2003 var stofnuð sjálfseignastofnun um verkefnið með stuðningi fjölmargra stofnana á sviði fræðslu, menningar og safna. Má þar nefna Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Rithöfundasamband Íslands, Hugvísindasvið Háskóla Íslands, Þjóðminjasafnið, Árnastofnun, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafnið, Háskólasetur Hornafjarðar o.fl.

Stjórnendur

Í stjórn Pórbergsseturs sitja: Þórgunnur Torfadóttir, skólastjóri Hornafirði formaður, Steinþór Torfason, bóndi Hala ritari, Eyrún Helga Ævarsdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, Bergljót Sóffía Kristjánsdóttir frá Hugvísindasviði Háskóla Íslands og Pétur Gunnarsson fyrir hönd Rithöfundasambands Íslands. Forstöðumaður frá upphafi er Þorbjörg Arnórsdóttir á Hala í Suðursveit og leigutaki veitingareksturs er Fjölur Torfason Hala í Suðursveit.

Starfsemin

Starfsemi Pórbergsseturs hefur einkennst af móttöku sívaxandi fjölda ferðamanna alls staðar að úr heiminum. Upplifunarsýning um Þórberg Þórðarson sem sett var upp á fyrsta ári hefur sannað gildi sitt sem sígild og alþjóðleg fræðsla og skemmtun, en hægt er að fá hljóðleiðsögn um hana á 9 tungumálum. Jón Þórisson leikmyndahönnuður er hönnuður að bókaveggnum á norðurvegg hússins og einnig að sýningunni innan dyra ásamt arkitektinum Sveini Ívarssyni, dóttursyni Þórbergs. **Veitingahús** er rekið í setrinu þar sem á boðstólum er íslenskur þjóðlegur matur og kjörorðið „**matur er menning**“ haldið í heiðri. Veitingahúsið hefur reynst mikið aðdráttarafli fyrir staðinn og á sinn þátt í þeim fjölda ferðamanna sem heimsótt hefur Pórbergssetur undanfarin ár. Auk móttöku ferðamanna hefur Pórbergssetur staðið fyrir ýmsum menningarviðburðum. Bókmenntahátíð er alltaf í mars í tengslum við afmælisdag Þórbergs. Þá koma rithöfundar og fjalla um verk sín og kórar að flytja söngdagskrá. Hrossakjötsveisla og bridgéhátíð eru haldin að vori, tónleikar að sumri og síðan málþing í október. Auk þess eru ýmsir viðburðir eða sýningar sem falla til ár hvert. Pórbergssetur hefur nú seinni árin stutt kröftuglega við ýmis fræðistörf tengd Þórbergi og/eða Suðursveit. Má þar nefna stuðning við bókaútgáfu, söfnun upplýsinga og skráningu fornra býla og búsetuminja í Suðursveit, rannsókn um ferðir Fljótsdælinga yfir jökul til sjósóknar í Suðursveit, leit að vörðum jöklamælingamanna á Breiðamerkursandi o.fl. Allt eru þetta samstarfsverkefni með aðilum sem eru að starfa á sama sviði og unnið með sérhæfðum fræðimönnum.

Á árinu 2020 komu fjölmargir Íslendingar í heimsókn í Pórbergssetur yfir sumarmánuðina. Í Pórbergssetri er mikið lagt upp úr að kynna bókmenntir sem þann menningararf sem að við eigum dýrastan. Til sýnis eru gömlu bækurnar sem lesnar voru í fjósbaðstofunni á Hala á uppvaxtarárum Þórbergs. Þar ber vitanlega hæst gullaldarbókmenntir okkar Íslendinga, Njála, Laxdæla og fleiri Íslendingasögur í bland við fornar húslestrabækur, elstu frá því um 1830 svo og Passíusálmar og Biblíá Benedikts afa. www.thorbergur.is

Pórbergssetur er menningarsetur sem varpar ljósi á sögu Skaftfellinga og lífsbaráttu fólks er bjó í sambyli við óblíð og voldug náttúruöfl. Þannig fá verk Þórbergs Þórðarsonar mikilvægt hlutverk til að tengja saman og varðveita frásagnarmáta og orðsnilld liðinna alda inn í alþjóðlega og tæknivædda fjölmiðlaveröld nútímans.

Helstu markmið Pórbergsseturs eru skilgreind í skipulagsskrá og eru eftirfarandi:

1. Efla rannsóknir og umfjöllun um ævi, störf og ritverk Þórbergs Þórðarsonar rithöfundar frá Hala í Suðursveit
2. Efla fræðastörf er tengjast söfnun, varðveislu og skráningu menningarminja í Suðursveit og síðar Austur Skaftafellssýslu
3. Miðla þekkingu á fjölbreyttan hátt og standa fyrir fræðslu til ferðamanna og almennings um Þórberg Þórðarson, sögu og mannlíf í Austur Skaftafellssýslu.



Þórbergssetur, safn og veitingastaður.



Árbæjarsafn – Borgarsögusafn

Árbær var rötgróin bújörð allt fram á 20. öld, en safnið var opnað þar árið 1957. Árbæjarsafn er útisafn og auk Árbæjar eru þar yfir 20 hús, sem mynda torg, þorp og sveit. Flest húsin hafa verið flutt úr miðbæ Reykjavíkur. Í Árbæjarsafni er leitast við að gefa hugmynd um byggingalist og lífnaðarhætti í Reykjavík og á sumrin má þar sjá húsdýr og mannlíf fyrri tíma. Í safninu er boðið upp á fjölda sýninga og viðburða, þar sem einstökum þáttum í sögu Reykjavíkur eru gerð skil. Árbæjarsafni er hluti af Borgarsögusafni - Eitt safn á fimm frábærum stöðum.



Ásmundarsafn

Ásmundarsafn er helgað verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara, eins af frumkvöðlum höggmyndalistar á Íslandi. Safnið er til húsa í einstæðri byggingu sem listamaðurinn hannaði að mestu sjálfur. Verk eftir Ásmund prýða garðinn við safnið.



Byggðasafn Hafnarfjarðar

Byggðasafn Hafnarfjarðar er minja- og ljósmyndasafn Hafnarfjarðarbæjar. Hlutverk þess er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka muni og minjar um menningarsögu svæðisins og kynna þær almenningi. Minjasvæði Byggðasafns Hafnarfjarðar er Hafnarfjörður og nágrenni hans. Byggðasafn Hafnarfjarðar miðlar sögu bæjarins með ýmsum hætti, heldur t.d. að jafnaði úti 10 sýningum í 6 húsum auk þess að standa fyrir fyrirlesturum, sögugöngum og ýmsum öðrum viðburðum.



Byggðasafn Húnavetninga- og Strandamanna

Safnið er í eigu sveitarfélaga við Húnaflóa og var stofnað fyrir fimmtíu árum síðan. Á safninu er margt einstakra muna sem geyma sögu og menningu byggðalagsins. Þar er fjöldi merkra báta og skipa og ber þar hæst hákarlaveiðiskipið Ófeig úr Ófeigsfirði á Ströndum. Einnig er inni á safninu baðstofa frá Syðsta-Hvammi við Hvammstanga auk fjölda fallegra og merkra muna sem tengjast lífinu til sjávar og sveita frá seinni hluta nítjándu til fyrri hluta tuttugustu aldar.



Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

Norska húsið er Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla og er fyrsta tvílyfta íbúðarhús á Íslandi. Það var byggt úr tilsníðnum viði frá Noregi árið 1832 og er því rúmlega 180 ára gamalt. Í safninu er fastasýning á heimili Árna Ó. Thorlacius (1802-1891) og Önnu Magdalenu Steenback (1807-1894) eins og talið er að það hafi verið á seinni hluta 19. aldar. Í risi er opin safngeymsla með munum frá öllu Snæfellsnesi. Á fyrstu hæð eru breytilegar sýningar í Mjólkurstofu og Eldhúsi sem tengjast listum, menningu og/eða sögu svæðisins og safnbúð í krambúðarstíl.



Byggðasafnið á Garðskaga

Byggðasafnið á Garðskaga er staðsett í miðri náttúruparadís þar sem fjölbreytt fuglalíf, náttúrufergurð og dýrarlíf skarta sínu fegursta. Safnið var fyrst opnað 1995 og hefur verið starfrækt síðan. Safnið er alhliða byggða og sjóminjasafn og er sérstaða safnsins einstakt vélasafn þess. 60 vélar eru á safninu sem eru allar uppgerðar af Guðna Ingimundarsyni í Garði, flestar eru þær gangfærar. Safnið hefur til sýnis ýmsa muni sem tengdust búskaparháttum til sjós og lands, elstu munir eru orðnir yfir eitt hundrað ára gamlir.

Byggðasafnið Hvoll

Byggðasafnið Hvoll á Dalvík er í senn byggða-, náttúrugripa- og mannasafn. Þar eru ýms áhöld og innanstokksmunir frá fyrri tíð og haganlega gerðir skrautmunir unnir af hagleiksfólki af svæðinu. Á náttúrugripasafninu er fjöldi íslenskra fugla og spendýra, þar sem ísbjörninn vekur mesta athygli. Minningarstofur eru um Jóhann Svarfdæling, sem var um tíma hæsti maður heims og Kristján Eldjárn forseta. Árið 1934 reið jarðskjálfti yfir Dalvík (6,2 á Richter). Jarðskjálftanum eru gerð skil í sérstakri stofu safnsins.



Duus Safnahús - Menningar- og listamiðstöð

Duus Safnahús eru lista- og menningarmiðstöð Reykjanesbæjar þar sem fjölbreytt sýningarhald og menningarstarfsemi fer fram allan ársins hring. Þar eru sýningarsalir Listasafns Reykjanesbæjar og Byggðasafns Reykjanesbæjar en söfnin opna reglulega nýjar og spennandi sýningar á hverju ári. Í húsunum má einnig finna Upplýsingamiðstöð ferðamanna, Gestastofu Reykjanes jarðvangs og Bátafloata Gríms Karlssonar þar sem sjá má yfir 100 bátalíkon smíðuð af skipstjóranum Grími Karlssyni.



Galdrasýning á Ströndum

Galdrasafnið opnaði árið 2000 á Hólmavík og hefur síðan verið mjög vinsæll viðkomustaður meðal ferðafólks, enda er sýningin mjög vel heppnuð og mikið til hennar vandað. Á sýningunni er fjallað um íslensk galdramál og þjóðtrú tengdri viðfangsefninu. Þar kynnast gestir sérstökum galdramálum og fólkinu sem kom við sögu. Einnig er m.a. hægt að kynna sér hvernig vekja skal upp drauga eða kveða þá niður, koma sér upp nábrókum og gera sig ósýnilegan. Hverskyns lifandi uppákomur eru einnig á Galdrasafninu á Hólmavík.



Gamla bókabúðin Flateyri

Gamla Bókabúðin á Flateyri er elsta upprunalega verslun Íslands. Fjölskyldufyrirtæki í fjórar kynslóðir síðan 1914. Verslunin sérhæfir sig í gæðavörum og bókum frá Vestfjörðum í bland við heimspekt vörumerki frá fyrirtækjum sem hafa starfað í lengur en 100 ár. Samhliða versluninni er hægt að skoða íbúð kaupmannshjónanna sem hefur verið varðveitt í óbreyttri mynd frá því að þau féllu frá. Þá er einnig hægt að gista á efri hæð hússins, þar sem svefnherbergi Bókabúðar fjölskyldunnar eru.



Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs

Gerðarsafn er framsækið nútíma- og samtímalistasafn í Hamraborg í Kópavogi. Gerðarsafn býður upp á fjölbreytt sýningarhald á verkum íslenskra og erlendra samtímalistamanna samhliða sýningum úr safneign. Starfsemi safnsins endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu, myndhöggvaranum Gerðar Helgadóttur (1928-1975).



Gljúfrasteinn - Safn Halldórs Laxness

Gljúfrasteinn var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans um hálfri aldar skeið. Húsið er safn Halldórs Laxness þar sem heimili og vinnustaður hans eru látin haldast óbreytt. Stærstu vistarverurnar eru stór stofa á jarðhæð og skrifstofa Halldórs á annarri hæð. Þar er bókasafn hans varðveitt svo og vinnupúltið sem hann stóð gjarnan við. Mikill fjöldi listaverka setur sterkan svip á heimilið, meðal annars eftir Svavar Guðnason, Nínu Tryggvadóttur, Jóhannes Kjarval og danska málaranng Asger Jorn.





Hafnarborg

Menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar. Í safninu eru tveir sýningarsalir en að jafnaði eru þar settar upp um tólf myndlistarsýningar á ári. Þar getur að líta verk eftir íslenska og erlenda listamenn í fremstu röð, samtímalistamenn jafnt sem frumkvöðla íslenskrar listasögu. Safneign Hafnarborgar telur nú um 1.500 verk, meðal annars rausnarlega listaverkagjöf Eiríks Smith (1925-2016), sem var leiðandi í íslensku listalífi á 20. öldinni. Sýningar úr safneign eru fastur liður í dagskrá Hafnarborgar.



Hafnarhús

Hafnarhúsið býður reglulega upp á sýningar á samtímalist m.a. eftir innlenda og erlenda listamenn og ýmiss konar viðburði eins og tónleika, málþing og fyrirlestra. Húsið er heimkynni Errósafnsins og þar eru alltaf sýningar á verkum listamannsins. 6 sýningarsalir eru í húsinu auk verslunar.



Hið Íslenska Reðasafn

Hið Íslenska Reðasafn hóf árið á stórtækum breytingum og opnar nú í nýju húsnæði á besta stað í Reykjavík. Sýningarplássíð hefur næstum þrefaldast, sýningargripum hefur fjölgað um marga tugi og í fyrsta skipti er boðið upp á gagnvirka upplýsingamiðlun þar sem gestir fá færi á að hella sér út í reðurfræði fyrir lengra komna. Öll umgjörð hefur verið færð á herra plan og jafnframt er nú boðið upp á reðurbemaðar veitingar og drykki. Safnið er einstakt á heimsvísu og gríðarleg vinna hefur farið í að bæta upplifun allra sem sækja safnið heim.



Hönnunarsafn Íslands

Árið 1998 gerðu menntamálaráðuneytið og Garðabær samkomulag um að reka í sameiningu íslenskt hönnunarsafn er safnaði og sýndi listiðnað. Aðdragandinn hafði verið allnokkur en rekja má þá formlegu umræðu sem hafði farið fram um nauðsyn á slíku safni aftur til ársins 1992. Árið 2009 var safninu valinn staður við Garðatorg 1 og fluttist öll starfsemi safnsins þangað þegar reglubundið sýningahald safnsins hófst í maí 2010. Í safninu starfa forstöðumaður og fulltrúi safneignar ásamt gæslu- og afgreiðslufólki.



Icelandic Lava Show

Icelandic Lava Show er hugarfóstur hjónanna Júlíusar Inga Jónssonar og Ragnhildar Ágústsdóttur en hugmyndin kviknaði þegar þau fóru upp að gosinu á Fimmvörðuhálsi árið 2010 og sáu hraunfossinn og ótrúlegt samspil hraunsins við ísinn allt um kring. Í lok árs 2015 sagði Júlíus starfi sínu lausu og hafa þau hjónin unnið að því að koma fyrirtækinu á laggirnar æ síðan. Það var svo í september 2018 sem Icelandic Lava Show opnaði dyr sínar fyrir gestum og gangandi og viðtökurnar hafa verið hreint frábærar. Hér er því um að ræða ungt og efnilegt fjölskyldusprotafyrirtæki sem er vel þess virði að heimsækja.



Jarðhitasýning ON við Hellisheiðarvirkjun

Jarðhitasýning ON í Hellisheiðarvirkjun veitir innsýn í virkjun og nýtingu jarðvarma á Íslandi. Á sýningunni er jarðfræði, tækni og saga sett fram á aðgengilegan og skýran hátt með myndum og margmiðlunartækni. Starfsmenn veita upplýsingar og eru reiðubúnir að fylgja gestum um sýninguna. Orka náttúrunnar á og rekur Hellisheiðarvirkjun.

Kjarvalsstaðir

Kjarvalsstaðir bjóða upp á fjölbreyttar sýningar eftir þekktu listamenn, málþing, fyrirlestra og ýmiss konar viðburði. Fastur liður í starfsemi safnsins eru sýningar á verkum eftir Jóhannes S. Kjarval, eins ástsælasta listamanns þjóðarinnar. Mjög gott aðgengi er að húsinu og þar er verslun með listmunum og veitingastaður.



Landbúnaðarsafn Íslands

Landbúnaðarsafn Íslands sýnir sögu og þróun íslensks landbúnaðar, með áherslu á tímabilið frá 1880 fram undir lok 20. aldar. Á safninu er munum og tækjum þannig fyrir komið að gestir ganga í gegnum söguna og með því móti verða skýrar þær miklu tæknibreytingar sem urðu í íslenskum landbúnaði á 20. öld. Sýning safnsins er í Halldórsfjósi á Hvanneyri, sem er stærsti sýningargripur safnsins og ber vott um þróun síðustu aldar.



Landnámssetur Íslands

Í Landnámssetrinu er sögð saga Landnámsins og söguþráður Egilssögu rakinn. Gesturinn er leiddur áfram með hljóðleiðsögn sem hægt er að fá á 15 tungumálum auk leiðsagnar á íslensku sem sérstaklega er sniðin fyrir börn frá allt að fjögurra ára aldri. Sýningarnar eru um margt ólíkar en eiga það sameinginlegt að vera einstaklega skemmtileg viðbót við frásögnina í hljóðleiðsögninni.



Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn er þjóðbókasafn Íslands og gegnir jafnframt hlutverki rannsóknarbókasafns Háskóla Íslands. Safnið varð til við sameiningu Háskólabókasafns og Landsbókasafns Íslands árið 1994. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur að geyma flestar bækur og hljóðrit sem gefin hafa verið út á Íslandi. Þar er einnig stærsta safn erlendra fræðirit á landinu. Sýningarrými safnsins eru þrjú. Þar eru sýningar árið um kring, bæði úr eigin safnkosti og í samvinnu við aðra.



LAVA centre

LAVA - Eldfjalla og jarðskjálftamiðstöð Íslands er allsherjar afþreyingar- og upplifunarmiðstöð sem helguð er þeim gríðarlegu náttúruöflum sem hófu að skapa Ísland fyrir nærri 20 milljón árum síðan og eru enn að. LAVA centre gefur þér ekki aðeins kost á að upplifa þessi náttúruöfl með gagnvirkum og lifandi hætti heldur tengir þig einnig við náttúruna sem við þér blasir; Heklu, Tindfjöll, Kötlu, Eyjafjallajökul og Vestmannaeyjar.



Listasafn Árnesinga

Gæðastundir á gefandi stað! Litríkt merkið endurspeglar fjölbreytta starfsemi safnsins. Í fjórum rúmgóðum sýningarsölum er settar upp vandaðar sýningar, innlendar og erlendar, sem endurspeglar menningararfleifið okkar og mótun hennar í dag. Hverri sýningu er fylgt úr hlaði með sýningarskrá, upplýsingum og fræðslu- og afþreyingardagskrá. Safnið er í eigu sveitarfélaganna átta í Árnessýslu og er viðurkennt af Safnaráði Íslands.





Listasafn Einars Jónssonar

Einar Jónsson (1874-1954) var fyrsti íslenski myndhöggvarinn. Með opnun Listasafns Einars Jónssonar árið 1923 eignuðust Íslendingar sitt fyrsta listasafn en aðdragandann að byggingu þess má rekja til 1909, þegar Einar bauð íslensku þjóðinni verk sín að gjöf gegn því að byggt yrði yfir þau safn. Safnbyggingin er í dag alfriðuð. Á safninu vann listamaðurinn verk sín og sýndi. Listaverk Einars eru í anda norræns sýmbólisma og á safninu eru varðveitt um 300 verka hans. Í upphafi ferilsins sótti hann innblástur í íslenska þjóðsagnaarfinn og goðfræðileg minni.



Listasafn Reykjanesbæjar

Listasafn Reykjanesbæjar miðlar myndlist með fjölbreyttu sýningarhaldi, fyrirlesturum, leiðsögn, útgáfu og miðlun á vefnum www.listasafn.reykjanesbaer.is. Safnið stendur fyrir nokkrum nýjum sýningum ár hvert í sýningarsal Listasafnsins í Duus Safnahúsum.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Höggmyndasafn við sjóinn. Safnið er tileinkað myndhöggvaranum Sigurjóni Ólafssyni (1908-1982), stofnað á heimili hans og vinnustofu og opnað almenningi árið 1988. Auk þess að kynna list Sigurjóns eru haldnar sýningar á verkum annarra listamanna. Í safninu er kaffistofa meðmikilfenglegu útsýni yfir Sundin og verk Sigurjóns prýða umhverfi safnsins.



Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Borgarsögusafn - Safnið varðveitir um 5 milljón ljósmynda sem teknar hafa verið af atvinnu- og áhugaljósmyndurum á tímabilinu um 1870 til 2002. Um 30 þúsund þeirra eru aðgengilegar á myndvef safnsins. Safnið stendur árlega fyrir fjölbreyttum sýningum með áherslu á sögulega og samtíma ljósmyndun, í listrænu sem menningarlegu samhengi. Á safninu er lítil búð og þar gefst gestum einnig kostur á að skoða ljósmyndir úr safneign á þar til gerðum skjám. Ljósmyndasafn Reykjavíkur heyrir undir Borgarsögusafn - Eitt safn á fimm frábærum stöðum.



Melódíur minninganna - Jón Kr. Ólafsson

Tónlistarsafn Jóns Kr. Ólafssonar á heimili hans á Bíldudal er eitthvað sem enginn sem á leið um svæðið ætti að láta fram hjá sér fara. Þar kennir svo sannarlega margra grasa og Jón er líka afbragðsfróður og skemmtilegur heim að sækja. Safnið var opnað þann 17. júní árið 2000 og eru þar margar gersemar íslenskrar tónlistarsögu. Hér má finna skemmtilega muni sem tengjast mörgum af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar, s.s. Hauki Mortens, Ellý og Vilhjálmi og Ingimar Eydal.



Náttúrufræðistofa Kópavogs

Náttúrufræðistofa Kópavogs var opnuð í desember 1983. Hlutverk Náttúrufræðistofunnar er að safna, varðveita og sýna náttúrugripi, standa að fræðslu og rannsóknum í náttúrufræðum og stuðla að náttúru- og umhverfisvernd. Á Náttúrufræðistofu Kópavogs er að finna náttúrugripasafn sem opið er almenningi og aðgangur er ókeypis. Sýningaraðstaðan er sérhönnuð og þar er að finna fjölbreytt úrval náttúrugripa, með áherslu á jarðfræði Íslands og íslensk dýr. Þar eru einnig stór fiskabúr með lifandi ferskvatns- og sjávarlífverum.

Nýlistasafnið

Nýlistasafnið var stofnað árið 1978 af breiðum hópi myndlistamanna, sumir hverjir höfðu verið meðlimir í SÚM og aðrir voru enn við nám. Nýló er listamannarekið safn og sýningarrými, vettvangur uppákoma, umræðna og gagnrýnar hugsunar.



Pakkhúsið

Pakkhúsið í Ólafsvík er gamalt verslunarhús, byggt árið 1844. Á fyrstu hæð hússins er Útgerðin, hönnunarverslun innan um fallegar listasýningar. Byggðasafnið er á efri hæðinni, þar geta gestir upplifað íslenskt alþýðuheimili 19. aldar og skyggst inn í atvinnu- og lífnaðarhætti sjómanna fyrr á öldum. Í risinu er sýningin „Krambúðarloftið“ sem ber íslenski verslunarsögu vitni. Þar má finna ýmsa verslunarbúnað, svo sem saltfisk og gúmmískó, sem höndlað var með forðum.



Perlan - undur íslenskrar náttúru

Fjölþætt og stórbrotin náttúrusýning. Perlan hýsir í dag stærstu náttúrusýningu landsins. Markmið sýningarinnar er að fræða unga og aldna um magnaða náttúru Íslands og er áhersla lögð á nútímalega vísindamiðlun og faglegan grunn í öllu fræðsluefni sýningarinnar. Tæknin er nýtt til að skapa einstaka upplifun og deila fræðsluefni á nýjan og spennandi hátt. Um er að ræða margverðlaunaða sýningu sem á sér enga líka í heiminum.



Rokksafn Íslands

Rokksafn Íslands er safn um sögu popp- og rokktonlistar á Íslandi og er staðsett í Reykjanesbæ. Á safninu er að finna tímalínu um sögu íslenskrar tónlistar á Íslandi allt frá árinu 1830 til dagsins í dag. Á safninu er að finna lítinn kvikmyndasafn þar sem sýndar eru ýmsar heimildarmyndir um íslenska tónlist og hljóðbúur þar sem gestir geta leikið lausum hala og prófað rafmagnstrommuset, gítar, bassa og sungið í sérhönnuðum söngklefa. Þá geta gestir skoðað sögu tónlistarmanna á gagnvirkum plötuspilurum sem voru sérstaklega framleiddir fyrir Rokksafn Íslands.



Safn Ásgríms Jónssonar – heimili listamanns

Ásgrímur Jónsson (1876-1958) er einn brautryðjenda íslenskrar myndlistar. Hann ánafnaði íslensku þjóðinni öll verk sín og eigur eftir sinn dag. Safnið hýsir vinnustofu listamannsins og heimili og litlar sýningar. Safnið er í göngufæri frá Listasafni Íslands á Fríkirkjuveginum.



Safnahús Borgarfjarðar

Safnahús Borgarfjarðar er safnaklasi fimm safna þar sem nýjar aðferðir eru nýttar til miðlunar á grundvelli frumkvæðis, virkni og samvinnu. Söfnin eru þessi: Héraðsbókasafn Borgarfjarðar, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, Byggðasafn Borgarfjarðar, Listasafn Borgarness og Náttúrugrípasafn Borgarfjarðar.





Sjóminjasafnið Eyrarbakka

Austast á Kaupmannstúninu er Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Það var stofnað af Sigurði Guðjónssyni skipsstjóra á Litlu-Háeyri einkum í því skyni að bjarga síðasta áraskipinu sem smíðað var á Eyrarbakka frá eyðileggingu. Áraskipið Farsæll er í dag aðalsafngripur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka en einnig geta gestir fræðst um skipasmíðinn, mismunandi veiðiaðferðir og margvíslegt annað sem tengdist sjávarútvegi við Suðurströndina fyrr á tímum.



Sjóminjasafnið í Reykjavík – Borgarsögusafn

Á grunnsýningu safnsins, Fiskur og fólk, er fjallað um fiskveiðar Íslendinga, frá því árabátarnir gömlu viku fyrir útgerð stórra skipa á síðustu áratugum 19. aldar og fram yfir aldamótin 2000. Sagan er sögð frá sjónarhóli stærsta útgerðarbæjar landsins, Reykjavíkur, með gripum og textum, myndum og leikjum. Aðalpersónan í þessari sögu er auðvitað fiskurinn! Honum er fylgt eftir úr hafinu í netið, um borð í bátinn og að landi, í gegnum vinnslu- og loks á diskinn. Við bryggju safnsins liggur hið fræga varðskip Óðinn en það er stærsti gripur safnsins.



Sögusafnið

Í fyrsta sinn gefur að líta á einum stað sögufrægar persónur og stórvíðburði Íslandssögunnar, frá landnámi til síðaskipta sem standa ljóslifandi fyrir augum okkar með einstökum hætti. Sögusafnið er safn sem færir þig nær andartaki sögulegra atburða. Safnið endurspeglar þá atburði sem best lýsa sögu okkar, skópu örlög alþýðunnar og sýna forvitnilegar hliðar á landi og þjóð. Í þessu fjölbreytilega og lifandi safni er jafnt íslenskum sem erlendum gestum veitt tækifæri til að kynna Íslandssögunni á skemmtilegan og fræðandi hátt.



Whales of Iceland

Hvalasýningin samanstendur af 23 hvalalíkönum af hinum ýmsu hvalategundum sem fundist hafa í íslensku hafi. Þar er t.d. að finna 25 m. langan steypireyð, búrhval í fullri stærð og Íslandssléttbak sem nú er í bráðri útrýmingahættu og margt fleira! Allt í raunverulegum stærðum! Mikil vinna var lögð í hönnun á líkönunum og eru öll módelin handmáluð og er hægt að sjá á þeim persónuleg einkenni sem rekja má til raunverulegs hvals í hafinu. Líkönin eru mjúk og nokkuð raunveruleg við snertingu, sem eykur upplifunargildi sýningarinnar.



Svararssafn - Listasafn Svavars Guðnasonar

Svararssafn er lifandi og framsækið listasafn á Höfn í Hornafirði. Í safninu fer fram fjölbreytt sýningarhald á íslenski myndlist en sérstök áhersla er lögð á tengsl við heimahagana. Sveitarfélagið Hornafjörður er víðfemt svæði sem einkennist af stórbrotnu landslagi, náttúru og birtu sem á vart sinn líka. Svararssafn er vettvangur til þess að upplifa umhverfið í listrænu samhengi en löngum hafa Íslenskir listamenn sóst eftir því að fanga sjónarspil birtunnar undir jökli.



Víkingaheimar í Reykjanesbæ

Víkingaheimar er glæsilegt sýningahús sem hýsir nú fimm áhugaverðar sýningar þar á meðal víkingaskipið Íslending sem sigldi til Ameríku árið 2000. Húsnæðið er hannað af hinum margverðlaunaða arkitekt Guðmundi Jónssyni. Nútímaleg hönnun þess undirstrikar fegurð Íslendinga. Aðgengi að safninu er gott fyrir fólk sem á erfitt með gang eða háð hjólastól/göngugrind. Gjafavara, ráðstefnu- og móttökusalir fyrir öll tækifæri og útisvæði fyrir víkingahátíðir eru einnig til staðar.



Eliza Reid, forsetafrú með konum í Stórmoskunnunni.
Frá vinstri: Sabah Moukhless, Amina El Attar, Ouafa El Hatimi, Eliza Reid, María Alhafiz og Hajar Sofia Hani

Stofnun múslima á Íslandi

Stofnun múslíma á Ísland er með aðsetur í Skógarhlíð 20 í Reykjavík og er trúfélag múslíma. Tilgangur stofnunarinnar er að gera múslímum kleift að iðka Íslam á Íslandi og að annast allar þær trúarathafnir sem krafist er af söfnuði Stofnunarinnar, s.s. staðfestingar, brúðkaup, jarðarfariir o.fl.

Grunngildi stofnunarinnar eru í samræmi við undirstöðuatriði Íslam sem eru leidd út frá tveimur helstu heimildum Íslam, Hinum Heilaga Kóran og Sunnah frá spámanningnum Múhameð, friður sé með honum. Allar athafnir Stofnunarinnar eru í samræmi við grunngildi þessi. Stofnunin lýtur íslenskum lögum. Stofnunin er stjórnmálalega og efnahagslega sjálfstæð.

Stofnunin tekur við framlögum og gjöfum frá einstaklingum og opinberum stofnunum innan og utan Íslands. Stofnunin tekur ekki við skilyrtum gjöfum.

Markmið stofnunarinnar eru

- Að framkvæma trúarlega helgisiði.
- Að efla félagslegt net meðal meðlima.
- Að boða jafnrétti milli þegna samfélagsins og stuðla að virðingu fyrir mannlegum gildum.
- Að berjast gegn hvers kyns ofbeldi, kynþáttahatri og öfgum.
- Að sjá um málstofur og ráðstefnur.
- Að kenna arabísku og íslamska menningu.

Framtíðarsýn

Við viljum vera sýnileg stofnun á Íslandi sem getur boðið upp á fræðslu og tekið þátt í íslensku samfélagi. Við viljum kynna arabíska og íslamska menningu með samskiptum milli þessara menningarheima.

Boðskapur okkar

Við stefnum að því að búa til framúrskarandi samfélag og menntastofnun sem sker sig úr og höfðar til múslíma á Íslandi. Með því að byggja brýr milli menningarheima og með nútíma aðferðum, viljum við efla menningarleg samskipti í íslensku samfélagi milli múslíma, Araba og alls almennings.

Gildi okkar

Samræður, umburðarlyndi, sambúð menningarheima, heiðarleiki, einlægni, gegnsæi og að vera góður og gildur samfélagsþegn.



Stofnun múslíma á Íslandi í Skógarhlíð.



Bænastund.



Alfred Asberg Arnason.



Björn Arnason, Elísabet Asberg Árnadóttir, Alfred Asberg Arnason, Guðný Asberg Björnsdóttir og Árni Samúelsson.

SAM-félagið



Guðný Asberg, Alfred Asberg, Elísabet Asberg, Björn Asberg og Árni Samúelsson.

SAMfélagið er eitt elsta afþreyingarfyrirtæki landsins og hefur áratugum saman verið leiðandi á þeim markaði. Fyrirtækinu er skipt í tvær megindeildir; SAMbíóin, sem sér um rekstur fimm kvikmyndahúsa, og SAMfilm sem sér um dreifingu á afþreyingarefni.

SAMbíóin

SAMbíóin voru stofnuð í Reykjavík árið 1982, en upphaf fyrirtækisins má rekja allt aftur til ársins 1937, þegar ungur athafnamaður, Eyjólfur Asberg, stofnaði kvikmyndahús í Keflavík. Í dag reka SAMbíóin fimm kvikmyndahús á Íslandi; þrjú í Reykjavík, það fjórða á Akureyri og það fimmta í Keflavík. En að auki eiga SAMbíóin í miklu og góðu samstarfi við fjölda annarra kvikmyndahúsa víðsvegar um landið. Þegar SAMbíóin opnuðu kvikmyndahúsið í Álfbakka urðu straumhvörf í íslenski bíómenningu, þar sem kvikmyndaáhugafólki bauðst loksins að njóta splunkunýrra kvikmynda á hvíta tjaldinu, en áður hafði sjaldan verið boðið upp á nýrri en tveggja ára gamlar myndir í kvikmyndahúsum. Það má því með sanni segja að SAMbíóin hafi gegnt lykilllutverki í þróun þeirrar ríku og miklu bíómenningar sem ríkt hefur á Íslandi í gegnum árin. Hér er um sannkallað fjölskyldufyrirtæki að ræða, en eigendur og stjórnendur þess eru Árni Samúelsson, Guðný Asberg Björnsdóttir, Björn Arnason, Alfred Asberg Arnason og Elísabet Asberg Árnadóttir.

Frumkvöðlar á íslenskum bíómarkaði


SAMbíóin hafa frá upphafi verið leiðandi hvað varðar framboð, tækni og nýjungar á bíómarkaðnum á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Við opnun kvikmyndahússins í Álfbakka (sem þá hét Bíóhöllin) var leitast við að innleiða nýjustu og bestu tækni sem völ var á, og þeirri hefð hefur verið viðhaldið í kvikmyndahúsum fyrirtækisins alla tíð, enda leggja starfsmenn mikið upp úr því að fylgjast grannt með þróun kvikmyndahúsa í heiminum til að tryggja að hið allra besta sé ávallt í boði. SAMbíóin hafa þannig bryddað upp á ýmsum nýjungum á íslenskum bíómarkaði í gegnum tíðina sem þykja sjálfsgæðar í dag. Til dæmis voru SAMbíóin fyrst allra á íslenskum markaði til að frumsýna stórar kvikmyndir á sama tíma og í Bandaríkjunum og á Bretlandi, fyrst til að bjóða upp á popp og gos og fyrst til að sýna vinsælar kvikmyndir í fleiri en einu kvikmyndahúsi í einu.

SAMbíóin voru einnig fremst í flokki þegar kom að innleiðingu stafrænnar tækni í kvikmyndahúsum. Í dag býður fyrirtækið upp á ýmsar stafrænar lausnir fyrir innlenda framleiðendur og styðst við nýjustu tækni í sýningu kvikmynda auk stafrænna útsendinga frá Metropolitan-óperunni sem sýndar eru í Kringlubíói. Undanfarin ár hefur þróunin verið hröð í kvikmyndagerð, ekki aðeins með tilkomu þrívíddartækninnar heldur einnig vegna stöðugra byltinga í mynd- og hljóðgæðum, og þess vegna hafa SAMbíóin boðið upp á bestu tæknina hverju sinni og verið í fararbroddi til að tryggja að aðdáendur góðra kvikmynda geti notið þeirra í allra bestu gæðunum.





Árni Samúelsson, Kevin Spacey, Christof Wehmeier og Þorvaldur Árnason.



Andre Boissier og Árni Samúelsson.

SAMBíóin hafa alltaf verið öflugur valkostur á auglýsingamarkaði og boðið upp á fjölbreyttar og áberandi auglýsingar í sölum á undan sýningum og í hléum.

Hátækni-kvikmyndahús

Í kvikmyndahúsunum fimm eru alls 17 salir og þar hefur verið lögð mikil áhersla á þægindi viðskiptavina auk þess besta sem tæknin hefur upp á að bjóða. SAMBíóin voru fyrst allra kvikmyndahúsa á Norðurlöndunum til að setja upp THX-hljóðkerfi og bíóið í Kringlunni var fyrst á Íslandi til að notast við stafrænar sýningarvélur og REAL D þrívíddartækni. Bíóið í Egilshöll, sem opnað var árið 2010, er algjörlega stafrænt og státaði við opnun af stærsta sýningartjaldi í Evrópu, auk þess sem allir salirnir voru búnir fullkomnustu Real D þrívíddartækni og besta 7.1 Dolby Digital hljóðkerfi sem fannst á markaðnum. Enn ein nýjungin sem SAMBíóin buðu upp á var VIP-salur, en sá fyrsti sinnar tegundar á landinu var opnaður í Álfabakka. Þar er takmarkað sætaframboð, en miklu meira er lagt upp úr þægindum með stillanlegum leðursætum og aðgangi að gosvél og popphitara. Vegna fjölda salanna í húsunum fimm eru þeir afar mismunandi að stærð og þá er hægt að leigja fyrir einkasýningar fyrir starfsmannafélög eða aðra hópa, auk þess sem boðið hefur verið upp á sérstaka aðstöðu fyrir bíóafmælisveislur.

Vinsæl heimasíða og SAMklúbburinn

Á heimasíðu SAMBíóanna, sambioin.is, er hægt að kaupa miða á þægilegan og auðvöldan hátt, en sú þjónusta hefur notið sífellt meiri vinsælda undanfarin ár. Á síðunni koma fram allar upplýsingar um þær kvikmyndir sem eru í sýningu, ásamt fréttum úr heimi kvikmyndanna og kynningum á þeim myndum sem eru væntanlegar á næstu vikum og mánuðum, en þar er jafnvel hægt að sjá sýnishorn úr myndunum. Að auki er hægt að skrá sig í SAMklúbbinn og tryggja sér þannig afslætti og taka þátt í leikjum. SAMBíóin hafa þar fyrir utan verið afar virk á samfélagsmiðlum eins og Facebook, Snapchat og Instagram til að ná til sem flestra. Á þeim miðlum koma fram allar upplýsingar um sértílið og viðhafnarsýningar auk skemmtilegs fróðleiks um þær kvikmyndir sem eru væntanlegar eða komnar í sýningu.

SAMfilm

SAMfilm er sú deild SAMfélagsins sem sér um dreifingu kvikmynda á Íslandi fyrir risavaxnar samsteypur á borð við Warner Bros, Walt Disney og Paramount, auk minni sjálfstæðra aðila á borð við Summit, FilmNation og margra fleiri. Á árum áður voru umsvif þessarar deildar mjög mikil í dreifingu á efni á VHS, DVD og Blu-ray en með breyttri tækni hefur dreifingin færst yfir á VOD-veitur og sjónvarp. Þar fyrir utan hefur SAMfilm stutt dyggilega við bakið á íslensku kvikmyndagerðarfólki og tekið þátt í framleiðslu fjölda íslenskra kvikmynda. Árum saman hefur markaðshlutdeild SAMfilm verið í kringum 45-55 prósent og er þetta því stærsti dreifingaraðili kvikmynda á landinu.





Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins (SA) eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs. Samtökin eru í forystu um samkeppnishæft rekstrarumhverfi sem stuðlar að arðbæru, fjölbreyttu og ábyrgu atvinnulífi sem bætir lífskjör allra. Samtökin annast samskipti við stjórnvöld og stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem hafa falið samtökunum umboð til samninga. Í hverri samningalotu gera SA u.þ.b. 130 kjarasamninga við 70 stéttarfélög sem ákvarða með beinum hætti kjör um 110 þúsund launamanna. Lög nr. 55/1980 kveða á um að laun og önnur kjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um skuli vera lágmarkskjör. Þessi lög gera það að verkum að kjarasamningar SA gilda ekki einungis fyrir aðildarfyrirtæki þeirra heldur fyrir öll þau fyrirtæki sem ekki kjósa að eiga aðild að samtökunum. Fyrirtæki sem standa utan SA, en njóta þeirrar þjónustu SA að gerðir séu fyrir þau kjarasamninga, eru þannig í hlutverki laumufarþega, á ensku „free riders“. Þessu er ólíkt farið hjá launafólki þar sem nánast er aðildarskylda að stéttarfélögum á Íslandi vegna forgangsréttarákvæða kjarasamninga. SA leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga, önnur vinnumarkaðsmál auk þess sem SA aðstoðar félagsmenn við að greina og styrkja rekstur sinn í gegnum rekstrarráðgjöf samtakanna. Auk þessa aðstoða samtökin aðildarfyrirtækin við að fylgjast með rekstrarumhverfinu með margvíslegum greiningum og upplýsingagjöf.

Hjá aðildarfyrirtækjum SA starfa um 70 prósent launafólks á almennum vinnumarkaði

Yfir tvö þúsund fyrirtæki í nánast öllum atvinnugreinum eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins, allt frá sjálfstætt starfandi frumkvöðlum til stærstu fyrirtækja landsins. Hjá aðildarfyrirtækjum SA starfa um á milli 90 og 100 þúsund starfsmenn og greiddu þau samtals 500 milljarða króna í laun árið 2019. Þetta samsvarar allt að sjötíu prósent starfsmanna eða launagreiðslna á almennum vinnumarkaði. Öflugt og arðbært atvinnulíf er undirstaða velferðar og góðra lífskjara en með eflingu atvinnulífs batnar hagur allra landsmanna. Aðild að Samtökum atvinnulífsins er sæti við borðið þegar tekur eru mikilvægar ákvarðanir í íslensku atvinnulífi og tækifæri til að hafa áhrif á rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Innan SA eru sex aðildarsamtök sem starfa á grundvelli atvinnugreina. Fyrirtæki gerist aðili að SA með inngöngu í eitthvert eftirtalinna aðildarfélag og öðlast þar með tvíþætta aðild að samtökunum:

Samorka - Samtök orku- og veitufyrirtækja

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF)

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS)

Samtök iðnaðarins (SI)

SVP - Samtök verslunar og þjónustu (SVP)

Saman mynda þessi félag sterka heild sem veitir fyrirtækjum á Íslandi margvíslega þjónustu og eru jafnframt öflugur málsvari atvinnulífsins. Í aðildarsamtökum SA er unnið að hagsmunamálum og framþróun viðkomandi atvinnugreina. Þar býðst félagsmönnum meðal annars aðgangur að ýmis konar fræðsluefni og starfi, lögfræðilegri aðstoð og annarri þjónustu sérfræðinga.



Stjórn SA 2021-2022.



1987, aðalfundur Vinnuveitendasambands Íslands á Hótel Sögu, framkvæmdastjóri samtakanna í ræðustól, Pórarinn V. Þórarinnsson.
Ljósmynd: Guðjón Röbert Ágústsson.

Á skrifstofu Samtaka atvinnulífsins starfa þrjátíu manns sem búa yfir margvíslegri sérfræðisþekkingu og sinna m.a. vinnumarkaðs-, efnahags-, skatta-, umhverfis-, samkeppnis- og menntamálum auk samstarfs við stjórnvöld og setu í margvíslegum stjórnum og nefndum.

Samtök atvinnulífsins annast málflytning fyrir hönd aðildarfyrirtækja fyrir Félagsdómi og fyrir almennum dómstólum í þýðingarmiklum málum sem geta varðað stóran hluta félagsmanna og sameiginlega hagsmuni þeirra. Samtök atvinnulífsins veita jafnframt tryggingar í vinnudeilum, en aðildarfyrirtæki eiga rétt á bótum úr sérstökum vinnudeilusjóði SA ef atvinnurekstur þeirra stöðvast að hluta eða öllu leyti af völdum verkfalls sem boðað er af stéttarfélagum starfsmanna.

Löng saga SA og forvera

Samtök atvinnulífsins urðu til árið 1999 við sameiningu Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins. Stofnfundur SA var haldinn þann 15. september 1999 á Grand Hótel Reykjavík og lauk þar með 65 ára sögu Vinnuveitendasambands Íslands sem var stofnað 17. júlí 1934 í Oddfellowhúsinu við Vonarstræti. Þar var brugðist við breytingum á þjóðfélaginu og viðhorfum til starfs og skipulags samtaka atvinnurekenda.

Árið 2019 gáfu Samtök atvinnulífsins út sögu samtakanna frá 1999-2019. Guðmundur Magnússon sagnfræðingur ritaði bókina, en hann þekkir vel sögu aðila vinnumarkaðarins því árið 2004 gáfu SA út rit hans „Frá kreppu til þjóðarsáttar“ þar sem rakin er saga Vinnuveitendasambands Íslands 1934-1999.

Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins er Halldór Benjamín Þorbergsson, en hann tók við starfinu árið 2016 af Þorsteini Víglundssyni sem var framkvæmdastjóri frá 2013-2016. Ásdís Kristjánsdóttir er aðstoðarframkvæmdastjóri samtakanna og Hannes G. Sigurðsson er ráðgjafi stjórnar, en hann hefur starfað hjá SA frá upphafi. Eyjólfur Árni Rafnsson er formaður samtakanna en varaformaður er Helga Árnadóttir.

Bætum lífskjörin

Samtök atvinnulífsins hafa frá stofnun barist ötullega fyrir því að atvinnulífinu verði sköpuð hagstæð rekstrarskilyrði svo fyrirtækin í landinu geti sótt fram, ráðið til sín fólk og bætt lífskjörin í landinu. SA telja allar forsendur vera til staðar til öflugrar lífskjarasóknar og endurreisnar efnahagslífsins í kjölfar kórónukreppunnar og hafa samtökin sent frá sér ítarlegar umbótatillögur í efnahags- og atvinnumálum.





Frá Samorkuþingi 2022.



Páll Erland og Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Samorka

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Samtökin voru stofnuð árið 1995 við samruna Sambands íslenskra hitaveitna (stofnuð 1980) og Sambands íslenskra rafveitna (stofnuð 1942). Innan samtakanna eru hátt í 50 fyrirtæki víðsvegar um landið; fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingarfyrirtæki raforku. Öll aðildarfyrirtæki Samorku flokkast undir samfélagslega mikilvæga innviði og þjónusta þeirra er forsenda reksturs annarra fyrirtækja í landinu og grunnþjónusta sem öll heimili í landinu reiða sig á. Orku- og veitufyrirtækin sinna því mikla og spennandi verkefni að Ísland sé áfram í fremstu röð í nýtingu endurnýjanlegrar orku og leika lykilhlutverk í því markmiði stjórnvalda að Ísland verði jarðefnaeldsneytislaut innan fárra ára.

Markmið og starfsemi

Markmið Samorku er að starfrækja trúverðugan, fræðandi og jákvæðan vettvang um starfsemi orku- og veitufyrirtækja og að vera mikilvægur samstarfsaðili stjórnvalda um starfsumhverfi orku- og veitufyrirtækja. Til að ná þeim markmiðum leggur Samorka mikið upp úr faglegri upplýsinga- og þekkingarmiðlun sem nær bæði til stjórnsýslunnar og almennings en ekki síður til aðildarfyrirtækjanna sjálfra. Hátt í 200 fulltrúar aðildarfyrirtækjanna starfa í fagræðum, nefndum og hópum hjá Samorku og er það hornsteinninn í starfi samtakanna. Samtökin veita tugi umsagna um lagafrumvörp og reglugerðartillögur á ári hverju. Þá er Samorka aðili að evrópskum og norrænum samtökum um orku-, veitu- og öryggismál, eins og Eurelectric, NordEnergi, WindEurope, European Geothermal Energy Council og KraftCert.

Samorka hefur staðið fyrir öflugum greiningum á sviði orkuskipta síðustu ár sem veita mikilvægar upplýsingar um stöðu og horfur í málaflokknum. Má þar nefna um þjóðhagslega hagkvæmni rafbílavæðingar, um orkuskipti í haftengdri starfsemi og orkuþörf fyrir jarðefnaeldsneytislaut Ísland árið 2040.

Samorka stendur reglulega fyrir opnum fundum, ráðstefnum og samkomum. Þeirra á meðal eru árleg fagþing, þar sem fjallað er til skiptis um málefni hita-, vatns- og fráveitna og svo málefni rafmagns. Þriðja hvert ár kemur svo allur geirinn saman á Samorkuþingi á Akureyri og fjallað er um allt sem efst er á baugi í orku- og veitustarfsemi.

Starfsfólk og aðsetur

Hjá Samorku starfa sérfræðingar í málefnum orku- og veitumála. Árið 2022 voru fimm stöðugildi hjá Samorku og hefur Páll Erland verið framkvæmdastjóri frá árinu 2017. Sjö eru í stjórn Samorku. Samtökin eru til húsa í Borgartúni 35, í Húsi atvinnulífsins. Frekari upplýsingar um Samorku má sjá á www.samorka.is.



Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku.



Berglind Rán Ólafsdóttir, stjórnarformaður Samorku.



Starfsfólk SAF árið 2020, frá vinstri: Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi, Ágúst Elvar Bjarnason, verkefnastjóri, María Guðmundsdóttir, fræðslustjóri, Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri, Vilborg Helga Júlíusdóttir, hagfræðingur, Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri og Benedikt S. Benediksson, lögfræðingur.

Samtök ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, flytur ræðu á Ferðaþjónustudeginum árið 2019.



Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, flytur ræðu á Ferðaþjónustudeginum árið 2019.



Fjöldmenni sótti Ferðaþjónustudaginn árið 2019 sem Samtök ferðaþjónustunnar stóðu fyrir og fór fram í Hörpu.

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) eru hagsmunasamtök allra fyrirtækja sem starfa í ferðaþjónustu. Samtökin voru stofnuð 11. nóvember 1998 á grunni Sambands veitinga- og gistihúsa og lögðu önnur hagsmunasamtök sem störfuðu innan ferðaþjónustunnar niður starfsemi sína á sama tíma. SAF er ætlað að ná utan um allar undirgreinar ferðaþjónustu á Íslandi og vinna að bættu rekstrarumhverfi greinarinnar. Aðild að samtökunum eiga um 400 fyrirtæki, bæði stór og smá, í öllum geirum ferðaþjónustunnar um land allt. Það eru flugfélög, ferðaskrifstofur, gististaðir, veitingahús, bílaleigur, hópþíffreiðafyrirtæki, afþreyingarfyrirtæki svo og önnur fyrirtæki sem telja sig til ferðaþjónustufyrirtækja. SAF starfar með öðrum hagsmunasamtökum og eru þau ein af 6 aðildarsamtökum Samtaka atvinnulífsins sem eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs.

Fagmennska í ferðaþjónustu

Frá árinu 1998 hafa íslensk ferðaþjónustufyrirtæki gætt sameiginlegra hagsmuna sinna undir merkjum Samtaka ferðaþjónustunnar. Meginhlutverk SAF er að gæta sameiginlegra hagsmuna félagsmanna sinna, að vinna að því að fyrirtæki búi við starfsskilyrði sem gera þau samkeppnishæf á alþjóðamarkaði ásamt því að stuðla að því að ferðaþjónusta á Íslandi byggji á virðingu fyrir landi og þjóð. Samtökin stuðla einnig að heilbrigðri samkeppni í íslensku atvinnulífi, nýsköpun og fagmennsku sem öflugum stöðum framtíðar ferðaþjónustunnar og samkeppnishæfum rekstrarskilyrðum og heilbrigðri samkeppni. Aðild að SAF er gæðastimpill fyrir íslensk ferðaþjónustufyrirtæki en einkunnarorð samtakanna eru fagmennska í ferðaþjónustu. SAF leggja mikla áherslu á að vinna með félagsmönnum og stjórnvöldum í að efla fagmennsku og aðstoða fyrirtæki við að byggja upp og viðhalda fagmennsku og gæðum í ferðaþjónustu.

Öflugt félagsstarf

Í gegnum SAF talar ferðaþjónusta á Íslandi einni og öflugri röddu gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum svo og öðrum sem ferðaþjónustufyrirtæki skipta við. Stefna SAF í hinum ýmsum málum er unnin á vegum stjórnar og nefnda, en innan samtakanna starfa 8 fagnefndir sem kosið er í á aðalfundi. Þá skipar stjórn SAF í umhverfisnefnd samtakanna. Aðalfundur SAF hefur æðsta vald í málefnum samtakanna en 7 manna stjórn stýrir málum milli aðalfunda ásamt fagnefndum og starfsfólki samtakanna. Í ljósi heimsfaraldurs Covid-19 með tilheyrandi takmörkunum á samkomum fór aðalfundur SAF fram með rafrænum hætti í maí árið 2020. Samkvæmt lögum SAF skal stjórnarkjóri þannig háttað að annað hvert ár skal kjósa formann og þrjá meðstjórnendur en hitt árið eru hinir þrír meðstjórnendurnir í kjóri. Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður SAF, var endurkjörin, en hún hefur verið formaður samtakanna frá árinu 2018.

Stjórn SAF árið 2020:

Bjarnheiður Hallsdóttir, framkvæmdastjóri KötludMI, formaður. Ingibjörg Ólafsdóttir, hótellstjóri Radisson Blu Hótel Sögu, varaformaður. Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair Group, meðstjórnandi. Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynniferða – Reykjavík Excursions, meðstjórnandi. Hallgrímur Lárússon, framkvæmdastjóri Snæland Grímsson, meðstjórnandi. Ívar Ingimarsson, framkvæmdastjóri Ferðaþjónustunnar Óseyri, meðstjórnandi.



Stjórn SAF árið 2020, frá vinstri: Ásdís Yr Pétursdóttir, Ívar Ingimarsson, Jakob Einar Jakobsson, Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður, Ólöf Einarsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir og Björn Ragnarsson.

Jakob Einar Jakobsson, framkvæmdastjóri veitingahússins Jómfrúarinnar, meðstjórnandi.

Formenn fagnefnda SAF árið 2020: Afþreyinganefnd: Arnar Már Ólafsson, Arcanum fjallaleiðsögumenn. **Bíleigunefnd:** Bergþór Karlsson, Höldur ehf. **Flugnefnd:** Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Helo Þyrlupjónustan. **Ferðaskrifstofunefnd:** Ásberg Jónsson, Nordic Visitor. **Gististaðanefnd:** Birgir Guðmundsson, Icelandair Hotels. **Hóþbifreiðanefnd:** Eðvarð Þór Williamsson, Guðmundur Jónasson ehf. **Veitinganefnd:** Þráinn Lárusson, 701 Hotels. **Siglinganefnd:** Vignir Sigursveinsson, Elding. **Umhverfisnefnd:** Jón Gestur Ólafsson, Höldur.

Fjölbreytt þjónusta fyrir félagsmenn

Allt árið um kring standa SAF fyrir öflugu félagsstarfi í formi viðburða eins og félagsfunda, námskeiða, fyrirlastra, umræðufunda og annarra viðburða. Þá standa samtökin árlega fyrir stórum viðburði í Hörpu undir yfirskriftinni Ferðapjónustudagurinn þar sem málefni ferðapjónustunnar eru í brennidepli. SAF hvetja til góðra verka innan ferðapjónustunnar m.a. með því að verðlauna það sem vel er gert, en árlega veita samtökin nýsköpunarverðlaun ferðapjónustunnar og ritgerðarverðlaun til útskriftarnemenda í ferðamálafræði. Þá koma SAF að því að veita verðlaun til fyrirmyndarfyrirtækja í ábyrgri ferðapjónustu. Félagsmenn í SAF eiga sterkt bakland í samtökunum við úrlausn mála, m.a. með lögfræðiráðgjöf, aðstoð við vinnumarkaðs- og kjaramál, gerð ráðningarsamninga, starfslokasamninga og aðra samninga við starfsfólk o.s.frv. Þá vinna SAF að öflugri fræðslu og menntun fyrir starfsfólk og fyrirtæki í ferðapjónustu með fræðslustarfi innan samtakanna og samstarfsaðilum eins og Hæfnisetri ferðapjónustunnar, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Iðunni og öðrum aðilum sem vinna að fræðslu og menntun í atvinnulífinu.

Alþjóðastarf, markaðssetning og öryggismál

SAF er reglulegur og mikilvægur samstarfsaðili stjórnvalda í öllum málefnum er varða ferðapjónustu á Íslandi. Samtökin eru umsagnaraðili um lagafrumvörp og reglugerðartillögur og eiga fulltrúa í fjölmörgum nefndum, stjórnunum og ráðum bæði á vegum opinberra aðila og annarra. Þá eiga SAF samskipti fyrir hönd félagsmanna við opinberar stofnanir eins og Samgöngustofu, Vegagerðina, Þjóðgarða o.fl. Á þann hátt hafa samtökin áhrif á starfsumhverfi fyrirtækjanna. SAF eru aðili að alþjóðasamstarfi hagsmunasamtaka í ferðapjónustu, svo sem Norrænu ferðapjónustusamtökunum og HOTREC, evrópusamtökum hótél- og veitingaaðila. Ásamt Íslandsstofu og Atvinnuvegaráðuneytinu koma SAF að markaðssetningarverkefninu Ísland allt árið (Inspired by Iceland), þar sem ferðapjónustufyrirtæki vinna saman að markaðssetningu Íslands sem ferðamannalands og leggja markaðsfé til verkefnisins á móti jöfnu framlagi ríkisins. Þá starfaði SAF með fjórum ráðuneytum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga að Stjórnstöð ferðamála á árunum 2015-2020.

Eins starfar SAF með Landsbjörg að Safe Travel verkefninu sem hefur náð miklum árangri í veitingu upplýsinga til ferðamanna um mikilvæg atriði í ferðalögum um Ísland. Verkefnið er m.a. fjármagnað með framlögum frá fyrirtækjum innan SAF.

Kraftmikil starfsemi

Árið 2020 störfuðu 7 starfsmenn hjá SAF undir forystu Jóhannesar Þórs Skúlasonar sem gegnt hefur stöðu framkvæmdastjóra SAF frá árinu 2018, en forverar hans í starfi eru þær Helga Árnadóttir (2013-2018) og Erna Hauksdóttir (1998-2013). Skrifstofa SAF er í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35 í Reykjavík og er opin á virkum dögum á milli kl. 8.30 og 16.00. Allar nánari upplýsingar um SAF er að finna á vefsíðu samtakanna – www.saf.is



Frá afhendingu nýsköpunarverðlauna ferðapjónustunnar 2019. Frá vinstri: Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðapjónustunnar, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, hótélstjóri Hótelis Ísafjarðar, Jón Steindór Árnason, stjórnarformaður Sjóbaðanna á Húsavík, Ragnhildur Ágústsdóttir, stofnandi og eigandi Icelandic Lava Show og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.



Stjórn og starfsfólk SAF eru í góðum tengslum við félagsmenn sína sem eru um land allt og í öllum geirum greinarinnar. Frá vinstri: Friðrik Pálsson, eigandi Hótel Rangár, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður, Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi og Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri.



Katrín Júlíusdóttir, MBA
framkvæmdastjóri.



Elvar Orri Hreinsson, M.Sc. í fjármálum fyrirtækja
sérfræðingur í upplýsingamálum og greiningum.



Jóna Björk Guðnadóttir, Cand. Jur. í lögfræði
yfirlögfræðingur.



Kristín Lúðvíksdóttir, BA. í stjórnamálafræði og
BS. í viðskiptafræði, verkefnastjóri fjármálafræðslu.



Margrét Arnheiður Jónsdóttir, Cand. Jur. í lögfræði
lögfræðingur.



Yngvi Örn Kristinsson, M.Sc. í hagfræði
hagfræðingur.

Samtök fjármálafyrirtækja

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru heildarsamtök fjármála- og tryggingafélaga á Íslandi. Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) tóku formlega til starfa í janúarbyrjun árið 2007 en þau urðu til í nóvember 2006 þegar Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) sameinuðust Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT). Áður höfðu SBV orðið til við sameiningu Sambands íslenskra viðskiptabanka (SÍV), Sambands Lánastofnana (SL) og Samtaka verðbréfafyrirtækja (SV) í desember 2000. Í byrjun árs 2020 eru aðildarfyrirtæki samtakanna tuttugu og fimm talsins.

Í byrjun júní 2020 var Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans kjörin formaður SFF en hún tók við af Benedikt Gíslasyni, bankastjóra Arion banka.

Bakhjarlar atvinnulífs og heimila

SFF leggja áherslu á gott samtal og góða samvinnu við stjórnvöld, eftirlitsstofnanir, atvinnulíf og ekki síst fólkið í landinu. Markmið SFF er að stuðla að samkeppnishæfum starfsskilyrðum með áherslu á heilbriggt, traust, skilvirkt og þjónandi fjármálakerfi. SFF leggja sig fram við að auka þekkingu á starfsemi fjármálafyrirtækja og tryggingafélaga, starfsumhverfi þeirra, með gagnaöflun og upplýsingagjöf. Fulltrúar samtakanna taka virkan þátt í opinberri umræðu með því að hlusta, greina það sem betur má fara og leita leiða til úrbóta - atvinnulífi og heimilum til hagsbóta.

Starfsfólkið og samstarfsaðilar

Samtökin eru virk í alþjóðasamstarfi enda starfa aðildarfyrirtæki þeirra í alþjóðlegu umhverfi og að mestu samkvæmt evrópsku lagaumhverfi. SFF eiga aðild að Evrópsku bankasamtökunum (EBF) og Samtökum evrópskra tryggingafélaga (Insurance Europe) og eiga m.a. fulltrúa í framkvæmdastjórn beggja samtaka. SFF eiga einnig í nánú samstarfi við norræn systursamtök. Fjármálafyrirtæki og tryggingafélög eru leiðandi í tækninýjungum og stafrænum lausnum í sínu þjónustuframboði. Því eru SFF aðilar að Fjártæknioklasanum og Nordic Future Innovation (NFI).

Á vegum SFF er jafnframt haldið úti fjölda sérfræðihópa um þau viðfangsefni sem eru á borðum samtakanna hverju sinni. Sérfræðihóparnir eru skipaðir fulltrúum samtakanna og aðildarfélaganna. Þar með er sótt í víðtækan og fjölbreyttan þekkingargrunn sem nýtist í öllu starfi samtakanna. Samtökin hafa á undanförunum árum lagt mikla áherslu á fjármálafræðslu og reka í því skyni fjármálalæsisverkefnið Fjármálavit í samstarfi við Landssamtök lífeyrissjóða.

Hjá SFF starfa sex sérfræðingar með mikla reynslu á ólíkum sviðum fjármála- og trygginga- markaða. Telur samanlögð starfsreynsla þeirra 32 ár hjá samtökunum og tæp 90 ár þegar önnur reynsla á fjármála – og tryggingamörkuðum er meðtalin.





Mörg ný skip hafa komið til landsins á liðnum árum, enda er fjárfesting í sjávarútvegi forsenda framfara, hér er uppsjárskipið Vikingur, í eigu Brims hf. við bryggju í Reykjavík.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi



Heiðrún Lind Marteinsdóttir og Hildur Hauksdóttir, starfsmenn SFS um borð í Páli Pálssyni á Ísafirði.

Starfsemi SFS

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, skammstafað SFS, voru stofnuð 31. október 2014 þegar Landsamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva sameinuðust. Formaður samtakanna var kosinn Jens Garðar Helgason. Markmið samtakanna hefur frá byrjun verið að gæta hagsmuna þeirra er starfa í sjávarútvegi, þar með talið fyrirtækja í fiskeldi. Á auka aðalfundi Landssambands fiskeldisstöðva 14. desember 2018 var tekin sameiginleg ákvörðun aðildarfyrirtækjanna um að óska eftir aðild að Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Þá var jafnframt ákveðið að leggja niður daglega starfsemi LF og hefur henni verið sinnt af SFS síðan. Skrifstofa samtakanna er að Borgartúni 35 og starfsmenn eru 15.

Veiðistjórnunarkerfið hefur skilað árangri

Íslenskur sjávarútvegur er um margt sérstakur og í fremstu röð. Ýmislegt veldur því. Aflamarkskerfið, sem einnig er nefnt kvótakerfi, er stór hluti af skýringunni. Samkvæmt því er fastmótað skipulag á sókn í tegundir og það byggist á vísindalegum grunni. Að sjálfsögðu má deila um það hverju kerfið hefur skilað á einstaka stað, en heildarniðurstaðan er óumdeild; fáar þjóðir hafa náð eins góðum árangri við að hámarka afrakstur af fiskveiðum. Víða um heim er sjávarútvegur ríkisstyrktur, en íslensk sjávarútvegsfyrirtæki greiða milljarðatugi á ári hverju til ríkisins. Hagsmunir þeirra sem vinna í sjávarútvegi haldast í hendur við hagsmuni þjóðarinnar og náttúrunnar. Eitt meginmarkmið samtakanna hefur verið að styðja við endurreisn þorsstofnsins við Ísland, en ástand hans fór hríðversnandi síðari hluta 20. aldarinnar og í raun fram á fyrstu ár nýrrar aldar. Sú vinna hefur borið árangur.

Með hóflegu veiðialagi undanfarin ár hafa þorskárangar, hver af öðrum, lifað lengur og tekið út meiri vöxt og þannig gefið af sér meiri afla og lagt meira til hrygningarstofnsins. Grundvöllur þessarar þróunar er það veiðistjórnunarkerfi sem viðhaft er. Það hvílir á markvissri stjórnun á fiskveiðum með nauðsynlegri festu við ákvörðun leyfilegs heildarafla, aflareglu, ásamt eftirfylgni og eftirliti. Íslendingar eru leiðandi þjóð í þróun á langtíma aflareglum í fiskveiðum og mikilvægt er að nýting á fiskistofnum á Íslandsmiðum byggist ávallt á grunni þeirra. Þannig kerfi tryggir framtíðarhagsmuni.

Eldsneytisnotkun hefur stórminnkað

Vond umgengni um auðlindir hafslins leiðir til lakari afkomu fyrirtækja, minni tekna ríkisins og minni skaða á náttúrunni. Umhverfismál hafa lengi verið í brennidepli innan SFS og hefur íslenskum sjávarútvegi orðið nokkuð vel ágengt í þeim efnum. Eldsneytisnotkun í sjávarútvegi hefur nálega helmingast frá árinu 1990 og fari svo fram sem horfir mun draga enn úr notkuninni á næstu árum. Sjávarútvegur ber höfuð og herðar yfir aðra atvinnuvegi á Íslandi þegar kemur að samdrætti í losun á gróðurhúsalofttegundum. Þar hafa fjárfestingar í nýjum og fullkomnari skipum, vélum og tækjum haft sitt að segja og þá ekki síður það fyrirkomulag sem viðhaft er við stjórn fiskveiða. Á sama tíma og umhverfisáhrif af fiskveiðum hafa minnkað hafa útflutningsverðmæti aukist.



Horft úr brúnni.



Fiskeldi á Austfjörðum.

Alþjóðleg samkeppni

Íslenskur sjávarútvegur á allt sitt undir því að selja afurðir á alþjóðlegum markaði, enda eru um 98% af íslensku sjávarfangi seld þar. Samkeppnin á mörkuðum þar sem íslensk fyrirtæki hafa komið ár sinni fyrir borð miðast ekki eingöngu við það að íslenskur þorskur keppi við þorsk frá öðrum þjóðum, eða ýsa við ýsu. Markaðssetning á fiski snýst öðrum þræði um að fá fólk til að borða fisk, síðan er hægt að reyna að fá fólk til að kaupa ákveðnar tegundir af fiski frá ákveðnum löndum. Íslenskt sjávarfang keppir við sjávarfang frá öllum heimshornum. Einnig frá löndum þar sem vinnuafli er margfalt ódýrara en hér á landi. Því er brýnt að verja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs svo hann verði, hér eftir sem hingað til, ein meginstoð efnahagslegrar hagsældar á Íslandi.

Nýsköpun og þróun

Til að treysta og bæta lífskjör í landinu þurfum við ávallt að halda okkur á braut nýsköpunar og þróunar og þar þurfum við að vera í forystu. Til þess að það sé hægt verður greinin að skila arði og fá að halda því eftir af arðinum sem þarf til að endurnýja og endurskapa tækjabúnað sem er kjarninn í eigin fé fyrirtækjanna. Ef við höldum ekki forystu okkar heldur drögumst aftur úr þá verður framlag sjávarútvegs til verðmætasköpunar í samfélaginu vart svipur hjá sjón miðað við það sem nú er. Af þessu má ljóst vera að nýsköpun verður ávallt að vera samofin starfsemi íslensks sjávarútvegs og það hefur hún verið á undanföllum árum. Fjölmörg iðn- og tæknifyrirtæki, sem starfa náið með sjávarútveginum, hafa skotið upp kollinum á undanföllum árum. Er nú svo komið að mörg þeirra flytja út vörur fyrir tugi milljarða á ári.

Fiskeldi í sókn

Fiskeldi á Íslandi hefur vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum. Nú er svo komið að útflutningstekjur af fiskeldi nema um 10% af útflutningsverðmæti sjávarafurða. Þetta hlutfall hefur vaxið nokkuð skart og mun fiskeldi án vafa verða búbót á komandi árum, auk þess að treysta byggðafestu víða um land, einkum á Vestfjörðum og á Austurlandi. Fari svo fram sem horfir má gera ráð fyrir því að útflutningur á eldisafurðum tvöfaldist frá árinu 2019 til 2021 og nemi þá um 40 milljörðum króna. Ný lög um starfsumhverfi fiskeldis voru samþykkt á Alþingi árið 2019 og einnig lög um gjald af starfsemi. Þótt ýmsum hafi þótt að sér vegið með lögnum er nú kominn rammi um fiskeldi sem fyrirtækin geta starfað eftir. Það veitir ákveðinn fyrirsjáanleika. Framtíð sjávarútvegs og fiskeldis á Íslandi er björt, verði rétt á málum haldið. Fiskeldið er að sanna sig sem mikilvæg stoð í efnahagslífinu og þar eru möguleikar miklir án þess að gengið sé á gæði náttúrunnar. Magnaukning er þar möguleg, en ekki með sama hætti og í veiðum á villtum fiski sem nýta þarf með sjálfbærum hætti. Hvað sem því líður, er einboðið að ákvarðanir stjórnvalda munu hafa mikil áhrif á stöðu greinanna á komandi árum. Ef skilningur er til staðar á því hversu mikilvæg samkeppnisstaða greinanna er á erlendum vettvangi, þar sem langmest af framleiðslunni er selt, er ekki ástæða til að bera kvíðboga fyrir framtíðinni.



Dr. Kristján Þórarinnsson, stofnivistfræðingur SFS útskýrir leyndardóma hafsins fyrir gestum á ársfundi 2019.



Hefð er fyrir því, að loknum ársfundi, að halda veglega veislu. Sá sem horfir í myndavélina er Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf. í Grindavík.



Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins 2020-2021, frá vinstri í efri röð, Ágúst Þór Pétursson hjá Mannviti, Egill Jónsson hjá Össuri, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Árni Sigurjónsson hjá Marel, formaður, Guðrún Halla Finnsdóttir hjá Norðuráli, ritari, Vignir Steinþór Halldórsson hjá MótX, Magnús Hilmar Helgason hjá Launafli og Arna Arnardóttir, gullsmiður. Í neðri röð eru Valgerður Hrund Skúladóttir hjá Sensa, Sigurður R. Ragnarsson hjá ÍAV, varaformaður og Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir hjá CRI.

Samtök iðnaðarins



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, á Framleiðsluþingi SI 2020.

Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu samtök atvinnurekenda á Íslandi mynduð af um 1.400 fyrirtækjum og sjálfstæðum atvinnurekendum sem stunda margvíslega atvinnustarfsemi. Fjöldi og fjölbreytni fyrirtækjanna gefur samtökunum styrk en um leið er það áskorun að standa vörð um ólíka hagsmuni. Samtök iðnaðarins eru hreyfiafl og málsvari iðnaðar á Íslandi. Í öllu starfi samtakanna er lögð áhersla á það sem er sameiginlegt um leið og tekið er tillit til sértækari mála einstakra aðildarfyrirtækja.

Framtíðarsýn

Hlutverk og framtíðarsýn Samtaka iðnaðarins er að efla íslenskan iðnað og auka samkeppnishæfni hans. Samkeppnishæfni íslensks iðnaðar hvílir á sex stoðum sem ráða mestu um framleiðniþróun og velmegun til framtíðar. Til að bæta samkeppnishæfnina leggja Samtök iðnaðarins áherslu á umbætur í sex stoðum, sem eru menntun, nýsköpun, starfsumhverfi, innviðir, orka og umhverfi og ímynd.

Sagan

Samtök iðnaðarins voru stofnuð 24. september 1993 þegar sameinuð voru sex helstu samtök iðnaðar: Félag íslenskra iðnrekenda, Landsamband iðnaðarmanna, Félag íslenskra prentiðnaðarins, Verktakasamband Íslands, Samband málm- og skipasmíðja og Meistara- og verktakasamband byggingamanna. Þau tóku síðan formlega til starfa um áramótin 1993-94. Einn helsti hvatamaðurinn að stofnun Samtaka iðnaðarins var Haraldur Sumarliðason, húsasmíðameistari, en hann hafði lengi verið í forystusveit Landsambands iðnaðarmanna og forseti þess um árabíl. Í kjölfar sameiningarinnar var hann kjörinn fyrsti formaður SI og gegndi því starfi í 6 ár þar til hann lét af formennsku árið 1999. Aðrir formenn samtakanna eru Vilmundur Jósefsson 2000-2005, Helgi Magnússon 2006-2011, Svana Helen Björnsdóttir 2012-2013, Guðrún Hafsteinsdóttir 2014-2020 og Árni Sigurjónsson sem tók við formennsku samtakanna 2020.

Aðalfundur

Aðalfundur Samtaka iðnaðarins sem haldinn er árlega heitir Iðnþing. Hefðbundin aðalfundarstörf fara fram að morgni dags og eftir hádegi er málþing þar sem valin efni eru til umfjöllunar. Stjórn SI er skipuð 10 einstaklingum sem kjörnir eru árlega en formaður Samtaka iðnaðarins er kosinn til tveggja ára í senn. Í stjórn 2020-2021 sitja Árni Sigurjónsson hjá Marel, formaður, Sigurður R. Ragnarsson hjá ÍAV, varaformaður, Guðrún Halla Finnsdóttir hjá Norðuráli, ritari, Arna Arnardóttir, gullsmiður, Ágúst Þór Pétursson hjá Mannviti, Egill Jónsson hjá Össuri, Magnús Hilmar Helgason hjá Launafli, Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir hjá CRI, Valgerður Hrund Skúladóttir hjá Sensa og Vignir Steinþór Halldórsson hjá MótX. Varamaður er Steinþór Jónsson hjá Björnsbakarí.



Árni Sigurjónsson, formaður SI, flýtur ávarp á Iðnþingi 2020.



Frá Framleiðslupingi SI 2020.

Samtök iðnaðarins

Skrifstofa Samtaka iðnaðarins er á 4. hæð í Húsi atvinnulífsins í Borgartúni 35 í Reykjavík. Þar eru 17 starfsmenn samtakanna. Sigurður Hannesson er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins frá árinu 2017. Forverar hans í starfi eru Almar Guðmundsson 2014-2017, Kristrún Heimisdóttir 2013-2014, Orri Hauksson 2010-2013, Jón Steindór Valdimarsson 2007-2010 og Sveinn Hannesson 1992-2007.

Starfsemin

Starfseminni er skipt upp í tvö svið; mannvirkjasvið og iðnaðar- og hugverkasvið. Innan sviðanna eru starfandi um 40 starfsgreinahópar. Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum og í nánu samráði við fyrirtækin sjálf. Byggt er á markvissri stefnumótunarvinnu einstakra starfsgreinahópa og aðildarféлага.

Útgáfa

Samtök iðnaðarins eru virk í útgáfu og samfélagsmiðlum og halda úti vefsíðu með fréttaflutningi og öllum helstu upplýsingum sem snerta iðnaðinn. Samtökin hafa gefið út fjölmargar greiningar, skýrslur, fréttabréf og tímarit. Meðal skýrslna sem samtökin hafa gefið út og unnar hafa verið af starfsmönnum samtakanna í samstarfi við stjórn SI, félagsmenn og aðra sérfræðinga eru Íslensk raforka – ávinningur og samkeppnishæfni, Nýsköpun – virkjum tækifærin – nýsköpunarstefna SI, Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland, Mætum færni framtíðar – menntastefna SI, Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfnina og Innviðir á Íslandi – ástand og framtíðarhorfur.

Framfarir

Framfarisjóður Samtaka iðnaðarins var stofnaður árið 2016 í þeim tilgangi að skapa farveg sem styður við og þróar framfaramál tengd iðnaði. Markmið sjóðsins eru að efla menntun fyrir atvinnulífið með áherslu á iðn-, verk- og tæknináms, styðja við nýsköpun sem styrkir framþróun í iðnaði og framleiðni aukningu með áherslu á skilvirkt rekstrarumhverfi.

Gildi Samtaka iðnaðarins eru þrjú:

1. Fagmennska – vönduð vinnubrögð, nýjar upplýsingar og þekking á viðfangsefnum.
2. Samvinna – samstarf starfsmanna og félagsmanna við stjórnvöld, stofnanir, fjölmíðla og önnur samtök.
3. Áræðni – forsenda árangurs – höfum kjark og þor til að takast á við krefjandi verkefni í þágu íslensks iðnaðar.



Útgáfa tímarits Samtaka iðnaðarins í júní 2020, talið frá vinstri, Margrét Kristín Sigurðardóttir, ritstjóri tímaritsins, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Þóráð Kolbrún Reykþjóð Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI.



Ár nýsköpunar 2020, talið frá vinstri, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI, og Árni Sigurjónsson, formaður SI.

Fjöldi starfandi í smásölu, meðaltal á mánuði árið 2020 var 13.647
(heimild: VR)

Hlutfall netverslunar af heildarveltu árið 2020 var 7%
(heimild: RSV)

Hlutfall verslunar í vergri landsframleiðslu árið 2020 var 9,4%
(heimild: Hagstofan)

Heildarvelta í smásölu árið 2020 (heimild: RSV)

Mánuðir	Verslun
janúar	29.717
febrúar	29.707
mars	32.260
apríl	34.844
maí	43.796
júní	43.030
júlí	44.742
ágúst	40.010
september	39.261
október	42.084
nóvember	46.034
desember	55.466
Samtals	480.951

Velta í smásölu eftir flokkum árið 2020 (heimild: RSV)

Flokkar	Samtals
Stórmarkaðir og dagvöruverslanir	205.793
Áfengisverslanir	35.074
Fataverslanir	36.274
Byggingavöruverslanir	38.698
Raf- og heimilistækjaverslanir	30.718
Verslanir með heimilísbúnað	31.197
Lyfja-, heilsu og snyrtivöruverslanir	21.826
Gjafa- og minjagripaverslanir	4.121
Bóka-, blaða- og hjómplötuvöruverslanir	5.150
Tollfrjáls verslun	2.046
Önnur verslun	70.055

Samtök verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.

Atvinnugreinarnar verslun og þjónusta halda áfram stöðu sinni sem burðarstoðir í íslensku atvinnulífi. Innan þessara greina eru verslunaryfirtæki, bæði í smásölu og heildsölu og fjölbreytt flóra þjónustuyfirtækja á borð við flutningayfirtæki, bæði í millilandaflutningum og innanlandsflutningum, fjarskiptayfirtæki, ráðgjafaryfirtæki og hringerningaryfirtæki svo dæmi séu nefnd. Þjónustugreinin er því mjög fjölbreytt atvinnugrein en innan hennar rúmast öll þjónustuyfirtæki fyrir utan yfirtæki í fjármálaþjónustu og ferðaþjónustu. Þá hafa Samtök verslunar og þjónustu nú um árabíl einnig gætt hagsmuna fyrir einkarekin heilbrigðisfyrirtæki og einkarekna skóla á leik- og grunnskólastigi, en yfirtæki í þessum greinum eru mikilvæg þjónustuyfirtæki fyrir allan almenning í landinu.

Gífurleg breyting hefur orðið á undanförunum árum í öllu umhverfi verslunaryfirtækja hér á landi eins og annars staðar í nágrannaríkjum okkar. Sífelld stærri hluti verslunar fer fram með rafrænum hætti. Þetta hefur það í för með sér að sú erlenda samkeppni sem innlend verslun hefur lengi búið við, hefur aukist að mun. Þetta er einfaldlega birtingarmynd þess frelsis sem við búum við á flestum sviðum viðskipta, þar sem fólki og yfirtækjum er frjálst að eiga viðskipti við þá aðila sem þau svo kjósa. Landamæri í hefðbundnum skilningi þess orðs, hafa hér lítil sem engin áhrif lengur. Þessu til viðbótar hafa Íslendingar löngum ferðast mikið og gera einfaldlega kröfu um sama vöruúrval og sambærilega þjónustu sem íbúar annarra landa í okkar heimshluta búa við.

Covid heimsfaraldurinn hefur flýtt þessari þróun að mun og er það reyndar orðið umtalsvert áhyggjuefni fyrir innlenda verslun og raunar yfirtæki í öðrum atvinnugreinum einnig, hversu fyrirferðarmikil stór alþjóðleg yfirtæki eru orðin á ýmsum sviðum viðskipta. Það er þess vegna mikilvægt að allt verði gert til að íslenskum yfirtækjum, í verslun og þjónustu sem öðrum atvinnugreinum, verði gert kleift að takast á við erlenda samkeppni á jafnréttisgrunni. Ekkert bendir til annars en að samkeppni úr þessari áttinni muni aukast á komandi árum. Það er á ábyrgð stjórnvalda að tryggja að jafnræði verði tryggt og eðlileg samkeppni fái áfram þrífist.

Milliríkjaverslun er mikilvæg

Við Íslendingar erum sú þjóð í Evrópu sem hvað mest er háð erlendum aðföngum á vörum. Þetta á við um stóran hluta af bæði almennum neyslsvörum og fjárfestingarvörum. Íslenskt atvinnulíf á allt undir því að samgöngur við landið séu góðar, bæði á sjó og landi. Íslensk skipafélög og íslensk flugfélög hafa um langt árabíl veitt atvinnulífinu einkar góða þjónustu að þessu leyti, oft við krefjandi aðstæður. Lönd á EES svæðinu eru lang mikilvægustu viðskiptalönd okkar, en 59% af öllum innflutningi til landsins kemur þaðan. Markaðshlutdeild annarra svæða í innflutningsverslun okkar er sem hér segir: Bandaríkin 6,7%, Kína 8,4%, Japan 1,8% og önnur Evrópuríki en EES ríki 8,2%.

Ferðapjónusta og íslensk verslun

Sú mikla breyting sem varð á íslensku atvinnulífi á síðasta áratug samhlíða því að ferðamönnum sem sóttu Ísland heim stórfölgaði, hafði á heildina litið jákvæð áhrif á verslun. Áhrifin voru augljóslega mest á þeim stöðum sem fjölsóttir eru af ferðamönnum. Sérstaklega ber að nefna þau jákvæðu áhrif sem þessi breyting hefur haft í för með sér fyrir verslun og aðra þjónustu í miðborg Reykjavíkur. Árið 2018, þegar um 2,2 milljónir ferðamanna heimsóttu landið, var hlutfall erlendra greiðslukorta, að meðaltali 24% af allri kortaveltu hér á landi. Þannig að af þessu má sjá hvaða áhrif hin mikla fjölgun ferðamanna hefur haft á viðskipti hér á landi.

Mikilvægi þjónustufyrirtækja

Starfsemi þjónustufyrirtækja er afar fjölbreytt og spannar mörg og ólík svið atvinnulífsins. Starfsemi þessara fyrirtækja hefur því hlutverki að gegna víða í samfélaginu, víðar en flestir gera sér grein fyrir, en vegna þess hve atvinnugreinin þjónusta er fjölbreytt hefur oft verið erfiðleikum bundið að skilgreina hana sem sérstaka atvinnugrein. Innan hennar eru engu að síður fyrirtæki á borð við flutningafyrirtæki, fjölmiðlafyrirtæki, heilbrigðisfyrirtæki, ráðgjafarfyrirtæki, upplýsingatæknifyrirtæki og fjarskiptafyrirtæki svo dæmi séu nefnd.

Hagsmunamál verslunarinnar

Aukið frelsi í viðskiptum hefur meginsteifið í hagsmunabaráttu verslunarinnar í gegn um tíðina. Aðild Íslands að EFTA og síðan þátttaka í EES samstarfinu gerbreytti stöðunni að þessu leyti og opnaði nýjar víddir í viðskiptum okkar við aðrar þjóðir. EES samningurinn opnaði fyrir aðgang okkar að innri markaði Evrópusambandsins, bæði hvað varðar innflutning og útflutning. Þá hefur barátta fyrir sanngjörnu skattkerfi, sem ekki skerðir samkeppnisstöðu innlendrar verslunar, tekið mikinn tíma fyrir þá sem sinna hagsmunabaráttu fyrir innlenda verslun. Á árum áður mátti verslunin heyja harða baráttu fyrir afnámi sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það var tímafrek barátta, sem fram fór á síðustu öld, en samt ástæða til að minnast á hér þar sem hún er ágætt dæmi um ósanngjarna skattheimtu sem verslunin mátti oft sæta á meðan aðrar atvinnugreinar nutu meiri velvilja meðal þeirra sem fóru með skattlagningarvaldið. Vörugjöld voru lengi vel mikill þyrnir í augum íslenskrar verslunar, enda var um að ræða handahófskenda og ógagnsæja skattlagningu, sem skekkti mjög samkeppnisstöðu, bæði einstakra vörutegunda og verslunarinnar í heild sinni. Í upphafi síðasta áratugar var það metið sem eitt allra mikilvægasta baráttumál íslenskrar verslunar að fá vörugjöldin afnumin með öllu. Eftir að Samtök verslunar og þjónustu settu þetta mál á oddinn 2010 tókst með tímanum að sannfæra stjórnvöld um að afnema vörugjöldin í áföngum og voru þau að fullu úr sögunni 2017. Staðan var einfaldlega sú að þegar stjórnvöld tóku að skoða þetta form skattheimtu fyrir alvöru, kom í ljós að þau skiluðu tiltölulega litlum tekjum í ríkissjóð og voru auk þess flókin í framkvæmd. Baráttan fyrir auknu frelsi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir er stöðug og viðvarandi. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir verslunina og ekki síður neytendur þar sem innlendar landbúnaðarvörur eru stór hluti af daglegum innkaupum hvers heimilis. Nokkur hefur áunnist í þessu efni en með samningi milli Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur sem undirritaður var 2015, jókst hlutdeild innfluttra landbúnaðarvara á íslenskum markaði. Samningurinn tryggði jafnframt aukið tollfrjáls aðgengi fyrir íslenskar landbúnaðarvörur til ríkja Evrópusambandsins. Nú þegar samningurinn hefur að fullu komið til framkvæmda hefur hann greinilega haft jákvæð áhrif á samkeppni á búvörumarkaði sem neytendur munu njóta í auknum mæli góðs af þegar fram í sækir.

Framtíðin – stafræn umbreyting

Fyrirtæki í verslun og þjónustu munu á komandi árum horfast í augu við meiri áskoranir en nokkru sinni fyrr. Sú mikla umbreyting sem er að verða í öllu umhverfi fyrirtækja kallar á nýja nálgun og nýja hugsun hjá atvinnurekendum í þessum greinum. Stafræn umbreyting (stundum kölluð fjórða iðnbyltingin) hefur þegar haft gríðarleg áhrif á alla starfsemi fyrirtækja og fullyrða má að við höfum aðeins séð byrjunina á þeirri umbreytingu sem hér er að verða. Það er því lífsspursmál fyrir íslenska verslun og íslensk þjónustufyrirtæki að nýta stafræna tækni til að takast á við hinn nýja veruleika og ekki síður að nýta sér nálægðina við markaðinn og það forskot sem það gefur að nýta sér hið sameiginlega tungumál okkar, íslenskuna í þessu sambandi. Mörg þeirra starfa sem hafa verið óbreytt um áratugaskeið munu hverfa og ný störf koma í staðinn. Sjálfsafgreiðsla í verslunum verður regla frekar en undantekning og meiri sjálfvirkni í aðfangakeðjunni þar sem vöruhús starfa meira og minna án þess að mannshöndin komi þar að. Þetta eru meðal þeirra breytinga sem við höfum þegar séð og þær verða fleiri á komandi árum. Það er hins vegar ekki þar með sagt að störfum í verslun og þjónustu muni fækka. Þau munu tvímælalaust breytast, störfum sem ekki kefst sérstakrar menntunar mun fækka og störfum sem krefjast sérhæfingar mun fjölga. Krafan verður um meiri menntun og meiri sérfræðipækkingu alls starfsfólks, einkum og sér í lagi á sviði stafrænnar tækni.



Vetrarfundur allra félagsmanna Bílgreinasambandsins er haldinn ár hvert og skiptast félagsmenn á að halda hann hverju sinni, fundurinn 2020 var í nýjum húsakynnum Veltis.

Bílgreinasambandið



María Jóna Magnúsdóttir hóf störf sem framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins á fyrri hluta ársins 2018.

Bílgreinasambandið er samtök atvinnurekenda í sölu ökutækja og tengdri vöru og þjónustu. Í sambandinu eru yfir 110 fyrirtæki af ýmsum toga, svo sem almenn bílaverkstæði, bílasölur, bílaumboð, hjólbarðaverkstæði, málningar- og réttingaverkstæði, ryðvarnarstöðvar, smur-stöðvar, varahlutasalar, bílaþvottastöðvar og aðrir þjónustuaðilar. Haustið 2020 fagnaði Bílgreinasambandið 50 ára afmæli sínu en sambandið var stofnað þann 14. nóvember 1970 með samruna tveggja félaga, Sambands bílaverkstæða á Íslandi (stofnað 1933) og Félags bifreiðainnflytjenda (stofnað 1954). Sambandið er því í grunninn sameiginleg samtök stéttarféлага og vinnuveitenda en samvinna hefur ætíð verið mikil og góð með launþegum og launagreiðendum í bílgreininni, enda hafa yfirmenn fyrirtækjanna vegna eðlis starfseminnar gjarnan verið „á gólfinu“ til jafns við starfsmennina.

Starfsemin

Bílgreinasambandið hefur í gegnum tíðina verið bakhjarl margra þarfra verka innan greinarinnar. Sambandið stóð m.a. fyrir mörgum vinsælum bílasýningum hér á árum áður sem voru gríðarlega vel sóttar af almenningi. Einnig kom sambandið að útgáfu bókarinnar Saga bílsins á Íslandi árið 2004 sem var gefin út í tilefni af 100 ára sögu bílsins hér á landi. Bílgreinasambandið var stofnað að norrænni fyrirmynd og hefur alla tíð haft mikla samvinnu við systursamtök sín á Norðurlöndum. Aðal hvatamaður að stofnun Bílgreinasambandsins og fyrsti formaður var Gunnar Ásgeirsson. Síðan hafa formenn verið: Geir Þorsteinsson, Ingimundur Sigfússon, Þórir Jónsson, Þórir Jensen, Gísli Guðmundsson, Sigfús Sigfússon, Hallgrímur Gunnarsson, Bogi Pálsson, Erna Gísladóttir, Úlfar Steindórsson, Egill Jóhannsson, Guðmundur Ingi Skúlason, Sverrir Viðar Hauksson og Jón Trausti Ólafsson. Á aðalfundi í júní 2020 var hins vegar gerð sú breyting að enginn formaður fer nú fyrir stjórn heldur kemur framkvæmdastjóri fram fyrir hönd sambandsins.

Þar sem ræturnar liggja í hinni norrænu fyrirmynd hefur á síðustu árum verið settur aukinn kraftur í að endurvekja og efla samstarf Bílgreinasambandsins við sambönd hinna Norðurlandanna. Með tilkomu fjarfundartækninnar hefur það orðið sífellt auðveldara og nú á sér stað mjög reglulegt og stöðugt samtal á milli sambandanna allra. Kemur það að sjálfsögðu öllum til góða og einnig er ljóst að Bílgreinasambandið hefur margt fram að færa í slíkt samstarf. Þá hefur Bílgreinasambandið einnig lagt mikið upp úr að vera virkur meðlimur í CECRA sem eru samtök bílgreinasambanda í Evrópu og þannig stuðlað að hagsmunagæslu bílgreinarinnar innan álfunnar. Bílgreinasambandið gekk úr Vinnuveitendasambandi Íslands árið 1998 og átti því ekki hlut að Samtökum atvinnulífsins er þau voru stofnuð. Sambandið var hins vegar alla tíð þátttakandi í Landssambandi iðnaðarmanna og Samtökum málm- og skipasmíða. Það átti líka aðild að lífeyrissjóðum iðnaðarmanna innan sinna raða og átti þar forystumönnum á að skipa, svo sem Þóri Jónssyni og Geir Þorsteinssyni. Fyrsti sjálfstæði kjarasamningur Bílgreinasambandsins annars vegar og Samiðnar hins vegar var þannig gerður árið 2000 og hefur það fyrirkomulag verið til staðar síðan þá, síðast með kjarasamningum árið 2019.



Síðasta stóra bílasýning sem bar nafnið „Allt á hjólum“ var haldin árið 2015 í Fífunni og var vel sótt.

Aðsetur og stjórnendur

Frá stofnun 1970 fram til 1982 var Bílgreinasambandið til húsa hjá Félagi íslenskra stórkaupmanna að Tjarnargötu 14. Þann 30. desember 1974 gerðist Bílgreinasambandið stofnaðili að Húsi verslunarinnar og flutti starfsemi sína þangað árið 1982 er húsið var fullbyggt. Árið 1994 sömdu Bílgreinasambandið, Bíliðnafélagið og Menntamálaráðuneytið um tilraunakennslu í bílgreinum sem leiddi til þess að Fræðslumiðstöð bílgreina var stofnuð og hóf starfsemi í nýjum Borgarholtsskóla haustið 1996. Árið 2000 var einkahlutafélagið Bílmennt stofnað í eigu Bílgreinasambandsins og Bíliðnafélagsins. Bílmennt ehf. byggði hús að Gylfaflöt 19 þar sem Bílgreinasambandið var til húsa til ársins 2014 ásamt Fræðslumiðstöð bílgreina. Bílgreinasambandið hefur síðan verið til húsa í Borgartúni 35, í Húsi atvinnulífsins ásamt mörgum öðrum félögum og félagasamtökum.

Fyrsti framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins var Júlíus Ólafsson frá 1970 til 1977. Jónas Þór Steinarsson tók við starfinu 1977 og gegndi því óslitið til 2006. Frá árinu 2006 til 2018 var Özur Lárusson framkvæmdastjóri. Núverandi framkvæmdastjóri er María Jóna Magnúsdóttir sem er þar af leiðandi fyrsta konan til að gegna þessari stöðu. Má segja að það sé vel við hæfi þar sem þróunin innan bílgreinarinnar hefur verið á þann veg að konur hafa í auknum mæli kveðið sér hljóðs innan greinarinnar, bæði í námi og í lykilstöðum innan fyrirtækja í greininni. Skrifstofa Bílgreinasambandsins er fámenn og treystir því á vinnuframlag stjórnar sambandsins og félagsmanna. Stjórn félagsins er mjög virk og fundar mánaðarlega þar sem verkefnum er gjarnan skipt niður á stjórnarmenn sem veita þeim forystu og bera ábyrgð. Þar að auki starfa sérstakar nefndir innan sambandsins en starfsmenn félagsmanna sitja í þessum nefndum. Fjalla nefndirnar sérstaklega um málefni innan sinna sviða sem eru annars vegar þjónustusvið og hins vegar sölusvið.

Verkefni

Bílgreinasambandið er mikilvægur málsvári bílgreinarinnar allrar og gætir hagsmuna hennar gagnvart hinu opinbera og öðrum aðilum. Samtal við hið opinbera hefur aukist mjög á hinum síðustu árum og hefur Bílgreinasambandið gætt þess að komast ávallt að borðinu þegar um er að ræða mál sem snerta bílgreinina með einhverjum hætti, svo sem vegna laga- og reglugerðabreytinga. Hefur þetta skilað góðum árangri til hagsbóta fyrir greinina alla.

Mikið og gott starf hefur átt sér stað innan sambandsins á síðustu misserum. Á árunum 2018-2019 varð endurnýjun í hópi starfsmanna og komu nýir starfsmenn inn með nýjar áherslur og sýn á verkefni sambandsins. Síðan þá hefur mörgum verkefnum verið ýtt úr vör og kláruð. Ný heimasíða var sett í loftið haustið 2019 og í kjölfarið innri vefur fyrir félagsmenn og sérstakur vefur með tölfraeðvinnslu um bílgreinina. Nýtt gæðakerfi fyrir verkstæði var sett á laggirnar snemma árs 2020 og er þar um að ræða algjörlega endurskoðað kerfi sem er ætlað að halda uppi gæðum og faglegum vinnubrögðum á markaðnum til framtíðar. Ennfremur stofnaði Bílgreinasambandið ásamt Félagi íslenskra bifreiðaeigenda sjálfstæða úrskurðarnefnd bílgreina sem samþykkt var af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra það sama ár. Þá fékkst það í gegn í mars 2020 að bílgreinin varð hluti af „Allir vinna“ leið stjórnvalda sem er ætlað að ýta undir viðskipti við bílaverkstæði og stemma stigu við svartri atvinnustarfsemi. Bílgreinin er sú iðngrein sem hefur þróast hvað hraðast á síðustu árum og því er af nógu að taka og mikilvægt að gæta hagsmuna þeirra sem innan hennar starfa. Sú vinna sem hefur átt sér stað á síðustu árum hefur m.a. endurspeglast í því að æ fleiri sjá hag sinn í því að vera hluti af sambandinu. Þannig hefur fjöldi félagsmanna aukist hröðum skrefum á síðustu misserum og styrkir það sambandið enn frekar til góðra verka í framtíðinni.



Aðalfundur Bílgreinasambandsins árið 2020 var haldinn þann 4. júní og hélt Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitastjórnarráðherra erindi á fundinum.



Ráðstefnuborgin Reykjavík (Meet in Reykjavík) er rekin innan veggja Íslandsstofu. Tækifæri til sóknar á alþjóðlegum ráðstefnumarkaði eru fjölmörg.

Íslandsstofa



Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu og Hildur Árnadóttir, formaður stjórnar Íslandsstofu.



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnu-ráðherra á ársfundum Íslandsstofu 2021. Þar sagði hann að atvinnulífð og stjórnvöld þyrftu að ganga til leiks sem eitt lið til að ná settu marki, að auka útflutningstekjur nægilega mikið til að tryggja þau lífsgæði sem við viljum njóta hér á Íslandi.

Á hverjum degi flytja íslensk fyrirtæki út verðmætar vörur og þjónustu til neytenda víða um heim. Það skapar dýrmæt störf og tekjur fyrir íslenskt samfélag. Íslandsstofa er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um markaðssetningu landsins á erlendri grundu. Verkefni okkar er að miðla áhrifaríkum sögum sem skapa traust á landi og þjóð. Þannig greiðum við fólki og fyrirtækjum leið út í heim, og aukum eftirspurn eftir íslenskum vörum og þjónustu. Íslandsstofa vinnur einnig markvisst að því að hvetja til erlendar fjárfestingar á Íslandi.

Sjálfbærni er leiðarljós í markaðsstarfi Íslandsstofu. Landið er ríkt af endurnýjanlegum náttúruauðlindum sem hafa fært okkur mikil lífsgæði. Með sjálfbærri nýtingu auðlindanna hefur orðið til dýrmæt þekking og græn nýsköpun sem skipt getur sköpum við að leysa vandamál samtímans.

Ísland hefur tækifæri til að standa á meðal fremstu þjóða heims á sviði sjálfbærni. Virðing fyrir náttúrunni, ábyrgt efnahagslíf og leiðir til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið ættu því ávallt að vera í forgrunni.

Ísland hefur margt fram að færa:

Sjálfbærar fiskveiðar.

Hátækni í vinnslu matvæla.

Græna orku.

Vísindafólk og nýsköpunarfyrirtæki í fremstu röð.

Einstaka náttúru sem laðar að sér ferðamenn og erlend verkefni í kvikmyndagerð.

Íslenska hestinn.

Framúrskarandi listafólk, sem hefur borið hróður þjóðarinnar víða.

Leiðandi land í sjálfbærni

Ný útflutningstefna fyrir Ísland var kynnt árið 2019. Hún var unnin í nánú samráði við íslenskar atvinnugreinar og stjórnvöld. Rætt var við rúmlega 350 manns út um land allt sem lögðu grunninn að stefnunni þar sem sjálfbærni er grænn þráður.

Unnið er að framkvæmd stefnunnar undir eftirfarandi áherslum:

Orku og grænum lausnum - Hugviti nýsköpun og tækni - Listum og skapandi greinum -

Ferðaþjónustu - Sjávarútvegi - Sérhæfðum matvælum og náttúruafurðum.

Til að styðja við framkvæmd stefnunnar skipaði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, 31 fulltrúa til setu í útflutnings- og markaðsráði Íslandsstofu til 2023. Hlutverk þess er að marka, samþykka og fylgjast með framkvæmd á langtíma stefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir markaðssetningu og útflutning.

Fjölbreytni í fyrirrúmi

Árið 2020 var viðburðarríkt hjá Íslandsstofu og segja má að það hafi verið ár uppbyggingar. Unnið var að fjölbreyttum verkefnum en umfang starfseminnar hefur aukist mikið á undanförunum árum með nýjum verkefnum. Þar má nefna Heimstorg Íslandsstofu, Icelandic



Íslenski hesturinn er í útrás. Aldrei hafa jafn margir hestar verið fluttir úr landi og á árinu 2020 enda markaðssettur rækilega undir merkjum Horses of Iceland.



Það er fátt sem stens Íslenski náttúru snúning enda Ísland eftirsóknarverður áfangastaður.

vörumerkið, markaðssetningu á vísindaborpinu í Vatnsmýrinni, Meet in Reykjavík, Work in Iceland, samstarf við Grænvang, Seafood from Iceland, Live from Reykjavík og Saman í sókn. Allt eru þetta spennandi verkefni sem styðja við það hlutverk Íslandsstofu að auka útflutningstekjur og hagvöxt.

Saman í sókn

Stjórnvöld stigu mikilvægt skref á árinu 2020 þegar ákveðið var að verja 1.500 milljónum króna til markaðssetningar á Íslandi sem áfangastað eftir að heimsfaraldurinn skall á. Þeir fjármunir voru nýttir til þess að halda vitund um landið vakandi á helstu mörkuðum þar til ferðalög komust í eðlilegt horf á ný. Herferðin fékk mikla og jákvæða athygli erlendis og var tilnefnd til fjölda virtra verðlauna.

Viðtækt samstarf við Business Sweden

Nýjar leiðir hafa opnast íslenskum fyrirtækjum út í heim. Íslandsstofa og systurstofa hennar í Svíþjóð, Business Sweden, hafa gert með sér samkomulag sem tryggir íslenskum fyrirtækjum aðgang að alþjóðlegu neti viðskiptafulltrúa Business Sweden.

Viðskiptafulltrúar utanríkisþjónustunnar hafa til þessa veitt íslenskum fyrirtækjum margháttða þjónustu og greitt götu þeirra í útlöndum en þeir eru til staðar á tólf erlendum mörkuðum. Nú hefur bæst verulega við þann hóp en alls eru 450 starfsmenn á vegum Business Sweden í 42 löndum víða um heim. Hlutverk þeirra er að styðja við framgang sænskra fyrirtækja erlendis með ýmis konar þjónustu á markaði. Með samkomulaginu er íslenskum fyrirtækjum gert kleift að nýta sér tiltekna þjónustu eins og um sænsk fyrirtæki væri að ræða.

Beggja skauta byr

Verkefni næstu missera er stórsókn á erlendum mörkuðum og að vinna til baka gjaldeyriskjukur sem hurfu um stund á meðan ferðaþjónustan lagðist í hýði 2020. Það er bjart fram undan og tækifærin ótal mörg. Þannig hefur fjárfesting í rannsóknum og þróun stóraukist. Hugverkaiðnaður hefur tvöfaldast frá árinu 2013 og könnun Íslandsstofu sýnir að svokölluð vaxtarfyrirtæki ætla að stækka verulega og bæta við sig fólki á árinu 2021. Sóknarfærin eru því mörg. Alþjóðleg samkeppni er þó hörð og því mikilvægt að slá ekki slöku við heldur sækja fram. Beggja skauta byr mun biða okkar ef rétt er á málum haldið.

Stjórn Íslandsstofu 2020-2021

Hildur Árnadóttir, formaður, Áshildur Bragadóttir, Ásthildur Otharsdóttir, Borgar Þór Einarsson Helga Árnadóttir, Jens Garðar Helgason, Unnur Valborg Hilmaradóttir.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Íslandsstofu: www.islandsstofa.is

Upplýsingar um verkefni Íslandsstofu 2020 er að finna í ársskýrslu Íslandsstofu: <https://2020.islandsstofa.is/>



Á tímum innlokunar og fjarfunda var fólki um allan heim boðið að losa um streitu og senda óskur sín til Íslands. Herferðin vakti mikla athygli og hefur verið tilnefnd til virtra verðlauna.



Það er hátíð í bæ þegar Íslenskur fiskur er á borðum. Egill Ólafsson sem Father Fishmas. Úr markaðsherferð í Bretlandi sem miðar að því að fá fólk til að elda og njóta heilnæmra íslenskra sjávarafurða.



Iceland Airwaves breytti um ham og fór fram á vefnum 2020. Fólk fékk tónlistina sína þrátt fyrir kófið undir merkjum Live from Reykjavík.




Ljósm. Þórir Ingvásson.

Erlent vinnuafli


en upplýsingaskortur veldur flækju - Hagfræðideild Landsbankans

Flutningar og erlendir ríkisborgarar




Heimild: Hagstofa Íslands

Aðfluttur erlendir ríkisborgarar umfram brottflutta



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Hlutfall erlendra ríkisborgara af fólksfjölda 2009-2018



Heimild: Hagstofa Íslands

Mikil fjölgun útlendinga hér á landi

Í lok ársins 2018 voru um 44.300 erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi, eða um 12,4% af mannfjöldanum. Mikil fjölgun hefur verið á erlendum ríkisborgurum með búsetu hér á síðustu árum, en í lok ársins 2012 nam hlutfall þeirra af mannfjöldanum 6,6%. Útlendingum búsettum hér á landi hefur þannig fjölgað mun meira en innfæddum á síðustu árum. Sé litið á fólksfjölgun frá árslokum 2012 fram til ársloka 2018 hefur íslenskum ríkisborgurum fjölgað um 4,1% en erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað um 106%. Íbúum alls hefur fjölgað um 10,9% á þessum tíma og það gefur augaleið að meginþorri fjölgunarinnar er vegna erlendra ríkisborgara.

Í fyrra fluttu um 6.500 fleiri erlendir ríkisborgarar til landsins en fluttu frá því. Samsvarandi tala fyrir árið 2017 var um 7.900. Nettó aðflutningur útlendinga á þessum tveimur árum var því um 14.500. Heildarfjölgun íslenskra ríkisborgara á sama tíma var um 4.700. Þessar tölur eru ekki einhlítar og vandasamt að spá fyrir um fjölgun erlendra ríkisborgara. Að mati Hagstofunnar flytur annar hver erlendir ríkisborgari sem hingað kemur af landi brott innan tveggja ára. Þar að auki fær hluti erlendra ríkisborgara sem hingað kemur íslenskt ríkisfang og teljast þá ekki lengur vera erlendir ríkisborgarar. Það er því vandasamt að fjalla um þessi mál með fullri vissu.

Veruleg áhrif á vinnumarkað

Fjölgun útlendinga á íslenskum vinnumarkaði er þó nokkuð meiri en gildir um íbúafjöldann. Á þriðja ársfjórðungi síðasta árs voru um 210 þús. starfandi á íslenskum vinnumarkaði, þar af voru um 170 þús. með íslenskan bakgrunn og um 40 þús. innflytjendur. Hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði hér á landi var því um 19%, en var rúmlega 9% á árinu 2010. Störf útlendinga skipta verulegu máli á íslenskum vinnumarkaði, ekki síst í greinum eins og byggingariðnaði og ferðaþjónustu, þar sem þenslan hefur verið hvað mest á síðustu árum.

Upplýsingafæð flækir umfjöllun

Þessi mikla fjölgun erlends starfsfólks, og tiltölulega minni vísu um ýmsa þætti hennar en gildir um Íslendinga, hefur valdið töluverðri óvissu um þróun ýmissa hagstærða. Einn þessara þátta snýr að þátttöku á vinnumarkaði. Hagstofan fylgist með þróun á vinnumarkaði með mánaðarlegri vinnumarkaðskönnun sinni, sem er úrtakskönnun. Það er nokkuð mikil vísu fyrir því að erfiðara er að ná til erlendra starfsmanna en þeirra innlendu í úrtakskönnun og þegar þeir erlendu eru orðnir um 20% af vinnumarkaðnum (stærra hlutfall í sumum greinum) gefur augaleið að óvissa varðandi niðurstöður er orðin mun meiri en þegar hlutfall útlendinga var lægra. Vinnumarkaðskönnunin gefur upplýsingar um marga mikilvæga þætti, t.d. um þátttöku á vinnumarkaði og fjölda vinnustunda. Heildarfjöldi vinnustunda er stærð sem skiptir verulegu máli þegar meta á framleiðni vinnuafsins og þróun á framleiðni.



Sú stærð skiptir svo aftur máli þegar meta þarf svigrúm til launahækkana svo eitthvað sé nefnt í þessu sambandi.

Óvissa af þessu tagi hefur verið þekkt í nokkurn tíma og því hefur einnig verið leitað upplýsinga eftir öðrum leiðum, t.d. staðgreiðsluskrá, þar sem ekki skiptir máli hvort starfsfólk á vinnumarkaði hefur lögheimili hér á landi eða ekki.

Flóknara mat á íbúðapörf

Nýlega komu fram niðurstöður áttakshóps um aukið framboð á íbúðum. Þar er reynt að áætla þörf fyrir nýjar íbúðir á næstu árum á grundvelli nýrrar skýrslu Íbúðalánasjóðs um íbúðapörf. Einn af þeim þáttum sem skiptir máli við mat á íbúðapörf er fjöldi innflytjenda, fjölgun þeirra og spá um framvindu þeirra mála. Í skýrslu Íbúðalánasjóðs kemur m.a. fram að innflytjendur séu að meðaltali yngri en aðrir landsmenn og að þeir séu líklegri en aðrir landsmenn til þess að búa einir í heimili og kjósi að jafnaði að búa í minna húsnæði.


Í þessu sambandi kemur upp sú spurning að hve miklu leyti eigi að hafa hliðsjón af húsnæðisþörf þess fjölda útlendinga sem nú býr hér á landi og e.t.v. taka tillit til þeirra sérþarfa sem þeir kunna að hafa. Íbúðalánasjóður bregður á það ráð að kynna tvö afbrigði af sviðsmynd fyrir greiningu á íbúðapörf miðað við mismunandi mat á flutningum innflytjenda til og frá landinu fram til 2028.

Mat á þróun fjölda innflytjenda og hegðun þeirra skiptir miklu

Þessi tvö dæmi um annarsvegar þátttöku og hegðun á vinnumarkaði og mat á íbúðapörf sýnir hve miklu máli skiptir að hafa sem öruggastar upplýsingar um þennan nýja hóp sem skiptir æ meira máli í samfélagi okkar. Fram til þessa hefur verið talið að áhugi erlendra ríkisborgara á dvöl og atvinnu hér á landi tengist hagsveiflunni mikið; þeir komi í uppgangi en flytji burt þegar verr árar. Það er ekki víst að staðan verði alltaf þannig. Það er t.d. líklegt að launa- og starfskjör séu tiltölulega góð hér á landi fyrir þau störf sem innflytjendur vinna helst við. Hér er fyrst og fremst um að ræða ófaglært vinnuafli sem virðist ekki njóta síðri kjara hér en í nálægum löndum.


Grein birt fyrst 4. febrúar 2019.

Hlutfall innflytjenda af starfandi - 3. árfj. hvers árs




Heimild: Hagstofa Íslands

Aðfluttur erlendir ríkisborgarar umfram brottflutta, 20-59 ára



Heimild: Hagstofa Íslands

Launakostnaður og framleiðni



Framleiðni mæld sem hlutfall VLF og heildarvinnustunda. Grunnspá Seðlabankans 2018-2021. Heimild: Seðlabanki Íslands



AFL Starfsgreinafélag



Fundur AFLs á Vopnafirði.

AFL Starfsgreinafélag var stofnað 28. apríl 2007, með sameiningu þriggja félaga, AFLs Starfsgreinafélags Austurlands, Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar og Vökuls Stéttarfélags. Félagssvæðið er víðfeðmt, en það nær frá og með Langanesbyggð í norðri til Skeiðarársands í suðri. Ríflega 6000 félagsmenn eru í félaginu í 4 deildum, starfsgreinaeild, sjómannaeild, iðnaðarmannaeild og deild verslunar- og skrifstofufólks.

Félagið á aðild að Starfsgreinasambandinu, Sjómannasambandinu, Samiðn- sambandi iðnfélaga og Landssambandi íslenskra verslunarmanna, auk aðildar að Alþýðusambandi Íslands. Félagið tekur virkan þátt í starfi sambandanna auk ýmissa annarra félaga og sjóða tengdir starfsemi þess.

Megináherslur

Megináherslur félagsins eru að vinna að því að verja og bæta kjör félagsmanna hvar og hvenær sem er. Veigamest er þar að gera kjarasamninga og sækja þar fram í bættum réttindum bæði hvað varðar kjör og ekki síður réttindi af ýmsum toga. Margir félagsmenn þurfa að sækja umsamin réttindi sín í gegn um félagið þar sem kjör þeirra hafa ekki náð lágmarksréttindum kjarasamninga. Félagið hefur á að skipa öflugum lögmönnum til að sækja vangið laun og önnur réttindi í gegnum dómstóla þurfi þess með.

Sjúkrasjóður

Þá hefur félagið öflugan sjúkrasjóð sem bætir félagmanni 85% af launatapi í veikindum eftir að veikindarétti líkur hjá atvinnurekanda. Auk dánarbóta eru heimildir fyrir ýmsum styrkjum úr sjúkrasjóðnum, en megintilgangur hans er eins og annarra sjúkrasjóða að greiða sjúkradagpeninga og dánarbætur.

Orlofssjóður

Orlofssjóður félagsins er öflugur en auk orlofshúsa gefst félagamönnum kostur á að leigja íbúðir á Akureyri og í Reykjavík. Íbúðirnar í Reykjavík eru að hluta til í eigu sjúkrasjóðs en margir félagsmenn þurfa að sækja lækniþjónustu þangað vegna síendurtekinnna skerðinga á heilbrigðisþjónustu á félagssvæðinu

Þjónusta

Þá er AFL í samstarfi við önnur stéttarfélag um menntasjóði sem gerir félagsmönnum kleift að fá endurgreitt hluta af kostnaði við nám. Félagið stendur fyrir ýmsum félaglegum viðburðum og hefur á liðum árum séð um vinnustaðaeftirlit á svæðinu.

Ráðgjafar Virk eru starfsmenn hjá félaginu en þeir sinna auk félagsmanna á svæðinu öðru launafólki vegna tímabundinna aðstæðna utan vinnumarkaðar.

Trúnaðarmannakerfi félagsins er öflugt og haldin eru námskeið til þess að efla trúnaðarmenn í þeirra mikilvæga hlutverki.



Félagið hefur látið gera viðhorfs- og launakönnun meðal félagsmanna í nokkur ár sem gefur mikilvægar upplýsingar um launakjör og viðhorf til starfsemi félagsins. Félagið heldur úti öflugri þjónustu fyrir félagsmenn. Í því sambandi má m.a. nefna að haldið er úti skrifstofum á 6 þéttbýlisstöðum á félagssvæðinu, Vopnafirði, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Neskaupsstað, Djúpavogi og Hornafirði. Leitast er við að tryggja félagsmönnum sem bestan og greiðastan aðgang að upplýsingum og þjónustu á heimasíðunni. Á mínum síðum eru möguleikar á að félagsmenn afgreiði sig með leigu, kaupum á orlofskostum og sæki um í menntasjóði auk sjúkrasjóðsumsóknna.



AFL félagssvæði



Starfsfólk skrifstofu



Þórarinn Sverrisson,
formaður.



Bjarki Tryggvason,
skrifstofustjóri.



Arna Björnsdóttir,
þjónustufulltrúi.

Stjórnin 2020 - efri röð frá vinstri: Guðný Kjartansdóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Linda Gunnarsdóttir, R. Óskar Steinsson, Guðmundur Sigurbjörnsson og Haraldur Hjálmarsson. Neðri röð: Anna Birgisdóttir, Bjarki Tryggvason, Þórarinn G. Sverrisson, formaður, G. Særún Björnsdóttir, varaformaður og Arna Björnsdóttir, ritari.

Aldan stéttarfélag

Aldan stéttarfélag tók til starfa í ársbyrjun 2001. Það má þó halda því fram með góðum rökum að félagið sé næstum hundrað árum eldra. Heimildir herma, að um áramótin 1901-1902 hafi verið stofnað verkamannafélag á Sauðárkróki, fyrir forgöngu Jóhanns Jóhannessonar skósmiðs. Fyrsti formaður var kjörinn Hinrik Árnason, trésmiður. Litið hefur verið á þetta félag sem upphaf Verkamannafélagsins Fram, sem síðan sameinaðist Verkakvennafélaginu Öldunni sem var stofnað 9. janúar 1930. Um svipað leyti voru stofnuð tvö félög í Hofsósi: Verkamannafélagið Farsæll og Verkakvennafélagið Báran. Þau sameinuðust árið 1970 í Verkalýðsfélagið Ársæl, sem síðar sameinaðist Fram. Vitað er um a.m.k. tvö önnur félög sem störfuðu tímabundið á félagssvæðinu: Verkamannafélag Lýtingsstaðahrepps og Verkamannafélagið Flóka í Haganesvík.

Sagan

Framan af var skrifstofuhald að mestu á heimili formanna, eða þar til fyrir um 50 árum þegar Fram kom sér upp skrifstofu í litlu herbergi á Gamla spítalanum. Verkakvennafélagið Aldan kom sér upp skrifstofu um 1978. Skrifstofur félaganna voru fluttar nokkrum sinnum en í dag er skrifstofa Öldunnar stéttarfélags til húsa í Borgarmýri 1 á Sauðárkróki.

Félagið

Alls greiða um 1.500 einstaklingar til félagsins en fullgildir félagsmenn eru um 1.100. Um síðustu aldamót voru þeir ríflega 800. Þetta þýðir að félagsmönnum hefur fjölgað um nærri 35% á þessum tíma. Helstu ástæður fjölgunar er vöxtur í ferðaþjónustu undanfarin ár, öflug fyrirtæki, t.d. í jarðvinnu, hafa aukið umsvif á svæðinu og í sláturtíð kemur að jafnaði allstór hópur erlends farandverkfólks til landsins, en svo var ekki áður. Félagssvæðið er Skagafjörður.

Fólkið

Þó hægt sé að halda því fram að félagið og forverar þess séu orðin næstum 120 ára er félagið kornungt sé tekið mið af aldursamsetningu félagsmannanna því um 60% félagsmanna eru yngri en 35 ára. Tæplega 60% félagsmanna eru karlar og rúm 40% konur.

Á aðalfundi ár hvert eru kjörin 4 stjórnarmenn til tveggja ára, alls 8 einstaklingar. Í stjórninni eiga jafnframt sæti formenn þriggja deilda sem eru í félaginu: sjómannadeild, matvæladeild og deild starfsfólks ríkis og sveitarfélaga. Þeir eru kjörin til eins árs í senn á aðalfundum deildanna. Alls eiga því 11 einstaklingar sæti í stjórn félagsins. Nú eru 6 konur í stjórninni og 5 karlar.

Samstarf

Félagið á aðild að Starfsgreinasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands. Jafnframt á félagið í margvíslegu samstarfi við önnur félög á svæðinu um námskeiðahald og fleira. Aldan stéttarfélag sér auk þess um utanumhald sjóða og afgreiðslu fyrir Verslunarmannafélag Skagafjarðar. Á skrifstofu félagsins eru fjórir starfsmenn að meðtöldum formanni, þar af er einn Virk-ráðgjafi.

Verkefni

Verkefni verkalýðsfélags taka stöðugum breytingum í takt við breytt samfélag, þótt viðfangsefnið séu þau sömu og þau voru fyrir 120 árum: Að sækja fram í kjörum og réttindum félagsmanna og verja áunnin réttindi. Hvort það verður gert um ókomna framtíð með núverandi félagseiningum eða hvort af frekari sameiningum verður skal ósagt látið. Hvaða leiðir verða ofan á í þeim efnum mun ráðast af hagsmunum og viðhorfum félagsmanna.



Þingfulltrúar Brúar á þingi sambandsins sem haldið var á Hallormsstað.

BRÚ - félag stjórnenda

BRÚ félag stjórnenda hefur starfað frá árinu 1919. Það varð til í kringum hagsmunabaráttu verkstjóra sem voru félagar í Verkstjórafélagi Reykjavíkur. Það er til sú saga að félagið hafi orðið til með þeim hætti að verkstjórnir við höfnina voru óánægðir með að þurfa að fara í morgunkaffið á sitthvorum tímanum svo það var ákveðið að sameinast um að þeir færu í morgunkaffi allir á sama tíma. Slíkar alþýðuskýringar eru nú meira til gamans en má vera að í þeim leynist sannleikskorn. Hið téða Verkstjórafélag er með elstu stéttarfélagum landsins. Síðar opnaði Verkstjórafélagið fyrir aðild annarra stjórnenda og þá var nafninu breytt í BRÚ félag stjórnenda. Hagsmunamála stjórnendafélagsins voru fyrst og síðast kjaramál og ýmiss konar þjónusta við félagsmenn en orlofsmál urðu einnig mikilvægur þáttur í starfinu.

Starfsemin

BRÚ er öflugt og fjárhagslega sterkt stéttarfélag sem sinnir sínum félagsmönnum vel. Sjúkrasjóðurinn er sérlega sterkur og greiðslur úr honum nema 80% af launum þess sem þarf að leita aðstoðar vegna veikinda. Menntasjóðir og styrkir eru þó nokkrir og vega fræðslu og menntastyrkir hvað þýngst en ýmsir aðrir styrkir eru veittir sem þó hafa ekki áhrif til skerðingar á öðrum styrkjum sem kunna að vera veittir til einstakra félagsmanna. Heilsuefling er eitthvað sem er ofarlega á blaði hjá Brú og orlofssjóður veitir sömuleiðis styrki til félagsmanna. Eins og kemur fram hér að ofan þá er félagið meira en aldar gamalt og því var fagnað með pompi og prakt með stórtónleikum í Háskólabíói 2019 þar sem valinkunnir listamenn komu fram. Rúmlega 900 manns sóttu hátíðina og var ákveðið að aðgangseyrir yrði í formi frjálstra framlaga. Það fór svo að listamenn fengu allir greitt fyrir sína vinnu og þegar búið var að gera upp allan annan kostnað stóðu eftir fjármunir sem voru nýttir til kaupa nýju lækningatæki upp á tæpar 1,7 milljónir fyrir Grensásdeild.

Félagið telur nú um 1.100 félagsmenn eftir að Verkstjórafélag Hafnarfjarðar og Brú sameinuðust í eitt félag í mars á þessu ári. Verkstjórafélag Hafnarfjarðar hafði starfað frá árinu 1940 en síðasti aðalfundur félagsins fór fram 28. mars 2022 og var þar var tekin ákvörðun um sameininguna. Sterkar hefðir hafa skapast í starfsemi félagsins eins og t.d. hið árlega jólaball og vorhátíð.

Orlofshús - Félagið á 9 orlofshús sem félagsmönnum standa til boða að dvelja í og auk þess 2 hjólhýsi. Orlofshúsin eru í Skorradal, Grímsnesi og á Akureyri. Ákveðnar reglur gilda varðandi úthlutun eins og þekkt hjá stærri stéttarfélagum og eru félagsmenn duglegir að nýta sér þá orlofsmöguleika sem eru í boði.

Símenntun og fræðsla - eru mikilvægur þáttur í starfi félagsins og hefur félagið meðal annars þróað sérstakt stjórnendanám sem kennt er við Háskólann á Akureyri í fjarnámi. Það nám var fyrst prófað árið 2015 og gaf strax góða raun. Námið gerir fólk tvímælalaust að betri stjórnendum að sögn.

Meðalaldur félagsmanna hefur verið í kringum 55 ár en á síðustu árum hefur hann farið heldur lækkandi og kynjahlutfall hefur sömuleiðis verið að hallast frá því að vera eins karllægt og raunin hefur verið hingað til.

Sérstaða félagsins - er sú að það hefur verið að gæta hagsmuna bæði fyrirtækja og launþega. Það stendur utan við önnur launþegasamtök eins og t.d. ASÍ. Það eru virk stjórnendafélög um allt land en nú er unnið að sameiningu þessara félaga undir hatti Brúar. Þessi félög voru í kringum 20 talsins en eru í dag um 9. Með sameiningu verður félagið enn sterkara og róið er að því öllum árum. Það þykir eftirsóknarvert að njóta þeirra réttinda og þess stuðnings sem er í boði hjá Brú. Það sem gerir Brú að jafn sterku félagi og raun ber vitni er sú ráðdeild sem sýnd hefur verið frá upphafi og í gegnum tíðina, en þannig hefur orðið til traustur höfuðstóll sem nýttur er í sjóði sem hafa ávaxtað sig ríkulega og með því er hægt að styðja við og hjálpa félagsmönnum þegar erfiðleikar steðja að.

Formaður félagsins, Sigurður Haukur Harðarson er stjórnarmaður til margra ára, en fráfarandi formaður er Jóhann Baldursson. Kosið er til stjórnar á tveggja ára fresti en þeir félagar segja ekki marga sýna áhuga á framboði til stjórnar eins og staðan er í dag.

Framtíðarsýnin er sú að fjölga í félaginu og þá verður auðvelt að láta hlutina þróast áfram eins og verið hefur með farsæld og velfarnað félagsmanna að leiðarljósi.



Æðsta vald í málefnum ASÍ er í höndum þinga Alþýðusambandsins sem haldin eru á tveggja ára fresti. Hvert aðildarfélag á rétt á að senda a.m.k. einn fulltrúa á þing sambandsins. Á þingin mæta þrjú hundruð fulltrúar launafólks af öllu landinu til að móta heildarsamtökunum stefnu og starfsáætlun og velja þeim forystu.

Alþýðusamband Íslands



Drífa Snædal var kjörin forseti ASÍ á 43. þingi ASÍ í október 2018. Hún er fyrsta konan í rúmlega 100 ára sögu ASÍ sem kjörin er forseti sambandsins.

Alþýðusamband Íslands er stærsta fjöldahreyfing launafólks á landinu. Um tveir þriðju hlutar launamanna í skipulögðum samtökum á Íslandi eru í ASÍ. Félagsmenn í ASÍ eru 133 þúsund í 5 landssamböndum og 46 aðildarfélögum um land allt. Þar af eru ríflega 120 þúsund virkir á vinnumarkaði. Félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ eru starfandi á flestum sviðum samfélagsins, á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum.

Bætt kjör félagsmanna

Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um hagsmuni þeirra og réttindi. ASÍ kemur fram fyrir hönd aðildarféлага sinna gangvart stjórnvöldum, Alþingi, samtökum atvinnurekenda, fjölmörgum stofnunum samfélagsins, hagsmunasamtökum, alþjóðlegri verkalýðshreyfingu, alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum. Þá er margháttuð þjónusta við aðildarsamtökin mikilvægur þáttur í starfi ASÍ. Segja má að verkalýðshreyfingin hafi að verulegu leyti byggt upp það velferðarkerfi sem við njótum góðs af í dag, samstaðan og fjöldinn gerir henni kleift að hafa pólitísk áhrif og móta þjóðfélagið að þörfum fólksins. ASÍ gerir kröfu um úrbætur, völd og áhrif fyrir hönd féлага sinna, en úrslitavaldið þegar mest á reynir, til dæmis við gerð kjarasamninga eða verkfallsboðun, er ætíð í höndum fólksins í stéttarfélagunum.



Útskipun á áli stöðvuð í Straumsvík. Verkfallsverðir Verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði stóðu vaktina á hafnarbakkanum í febrúar 2016. Á myndinni ræða Gylfi Arnbjörnsson þáverandi forseti ASÍ og Magnús Norðdahl lögfræðingur Alþýðusambandsins við forstjóra og lögfræðing álversins um þá kröfu verkalýðshreyfingarinnar að vinnu yfirmannanna verði tafarlaust hætt. Eftir stutt fundarhöld á hafnarbakkanum var útskipun á áli hætt.

Tækifæri

Alþýðusambandið gerir þá kröfu til íslensks velferðarsamfélags að þar njóti allir sömu tækifæra til menntunar og heilbrigðisþjónustu. ASÍ vill stuðla að öflugu og alþjóðlega samkeppnishæfu atvinnulífi sem gefur launafólki tækifæri til símenntunar og starfsþroska. Samtökin beita sér enn fremur fyrir því að verðmætasköpun atvinnulífsins skiptist með réttlátum hætti og skipi um leið íslensku samfélagi í fremstu röð á meðal þjóða heims. Á Íslandi á enginn að líða skort. ASÍ leggur áherslu á aðgengi allra vinnufúsra handa að fullri atvinnu og gerir kröfu um vandaða samfélagsþjónustu sem tryggir öllum tækifæri til menntunar og starfa, einkum ungu fjölskyldufólki. ASÍ beitir sér fyrir sjálfsögðum rétti aldraðra og öryrkja til lífsgæða og jöfnu aðgengi barna og unglinga að þróttmiklu og þroskandi æskulýðsstarfi.

Samfélag

Bætt lífskjör í landinu eru aflvaki blómlegrar menningarstarfsemi, gæða fjölskyldulífsins og heilbrigðara samfélags. ASÍ gerir sér grein fyrir styrk heildarinnar og kappkostar að vinna daglegt starf sitt með þeim hætti að launafólk fylki sér að baki samtökunum, jafnt í varðstöðu þeirra sem sókn, og leggist með þeim á árar til þess að gera gott samfélag ennþá betra.



100 ára afmæli ASÍ var fagnað með með glæsilegri tónleikadagskrá á Ísafirði, Akureyri, Neskaupsstað og í Hörpu í Reykjavík 12. mars 2016.

Tímamót

Alþýðusamband Íslands fagnaði 100 ára afmæli sínu 12. mars 2016 og tveimur árum síðar var fyrsta konan kjörin forseti sambandsins en það var Drífa Snædal, þá 45 ára gömul, viðskiptafræðingur með meistaraþróf í vinnumarkaðsfræðum og vinnurétti frá Háskólanum í Lundi. Drífa hafði áður starfað sem framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands í sex ár.



Bjarg afhentir fyrstu íbúðina. Bjarg íbúðafélag er sjálfseignarstofnun rekin án hagnaðarmarkmiða. Félaginu, sem var stofnað á 100 ára afmæli ASÍ árið 2016, er ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði, sem eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eða BSRB, aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norænni fyrirmynd. Fyrstu íbúðir voru afhentar leigutökum í júní 2019.



Atkvæðagreiðsla á þingi ASÍ.



Marta K. Kuc, þjónustufulltrúi.

Báran stéttarfélag



Halldóra Sigr. Sveinsdóttir, formaður.



Örn Bragi Tryggvason, varaformaður.

Báran, stéttarfélag var stofnað 25. júní 2002. Með því voru sameinuð þrjú félög á svæðinu. Verkalýðsfélagið Þór Selfossi, Verkalýðs- og sjómannafélagið Bjarmi á Stokkseyri og Verkalýðs- og sjómannafélagið Bárán á Eyrarbakka. Áður hafði bílstjórafélagið Ökuþór sameinast Verkalýðsfélaginu Þór. Bárán, stéttarfélag samanstendur af fjórum félögum af svæðinu. Við sameininguna varð félagið stærsta stéttarfélagið á Suðurlandi og þótti vel við hæfi að nafn félagsins yrði Bárán, stéttarfélag.

Sagan

Báran á Eyrarbakka var stofnað í febrúar 1903 og var með fyrstu stéttarfélagunum á landinu og elsta félagið sem átti aðild að þessari sameiningu. Fyrsti formaður hins nýja félags var Kristján Jónsson. Félagssvæðið er Árnessýsla (Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes og Grafingshreppur) utan Ölfuss. Félagið er eitt af 19 félögum innan Starfsgreinasambands Íslands, er aðili að Sjómannasambandi Íslands og eitt af aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands. Félagsmenn starfa í ýmsum starfstéttum matvælaíðnaði, byggingariðnaði, umönnun, ferðapjónustu, iðnaðarframleiðslu og svo framvegis. Í takti við uppsveifluna í atvinnulífnum á síðustu árum og fjölgun erlends vinnuafis hefur Bárán vaxið og dafnað undanfarin ár með tilkomu ferðapjónustunnar. Kynjahlutföll félagsins eru nokkuð jöfn en það var ekki fyrr en árið 1958 sem samþykkt var að konur gætu gengið í félagið. Síðan hafa þrjár konur gegnt formennsku í félaginu. Ingibjörg Sigtryggisdóttir var fyrsta konan sem gegndi formennsku í félaginu. Hún var kosin formaður Verkalýðsfélagsins Þórs 1982.

Hlutverk

Helsta hlutverk félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna. Semja um kaup og kjör, bættan aðbúnað við vinnu og gæta þess að ekki sé gengið á rétt félagsmanna. Vinna að fræðslu, menningarmálum og sameina alla starfandi launamenn á svæðinu. Daglegur þáttur í starfsemi félagsins er m.a. túlkun og gerð kjarasamninga, útreikningur launakrafna, útleiga orlofshúsa, afgreiðsla styrkja og dagpeninga og skólakynningar. Vinnustaðaeftirlit er stór þáttur í starfsemi félagsins. Lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum tóku gildi í maí 2010. Félagið hefur frá upphafi haldið úti vinnustaðaeftirlitsfulltrúum í samvinnu við önnur félög. Félagið hefur einnig verið virkt með ýmsum öðrum félögum í að þróa starfsemi áfram sem hefur falist í auknu samstarfi við ýmsa aðila eins og Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun og Ríkisskattstjóra. Með tímanum hefur verið aukin áhersla á að fræða starfsmenn á vinnustöðum um vinnumarkaðinn og oftast en ekki að liðsinna félagsmönnum í hinum ýmsu málum. Fulltrúar félagsins fara á vinnustaði, fylgja eftir kjarasamningsbundnum réttinum, fara yfir réttindi, skyldur og starfsemi félaganna. Er þetta nauðsynlegur þáttur í starfsemi félaganna og góð leið til þess að nálgast þá sem eru af erlendu bergi brotnir og þekkjá lítið til kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði.



Þór Hreinsson, skrifstofustjóri.



Árdís Óskarsdóttir, þjónustufulltrúi.



Hjalti Tómasson, vinnustaðaeftirlitsfulltrúi.

Aðsetur

Skrifstofa félagsins er að Austurvegi 56 Selfossi. Þrjú stéttarfélag reka og eiga saman þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi (PSS) (VR, FIT og Báran, stéttarfélag). Auk þess er Virk starfsendurhæfing, Festa lífeyrissjóður og Stjórnendafélag Suðurlands á sama stað. Félagið hefur lagt ríka áherslu á samvinnu við önnur stéttarfélag.

Sjóðir

Félagið er aðili að fjórum menntasjóðum: Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt og Sjómennt. Allt eru þetta öflugir sjóðir sem reyna eftir fremsta megni að hvetja og styrkja félagsmenn til náms og námskeiða. Sjúkrasjóður félagsins greiðir annars vegar dagpeninga vegna veikinda og hins vegar styrki sem samræmist stefnu félagsins í forvörnum. Sjúkrasjóður félagsins er einnig með íbúð í Reykjavík í þeim tilgangi að aðstoða þá sem þurfa vegna veikinda að dvelja í Reykjavík. Orlofssjóður er með fjögur glæsileg orlofshús og eina orlofsíbúð. Markmiðið með orlofssjóði er að leigja félagsmönnum orlofshús á sanngjörnu verði, falleg og vel útbúin hús þar sem engu er tilsparað. Vinnudeilusjóður hefur það hlutverk að greiða út dagpeninga til félagsmanna sem verða tekjulausir í verkfalli. Trúnaðarmenn félagsins eru hryggjarstykkið í starfsemi félagsins og hafa lagt sig fram í baráttunni um brauðið. Trúnaðarmenn eru ósérhlífinn hópur sem er ómetanlegt í þeirri baráttu sem fram fer.

Stjórn

Stjórn félagsins skipa 7 aðalmenn og 3 til vara. Halldóra Sigr. Sveinsdóttir hefur gegnt formennsku í félaginu frá 2010. Örn Bragi Tryggvason er varaformaður. Meðstjórnendur eru Magnús Ragnar Magnússon, Ragnhildur Eiríksdóttir, Jón Þröstur Jóhannesson, Ingvar Garðarsson og Helga Flosadóttir. Til vara eru K. Hjalti Tómasson, Hildur Guðjónsdóttir og Sylwia Konieczna. Hjá félaginu starfa: Marta Kuc, K. Hjalti Tómasson, Gunnar K. Ólafsson, Þór Hreinsson og er formaður félagsins einnig starfandi á skrifstofu.



Gunnar K. Ólafsson, þjónustufulltrúi



Kristín Ríharðarósdóttir, ræstítæknir.



10. október 1990, Austurvöllur í Reykjavík. Félagsmenn BHM (þá BHMR) safnast saman fyrir utan Alþingishúsið við setningu Alþingis. Tilgangur mótmælanna var að krefjast þess að alþingismenn fellu úr gildi bráðabirgðalög sem þingið setti á kjarasamning þeirra við ríkið.
Ljós. Gunnar V. Andrésson.



10. október 1990, Austurvöllur í Reykjavík. Félagsmenn BHM (þá BHMR) mótmæla bráðabirgðalögum á kjarasamning þeirra við ríkið. Fyrir miðju er Páll Halldórsson formaður. / Ljós. Gunnar V. Andrésson.

BHM



Fólk að störfum á skrifstofu BHM.

Bandalag Háskólamanna, BHM, var stofnað árið 1958 og eru regnhlífarsamtök fag- og stéttarféлага háskólamenntaðs fólks á íslenskum vinnumarkaði. Í BHM eru 27 aðildarfélag með 16 þúsund félagsmenn sem vinna fjölbreytt sérfræðistörf á öllum sviðum samfélagsins bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði. Í krafti fjöldans og fjölbreytninnar stendur BHM vörð um mikilvægi hugvits, sérfræðikunnáttu og menntunar. Á mildum haustdegi árið 1958 komu sautján manns, allt karlar, saman á gömlu kennarastofunni í aðalbyggingu Háskóla Íslands. Þetta voru fulltrúar ellefu féлага háskólamenntaðs fólks með samtals um tólf hundruð félagsmenn innan sinna raða. Tilgangur fundarins var að stofna samtök þessara féлага í því skyni að efla samheldni háskólamenntaðs fólks á Íslandi og gæta hagsmuna þess gagnvart innlendum og erlendum aðilum.

Samtökin sem stofnuð voru á þessum degi, 23. október 1958, hlutu nafnið Bandalag háskólamenntaðra manna en fljótlega var nafninu breytt í Bandalag háskólamanna. Stofnaðilar bandalagsins voru Dýralæknafélag Íslands, Félag íslenskra fræða, Félag íslenskra sálfræðinga, Félag viðskiptafræðinga, Hagsmunafélag náttúrufræðinga, Lyfjafræðingafélag Íslands, Læknafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands, Prestafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.

Kjara- og réttindabaráttan í fyrirrúmi

Margt breyttist í starfsemi BHM á fyrstu sex áratugunum. Kjara- og réttindabaráttan í þágu félagsfólks var þó ætíð í fyrirrúmi í starfseminni. Framan af fór mikið þúfur í baráttuna fyrir samningsrétti og verkfallsrétti. Samningsrétturinn fékkst árið 1973 og takmarkaður verkfallsréttur árið 1986. Þegar þessum réttindum hafði verið náð gat bandalagið loks beitt sér af fullum þunga í kjara- og réttindabaráttunni.

Oft var hart tekist á í kjaraviðræðum. Nokkrum sinnum efndu bandalagið og aðildarfélagin til verkfalla til að knýja á um kjarabætur og einu sinni voru slíkar aðgerðir bannaðar með lögum, árið 2015. Í kjölfarið var gerðardómi falið að úrskurða um laun félagsmanna. Árið 1990 voru kjarasamningar BHM-féлага ógiltir með bráðabirgðalögum.

Nefndir og efndir

Á rúmum 60 árum hefur BHM átt fulltrúa í fjölmörgum nefndum og starfshópum á vegum stjórnvalda sem falið hefur verið að móta löggjöf um málefni vinnumarkaðar. Þannig hefur bandalagið átt þátt í að koma til leiðar margvíslegum umbótum í þágu félagsfólks. Auk þess hefur bandalagið beitt sér fyrir öflugri opinberri umræðu um hagsmunamál háskólamenntaðs fólks og staðið fyrir fjölbreyttu námskeiðahaldi og endurmenntun fyrir félagsfólk aðildarfélaganna. Þá hefur rekstur og umsýsla sameiginlegra sjóða orðið sífellt viðameiri þáttur í starfseminni. Þar má nefna styrktarsjóð, sjúkrasjóð, starfsmenntunarsjóð og orlofsjóð, auk Starfsþróunarseturs háskólamanna.



Frá aðalfundi BHM í maí 2022.
Ljós. Birgir Ísleifur Gunnarsson.



Framkvæmdastjórn BHM 2022-2023. / Ljós. Birgir Ísleifur Gunnarsson.



Frá kröfugöngu 1. maí 2022. Friðrik Jónsson formaður BHM og Kolbrún Halldórsdóttir varaformaður.

Fjöldi félagsfólks tífaldaðist

Frá stofnun BHM hafa nokkur aðildarfélög yfirgefið bandalagið en mun fleiri hafa þó gengið til liðs við það. Aðildarfélögin eru nú 27 en voru í upphafi 11. Félagsfólk er meira en tífalt fleira í dag en árið 1958. Rétt er að geta þess að fyrst um sinn voru hlutfallslega mjög fáar konur innan aðildarfélaganna BHM. Sú staða hefur gjörbreyst á rúmum 60 árum og í dag eru konur í meirihluta innan bandalagsins. Tveir þriðju félagsfólks bandalagsins eru háskólamentnaðar konur.

60 ára afmæli BHM var fagnað í Borgarleikhúsinu þriðjudaginn 23. október 2018. Meðal gesta voru forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, forystufólk samtaka á vinnumarkaði, fulltrúar viðsemjenda, forstöðumenn opinberra stofnana, forystufólk aðildarfélaganna bandalagsins og almennir félagsmenn. Flutt var söng- og leikdagskrá í aðalsal leikhússins sem sérstaklega var samin í tilefni af 60 ára afmælinu.

*Byggt á bók Friðriks G. Olgeirssonar: BHM - Saga Bandalags háskólamanna 1958-2008. Reykjavík 2008.

BHM stendur vörð um hugvit og sérfræðipækkingu

Starfsemi BHM er umfangsmikil í íslensku samfélagi. Hlutverk BHM er fyrst og fremst að standa vörð um menntun, hugvit og sérfræðipækkingu félagsfólks í aðildarfélagunum gagnvart stjórnvöldum og löggjafarvaldi. Þá hefur BHM frumkvæði að umræðu um háskólamenntun og stöðu háskólamentnaðra á vinnumarkaði. BHM mótar sameiginlega stefnu hagsmunamálum aðildarfélaganna og semur um sameiginleg réttindamál þeirra samkvæmt umboði.

Í BHM er formannaráð sem fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins milli aðalfunda og kemur saman fjórum sinnum á ári. Ráðinu ber að huga að stærri og stefnumótandi ákvörðunum og veita stjórn aðhald og umboð til daglegs starfs á grundvelli stefnu sem mótuð er á stefnumótunarþingi og samþykkt á aðalfundum. Framkvæmdastjórn bandalagsins fundar reglulega og tekur ákvarðanir um öll mál er varða daglega starfsemi bandalagsins í samræmi við lög þess og stefnuskrá og er í fyrirsvari fyrir bandalagið út á við. Framkvæmdastjórn gerir formannaráði grein fyrir störfum sínum og ber undir það mikilvæg stefnumótandi mál.

Í dag er BHM til húsa í Borgartúni 6, í húsi sem oft er kallað Rúgbrauðsgerðin. Á skrifstofu BHM og í þjónustuveri bandalagsins vinna 23 starfsmenn. Árið 2021 var Friðrik Jónsson kjörinn formaður BHM. Kolbrún Halldórsdóttir var kjörin varaformaður á aðalfundi 2022. Gissur Kolbeinsson er framkvæmdastjóri. Félagin innan BHM vinna vel og náið saman og á milli þeirra er gagnkvæmur stuðningur og samstaða. Þannig hafa enda stærstu sigrarnir náðst. Á tímum hraðra samfélagsbreytinga og tækniþróunar hefur menntun og sérfræðipækking aldrei verið mikilvægari. BHM stendur vaktina áfram og gætir hagsmuna þessa mikilvæga hóps.



Frá 60 ára afmæli BHM í Borgarleikhúsinu. Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, og Lilja Dögg Alfreðsdóttir menntamálaráðherra.



Frá kröfugöngu 1. maí 2022. Ljós. Birgir Ísleifur Gunnarsson.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, ávarpar 46. þing bandalagsins.

BSRB

BSRB eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Öll stéttarfélag starfsmanna í almannapjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði geta orðið aðilar að BSRB. Í byrjun árs 2022 voru aðildarfélag bandalagsins 19 talsins og fjöldi félagsmanna um 23.000. Um tveir þriðju hlutar félagsmanna eru konur. BSRB hét áður Bandalag starfsmanna ríkis og bæja en nafninu var breytt í BSRB með breytingu á lögum þess árið 2015. Hlutverk BSRB er að fara með forystu í hagsmuna- og réttindabaráttu starfsmanna í almannapjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og stuðla að bættu velferðarsamfélagi. Bandalagið fer með samningsrétt í sameiginlegum málum aðildarfélaganna og þeim málum sem því er falið hverju sinni. BSRB styður og eflir aðildarfélögin við gerð kjarasamninga og hagmunagæslu félagsmanna. Þá vinnur bandalagið að samstöðu meðal aðildarféлага og stuðlar að jafnræði þeirra í framkvæmd þjónustu við félagsmenn. Bandalagið vinnur jafnframt að fræðslu-, upplýsinga- og menningarstarfsemi og jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði. Þá vinnur BSRB að aukinni samstöðu, samstarfi og tengslum í stéttarfélagsmálefnum innanlands og erlendis.

Þing BSRB fer með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Þingið tekur til umfjöllunar öll þýðingarmikil málefni og mótar stefnu BSRB. Þá er kosid í helstu embætti bandalagsins á þingum þess. 46. þing BSRB var haldið í lok september 2021 undir yfirskriftinni „Þjóðin kýs almannapjónustu“. Á þinginu var Sonja Ýr Þorbergsdóttir endurkjörin í embætti formanns BSRB. Þórarinn Eyfjörð var kosinn 1. varaformaður bandalagsins og Arna Jakobína Björnsdóttir endurkjörin í embætti 2. varaformanns. Á þinginu var einnig kjörin ný stjórn bandalagsins, sem fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins milli þinga og aðalfundar. Formaður og varaformenn eiga sæti í stjórn bandalagsins en auk þeirra voru þau Árný Erla Bjarnadóttir, Fjölur Sæmundsson, Jón Ingi Cæsarsson, Karl Rúnar Þórsson, Sandra B. Franks og Þórveig Þormóðsdóttir kjörin í stjórnina. Formannaráð BSRB er skipað öllum formönnum aðildarféлага bandalagsins hverju sinni. Ráðið mótar stefnu og megináherslur BSRB í málum sem koma upp milli þinga bandalagsins og fylgir eftir framkvæmd samþykkt þingsins og annarra mála sem þingið vísar til ráðsins. Fundir ráðsins, sem haldnir eru að minnsta kosti þrisvar á ári, eru einnig vettvangur samráðs aðildarféлага bandalagsins. Formaður BSRB er formaður ráðsins.

Söguágrip

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var stofnað í Reykjavík 14. febrúar árið 1942. Stofnfélögin voru 14 og höfðu á að skipa um 1.550 félagsmönnum. Tildrögin að stofnun bandalagsins voru ríkjandi dýrtið allt frá 1939 sem rekja má til heimsstyrjaldarinnar síðari og nánasta aðdraganda hennar. Umræðan um nauðsyn heildarsamtaka var þegar hafin um sumarið 1939. Stórt skref á þeirri braut var svo stigið 28. janúar 1941 er fulltrúaráði féлага opinberra starfsmanna var komið á fót. Hlutverk þess var að koma á framfæri sameiginlegum kröfum félaganna og vinna að stofnun heildarsamtaka.

Tilkoma BSRB hleypti nýjum krafti í kjarabaráttu opinberra starfsmanna sem varð hvort tveggja í senn, öflugri og sýnilegri en fyrr. Þegar á fyrstu starfsárunum náðu BSRB og aðildarfélagin umtalsverðum árangri í réttinda- og kjaramálum. Skýrt dæmi þar um eru lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins frá árinu 1943.

Kjör flestra opinberra starfsmanna voru ákveðin með lagasetningu á Alþingi og gekk lítið að fá samningsrétt og verkfallsrétt. Fyrir tilstilli BSRB og í samvinnu við ríkisvaldið tóku ný launalög gildi árið 1945. Lögin voru mikið framfaraskref enda leystu þau af hólmi löngu úrelt lög frá árinu 1919. Í þeim fólust margvíslegar réttar- og kjarabætur en einnig formleg viðurkenning ríkisvaldsins á BSRB og forystuhlutverki þess í málefnum opinberra starfsmanna. Lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna frá 1954 voru afar merkur áfangi í kjara- og réttindabaráttu BSRB og þau urðu þegar fram liðu stundir fyrirmynd að auknum réttindum fyrir annað launafólk.

Langvarandi barátta skilaði árangri árið 1962 en þá fékk BSRB takmarkaðan samningsrétt gagnvart ríkinu. Starfsmannafélag sveitarféлага fengu samningsrétt þetta sama ár og gildi um hann reglugerð sem byggði á lögunum um samningsrétt BSRB við ríkið. Samningsrétturinn var án verkfallsréttar og gerðardómur hafði síðasta orðið í ágreiningsmálum viðsemjenda.



Félagar í aðildarfélögum BSRB í kröfugöngu 1. maí 2019.



Þórarinn Eyfjörð, 1. varaformaður BSRB.



Arna Jakóbína Björnsdóttir, 2. varaformaður BSRB.

Ný lög um kjarasamninga frá 1973 fólu í sér breytta stöðu samtakanna. Gerð sérkjarasamninga við ríkið fluttist til aðildarfélaganna en aðalkjarasamningur var sem fyrr í höndum BSRB. Hin meginbreytingin var ekki síður mikilsverð því að nú voru allir sem fengu laun eftir samningum félaganna skyldaðir að greiða til þeirra félagsgjöld. Innan tíðar völdu langflestir að gerast fullgildir meðlimir og konur urðu í fyrsta sinn meirihluti félagsmanna innan bandalagsins. Þá var stór áfangi í höfn árið 1976 þegar BSRB fékk verkfallsrétt um gerð aðalkjarasamnings. Frá þeim tíma hefur BSRB tvisvar farið í allsherjarverkfall, árin 1977 og 1984.

Málefni

BSRB hefur forystu í hagsmuna- og réttindabaráttu starfsmanna í almannajónustu og beitir sér í fjölmörgum málaflokkum til að bæta velferðarsamfélagið. Starfsmenn bandalagsins taka þátt í ýmiskonar málefnaverki og vinna að hagsmunum félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins með þátttöku í nefndum og ráðum, bæði á vegum hins opinbera og annarra. Barátta BSRB og annarra samtaka launafólks á undangengnum áratugum hefur borið ríkulegan ávöxt. Hún hefur skilað auknum réttindum, betri kjörum og meiri velferð almenningi til handa. Afar fáar úrbætur hafa komið upp í hendurnar á launafólki fyrirhafnarlaust – þvert á móti hafa allir meiriháttar áfangar og sigrar náðst í krafti samtakamáttar og samvinnu fjöldans.

Stytting vinnuvikunnar

Eitt af stærstu baráttumálum BSRB er að gera íslenskt samfélag fjölskylduvænt. Hluti af því viðamikla verkefni var að stytta vinnuvikuna án þess að laun skerðist á móti. Samið var um styttingu vinnuvikunnar í kjarasamningum flestra aðildarfélaga BSRB vorið 2020, að undangengnum tilraunaverkefnum sem unnin voru með bæði ríkinu og Reykjavíkurborg.

Heilbrigðismál

BSRB leggur mikla áherslu á að heilbrigðiskerfið sé rekið af hinu opinbera á réttlátan hátt fyrir skattfé landsmanna. Rannsóknir sýna að þar talar bandalagið fyrir hönd þorra þjóðarinnar. Þrátt fyrir það er vaxandi þrýstingur á stjórnvöld að auka einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu sem BSRB hefur barist gegn af fullum þunga.

Jafnréttismál

BSRB hefur lengi beitt sér í jafnréttismálum enda að jafnaði um tveir þriðju hlutar félaga aðildarfélaga bandalagsins konur. Bandalagið hefur beitt sér gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, kallað eftir leiðréttingu á launum kvennastétta og komið með ýmsum öðrum hætti að því að auka jafnrétti kynjanna.

Réttindamál

Sérstök réttindanefnd er starfrækt á vegum BSRB sem hefur það hlutverk að taka til umfjöllunar þau mál sem aðildarfélög skjóta til BSRB varðandi túlkun á réttindamálum sem eru almenn fyrir aðildarfélögin.

Mennta- og fræðslumál

Mennta- og fræðslumál hafa verið ríkur þáttur í starfi BSRB og aðildarfélaga bandalagsins í yfir 50 ár. Skipta má núverandi áherslum bandalagsins í mennta- og fræðslumálum í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða áherslur vegna starfsmenntamála félagsmanna og hins vegar stefnumörkun og sýn bandalagsins vegna áherslna og aðgerða stjórnvalda í menntamálum. Þessir tveir flokkar liggja þó oft saman.



Byggiðn stendur ásamt öðrum félögum í 2F-húsinu fyrir öflugu vinnustaðaeftirliti. Á vettvangi á þessari mynd eru Vilhjálmur Sveinsson þjónustufulltrúi frá Byggiðn, Hubert Pawlik eftirlitsfulltrúi hjá Húsi fagfélaganna og Finnbjörn Hermannsson, formaður Byggiðnar.

Byggiðn



Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Byggiðnar – félags byggingamanna. / Ljós. Sigtryggur Ari.

Byggingamenn sameinaðir í 120 ár

Byggiðn - Félag byggingamanna er stéttarfélag launamanna og einyrkja sem starfa í bygginga- og mannvirkjagerð og sameinar krafta þeirra byggingariðnaðarmanna sem eiga samleið um kaup og kjör, þjónustu og tryggingamál.

Tilgangur félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna. Í því felst meðal annars að semja um kaup þeirra og kjör, bættan aðbúnað við vinnu og gæta þess að ekki sé gengið á lagalegan og samningsbundinn rétt þeirra. Félagið aðstoðar félagsmenn í atvinnuleit, sé þess óskað, stuðlar að bættri verkmenntun og tryggir eftir fremsta megni að félagsmenn kunni starf sitt sem best og hafi sem víðtækasta þekkingu á öllu sem að iðn þeirra lýtur.

Byggiðn hefur það að markmiði að bæta iðnlöggjöfina og vera á verði um réttindi þau sem hún veitir lærdum iðnaðarmönnum og iðnnemum.

Félagsmenn í Byggiðn geta þeir orðið sem hafa sveinsbréf eða stunda nám í húsa-, húsgagna-, skipasmíði, húsgagnabólstrun, málaraíðn, múraraíðn, pípulögnum og veggfóðrun eða hafa löggilt iðnbréf, útgefið samkvæmt iðnaðarlögum. Þeir starfsmenn sem hafa að minnsta kosti eins árs menntun í byggingariðnaði og með staðfest starfsréttindi því til staðfestingar geta einnig orðið félagsmenn. Félagið vinnur á Stór-Reykjavíkursvæðinu utan Hafnarfjarðar og á Eyjafjarðarsvæðinu til Siglufjarðar. Félagið þjónustar félagsmenn sína hvar sem þeir vinna á landinu.



Heimir Kristinsson, varaformaður Byggiðnar, starfar á skrifstofu félagsins á Akureyri.

Eitt af fyrstu verkalýðsfélögnum

Byggiðn varð til í núverandi mynd árið 2008, þegar Trésmiðafélag Reykjavíkur og Félag byggingamanna í Eyjafirði sameinuðust. Fyrstu árin hét hið sameinaða félag Fagfélagið en í mars 2012 var því breytt í Byggiðn – Félag byggingamanna.

Þrátt fyrir ýmsar sameiningar og vendingar spannar saga félagsins ríflega 120 ár. Nokkur félög sjálfstæðra iðnaðarmanna voru stofnuð undir lok 19. aldar en þeirra á meðal var Trésmiðafélag Reykjavíkur. Það var stofnað 10. desember 1899 en stofnfélagar voru 51 talsins. Fyrsti formaður félagsins var Sveinn Sveinsson. Markmiðið var hið sama og verið hefur allar götur síðan; að gæta hagsmuna félagsmanna í bygginga- og mannvirkjagerð.

Eftir kröftuga byrjun lagðist félagið niður árið 1909 en það starfaði svo með hléum þar til það var endurvakið 21. janúar 1917, í kjölfar launaskerðingar sem trésmiðir urðu fyrir árin á undan. Félagið hefur starfað óslitið síðan þó ýmsar breytingar hafi orðið á þessum langa tíma. Félagið hefur sinnt fræðslumálum allar götur frá því fræðslunefnd var stofnuð innan þess árið 1959. Endurmenntunarnefnd hóf að starfa snemma á áttunda áratugnum en í dag annast IÐAN fræðslusetur alla sí- og endurmenntun í iðngreinum byggingariðnaðarins.



Hubert Pawlik kannar réttindi verkamanna í eftirlitsferð 2019.

Iðnfélögin sameinuð undir einu þaki

Finnbjörn A. Hermannsson er formaður Byggiðnar. Hann hefur verið í forsvari fyrir trésmiði og byggingamenn frá árinu 1997, þegar hann leysti Grétar Þorsteinsson af hólmi, sem kjörinn var forseti Alþýðusambands Íslands árið áður. Varaformaður félagsins er Heimir Kristinsson. Byggið rekur tvær skrifstofur; eina við Stórhöfða 31 í Reykjavík, en hina við Skipagötu 14 á Akureyri, þar sem Heimir varaformaður hefur aðsetur. Félagið flutti skrifstofur sínar í Reykjavík í Hús fagfélaganna, við Stórhöfða 31, árið 2019. Þar sameinuðust undir einu þaki Félag iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambandið, Matvís og Samiðn, auk Byggiðnar. Félögin starfa saman á ýmsum sviðum. Samstarfið miðar allt að því bæta enn frekar þjónustu við félagsmenn. Þau samnýta móttöku, fundarsali, mötuneyti og að hluta til starfsfólk sem annast bókhald og almenna skrifstofuvinnu. Starfsfólk félagsanna sem annast kjaramál, sjúkrasjóðs- og orlofsmál starfa náið saman. Í því felst mikill styrkur en félögin hyggja á samstarf á fleiri sviðum, félagsmönnum til heilla.

Fimm starfsmenn í fullu starfi vinna hjá félaginu, auk starfsmanna sem vinna sameiginlega fyrir félögin í Húsi fagfélaganna.

Eftirlit á vinnumarkaði

Byggið stendur ásamt öðrum félögum í 2F-húsinu fyrir öflugum vinnustaðaeftirliti. Þann 15. ágúst 2010 tók gildi samkomulag á milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Skírteinunum er ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði. Eftirlitið heimsækir vinnustaði með reglubundnum hætti og gætir þess að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Reynslan hefur sýnt að full þörf er á öflugum eftirliti þar sem skattabrot í mannvirkjagerð eru tíð og dæmi um að brotið sé gegn kjarasamningsbundnum réttindum starfsfólks. Brot starfsmannaleiga sem starfa í byggingariðnaði hafa, svo dæmi sé tekið, verið áberandi í fjölmiðlum síðustu ár.

Fjölbreytt verkefni

Byggið annast fjölmörg verkefni fyrir félagsmenn, til viðbótar þeim sem að ofan eru talin. Það á og rekur orlofshús víða um land, sem það leigir félagsmönnum. Félagið á land í Gnúpverjahreppi þar sem það hefur komið upp tjaldsvæði með mjög góðri aðstöðu til afnota fyrir félagsmenn yfir sumarmánuðina. Þá hafa félagsmenn einnig möguleika á að leigja sér land undir eigin sumarbústað. Félagið hefur rekið mælingastofu í um hálfu öld. Það er þjónusta sem framsækin fyrirtæki notfæra sér. Með verðlagningu einstakra verkþátta sem mælingastofan mælir upp – og reiknar þannig út laun manna – verða afköstin góð og byggingatími styttri. Launþegarnir fá auk þess sanngjörn laun fyrir vinnuframlag sitt. Byggið heldur úti öflugum sjúkrasjóði sem styrkir félagsmenn í veikinda- og slysatilfellum þegar greiðslum atvinnurekenda lýkur. Félagið er með fræðslusjóð og er þátttakandi í rekstri IÐUNNAR-fræðsluseturs, eins og áður hefur verið nefnt. Þá má líka nefna að Byggið gefur út fréttabréf til upplýsinga fyrir félagsmenn og heldur úti virkri heimasíðu auk þess að vera virkur þátttakandi á samfélagsmiðlum. Félagið rekur öflugt félags- og vinnustaðastarf og leggur metnað sinn í að vera í fararbroddi verkalyðsfélaga á Íslandi og að veita félagsmönnum sínum framúrskarandi þjónustu.



Við Stórhöfða 31 í Reykjavík er Hús fagfélaganna. Þar eru undir einu þaki Félag iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambandið, Matvís og Samiðn, auk Byggiðnar. Ljós. Sigtryggur Ari.



Byggið fékk nýtt og glæsilegt orlofshús í Fnjóskadal afhent í desember 2020.



Aðalfundur 25. apríl 2018.

Aftasta röð: Bjarni Jónsson, Ingunn Elin Hróbjartsdóttir, Viðar Breiðfjörð, Hulda Ástvaldsdóttir, Friðrik Harðarson, Ólöf Hauksdóttir, Konráð Einarsson, Sigurborg Engilbertsdóttir, Mariusz Przemyslaw Wanecki, Styrmir Gíslason, María Ragnhildur Ragnarsdóttir, Ester Ólafsdóttir, Elva Björk Birgisdóttir, Unnar Erlingsson. Þriðja röð: Ragnhildur Ragnarsdóttir, Sigþóra Jónatansdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Þóra Guðjónsdóttir, Ragnheiður Sigurkarlsdóttir, Ármey Óskarsdóttir, Guðbjörg Engilbertsdóttir, Birna Hilmisdóttir, Unnur Katrín Þórarinsdóttir. Önnur röð: Anna Svava Johnsen, Arnar G. Hjaltalín, Anna Sigríður Gísladóttir, Edda Júlía Alfreðsdóttir, Auðbjörg Sigurbórsdóttir. Fremsta röð: Arndís Lára Jónsdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Fjola Finnbogadóttir og Valgerður Þorsteinsdóttir. / Ljós: Guðný.

Drifandi stéttarfélag

Drifandi stéttarfélag var stofnað á vetrarvertíðinni árið 1917. Stofnaði félagið fljótlega Pöntunarfélag verkamanna, prentsmiðu og byggði Alþýðuhúsið í Vestmannaeyjum. Var þetta gert af mikilli nauðsyn þar sem ekki fékkst prentað í einu prentsmiðu bæjarins neitt frá félaginu, ekki var til húsnæði undir fundi og algengt var að fólk fengi launin greidd í matvöru fyrir vinnu sína en ekki í reiðufé. Miklir umbrotatímar voru í Evrópu á fyrri part tuttugustu aldar. Þessi áhrif fóru ekki fram hjá Vestmannaeyjum og fyrir tilstuðlan erindreka ASÍ stofnuðu konur í Drifanda Verkakvennafélagið Snót árið 1926, árið 1934 stofnuðu sjómenn Sjómannafélagið Jötunn og að árið 1939 var Verkalýðsfélag Vestmannaeyja stofnað með verkamönnum úr Drifanda. Þótti áhrifaöflum innan ASÍ að Drifandi horfði fullmikið til austurs og hugmynda bolsévísmans. Verkamannafélagið Drifandi var lagt niður árið 1945. Eftir þessar sviptingar var verkafólk í kynjaskiptum félögum frá árinu 1926. Þann 9. desember árið 2000 sameinuðust Snót og Verkalýðsfélagið undir nafni Drifanda stéttarfélags og voru þá síðustu kynjaskiptu verkalýðsfélögin á Íslandi.



Frá vinstri: Sigþóra Jónatansdóttir, Hilmar Valur Jensson, Arnar G. Hjaltalín, Guðný Óskarsdóttir, Anna Sigríður Gísladóttir, Salóme Ýr Rúnarsdóttiro g Valgerður Þorsteinsdóttir. Myndin er tekin í 21. apríl 2015. Ljós: Guðný.

Starfsemi og hlutverk félagsins

Frá árinu 2000 hefur verkafólk sem starfar hjá ríkisstofnunum, Vestmannaeyjabæ og á almennum vinnumarkaði komið fram undir merkjum Drifanda og verið virkt í störfum SGS og ASÍ. Frá því Drifandi var endurvakinn hefur félagið staðið frammi fyrir mörgum áskorunum. Sameingar og hagræðing orðið meðal stærstu fyrirtækjanna í Eyjum með tilheyrandi fækkun starfa og hefur fjórða iðnbyltingin haldið innreið sína fyrir áratugum í fiskvinnslunni í Eyjum. Ásamt minni afla og breyttri samsetningu félagsmanna hefur það gjörbreytt starfi og eðli félagsins. Félagið stendur á traustum grunni sem félagsmenn lögðu með baráttu sinni á síðustu öld. Má segja að í raun sé meginhlutverk félagsins í dag að verja þá sigra sem forverarnir náðu ásamt því að byggja jafnt og þétt þar ofan á. Meginhlutverk Drifanda er í dag sem fyrr gerð kjarasamninga og verja réttindi og hagsmuni félagsmanna sinna. Stór hluti daglegs rekstrar í dag eru styrkveitingar úr fræðslu- og sjúkrasjóðum, útleiga íbúða og orlofshúsa auk aðstoðar við mjög fjölbreytt mál er koma upp hjá félagsmönnum.

Framtíðarsýn

Framtíðin verður krefjandi fyrir verkalýðshreyfinguna, breytt viðhorf til stéttarfélaga, fækkun starfa með tæknibreytingum og alþjóðavæðing setur verkalýðshreyfinguna í allt aðra stöðu en hún hefur staðið frammi fyrir. Hvernig til tekst mun tíminn einn skera úr um.

Frá félagsfundum í Svöluokoti, 26. maí 2021. / Ljós: Guðný.





Stjórn Félags heilbrigðisgagnafræðinga starfsárið 2021.

Frá vinstri: Sigurbjörg Haraldsdóttir, Steinunn Erla Árnadóttir, Hólmfríður Einaradóttir, Klara Berglind Gunnarsdóttir, Anna Haarde og Hildur Eyjólfadóttir.

Félag heilbrigðisgagnafræðinga

Heilbrigðisgagnafræðingar hafa verið heilbrigðisstétt frá árinu 1970 þegar félag þeirra var stofnað. Fyrir þann tíma handskrifuðu læknar sjálfir sjúkraskrár og utanumhald sjúkraskrár var almennt lítið. Stéttin fékk löggildingu á starfsheiti sínu árið 1986, en þá var starfsheitið læknaritari. Í framhaldi af löggildingunni var nám í læknaritun sett á lagginnar við Fjölbrautaskólann við Ármúla. Aðsókn að náminu var ekki nægileg til að svara þörfum heilbrigðiskerfisins og hafði staðsetning námsins áhrif á það, því að loknu stúdentsprófi leita nemendur frekar að námi á næsta skólastigi en að fara aftur í nám í fjölbrautaskóla. Í upphafi starfsáranna höfðu læknaritarar það hlutverk að vélrita sjúkraskýrslur á pappír eftir upptöku lækna af segulbandi sem svo voru geymdar í pappírssjúkraskrár í skjalgeymslum. Sjúkraskráin fór svo að færast frá því að vera á pappírformi yfir á rafrænt form og voru þá notuð kerfi byggð á „Access“ grunnum.

Samræmt rafrænt sjúkraskrárkerfi var fyrst innleitt árið 1997 á heilsugæslustöðvum. Árið 2004 hófst innleiðing rafrænnar sjúkraskrár á Landspítalanum og árið 2009 á sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Við það breyttist starfsumhverfið. Starfið er bæði orðið fjölbreyttara og flóknara. Læknar taka ennþá upp hljóðskrár, sérstaklega þegar um flóknar skráningar er að ræða, en unglæknar skrifa mikið sjálfir einfaldar skráningar í stað þess að taka upp.

Nám og starf heilbrigðisgagnafræðinga

Þar sem aðsókn í nám læknaritara var dræm var verulegur skortur á starfsfólki með fagmenntun og því mikið um ráðningar á ófaglærðu starfsfólki þó starfsheitið hafi verið lögverndað frá árinu 1986. Það var því mikið baráttumál stéttarinnar að koma náminu upp í háskóla og tók baráttan rúmlega tuttugu ár. Allsstaðar var skilningur á þörfinni fyrir breyttu námi en fjármagn var af skornum skammti og hafði efnahagskreppan árið 2008 áhrif þar á. Sumarið 2019 urðu vatnskil er starfsheitinu var breytt. Með reglugerð heilbrigðisráðherra var starfsheitið „læknaritari“ lagt niður og starfsheitið „heilbrigðisgagnafræðingur“ tekið upp. Um haustið hófst nýtt nám í Háskóla Íslands, 90 eininga grunndiplóma í heilbrigðisgagnafræði. Rúmlega 100 nemendur hófu nám, þar af voru um 60 með löggildingu frá Fjölbrautarskólanum við Ármúla. Heilbrigðisgagnafræðingar hafa sérþekkingu á meðhöndlun heilbrigðisgagna, gæðastöðlum, skilvirkni skráningar og lagaumhverfi heilbrigðisþjónustunnar. Þeir hafa jafnframt haldgóða þekkingu á heilbrigðiskerfinu og innviðum þess. Þeir starfa sjálfstætt í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um meðhöndlun heilbrigðis- og persónuupplýsinga. Þeir gegna lykilhlutverki varðandi heildstætt utanumhald heilbrigðisupplýsinga og sjá til þess að öryggi og aðgengi að þeim sé tryggt. Þeir stýra og sinna gæðaeftirliti sem miðar að því að tryggja áreiðanleika gagna og bera ábyrgð á móttöku heilbrigðisupplýsinga, skipulagningu skráninga, kóðun, úrvinnslu og vistun sem og miðlun upplýsinga. Heilbrigðisgagnafræðingar taka þátt í stefnumótun varðandi þróun rafrænnar sjúkraskrár og eru tengiliðir milli sjúklinga, fagstétta og annarra fagaðila. Einnig sinna þeir kennslu og þjálfun annarra heilbrigðisstétta í notkun á rafrænni sjúkraskrá. **Framtíð stéttarinnar er björt.**





Starfsmenn Einingar-löjju í maí 2021.

Eining - löjja

Laugardaginn 15. maí 1999 var formlega gengið frá samruna Verkalyðsfélagsins Einingar og löjju, félags verksmiðjufólks á Akureyri. Félaginu var valið nafnið Eining-löjja. Þótt þetta sameinaða félag eigi sér þannig séð ekki langa sögu stendur það á gömlum merg því félagin eiga sér hvort um sig langa og merka sögu í réttindabaráttu verkafólks á Akureyri. Sögu löjju má rekja aftur til ársins 1936 og er stofndagurinn talinn 29. mars það ár. Verkalyðsfélagið Eining varð til 10. febrúar 1963 með sameiningu Verkakvennafélagsins Einingar og Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar. Rætur Einingar ná þó mun lengra aftur og má segja að fyrsta fræinu hafi verið sáð árið 1894 þegar Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar, hið eldra, var stofnað. Þann 1. janúar 2008 gengu svo félagar í almennu deild Vöku á Siglufirði til liðs við Einingu-löjju. Frá sama tíma tók einnig gildi sameining einstakra deilda Vöku við fjögur önnur félög í Eyjafirði. Félagsvæði Einingar-löjju nær frá Fjallabyggð að vestan til Grýtubakkahrepps að austan ásamt Hrísey og Grímsey. Aðalskrifstofa Einingar-löjju er á Akureyri en að auki rekur félagið skrifstofur á Dalvík og í Fjallabyggð. Félagið hefur einnig fulltrúa til þjónustu við félagsmenn í Hrísey og á Grenivík. Eining-löjja berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um þeirra réttindi og hagsmuni. Félagið heldur úti öflugri þjónustu fyrir félagsmenn, einnig er leitast við að tryggja þeim sem bestan aðgang að upplýsingum og þjónustu á heimasíðunni, www.ein.is.

Félagið

Félagið skiptist í þrjár starfsgreinadeildir og er hugmyndin með starfsgreinaskiptingu að nýta kosti bæði stórra og lítilra félaga. Deildirnar þrjár eru Matvæla- og þjónustudeild, lðnaðar- og tækjadeild og Opinbera deild. Kostir þess að vera í stóru félagi eru til dæmis öflugur sjúkrasjóður, fjölbreyttari möguleikar í orlofsmálum og meiri slagkraftur í kjarabaráttu. Hins vegar getur verið erfiðara að virkja hinn almenna félagsmann í stóru félagi. Þetta vandamál eiga deildirnar að leysa því þær eru vettvangur þar sem fólk getur rætt sérmál sín. Með deildaskiptingunni eru fleiri virkjaðir til starfa fyrir félagið, félagsandinn innan hverrar starfsgreinar eflist og málefni félagsins standa nær hverjum og einum. Félagið hefur byggt upp mjög öflugt trúnaðarmannakerfi og eru trúnaðarmenn Einingar-löjju, sem eru um 140, mikilvægir hlekkir í starfi félagsins. Við kosningu öðlast trúnaðarmaður um leið sérstaka lagalega vernd í starfi sínu, fær umboð félagsins til að fara með mál annarra og verður fulltrúi þess á vinnustaðnum. Meginhlutverk trúnaðarmanna er að gæta þess að lög og samningar séu haldnir á vinnustaðnum og vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið. Félagsgjald er 1% af heildarlaunum félagsmanna, auk þess greiðir atvinnurekandi til félagsins sjúkrasjóðsgjald, fræðslusjóðsgjald og orlofssjóðsgjald. Hlutverk sjúkrasjóðs er að veita félagsmönnum fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Í langvinnum veikindum eiga félagsmenn rétt á dagpeningagreiðslum úr sjóðnum að loknum veikindarétti hjá vinnuveitanda. Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar. Félagið á nokkrar sjúkraíbúðir í Reykjavík sem eru ætlaðar til leigu fyrir félagsmenn sem þurfa að dvelja í höfuðborginni á meðan þeir leita sér lækninga. Íbúðirnar eru leigðar eftir því sem félagsmönnum hentar.



Laugardaginn 10. febrúar 2018 hélt félagið útgáfuhátíð í Menningarhúsinu HOFI í tilefni af útkomu bókarinnar „Til starfs og stórra sigra“ – Saga Einingar-löju 1906-2004. Þessi dagur var valinn því þann 10. febrúar, 55 árum áður, sameinuðust Verkakvennafélagið Eining og Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar. Sérstakur gestur hátíðarinnar var forseti Íslands hr. Guðni Th. Jóhannesson, sem flutti erindi og tók við fyrsta eintaki bókarinnar. Á myndinni eru: Anna Júlíusdóttir, varaformaður Einingar-löju, Jón Hjaltason, sagnfræðingur og höfundur bókarinnar „Til starfs og stórra sigra“, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju. Ljós. Daniel Starrason.

Orlofsmál

Félagsmenn eiga kost á að fá orlofshús eða orlofsíbúðir á leigu á sumrin í öllum landshlutum og stundum erlendis. Þá eru einnig nokkrir góðir valkostir í boði yfir veturinn. Undanfarin ár hefur verið boðið uppá þrjár mismunandi ferðir fyrir félagsmenn. Utanlandsferð, ferð innanlands og eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn. Þá hefur félagið haft í boði styrki sem kallast „Orlof að eigin vali“ og hafa þeir verið vel nýttir af félagsmönnum. Frá árinu 2020 geta félagsmenn keypt niðurgreidda ferðaávisun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á hótelum og gistiheimilum um allt land. Stéttarfélögin sem eiga aðild að „Frímann“ orlofshúsakerfinu sameinuðu krafta sína og komust að samkomulagi við fjölmörg hótél og gistiheimili víðs vegar um landið.

Fræðsla

Félagið er aðili að öflugum fræðslusjóðum: Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hægt er að sækja um styrki ef farið er á námskeið eða ef vinna er stunduð með styrkhæfu námi. Einnig er hægt að sækja um styrk vegna náms til aukinna ökuréttinda. Þá er veittur styrkur vegna tómtundanámskeiða, vegna íslenskunáms, vegna kaupa á hjálpartækjum fyrir lestrar- og ritstuðning og ferða- og dvalarstyrkir. Á hverju ári eru haldin nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög. Félagið hefur einnig boðið upp á margskonar námskeið fyrir félagsmenn en á seinni hluta ársins 2019 var skrifað undir samstarfssamning við SÍMEY með það að markmiði að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína. Frá árinu 1998 hefur félagið verið með fræðslu í öllum tíundabekkjum á félagssvæðinu. Jafnframt hefur félagið verið fengið til að vera með fræðslu í framhaldsskólum.

„Til starfs og stórra sigra“

Laugardaginn 10. febrúar 2018 hélt félagið útgáfuhátíð í Hofi í tilefni af útkomu bókarinnar „Til starfs og stórra sigra“ – Saga Einingar-löju 1906-2004. Þessi dagur var valinn því þann 10. febrúar, fyrir 55 árum, sameinuðust Verkakvennafélagið Eining og Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar. Til starfs og stórra sigra fjallar um 100 ára sögu Einingar-löju og er um 400 síður að stærð í stóru broti, prýdd fjölda ljósmynda sem margar hverjar hafa ekki birst áður opinberlega. Jón Hjaltason sagnfræðingur vann að ritun bókarinnar í fjögur ár ásamt þriggja manna ritnefnd, skipuð þeim Braga V. Bergmann, frá Fremri almannatengslum, Sigrúnu Lárusdóttur, skrifstofustjóra Einingar-löju og Þorsteini E. Arnórssyni, fyrrverandi formanni löju, félags verksmiðjufólks á Akureyri og starfsmanni Einingar-löju frá stofnun núverandi félags.

Eining-löja á aðild að Starfsgreinasambandinu og Alþýðusambandi Íslands. Félagið tekur virkan þátt í starfi sambandanna og ýmissa annarra félaga og sjóða. Félagið á til dæmis stjórnarmann í framkvæmdastjórn Starfsgreinasambandsins, miðstjórn ASÍ og Stapa lífeyrissjóðs.

Allar nánari upplýsingar um Einingu-löju má finna á heimasíðunni www.ein.is




Flugumferðarstjórar við störf.

Félag íslenskra flugumferðarstjóra



Stjórn Félags Íslenskra flugumferðarstjóra. Efri röð frá vinstri: Arnar Hjálmsón formaður, Einar Þór Stefánsson meðstjórnandi og Viðir Leifsson gjaldkeri. Neðri röð frá vinstri: Þórhallur Gísli Samúelsson ritari og Hildur Albertsdóttir varaformaður.



Félag íslenskra flugumferðarstjóra var stofnað 4. október 1955. Stofnfélagar voru 17 talsins og var fyrsta stjórn félagsins skipuð Valdimar Ólafssyni formanni, Guðlaugi Kristinssyni, Bergi P. Jónssyni, Páli Ásgeirssyni og Arnóri Hjálmarssyni. Fyrstu flugumferðarstjórnarnir á Íslandi höfðu tekið við starfinu af bresku herliði 5. maí 1946. Þeim fjölgaði svo fyrstu árin sem leiddi til stofnunar félagsins árið 1955. Fyrsta baráttumálið var að starfsgreinin yrði tekin inn í launalög á þeim tíma og röðun í launaflokka yrði rétt. Stjórn félagsins hefur allt frá upphafi verið skipuð 5 félagsmönnum sem sinna stjórnunarstörfum í sínum eigin frítíma.

Stjórn félagsins í dag er skipuð eftirtöldum: Arnar Hjálmsyni formanni, Hildi Albertsdóttur varaformanni, Viði Leifssyni gjaldkera, Þórhalli Gísli Samúelssyni ritara og Einari Þór Stefánssyni meðstjórnanda.

Félagið

Tilgangur og markmið félagsins er helst, líkt og annarra stéttarféлага, að gæta hagsmuna félagsmanna sinna í hvívetna auk þess að vinna að bættu flugöryggi, fara með samninga um kaup og kjör og taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi.

Fyrsta félagsheimili félagsins var á Grensásvegi 16, 1987-1997 og þaðan var flutt í Borgartún 28 árin, 1998-2007. Frá árinu 2007 hefur félagið verið aðili að BSRB og þar af leiðandi haft sína skrifstofu- og fundaraðstöðu á Grettisgötu 89 í Reykjavík.

Félagið er eitt af stofnfélögum alþjóðasamtaka flugumferðarstjóra IFATCA, sem stofnuð voru árið 1961 og er enn fullgildur meðlimur auk þess að vera virkur þátttakandi í öðru alþjóðasamstarfi.

Í dag eru starfandi innan félagsins þrjár fastanefndir. Öryggisnefnd, orlofhúsanefnd og skemmtinefnd, auk þess sem félagið á og rekur sinn eigin starfsmenntunarsjóð.

Félagsmenn eru 150 talsins og starfa á 5 starfsstöðvum á Íslandi. Í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík starfa um 100 flugumferðarstjórar en aðrar starfsstöðvar eru Keflavíkurflugvöllur, Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur og Samgöngustofa.

Nám

Nám til flugumferðarstjórnar er gríðarlega sérhæft og krefjandi nám og tekur að jafnaði um tvö ár til fyrstu réttinda. Samhliða mikilli aukningu á flugi og auknum tækniframförum síðustu ár og áratugi hafa orðið miklar breytingar á starfi flugumferðarstjórnar frá því sem áður var.

Framtíðarsýn

Framtíð félagsins er björt. Þróunin hefur verið þannig að það bætist sífelldi hóp félagsmanna og stjórn félagsins sér ekki fram á breytingu þar á, samhliða auknum kröfum og sífelldri aukningu í flugi í heiminum.

KELVIN



GAIN
SEA
RAIN

Range 6
Rings 1

HDG 0
L SPD

North up
Off Centred

COG
SOC

RM(R)

STAB
SET
DRIFT

HL
OFF

R PAST P
R VECTOR

R TRAILS
CPA LIM
TCPA LIM

LAT GPS
LON GPS

CURSOR

RANGE BRG
CURSOR

WPT

Plot

Pulse
Under

Normal
Pulse

Pulse
Over



Félag iðn- og tæknigreina



Félag iðn- og tæknigreina var stofnað 15. júní 2003 en saga FIT er þó í raun miklu lengri því félög sem sameinuðust í FIT eiga sum hver rúmlega 100 ára sögu.

FIT er félag iðnaðarmanna

Félagar í stéttarfélaginu eru rúmlega 5.000 sem flestir koma úr eftirtöldum greinum; Bygginga- og mannvirkjagreinum, farartækja- og flutningsgreinum, málm-, véltækni- og framleiðslugreinum, þjónustugreinum, náttúrunýtingu, hönnun og tækniteiknun. Styrkur Félags iðn- og tæknigreina felst m.a. í fjölbreytni og stærð. Félagið kemur að gerð kjarasamninga fyrir sína félagsmenn og sinnir margþættu hlutverki og skyldum í þágu félagsmanna. Kjör og réttindi félaganna eru lykilverkefni FIT og berst því fyrir bættum kjörum og lífsgæðum allra félaga. Stjórn FIT skipa 13 aðilar, kjörnir til tveggja ára á aðalfundi. Trúnaðarráð FIT er skipað 37 aðalfulltrúum og 37 til vara. Þá eiga trúnaðarmenn starfsfólks á vinnustöðum sæti í trúnaðarráði. Formaður FIT er Hilmar Harðarson. Aðalfundur FIT kys einnig fulltrúa í fulltrúaráð þeirra lífeyrissjóða sem félagsmenn eiga aðild að samkvæmt kjarasamningum. FIT er aðili að Samiðn, sambandi iðnfélaga og Alþýðusambandi Íslands og kys fulltrúa úr hópi félagsmanna til að sitja þing Samiðnar og ASÍ. Einnig er FIT aðili að norrænum sem og alþjóðlegum samtökum.

FIT rekur mælingarstofur í byggingargreinum.

FIT eykur lífsgæði

Starfsfólk FIT býr yfir margvíslegri sérfræðilþekkingu sem kemur félagsmönnum til góða við úrlausn margvíslegra mál m.a. vegna kjarasamninga, menntamála, sjúkrasjóðs, orlofsmála, launakrafna, vinnumarkaðs og vinnueftirlits. Starfsfólk veitir félagsmönnum góða og hraða þjónustu og rekur í því skyni fimm skrifstofur og veitir lögfræðiaðstoð ef á þarf að halda. Þjónustuskrifstofur félagsins eru á eftirtöldum stöðum; Stórhöfða 31 í Reykjavík, Krossmóa 4 í Reykjanesbæ, Austurvegi 56 á Selfossi, Kirkjubraut 40 á Akranesi og Heiðarvegi 7 í Vestmannaeyjum.

Styrkir og sjóðir

Meðal þess sem félagið sinnir í þágu félagsmanna er rekstur sjúkrasjóðs, menntasjóðs, orlofssjóðs og vinnudeilusjóðs. Sjúkrasjóður greiðir 90% af launum eftir að kjarasamningsbundnum veikindarétti lýkur hjá atvinnurekenda. Aðstandendur geta sótt um dánarbætur. Einnig geta félagar sótt um ýmsa styrki og styður sjóðurinn félagsmenn á ýmsan uppbyggilegan hátt með áherslu á heilsuefandi þætti.

Menntasjóður greiðir styrki til náms, endurmenntunar og til almennar fræðslu. Endurmenntunargjald félagsmanna rennur til Iðunnar - fræðsluseturs þar sem félagsmenn geta sótt ýmis niðurgreidd námskeið til að bæta hæfni sína. **Sjá nánar: idan.is.**

Orlofssjóður á og rekur yfir 30 orlofsbústaði vítt og breytt um landið sem og hús í Florida þar





sem félagsmenn geta notið dvalar fyrir lágt endurgjald. Einnig bjóðast margvísleg fríðindi og sérkjör í gegnum aðild að FIT. Virk - starfsendurhæfingarsjóður aðstoðar félagsmenn í alvarlegum veikindum eða slysum. Starfsfólk Virk aðstoðar við að efla færni og vinnugetu á ný. Vinnudeilusjóður er til að tryggja félögum FIT laun samkvæmt úthlutunarreglum þegar þeir eiga í kjaradeilum.

FIT er bakhjarl sem veitir þjónustu

Flest launafólk ver u.þ.b. helmingi af vökutíma sínum í vinnunni. Stéttarfélagið er mikilvægur bakhjarl á vinnumarkaði. Á stundum þegar allt leikur í lyndi léttir félagið undir með þér hvort sem þú leitar upplýsinga um kaup og kjör, þarft ný gleraugu, ætla á námskeið, kaupa kort í ræktina eða langar í sumarbústað. Mikilvægi öflugs bakhjarls er þó mest þegar á móti blæs, eins þegar kemur upp ágreiningur um kaup, kjör og réttindi. Einnig þegar félagsmenn verða fyrir atvinnumissi, veikindum eða slysi. Þá er ómetanlegt að eiga öflugan bandamann. Sjá nánar um skipulag félagsins, lög og starfsemi á vefnum: fit.is

Félög iðnaðarmanna sem mynduðu FIT eru eftirfarandi í aldursröð

- Múrarafélag Reykjavíkur 2. febrúar 1917
 - Málarafélag Reykjavíkur 4. mars 1928
 - Sveinafélag pípulagningamanna 11. maí 1932
 - Félag bifvélavirkja 17. janúar 1935
 - Félag blikksmiða 12. júní 1935
 - Félag bifreiðasmiða 18. mars 1938
 - Iðnsveinafélag Suðurnesja 2. desember 1942
 - Félag garðyrkjumanna 27. júní 1943
 - Iðnaðarmannafélag Rangæinga 5. nóvember 1950
 - Félag bílamálara 24. nóvember 1956
 - Félag byggingariðnaðarmanna Árnæssýslu 20. apríl 1959
 - Sveinafélag járníðnaðarmanna Vestmannaeyjum 26. Júní 1963
 - Sveinafélag málmíðnaðarmanna Akranesi 7. apríl 1966
 - Félag byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði 16. desember 1967
 - Félag tækniteiknara 31. október 1969
 - Bíliðnaðarfélag / Félag blikksmiða 1. júní 1991
 - Sunniðn 12. mars 1995
- Þótt listinn sé langur er hann ekki tæmandi yfir þau félög og þá faghópa sem mynda grunninn að því sem í dag er Félag iðn- og tæknigreina.





Berglind Hafsteinsdóttir og Aðalsteinn Leifsson, ríkissáttasemjari. Kjaraviðræður Flugfélags Íslands innanlands 2021.



Fundur með félagsmönnum, 2020.

Flugfreyjufélag Íslands



Guðlaug Líney Jóhannsdóttir og Berglind Hafsteinsdóttir. Formannsskipti, stjórnarkjör 2021.



Stjórnarskipti 2021. Fráfarandi og nýkjörin stjórn. Frá vinstri: Sigríður Ásta Árnadóttir, Karen Emilsdóttir, Tómas Þór Ellertsson, Brynja Rún Brynjólfssdóttir, Guðjón Óskar Guðmundsson, Berglind Hafsteinsdóttir, Guðlaug Líney Jóhannsdóttir og Berglind Kristófersdóttir.



Undirritun kjarasamnings Flugfélags Íslands, innanlands, hjá Ríkissáttasemjara 12.02.2021. Frá FFÍ – hægra megin við borðið, frá vinstri: Berglind Kristófersdóttir, Berglind Hafsteinsdóttir, Eva María Hilmarsdóttir, Eyrún Björk Jóhannsdóttir, Þóra Sigríður Guðmundsdóttir og Sigrún Helga Holm.

Flugfreyjufélag Íslands (FFÍ) var stofnað 30. desember 1954 af 15 flugfreyjum Loftleiða sem vildu stofna félag meðal flugfreyja um hagsmunamál þeirra. Fyrsti kjarasamningurinn var gerður í janúar 1955 og hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan þá. FFÍ telur í dag um eitt þúsund félagsmenn og er eina stéttarfélag flugfreyja og -þjóna á Íslandi. Núverandi félagsmenn starfa hjá Icelandair í milli- og innanlandsflugi, flugfélaginu Erni og nýlega var undirritaður kjarasamningur við Niceair. Félagið er til húsa að Stórhöfða 29 í Reykjavík og hjá því starfa þrír fastir starfsmenn. Guðlaug L. Jóhannsdóttir formaður, Berglind Kristófersdóttir varaformaður og Bergdís I. Eggertsdóttir skrifstofustjóri. Meginviðfangsefni FFÍ er að standa vörð um kjaramál félagsmanna og þeirra réttindi ásamt því að bæta hag, vellíðan og öryggi í starfi.

Stjórn FFÍ er kosin á tveggja ára fresti en í henni sitja (2021-2023) auk Guðlaugar og Berglindar þau Ásdís A. Sverrisdóttir, Ástríður H. Ingólfssdóttir, Brynja R. Brynjólfssdóttir, Eyrún B. Jóhannsdóttir, Guðjón Ó. Guðmundsson og Sigríður Ásta Árnadóttir. Í trúnaðarráði sitja stjórn og varastjórn auk 16 fullgildra félagsmanna. FFÍ er aðili að ASÍ, Norræna Flutningaverkamannasambandinu NTF og Evrópska Flutningamannasambandinu ETF.

Starfsemin

Rekstur flugfélaga er háður utanaðkomandi aðstæðum og kallar á mikinn sveigjanleika. Eðli málsins samkvæmt hefur það áhrif á störf stéttarfélaga flugfólks. Má nefna í því sambandi að fjöldi fólks missti vinnuna í kjölfar falls Tvíburaturnanna 2001 og efnahagshrunsins 2008 þó ekkert í líkingu við ástandið sem skapaðist í heimsfaraldrinum 2020 þegar nær allir félagsmenn misstu skyndilega vinnuna, margir með áratuga reynslu í háloftunum. Efnahagslegir þættir setja jafnan strik í reikninginn eins og alheimshækkun á olíuverði. Við þessum þáttum þarf FFÍ jafnan að vera tilbúið að mæta og gera viðeigandi ráðstafanir þar sem félagsmönnum getur skyndilega fækkað án mikils undirbúningstíma. Undanfarin ár hafa reynt mikið á starfsemi FFÍ en fall Wow air 2019 hafði mikil áhrif á félagið þar sem FFÍ varð fyrir gríðarlegu tekjufalli auk þess sem mikil vinna fór í að sækja kröfur fyrir hönd félagsmanna til þrotabús Wow air. Í kjölfarið fylgdu langar og strangar kjaraviðræður við Icelandair sem náðu háumæli sumarið 2020. Samningaviðræðurnar voru flóknar og erfiðar en jafnan er talað um þær sem einar þyngstu viðræður sem hafa átt sér stað. Samstaða stjórnar, samninganefndar og félagsmanna FFÍ var ólýsanleg á þeim tíma og algjörlega til fyrirmyndar. Gróf aðför var gerð að stéttarfélaginu sem átti undir verulegt högg að sækja. FFÍ og félagsmenn þess stóðu keikur og stóðu af sér þann gríðarlega storm sem gekk yfir árið 2020.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn FFÍ er að standa vörð um réttindi- og kjaramál flugfreyja og -þjóna, efla samstöðu og stéttarfélagsvitund flugfreyja og -þjóna á Íslandi. Auk þess að eiga farsælt samstarf við flugrekendur og gerð kjarasamninga við nýja flugrekendur.



Starfsfólk Framsýnar frá vinstri: Elísabet Gunnarsdóttir, Ágúst Sigurður Óskarsson, Linda Baldursdóttir, Aðalsteinn Á. Baldursson og Jónína Hermannsdóttir.

Framsýn stéttarfélag

Húsvískir daglaunamenn réðust í að stofna með sér félag um stéttbundin hagsmunamál sín 14. apríl 1911, Verkamannafélag Húsavíkur. Nokkrum árum síðar eða 28. apríl 1918 stofnuðu verkakönur á Húsavík með sér eigið félag, Verkakvennafélagið Von. Vorið 1964 sameinuðust félögin undir nýju nafni, Verkalýðsfélag Húsavíkur.

Sameiningar

Síðan þá hafa orðið frekari sameiningar stéttarféлага í Þingeyjarsýslum. Verkalýðsfélag Raufarhafnar, Verkalýðsfélag Öxarfjarðar og Verslunarmannafélag Húsavíkur mynda nú ásamt Verkalýðsfélagi Húsavíkur, Framsýn stéttarfélag. Endanleg sameining félaganna gekk í gegn 1. maí 2008. Starfssvæði Framsýnar nær yfir sveitarfélögin Norðurþing, Skútustaðahrepp, Þingeyjarsveit og Tjörneshrepp. Innan félagsins eru rúmlega 3000 félagsmenn sem flestir starfa við almenn verkamannastörf. Höfuðstöðvar Framsýnar stéttarfélags eru að Garðarsbraut 26 á Húsavík. Þar heldur félagið úti öflugri þjónustu við félagsmenn.

Sagan

Saga verkalýðsbaráttu í Þingeyjarsýslum er um margt mjög merkileg. Allt frá fyrstu tíð höfðu Verkamannafélagið og Verkakvennafélagið Von á stefnuskrám sínum að sinna kaupgjaldsmálum félagsmanna. En það var líka jafnljóst að hagsbótina mátti einnig sækja í aðra staði, hagkvæma verslun og samhjálp starfa af ýmsu tagi. Næg atvinna, öflugt mannlíf, vöxtur og viðgangur Þingeyjarsýslna hefur alla tíð verið í öndvegi félaganna. Með tímanum róf festist sú áhersla í starfi þeirra og allar götur síðan hafa þau og síðar Framsýn stéttarfélag, haft mikil áhrif á alla umræðu um byggða- og atvinnumál. Stéttarfélögin hafa tekið virkan þátt og jafnvel verið frumkvæðisaðili að ýmsum meiriháttar atvinnufyrirtækjum á félagssvæðinu, fyrirtækjum sem skipt hafa sköpum fyrir viðgang svæðisins.

Á síðari áratugum hefur viðfangsefnum íslenskrar verkalýðshreyfingar fjölgað og allt starf stéttarfélaganna orðið faglegra í eðli sínu, jafnvel sérfræðilegt í sumum tilvikum. Þörfin fyrir öflug stéttarfélög verður áfram inn í framtíðina, samfélaginu og félagsmönnum þeirra til hagsbóta.



Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Framsýnar.



Vinnustaðaheimsókn á vegum Framsýnar.



Hátíðarhöld stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum 1. maí í íþróttahúsinu á Húsavík.



Flugvirkjafélag Íslands



Guðmundur Úlfar Jónsson, formaður.



Atli Jónsson, varaformaður.

Flugvirkjafélag Íslands (hér eftir FVFÍ) er stéttarfélag sem var stofnað árið 1947 í þeim tilgangi að halda utan um réttindi íslenskra flugvirkja, félagið var sett á laggirnar á fundi þeirra Íslendinga sem útskrifast höfðu úr flugvirkjanámi síðan fyrstu menn lögðu í slíkt nám árið 1928.

Félagið hefur stækkað töluvert frá árinu 1947 og voru félagsmenn þegar mest var um 540 í byrjun árs 2019 en eðli starfsins samkvæmt, er töluvert sveifla á fjölda félagsmanna FVFÍ í samræmi við starfsframboð á Íslandi, þó eru margir flugvirkjar sem starfa erlendis og greiða áfram til FVFÍ sem verktakar eða launþegar.

Sagan, stofnendur, eigendur og stjórnendur

Stjórn félagsins er samansett af félagsmönnum sem kosnir eru ár hvert af félagsmönnum á aðalfundi félagsins, enda félagsmenn allir eigendur félagsins. Stjórnin samanstendur af formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara, meðstjórnanda og tveimur varamönnum í stjórn sem mæta fyrir aðalstjórnarmeðlimi í forföllum ásamt því að aðstoða við stjórnarstörf eftir þörfum.

Stjórn FVFÍ 2020-2021 er sem hér segir:

Formaður Guðmundur Úlfar Jónsson, varaformaður Atli Jónsson, gjaldkeri Magnús Ingi Finnbogason, ritari Jóhann Baldur Finnbogason, meðstjórnandi Daði Örn Heimisson. Varamenn í stjórn eru: Helgi Rúnar Þorsteinsson og Aron Þór Sigurðsson.

Vinnulag og framleiðsluferli

Félagið hefur alla tíð verið stjórnað og rekið af félagsmönnum fyrir félagsmenn og taldi lengst af einn fastan starfsmann til viðbótar við stjórn sem hefur séð um skrifstofu félagsins ásamt þeim verkefnum sem tengjast daglegum rekstri félagsins, á síðastliðnum árum var bætt við öðrum starfsmanni sem sér um málefni sem teygja sig inn á lagalegt svið jafnt sem að aðstoða við daglegan rekstur.

Auk þess hefur félagið skipað hin ýmsu ráð til að sjá um sjóði félagsins, fræðslumál stéttarinnar, orlofshúsarekstur, trúnaðarmenn og fleira tengt málefnum félagsmanna. Ekki var óheyrt að stjórnarmeðlimir sætu einnig í slíkum ráðum og að sömu menn sinntu mörgum skyldum vegna fámennis. Í dag er þróunin þó slík að flugvirkjum á Íslandi hefur fjölgað umtalsvert og því hefur umfang starfseinnar margfaldast hjá stjórn, jafnt sem öðrum deildum félagsins. Rúm þreföldun flugvirkja starfandi á Íslandi síðastliðin tíu ár hefur gert það að verkum að félagið er í stöðugri þróun bæði innanbúðar jafnt sem í tengslum og samskiptum/samvinnu við vinnustaði og viðsemjendur sína en Flugvirkjafélagið gerir kjarasamninga við alla vinnustaði flugvirkja hérlendis.



Skipulag og sérstaða

FVFI er enn í dag eina stéttarfélagið hérlandis sem heldur utan um réttindi flugvirkja, einnig er það eina stéttarfélagið sem kemur að gerð kjarasamninga fyrir hönd flugvirkja á Íslenskum markaði.

Sökum þess hve félagið er fámennt sinna stjórnarmeðlimir FVFI eða hafa aðkomu að á einhvern hátt, öllum verkefnum félagsins ólíkt öðrum stærri félögum.

Framtíðarsýn

Félagið sér fram á erfið verkefni á næstu árum sökum gjaldþrota og þess atvinnuleysis sem árið 2020 hefur skapað í stéttinni. Grundvöllur var fyrir á árinu fyrir samtryggingu stærsta vinnustaðar landsins og félagsmanna sem þar störfuðu, með gerð kjarasamnings með gildistíma til næstu fimm ára. Félagið hefur þó í höndunum erfitt verkefni, sem er að tryggja flugvirkjum á ný öryggi á vinnumarkaði og eðlilega umgjörð um störf félagsmanna.

Aðsetur

Skrifstofa Flugvirkjafélags Íslands er á efstu hæð í Borgartúni 22 en þar hefur félagið haft aðsetur til lengri tíma, einnig er þar aðsetur fyrir stjórn til fundarsetu og veislusalur sem nýttur er til félagsstarfa jafnt sem í almennri útleigu.

Stjórn sinnir þó störfum sínum víða og þar má helst nefna vinnustaði flugvirkja þar sem málefni eru jafnan leyst með vinnuveitendum.

Mannauður og starfsmannafjöldi

Líkt og hefur komið fram áður eru í heildina sjö sem skipa stjórn og tveir starfsmenn á skrifstofum. Önnur störf líkt og vinna lögfræðings í mögulegum dómsmálum er úthýst til þriðja aðila.

Velta og hagnaður

Félagið sá mikla jákvæða þróun á innkomu árin 2010-2019 sökum umtalsverðar fjölgunar í stéttinni, á móti kemur að fjölgun félagsmanna þýðir einnig töluverða aukningu á útgjöldum en var þróunin þó til þess að hægt var að auka fríðindi félagsmanna á ýmsum sviðum. Þróunin árið 2019-2021 var neikvæð miðað við fyrra tímabil sökum þeirra áfalla sem vinnustaðir og þar af leiðandi stéttin sjálf hefur orðið fyrir.



Magnús Ingi Finnbogason, gjaldkeri.



Daði Örn Heimisson, meðstjórnandi.



Jóhann Baldur Finnbogason, ritari.



Þáverandi varaformaður og starfsmaður afhentu gjöf til sumarbúða í Reykjadal.



Sumarið 2022 fóru fulltrúar á vegum FOSS til Gautaborgar að sækja ráðstefnu hjá NTR (Nordisk Tjenestemannsråd). NTR er norrænt tengslanet milli stéttarfélaganna opinberra starfsmanna á norðurlöndum. (Ísland, Danmörk, Færeyjar, Noregur og Svíþjóð)

Foss stéttarfélag

Foss stéttarfélag í almannaþjónustu er félag starfsmanna ríkisins á Suðurlandi. Það tekur til allra sveitarfélaga frá sveitarfélaginu Ölfus austur að Höfn í Hornafirði ásamt uppsveitum Árnessýslu. Félagið var stofnað árið 1973. Þá voru stofnfélagar 28 talsins frá 5 sveitarfélögum. Í dag eru félagsmenn í kringum 1.400.



Árný Erla Bjarnadóttir, formaður.

Starfsemin

Árný Erla Bjarnadóttir er starfandi formaður félagsins sem er með skrifstofu sína að Eyrarvegi 27 á Selfossi. Hún segir starfið fyrir stéttarfélagið hafa tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum. Það snúist ekki eingöngu um kröfugerðir, samningagerð og kjaraviðræður heldur hafi aðrir málaflókkar komið til kasta félagsins eins og samskiptavandi, einelti, kynferðislegt ofbeldi á vinnustöðum og ýmis önnur erfið mál sem þarf að fást við. Slík mál eru oft viðkvæm og persónubundin sem er gjörólíkt því að standa í framlínunni í kjara- og réttindabaráttu fyrir fólkið í félaginu. Þá þarf oft en ekki að leita á náðir utanaðkomandi aðila, ráðgjafa, vinnusálfræðinga og annarra sem hafa til þess menntun og hæfni.

Í dag er Árný í fullu starfi á skrifstofunni allan daginn ásamt starfsmanni í 50% starfi sem sér um fræðslumál, orlofsmál og heimasíðu. Bókhaldsvinnu hefur verið útvistað en það er þörf á aukningu á starfshlutfalli á skrifstofunni í takt við fjölgun verkefna og stærð þeirra.

Foss er aðildarfélag innan BSRB og tekur þátt ásamt öðrum aðildarfélögum í undirbúningi fyrir gerð kjarasamninga. Samningseininganefndir taka til starfa og vinna náð með félögnum. Kjaramál er lúta að pólitíkinni eins og húsnæðiskerfi, barnabætur, vextir og sem dæmi vinnustyttingin sem samið var um í síðustu kjarasamningum, sér BSRB um fyrir hönd félaganna. Við viljum krónutöluhækkun en það þarf að leiða til aukins kaupmáttar. Innan Foss stéttarfélags eru allar starfsgreinar sem koma að sveitarfélögum eins og skólum, leikskólum, þjónustu við fatlaða, heimaþjónustu, sundlaugar og íþróttahús. Auk þess eru starfsgreinar innan Fjölbrotarskóla Suðurlands og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands ásamt nokkrum sjálfseignarstofnunum, dvalarheimili, á Suðurlandi.

Árný hafði starfað á skrifstofu Foss frá árinu 2012 í kjaramálum með bakgrunn í launamálum sveitarfélaga; svo þegar fyrrum formaður hætti störfum þá bauð sig enginn fram. Þá tók Árný þá ákvörðun að prófa að fara alla leið til að afla sér aukinnar reynslu og þekkingar með því að bjóða sig fram til formanns. Þar sem ekkert mótframboð barst hlaut hún rússneska kosningu. Kosnið er til tveggja ára í senn og sem stendur er kjörtímabili hennar að ljúka og aðalfundur framundan. Þegar þetta er skrifað hefur ekkert mótframboð borist svo líkast til mun hún hljóta rússneska kosningu aftur svo fremi hún sækist eftir endurkjöri.

Nú eru samningar akkúrat að falla úr gildi og nýtt samningstímabil framundan, en þegar Árný tók til starfa var nýbúið að semja. Hún er spennt fyrir því að fá að taka þátt í að móta nýja kjarasamninga eða skerpa á túlkun þeirra ákvæða sem fyrir eru og hlakkar til að vera með í þeirri vinnu. Hún segist vera fylgin sér en telur að lipurð og kurteisi séu betur til þess fallin að fá einhverju framgengt en fara fram með herópi og látum.



Birna Kjartansdóttir, varaformaður.



Mótmæli ríkisstafsmanna á Austurvelli.



1. maí hátíðarhöld.

Orlofsmál

Eins og önnur stéttarfélög þá á félagið sumarhús í Munaðarnesi í Borgarfirði, Reykjaskógi í Biskupstungum, en auk þess íbúðir í Reykjavík og á Akureyri. Félagið á líka íbúð í Torrevieja á Spáni en þá íbúð á félagið ásamt Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar. Félagsmenn geti nýtt sér þessa orlofskosti sem eru þá niðurgreiddir af félaginu og margir eru nú á faraldsfæti eftir að takmarkanir vegna COVID-19 voru afnumdar.

Styrkir

Styrkir til fræðslu er í boði auk annarra styrkja sem hægt er að sækja í nokkra af þeim sjóðum sem til eru bæði innan félagsins og hjá BSRB.

Trúnaðarmenn

FOSS er með stóran og sterkan trúnaðarmannahóp sem vinnur ötullega úti á vinnustöðum að markmiðum félagsins með félaginu. Haldin eru trúnaðarmannanámsskeið til að efla þá í sinni vinnu og eru trúnaðarmenn tengiliðir okkar við félagsmenn.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Árnýjar fyrir hönd Foss stéttarfélags er alltaf sú að gera góða kjarasamninga, veita félagsmönnum góða þjónustu á allan hátt í öllum þeim spurningum sem koma á borð félagsins. Ef það tekst þá leiðir það mögulega af sér fjölgun félagsmanna.

Foss stéttarfélag stendur sterkt í dag og vinnur ötullega að hag og velsæld sinna félagsmanna og -kvenna. Það má aldrei missa sjónar á því að félagsmenn eru félagið en stjórnir og starfsmenn þess koma og fara.



Aðsetur félagsins.



Félagið heldur ýmis námskeið fyrir félagsmenn, hér er konfektgerðarnámskeið fyrir jólin.



1. maí hátíðarhöld fyrir börnin.



Nýsveinar árið 2020. / Ljós. Motiv Jón S.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík



Frá afhendingu gullverðlauna – Heiðursiðnaðarmaður 2019. Forseti Íslands herra Guðni Th. Jóhannesson, Geir Oddsson, húsgagnasmíðameistari, Guðmundur Ó. Eggertsson, húsgagnasmíðameistari og Halldór Þórður Haraldsson, formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.



Gestir við Nýsveinahátíð 2019. Herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Þórdís Kolbrún Reykjaförð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík var stofnað þann 3. febrúar árið 1867 af hópi 31 iðnaðarmanns í þeim tilgangi að koma upp duglegum handiðnamönnum, efla og styrkja samheldni meðal handiðnamanna á Íslandi.*

Félagið er því 155 ára og telst vera 3ja elsta starfandi félagið á Íslandi. Skráðir félagar eru tæplega 300 talsins.

Eftir félagið og félagsmenn liggja mörg glæsileg verk og vinna og má þar m.a. nefna stofnun Iðnskólans í Reykjavík árið 1904 sem fluttist í hús Iðnaðarmannfélagsins í Vonarstræti árið 1906. Styttu Ingólfs Arnarssonar sem afhent var Landsstjórninni árið 1924 og síðar lýst upp í tilefni 150 ára afmælis félagsins auk margra annarra verkefna, aðkomu að ýmsum réttinda- og félagsmálum o.fl.

Starfsemin

Yfirlýstur tilgangur félagsins er að efla menningu og menntun iðnaðarmanna og styrkja stofnanir sem starfa í þeirra þágu en einn af hápunktum starfs IMFR er veiting viðurkenninga til nýsveina í öllum iðngreinum sem skarað hafa framúr á sínu sviði.

Fyrsta veiting slíkra viðurkenninga fór fram árið 2007. Nú 15 árum síðar hafa 324 nýsveinar úr 28 iðngreinum verið heiðraðir.

Verndari hátíðarinnar er forseti Íslands en auk hans taka þátt í athöfninni ráðherrar, fulltrúi frá Borginni, heiðursiðnaðarmenn, meistarar, iðnaðarmenn og velunnarar. Félagið hefur notið velvildar Borgarinnar og fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga með það að markmiði að gera umgjörð hennar sem glæsilegasta.

Samstarfsfélagar IMFR um nýsveinahátíðina eru sveinsprófsnefndir löggiltra iðngreina, félag meistara og sveina í löggiltum iðngreinum, starfsgreinaráð löggiltra iðngreina og samtök iðnaðarins.

Nánast allt starf félagsins er unnið í sjálfböðavinnu, stýrt af fimm manna stjórn, varastjórn og ýmsum nefndum. Má þar m.a. nefna viðburðarnefnd sem undirbýr og sér um stærri viðburði félagsins.

Félagið stendur að ýmsum viðburðum sem tengjast hinum ýmsu iðngreinum ásamt því að skipuleggja heimsóknir til fyrirtækja o.fl.

Aðsetur

Félagið á skrifstofu- og félagshúsnæði í Súðarvogi auk þess að eiga baðstofuloft í gamla Iðnskólahúsinu við Vonarstræti, sem endurbýgt var eftir stórbruna árið 1967.

*Úr sögu Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, rituð af Gísla Jónssyni.



Stjórn Iðnsveinafélags Skagafjarðar 2020 ásamt formanni Samiðnar og framkvæmdarstjóra. Frá vinstri: Elmar Hallgríms Hallgrímsson, framkvæmdarstjóri Samiðnar, Hilmar Harðarsson formaður Samiðnar, Björgvin Jósafat Sveinsson formaður Iðnsveinafélagsins, Gunnar Páll Ólafsson, Stefán Guðmundsson, Hjörtur Elefsen og Ingimundur Ingvarsson stjórnarmenn í Iðnsveinafélaginu.

Iðnsveinafélag Skagafjarðar

Brot úr sögu Iðnsveinafélags Skagafjarðar

Fimmtudaginn 11. febrúar 1965 voru nokkrir iðnsveinar mættir á fundi heima hjá Birgi Dýrfjörð, Knarrarstíg 4, Sauðárkróki, til þess að stofna iðnsveinafélag fyrir Sauðárkrók og nágrenni.

Stofnendur

Eftirfarandi menn höfðu tilkynnt þátttöku sína í félagsstofnuninni og skoðast þeir því hér með stofnendur: Erlendur Hansen rafvirki, Jón Friðriksson húsasmiður, Haraldur Friðriksson rennismiður, Birgir Dýrfjörð rafvirki, Þór Þorvaldsson húsasmiður, Hjalti Guðmundsson húsasmiður, Valur Ingólfsson húsasmiður, Bragi Þ Sigurðsson vélsmiður, Ingimar Hólm rafvirki, Jón Dagsson múrari og Þorbergur Józefsson húsasmiður. Fundurinn samþykkti eftirfarandi: „Ef einhverjum þessara manna ber að vera aukafélagi, eða uppfylla ekki skyldir til þátttöku sker A.S.Í. úr.“ „Birgir Dýrfjörð las upp uppkast að lögum félagsins og skýrði frá nauðsyn þess að stofna félagið.“ Þannig er texti á fyrstu síðu í fundargerðarbók félagsins. Birgir Dýrfjörð var fyrsti formaður, aðrir í stjórn voru Hjalti Guðmundsson og Haraldur Friðriksson. Tæpri viku síðar var svo haldinn framhaldsstofnfundur í sveinafélagi Skagafjarðar og voru þá komnir frá Reykjavík tveir félagar sem unnið höfðu þá vinnu sem þurfti til að koma félaginu á laggirnar, en það voru þeir Jón Snorri Þorleifsson, formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur en hann hafði staðfært og samið drög að lögum félagsins og Snorri Jónsson framkvæmdarstjóri ASÍ. Kom fram í máli þeirra að stofnun félagsins væri liður í því að aðskilja gömlu meistarafélögin í launamenn og eigendur. Hafði þetta verið gert víða um land. Kristallaðist þetta í þeim ágreiningi sem varð út af verkfallsrétti. Töldu launamenn að sá réttur væri þeim ákaflega mikils virði og á engan hátt mætti semja hann frá sér. Nýir stofnfélagar bættust í hópinn á fundinum en það voru Guðmundur Sigurðsson húsasmiður og Sigurjón Þóróddsson húsasmiður. Á þessum fundi óskuðu gestir félaginu velfarnaðar í störfum sínum og langlífis.

Á haustdögum árið 1965 er að sjá að félagið hafi fyrst farið til viðsemjenda sinna og byggt á samningi sem kenndur var við Selfoss en breytt honum með þrem litlum frávikum. Næstu ár eru að sjá í gjörðabókum, ekki mikil átakaár, en eru þó haldnir nokkrir fundir árlega. Um 1970 er félaginu skipt upp í deildir, málmíðnaðardeild og tréiðnaðardeild. Deildaskipting var síðar lögð niður. Um 1984-85 eru umræður um merki félagsins og eru þær í gangi um nokkra hríð og snúast um gerð og útfærslu allt til 1986 er núverandi merki er klárað og samþykkt. Höfundur þess er Guðmundur Gunnarsson fyrrverandi formaður félagsins.

Um 1992 eignast félagið húseignað Sæmundargötu 7a með Verkamannafélaginu Fram og síðar með Öldunni – stéttarfélagi. Um þessa fasteign var stofnað félagið Sæmundargata 7a ehf. Fasteignin var seld Sveitarfélaginu Skagafirði í desember 2014. 1992 eignast félagið 10% hlut í íbúð í Reykjavík í félagi með öðrum stéttarfélögum í Skagafirði. Nokkrum árum síðar var síðan bætt við annari íbúð og eru þær ýmist í eigu sjúkrasjóða eða orlofssjóða félaganna og þjóna sem slíkar.

Eftirtaldir hafa gegnt stöðu formanns í félaginu:

1965-1969	Birgir Dýrfjörð
1969-1973	Hjalti Guðmundsson
1973-1975	Einar Sigtryggsson
1975-1978	Jón Snædal
1978-1980	Sigurður Frostason
1980-1981	Björgvin Magnússon
1981-1983	Sigurður Frostason
1983-1987	Guðmundur Gunnarsson
1987-1993	Hallur Sigurðsson
1993-1996	Sigurðli Kolbeinsson
1996-2010	Páll Sighvatsson
2010-	Björgvin Sveinsson



Árið 2000 réðst félagið í að kaupa orlofshús í Varmahlíð í Skagafirði, en þar hafði staðið yfir uppbygging orlofshúsabyggingar. Keypti félagið hús sem var í byggingu af félagi sem hét Krókshús og sá um smíði húsanna sem áttu að fara í Varmahlíð. Þetta félag var stofnað af fyrirtækjum í byggingariðnaði á Sauðárkróki og unnu margir félagsmenn hjá þessum fyrirtækjum. Þetta var mikið framfaraspor fyrir félagið og hafa félagsmenn verið mjög duglegir við að nýta húsið.



Kennarasambandið tekur virkan þátt í baráttudegi launafólks 1. maí ár hvert. Myndin var tekin í kröfugöngunni árið 2019. Hanns K. Þorsteinsson, skrifstofustjóri KÍ, og Dagný Jónsdóttir, sérfræðingur á útgáfuvíði KÍ, halda í heiðursfána sambandsins.



Kjarasamningagerð er eitt af stærstu verkefnum aðildarfélaga KÍ og stundum skerst í odda milli samningsaðila. Dæmi um það var árið 2014 þegar grunnskólakennarar efndu til vinnustöðvunar og fjölmenntu á baráttufund á Ingólfstorgi. Lýsti fundurinn yfir stuðningi við samninganefnd kennara og var Jóni Gnarr, þáverandi borgarstjóra, færð ályktun þess efnis. / Ljós. KÍ.

Kennarasamband Íslands

Sjö félög undir einum hatti

Uppbygging Kennarasambandsins hefur haldist að mestu óbreytt frá stofnun. Innan vébanda KÍ starfa átta aðildarfélög; fimm kennarafélög, tvö stjórnendafélög og Félag kennara á eftirlaunum. Töluverður stærðarmunur er á aðildarfélagunum.

Aðildarfélagin eru:

Félag framhaldsskólakennara, með um 1.800 félagsmenn. Formaður er Guðjón Hreinn Hauksson.

Félag grunnskólakennara, með um 5.400 félagsmenn. Formaður er Þorgerður Laufey Díðriksdóttir.

Félag leikskólakennara, með um 2.300 félagsmenn. Formaður er Haraldur Freyr Gíslason.

Félag stjórnenda leikskóla, með um 400 félagsmenn. Formaður er Sigurður Sigurjónsson.

Félag stjórnenda í framhaldsskólum, með rétt tæpa 100 félagsmenn. Formaður er Ægir Karl Ægisson.

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, með um 500 félagsmenn. Formaður er Sigrún Grendal Jóhannesdóttir.

Skólastjórufélag Íslands, með um 600 félagsmenn. Formaður er Þorsteinn Sæberg.



Þing Kennarasambandsins er æðsta vald sambandsins og þar eru línur lagðar til næstu fjögurra ára; í öllum málaflökkum sem unnið er að hjá KÍ. Myndin er frá sjötta þingi KÍ sem fór fram í apríl 2014. Þórður Hjaltsted, formaður KÍ, Björg Bjarnadóttir, varaformaður KÍ, og Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara sitja á fremsta bekk. / Ljós. KÍ / Styrmir Kári.

Kennarasamband Íslands (KÍ) er stéttarfélag kennara, skólastjórnenda og námsráðgjafa í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum. Félagsmenn eru um ellefu þúsund. Kennarasambandið í núverandi mynd var stofnað árið 2000, með rétt rúmlega sex þúsund félaga innanborðs. KÍ er stéttarfélag þar sem megináhersla er lögð á að bæta kjör kennara. Hlutverk Kennarasambandsins er fyrst og fremst að gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna og fara með samningsrétt um kaup og kjör. Þar að auki gegnir sambandið veigamiklu hlutverki við að efla skólastarf, kennaramenntun og fag- og stéttarvitund félagsmanna og sinna starfsþróun og endurmenntun félagsmanna.

Stjórn

Stjórn KÍ skipa formaður og varaformaður KÍ, sem báðir eru kosnir í allsherjarkosningu meðal félagsmanna KÍ, og formenn aðildarfélaganna sem taldir eru að ofan. Kjörtímabil stjórna, nefnda og ráða innan KÍ eru fjögur ár. Ragnar Þór Pétursson var formaður KÍ 2018-2022 og Anna María Gunnarsdóttir varaformaður á sama tímabili. Ný forysta tók við árið 2022 þegar Magnús Þór Jónsson tók við embætti formanns KÍ og Jónína Hauksdóttir varð varaformaður. Stjórnin fundar um það bil mánaðarlega og á stjórnarfundum eru teknar mikilvægar ákvarðanir sem varða sameiginlega snertifleti félaganna er kemur að kjaramálum, rekstri skrifstofunnar og faglegu starfi félagsmönnum til heilla.

Stjórn KÍ og stjórnir aðildarfélaganna eru þó ekki einar á báti því mikill fjöldi félagsfólks leggur hönd á plóg er kemur að starfsemi KÍ. Trúnaðarmenn aðildarfélaganna eru hátt í fimm hundruð, svæðafélög eru starfrækt um land allt á vegum félaganna og félagsmenn sem sinna starfi í nefndum og ráðum skipta hundruðum. Þessi mikla þátttaka styrkir KÍ svo um munar. Þing KÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins. Þau eru haldin á fjögurra ára fresti og þar er línun lögð í öllum málaflökkum til næstu ára. Á þriðja hundrað þingfulltrúar sækja þessar viðamiklu samkomur sem standa í fjóra daga. Áttunda þing KÍ fer fram í nóvember 2022. Á milli þinga fer stjórn KÍ með æðsta vald.

Kjaramálin

„Sjálfstæði í samningamálum, samstaða í réttindamálum“ var yfirskrift stofnþings KÍ. Þetta á enn við tuttugu árum síðar. Aðildarfélagin hafa samningsumboð og gera hvert um sig kjarasamninga fyrir sína félagsmenn. Þó hafa félögin undangengin ár haft með sér samstarf og samvinnu er kemur að kröfugerð og þeim þáttum sem eru sameiginlegir.

Vinna við kjarasamninga er daglegt brauð á skrifstofu KÍ. Kjaraviðræður standa oftast yfir mánuðum saman og þar sem flestir samningar undanfarinna ára hafa verið til fremur skamms tíma eru nánast alltaf kjaraviðræður í gangi.

Samninganefndir félaganna njóta krafta hagfræðings KÍ sem sinnir upplýsingaöflun, úrvinnslu og framsetningu tölfraðilegra upplýsinga um launa- og kjaramál. Þá eru lögfræðingar KÍ ævinlega til taks í kjarasamningagerðinni.



Timamót í starfsemi Kennarasambandsins urðu 1. febrúar 2020 þegar starfsemin var flutt úr gamla Kennaraskólanum við Laufásveg í nýjnnréttáð húsnæði við Borgartún 30. Vinnuaðstaðan er nú í samræmi við kröfur um aðgengi og gott vinnuumhverfi. Á myndinni eru Þröstur Brynjarsson þjónustufulltrúi, Ásta Steinunn Eiríksdóttir, gjaldkeri sjóða, Elísabet Vignir, fulltrúi á sjóðasviði, Hannes K. Þorsteinsson, skrifstofustjóri, Þorsteinn Sæberg, formaður Skólafélags Íslands, Dagný Jónsdóttir, sérfræðingur á útgáfu- og jafnréttismálum, og Ingibjörg Karlsdóttir, sérfræðingur hjá Félagi framhaldsskólakennara. / Ljós. Kl.



Ragnar Þór Pétursson, formaður Kl, og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, á Skólamálaþingi Kl árið 2019. Fjórdá tækniþytingin og skólakerfi var þema dagsins en skólamálaþing Kl eru árlegur viðburður í tengslum við Alþjóðadag kennara, 5. október. Í aftari röð eru Auður Jónsdóttir rithöfundur, sem flutti ávarp á þinginu, Steinunn Inga Óttarsdóttir, sérfræðingur hjá Félagi framhaldsskólakennara, og Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara. Ljós. Kl. / Sigurður Ó. Sigurðsson.

Skrifstofan

Kennarasambandið hefur frá árinu 2020 haft aðsetur á sjöttu hæð í Borgartúni 30. Húsnæðið er nútímalegt og uppfyllir kröfur um aðgengi, sem hefur skilað sér í meiri starfsánægju. Það voru vissulega viðbrögð fyrir starfsfólk og kjörna fulltrúa að flytja úr gamla Kennarahúsinu við Laufásveg en þar hafði sambandið verið til húsa í nærfellt 30 ár. Um tuttugu manns starfa að jafnaði á skrifstofu Kl, fyrir utan kjörna fulltrúa, og eru allir, utan einn, í fullu starfi hjá Kl. Mannauður er mikill á skrifstofunni; þar starfa lögfræðingar, hagfræðingur og sérfræðingar á sviði kjara- og réttindamála, útgáfu- og kynningarmála. Þá eru ótaldir starfsmenn sjóða Kl og þeir sem starfa við rekstur sambandsins.

Sjóðirnir gegna afar mikilvægu hlutverki í starfseminni:

Sjúkrasjóður veitir viðtæka aðstoð við félagsmenn.

Endurmenntunarsjóðirnir, einn fyrir hvert skólastig, hafa verið eflidir til muna síðustu árin.

Orlofsjóður Kl hefur vaxið og dafnað og nú á sjóðurinn og rekur um sextíu orlofseignir víðs vegar um landið, sem eru afar vinsælar meðal félagsmanna. Sjóðurinn kemur einnig til móts við félagsmenn með flugávisunum, hótelmiðum, veiði- og útilegukortum og mörgu fleira. Starfsfólk Kl leggur sig í líma við að leysa úr öllum málum sem koma upp.

Faglegi þátturinn

Samfélagslegt mikilvægi kennarastarfsins er mikið og því leggur Kl mikla áherslu á að hlúa að faglegum þáttum starfsins. Hin síðari ár hefur verið lögð aukin áhersla á að stuðla að betra vinnuumhverfi fyrir kennara og nemendur. Margir kennarar búa við mikið álag í starfi og því er brýnt að fræða og finna leiðir til að draga úr streitu og bæta starfsumhverfið.

Kórónuveiran skók heimsbyggðina snemma árs 2020 og fór Kennarasambandið ekki varhluta af því. Það var þó mikið lán að undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að nútímavæða starfsemi Kl. Til dæmis voru allir starfsmenn komnir með fartölvur þegar ósköpin dundu yfir. Þannig reyndist auðveldara en ella að láta starfsfólk vinna heima þegar á þurfti að halda. Styrkur Kennarasambandsins kom berlega í ljós við upphaf faraldursins. Stjórn Kl var samheldin og fundaði daglega í stað mánaðarlega. Forystu Kl tókst að halda uppi milliliðalausum samskiptum við stjórnvöld og almannavarnir – allt í því augnamiði að koma í veg fyrir röskun á skólastarfi. Vinnudagarnir voru langir þessar vikur og mánuði en það sem skipti mestu máli var að rödd Kl fékk hljómgrunn þegar voru teknar ákvarðanir eru vörðuðu skólamáli. Félagmenn Kl sýndu gríðarlegan styrk við erfiðar aðstæður. Leikskólum og framhaldsskólum var haldið opnum í gegnum faraldurinn og aðeins þurfti að loka grunnskólum í einn dag. Viðbrögð og úrlausnir Kl og kennarastéttarinnar vöktu athygli út fyrir landsteinana. Magnús Þór Jónsson, formaður lýsti þeim svona í pistli á vef Kl í lok maí 2022:

„Við höfum unnið enn eitt stórvirkið síðustu ár þar sem við náðum betri árangri í varnarbaráttu menntunar í heimsfaraldri en annars staðar í heiminum og erum tilbúin að nýta þá reynslu til að verða enn betri í störfum okkar, öllum börnum til heilla.“



Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, vísitæði skrifstofu Kl í apríl 2022. Tilgangur heimsóknarinnar var að hitta Magnús Þór Jónsson, formann Kl, og Jónínu Hauksdóttur, varaformann Kl. Magnús og Jónína voru á þessum tímum að taka við embættum sínum. / Ljós. Kl.



Það eru ekki bara kjara- og réttindamál sem eru efst á baugi hjá Kl. Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum færir samfélaginu tónlistina. Árlega efnir FT til Nótunnar, uppskeruhátíðar tónlistarskóla. Oftast hefur verið efnit til svæðishátíða um allt land og svo endað á stórrí lokahátíð þar sem tónlistarmenn framtíðarinnar láta í ljós sitt skína. Þannig var það árið 2017 þegar þessi mynd var tekin af glæsilegu ungu tónlistarfólki í Hörpu.



Kennarasambandið efnir til aukþingis árið 2020 með að markmiði að ræða uppgjöngu og skipulag sambandsins. Þingið var sent út á netinu vegna COVID-19. Mikill viðbúnaður fylgdi því, fjöldi tæknimanna og starfsfólk Kl unnu gott starf við að koma þinginu í loftið. Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður Kl, er í pontu að ávarpa þingheim.



Landssamband lögreglumanna



Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna.

Landssamband lögreglumanna (LL) er stéttarfélag allra lögreglumanna á Íslandi og helsta markmið þess er hagsmunagæsla í hvívetna fyrir lögreglumenn. Þar undir fellur m.a. kjara- og réttindabarátta hverskonar auk þess að bjóða félagsmönnum upp á ýmsa þjónustu eins og aðgang að sumarhúsum í eigu landssambandsins. Sem eitt af aðildarfélögum BSRB er hagsmunabarátta lögreglumanna einnig háð á þeim vettvangi.

Sagan

LL var stofnað þann 1. desember 1968 og þá sem landssamband þeirra lögreglufélaga sem þá störfuðu um land allt. Tildrög stofnunar LL voru þau að kjarasamningsumhverfi opinberra starfsmanna var á þessum árum að taka algerum stakkaskiptum en allt fram til ársins 1962 höfðu laun ríkisstarfsmanna verið ákveðin með lögum. Lögreglumenn voru reyndar allt fram til ársins 1972 starfsmenn sveitarfélaga landsins og ríkið kom í raun lítið að löggæslu að öðru leyti en því að skipa og greiða laun lögreglustjóra landsins eins var með sýslumenn, sem fóru með lögreglustjórn utan Reykjavíkur.

Fram að stofnun LL var Lögreglufélag Reykjavíkur – stofnað 1935 – starfandi, með sjálfstæðan samningsrétt gagnvart Reykjavíkurborg. Árið 1949 stofnuðu lögreglumenn á Suðurnesjum stéttarfélag og voru þessi tvö lögreglufélög, ásamt Lögreglumannafélagi Hafnarfjarðar (síðar Lögreglufélag Hafnarfjarðar) – stofnað 1955 – í raun einu starfandi hagsmunasamtök lögreglumanna í landinu.

Í kjölfar greinar sem Erlingur Pálsson, þáverandi yfirlögregluþjónn í Reykjavík, ritaði í Morgunblaðið í júnímánuði 1966, komst svo skriður á stofnun LL en Erlingur nefndi það sem markmið slíkra samtaka – sem hann nefndi reyndar Lögreglusamband Íslands – að koma öllum starfandi lögreglumönnum landsins undir eina faglega stjórn sem hefði það meginmarkmið að hafa forystu í samningum um kjaramál, réttindi og skyldur eftir því sem þörf krefði, vera í sambandi og samstarfi við slík samtök erlendis og kynna sér þann árangur sem þar hefði náðst í hagsmuna- og menningarmálum lögreglumanna. Erlingur lést síðar þetta sama ár og náði því ekki að sjá þau markmið nást sem hann hafði svo ótullega unnið að, þ.e. stofnun Landssambands lögreglumanna. Það kom því í hlut annarra að halda merki Erlings á lofti í þessum efnum og í apríl 1967 flutti Jónas Jónasson – fyrsti formaður LL – þá tillögu á fundi Lögreglufélags Reykjavíkur að kjörin yrði sérstök nefnd til að kanna grundvöll að stofnun Landssambands lögreglumanna. Í nefndina voru kosnir, auk Jónasar, þeir Ívar Hannesson og Gísli Guðmundsson.

Nefndin fundaði með fulltrúum lögreglumanna í nágrenni Reykjavíkur og mættu til fundarins Björn H. Björnsson frá Akranesi, Björn Pálsson frá Keflavíkurflugvelli, Garðar Sigfússon frá Kópavogi, Steingrímur Atlason frá Hafnarfirði, Sigtryggur Árnason frá Keflavík og Tómas Jónsson frá Selfossi. Kom berlega í ljós að mikill áhugi var fyrir stofnun heildarsamtaka og niðurstaðan varð sú að fela Lögreglufélagi Reykjavíkur að beita sér fyrir stofnun landssambands fyrir lögreglumenn. Frá þeim tíma var forystan ótvírætt í höndum Jónasar Jónassonar.

Kjaramál

Eðli máls samkvæmt voru kjaramál aðalverkefni nýstofnaðra samtaka. Þau voru ekki einföld þá frekar en nú á dögum. Í upphafi voru lögreglumenn starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga auk lítils hóps ríkisstarfsmanna. Skriður komst á þessi mál 1972 þegar Alþingi ákvað að færa lögregluna frá sveitarfélögum til ríkis og samþykkt voru lög um lögreglumenn. Samningsrétturinn var þá á hendi BSRB sem gerði aðalkjarasamning eins og hann var þá kallaður en einstök stéttarfélög gerðu í kjölfar hans sérkjarasamning, hvert fyrir sína umbjóðendur.

Samningsréttarlög breyttust árið 1986 og færðist samningsrétturinn þá í hendur hvers stéttarfélags fyrir sig. Aðildarfélög BSRB hafa engu að síður átt viðtækt samstarf við gerð kjarasamninga og bandalaginu oft falið að annast samninga um ýmis sameiginleg réttindamál þótt í framhaldinu hafi oft orðið breytingar á lokafrágangi í ljósi mismunandi hagsmuna ólíkra hópa.

Það lá í loftinu 1986 að Alþingi hygðist leggja bann við verkföllum lögreglumanna. Verkfallsréttinum hafði þó ekki verið hægt að beita sem slíkum en athygli hafði vakið, ekki síst erlendis, virk þátttaka lögreglumanna í verkfallsaðgerðum BSRB. Forystan á þeim tíma kaus að ræða leiðir sem komið gætu í stað verkfallsréttar og var fundin sú lending að sérstakur viðmiðunarsamningur var felldur inn í kjarasamning þar sem Hagstofan átti að meta út frá ákveðnum forsendum hvort lögreglumenn hefðu haldið kjaralegri stöðu sinni miðað við valda hópa og yrði niðurstaðan neikvæð skyldi þeim bættur mismunurinn frá þeim tíma sem hans varð vart. Í fyrstu voru vanefndir af hálfu viðsemjandans, útreikningar fóru ekki fram og seint og um síðir voru þeir gerðir en ekki virtust aðilar þá á einu máli um forsendur útreikninga. Árið 1992 var ákveðið að leggjast í rannsókn á tilurð samningsins og þeirra forsendna sem honum var ætlað að uppfylla. Var þá skipaður sérstakur vinnuhópur sem hafði það verkefni að fara yfir stöðu mála frá upphafi og að tillögu fjármálaráðuneytisins var Þóri Einarssyni, prófessor við Háskóla Íslands og síðar Ríkissáttasemjara, falið að veita starfshópnunum formennsku. Aðrir í hópnunum voru Jónas Magnússon og Kristján Kristjánsson frá LL og Indriði Þorláksson og Benedikt Jóhannesson frá fjármálaráðuneyti. Undir dyggri forystu Þóris komst hópurinn loks að niðurstöðu og hækkuðu grunnaun nokkuð, afturvirktil þess tíma sem mismunur var talinn rakinn til. Þetta fyrirkomulag átti um nokkurra ára tímabil eftir að virka og skilaði stéttinni nokkrum kjarabótum á komandi árum. Það var hins vegar ljóst að samningurinn var þyrnir í augum viðsemjandans og var hann í byrjun þessarar aldar felldur brott úr kjarasamningi, þó að segja megi að hann hafi verið keyptur fyrir nokkrar bætur. Leiðir hans eru þó enn til staðar og heimilt að efna til rannsókna á kjörum lögreglumanna og annarra, og leiði niðurstaðan í ljós að hallað hafi á lögreglumenn, skal það notað til viðmiðunar í komandi kjaraviðræðum aðila.

Þegar íslenskir lögreglumenn fóru að kynnast í auknum mæli starfsháttum og kjörum lögreglumanna í nágrennalöndum kom ýmislegt í ljós sem var lakara hjá félagsmönnum LL en aðrir áttu að venjast. Hvergi þekktist að lögreglumenn ynnu um eða yfir 100 klst. í yfirvinnu á mánuði og hvergi þekktist að lögreglumenn ynnu til 70 ára aldurs. Var lækkun starfslokaaldurs því eitt af helstu baráttumálum LL frá stofnun þess. Á löngum tíma voru skipaðir starfshópar LL og ráðuneyta til að leita leiða til breytinga. Undir lok síðustu aldar komst skriður á þessi mál og þáverandi fjármálaráðherra, Geir Haarde, lýsti vilja sínum f.h. ríkisstjórnar til að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, svo hægt yrði að tryggja lögreglumönnum full eftirlaun við 65 ára aldur. Þáverandi dómismálaráðherra, Sólveig Pétursdóttir, studdi framgang þessa máls heils hugar og lýsti einnig vilja sínum f.h. ríkisstjórnar til að leggja fram frumvarp til breytinga á lögreglulögum þar sem lögreglumönnum yrði gert að láta af störfum við 65 ára aldursmark. Aðlögun var gefin fyrstu árin gagnvart þeim sem næst þessum tímamótum stóðu á lífaldri. Þar með komust íslenskir lögreglumenn skrefi nær starfsfélögum í nágrennalöndum þótt meira þurfi til svo við stöndum jafnfætis.





Mikill fjöldi íslenskra ljósmæðra sótti ráðstefnu NJF í Helsinkí maí 2022 þar sem þó nokkrar íslenskar ljósmæður kynntu einnig rannsóknir sínar.

Ljósmæðrafélag Íslands



Stjórn Ljósmæðrafélags Íslands 2021. Frá hægri: Gréta María Birgisdóttir, ritari; Jóhanna Ólafsdóttir, aðaltrúnaðarmaður; Bryndís Ásta Bragadóttir, gjaldkeri; Unnur Berglind Friðriksdóttir, formaður; Hafðís Guðnadóttir, meðstjórnandi og Guðlaug María Sigurðardóttir, sitjandi varaformaður. Á myndina vantar Ingu Mariu H. Thorsteinsson, varaformann.



Hópur ljósmæðra sem útskrifaðist vorið 2022.

Ljósmæðrafélag Íslands var stofnað þann 2. maí 1919 við Laugaveg 20 í Reykjavík. Tilgangur stofnunar félagsins var að gæta hagsmuna íslenskra ljósmæðra og voru stofnendur félagsins 20 ljósmæður, þar af tíu nýútskrifaðar aðeins mánuði áður en félagið var sett á fót. Fyrsti formaður Ljósmæðrafélags Íslands var Púríður Bárðardóttir sem gegndi hlutverkinu í 27 ár frá 1919-1946. Í dag er formaður félagsins Unnur Berglind Friðriksdóttir sem var kjörin 2021 og tók þá við af Áslaugu Írís Valsdóttur sem gegnt hafði starfinu frá 2013.

Ljósmæðrafélag Íslands hefur alla tíð lagt mikla áherslu á hagsmunamál ljósmæðra og skjólstaðinga þeirra og barist fyrir réttindum stéttarinnar og gengt þar hlutverki bæði fag- og kjarafélags. Meginmarkmið félagsins hafa meðal annars snúið að umsjón kjarasamninga, eflingu ljósmæðra og að hafa eftirlit með og gæta að menntun þeirra.

Menntun ljósmæðra og starfsréttindi

Saga menntunar ljósmæðra er löng en skipulögð ljósmæðrakennsla á Íslandi má segja að hefjist með erindisbréfi fyrsta landlæknis þjóðarinnar, Bjarna Pálssonar, sem kjörinn var í embættið árið 1760. Í gegnum tíðina hafa merk tímamót og breytingar á menntun þessarar fagstéttar átt sér stað. Þann 15. janúar 1996 hófst nýtt nám í ljósmóðurfraeði við Háskóla Íslands þar sem ljósmæður fengu loks sjálfar að stýra námi sínu og er það eitt helsta undirstöðuatriði þess að stéttin sé skilgreind sem fagstétt. Í dag er ljósmóðurnámið tveggja ára framhaldsnám að loknu grunnnámi í hjúkrunarfræði og lýkur með meistarágráðu til starfsréttinda (MS) en fram til 2019 lauk því með embættisprófi (candidate obstetricorum).

Baráttan fyrir starfsréttindum og menntun ljósmæðra sem fagstéttar er að miklu að þakka starfsemi Ljósmæðrafélags Íslands. Staða ljósmæðra í tengslum við aðrar fagstéttir innan heilbrigðisviðsins hefur oft verið til umræðu. Nefna má að á aðalfundi Ljósmæðrafélags Íslands þann 9. maí 1981 var sú staðreynd til umfjöllunar að ýmsar starfsstéttir í heilbrigðisþjónustu gegndu nú störfum ljósmæðra og spyrna þyrfti við þeirri þróun.

Starfsemin

Ljósmæðrafélag Íslands heldur áfram að standa vörð um málefni ljósmæðra og berjast fyrir bættum kjörum þeirra sem þessu mikilvæga hlutverki sinna. Þau mál sem helst hafa verið á oddi Ljósmæðrafélags Íslands síðastliðin ár snerta það mikla álag sem ljósmæður eru undir en aldrei hefur áður vantað jafn margar ljósmæður til starfa og nú. Vandamálið á sér marga vinkla að sögn Unnar Berglindar Friðriksdóttur, núverandi formanns Ljósmæðrafélags Íslands en í viðtali við MBL lýsir hún því að skort á starfsfólki megi rekja til þess að margar ljósmæður hrökklist úr starfi vegna álags og hve stór hluti starfandi ljósmæðra sé að fara á eftirlaun og of fáar ljósmæður útskrifast úr námi á ári hverju á móti. Segir hún mannekluna mikið áhyggjuefni, sérstaklega með tilliti til þess hve mikil fjölgun hefur verið á verkefnum ljósmæðra.



Vorferð eldri ljósmæðra, vorið 2022.

Hlutverk

Hlutverk Ljósmæðrafélags Íslands snýr þó ekki eingöngu að menntun ljósmæðra og kjarabaráttu heldur gegnir félagið lykilhlutverki í vitundarvakningu og fræðslu tengdri sviði ljósmæðra. Félagið er einnig í góðu samstarfi við erlendar ljósmæður í gegnum erlend samtök ljósmæðra eins og Nordisk Jordemoder Forening (NJF), European Midwives Association (EMA) og International Confederation of Midwives (ICM).

Fræðsla

Ljósmæðrafélag Íslands hefur haldið úti sérstökum fræðsluvef, ljósmodir.is, þar sem nálgast má fjölbreytt og áreiðanlegt fræðsluefni fyrir foreldra. Að auki sér félagið um að halda ráðstefnur, fræðsludaga og námskeið m.a. með því að skipuleggja heimsóknir erlendra fyrirlesara. Þá má einnig nefna Ljósmæðrablaðið, tímarit Ljósmæðrafélags Íslands, en þar koma tvö tölublöð út á ári hverju. Blaðið kom fyrst út árið 1922 og á því á þessu ári hundrað ára afmæli á þessu ári. Núverandi ritstjóri þess er Ólöf Ásta Ólafsdóttir.

Afmæli

Árið 2019 voru hundrað ár liðin frá stofnun Ljósmæðrafélags Íslands og var því fagnað með pomp og prakt. Minningarsteinn var lagður í stéttina við húsið á Laugavegi 20 og áttu ljósmæðurnar, deild eldri ljósmæðra heiðurinn að þeirri hugmynd og sáu um alla framkvæmd. Fjölmargar ljósmæður voru viðstaddar athöfnina og skörtuðu íslenska þjóðbúningnum í tilefni dagsins. Að auki var ákveðið að halda skyldi daginn hátíðlegan með ritun nýrrar bókar sem færi ítarlega yfir sögu félagsins síðustu öldina og kom bókin Ljósmæðrafélag Íslands í 100 ár út árið 2021. Í Ritnefnd sátu Áslaug Íris Valsdóttir Petty, Álfheiður Árnadóttir, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Hildur Kristjánsdóttir, Inga Sigríður Árnadóttir, og Ólöf Ásta Ólafsdóttir sem einnig sá um ritstjórn söguhluta.

Framtíðarsýn

Ljósmæðrafélag Íslands heldur áfram að gegna mikilvægu hlutverki í verndun og stuðningi ljósmæðrastéttarinnar, sinna réttindabaráttu af krafti sem og að stuðla að sí- og endurmenntun fyrir ljósmæður, sem og að standa vörð um þá þjónustu sem stendur fjölskyldum til boða í barneignarferlinu.

Stjórnendur

Í dag eru skráðir meðlimir í Ljósmæðrafélaginu tæplega 300 og í stjórn sitja Unnur Berglind Friðriksdóttir, formaður; Inga M. H. Thorsteinsdóttir, varaformaður; Gréta María Birgisdóttir, ritari; Bryndís Ásta Bragadóttir, gjaldkeri; Jóhanna Óalfsdóttir, Guðlaug María Sigurðardóttir og Hafdís Guðnadóttir meðstjórnendur.



Yfir 100 ljósmæður komu saman 14. maí þegar árlegur fræðsludagur ljósmæðra var haldinn í Nauthól, eftir tveggja ára hlé vegna COVID-19.



Áhugasamar ljósmæður fylgjast með handtökum kennara á námskeiði á vegum Gynzone í Kaupmannahöfn vorið 2022.



Heiðursfélagar LÍ tilnefndir á 100 ára afmæli félagsins.



Formenn norrænu læknafélaganna, formaður LÍ lengst til hægri.

Læknafélag Íslands



Félagar í öldungadeild LÍ á ferðalagi í útlöndum.

Læknafélag Íslands (LÍ) er heildarsamtök lækna. Formaður LÍ er Steinunn Þórðardóttir öldrunarlæknir. Hún er önnur konan til að gegna formennsku í LÍ í liðlega 100 ára sögu þess. Birna Jónsdóttir röntgenlæknir var fyrst kvenna formaður LÍ. Aðildarfélög LÍ eru fjögur: Félag almennra lækna (FAL), stofnað 1971. Þar eru lækna sem ekki hafa lokið sérfræðinámi. Félag íslenskra heimilislækna (FÍH), stofnað 1978. Þar eru heimilislækna. Félag sjúkrahúslækna (FSL), stofnað 2018. Þar eru sérfræðilækna sem starfa á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Læknafélag Reykjavíkur (LR), stofnað 1909 og er elsta félag lækna á Íslandi. Þar eru lækna sem starfa að hluta eða öllu leyti á eigin stofum. Aukaaðild að LÍ geta fengið læknanemar. Félagsmenn Öldungadeildar LÍ, sem hættir eru störfum, teljast einnig aukaaðilar að LÍ.

Margþætt hlutverk

LÍ er annars vegar stéttarfélag sem annast gerð kjarasamnings við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd þeirra félagsmanna sem starfa hjá ríkisreknum heilbrigðisstofnunum. Hins vegar er LÍ fagfélag, þ.e. stuðlar að endur- og viðhaldsmenntun lækna. Skrifstofa LÍ er í Hlíðasmára 8, Kópavogi. Þar hafa aðsetur Fræðslustofnun lækna, Fjölskyldu- og styrktarsjóður og Orlofsjóður. Skrifstofan veitir alla almenna þjónustu til félagsmanna og svarar fyrirspurnum, m.a. um kjarasamninga. Réttindamál og lögfræðiráðgjöf eru umfangsmikill þáttur í starfsemi LÍ, sem og upplýsingagjöf og ráðgjöf varðandi styrki úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði. Skrifstofan annast rekstur orlofshúsa fyrir Orlofsjóð. Þar er fundaraðstaða fyrir aðildarfélög LÍ og félagsmenn. Skrifstofa félagsins er opin alla virka daga milli 9:00 og 16:00. Á skrifstofunni starfa níu starfsmenn, þar af þrjú hjá Læknablaðinu. Framkvæmdastjóri LÍ er Dögg Pálsdóttir lögfræðingur.

Öflug starfsemi í rúma öld

LÍ var stofnað 14. janúar 1918. Stofnfélagar voru 39 talsins. Fyrsti formaður félagsins var Guðmundur Hannesson prófessor. Um mitt ár 2022 eru félagsmenn LÍ 1644. Þá eru u.þ.b. 275 lækna í öldungadeild félagsins.

Fulltrúalyðræði

Á aðalfundi LÍ 2017 voru gerðar skipulagsbreytingar á félaginu. Áður voru lækna í LÍ gegnum svæða- og aðildarfélög. Eftir breytinguna eru lækna í LÍ og velja sér eitt aðildarfélaganna eða eru einstaklingsaðilar í LÍ. Aðalfundur LÍ er fulltrúafundur þar sem aðildarfélögin fara með atkvæðisrétt félagsmanna sinna. Félagsmenn í LÍ geta falið einu aðildarfélagi atkvæðisrétt sinn eða skipt atkvæði sínu milli tveggja aðildarfélaga. Aðildarfélögin tilnefna fulltrúa sína til setu á aðalfundi LÍ í samræmi við félagafjölda í hverju aðildarfélagi. Aðalfundarfulltrúar, ásamt formanni LÍ, hafa atkvæðisrétt á aðalfundi LÍ. Allir félagsmenn geta þó setið aðalfundi LÍ, með málfrelsi og tillögurétt.



Frá félagsfundi hjá LÍ í janúar 2015.



Læknakórinn á 100 ára afmælishátíð LÍ 2018.



Fundur formanns LÍ með læknum á Sauðárkróki í maí 2022.

Stjórn og nefndir

Stjórn LÍ er skipuð átta stjórnarmönnum auk formanns. Formaður LÍ er kosinn rafrænni kosningu af öllum félagsmönnum, til tveggja ára í senn. Aðildarfélögin eiga tvo stjórnarmenn hvert í stjórn LÍ og er formaður hvers aðildarfélags ætíð annar þeirra. Í stjórn LÍ eiga nú sæti auk Steinunnar Þórðardóttur formanns: Oddur Steinarsson varaformaður, Þórdís Þorkelsdóttir gjaldkeri, Ingibjörg Kristjánsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Magdalena Ásgeirsdóttir, Margrét Ólafía Tómasdóttir, Ragnar Freyr Ingvarsson, Sólveig Bjarnadóttir og Theódór Skúli Sigurðsson.

Innan LÍ starfar m.a. siðfræðiráð, lýðheilsuráð, samskipta- og jafnréttisnefnd, laganefnd, utanríkisnefnd, samninganefnd, orðanefnd og stjórnir Orlofssjóðs, Fjölskyldu- og styrktarsjóðs og Fræðslustofnunar lækna..

Siðareglur lækna

Fyrstu siðareglur íslenskra lækna voru samþykktar 1915. Síðan hefur siðareglunum verið breytt nokkrum sinnum. Níunda útgáfa siðareglna lækna var samþykkt á aðalfundi LÍ 2021. Siðanefnd lækna, kosin á aðalfundi LÍ, fjallar um mál sem til hennar er vísað vegna meintra brota félagsmanna LÍ á siðareglum lækna.

Læknablaðið

LÍ er útgefandi Læknablaðsins, sem kemur út 11 sinnum á ári og hefur gert óslitið frá ársbyrjun 1915. Fyrsti ritstjóri Læknablaðsins var Guðmundur Hannesson. Læknablaðið fylgir alþjóðlegum viðmiðum um kröfur til fræðigreina og fræðigreinar blaðsins hafa verið skráðar í gagnagrunn Medline / Pubmed frá árinu 2005. Fræðigreinar og tilvitnir í þær eru ennig skráðar á vefi Science Citation Index, Journal Citation Report / Science Edition, Scopus og Google Scholar.

Læknadagar

Frá árinu 1995 hefur LÍ gengist fyrir vikulöngum námskeiðum í janúarmánuði. Árið 2000 var farið að kalla þau Læknadaga og er undirbúningur þeirra í höndum stjórnar Fræðslustofnunar lækna, sem stofnuð var á aðalfundi LÍ 1997. Á Læknadögum er boðið upp á yfirgripsmikla dagskrá í fimm daga frá morgni til kvölds með yfir 30 málþingum og á annan tug hádegisfunda með framlagi á annað hundrað lækna og annarra fræðimanna.

Sjóðir

Hjá LÍ starfa tveir sjóðir, Fjölskyldu- og styrktarsjóður og Orlofssjóður. Úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði fá lækna styrki vegna veikinda, barnsfæðinga og ýmsa aðra styrki. Orlofssjóður býður nú upp á 16 orlofskosti um allt land. Flestir eru í eigu sjóðsins og í útleigu allt árið.

Alþjóðleg samvinna

LÍ er aðili að ýmsum alþjóðlegum samtökum lækna. LÍ er eitt stofnfélaga Alþjóðasamtaka lækna (World Medical Association - WMA). Formaður LÍ, Steinunn Þórðardóttir er um þessar mundir fulltrúi Norðurlandanna í stjórn WMA. Þá er LÍ í samstarfi sérfræðilækna í Evrópu (UEMS) og í Fastanefnd evrópskra lækna (CPME). Loks tekur LÍ virkan þátt í samstarfi systurfélaga á Norðurlöndum. Formenn norrænu læknafélaganna hittast a.m.k. tvisvar á ári og hafa með sér talsverða samvinna, m.a. í WMA og CPME.

Vefsíða: www.lis.is



Mannfagnaður hjá Matvís / Ljós. Guðjón Steinsson.

Matvís

Málsvari fólks í matvæla- og veitingagreinum



Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, formaður.

MATVÍS er félag iðnaðarmanna í matvæla- og veitingagreinum. Í félaginu eru bakarar og kókugerðarmenn, framleiðslu-, kjötiðnaðar- og matreiðslumenn auk nema og ýmissa annarra sem starfa við framleiðslu, matreiðslu og sölu á matvælum. Tilgangur félagsins er að sameina í eitt félag alla launþega í matvæla- og veitingagreinum með það fyrir augum að vinna að bættum kjörum þeirra. Það er einnig hlutverk félagsins að vera í forsvari um samræmdar aðgerðir við samninga um kaup og kjör og koma fram fyrir hönd félagsmanna í þessum greinum þegar um heildarsamninga er að ræða. Félagið á einnig samskipti við önnur heildarsamtök, innlend sem erlend, stjórnvöld og norræn heildarsamtök greinanna, svo eitthvað sé upp talið.

Saga félagsins

Matvæla- og veitingasamband Íslands hafði lengi verið í undirbúningi þegar það var loks stofnað formlega 12. mars 1996. Þeir sem að stofnun sambandsins stóðu voru Bakararveinafélag Íslands, Félag framreiðslumanna, Félag matreiðslumanna og Félag kjötiðnaðarmanna. Seinna komu inni í sambandið Félag nema í matvæla- og veitingagreinum og Félag matartækna. Þessi félag voru flest stofnuð á fyrri hluta 20. aldar. Bakararveinafélag Íslands var stofnað fyrst þessara félaga, árið 1908. Saga félagsins teygir því anga sína meira en 100 ár aftur í tímann.

Hagræðing og samvinna

Markmiðið með stofnun sambandsins fyrir síðustu aldamót var að ná fram aukinni hagræðingu hjá félögum. Í því fólst meðal annars að stofna einn sjúkrasjóð, einn orlofshúsasjóð og koma á öflugum vinnudeilusjóði. Innheimta og lögfræðipjónusta fyrir félögin varð sameiginleg. Áður höfðu félögin starfað saman í fræðslumálum, með góðum árangri. Fyrsti formaður félagsins var Niels S. Olgeirsson, sem starfaði sem slíkur þar til núverandi formaður, Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, var kjörinn í mars 2018. Um tíu árum eftir stofnun sambandsins, síðla árs 2006, var samþykkt að ganga alla leið í sameiningu félaganna sem að sambandinu stóðu. Þá varð MATVÍS að því félagi sem það er í dag.

Iðnfélög undir einu þaki

MATVÍS hefur aðsetur í Húsi Fagfélaganna við Stórhöfða 31 í Reykjavík. Þar eru sameinuð undir einu þaki fimm félag iðnaðarmanna. Félagin eru, auk MATVÍS, Rafiðnaðarsamband Íslands, BYGGIÐN – Félag byggingamanna, SAMIÐN – Samband iðnfélaga og FIT, félag iðn- og tæknigreina. Hús Fagfélaganna var formlega opnað 25. nóvember 2019.

Félögin starfa saman á ýmsum sviðum en samstarfið miðar allt að því að bæta enn frekar þjónustu við félagsmenn. Félagin samnýta móttöku, fundarsali, mötuneyti og starfsfólk sem sinnir almenni skrifstofuvinnu. Starfsfólk nýtur þess einnig að hafa undir einu þaki mikla þekkingu og reynslu þegar kemur að ýmsum viðfangsefnum í rekstrinum, svo sem vegna kjaramála og sjúkrasjóðs. Í þessu felst mikill styrkur fyrir félögin en þau hyggja á samstarf á fleiri





Kokkar bregða á leik.

sviðum. Óskar Hafnfjörð Gunnarsson hefur verið formaður MATVÍS í rúm tvö ár, þegar hann leysti fyrsta formann félagsins af hólmi. Að honum meðtöldum hafa fjórir starfsmenn verið í fullri vinnu á skrifstofu félagsins, að viðbættu því starfsfólki sem félögin nýta sameiginlega.

Öflugt fræðslustarf

MATVÍS vinnur að aukinni starfsmenntun á því sviði sem félagið tekur til; bæði að því er snertir iðnnám, framhaldsnám og aðra starfsþjálfun og fræðslustarfsemi hverskonar. Félagið er í hópi eigenda IÐUNNAR fræðsluseturs, sem varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu vorið 2006. Hlutverk IÐUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í iðnaði. Hjá matvæla- og veitingasviði IÐUNNAR geta félagsmenn MATVÍS sótt ýmis námskeið og aukið þannig hæfni sína og færni.

Lífeyrissjóður iðnaðarmanna

MATVÍS starfrækir lífeyrissjóð fyrir félagsmenn og hefur gert svo að segja frá stofnun. Skömmu eftir að MATVÍS varð til, árið 1996, stofnuðu matreiðslumenn, ásamt Rafiðnaðarsambandi Íslands, lífeyrissjóðinn Lífiðn. Lífiðn og Samvinnulífeyrissjóðurinn sameinuðust undir heitinu Stafir lífeyrissjóður árið 2006, sem áratug síðar sameinaðist Sameinaða lífeyrissjóðnum undir heitinu Birta. Birta er helsti lífeyrissjóður iðnaðarmanna á Íslandi.

Verkefni frá degi til dags

Starfsfólk MATVÍS liðsinnir félagsmönnum og aðstoðar eftir megni allt árið um kring. Félagið stendur þétt við hlið félagsmanna þegar þeir verða fyrir launaþjófnaði eða brotið er með öðrum hætti á samningsbundnum réttindum þeirra. Vinnustaðaeftirlit er mikilvægur þáttur í starfsemi MATVÍS. Að eftirlitinu stendur félagið með öðrum félögum í Húsi Fagfélaganna. Í vettvangsferðum er meðal annars fylgst með aðbúnaði starfsmanna við vinnu sína.

MATVÍS heldur eins og önnur stéttarfélög úti öflugum sjúkrasjóði. Þangað geta félagsmenn leitað eftir styrkjum, þegar greiðslum atvinnurekenda lýkur, ef veikindi eða slys ber að garði. MATVÍS rekur einnig svokallaðan orlofsheimilásjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að koma upp og reka orlofshús sem félagsmenn geta nýtt sér. Í dag geta félagsmenn leigt orlofshús og íbúðir í Svignaskarði í Borgarfirði, í Grímsnesi, á Akureyri og í Reykjavík. Að auki rekur félagið íbúð á Spáni og í Flórída í Bandaríkjunum, sem jafnframt eru leigðar út til félagsmanna. Á vefsíðu félagsins, matvis.is geta félagsmenn nálgast hagnýtar upplýsingar um réttindi sín og skyldur, kjarasamninga, orlofsmál og sjúkrasjóð, svo eitthvað sé nefnt. Á tímum farsóttar eru félagsmenn hvattir til eiga samskipti við félagið með rafrænum leiðum. Þetta hefur gengið vel. Fyrir félaginu vakir því að efla rafræna upplýsingagjöf enn frekar.



Niels Sigurður Olgeirsson, matreiðslumeistari og fyrrverandi formaður MATVÍS.





Miðstjórn RSÍ.

Rafiðnaðarsamband Íslands



Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður og framkvæmdastjóri.

Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ) er landssamband 8 stéttarféлага í rafiðnaði. Aðildarfélagin eru Félag íslenskra rafvirkja, Félag tæknifólks í rafiðnaði, Félag rafeindavirkja, Félag íslenskra símamanna, Rafiðnaðarfélag Norðurlands, Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi, Rafiðnaðarfélag Suðurnesja og Grafía, stéttarfélag í prent- og miðlungargreinum. Heildarfjöldi félagsmanna árið 2020 er um 6.600 manns.

RSÍ er samband allra launþega er starfa í rafiðnaðargeiranum, hvort sem þeir hafa löggilt sveinspróf eða ekki. RSÍ sér um allan daglegan rekstur fyrir aðildarfélagin svo sem gerð kjarasamninga, rekstur styrktarsjóðs, orlofseigna o.fl. Starfsemi RSÍ felst í því að standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna og fjölskyldna þeirra. Helstu verkefni eru gerð og túlkun kjarasamninga sem er fyrirferðamikill þáttur í daglegu starfi. Félagsgjald RSÍ er 1% af heildarlaunum félagsmanns, auk þess greiðir atvinnurekandi 1% gjald í sjúkra/styrktarsjóð, 0,25% í orlofssjóð, 1,1% í eftirmenntunarsjóð og í tilfellum rafvirkja 0,1% ákvæðisvinnugjald. Skilyrði um greiðslu í eftirmenntunarsjóð geta þó verið misjöfn eftir kjarasamningum.

Sjúkra/styrktarsjóður

Hlutverk sjúkra/styrktarsjóðs er að styðja við félagsmenn á ýmsan hátt. Í langvinnum veikindum eiga félagsmenn rétt á greiðslum úr sjúkrasjóðnum þegar veikindaréttur er fullnýttur hjá atvinnurekanda. Styrktarsjóður greiðir félagsmönnum ýmsa styrki til uppbyggilegra þátta svo sem til líkamsræktar, viðtalsmeðferðar, gleraugnakaupa ásamt fjölda annarra styrkja.

Orlofsmál

Hlutverk orlofssjóðs er að standa undir rekstri sameiginlegs orlofskerfis þar sem félagsmenn geta leigt orlofshús eða notið útivistar á orlofssvæði RSÍ. RSÍ hefur yfir að ráða 61 orlofshúsi sem flest eru í eigu þess en örfá hús eru leigð af þriðja aðila á svæðum sem eru eftirsótt á hverjum tíma. Húsin eru víðsvegar um landið. Einnig á RSÍ þrjú hús á Torrevieja svæðinu á Spáni og tvö hús á Flórída í samstarfi við MATVÍS. Jafnframt hafa félagsmenn haft aðgang að leiguíbúð í miðborg Kaupmannahafnar.

RSÍ á og rekur glæsilegt orlofssvæði á Skógarnesi við Apavatn en á svæðinu eru fimmtán orlofshús sem eru frá 65 fm² til 270 fm². Á svæðinu er einnig rekið tjaldsvæði, þar sem ýmis afþreying stendur gestum svæðisins til boða, eins og golf, veiði, afnot af bátum og leiktæki fyrir börnin.

RSÍ á og rekur glæsilegt orlofssvæði í Miðdal við Laugarvatn. Þar eru fimm orlofshús, fjögur í heilsársútleigu til félagsmanna. Í Miðdal er einnig tjaldsvæði með salernis- og sturtuadstöðu, leiksvæði fyrir börn, ærslabelg, körfuboltavelli og minigolfi. Stutt frá orlofssvæðinu er 9 holu golfvöllur sem Golfklúbburinn Dalbúi rekur. Félagsmönnum RSÍ stendur til boða að spila á vellinum á hagstæðum kjörum.



Fótboltaleikur.



Fjölskylduhátíð RSÍ á Skógarnesi.

Endurmenntun

Umfangsmikill þáttur í starfsemi RSÍ er endurmenntun félagsmanna en RSÍ á og rekur Rafmennt í samstarfi við atvinnurekendur. Hlutverk Rafmenntar er að halda utan um endurmenntun RSÍ ásamt því að halda utan um gerð námsskráa, gerð og framkvæmd sveinsprófa og raunfærnimats. Þeir nemendur sem ekki ljúka formlegri skólagöngu á réttum tíma og taka frí frá skólagöngu hafa tök á að fara í raunfærnimat þar sem þekking og reynsla viðkomandi er metin. Rafmennt er staðsett á Stórhöfða 27.

RSÍ á og rekur netbókasafn í samstarfi við atvinnurekendur í rafiðnaði, www.rafbok.is, sem er rafrænt skráarsafn með námsefni fyrir rafiðnaðarnema. Þar er einnig að finna handbækur sem nýtast rafiðnaðarmönnum og tengla á ýmsar gagnlegar síður sem tengjast rafiðnaði. Aðgangur að rafbok.is er öllum heimil og notendum endurgjaldslaus.

RSÍ og SART, samtök rafverktaka gefa öllum nemendum sem hefja nám í rafiðngreinum spjaldtölvur. Tilgangur þessa er að tryggja að allir nemendur geti nýtt sér það mikla úrval kennsluefnis sem þegar er í boði á rafrænu formi og stuðla að betri námsárangri og fjölgun nemenda í þessum greinum.

RSÍ

RSÍ starfrækir í samstarfi við atvinnurekendur í rafiðnaði Ákvæðisvinnustofu Rafiðna. Stofan hefur umsjón með ákvæðisvinnutaxta og viðhaldi hans, auk þess gefur hún taxtann út í forriti sem er aðgengilegt félagsmönnum á vefnum þeim að kostnaðarlausu.

RSÍ, ásamt öðrum stéttarfélögum á Stórhöfða, hafa fimm VIRK ráðgjafa í fullu starfi við starfsendurhæfingu.

RSÍ lætur sig samfélagsleg málefni varða en á síðasta þingi í maí 2019 var tekin ákvörðun um að RSÍ gerðist bakhjarl UN Women á Íslandi. Með því vildi þing RSÍ stíga risastórt skref fram á við til að stuðla að breytingu á íslenskum vinnumarkaði, að vera breytingin. Markmiðið er að vinna að jafnrétti og leggja okkar að mörkum til að koma í veg fyrir ofbeldi á vinnumarkaði.

Aðalskrifstofur RSÍ eru staðsettar á Stórhöfða 31 í Reykjavík. Formaður og framkvæmdastjóri Rafiðnaðarsambands Íslands er Kristján Þórður Snæbjarnarson en hann var kjörinn á þingi RSÍ í apríl 2011.

Formaður sér um daglega stjórn skrifstofu í nánú samráði við framkvæmdastjórn sem og miðstjórn RSÍ.



Sambandsstjórnarfundur 2020, haldinn í Gullhömrum.



Aðalskrifstofur RSÍ að Stórhöfði 31.

Formenn RSÍ 1974-2014. Frá vinstri standandi: Kristín Steinsdóttir, Pétur Gunnarsson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Ingibjörg Haraldsdóttir, Einar Kárason, Sigurður Pálsson, sitjandi Sigurður A. Magnússon og Njörður P. Njarðvík.



Rithöfundasamband Íslands

Rithöfundasamband Íslands var stofnað árið 1974. Áður höfðu tvö rithöfundafélög starfað hér á landi um árabíl en fyrstu samtök íslenskra rithöfunda voru stofnuð 1928 sem deild innan Bandalags íslenskra listamanna.

Starfsemin

Rithöfundasamband Íslands er stéttarfélag og réttthafasamtök rithöfunda og þýðenda, óháð því hvernig efni þeirra birtist almenningi. Rétt á félagsaðild eiga íslenskir rithöfundar og erlendir höfundar sem hafa fasta búsetu á Íslandi. Tilgangur Rithöfundasambands Íslands er að efla samtök íslenskra rithöfunda, gæta hagsmuna þeirra og réttar í samræmi við alþjóðavenjur, verja frelsi og heiður bókmennta og ritlistar og standa gegn hvers kyns ofsóknum á hendur rithöfundum og hindrunum í starfi þeirra. Sambandið fylgist með þróun laga, reglna og viðskiptahátta á sviði höfundaréttar en eitt meginhlutverk sambandsins er umsjón með höfundarrétti og tengdum réttindum. Stjórn sambandsins gerir samninga við útgefendur, leikhús, fjölmiðla, stofnanir og aðra aðila sem birta eða hafa afnot af verkum félagsmanna. Rithöfundasamband Íslands er aðili að Bandalagi íslenskra listamann-BÍL, Norræna rithöfunda- og þýðendaráðinu-NFOR, Evrópska rithöfundaráðinu- EWC, Alþjóða rithöfundaráðinu- IAF og Samtökum evrópskra þýðenda – CEATL. Í dag eru félagar í Rithöfundasambandinu ríflega 650 talsins, m.a. barna- og unglingabókahöfundar, fræðibókahöfundar, handritshöfundar, ljóðskáld og leikskáld, skáldsagna- og smásagnahöfundar, þýðendur og sjónvarpsþýðendur ásamt ævisagnahöfundum.

Aðsetur

Sambandið á og er með aðsetur í Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, Reykjavík. Húsið lét Gunnar Gunnarsson skáld og rithöfundur reisa ásamt konu sinni Franziscu Gunnarsson. Í húsinu eru skrifstofur og móttökusalir á tveimur hæðum en á jarðhæð er listamansíbúð sem er opin erlendum rithöfundum og þýðendum.

Stjórnendur

Núverandi formaður Rithöfundasambandsins er Karl Ágúst Úlfsson, varaformaður er Margrét Tryggvadóttir. Framkvæmdastjóri er Ragnheiður Tryggvadóttir en auk hennar starfar Tinna Ásgeirsdóttir verkefnastjóri á skrifstofu sambandsins.



Núverandi formaður Karl Ágúst Úlfsson ásamt Lilju D. Alfreðsdóttur menningar- og viðskiptaráðherra og Ragnheiði Tryggvadóttur framkvæmdastjóra.



Gunnarshús við Dyngjuveg.

Félagstörf



Unnið að kröfugerð, Ólína, Guðmundur, Vigdís Edda, Aðalbjörg, Stefánía og Sigríður.



1. maí samkoma.



Formannaskipti, Ásgerður og Guðmundur.



Samstaða og Aldan á trúnaðarmannanámsskeiði í Blönduvirkjun.

Stéttarfélagið Samstaða

Stéttarfélagið Samstaða varð 20 ára 22. júní 2017. Árið 1997 voru fjögur stéttarfélög í Húnavatnsýslum sameinuð í eitt, en það voru verkalýðsfélag Austur-Húnavetninga, Verkalýðs- og sjómannafélag Skagastrandar, Verkalýðsfélagið Hvöt á Hvammstanga ásamt Verslunarmannafélagi Húnavetninga. Síðan hafa bæst við Verkalýðsfélag Hróttfirðinga og lðnsveinafélag Húnavetninga, þar með er búið að sameina öll stéttarfélögin í Vestur- og Austur Húnavatnssýslum, undir merkjum Stéttarfélagsins Samstöðu.

Fyrsti formaður Samstöðu eftir sameiningu var kjörinn Valdimar Guðmannsson og árið 2001 tók Ásgerður Pálsdóttir við stjórnartaumnum og var til ársins 2016, þá var kjörin nýr formaður, Guðmundur Finnbogason.

Réttindi félagsmanna

Í starfsemi Samstöðu er að halda utan um félagsmanninn, vinna að bættum kjörum um laun og réttindum. Vera til taks ef brotið er á viðkomandi og vera vakandi yfir að kjarasamningar séu virtir. Við erum í samfloti við nokkur stéttarfélög um vinnustaðareftirlit, erum með starfsmann á Akureyri, sem kemur á svæðið þegar á þarf að halda og við förum með honum í eftirlitsferðina. Þetta hefur gefið góða raun og brotum hefur fækkað.

Samstaða er með öflugan sjúkrasjóð, orlofsjóð, fræðslusjóð og vinnudeilusjóð. Sjúkrasjóður veitir t.d. sjúkradagpeninga í veikindum eftir að greiðslu er lokið hjá atvinnurekanda/veikindi barna/alvarleg veikindi maka/dánarbætur, einnig eru veittir styrkir t.d. til sjúkrabjálfunar, sálfræðipjónustu, líkamsræktar og ýmislegt fleira sem má fá upplýsingar um á heimasíðu Samstöðu.

Sjúkrasjóðurinn á eina íbúð í Reykjavík og orlofsjóðurinn á eina, einnig í Reykjavík, við eigum bústað á Illugastöðum og í Ölfusborgum að hálfu á móti Öldunni stéttarfélagi. Á sumrin þá höfum við leigt bústaði og endurleigt okkar félagsmönnum á skikkanlegu verði. Við höfum verið víða með leigubústaði, nú erum við með bústaði á Einarstöðum á Héraði, í Borgarfirði og á Flúðum í Hraunamanahreppi.

Samstaða er aðili að ýmsum starfsmennta- og fræðslusjóðum, Landsmennt, Ríkismennt, Sveitarmennt, Sjömennt, lðunni og Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Félagsmenn okkar sóttu c.a. um fimm milljónir á árinu 2018. Við eru aðilar að Farskólanum, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og höfum boðið okkar félagsmönnum upp á nokkur námskeið árlega, þeim að kostnaðarlausu.

Samstaða

Á síðustu missirum hafa verið þreifingar um sameiningu stéttarfélagana í Húnavatnssýslu og Skagafirði, sem sagt á milli Samstöðu og Öldunnar. Talið er að með sameiningu, verði félögin sterkari heild en að vera í sitthvoru lagi. Allavega er þetta framtíðarsýn og jafnvel að sameina allt Norðurlandið, frá Húnaflóa til Eyjafjarðar.

Stéttarfélagið Samstaða er aðili í Starfsgreinasambandi Íslands, ásamt 18 öðrum félögum, vítt og breytt um landið. Samstaða er eitt fárra stéttarféлага sem er blandað (deildarskipt), en við erum með almennadeild, verslunardeild, sjómannadeild, iðnaðarmannadeild og ríkis- og sveitarfélagadeild. Þannig að það er nóg um að vera. Félagsmenn er c.a. 800 að jafnaði. Samstaða er aðili að Lífeyrissjóðnum Stapa og Alþýðusambandi Norðurlands.

Samstaða er með aðalskrifstofu að Þverbraut 1, Blönduósi og eru þar formaður og gjaldkeri almennt til svara og einnig er skrifstofa á Hvammstanga, opin hálfan dag, tvisvar í viku.

Í stjórn Samstöðu árið 2019 eru Guðmundur Finnbogason formaður, Aðalbjörg Valdimarsdóttir varaformaður, Stefánía A. Garðarsdóttir gjaldkeri og Vigdís Þorgeirsdóttir ritari, ásamt deildarformönnum, Birki Freyssyni, Guðrúnu Sigurjónsdóttur, Sigurey A. Ólafsdóttur, Ingibjörgu Helgadóttur og Baldri Magnússyni.



Erna Hilmarsdóttir skrifstofustjóri og Jóhanna Margrét innheimtufulltrúi taka vel á móti félagsmönnum í Hlíðasmáranum.

Samband stjórnendafélaga

STF – þar eiga stjórnendur heima

„Í mínum huga er alveg ljóst að fjölmargir stjórnendur á vinnumarkaðnum ættu heima í einhverju okkar félaga og hvergi annars staðar. Innan vébanda sambandsins eru nú ríflega 3.600 félagsmenn en þeir gætu verið mun fleiri. Allt of margir millistjórnendur standa utan sterkra hagsmunasamtaka og skortir því þann bakstuðning sem menn þurfa á að halda ef eitthvað kemur upp á. Hér er ég sérstaklega að vísa til Sjúkrasjóðs STF sem er sá allra sterkasti á landinu en fjölmargt fleira má nefna,” segir Eyþór Óli Kynningar- og menntafulltrúi STF.

Félög á gömlum merg

Í Sambandi stjórnendafélaga eru sem stendur 11 aðildarfélög vítt og breytt um landið en það hét áður Verkstjórásamband Íslands, stofnað árið 1938. „Þetta er því gamalgróinn félagskapur með meira en 80 ára sögu að baki en nafninu var breytt í samræmi við tíðarandann fyrir nokkrum árum. Við höfum sem betur fer uppskorið mikla fjölgun félagsmanna og sækjum þar með aukinn styrk til að veita félagsmönnum okkar sem allra besta þjónustu. Ég tel að sambandið hafi aldrei verið öflugra en nú né átt meira erindi við þá sem gegna stjórnendastöðum vítt og breytt í atvinnulífinu. Hjá okkur bjóðast félagsmönnum fyrsta flokks kjör hvað varðar endurmenntun og aðstoð ef eitthvað kemur upp á og við leggjum mikla áherslu á að halda vel utan um okkar fólk,” segir Eyþór ennfremur.

Einn öflugasti sjúkrasjóðurinn

Eyþór nefndi áðan sterkan sjúkrasjóð verkstjóra en hann var stofnaður árið 1974 og hefur mjög mikilvægu hlutverki að gegna fyrir aðildarfélaga. „Já, stolt okkar í STF er auðvitað sjúkrasjóðurinn en ég get fullyrt að hann er einn sá albesti á landinu. Hann veitir mjög góð réttindi til launa og annarrar aðstoðar í slysa- og veikindatilfellum auk þess sem hann léttir undir með fjölskyldum félagsmanna þegar andlát ber að höndum. Þá á sjóðurinn og rekur sjúkraíbúð í Kópavogi fyrir þá félagsmenn utan af landi sem þurfa að leita sér lækninga á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn sjóðsins hefur í gegnum árin verið mjög klók við að tryggja góða fjárhagsstöðu sjóðsins en jafnframt aukið stöðugt á réttindi félagsmanna til greiðslna úr sjóðnum. Að þeirri forsjá og ráðdeild búa félagsmenn stjórnendafélaganna svo sannarlega í dag.”

Endurmenntun í rafrænu fjarnámi

Eyþór nefnir líka menntamálin sem hann segir að lengi hafi verið mjög ofarlega á blaði hjá STF. „Við erum aðilar að Stjórnendarfræðslunni en það er samstarfsvettvangur STF, Samtaka atvinnulífsins og Háskólans á Akureyri um menntun millistjórnenda. Í boði er frábær rafræn menntun sem kennd er í 100% fjarnámi sem hægt er að stunda með fullri vinnu. Tilgangur þess er að miðla þekkingu og efla nemendur til að auka hæfni sína í hvers konar stjórnun. Við



Jóhann Baldursson framkvæmdastjóri og Skúli Sigurðsson forseti STF á spjalli við félagsmann

eigum okkar eigin menntunarsjóð sem styrkir þetta nám en auk þess hafa atvinnurekendur stutt vel við bakið á sínu fólki. Það er Símenntun HA sem annast kennsluna en þar er að finna mjög hæfa leiðbeinendur. Þetta er frábært nám sem æ fleiri kjósa sér og bæta þar með stöðu sína og hæfni í stjórnun og á vinnumakaði. Þeir sem klára 5 lotur fá námið metið til 30 ECTS eininga og fá Diploma.“ stf.is



Starfsmenn STF funda um málefni sjúkrasjóðs.



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Skrifstofa Sameykis er á Grettisgötu 89 í Reykjavík.

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu



Árni Stefán Jónsson, formaður Sameykis.



Garðar Hilmarsson, varaformaður Sameykis.

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu varð til 26. janúar 2019 við sameiningu tveggja stéttarfélaga, þ.e. SFR stéttarfélags, þar sem stærstur hluti félagsmanna starfaði hjá ríkisstofnunum og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, þar sem stærsti hluti félagsmanna voru borgarstarfsmenn. Auk þess starfa félagsmenn hjá sveitarfélögum, stofnunum í eigu opinberra aðila og sjálfseignarstofnunum. Félagið þjónar rúmlega 12 þúsund félagsmönnum um land allt og er stærsta aðildarfélag BSRB.

Í orðsendingu frá nýstofnuðu félagi sem send var öllum félagsmönnum sagði m.a.: „Við lítum björtum augum til framtíðar og þeirra tækifæra sem stærra og sterkara stéttarfélag mun gefa okkur. Sameinað félag mun vera betur í stakk búið til þess að mæta verkefnum framtíðarvinnumarkaðarins. Við munum í nýju félagi standa vörð um réttindi og kjör félagsmanna og leitast við að auka þjónustuna. Þetta verða sameiginleg verkefni okkar næstu misserin og munu trúnaðarmenn sem og félagsmenn allir verða virkir í því starfi.“ Stærsti hluti félagsmanna Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu starfar á opinberum vettvangi við almannaþjónustu. Megináhersla og krafa Sameykis er að vinnandi fólk geti lifað mannsæmandi lífi af launum sínum sem jafnframt er grundvallar mannréttindakrafa. Þá er jöfnun launa á milli vinnumarkaða eitt af mikilvægustu málum félagsins sem og að tryggja að launaþróunartryggingin haldi sér. Þeir félagsmenn Sameykis sem starfa í almannaþjónustu þekkja best hversu mikilvægt það er að hlúa að innviðum velferðarkerfisins og búa þannig um hnútana að það sé tryggt og öllum opið.

Starfsmenn í almannaþjónustu búa jafnan við mikið álag og eitt af þeim verkefnum sem Sameyki hefur barist fyrir er stytting vinnuvikunnar í 36 klukkustundir. Til allra heilla er sá draumur nú að raungerast þegar þetta er ritað. Stytting vinnuvikunnar er ekki síst mikilvæg vegna vaxandi vinnuálags og streitutengdra sjúkdóma í íslensku samfélagi. Húsnæðismál hafa einnig lengi verið baráttumál hjá stéttarfélaginu og er þeim fylgt rækilega eftir.

Skrifstofa Sameykis

Á skrifstofu Sameykis starfa 16 starfsmenn með formanni og varaformanni. Sameyki er með góðan hóp fólks sem heldur utan um alla kjarasamninga félagsins; 18 viðsemjendur auk stofnanasamninga og starfsmats ásamt umsjón með réttindum félagsmanna, launamálum, kjarasamningsbrotum á vinnustöðum, samskiptavanda o.fl.

Góð þjónusta við félagsmenn er Sameyki mikilvæg og svara sérfræðingar stéttarfélagsins þeim fyrirspurnum sem berast. Afgreiðsla styrkja úr Styrktar- og sjúkrasjóði og Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóðum Sameykis er stór hluti þeirra verkefna sem félagið sinnir. Sameyki á samtals 70 orlofseignir, þar af þrjár á Spáni. Á sumrin leigir félagið einnig orlofshús til útleigu fyrir félagsmenn sína.

Félagsstarfið

Trúnaðarmenn Sameykis á vinnustöðum eru um 350 talsins og eru þeir afar mikilvægir, bæði félaginu og starfsmönnum á vinnustöðunum. Fundir trúnaðarmanna og fulltrúaráðs eru haldnir reglulega þar sem málin eru rædd og ákvarðanir teknar. Mikil vinna er lögð í lýðræðisleg vinnubrögð, þ.e. að virkir félagsmenn geti komið að ákvörðunum. Innan stéttarfélagsins er starfrækt háskóladeild sem heldur utan um hagsmuni háskólamentaðra í félaginu sem fer ört fjölgandi en auk deildarinnar starfa sjö fagfélög innan stéttarfélagsins. Í Sameyki er einnig sérstök lífeyrisdeild fyrir þá sem eru hættir á vinnumarkaði vegna aldurs eða örorku.



Félagsfólk Sameykis í 1. maí kröfugöngu á alþjóðlegum baráttudegi launafólks.



Mynd frá þingi Samiðnar.

Samiðn

stendur vörð um rúmlega sjö þúsund félagsmenn



Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar.

Samiðn er samband félaga í iðnfélaga og starfar um allt landið. Samiðn á aðild að Alþýðusambandi Íslands. Samiðn var stofnað árið 1993 við samruna Málm- og skipasmíðasambands Íslands og Sambands byggingamanna. Samiðn gengst fyrir almennri upplýsingastarfsemi aðildarfélaganna og aðstoðar þau við slíka starfsemi. Samiðn er virkur þátttakandi í starfi innan ASÍ og er í samstarfi við starfsgreinasambönd á Norðurlöndunum, í Evrópu og við ýmis önnur alþjóðasamtök. Tólf félög iðnaðarmanna eiga aðild að Samiðn með rúmlega sjö þúsund félagsmönnum í byggingageiranum, málmgreinum, bílgreinum, tækniteiknun, skipasmíðum, garðyrkju og snyrtigreinum. Samiðn annast m.a. kjarasamningagerð fyrir hönd aðildarféлага sinna. Rétt til inngöngu í Samiðn hafa félög og deildir launafólks í iðnaði vítt og breitt um landið.

Tryggir launafólki aðild að stéttarfélagi

Innan Samiðnar er framkvæmdastjórn, miðstjórn og sambandsstjórn. Formaður Samiðnar er Hilmar Harðarson en hann hefur gegnt því embætti síðan 2013. Hilmar er einnig formaður Félags iðn- og tæknigreina. Varaformaður Samiðnar er Jóhann Rúnar Sigurðsson, félagi málmíðnaðarmanna á Akureyri. Framkvæmdastjóri Samiðnar er Elmar Hallgríms Hallgrímsson. Markmið og hlutverk Samiðnar er m.a. að tryggja að allt launafólk í þeim starfsgreinum er tengjast sambandinu, eigi aðild að stéttarfélagi. Samiðn leggur þunga áherslu á að auka áhrif launafólks á sviði þjóðmála, s.s. í kjara-, atvinnu- og menntunarmálum. Samiðn kemur að gerð kjarasamninga við Samtök atvinnulífisins, ríki og sveitarfélög ásamt mörgum sérsamningum og aðstoðar aðildarfélögin með gerð sérkjarasamninga og beitir sér fyrir samstöðu þeirra og gagnkvæmum stuðningi.

Mikil áhersla á að efla veg iðn- og starfsmenntunar

Samiðn veitir aðildarfélagunum fjölbreytta þjónustu og beitir sér fyrir auknum og jafnari rétti félagsmanna. Auk þess sér Samiðn um að móta stefnu í atvinnumálum með tengslum við fyrirtæki og stofnanir í atvinnulífinu. Samiðn leggur mikla áherslu á að auka og efla veg iðn- og starfsmenntunar með virkri aðild og ábyrgð á iðn- og starfsmenntun í skólum, atvinnulífi og með námskeiðum fyrir félagsmenn. Samiðn hefur barist fyrir auknum kjarabótum vegna símenntunar og viðbótarmenntunar iðnaðarmanna.

Samiðn hefur allt frá stofnun beitt sér fyrir bættu vinnuumhverfi í starfsgreinunum og tekur virkan þátt í að bæta og vernda ytra umhverfi. Sambandið vinnur hörðum höndum að því að tryggja jafnan rétt félagsmanna til vinnu hvar sem er á landinu.

Umsýsla fyrir aðildarfélög

Samiðn er með höfuðstöðvar að Stórhöfða 31 í Reykjavík. Þar er einnig til húsa Þjónustuskrifstofa iðnfélaga sem var stofnuð í júlí 1996. Hlutverk hennar er að annast umsýslu fyrir aðildarfélög skrifstofunnar og svara erindum frá félagsmönnum þeirra. Helstu verkefni



Mynd frá fundi miðstjórnar Samiðnar með seðlabankstjóra.



Höfuðstöðvar Samiðnar eru að Stórhöfða 31 í Reykjavík.



Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar og Elmar Hallgríms Hallgrímsson, framkvæmdastjóri Samiðnar.

Framkvæmdastjórn

Hilmar Harðarson, Félagi iðn- og tæknigreina,
Jóhann Rúnar Sigurðsson, Félagi málmíðnaðarmanna
á Akureyri, Heimir Kristinsson, BYGGIÐN - Félagi
byggingamanna og Ólafur S. Magnússon, Félagi iðn-
og tæknigreina.

Þjónustuskrifstofunnar eru bókhald og gjaldkerastörf, launavinnsla, símsvörun, svörun vegna kjarasamninga, umsjón með úthlutunum orlofshúsa, umsjón með félagaskrá, svörun og skráning mælinga, viðhald heimasíðu Samiðnar (www.samidn.is), ræstingar og umsjón og viðhald tölvukerfis. Skrifstofan leigir auk þess og þjónustar VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Samiðn er afar öflugt samband tólf aðildarfélaga iðnaðarmanna um allt land með rúmlega sjö þúsund félagsmönnum. „Það var mikið gæfuspor sem stigið var þegar Samiðn var stofnað árið 1993. Það er margt sem þarf að huga að í starfi Samiðnar og það má aldrei sofna á verðinum. Sífelld hagsmunagæsla félagsmanna er til staðar og er að sjálfsgöðu afar mikilvæg. Vinnustaðaeftirlit, vinnustaðaheimsóknir, samstarf og samvinna við fyrirtæki og opinbera aðila, öflugt innra starf, launakannanir, félagsstarf, harka þegar hörku er þörf í kjaraviðræðum, skilningur á sífellt breytilegu landslagi og þróun starfa sem og alþjóðlegt samstarf sem gerir okkur kleift að fylgjast með því sem er að gerast á alþjóðavísu,“ segir Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar.

Kjaramál og bættur aðbúnaður félagsmanna

Helstu mál sem Samiðn hefur unnið að á undanförunum árum eru vitaskuld kjaramál og bættur aðbúnaður félagsmanna. Samiðn hefur vandlega fylgst með þjóðmálum og reynt að koma sínum sjónarmiðum að þar sem þörf er á. Í Covid-19 faraldrinum sem hefur geysað 2020 og 2021 hefur sérstaklega reynt á þetta og Samiðn verið virkt í umræðunni um að halda atvinnu uppi, verja störf og jafnvel fjölga þeim. Hilmar segir að á tímum samdráttar sé mikilvægt að stjórnvöld horfi til verkefna sem stuðla að atvinnusköpun sem flestra. Ljóst er að mörg verkefni koma þar til greina, bæði á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar. Á árinu 2020 hefur verið uppi fordæmalaust ástand í samfélaginu með mikilli ágjöf á atvinnulífið og Hilmar telur nauðsynlegt að stjórnvöld bregðist hratt við. Hagvaxtahorfur hafa versnað til muna og telur Samiðn mikilvægt að framkvæmdir hefjist þegar í stað. Verulega hefur skort á viðhaldsframkvæmdir hjá hinu opinbera síðustu misserin og nú er lag að bregðast við uppsafnaðri þörf þar. Brynt er að halda hjólum atvinnulífsins gangandi og stuðla að því að greiðslur úr ríkissjóði skili mikilvægum virðisaukandi verkefnum til samfélagsins.

Átakið „Allir vinna“ mikilvægt neytendamál

„Það er á svona tímum sem reynir á stjórnvöld að styðja við af fullu afli og ljóst er að enginn hörgull er af verðugum verkefnum sem ráðast þarf í. Samiðn skorar því á stjórnvöld að hraða innviðaupbyggingu og setja í gang mannaflsfrekar framkvæmdir eins fljótt og frekast er unnt,“ segir Hilmar. Samiðn óskaði eftir því fyrri hluta árs 2020 að verkefnið „Allir vinna“ sem hefur falið í sér fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við margvíslegar framkvæmdir, svo sem byggingaframkvæmdir íbúða og frístundaheimila sem og viðhaldi bifreiða, yrði framhaldið. Samiðn hefur lagt áherslu á umrætt verkefni enda er það atvinnuskapandi og einnig mikilvægt út frá neytendasjónarmiðum. Það tryggir enn frekar að leitað sé til fagmanna sem er mikið kappsmál allra. Að sama skapi telur Samiðn mikilvægt að umrædd endurgreiðsla á virðisaukaskatti taki einnig til framkvæmda á vegum sveitarfélaga. Stjórnvöld mátu það svo að áttakinu „Allir vinna“ skyldi haldið áfram út árið 2021. Hilmar segir að átakið „Allir vinna“ sé mikilvægt neytendamál. „Fólk leitar nú frekar til faglærðra varðandi endurbætur og viðhald. Með áttakinu er verið við að sporna gegn því að endurbætur á húsnæði, viðgerðir og viðhald ökutækja fari fram í svörtu hagkerfi um leið og við tryggjum faglærðum áframhaldandi vinnu. Átakið hefur skilað okkar félagsmönnum aukinni vinnu og verkefnum á þessum erfiðu tímum. Á sama tíma lækkar átakið kostnað almennings en það er mikilvægt að hann geti leitað til fagmanna varðandi byggingaframkvæmdir og bílaviðgerðir og hins vegar verndar það mikilvæg störf í iðngreinum. Þetta átak er því gríðarlega mikilvægt í báðar áttir. Það vinna allir. Það var einnig afar mikilvægt að víkka þetta átak út og að það taki nú einnig til viðhalds og viðgerða fólksbifreiða,“ segir Hilmar.

Stór verkefni framundan

Elmar Hallgríms, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir stærstu verkefni Samiðnar sem framundan eru varða til dæmis breytt launakerfi félagsmanna þar sem hæfni skal líka metin til launa en ekki horft einvörðungu til starfsaldurs. „Þá er mikil áskorun fólgin í því að takast á við áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar. Störf munu breytast, ný störf verða til og einhverjum störfum getur fækkað. Þarna blasir við að tengja iðnmenntun inn í háskólaumhverfið og þar eru mörg tækifæri og nauðsyn á að iðnaðarmenn og samtök okkar hafi frumkvæði í umræðu og áhrif á þróun mála.“



Félagar í Sjúkraliðafélagi Íslands í kröfugöngu 1. maí.

Sjúkraliðafélag Íslands

Sjúkraliðafélag Íslands var stofnað sem fagfélag árið 1966, sama ár og fyrstu sjúkraliðarnir útskrifast á Íslandi. Skráðir stofnfélagar voru 48. Árið 1991 var Sjúkraliðafélag Íslands gert að stéttarfélagi fyrir tilstuðlan öflugra sjúkraliða sem töldu hag sínum betur borgið í stéttarfélagi, sem færi með öll mál félagsmanna. Í dag eru virkir félagsmenn um 2.200, og því til viðbótar eru um 1.500 sjúkraliðar í lífeyrisdeild félagsins.

Kjarnastarfsemi félagsins

Meginhlutverk Sjúkraliðafélags Íslands er að gæta að hagsmunum sjúkraliðastéttarinnar í hvívetna og varðveita og efla samheldni sjúkraliða, tryggja réttindi þeirra og standa vörð um kjaramál. Kjarnastarfsemi félagsins fer fram á skrifstofunni sem sinnir allri þjónustu við félagsmenn. Starfsfólkið veitir félagsmönnum viðeigandi upplýsingar og ráðgjöf um réttindi þeirra og skyldur, laun og starfskjör, og efnisatriði kjarasamnings og stofnanasamninga. Auk þess að sinna umsýslu sjóða, afgreiðslu umsókna um styrki og orlofskosti veitir starfsfólkið aðstoð vegna umsókna í Styrktarsjóð BSRB og fer með umsýslu og afgreiðslu á námsmati vegna sí- og endurmenntunar sjúkraliða. Skrifstofan heldur einnig utan um innra starf félagsins og er í virku samstarfi við bæði framkvæmdastjórn og félagsstjórn. Jafnframt sinnir hún umsýslu og samskiptum við trúnaðarmenn, stjórnir fræðslusjóða og starfsnefnda, auk þess að vera í virku samstarfi við BSRB.

Félagið miðlar upplýsingum til félagsmanna með útgáfu á tímaritinu Sjúkraliðinn, og kemur á framfæri fréttum og viðburðum á heimasíðu og Facebook síðu félagsins, og bregst við fyrirspurnum sem berast í gegnum síðuna eða með tölvupósti. Starfsfólkið leggur áherslu á að greiða úr þeim málum sem félagsmenn óska eftir hverju sinni og sér til þess að aðgangur að sjóðum og öðrum upplýsingum sé góður.

Skipulag félagsins

Fulltrúaping er haldið einu sinni á ári og fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Svæðadeildir félagsins eru níu talsins með kjörnar stjórnir. Deildarformenn eru sjálfkjörnir í félagsstjórn, sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli fulltrúapinga, og kemur fram sem málsvari félagsins.

Framkvæmdastjórn skipa formaður sem kjörinn er til þriggja ára í allsherjar atkvæðagreiðslu, auk þriggja félagsmanna sem kosnir eru á fulltrúapingi til tveggja ára. Framkvæmdastjórn fylgir ákvörðunum fulltrúapings og félagsstjórnar, og fundar að jafnaði aðra hverja viku til að tryggja daglegan rekstur félagsins.

Trúnaðarmannaráð er skipað framkvæmdastjórn og félagsstjórn auk kjörinna félagsmanna sem kosnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið, ásamt trúnaðarmönnum sem kosnir eru til trúnaðarstarfa á stofnunum víðsvegar um landið. Formaður félagsins er einnig formaður trúnaðarmannaráðs sem fundar að jafnaði einu sinni á ári.

Sjúkraliðastarf

Sjúkraliðar starfa við þau hjúkrunarstörf sem þeir hafa menntun og faglega færni til að sinna. Sjúkraliðar vinna iðulega á hjúkrunarsviði og í samstarfi við hjúkrunarfræðinga og annað starfsfólk heilbrigðisstofnana. Sjúkraliðar tileinka sér þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar og taka þátt í hjúkrun og við að aðstoða og leiðbeina sjúklingum í athöfnum daglegs lífs. Þeir þurfa einnig að hafa eftirlit með og fyrirbyggja fylgikvilla sem geta komið upp í kjölfar rúmlegu sem og að leiðbeina sjúklingum við endurhæfingu. Einnig leiðbeina þeir aðstoðarfólki við aðhlyningu og aðstoða við aðlögun nýrra starfsmanna þegar það á við.

Sjúkraliðar starfa innan heilbrigðiskerfisins, á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, dvalar- og hjúkrunarheimilum auk þess sinna þeir kjarnastarfsemi heimahjúkrunar. Atvinnumöguleikar sjúkraliða eru góðir enda vaxandi þörf fyrir þjónustu sjúkraliða með hækkandi lífaldri fólks og vaxandi tíðni á lífstíðstengdum sjúkdómum.



Ungliðafundur SGS, 2019.



Aðsetur SGS í Guðrúnartúni 1.

Starfsgreinasamband Íslands

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er fjölmennasta landssamband launafólks á Íslandi og stærsta landssambandið innan ASÍ, með samtals um 72.000 félagsmenn. Meginhlutverk SGS er að sameina verkalýðsfélög í baráttunni fyrir bættum kjörum, standa vörð um áunnin réttindi, vera leiðandi afl innan verkalýðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks. Starfsgreinasambandið var stofnað 13. október árið 2000 við samruna Verkamannasambands Íslands, sem stofnað var árið 1964, Þjónustusambands Íslands, vegna starfsfólks í veitinga- og gistihúsum, sem stofnað var árið 1972 og Landssambands iðnverkfólks frá 1973. Stofnfélög Starfsgreinasambandsins voru 50 að tölu en í dag eru aðildarfélögin 19 talsins.

Mannauður

Formaður Starfsgreinasambandsins frá því í maí 2012 er Björn Snæbjörnsson. Björn hefur verið formaður Einingar-löju í um 25 ár og hefur gegnt fjölmörgum félags- og trúnaðarstörfum fyrir félagið, sem og fyrir SGS og ASÍ. Hann hefur t.a.m. setið í miðstjórn ASÍ síðan 1992, átt sæti í stjórnnum tveggja lífeyrissjóða auk þess að eiga sæti í fjölda annarra nefnda og ráða. Starfsmenn sambandsins eru tveir og svo hefur verið lengst af. Flosi Eiríksson er framkvæmdastjóri, stýrir skrifstofu SGS og ber ábyrgð á daglegum rekstri sambandsins. Hann framkvæmir ákvarðanir þinga, formannafunda og framkvæmdastjórnar, fer með almenna prókúru og annast fjármál í samræði við formann og framkvæmdastjórn. Hann annast samskipti við fjölmiðla, erlend systursamtök og aðildarfélög sambandsins og ber jafnframt ábyrgð á undirbúningi kjaraviðræðna og útgáfu kjarasamninga og kauptaxta. Árni Steinar Stefánsson hefur starfað hjá SGS frá árinu 2012 og sinnir meðal annars ráðgjöf og þjónustu við aðildarfélög SGS á sviði kjara-, vinnumarkaðs-, og starfsmenntamála.

SGS hefur auk þess aðgang að lögfræðingum, hagdeild og ýmissi annari þjónustu samkvæmt samstarfssamningi við ASÍ.

Traustur grunnur og framtíðarsýn

Starfsgreinasambandið stendur á traustum grunni. Félagsmönnum hefur fjölgað undanfarin ár og mikilvægi starfseminnar sjaldan verið meira. SGS á aðild að fjölmörgum samtökum og samböndum starfsfólks í hinum ýmsu greinum jafnt innan lands sem utan.

Verkalýðshreyfingin stendur ávallt frammi fyrir áskorunum um að fylgja straumi tímans og tryggja að hún sé öflugt baráttutæki launafólks.

Á tímum heimsfaraldursins voru svo til allir fundir sambandsins færðir yfir í fjarfundi. Fresta þurfti þingi SGS um eitt ár. Heimsóknir á skrifstofu voru takmarkaðar og starfsmenn voru í tímbundinni heimavinnu.

Aðsetur SGS er í Guðrúnartúni 1 í Reykjavík.



Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri.

Innra skipulag SGS tekur til þess:

- Að vinna að því að allt almennt verkafólk sé skipulagt og félagsbundið í virkum verkalýðsfélögum og að sameina öll verkalýðsfélög innan sinna vébanda til sóknar og varnar fyrir sameiginlegum málefnum þeirra.
- Að styðja, styrkja og þjónusta sambandsfélögin í starfi þeirra að hagsmunum verkafólks, svo sem í vinnudeilum og í samningum við atvinnurekendur, svo og að beita sér fyrir samræmingu í starfi og samræmdum reglum og gagnkvæmum stuðningi þeirra á milli.
- Að beita sér fyrir því, að sambandsfélög séu sem öflugastar félagsheildir og að félög séu ekki smærri en svo, að þau geti veitt félögum sínum alla nauðsynlega þjónustu.
- Að samræma grundvallarstefnu aðildarfélaga sinna í kjarasamningum og standa að gerð kjarasamninga um þau sameiginlegu mál sem aðildarfélögin fela því hverju sinni.
- Að veita sambandsfélögum og trúnaðarmönnum þeirra hverskonar upplýsingar, sem þeim megi verða til gagns eða leiðbeiningar í starfi.
- Að beita sér fyrir aukinni starfsmenntun, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, almennri upplýsinga- og menningarstarfsemi, m.a. með virku samstarfi við önnur stéttarfélög og sambönd þeirra.
- Að koma fram fyrir hönd aðildarfélaga sinna í málum sem þau verða ásátt um að fela því.



Liðsmynd af áhöfninni á Örfyrisey RE. 4. á sjómannadaginn.
Bergur Þorkelsson formaður, fjórði frá vinstri í
markmannstreyju.

Sjómannafélag Íslands



Jónas Garðarson og Guðbjörg Elin Friðfinnsdóttir.

Haustið 1915 var Hásetafélag Reykjavíkur stofnað í Bárubúð norðan Tjarnarinnar í Reykjavík. Það voru nýir tímar á Íslandi. Fyrsti olíuhreyfillinn hafði verið settur í bát árið 1902, fyrsti togarinn komið til landsins tveimur árum síðar, bílaöld gengið í garð með fyrstu rennireiðinni. Þjóðin hafði fengið heimastjórn 1904 og fullveldi var handan horns. Togarinn Jón forseti hafði komið til heimahafnar 1907 í Reykjavík. Það var heiður himinn þegar Gullfoss kom til landsins í apríl 1915. „Siglingadraumar íslensku þjóðarinnar eru að rætast. Það er bjart yfir þjóð vorri,“ sagði Sigurður Eggerz ráðherra fullur bjartsýni þó í Evrópu geisaði mannskæð styrjöld. Járnbraut liðaðist með grjót úr Öskjuhlíð til hafnargerðar. Fiskimenn voru tæplega tíu þúsund, heildarafli landsmanna losaði 100 þúsund tonn. Reykjavík var „trollarabær“. Sjávarútvegur var hornsteinn framfarasóknar íslensku þjóðarinnar.

Reykjavík úr bæ í borg

Jón Bach var fyrsti formaður Hásetafélagsins sem varð Sjómannafélag Reykjavíkur í janúar 1919. Sigurjón Á. Ólafsson formaður Sjómannafélags Reykjavíkur 1920-1951. Ísland fór frá því að vera ein fátækasta þjóð Evrópu í topp fimm við aldarlok. Sjómenn léku lykilhlutverk, en það var ekki án fórna. Á 20. öld gáfu 3.600 sjómenn líf sitt svo þjóðin mætti sækja fram, öðlast fullveldi og sjálfstæði ... frjálsir menn þegar aldir renna. Reykjavík breyttist úr bæ í borg. Vistin um borð í togurum var hörð, satt best að segja þrældómur, alræmdar vökur sólarhringum saman. Vökulögin voru samþykkt á Alþingi lokadaginn 11. maí 1921. Sjómenn hrundu kröfum útvegsmanna um kauplækkun í einni af höfuðorrustum íslenskrar verkalyðsbaráttu, Blöndalhs-lagnum 1923. Sjómannafélag Reykjavíkur var brjóstvörn alþýðufólks ásamt Dagsbrún undir forystu Héðins Valdimarssonar. Sjómenn gengu í Alþjóðaflutningaverkamannasambandið ITF þann 1. júlí 1923. Skipaútgerð ríkisins var stofnuð 1929, skipadeild SÍS 1952.

Sjómannadagurinn 1938

Sjómannadagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur vorið 1938 undir stytta Leifs Eiríkssonar. „Stórfengleg hátíðahöld, virðulegasta og mesta skrudganga sem hjer hefir sést“ sagði Morgunblaðið. Svo kom stríðið, hernám Breta og ameríski herinn. Ísland varð sjálfstætt ríki 17. júní 1944. Liðlega 400 sjómenn fórust í Síðari heimsstyrjöldinni, um 230 má rekja til stríðsins þegar þýskir kaþbátar gerðu árásir úr launsátri á víðáttum Atlantshafsins, þýskar flugvélar réðust á íslensk skip úr lofti. Garðar Jónsson var formaður Sjómannafélagsins 1951-1961. Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnista var vígð í Laugarásnum 1957. Hrafnista markaði tímamót í málefnum aldraðra með Happdrætti DAS sem bakhjarl, óx og dafnaði í árána rás. Sjómannasamband Íslands var stofnað 1957. Jón dreki Sigurðsson var formaður Sjómannafélags Reykjavíkur 1961-1972, um árabíl formaður Sjómannasambandsins. Hilmar Jónsson var formaður Sjómannafélagsins 1972-1978. Pétur sjómaður Sigurðsson var einn áhrifamesti forystumaður sjómanna, kjörinn ritari stjórnar 1961, sat í stjórn til 1991, formaður Sjómannadagsráðs 1962-1993.



Reipitog á sjómannadaginn.

Landhelgin færð út

Landhelgin var færð út í fjórar mílur 1952 þegar fjörðum og flóum var lokað fyrir togurum. Bretar svöruðu með löndunarbanni á íslenska togara. Íslensk þjóðin svaraði með því selja fisk til Sovétríkja Jósefs Stalín og kaupa olíu, moskvitsa og rússajappa frá gerska heimsveldinu. Landhelgin var færð út í 12 mílur 1958 og Bretar sendu herskip á Íslandsmið. Þorskastríðin voru harðvítug, landhelgin færð út í 50 mílur árið 1973 og í 200 mílur 1975. Íslendingar slitu stjórn málasambandi við Breta eftir ásiglingar breskra herskipa á íslensk varðskip. Fullnaðarsigur í Þorskastríðunum vannst með samningum í Osló 1976. Ísland sótti fram, jökulár virkjaðar, jarðvarmi nýttur. Búrfellsvirkjun og Ísal risu. Stóriðja varð önnur stoð atvinnulífs.

Nýir tímar, ný viðfangsefni

Guðmundur Hallvarðsson var formaður Sjómannafélags Reykjavíkur 1978-1992. Hann hafði verið kosinn í stjórn 1972 og beitti sér í umbótum í aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í skipum ásamt endurskoðun siglinga- og sjómannalaga. Jónas Garðarsson var kjörinn formaður 1994-2005 og 2015-2019 þegar leið að aldarlokum tóku Eimskip og SÍS að skrá kaupskip sín erlendis undir hentifána. Farmönnum fækkaði um 800 á níunda áratugnum. Þetta varð eitt af stóru málum Sjómannafélagsins í samstarfi við Alþjóðaflutningaverkamannasambandið, ITF.

Sjómannafélag Íslands

Nýir tímar kröfðust nýrra vinnubragða. Sjómannafélag Reykjavíkur varð á nýrri öld að landsfélagi þegar sjómenn sameinuðust matsveinum og til varð Sjómannafélag Íslands sem sagði sig úr Sjómannasambandinu og Alþýðusambandi Íslands. Matsveinafélagið hafði verið stofnað 1952. Nýtt nafn Sjómannafélag Íslands var skráð 2001. Sameining gekk í gildi árið 2007. Brytar gengu í Sjómannafélagið, einnig hafnfirskir sjómenn, svo og hásetar og þernur á Herjólfí og Baldri með stórbættum kjörum.

Stjórn og starfsfólk

Helgi Kristinsson var formaður Sjómannafélags Íslands 2005-2015. Bergur Þorkelsson er formaður félagsins er formaður og í stjórn með honum sitja Helgi Kristinsson varaformaður, Steinar Daði Haralds gjaldkeri, Sævar Már Magnússon ritari, Jónas Ægir Kristinsson varagjaldkeri, Páll Þór Ómarsson Hillers meðstjórnandi og Kristinn Vignir Helgason meðstjórnandi. Í félaginu er stjórn matsveinadeildar og á einn fulltrúin hennar rétt á stjórnarsetu í aðalstjórn. Stjórn matsveinadeildar er skipuð Eiríki Gíslasyni formanni, Bjarna Sveinsyni og Kristjáni Sigurbjarnsyni meðstjórnendum. Varamenn í stjórn eru, Þórarinn Jónas Stefánsson, Jón Hafsteinn Ragnarsson, Vignir Ólafsson, Guðberg Halldórsson og Daníel Lecki. Skrifstofa félagsins er í Skipholti 50d í Reykjavík og eru starfsmenn Guðbjörg Elín Friðfinnsdóttir í móttöku og afgreiðslu orlofshúsa, Jónas Garðarsson sem eftirlitsmaður ITF og Bergur Þorkelsson formaður.



Helgi Kristinsson varformaður, lengst til hægri veitir verðlaun á knattspyrnumóti félagsins á Sjómannadaginn.



Hrund Karlsdóttir, formaður og Alda Karen Sveinsdóttir, varaformaður á 1. maí kaffi í Bolungarvík 2018
Ljósmynd: Alda Karen Sveinsdóttir.



Frá undirritun samningsins. Standandi frá vinstri: Hildur Elísabet Pétursdóttir, Hrannar Örn Hrannarsson og Hanna Þóra Hauksdóttir í samninganefnd Heilbrigðisstofnunar Vestfirðinga. Sitjandi frá vinstri: Finnþagi Sveinbjörnsson formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, Hrund Karlsdóttir f.h. Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur og Gylfi Ólafsson forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfirðinga.

Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur



Hrund Karlsdóttir formaður að halda sýna fyrstu ræðu á 1. maí kaffi / Ljósmynd: Alda Karen Sveinsdóttir.

Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur var stofnað 27. maí 1931. Þann dag setti Hannibal Valdimarsson, sem var þá kennari í Súðavík (1929-1931), fund með verkafólki í Bolungarvík og úr varð stofnun félags til að berjast fyrir rétti launafólks. Auk vinnu við kennslu og ýmis önnur störf vann Hannibal hjá félaginu og varð síðar mjög atkvæðamikill forystumaður í verkalýðshreyfingunni og í stjórnárum. Hann var meðal annars formaður Verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði 1932-1939, bæjarfulltrúi á Ísafirði 1933-1949, forseti Alþýðusambands Vestfirðinga 1934-1953 og forseti Alþýðusambands Íslands 1954-1971. Stofnendur Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur voru skráðir 46, allt verkafólk úr Bolungarvík. Upphaflegi tilgangurinn með stofnun VSB var að ná samningum við vinnuveitendur um að það kaup sem greitt var á þessum tíma, gilti til 1. apríl 1932. Fyrsti formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur var Guðjón Bjarnason. VSB átti sér þó í raun lengri sögu því að forveri þess var Verkalýðsfélag Bolungarvíkur, sem stofnað var 8. október 1926. Stofnendur þess félags voru 54 karlar og 24 konur, allt verkafólk. Það félag var hinsvegar lagt niður þann 14. nóvember 1928. Þetta var þó ekki fyrsta félagið sem verkamenn í Bolungarvík stofnuðu því þann 26. febrúar árið 1917 var stofnað verkalýðsfélag í Bolungarvík. Ekki varð það þó langlíft og náði ekki að verða eins árs. Enn eitt félagið var stofnað þann 17. nóvember 1927. Það var sjómannafélag og fékk það nafnið Röst. Þetta félag leið undir lok en segja má að það hafi orðið að sjómannadeild innan Verkalýðsfélagsins þann 9. febrúar 1937.

Formenn félagsins í gegnum tíðina:
1931-1942 Guðjón Bjarnason
1942-1950 Jón Tímóteusson
1951 og 1952 Ingimundur Stefánsson
1953-1958 Páll Sólmundarson
1958-1991 Karvel Steindór Pálmason
1991-1998 Daði Guðmundsson
1998-2000 Sigurður Ástvin Þorleifsson
2001-2017 Lárus Benediktsson
2017- Hrund Karlsdóttir fyrsta konan sem kjörin er formaður VSB

Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur er aðili að Starfsgreinasambandi Íslands (SGS) og einnig að Sjómannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands

Margar orrustur

Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur hefur marga hildi háð til bættra kjara fyrir alþýðuna og teljast sumar orrustur þess til sögulegra viðburða. Fyrsti sigurinn vannst þegar félagið fékk viðurkenningu sem samningsaðili fyrir hönd verkamanna og margir sigrar hafa unnist síðan.

Í eigið húsnæði

Félagið keypti hús sitt, sem það á enn í dag, af Sparisjóði Bolungarvíkur árið 1972 og hélt sinn fyrsta stjórnarfund í eigin húsi þann 3. janúar 1973.

Minna en króna á tímum

Mörg baráttumál komu til kasta VSB á fyrstu árum félagsins. Þar var meðal annars tillaga sem kom fram á fundi 19. janúar 1932 um um að reynt yrði að semja um að kaup verkafólks yrði eftirfarandi: Dagkaup karla verði frá kl. 7 árdegis til kl. 6 síðdegis, 80 aurar og 1 króna frá kl. 6 síðdegis til kl. 10 síðdegis. Kaup kvenna verði 50 aurar á dagtíma og 70 aurar síðdegis. Helstu mál félagsins í dag eru kjara- og réttindamál hverskonar, endurmenntunarmál, velferðar- og menningarmál.



Guðmundur Finnsson, framkvæmdastjóri.



Guðbjörg Kristmundsdóttir, formaður.



Eyrún Jana Sigurðardóttir, fjármálastjóri.



Jóhann Rúnar Kristjánsson, þjónustufulltrúi.

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis var stofnað árið 1932. Fyrstu stjórn skipuðu þeir Guðni Guðleifsson formaður, Guðmundur J. Magnússon, Guðmundur Pálsson, Danival Danivalsson og Arinbjörn Þorvarðarson. Í fyrstu var félagið einungis starfrækt í Keflavík en síðar meir sameinuðust alls fimm félög VSFK. Í júlí 1974 sameinuðust Verkalýðsfélag Hafnahrepps og Verkalýðsfélag Vatnsleysustrandarhrepps félaginu. Verkavennafélag Keflavíkur og Njarðvíkur og VSFK sameinuðust árið 1989 og þann 1. janúar 1998 sameinuðust VSFK og Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps. Að lokum sameinaðist Bifreiðafélagið Keilir VSFK þann 5. febrúar 1999. VSFK á aðild bæði að Starfsgreinasambandi Íslands og Sjómannasambandinu. Í gegnum aðildina að þessum landssamböndum, er félagið eitt af aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands.

Stjórnendur

Sex formenn hafa starfað hjá félaginu síðan það var stofnað og eru það Axel Björnsson, Guðni Guðleifsson, Ragnar Guðleifsson, Karl Steinar Guðnason, Kristján Gunnarsson og núverandi formaður Guðbjörg Kristmundsdóttir.

Í stjórn félagsins eru 12 menn, 7 í aðalstjórn og 5 í varastjórn. Stjórnina skipa auk formanns Gunnar Sigurbjörn Auðunsson varaformaður, Hulda Örlýgsdóttir ritari, Fjola Svavarsdóttir féhirðir og meðstjórnendur Gunnar Þór Jóhannsson, Jón Rúnar Halldórsson og Guðrjúður Bríet Kristjánsdóttir. Varastjórn eru Miroslaw Zarski, Ásdís Ingadóttir, Steingerður Hermannsdóttir, Kristinn Þormar Garðarsson og Sigurður Kr. Sigurðsson. Núverandi formaður Guðbjörg Kristmundsdóttir starfar einnig á skrifstofu félagsins.

Aðsetur og starfsfólk

Í meira en þrjú áratugi hafði félagið haft höfuðstöðvar sínar að Hafnargötu 30 í Víkinni, eða allt þar til í maí 2009, þegar félagið flutti í nýtt húsnæði að Krossmóa 4. Fjöldi félagsmanna hefur hægt og bitandi aukist, sérstaklega með fjölgun starfsmanna á Keflavíkurflugvelli sem er stærsti vinnustaðurinn á svæðinu. Hjá félaginu starfa 7 menn og að auki starfa 3 ráðgjafar hjá félaginu við starfsendurhæfingu (VIRK).

Verkefni

Helstu baráttumál dagsins í dag eru líkt og þegar félagið var stofnað – að tryggja og bæta kjör og réttindi launafólks. Verkefni dagsins snúast ekki síst um atvinnumál á svæðinu, orlofsmál, fræðslumál félagsmanna og sjúkra- og slysatryggingar, auk hefðbundinnar kjarabaráttu. Ekkert viðfangsefni sem snertir kjör og réttindi launafólks er félaginu óviðkomandi.



Þórey Guðný Marinósdóttir, þjónustufulltrúi.



Sigurður Kr. Sigurðsson, umsjónarmaður orlofshúsa.



Kristín Ósk Wiium, þjónustufulltrúi móttöku.



Fimm mans skipa stjórn félagsins. Efri röð frá vinstri: Grétar Sigurbjörnsson gjaldkeri, Magnús Sigfús Magnússon formaður, Friðrik Örn Ívarsson varaformaður. Fremri röð frá vinstri: Agnes Valgeirsdóttir ritari og Hjördís Kristinsdóttir meðstjórnandi.

Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis



Magnús Sigfús Magnússon, formaður frá árinu 2008.



Erla Sigurbjörg Sigursveinsdóttir, starfsmaður frá árinu 1986.

Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis er elsta starfandi stéttarfélag á Suðurnesjum. Það var á haustmánuðum 1929 að verkamenn og sjómenn í Miðneshreppi kölluðu til fundar í þeim tilgangi að stofna með sér félag. Þann 10. október 1929 var stofnfundurinn haldinn í barnaskólahúsinu sem stóð við skólatjörnina. Aðalhvatamaður að stofnun félagsins var þó ekki verkamaður heldur kennarinn Sigurbogi Hjörleifsson. Í fyrstu stjórn voru kjörnir Guðjón Jónsson bóndi, oftast kenndur við Endagerði, Sigurður Ólafsson sjómaður var ritari og Björn Samúelsson gjaldkeri. Á fyrsta árinu gengu 60 manns í félagið.

Sagan

Lög félagsins voru samþykkt á framhaldsstofnfundi félagsins sem haldinn var 27. október 1929 og telst sá dagur stofndagur félagsins. Í lögnum var meðal annars skilgreint takmark félagsins. Eins og gefur að skilja var það að bæta kjör verkalýðsins í Miðneshreppi en einnig setti félagið sér það markmið að, stuðla að sjálfstæðri þátttöku bænda í stjórn sveitarfélagsins og vinna að hverskonar umbótum sem mega verða til þess að efla hag og velgengni hreppsins í nútíð og framtíð. Samkvæmt þessu var félagið ekki einungis verkalýðsfélag heldur einnig almennt hagsmunafélag fyrir hreppsbúa. Þetta ákvæði mun vera tilkomið vegna þess að stærstu atvinnurekendur í hreppnum voru utanbæjarmenn; Haraldur Böðvarsson hafði bækistöð á Akranesi og Loftur Loftsson í Reykjavík.

Verkalýðsfélag Sandgerðis stofnað 27. október 1929

Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps stofnað 17. maí 1937

Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps stofnað 2. janúar 1949. Árið 1990 breyttist nafn félagsins í Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis þegar Sandgerði varð bær.

Aðsetur og starfsemi félagsins

Árið 1980 keypti félagið húsnæði að Tjarnargötu 8 í Sandgerði. Árið 2017 flutti félagið sig um set og keypti nýtt húsnæði að Miðnestorgi 3 (Vörðunni) þar sem starfsemi er í dag. Félagssvæðið er í dag Suðurnesjabær eftir sameiningu Sandgerðis og Garðs. Félagsmenn í Verkalýðs- og sjómannafélagi Sandgerðis eru um 600. Hlutfall sjómanna hefur minnkað þar sem útgerð hefur dregist mikið saman á Suðurnesjum miðað við það sem áður var. Stærsta atvinnugreinin í Suðurnesjabær er fiskvinnsla og starfsemi í og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis gerðist stofnaðili að Verkamannasambandinu á sínum tíma og á núna aðild að Starfsgreinasambandinu, svo og Sjómannasambandi Íslands. Í gegnum þau samtök er félagið einnig aðili að Alþýðusambandi Íslands.

Félagið hefur tekið þátt í samningagerð í samvinnu við þessi heildarsamtök. Félagið er í samstarfi við Landsmennt, Sveitamennt og Sjómennt um endur- og símenntun félagsmanna. Meginvinna stéttarfélaga er undirbúningur og vinna við kjarasamningagerð og eftirfylgni með að þeir séu virtir. Einnig afgreiðsla menntastyrkja og námskeiða af ýmsum toga ásamt heilsuþætandi styrkjum sem félagið veitir félagsmönnum, ásamt ýmis konar aðstoð og upplýsingagjöf er varðar starfsréttindi félagsmanna.



Stjórn félagsins skipa: Aftari röð frá vinstri: Birkir Freyr Hrafnsson, varaformaður, Benedikt Kristbjörnsson og Jónas Harðarson. Fremri röð: Hafðís Helgadóttir, ritari, Piotr Latkowski, Hörður Guðbrandsson og G. Lóa Sigurðardóttir, gjaldkeri.

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi

Verkalýðsfélag Grindavíkur rekur starfsemi sína í eigin húsnæði við Víkurbraut 46 í Grindavík. Gerð kjarasamninga og varðstaða um aðbúnað og kjör félaganna eru helstu hlutverk félagsins. Það sér einnig um útleigu sumarhúsa og íbúðar á Tenerife til félagsmanna. Almenn félagsstörf, fræðsla og upplýsingagjöf til félagsmanna er mikilvægur þáttur í starfseminni og beitir það sér fyrir námskeiðahaldi af ýmsu tagi. Félagsmenn eru einkum fiskverkfólk, annað verkafólk og starfsfólk í verslun og þjónustu.

Starfsmenn eru þrír, Hörður Guðbrandsson, formaður félagsins, Guðrún Inga Bragadóttir og Jóhanna Sigrún Einarsdóttir. Skrifstofan er opin alla daga frá 09.00 til 15.00.

Styrktarsjóðir félagsins

Félagið er með sérstaka sjúkrasjóðsnefnd. Hún hittist einu sinni í mánuði. Hlutverk hennar er að fara yfir umsóknir sem berast sjóðnum. Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum fjárhagsaðstoð vegna veikinda, slysa eða andláts. Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjanda aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar.

Félagið rekur einnig styrktarsjóð í þágu félagsmanna, þar sem hægt er að sækja um styrki vegna ýmissa útláta eða áfalla. Þar má nefna styrki til kaupa á gleraugum, heyrnartækjum, tannviðgerðum, styrki til heilsueflingar og forvarna, dánarbætur og útfarastyrki, styrki vegna tæknifríðvagnar og krabbameinsskoðunar og meðferðar- og aðgerðastyrki.

Stofnað 1937

Verkalýðsfélag Grindavíkur var stofnað í febrúar 1937 og var fyrsti formaður þess Erlendur Gíslason. „Voru allir sammála um að nauðsynlegt væri að stofna verkalýðsfélag sem léti sig skipta kjör manna, bæði á sjó og í landi.“

Fyrstu verkefni voru að samræma kjör á bátum og tryggja lágmarkslaun verkafólks í landi. Þá var fljótlega gengið í Alþýðusamband Íslands. Fyrsti kjarasamningur félagsins við vinnuveitendur í Grindavík var gerður nokkrum dögum eftir stofnun félagsins eða þann 25. febrúar 1937. Sjómenn yfirgáfu félagið 1976 og stofnuðu þá eigið félag, Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur. Fyrir utan hefðbundin störf stéttarfélaga stofnaði félagið, ásamt atvinnurekendum, sér lífeyrissjóð árið 1970. Sjóðurinn fékk nafnið Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík. Hann var síðar sameinaður Lífeyrissjóði Suðurnesja þann 1. janúar árið 2000, sem síðar gekk inn í Festu Lífeyrissjóð.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan fyrstu kjarasamningarnir voru gerðir heima í Grindavík og beint við útvegsmenn þar. Núna fylgja kjarasamningar félagsins almennum samningum sem Starfsgreinasambandið, áður Verkamannasambandið, gerir fyrir hönd félagsmanna.



Starfsmenn félagsins eru þrír, Jóhanna Sigrún Einarsdóttir, Hörður Guðbrandsson og Guðrún Inga Bragadóttir. Ljósmynd Hjörtur Gíslason.



Úr fiskvinnslu Þorbjarnar hf. þar sem margir af félagsmönnum Verkalýðsfélags Grindavíkur starfa. Ljósmynd Hjörtur Gíslason.



Félagsmenn eru einnig fjölmennir í fiskvinnslu Vísis í Grindavík. /Ljósmynd Hjörtur Gíslason.



Verkalýðsfélag Grindavíkur er til húsa í eigin húsnæði við Víkurbraut 46. /Ljósmynd Hjörtur Gíslason



Kröfuganga á baráttudegi verkalyðsins 1. maí.

Verkalyðsfélag Akraness



Núverandi formaður Verkalýðsfélags Akraness, Vilhjálmur E. Birgisson.

Verkalyðsfélag Akraness var stofnað þriðjudaginn 14. október 1924 í Báruhúsinu á Akranesi. Dagana á undan hafði verið unnið að undirbúningi formlegrar stofnunar félagsins og fyrir þeim undirbúningi stóð hópur sjómanna og verkamanna auk einnar konu sem vann við fiskþvott. Allt þetta fólk átti það sameiginlegt að vinna oft við erfiðar aðstæður og kom saman með von í brjosti um að verkalyðsfélag gæti bætt lífsgæði þeirra hvað varðaði bæði kaup og aðbúnað. Fyrsti fundur þessa hóps var haldinn þann 9. október þar sem ýmsir töluðu fyrir stofnun félagsins og lagðar voru línurnar. Framhaldsfundur var svo haldinn þann 14. október sem endaði með stofnun félagsins. Stofnendur voru 108 talsins og starfssvæði félagsins var Ytri-Akraneshreppur. Fyrsti formaður félagsins var Sæmundur Friðriksson. Í 2. grein laga félagsins stóð meðal annars: „Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag og menningu alþýðunnar á því svæði, sem félagið nær yfir, með því að vinna að sjálfsbjargarviðleitni almennings, ákveða vinnutíma og kaupgjald.“

Hlutverk félagsins

Eins og sjá má af þessum texta var félaginu ætlað að koma inn sem jákvætt afl á vinnumarkaðinn á þessu svæði og myndaðist með stofnun þess mikilvægur kjarni fyrir verkafólk í bænum. Starfsár Verkalýðsfélags Akraness urðu 96 talsins árið 2020 og má segja að félagið hafi verið mikilvægur hluti af samfélaginu síðan það var stofnað þó svo að mismunandi áherslur hafi fylgt hverjum stjórnartíma. Auk þess að sinna því mikilvæga hlutverki sem stéttarfélag gera varðandi kjör og réttindi félagsmanna sinna hefur það einnig alltaf haft mikilvægt hlutverk í samfélaginu og má þar nefna hátíðarhöld í kringum baráttudegi verkalyðsins 1. maí sem hafa sett svip sinn á bæinn í gegnum tíðina. Sem dæmi voru hátíðarhöldin óvenju metnaðarfull árið 1948 þegar kröfugangan endaði á útifundi með ræðuhöldum og tónlistarflutningi, því næst var dagskrá í Bíóhöllinni sem samanstóð af leikþætti, ljóðalestri og gamanvísum og loks var haldinn dansleikur í Báruhúsinu.

Starfsemi félagsins

Það sem hefur fyrst og fremst einkennt starfsemi Verkalýðsfélags Akraness eftir að núverandi stjórn tók við árið 2003 með Vilhjálmi Birgisson sem formann er mikill og áberandi baráttuandi sem er sýnilegur í þjóðfélaginu. VLFA var lengi í minnihluta innan Alþýðusambands Íslands þar sem stjórn félagsins var ekki sammála ýmsum áherslum í starfi sambandsins. Nær ógerlegt var fyrir fulltrúa félagsins að hafa áhrif á málefni innan ASÍ á þeim tíma. Miklar breytingar urðu á þessu árið 2018 þegar nýir formenn höfðu verið kjörnir hjá stéttarfélagnum VR og Eflingu, formenn sem höfðu sömu sýn á kjarabaráttu fólksins í landinu og formaður VLFA. Með þeim sameiningarkrafti sem þar myndaðist var mögulegt að knýja fram breytingar innan ASÍ og koma nýjum sjónarmiðum að. Í raun má segja að þessar breytingar hafi verið upphafið á mjög mikilvægum kafla í sögu Verkalýðsfélags Akraness þar sem aukin aðkoma að innviðum ASÍ getur verið félagsmönnum VLFA sem og öllu verkafólki í landinu til mikilla

Formenn Verkalýðsfélags Akraness frá stofnun þess á árinu 1924

1924 - 1925	Sæmundur Friðriksson
1925 - 1937	Sveinbjörn Oddsson
1937 - 1961	Hálf dán Sveinsson
1961 - 1966	Guðmundur K. Ólafsson
1966 - 1981	Skúli Þórðarson
1981 - 1986	Agnar Jónsson
1986 - 1989	Guðmundur M. Jónsson
1989 - 2003	Hervar Gunnarson
2003 -	Vilhjálmur E. Birgisson



Árlega býður félagið eldri félagsmönnum sínum í dagsferð og er það ómissandi partur af starfinu.



Verkalýðsfélag Akraness gefur leikskólabörnum á Akranesi harðfisk á Sjómannadaginn ár hvert.

bóta. Formaður félagsins var kjörinn varaforseti ASÍ og starfaði mikið á þeim vettvangi líka en vegna ágreinings um ákveðin mál tók formaður VLFA þá ákvörðun að segja af sér sem varaforseti ASÍ í apríl 2020. Hann leggur áherslu á að félagið eigi í mjög góðu samstarfi við fjölmörg aðildarfélög innan ASÍ. Framtíðarsýn félagsins er tvímælalaust sú að bæta stöðugt hag verkafólks í landinu og eru margar hliðar á þeirri baráttu sem meðal annars snerta kaup og kjör en líka aðstæður á vinnumarkaði og í samfélaginu öllu.

Fyrir félagsmenn

Í starfi félagsins er lögð rík áhersla á tengsl við félagsmennina og að þeir finni að félagið er þeirra bakhjarl. Ef upp koma stór vandamál sem hafa áhrif á félagsmenn og fjölskyldur þeirra, til dæmis í formi uppsagna, kappkostar félagið að aðstoða eins og hægt er. Ýmsar mikilvægar hefðir eru jafnframt til staðar í félaginu og má þar nefna árlega ferð sem farin er með eldri félagsmenn til að þakka þeim fyrir þeirra störf og eiga góða stund saman. Um er að ræða dagsferð þar sem merkilegir staðir eru skoðaðir og góður matur borðaður. Þessar ferðir eru ómissandi hluti af starfinu og ætíð er góð þátttaka í þeim. Skrifstofa félagsins var lengi staðsett að Sunnubraut 13 á Akranesi í húsi sem lét ekki mikið yfir sér en leyndi á sér þegar inn var komið. Hinsvegar var orðið þröngt um starfsemi og því fjárfesti félagið í nýju skrifstofuhúsnæði að Þjóðbraut 1. Mikil vinna var lögð í að aðlaga rýmið að starfsemi og flutti félagið þangað í byrjun nóvember 2020. Húsnæðið er 311 m² og þar er rúmgóð móttaka en auk þess 6 lokaðar skrifstofur. Í nýja húsnæðinu er góður fundarsalur sem býður upp á að ýmsar kjaraviðræður geti farið fram þar sem og allir fundir stjórnar félagsins.

Hjá félaginu starfa auk formannsins 4 starfsmenn sem sinna meðal annars allri móttöku og afgreiðslu við félagsmenn, iðgjaldskráningu, skráningu styrkumsókna, bókhaldi og ýmsu fleiru. Auk þess starfa í húsinu tveir ráðgjafar Virk starfsendurhæfingarsjóðs. Mikill viðsnúningur hefur orðið á rekstri félagsins undanfarna tæpa tvo áratugi. Má þar helst þakka góðri skráningu og innheimtu á iðgjöldum og skipulagi í rekstri. Með því móti hefur verið hægt að veita félagsmönnum sem besta þjónustu. Félagsmenn geta leitað til félagsins ef þeir telja að á þeim sé brotið eða þurfa aðstoð við eitthvað sem tengist þeirra réttindum og kjörum. Jafnframt býður félagið upp á fjölmarga styrki úr sjúkrasjóði sem eru vel nýttir og má þar nefna fæðingarstyrk, gleraugnastyrk, heilsufarsskoðunarstyrk, heilsueflingarstyrk og styrk vegna sjúkraþjálfunar. Einnig geta félagsmenn sótt um menntastyrki í gegnum félagið til fræðslusjóða. Þessu til viðbótar eru orlofshús félagsins vel nýtt en það á 8 orlofshús auk þriggja íbúða á Akureyri. Það er óhætt að segja að félagsmenn nýti vel alla þá þjónustu sem í boði er hjá Verkalýðsfélagi Akraness og styrkir það stöðu þess sem virkt stéttarfélag með hagsmuni félagsmanna sinna í fyrirrími.





Ólafsvík.

Verkalýðsfélag Snæfellinga



Vignir S. Mariásson, formaður heldur ræðu á sjómannaþingi 2019.

Verkalýðsfélag Snæfellinga er samsett úr mörgum eldri verkalýðsfélögum og nær saga félagsins allt aftur til ársins 1915, en þá var Verkalýðsfélag Stykkishólms stofnað, núverandi félag verður til árið 2008 við sameiningu Verkalýðsfélags Stykkishólms, Verkalýðsfélagsins Stjórnunnar Grundarfirði og Verkalýðsfélags Snæfellsbæjar.

Verkalýðsfélag Snæfellinga er deildaskipt félag, innan þess eru auk almennrar deildar, sjómannadeild, deild verslunar- og skrifstofufólks og deild starfsfólks hjá ríki og sveitarfélögum. Félagið er því aðili að Starfsgreinasambandi Íslands, Sjómannasambandinu og LÍV sem eru svo aðilar að Alþýðusambandi Íslands.

Stjórn

Stjórn félagsins er kosin af félagsmönnum á aðalfundi til tveggja ára í senn, kosid er um helming stjórnar á hverjum aðalfundi. Árið 2020 eru eftirfarandi í stjórn félagsins: Vignir S. Mariásson formaður, Jóhanna Steingrímsdóttir varaformaður, Dana Sif Óðinsdóttir ritari, meðstjórnendur eru Bergvin Sævar Guðmundsson formaður sjómannadeildar, Ólöf Hallbergsdóttir, Margeir Ingi Rúnarsson og Dallilja Inga Steinarsdóttir.

Starfsemi

Verkalýðsfélag Snæfellinga sér um kjarasamningagerð fyrir félagsmenn sína við þá viðsejendur sem hafa atvinnustarfsemi á Snæfellsnesi, þar eru helst Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, sveitarfélögin, ríkið, Landssamband smábátaeigenda, Samband smærri útgerða og Bændasamtökin. Starfsemi verkalýðsfélagsins er fjölbreytt, félagið aðstoðar þá félagsmenn sem á þurfa að halda í samskiptum við atvinnurekendur vegna launamála, ráðningasamninga og öllu því er viðkemur vinnuþingum, fylgir því eftir að kjarasamningar séu virtir á félagssvæðinu með vinnuþingum. Baráttan um betri réttindi fyrir verkafólk er helsta viðfangsefni félagsins og hefur verið í rúm hundrað ár ásamt því að verja áunnin réttindi, sú barátta mun halda áfram um ókomna tíð því alltaf verður þörf fyrir að verja kjarasamningsbundinn rétt verkafólks. Félagið mun í framtíðinni vera það sameiningar- og baráttuafli sem það á að vera til að þjóna þeim fjölbreytta hóp sem félagsmenn þess eru.

Hjá félaginu eru þrjú starfsmenn auk formanns sem sjá um afgreiðslu mála sem upp koma og aðra starfsemi er viðkemur félaginu.

Aðsetur

Félagið rekur þrjár skrifstofur, aðalskrifstofan í Ólafsvík en einnig eru skrifstofur í Grundarfirði og Stykkishólmi.



Hellissandur.



Rif.



Stykkishólmur.



Grundarfjörður.



Frá vinstri: Einar Ármann Sigurjónsson, Tryggvi Ástþórsson, Guðrún Elin Pálsdóttir, Finnborg Elsa Guðbjörnsdóttir og sitjandi fremst, Marta Kuc.

Verkalýðsfélag Suðurlands

Í dag skipa stjórn og varstjórn félagsins 11 manns.

Aðalstjórn:

Guðrún Elin Pálsdóttir formaður,
Tryggvi Ástþórsson varaformaður,
Aldís Harpa Pálmarsdóttir,
Kristján Pálmason,
Ólafur Helgi Gylfason,
Sigrún Jónsdóttir og
Einar Aron Kjartansson.

Varastjórn:

Steinar Guðmundsson,
Erla Ósk Sigurðardóttir,
Sóley Ösp Karlsdóttir og
Helga Fjóra Guðnadóttir.

Einnig á félagið fulltrúa í stjórn ASÍ-Ung:

Ástþór Jón Tryggvason

Starfsmenn á skrifstofu:

Finnborg Elsa Guðbjörnsdóttir,
Marta Kuc og
Einar Ármann Sigurjónsson

Eitt af helstu hlutverkum Verkalýðsfélags Suðurlands er að standa vörð um hagsmuni og réttindi sem þegar hefur verið samið um í kjarasamningum sem og að berjast fyrir betri kjörum. Stéttarfélagið kemur fram fyrir hönd félagsmanna sinna við gerð kjarasamninga. Það veitir einnig félagsmönnum sínum ýmsa þjónustu ásamt lögfræðilegri ráðgjöf er varðar ágreiningsmál gagnvart atvinnurekanda sínum. Samið hefur verið um styrktarsjóði í kjarasamningum. Í kjarasamningum stéttarfélagsins hefur verið samið um sjúkra-orlofs- og menntasjóð. Sjúkrasjóður stéttarfélagsins styrkir félagsmenn sína í veikindum og slysum, einnig veitir hann ýmsa styrki til forvarna. Orlofsjóðnum er m.a. ætlað að styrkja félagsmenn til dvalar í orlofshúsum þar sem hægt er að njóta orlofsins og hvíldar. Menntasjóðurinn styrkir félagsmenn sína til ýmissa námsleiða, allt frá tómsundanámi til háskólanáms.

Verkalýðsfélag Suðurlands

var stofnað 1. desember 2001 eftir nokkurn undirbúning. Stofnfundur þess var að Fossbúð, Austur-Eyjafjöllum þann sama dag og voru þar mættir gestir frá Alþýðusambandi Íslands og frá Starfsgreinasambandi Íslands. Félagssvæði hins nýja félags náði þá frá Þjórsá í vestrí að Lómagnúp í austri. Stofnendur voru félagsmenn þriggja verkalýðsfélaga á Suðurlandi; Verkalýðsfélagsins Rangæings (Rangárvallasýsla), Verkalýðsfélagsins Víkings (Mýrdalshreppi) og Verkalýðsfélagsins Samherja (Skaftárhreppur). Fyrsti formaður stéttarfélagsins var kosinn Már Guðnason og varaformaður var kosinn Eiríkur Tryggvi Ástþórsson sem gegnir því starfi enn í dag. Már gegndi formannsstarfinu til ársins 2016 en frá þeim tíma hefur Guðrún Elin Pálsdóttir verið formaður félagsins. Tilgangurinn með stofnun félagsins var að gera félagssvæði þessara sameinuðu þriggja félaga virkara með öflugri og markvissri þjónustu. Við sameininguna voru komin saman í eitt félag 528 manns og var fyrsta verkefni sameiðaðs félags að huga að gerð kjarasamninga.

Rangæingur verkalýðsfélag

Verkalýðsfélag Suðurlands var sem fyrr segir stofnað upp úr þremur öðrum félögum og var Rangæingur verkalýðsfélag eitt þeirra. Saga Rangæings hófst þann 8. júní 1950 þegar stofnað var félag í Rangárvallasýslu sem fékk nafnið Verkamannafélagið Rangæingur. Stofnfélagar voru 23, fyrsti formaður þess var Pétur Á. Brekkan og var Baldur Ólafsson kosinn varaformaður. Félagið gerðist aðili að Alþýðusambandi Íslands á stofnári. Á árinu 1970 sameinuðust Verkamannafélagið Dímon og Verkamannafélagið Rangæingur og árið 1989 gekk Bílstjórafélagið Rangæingur einnig í félagið. Eftir þessar sameiningar var nafni sameinaðra félaga breytt í Rangæingur verkalýðsfélag. Rangæingur var einn af stofnaðilum Lífeyrissjóðs Rangæinga sem stofnaður var árið 1971. Fyrir sameiningu í Verkalýðsfélag Suðurlands var Rangæingur stærsta félagið sem átti þátt í sameiningunni, Már Guðnason var þá formaður Rangæings.



Guðrún Elin Pálsdóttir, formaður og framkvæmdastjóri.



Tryggvi Ástþórsson, varaformaður og umsjónarmaður fasteigna.



Marta Kuc, þjónustufulltrúi kjarasviðs.

Verkalýðsfélagið Víkingur

Víkingur, Vík í Mýrdal var annað þriggja félaganna sem sameinaðist í Verkalýðsfélag Suðurlands. Víkingur var stofnað þann 15. desember árið 1932 og var því elsta félagið í sameiningunni. Við sameiningu Víkings í Verkalýðsfélag Suðurlands var Tryggvi Ástþórsson formaður. Fyrsti formaður Víkings var Oddur Jónsson, varaformaður var Guðmundur Guðmundsson. Fyrsti aðalfundur Víkings var haldinn þann 5. janúar 1933. Var þar ákveðið að árstíllag félagsmanna skyldi vera 4 krónur fyrir karla og 2 krónur fyrir konur og unglunga. Á sama fundi var samþykkt að sækja um upptöku í Alþýðusambandi Íslands og varð félagið formlegur aðili að sambandinu þann 28. janúar sama ár. Tildrög að stofnun Víkings voru þau að vorið 1932 kom Jón Baldvinsson alþingismaður, forseti Alþýðuflokksins og Alþýðusambands Íslands til Víkur. Hann kvaddi Guðmund Guðmundsson skósmið á sinn fund og hvatti hann til að standa fyrir stofnun verkalýðsfélags í Vík sem varð úr eins og fyrr segir. Stofnendur voru 48 talsins og ákveðið var að gefa hinu nýja félagi nafnið Víkingur. Félagssvæðið var Hvamms- og Dyrhólahreppar sem síðar urðu að Mýrdalshreppi. Guðmundur skósmiður hafði verið aðalhvatamaðurinn að stofnun félagsins. Hann var mikill verkalýðssinni og ávallt reiðubúin til sóknar ef hagsmunir verkalýðsins voru til umræðu. Hann gegndi formennsku í félaginu frá 1936 til 1948 og aftur frá 1953 til 1. apríl 1964 er hann lést á heimili sínu í Vík.

Verkalýðsfélagið Samherjar

Samherjar var þriðja félagið sem sameinaðist í Verkalýðsfélag Suðurlands. Félagið var stofnað 23. september 1951. Þá komu saman í Hrífunesi í Skaftártungu nokkrir áhugamenn um stofnun verkalýðs- og bifreiðastjórafélags fyrir Leiðvallahrepp (hinn forna). Voru þrír menn tilnefndir til að undirbúa og boða fyrirhugaðan stofnfund, Böðvar Jónsson í Norðurhjáleigu, Tómas Gíslason á Melhól og Árni Jónsson í Hrífunesi. 15. desember sama ár var svo haldinn stofnfundur að verkalýðs- og bílstjórafélagi þriggja hreppa austan Mýrdalssands. Fundurinn var haldinn í Hrífunesi og mættu 24 á fundinn. Nafn félagsins var valið með því að útbyta miðum og skrifaði hver fundarmanna það nafn sem honum datt í hug. Niðurstaðan varð sú að fundarmenn komu sér saman um nafnið Samherjar. Stofnendur töldust vera 55. Fyrsti formaður félagsins var Árni Jónsson í Hrífunesi og Sveinn P. Gunnarsson á Flögu var kosinn varaformaður. Á fundi stjórnar og trúnaðarráðs þann 22. desember 1951 var gengið frá umsókn um inngöngu félagsins í Alþýðusamband Íslands. Í október 1968 var félagssvæðið stækkað og náði þá yfir alla hreppana á milli sanda. Á aðalfundi í desember 1970 var samþykkt að gerast aðili að sameiginlegum lífeyrissjóði Suðurlandsumdæmis. Var þá lesið upp bréf frá ASÍ þar sem hvatt var til að öll félög gerðust aðilar að lífeyrissjóðnum svo að hann yrði sem stærstur og þjónaði sem best sínu hlutverki. Þá var rætt um stofnun ASS (Alþýðusambands Suðurlands), en vegna ýmissa deilna félaga var ákveðið að taka ekki afstöðu til málsins meðan deilt væri um stofnun sambandsins. Félagsmenn í Samherjum við sameiningu VLFS voru 82 og var Sveinbjörg Pálsdóttir þá formaður Samherja.



Finnborg Elsa Guðbjörnsdóttir, þjónustufulltrúi, bókhald og kjarasvið.



Einar Ármann Sigurjónsson, þjónustufulltrúi kjarasviðs.



Finnbogi Sveinbjörnsson formaður Verk Vest í ræðustól með fána félagsins.



Frá kröfugöngu Verkalýðsfélags Vestfirðinga og fleiri stéttarfélaganna á Ísafirði 1. maí 2008.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga



Trúnaðarmenn, stjórn og starfsfólk Verk Vest á námskeiði árið 2015.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verk Vest, tók til starfa 1. janúar 2002. Á formlegum stofnfundi í 21. september sama ár sameinuðust níu félög verkafólks og sjómanna í Súðavík, á Hólmavík, Flateyri, Þingeyri, Patreksfirði og Bíldudal og félög verkafólks, byggingamanna og verslunar- og skrifstofufólks á Ísafirði. Á næstu þrem árum bættust í hópinn félögin á Tálknafirði, Drangnesi, Reykhólum og Suðureyri og Sjómannafélag Ísfirðinga. Verkalýðsfélag Vestfirðinga byggir á traustum grunni.

Félagið er arftaki Alþýðusambands Vestfjarða sem stofnað var árið 1927 og starfaði í átta áratugi, en var formlega sameinað Verk Vest árið 2016. Með sameiningu stéttarfélaganna í Verk Vest varð til öflugur málsvari vinnandi fólks á Vestfjörðum.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga - Verk Vest er stéttarfélag verkafólks, sjómanna, iðnaðarmanna, opinberra starfsmanna og verslunar- og skrifstofufólks á Vestfjörðum. Félagssvæðið nær um alla Vestfirði (nema í Bolungarvík, þar sem verslunar-, skrifstofufólk og iðnaðarmenn eiga aðild að Verk Vest). Verkalýðsfélag Vestfirðinga er aðili að Alþýðusambandi Íslands og landssamböndum þess.

Stjórn Verk Vest 2021-2023:

Formaður, Finnbogi Sveinbjörnsson, varaformaður, Bergvin Eypórsson, gjaldkeri, Kolbrún Sverrisdóttir, ritari og Eygló Harðardóttir.

Varastjórn skipa:

Guðbjörg Svandís Þrastardóttir, Guðfinna B. Guðmundsdóttir, Ómar Sigurðsson og Ólafur Baldursson.

Formenn deilda eru jafnframt stjórnarmenn:

Verslunar- og skrifstofudeild: Margrét Jóhanna Birkisdóttir.

Sjómannadeild: Sævar Kr. Gestsson.

Iðnaðardeild: Viðar Kristinsson.

Matvæla- og þjónustudeild: Gunnhildur B. Elíasdóttir.

Opinber deild, starfsmanna sveitafélaga og ríkisstofnana: Ingvar G. Samúelsson.

Trúnaðarráð félagsins skipa ofangreindir auk 30 félagsmanna frá öllum starfssviðum félagsins, búsettir um allt félagssvæðið.

Þjónusta við félagsmenn

Hlutverk Verkalýðsfélags Vestfirðinga er að vinna að bættum kjörum félagsmanna sinna með gerð kjarasamninga í samvinnu við önnur stéttarfélag á landinu og að tryggja réttindi félagsmanna samkvæmt ákvæðum laga og kjarasamninga. Auk þess vinnur félagið að bættum lífskjörum félagsmanna á öllum sviðum.

Félagið starfrækir sjúkrasjóð, orlofsjóð og fræðslusjóð sem þjóna félagsmönnum með styrkjum vegna veikinda eða annarra áfalla, fræðslustyrkjum og með útleigu íbúða og sumarhúsa víða um land. Mikilvægur hluti starfseminnar felst í því að tryggja kjör og réttindi félagsmanna með virku eftirliti og aðhaldi, öflugri fræðslustarfsemi og viðtæku trúnaðarmannakerfi.

Starfsmenn félagsins standa dyggan vörð um réttindi félagsmanna, sem sannaðist eftirminnilega á árinu 2020 þegar alvarleg brot áttu sér stað á réttindum sjómanna vegna kórónaveirusýkingar um borð í togara.

Skrifstofa

Skrifstofur félagsins eru á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík. Skrifstofa Verk Vest þjónar einnig félagsmönnum Félags járníðnaðarmanna á Ísafirði. Ráðgjafar VIRK starfsendurhæfingarsjóðs eru með aðstöðu á skrifstofu félagsins á Ísafirði.

Starfsmenn félagsins

Finnbogi Sveinbjörnsson, Agnieszka M. Tyka, Ásdís Birna Pálsdóttir, Bergvin Eypórsson, Hulda V. Steinarsdóttir, Kolbrún Sverrisdóttir og Stefania Heiðrún Árnadóttir. Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir og Henný Þrastardóttir eru ráðgjafar Virk starfsendurhæfingar.

Vefsíða: verkest.is



Höfnin á Pórhöfn. / Ljós. Sóley Vífilsdóttir.

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Verkalýðsfélag Þórshafnar var stofnað 16. júlí 1926, að frumkvæði Guðmundar Einarssonar í Garði á Pórhöfn. Stofnendur með honum voru Halldór Guðbrandsson, Egill Halldórsson, Zóphónías Pétursson, Helgi Þorsteinsson, Tryggvi Sigfússon og Aðalsteinn sonur Guðmundar. Var Guðmundur formaður og var einn í stjórn til að byrja með, en tveimur árum síðar voru kosnir í stjórnina þeir Halldór Guðbrandsson, Zóphónías Pétursson og Sigfús Helgason. Í dag er fimm manna aðalstjórn, þriggja manna stjórn sjúkrasjóðs, þriggja manna stjórnir í sjómanna-, iðnaðar-, verslunardeild og siðanefnd auk 8 manna trúnaðarráðs og tveggja manna kjörstjórnar og varamanna í öllum stjórnnum. Ásamt því að beita sér fyrir bættum kjörum verkamanna lét félagið sig varða hin ýmsu málefni. Átti m.a. frumkvæði að fá vatnsveitu í þorpið, átti hlut í félagsheimilinu, lagði fjármagn í SAK þegar það var reist, kirkjubyggingu á Pórhöfn, styrkti fátæka o.fl. Árið 1938 gekk félagið í ASÍ og 1965 í Starfsgrainasambandið. Árið 1960 var stofnuð sjómannadeild og verslunar- og skrifst.- og iðnaðarmannadeild árið 2009. Árið 1954 var félagssvæðið fært út og náði þá líka yfir Sauðaneshrepp og 1970 yfir Svalbarðshrepp. Með sameiningu Þórshafnar og Bakkafjarðar árið 2006 stækkaði svæðið enn meira. Árið 1996 seldi félagið orlofshús sem það átti í Aðaldal og keypti hús í Kjarnaskógi við Akureyri. Árið 2012 festi það svo kaup á öðru húsi á sama stað. Í janúar 2001 var gerður samstarfssamningur við Framsýn á Húsavík og hefur sérþekking þeirra sem þar starfa verið mikils virði.

Stjórnendur og félagsmenn

Þeir sem hafa gengt formennsku eru: Guðmundur Einarsson, Jónas Sigurðsson, Jóhann Jónsson, Vilhjálmur Sigtryggsson, Þorsteinn Ólason, Jón Jóhannsson, Axel Davíðsson, Guðjón Kristjánsson, Jón Pálsson, Egill Halldórsson, Angantýr Einarsson, Njáll Þórðarson, Jósep Leósson, Þórir Björgvinsson, Eysteinn Sigurðsson, Kristinn Jóhannsson, Kristinn Lárusson, Sæmundur Jóhannesson, Karen Konráðsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Svala Sævarsdóttir núverandi formaður. Svala hefur fært bókhald félagsins frá árinu 1998. Árið 1971 var ráðinn aðstoðarmaður stjórnar, Guðjón Kristjánsson. Oftast voru það formenn sem voru helstu starfsmenn félagsins en í dag er Aneta Potrykus starfsmaður í um 70% starfi. Var það mikill fengur fyrir félagið að fá einstakling sem talar pólsku, íslensku og ensku vegna fjölbreytileika félagsmanna. Árið 2002 var Kristinn Jóhannsson gerður heiðursfélagi í Verkalýðsfélagi Þórshafnar en hann gengdi formennsku í mörg ár af mikilli röggsemi.

Til eru fundargerðir félagsins allt frá árinu 1945 til dagsins í dag, en eldri gögn glötuðust í eldi. Árið 2020 voru 230 fullgildir félagsmenn skráðir í félagið en um 330 sem greiddu í það.

Stjórn: Svala Sævarsdóttir formaður, Kristín Kristjánsdóttir varaformaður, Hulda Ingibjörg Einarisdóttir ritari, Jóhanna Sigríður Jónsdóttir gjaldkeri og Ari Sigfús Úlfsson meðstjórnandi.

Aðsetur

Skrifstofa félagsins er að Langanesvegi 2 á Pórhöfn.



Kristinn Jóhannsson, heiðursfélagi.



Eitt af orlofshúsum félagsins.



Hafnarfjörður fyrir rúmum 100 árum.

Verkalýðsfélagið Hlíf



Verkamannafélagið Hlíf var stofnað í þessu húsi, Góðtemplarahúsinu, í janúar eða febrúar árið 1907. Eins og hjá ýmsum öðrum verkalýðsfélögum á þessum tíma tók skipulag Hlífar nokkurt mið af skipulagi Góðtemplarareglunnar.

Verkamannafélagið Hlíf var stofnað um mánaðamótin janúar/febrúar árið 1907, ári áður en Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi. Þá bjuggu í bænum um 1.500 manns, mest sjómenn og verkamenn. Alþýða fólks bjó við kröpp kjör, þannig að jarðvegurinn var frjór. Á stofnfundinum, sem haldinn var í Góðtemplarahúsinu, gengu um 40 karlar og konur í félagið. Fyrsti formaður var Ísak Bjarnason á Bakka í Garðahreppi. Nokkrum vikum síðar voru félagsmennirnir vel á þriðja hundrað, um þriðjungur konur.

Félagið

Félagið sótti fyrirmynd að stofnun og skipulagi talsvert til Dagsbrúnar, auk þess sem forystumennirnir sóttu talsvert til Dagsbrúnar í aðdraganda félagsstofnunarinnar. Þetta gerði það að verkum að starfsháttum og skipulagi svipaði nokkuð til Góðtemplara-reglunnar, enda sóttu mörg félög fyrirmyndir til hennar á þessum árum þ.m.t. Dagsbrún. Sá munur var á Dagsbrún og Hlíf, að Hlíf var blandað félag kvenna og karla, en Dagsbrún var eingöngu karlafélag. Í fyrstu lögum félagsins er kveðið á um að inngöngu í félagið get fengið „hver sá karl og kona sem er orðinn fullra 15 ára að aldri og er fær til algengrar vinnu“. Í þessum fyrstu lögum félagsins er markmiðum félagsins lýst á þennan hátt:

- Að styrkja og efla hag og atvinnu félagsmanna.
- Að koma betra skipulagi á alla daglaunavinnu.
- Að takmarka vinnu á öllum helgidögum.
- Að auka menningu og bróðurlegan samhug innan félagsins.
- Að styrkja þá félagsmenn eftir megni er verða fyrir slysum eða öðrum óhöppum.

Sagan

Félagið lét mikið að sér kveða strax í upphafi. Strax þann 1. mars á stofnárinu gaf félagið út prentuð „aukalög“, þar sem auglýstir voru kauptaxtar félagsins og ýmiss konar fyrirkomulag vinnunnar. Þar var m.a. kveðið á um að almennur vinnudagur væri frá kl. 6 á morgnana til kl. 7 á kvöldin. Öll vinna utan þess tíma skyldi talin eftirvinna. Þessi „aukalög“ um kjör og aðbúnað hafnfirsk verkafólks ollu straumhvörfum. Laun hækkuðu umtalsvert og ýmis réttindi náðust fram. Til dæmis er talið að þetta sé í fyrsta skipti sem viðurkenndur var hærri taxti fyrir nætur- og helgidagavinnu. Hitt var þó ekki síður mikilvægt, að atvinnurekendur gátu ekki lengur ákveðið kjör verkafólks nánast einhliða.

Konur í Hlíf

Konur létu mikið að sér kveða á fyrstu starfsárum Hlífar. Það var reyndar fátítt að félögin væru bæði fyrir karla og konur í upphafi. T.d. var Dagsbrún hreint karlafélag. Í Hlíf var um þriðjungur félagsmanna konur, þegar í byrjun. Í fyrstu aukalögum Hlífar voru skilgreindir sérstakir kauptaxtar fyrir konur. Þeim vildu atvinnurekendur ekki una. Þá lögðu konurnar



Ísak Bjarnason á Bakka í Garðahreppi var kjörinn fyrsti formaður Verkamannafélagsins Hlíf.



Vorið 1933 hóf Verkakvennafélagið Framtíðin rekstur dagvistunar fyrir börn og 2. maí 1935 var Dagheimilið á Hördúvöllum opnað. Hér var um mikið brautryðjendastarf að ræða.

niður vinnu og gengu atvinnurekendur þá fljótlega að kröfunum. Þetta mun vera fyrsta verkfall kvenna á Íslandi. Árið 1912 efndu Hlífar konur aftur til verkfalls, sem stóð í um mánuð. Það er af mörgum talið fyrsta verkfall kvenna á Íslandi, þótt það sé ekki allskostar rétt ef tekið er tillit til vinnustöðvunarinnar 1907. Hvað sem því líður, þá efndu Hlífar konur til fyrstu vinnustöðvana kvenna á Íslandi.

Þrátt fyrir að konur ættu sterkan sess í félaginu, var engu að síður ákveðið að stofna sérstakt félag kvenna, Verkakvennafélagið Framtíðina. Stofndagurinn var 3. desember 1925. Þetta var gert í góðu samráði við og með stuðningi Hlífar. Störfuðu félagin tvö samhliða og oft í náinni samvinnu (deildu t.d. skrifstofuaðstöðu um langt skeið), þar til þau sameinuðust árið 1999 og nafnið varð Verkalýðsfélagið Hlíf.

Félagið í dag, húsnæði og orlofsmál

Talið er að stofnfélagar hafi verið um 40 talsins og að fáum vikum síðar hafi félagsmenn verið orðnir um 230. Um síðustu aldamót, þegar Verkamannafélagið Hlíf og Verkakvennafélagið Framtíðin sameinuðust, voru þeir um 2.500 talsins. Í dag eru þeir á bilinu 3.500-4.000, eftir því hvenær ársins er. Í Verkalýðsfélaginu Hlíf er einkum verkafólk á almennum vinnumarkaði, ófaglært starfsfólk sveitarfélaga á félagssvæðinu (sem er Hafnarfjörður og Garðabær), ófaglært starfsfólk í umönnunarstörfum, svo sem hjúkrunarheimilum og svo almennt starfsfólk í álverinu í Straumsvík.

Fram til 1930 rak félagið ekki sjálfstæða skrifstofu og erindi voru rekin á heimilum stjórnarmanna. Fyrsta skrifstofan var herbergi á loftinu í Verkamannaskýlinu. Árið 1944 flutti skrifstofan í húsið Bjarna riddara Sívertsen. Þaðan flutti skrifstofan um áratug síðar að Austurgötu 17 og árið 1954 að Austurgötu 47. Tveimur árum síðar flutti skrifstofan í Akurgerðishúsið að Vesturgötu 10 og árið 1969 í Skiphól og þaðan í Venusarhúsið, Strandgötu 11 árið 1971. Árið 1977 flutti skrifstofan á Reykjavíkurveg 64, þar sem hún er í dag.

Félagið á 8 orlofshús í dreifbýli, fjögur á Suðurlandi og fjögur í Borgarfirði. Jafnframt á það parhús með tveimur íbúðum í Stykkishólmi og þrjár orlofsíbúðir í fjölbýli á Akureyri.

Verkalýðsfélagið Hlíf er eitt 19 aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands og á þar að auki aðild að Alþýðusambandi Íslands. Það á aðild að fræðslusjóðnum Starfsafli og Flóamentn og heldur jafnframt úti fræðslusjóði Hlífar.

Í stjórn Hlífar eru sjö félagsmenn og fimm til vara. Á skrifstofunni eru sex starfsmenn í fullu starfi, þar af tveir Virk ráðgjafar og svo einn í hlutastarfi.



Á skrifstofu félagsins eru sex starfsmenn. Efri röð frá vinstri: Elin Ólafsdóttir, Virk ráðgjafi, Kolbeinn Gunnarsson, formaður og Guðmundur Rúnar Árnason, framkvæmdastjóri. Sitjandi frá vinstri; Eyrún Unnur Guðmundsdóttir, Virk ráðgjafi, Valborg Óskarsdóttir, gjaldkeri og Eyþór Þormóður Árnason, varaformaður.



Konur í Hlíf lögðu niður störf skömmu eftir stofnun félagsins árið 1907 og aftur árið 1912. Þetta eru fyrstu vinnustöðvanir íslenskra kvenna til að knýja á um bætt kjör.





Stjórn Verslunarmannafélags Skagafjarðar 31.12.2020

Aftari röð frá vinstri: Sigríður G. Sigurðardóttir, gjaldkeri,

Erna Reynisdóttir, meðstjórnandi, Lilja Sigurðardóttir, ritari

Fremri röð frá vinstri: Hjörtur Geirmundsson, formaður og

Magnús Sverrisson, varaformaður.

Verzlunarmannafélag Skagafjarðar

Verzlunarmannafélag Skagafjarðar var stofnað 9. júní 1958 á Sauðárkróki. Félagssvæði þess er Skagafjörður. Annað félag starfaði einnig fyrr á öldinni en lognaðist út af. Fyrsti formaður félagsins var Guðmundur Ó. Guðmundsson. Núverandi formaður félagsins er Hjörtur Geirmundsson. Félagið er hluti af Landssambandi íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og 4. þing LÍV var haldið í Bifröst á Sauðárkróki 3.-5. maí 1963.

Sagan

Framan af var skrifstofuhaldið og þjónustan fyrst og fremst á heimili þeirra sem veittu félaginu forstöðu á hverjum tíma. Árið 1996 var hins vegar opnuð skrifstofa í Aðalgötu 21, þar sem áður var Grána og skrifstofur Kaupfélags Skagfirðinga. Opið var hluta úr degi tvisvar til þrisvar í viku. Félagið flutti sig svo til árið 2005 í suðurenda Aðalgötu 21 og var þar þangað til um mitt ár 2006. Þá gerði félagið þjónustusamning við Ölduna stéttarfélag um þjónustu við félagsmenn sína. Þetta samstarf er ennþá við lýði og hefur verið ákaflega farsælt. Skrifstofa stéttarfélaganna er til húsa að Borgarmýri 1 á Sauðárkróki í dag.

Félagið og fólkið

Alls greiða um 266 einstaklingar til félagsins en fullgildir félagsmenn eru um 184. Um síðustu aldamót voru þeir ríflega 140. Þetta þýðir að félagsmönnum hefur fjölgað um ríflega 30% á þessum tíma. Aldurssamsetning félagsmanna er þannig að um 55% félagsmanna eru yngri en 35 ára. Tæplega 67% félagsmanna eru konur og rúm 33% karlar. Í stjórn sitja 5 félagar sem eru kjörnir árlega á aðalfundi félagsins. Á aðalfundi ár hvert eru kjörnir fjórir stjórnarmenn auk formanns. Tveir eru kjörnir í varastjórn, fjórir í trúnaðarráð og tveir í varatrúnaðarráð. Þá eru kjörnir tveir félagslegir skoðunarmenn og einn til vara til eins árs. Nú eru þrjár konur í stjórninni og tveir karlar.

Samstarf

Félagið á aðild að Landssambandi íslenskra verzlunarmanna og Alþýðusambandi Íslands. Jafnframt á félagið í margvíslegu samstarfi við önnur félög og fyrirtæki á Norðurlandi vestra um námskeiðahald og fleira. Aldan stéttarfélag sér um þjónustu og afgreiðslu við félagsmenn fyrir félagið. Félagið á og rekur sumarbústað í Varmahlíð ásamt Öldunni og einnig tvær íbúðir í Reykjavík sem eru til útleigu fyrir félagsmenn ásamt Öldunni og Iðnsveinfélagi Skagafjarðar.

Verkefni

Þó að félagið sé orðið 60 ára gamalt þá eru viðfangsefnin svipuð í dag eins og þegar félagið var stofnað. Alltaf er verið að vinna í að bæta kjör félagsmanna og standa vörð um það sem hefur áunnist á þessum tíma. Það er mikill ávinningur og trygging að vera í stéttarfélagi og ýmislegt í boði fyrir þá félagsmenn sem bera sig eftir því. En auðvitað eru líka nýjar áskoranir á hverjum tíma fyrir sig og tíðarandinn hefur breyst gríðarlega.



Frá smíðavinnu í smíðju Skaginn3X á Ísafirði, verið að smíða kælisingiltank fyrir laxeldi í Noregi. / Ljós. Árni Helgason.

VM - Félag vélstjóra og málmþækninga



Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður VM. / Ljós. VM.

VM-félag vélstjóra og málmþækninga varð formlega til haustið 2006 með sameiningu Vélstjórafélags Íslands og Félagi Járniðnaðarmanna. Við sameininguna varð til öflugt stéttarfélag með vélstjórum til sjós og lands, járniðnaðarmönnum, skipasmiðum og netagerðarmönnum. Í dag er félagið með stærstu fag- og stéttarfélag landsins með um 4000 félagsmenn, um allt land.


Vélstjórafélag Íslands var stofnað 1909 og í byrjun voru félagsmenn eingöngu vélstjórar er störfuðu á sjó, en með vaxandi tækni urðu vélstjórar og járniðnaðarmenn sífellt eftirsóttari á vinnumarkaði. Kæli- og frystikerfi urðu stærri í frystihúsum og matvöruverslunum, rafvæðing landins hófst og stóriðjan kallaði á menntaða vélstjóra.

Félag járniðnaðarmanna var stofnað 1920, þá sem sveinafélag. Eftir 1931 fara svo að bætast við félagið skipasmiðir, járniðnaðarfélög af landsbyggðinni og Nót-sveinafélag netagerðarmanna. Bæði voru þá þessi stéttarfélög á landsvísu. Vegna vaxandi tækni starfa vélstjórar og járniðnaðarmenn vítt og breitt í tæknigeiranum til sjós og lands.

Hlutverk

Helstu markmið félagsins er að standa vörð um lögvernduð störf félagsmanna, kjör og síðan enn ekki síst að huga að menntun, öryggi og heilsusamlegu starfsumhverfi í öllum greinum ásamt bættum lífskjörum og félagslegum stöðuleika.

Skipurit skrifstofu VM



VM-er með 18 kjarsaminga fyrir sína félagsmenn um allt land.

VM-er með öflugan styrktar- og sjúkrasjóð fyrir félagsmenn.

VM-rekur fjölda orlofshúsa um allt land, ásamt íbúðum í Reykjavík, þar má t.d. nefna sérstaka íbúð ætlaða félagsmönnum landbyggðarinnar er þurfa að leita sér læknaástoðar á höfuðborgarsvæðinu.

VM-svarar öllum fyrirspurnum vegna launa- og réttindamála. Leiðbeinir félagsmönnum varðandi atvinnu-, öryggis- og launamál, bæði með heimsóknum á vinnustaði og á skrifstofu VM.

VM-fylgist vel með menntun í vélstjórn, málmþækni og netagerð. Félagið styrkir félagsmenn til að sækja sér aukna menntun bæði í skólum og með námskeiðum, t.d. hjá lðunni.

VM-leggur áherslu á upplýsingaflæði til félagsmanna með lifandi heimasíðu vm.is og gefur út tímarit tvisvar á ári. Ársskýrslur, fundargerðir stjórnar og lög félagsins er aðgengilegt á heimasíðunni vm.is.

Félagið hefur einnig staðið að útgáfu á sögu vélstjórstéttarinnar, sem kom út 2017 og er í rafrænu formi á heimasíðu félagsins. Nú er verið að rita sögu Nótar-netagerð, er áætlað að hún komi út á vormánuðum 2021, og verður hún þá með sama sniði, þ.e. rafræn.

Félagið er í ASÍ og er því aðili að Bjargi íbúðafélagi, sem er sjálfeignarstofnun án hagnaðar-markmiða, er stuðlar að tryggja tekjulágum einstaklingum íbúðir í langtímaleigu.

Í húsnæði félagsins er einnig lögmannsstofa sem sinnir verkefnum fyrir félagið og félagsmenn.



Hampiðjan á Neskaupstað, þetta er nýjasta netaverkstæði landsins árið 2020. Vinnuaðstaða til fyrirmyndar og margar nýjungar.

Framtíðarsýn

Félagið er í stöðugri stefnumótavinnu, vegna breytinga á vinnumarkaði, vinnutilhögun vegna ört vaxandi tækni og vinnutímabreytinga. Formaður og stórn félagsins eru núna 2020 og 2021 í stefnumótunarvinnu ásamt Attentus ráðgjöfum um framtíðarsýn VM til komandi ára. Haldnir eru fundir með félagsmönnum um sýn á félagið og uppbyggingu á störfum þeirra. Oftast eru þetta þemadráttir fundir, tekin fyrir málefni tengd félagsmönnum með fræðslu og fyrirlestrum. Fundir þessir hafa verið út á landsbyggðinni, þar sem öllum félagsmönnum er kleift að mæta og hafa áhrif á félag sitt og uppbyggingu.

Aðsetur

Skrifstofa VM er að Stórhöfða 29, 110 Reykjavík og er hún opinn alla daga frá kl. 08-16. Einnig eru skrifstofur reknar í samvinnu með FMA-félag málmíðanaðarmanna í Alþýðuhúsinu við Skipagötu 14 á Akureyri. Að auki er félagið með tengiliði um allt land. Það má minna á heimssíðu VM: vm.is

Mannauður

Á skrifstofu félagsins starfa 9 manns og hafa flestir verið þar um lengri tíma. Er skrifstofu skipt upp í tvö svið, skrifstofu- og fjármálasvið og kjara- og menntasvið. (Sjá mynd).

Stjórn

Í stjórn félagsins næstu tvö árin 2020-2022 eru í aðalstjórn átta menn auk formanns og varaformanns, kosið er til tveggja ára í senn en formaður er kosinn á fjögurra ára fresti, átta manns eru einnig í varastjórn.

Aðalstjórn: Guðmundur Helgi Þórarinnsson formaður, Samúel Ingvarsson varaformaður og aðalmenn eru Agnar Ólason, Kristmundur Skarphéðinsson, Pétur Freyr Jónsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Andrés Bjarnason og Sigurður Jóhann Erlingsson. Trúnaðarmenn í félaginu eru 43 í 33 fyrirtækjum um allt land.

Styrktar- og menningarsjóðurinn VM, Akkur

Akkur var stofnaður af Vélstjórafélaginu á sínum tíma og er hugsaður sem styrktarsjóður til rannsóknarverkefna, brautryðjenda- og þróunarstarfa, menningartengdri starfsemi og listsköpun. Markmiðið er að styrkja aðila í þessum geirum í rannsóknum og menningu er kemur félagsmönnum til góða við nám og störf, til sjávar og sveita. Það má sjá nánar um Akk á heimsíðunni og þau fjölmörgu verkefni er hlotið hafa styrki og þar eru einnig umsóknareyðublöð fyrir þá er luma á góðum hugmyndum í vísindum og/eða menningu. Er öllum heimilt að sækja um styrk.



Viðey RE 50, við bryggju við Norðurgarð hjá frystihúsi Brims ehf, starfa við það fyrirtæki vélstórar og járníðnaðarmenn. Ljós. Valgeir Ómar Jónsson.



Verið að stilla af járnplötu í tölvustýrðri skurðarvél í smiðjunni hjá Héðni ehf.



„Römpum upp Reykjavík“ hleypt af stökkum
 Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra, Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ, forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson, Haraldur Þorleifsson frumkvöðull og Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar.



Frá afhendingu Hvatningarverðlauna ÖBÍ 2021.

ÖBÍ réttindasamtök



Aðalfundur ÖBÍ 2021. Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður, Bergþór Heimir Þórðarson varaformaður, Eva Þengilsdóttir framkvæmdastjóri og Jón Heiðar Jónson gjaldkeri.



60 árum ÖBÍ fagnað. Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir sviðshöfundur flytur gjörning.

ÖBÍ réttindasamtök eru heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi, stofnuð 5. maí 1961 af sex hagsmunafélögum fatlaðs fólks. Aðildarfélög ÖBÍ eru nú 41 talsins og eiga þau það sameiginlegt að gæta hagsmuna ólíkra fötlunarhópa og starfa á landsvísu. Hvert og eitt er með sérþekkingu á sínu sviði og veitir margskonar fræðslu og stuðning. Samanlagður félagafjöldi þeirra er um 47 þúsund manns.

ÖBÍ er einn eignaraðila Íslenskrar getspár og kemur rekstrarfé samtakanna að mestu þaðan. Þá er ÖBÍ stofnandi Örtækni, Brynju leigufélags og Hring sjár, náms- og starfsendurhæfingar. Einnig eru samtökin aðili að Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð og TMF Tölvumiðstöð. ÖBÍ skipar stjórn fyrrnefndra aðila að hluta eða öllu leyti.

Stjórn og aðsetur

Stjórn ÖBÍ er skipuð 19 einstaklingum frá aðildarfélagunum. Kjörtímabil hvers stjórnarmanns er tvö ár og er um helmingur stjórnar kosinn ár hvert. Stjórnin fundar mánaðarlega stærstan hluta ársins. Formaður ÖBÍ 2017–2023 er Þuríður Harpa Sigurðardóttir og varaformaður 2020–2022 er Bergþór Heimir Þórðarson. Framkvæmdastjóri er Eva Þengilsdóttir. Starfsmenn eru 21 í 15,5 stöðugildum. Starfsstöð ÖBÍ er í Sigtúni 42, en samtökin juku við eignarhluta sinn á árinu 2022 og eiga nú 75% húseignarinnar. Nokkur aðildarfélaga ÖBÍ hafa leigt skrifstofur hjá samtökunum, en með stærra húsnæði verður kleift að leigja mun fleiri aðildarfélagum aðstöðu. Hugmyndin er að í húsinu verði iðandi miðstöð mannréttinda.

Markmið

Markmið ÖBÍ er að íslenskt þjóðfélag verði samfélag jöfnuðar og réttlætis þar sem allir einstaklingar, óháð líkamlegu og andlegu atgervi, njóti mannsæmandi lífskjara og jafna möguleika til sjálfstæðs lífs og virkrar samfélagslegrar þátttöku. Til að ná þessum markmiðum er réttinda- og hagsmunabarátta meginstarfsemi ÖBÍ og fer hún fram með ýmsum hætti. Þar má nefna einstaklingsráðgjöf, samráð, aðhald og ráðgjöf við stjórnvöld ásamt fræðslu og vitundarvakningu. Leiðarstef í öllu starfi ÖBÍ er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Starfsemin

Hjá ÖBÍ starfa sérfræðingar sem veita einstaklingum sem til samtakanna leita ráðgjöf og aðstoð en ástæðurnar eru í grunninn þær sömu; að réttindi fólks til framfærslu eru brotin sem og önnur mannréttindi eða þá ekki virt af stjórnsýslunni, hvort sem er ríki, sveitarfélögum eða stofnunum. Helstu brotin nú, líkt og áður, varða lífeyrisréttindi frá Tryggingastofnun ríkisins, og þá helst samspil greiðslna frá lífeyrissjóðum við örorkulífeyri. Önnur mál er varða til dæmis lögbundna þjónustu ríkis og sveitarfélaga eru meðal annars skortur á heimaþjónustu, liðveislur, heimahjúkrun, NPA, akstursþjónustu og aðstoð við fötluð og langveik börn í grunnskólum,



Fatlað fólk úr fjötrum fátæktar! Fulltrúar ÖBÍ að lokinni kröfugöngu 1. maí 2022



Hlýtt á baráttuæður á Ingólfstorgi. Guðbjörg K. Eiríksdóttir starfsmaður ÖBÍ.

auk almennrar heilbrigðisþjónustu. Stöku mál verða að dómsmálum, en þegar ÖBÍ tekur ákvörðun um að höfða mál fyrir dómstólum er tekið mið af því að það hafi fordæmisgildi og varði hagsmuni fjöldans. Dómsmálum hefur fjölgað jafnt og þétt en árið 2021 voru 22 mál rekin á ýmsum dómstigi af ÖBÍ þar af tvö fyrir mannréttindadómstóli Evrópu, en stærstu áfangasigrarnir í hagsmunabaráttunni, virðast helst nást með atbeina dómstóla. Grasrótarstarf er mjög mikilvægt samtökum sem þessum og er það öflugt innan ÖBÍ. Sex málefnaþópar starfa innan samtakanna, málefnaþópur um kjaramál, húsnæðismál, aðgengismál, heilbrigðismál, atvinnu- og menntamál og málefni barna. Hóparnir funda reglulega og eru mikilvægir því málefnaþópari sem samtökin vinna að. Málefnaþóparnir standa fyrir málþingum um þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni, eða sem hóparnir telja brýnt að koma á dagskrá. Þeir koma að umsagnagerð, skrifa greinar og koma sínum málefnum á framfæri við ráðherra, ríki og sveitarfélög með atbeina formanns sem er talsmaður samtakanna. Að auki eru starfandi innan ÖBÍ kvennahreyfing og Ung-ÖBÍ. Stór hluti af starfsemi ÖBÍ felst í að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf. „Ekkert um okkur án okkar“ eru kjörorð samtakanna, sem og fatlaðs fólks um heim allan, og í anda þeirra orða er það krafa fatlaðs fólks að merkingarbært samráð sé haft við það þegar stjórnvöld fjalla um réttindi þeirra. Í því samráði felst að ÖBÍ gerir umsagnir um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og önnur mál tengd fötluðu fólki sem fyrir þinginu eða sveitarfélögum liggja. Þá eiga samtökin aðild að ýmsum opinberum nefndum sem hafa með málaflokkinn að gera. Jafnframt má nefna samstarfsverkefni stjórnvalda og ÖBÍ, en nú stendur yfir verkefni sem snýst um að sveitarfélög bæti aðgengi og ráði aðgengisfulltrúa. Þá eru notendaráð fatlaðs fólks í sveitarfélögum mikilvægur samráðsvettvangur og heldur ÖBÍ reglulega rafræna samráðsfundi þar sem fræðsla til notendaráða og samráð milli fulltrúa ráðanna fer fram. Auk þessa er mikið lagt upp úr beinum samskiptum við ráðamenn, sérstaklega þá ráðherra málaflokka sem snerta fatlað fólk. Fundir formanns ÖBÍ með félagsmálaráðherra eru þýðingarmiklir í merkingarbæru samráði, sem og fundir með heilbrigðisráðherra og öðrum ráðherrum eftir tilefni hverju sinni.

COVID-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á fatlað fólk, og talsverð vinna var lögð í samráð við sveitarfélög og stjórnvöld til að tryggja smitvarnir í félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk heima. Notendur NPA stóðu frammi fyrir mikilli áskorun þegar í ljós kom að til dæmis skorti viðeigandi hlífðarbúnað. Ekki síst voru áhrif af faraldrinum þau að margt fatlað fólk með undirliggjandi sjúkdóma fór í sjálfskipaða verndarsóttkví. Fátækt fatlaðs fólks varð líka enn ljósari. Í samtölum ÖBÍ við ýmsar hjálparstofnanir kom fram að mikil aukning hafði orðið í óskum um aðstoð, jafnvel allt að 60%.



Viðurkenningar veittar fyrir óeigingjamt starf í þágu fatlaðs fólks. Eiður Welding stjórnarmaður afhendir Grétari Pétri Geirssyni viðurkenningu fyrir dýrmætt framlag.



Frá málþingi ÖBÍ „Ungt fólk á endastöð.“

Ljósmyndir: ÖBÍ og Ljósmyndir Rutar og Silju.





Deloitte-konur, frá Íslandi sem og annars staðar í heiminum, taka þátt í Heimsþingi kvenleiðtoga sem haldið var í Hörpu árið 2019.



Þorsteinn Pétur Guðjónsson, forstjóri Deloitte, á fundi með öllu fólki Deloitte.

Deloitte



Þær nöfnur Hulda Jónsdóttir og Hulda Þórhallsdóttir undirbúa einn af mörgum viðburðum sem haldnir eru hjá Deloitte.

Traustar rætur í íslensku samfélagi

Sögu Deloitte á Íslandi má formlega rekja til stofnunar Endurskoðunar Sigurðar Stefáns-sonar árið 1952, sem varð fullgildur aðili að alþjóða endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækinu Deloitte Touche Tohmatsu International þann 15. mars 1994. Stoð endurskoðun hf. sameinaðist Endurskoðun Deloitte & Touche hf. þann 1. janúar 1999 undir nafninu Deloitte & Touche endurskoðun hf., Löggiltir endurskoðendur hf. bættust í hópinn þann 1. júlí 1999 og var nafninu breytt á þeim tímamótum og það stytt í Deloitte & Touche hf. Löggiltir endurskoðendur hf. var elsta endurskoðunarfyrirtæki landsins, stofnað 1927. Þann 1. janúar 2001 sameinaðist svo EBEÁ Endurskoðun, sem stofnuð var árið 1930, Deloitte & Touche hf. Á árunum 2000-2002 voru frekari sameiningar á sviði stjórnunar- og rekstrarráðgjafar fyrirtækisins. Í lok ársins 2003 var nafni Deloitte & Touche breytt á alþjóðavísu í Deloitte. Í kjölfarið var nafni fyrirtækisins breytt hér á landi í Deloitte í samræmi við alþjóðlegt vörumerki þess. Á þessum árum óx fyrirtækið jafnt og þétt. Til marks um það þá rúmuðust flestir starfsmenn Deloitte fyrir 20 árum í 600 fm húsnæði í Ármúla. Síðar flutti Deloitte á Stórhöfða í húsnæði sem var um 2.500 fm en nú er Deloitte á fimm hæðum í Turninum í Kópavogi, á svæði sem nemur um 4.000 fm. Á þessu tímabili hefur starfsmannafjöldinn farið úr um 30 í ríflega 260 manns.

Þar eru meðtaldir fjöldi sérfræðinga í upplýsingatækniráðgjöf en sú þjónustulína Deloitte varð til í júlí 2016 þegar gengið var frá kaupum Deloitte á félögunum Staki Automation og Talenta af Símanum. Megináhersla þessara fyrirtækja er á sjálfvirkni ferla, viðskiptagreind, greiningu gagna og SAP. Meginmarkmiðið með þessum kaupum var að efla upplýsingatæknipjónustu Deloitte á Íslandi, í takt við áherslur Deloitte á alþjóðavísu sem hefur yfir að ráða ríflega 30.000 sérfræðinga á því sviði.

En Deloitte rekur ekki aðeins öfluga starfsstöð í Kópavogi. Fyrsta starfsstöð Deloitte utan höfuðborgarsvæðisins var sett á laggirnar í Vestmannaeyjum árið 1980. Starfsstöðvarnar í dag eru nú í heildina 10, í Kópavogi, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, Grundarfirði, Snæfellsbæ, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Neskaupsstað og á Höfn. Þá er Deloitte í samstarfi við endurskoðunarskrifstofur á Ísafirði, í Bolungarvík og í Færeyjum.

Mannauðurinn mikilvægasta auðlindin

Starfsfólk Deloitte er kjarninn í velgengi þess og hefur fyrirtækið á að skipa öflugum hópi sérfræðinga sem leggur sig daglega fram við að veita framúrskarandi þjónustu. Drifkraftur Deloitte er að hafa afgerandi áhrif með sínum störfum og vera leiðandi í ráðgjöf og þjónustu, þar sem gæði eru ávallt í forgrunni.

Mikil áhersla er því lögð á að hlúa vel að starfsfólki, vexti þeirra og framþróun, enda markmið Deloitte að vera talinn ákjósanlegasti vinnuveitandinn með öflugasta starfsfólki. Deloitte hefur lagt áherslu á þrjá meginþætti þessu tengdu: veita starfsfólki markvissa þjálfun og endurgjöf, að starfsfólki líði vel í vinnunni s.s. með góðri vinnuástöðu, öflugum starfsmannafélagi og



Deloitte fagnaði 25 ára starfsafmæli sínu á Íslandi árið 2019. Á heimsvísu átti Deloitte hins vegar 175 ára afmæli árið 2020.

Framhald á næstu opnu →

sveigjanlegum vinnutíma og að kynna Deloitte út á við sem öflugan vinnuveitanda. Deloitte hefur um árabíl haft virka menntaáætlun sem tekur til starfsfólks á öllum sviðum, þar sem óhæðis- og gæðamál fá sérstakan sess enda hornsteinninn í starfsemi Deloitte. Þá var innleiddur stór áfangi á árinu 2017 þegar nýtt frammistöðumatskerfi var tekið upp. Í stað þess að veita árlegt mat á frammistöðu fortíðar byggir nýja kerfið á endurgjöf í rauntíma með áherslu á eflingu og hvatningu starfsfólks til frekari vaxtar. Það er Deloitte sérstakt keppikefli að hafa yfir að ráða vel menntuðu starfsfólki, á sem fjölbreyttustu sviðum. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 40 löggiltir endurskoðendur en auk þeirra má nefna lögfræðinga, hagfræðinga, verkfræðinga, sálfræðinga, kennara og viðskiptafræðinga. Þá styður Deloitte við bakið á starfsfólki sem t.a.m. hyggst afla sér löggildingar í endurskoðun og á ári hverju fer hópur starfsmanna á sérstök námskeið hjá Deloitte University í Brussel. Að auki má nefna að Deloitte stendur vörð um fjölbreytni og jafnræði meðal starfsmanna, en hlutfall kynjanna meðal starfsmanna hefur verið nokkuð jafnt. Deloitte hefur virka jafnlaunastefnu og hefur hlotið vottanir sem staðfesta að eftir henni sé markvisst unnið. Deloitte leggur mikið uppúr því að stuðla að starfsþróun og að mæla árangur, en það er meðal annars gert með reglulegum starfsánægjukönnunum og mati starfsmanna á frammistöðu stjórnenda.

Markviss þátttaka í samfélaginu

Eins og mörg önnur stór íslensk fyrirtæki þá leggur Deloitte mikla rækt við að styðja við samfélagið. Það gerum við með margvíslegum hætti, t.a.m. með styrkjum til íþróttamála og góðgerðarmála um allt land og viðburðum þar sem við reynum að skapa umræðuvettvang um mikilvæg málefni. Nefna má Sjávarútvegsdag Deloitte, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, sem haldinn var í fyrsta sinn árið 2014. Markmið þessa viðburðar er að draga saman stöðu og horfur í þessari mikilvægu atvinnugrein, en á Sjávarútvegsdeginum eru m.a. niðurstöður í sjávarútvegsagnagrunni Deloitte birtar. Þá er Deloitte stoltur samstarfsaðili Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) að hreyfiaflsverkefninu Jafnvægisvoginni sem fór af stað á árinu 2019. Markmið Jafnvægisvogarinnar er að árið 2027 verði hlutfallið milli kynja 40/60 í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi. Frá árinu 2018 hefur Heimsping kvenleiðtoga Women Leaders Global Forum verið haldið hér á landi og koma þá saman hundruð kvenleiðtoga, víðs vegar að, og fjalla um jafnréttismál og stöðu kvenna í stjórnáttum og viðskiptum. Deloitte hefur verið bakhjarl þingsins frá upphafi. Á árinu 2019 gekk Deloitte til liðs við Snjallræði, fyrsta íslenska viðskiptahraðalinn fyrir samfélagslega nýsköpun. Hraðlinum er ætlað að stuðla að fjölbreyttri nýsköpun hér á landi og skapa vettvang fyrir auknið samfélagslegt frumkvöðlastarf. Nýsköpun er Deloitte hugleikið. Á árinu 2019 tók Deloitte höndum saman með Almennarómi, miðstöð um máltækni og Háskólanum í Reykjavík, að frekari þróun á íslenskum máltæknilausnum til að bjarga íslenskunni frá stafrænum dauða. Upphaflega fór verkefnið af stað með því markmiði að kenna vélmenninu AIME, afurð gervigreindarvinnu Deloitte í Hollandi, íslensku en með veglegum styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna var



Deloitte á Framadögum AIESEC í Háskólanum í Reykjavík. Markmið Framadaga er að gefa háskólanemum tækifæri til að kynna sér fyrirtæki og fjölbreytta starfsmöguleika.



Vélmennið AIME fékk mikla athygli í bás Deloitte á UT-messunni. Þarna eru gestir að fara í léttu leiki með henni.



Haraldur I. Birgisson, sviðsstjóri skatta- og lögfræðiráðgjafar (hér fyrir miðju), tekur við viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA, en Deloitte er stoltur bakbjarl verkefnisins.



Við fundarstörf. Jónas Gestur Jónasson, stjórnarformaður Deloitte.

hægt að þróa verkefnið í www.samromur.is, raddsynasöfnun fyrir opið gagnasafn raddsyna fyrir íslensku sem hver sem er getur notað til að þróa sínar máltæknilausnir. Auk þessara verkefna má nefna árlegan Skattadag Deloitte, Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands og könnun Deloitte meðal fjármálastjóra stærstu fyrirtækja í Evrópu þar sem viðhorf þeirra til stöðu efnahagsmála eru kortlögð.

Frá endurskoðunarfyrirtæki til alþjóðlegs ráðgjafarfyrirtækis

Meginbreytingin sem hefur orðið á starfsemi Deloitte undanfarin ár er aukin fjölbreytni í þjónustuframboði. Framan af var endurskoðun bróðurparturinn af starfsemi fyrirtækisins. Í dag skiptist Deloitte í sjö svið, sem auk Endurskoðunar og reikningsskilasviðs eru: áhætturáðgjöf, upplýsingatækniráðgjöf, fjármálaráðgjöf, skatta- og lögfræðiráðgjöf og viðskiptalausnir auk rekstrarsviðs sem sér um innri rekstur og þjónustu. Upplýsingatækniráðgjöf er nýjasta viðbótin við þjónustuframboð Deloitte. Upplýsingatækniráðgjöf sinnir meðal annars verkefnum á borð við stefnumótun í upplýsingatækni, viðskiptagreiningu, hýsingu gagna og samþættingu kerfa. Ráðgjöf í stefnumótun og rekstri snýr einkum að ráðgjöf til æðstu stjórnenda fyrirtækja og stofnana þegar kemur að rekstrarumbreytingu, stjórnun aðfangakeðju og stafræna umbreytingu. Endurskoðun og reikningsskil er enn í dag stærsta svið Deloitte með tæplega helming starfsmanna fyrirtækisins innanborðs. Starfsemi sviðsins má í grófum dráttum skipta í endurskoðun og könnun reikningsskila, alþjóðlega reikningsskilastaðla sem og ýmsa nátengda sérfræðiþjónustu. Viðskiptalausnir annast t.a.m. bókhald- og launavinnslu fyrir fjölda fyrirtækja, veita uppgjörþjónustu og bjóða fyrirtækjum uppá tímabundnar ráðningar þegar hlaupa þarf í skarðið fyrir starfsmenn í fjárhagsdeildum.

Áhætturáðgjöf Deloitte veitir þjónustu m.a. á sviði netöryggismála, áhættustýringar, innri endurskoðunar, tölvuendurskoðunar og sinnir ráðgjöf á sviði persónuverndar. Fjármálaráðgjöfin hefur yfir að ráða sérfræðingum í kaupum og sölu fyrirtækja, áreiðanleikakönnunum, verðmatsgerð og líkanasmíði, svo eitthvað sé nefnt. Skatta- og lögfræðiráðgjöf Deloitte veitir allhliða skatta- og lögfræðiráðgjöf til innlendra jafnt sem alþjóðlegra fyrirtækja.

Þessi aukna fjölbreytni er í takt við aðild fyrirtækisins að Deloitte á alþjóðavísu en þar innanborðs eru ríflega 320 þúsund sérfræðingar starfandi í yfir 150 löndum. Saman myndum við öll stærsta endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki í heimi, sem gerir okkur kleift að þjónusta viðskiptavinum okkar í öllum atvinnugreinum og hvar sem er í heiminum.

Deloitte hefur verið svo lánsamt að þjónusta viðskiptavinum í öllum helstu atvinnugreinum á Íslandi. Má þar nefna fyrirtæki í sjávarútvegi, fjármálum, verslun- og þjónustu, framleiðslu, orku, heilbrigði, líftækni, tækni, fjarskiptum og opinbera aðila.



Á viðburði Deloitte um sjálfvirknivæðingu. Okkar besta bókhaldsfólk keppti við róbota um hvort væri fljótara að bóka reikninga.



Fundarsal Deloitte breytt í myndver fyrir beina útsendingu hjá Deloitte í Evrópu.



Lovísa Finnbjörnsdóttir, sviðsstjóri Fjármálaráðgjafar og meðeigandi tekur þátt í beinni útsendingu á vegum Deloitte í Evrópu ásamt öðrum sérfræðingum Deloitte í Evrópu.



Ásdís Auðunsdóttir og Arnór Egill Hallsson fundarstjórnar á starfsmannafundi Deloitte sem haldinn var í Smárabíói í það skiptið.



Starfsfólk á Ísafirði. Frá vinstri: Þorgerður Kristjánsdóttir, Helga A. Ásgeirsdóttir, Margrét Högnadóttir, Guðmundur E. Kjartansson, Bjarki Bjarnason, Sigríður E. Hreinsdóttir og Sigríður H. Halldórsdóttir

Endurskoðun Vestfjarða



Starfsstöð félagsins að Aðalstræti 19 í Bolungarvík.



Starfsstöð félagsins að Hafnarstræti 9 á Ísafirði.

Endurskoðun Vestfjarða ehf. var stofnuð árið 2004 í Bolungarvík. Fyrirtækið hafði frá árinu 1990 verið starfandi undir nafninu Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum ehf. með starfsstöðvar í Bolungarvík, á Ísafirði og Hólmavík. Á árinu 2004 var Löggiltum endurskoðendum Vestfjörðum ehf. skipt upp í 2 fyrirtæki. Annað félagið hélt áfram starfsemi á Ísafirði undir gamla nafninu en nýja fyrirtækið Endurskoðun Vestfjarða ehf. tók við starfsemi í Bolungarvík.

Þann 1. desember 2009 keypti Endurskoðun Vestfjarða ehf. rekstur Löggiltra endurskoðenda Vestfjörðum ehf. á Ísafirði og hefur síðan þá rekið starfsstöðvar í nafni Endurskoðunar Vestfjarða ehf. bæði í Bolungarvík að Aðalstræti 19 og á Ísafirði að Hafnarstræti 9.

Þann 1. febrúar 2020 keypti Endurskoðun Vestfjarða ehf. rekstur Íslenskra endurskoðenda Vestfjörðum ehf. á Ísafirði og voru skrifstofur félaganna á Ísafirði sameinaðar undir einu þaki þann 1. október 2020.

Deloitte ehf. gerðist hluthafi í Endurskoðun Vestfjarða ehf. í ársbyrjun 2010. Endurskoðun Vestfjarða ehf. er í samstarfi við Deloitte ehf., sem er meðal fremstu fyrirtækja á sviði endurskoðunar og ráðgjafar. Samstarfið felst meðal annars í því að fá afnot af ýmsum hugbúnaði, svo sem uppgjör- og endurskoðunarkerfi ásamt aðgangi að sérfræðingum og fræðslustarfi. Endurskoðun Vestfjarða ehf. útvistar nokkrum verkefnum til Deloitte ehf., en það eru í flestum tilvikum sérhæfð verkefni.

Í gegnum tengingu sína við Deloitte fær Endurskoðun Vestfjarða aðgang að nýjustu aðferðum við endurskoðun og aðgang að hugbúnaði sem tryggir samræmd og öguð vinnubrögð við endurskoðun á alþjóðavísu. Einnig felur endurskoðunaraðferð Deloitte í sér ríkar kröfur um óhæði allra sem starfa við endurskoðun, en óhæði er einn af hornsteinum endurskoðunarstarfsins. Óhæði er ein mikilvægasta forsenda starfsemi Endurskoðunar Vestfjarða ehf. Krafan um óhæði er sú að endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki (þ.e. starfsmenn sem hjá því starfa) skuli vera óháð viðskiptavinum sínum, bæði í reynd og ásýnd. Það skal vera svo til að það skapist aldrei þær aðstæður að hagsmunir eða hagsmunatengsl geti varpað rýrð eða vantrausti á þá vinnu sem endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki innir af hendi.

Starfsemi félagsins felst að mestu leyti í:

Endurskoðun og könnun ársreikninga
Gerð árs- og árshlutareikninga
Skattframtöl einstaklinga og fyrirtækja
Bókhaldsþjónusta og launaútreikningar
Ýmis staðfestingarvinna



Starfsfólk Endurskoðunar Vestfjarða ehf. í Bolungarvík.
Frá vinstri: Jón P. Einarsson, Sigrún Sigurðardóttir, Helga G. Magnúsdóttir, Sigurbjörg Hallgrímsdóttir, Rúna Kristinsdóttir, Guðrún H. Halldórsdóttir, Elin J. Jónsdóttir og Olgeir S. Friðriksson.

Mannauður

Í dag starfa 15 starfsmenn hjá félaginu, þar af 3 löggiltir endurskoðendur og 9 viðskiptafræðingar og 3 bókarar. Þar af starfa 3 viðskiptafræðingar við endurskoðunarvinnu. Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 94/2019 skulu endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sæta gæðaeftirliti á grundvelli áhættugreiningar eigi sjaldnar en á sex ára fresti í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 94/2019. Allir starfsmenn eru með ríkar endurmenntunarkröfur og starfa eftir siðareglum FLE.

Eigendur og stjórnendur

Eigendur Endurskoðunar Vestfjarða ehf. eru 7, þar af er eitt endurskoðunarfyrirtæki og þrjú löggiltir endurskoðendur sem starfa allir hjá félaginu.

Eigendur Endurskoðunar Vestfjarða ehf. eru:

Jón Þorgeir Einarsson, löggiltur endurskoðandi

Elin Jónína Jónsdóttir, viðskiptafræðingur

Deloitte ehf.

Bjarki Bjarnason, löggiltur endurskoðandi

Vestur ehf.

Guðmundur Kjartansson, löggiltur endurskoðandi

Margrét Högnadóttir, viðskiptafræðingur

Stjórn félagsins skipa: Jón Þorgeir Einarsson, stjórnarformaður, Bjarki Bjarnason og Elin Jónína Jónsdóttir meðstjórnendur. Elin Jónína Jónsdóttir er framkvæmdastjóri.

Viðskiptavinir og velta

Viðskiptavinir félagsins eru þverskurður af efnahagslífi Íslands, allt frá því að vera einyrkjar til meðalstórra félaga. Viðskiptavinir félagsins eru bæði lögaðilar (74%) og einstaklingar (26%) og eru það í flestum tilvikum innlendir aðilar. Tekjur vegna vinnu fyrir einstaklinga eru aftur á móti lítil hluti af heildartekjum.

Aðrar tekjur félagsins koma frá vinnu við gerð árs- og árshlutareikninga félaga, skattframtala félaga og vegna starfa við bókhaldsþjónustu. Þjónustan felst að mestu leyti í aðstoð við uppstillingu ársreikninga, gerð rekstrarframtala, færslu bókhalds, afstemmingum, reikningagerð og launavinnslu ásamt ráðgjöf.

Frá stofnun félagsins hefur fjöldi starfsmanna þrefaldast og veltan hefur aukist samsvarandi. Stærð félagsins hefur verið nokkuð óbreytt síðustu ár, en alltaf er stöðug aukning í verkefnum á hverju ári. Félagið er mjög vel sett varðandi menntun starfsmanna og býr yfir góðum mannauði til að takast á við verkefni framtíðar.

Endurskoðun Vestfjarða ehf. hefur frá árinu 2017 verið meðal þeirra fyrirtækja sem uppfylla ströng skilyrði greiningar Creditinfo á Framúrskarandi fyrirtækjum.



Framúrskarandi fyrirtæki CreditInfo: Margrét Högnadóttir, Guðmundur E. Kjartansson, Bryndís S. Jónsdóttir og Jón Þorgeir Einarsson.



Árshátíðarferð í Barcelona 2015.

Enor



Davíð Búi Halldórsson, framkvæmdastjóri Enor og stofnandi.

Enor ehf. er framsækið endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtæki sem var stofnað á Akureyri í júní 2012 af Davíð Búa Halldórssyni, löggiltum endurskoðanda. Eitt af markmiðunum með stofnun félagsins var að bjóða upp á traustan og faglegan valkost á mótí stóru alþjóðlegu endurskoðunarskrifstofunum. Mikill og stöðugur vöxtur hefur verið í starfsemi ENOR frá upphafi og starfa í dag 26 starfsmenn hjá félaginu. Árið 2020 hefur verið erfitt fyrir margar atvinnugreinar á Íslandi og hafa starfsmenn Enor staðið frammi fyrir ýmsum verkefnum og áskorunum með viðskiptavinum fyrirtækisins. Mikil breyting hefur orðið á samskiptum milli fólks og höfum við tileinkað okkur breytt hugarfar og hinar ýmsu tæknilausnir til þess að bregðast við þessari þróun.

Starfsfólk og stjórnendur

Eigendur ENOR eru nú sex og starfa þeir allir hjá félaginu. Hjá ENOR starfa löggiltir endurskoðendur, viðskiptafræðingar, lögfræðingur, viðurkenndir bókarar og aðrir starfsmenn í bókhaldi.

Stjórnendur ENOR eru:

Davíð Búi Halldórsson, framkvæmdastjóri
Arnar Már Jóhannesson, fyrirtækjaráðgjöf
Björn Óli Guðmundsson, skattaráðgjöf og erlend viðskipti
Hermann Brynjarsson, rekstrar- og bókhaldsþjónusta
Hjörtur Bjarki Halldórsson, reikningsskilþjónusta
Niels Guðmundsson, endurskoðunarþjónusta

Starfsemin

ENOR sinnir verkefnum um allt land, höfuðstöðvar félagsins eru á Akureyri en félagið er einnig með starfsstöðvar á Húsavík og í Reykjavík. Verkefni félagsins eru fjölbreytt og viðskiptavinir bæði innlendir og erlendir, allt frá einstaklingum til stærri fyrirtækjasamstæðna og opinberra aðila.

Þjónustuframboð:

Endurskoðun
Reikningsskilþjónusta
Fyrirtækjaráðgjöf
Skattaráðgjöf og félagaréttur
Rekstrar- og bókhaldsþjónusta



Höfustöðvar ENOR eru í gamla barnaskólanum að Hafnarstræti 53 á Akureyri.

ENOR er aðili að Praxity sem eru stærstu samtök sjálfstæðra endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækja á heimsvísu. Félögin sem standa að Praxity eru með yfir 50 þúsund starfsmenn í yfir 110 löndum sem gerir Enor kleift að leita sérfræðiaðstoðar fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins um allan heim.

Mannauður

ENOR er þekkingarfyrirtæki og er starfsfólkið því helsti auður þess. Lagt er mikið upp úr því að starfsfólkið sé ánægt í starfi og geti byggt upp og viðhaldið faglegri þekkingu sinni. Starfsmannafélag ENOR heldur utan um viðburði fyrir starfsmenn en fastir punktar í því starfi eru m.a. árleg árhátíð, þorablót, óvissuferð að vori og golfmót að hausti.

Til þess að viðhalda faglegri þekkingu er mikið lagt upp úr endurmenntun og þjálfun starfsmanna en árlega er unnin endurmenntunaráætlun sem miðar að því að faglegri þekkingu sé viðhaldið og að endurmenntunarkröfum sem eru á löggiltum endurskoðendum og viðurkenndum bókurum sé mætt.

Árhátíðarferð í Mývatnssveit 2019.





KPMG



Jón Sigurður Helgason, framkvæmdastjóri KPMG.

KPMG á Íslandi er stærsta ráðgjafar- og endurskoðunaryfirtæki landsins með traustan grunn og glæsta framtíð. Það starfa um 280 manns hjá félaginu, starfsfólkið býr um allt land og vinnustaðirnir eru 16 talsins. Í dag eru flest störf hjá KPMG án staðsetningar og því er vinnufyrirkomulag sveigjanlegt og tekur mið af þörfum starfsfólks hverju sinni.

Mannauður

Starfsfólk er með víðtæka menntun og reynslu. Hjá KPMG starfa lögfræðingar, viðskiptafræðingar, verkfræðingar og annað fagfólk. Löggiltir endurskoðendur eru tæplega 50 talsins. Félagið hefur markað sér þá stefnu að hver starfsmaður sé metinn á eigin forsendum og að fyllsta jafnræðis sé gætt á milli starfsmanna. Með því móti er stuðlað að tryggð, góðum starfsanda og jákvæðum viðhorfum í hvívetna.

Aðsetur

Höfuðstöðvar KPMG á Íslandi eru að Borgartúni 27 í Reykjavík en auk þess eru reknar starfsstöðvar í 15 öðrum sveitarfélögum sem eru: Akureyri, Dalvíkurbyggð, Múlaþing, Fjarðarbyggð, Sveitarfélagið Hornafjörður, Rangárþing ytra, Vestmannaeyjabær, Árborg, Reykjanesbær, Hafnarfjörður, Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Stykkishólmsbær, Blönduósbær og Sveitarfélagið Skagafjörður.

Starfsemin

KPMG er alþjóðlegt net fyrirtækja sem veita sérfræðipjónustu og ráðgjöf á sviði endurskoðunar, fyrirtækjaráðgjafar, skattaráðgjafar og bókhaldspjónustu. Lögfræðiráðgjöf er nú komin til KPMG Law á Íslandi sem er fullgild lögmannsstofa með sérfræðingum sem búa yfir mikilli reynslu á ýmsum sviðum lögfræðinnar. Lögmannsstofan starfar náið með sérfræðingum KPMG ehf. og getur á þeim grundvelli veitt mjög breiða og víðtæka þjónustu. Í neti KPMG fyrirtækja vítt og breitt um heiminn er fyrirtækið vinnuveitandi 227.000 starfsmanna í 146 löndum.

Söguágrip

Forveri KPMG á Íslandi var fyrirtækið Endurskoðun hf. sem hóf starfsemi árið 1975. Stofnun þess og eignarhald var í höndum Guðna St. Gústafssonar, Helga V. Jónssonar og Ólafs Nilssonar ásamt eiginkonum. Árið 1978 bættist Sveinn Jónsson síðan við sem meðeigandi. Allir voru þeir meðal virtustu endurskoðenda landsins og með góðan bakgrunn og reynslu. Helgi var fyrrum hæstaréttarlögmaður og borgarendurskoðandi, Ólafur fyrrum skattrannsóknastjóri, Sveinn fyrrum aðstoðarseðlabankastjóri en Guðni hafði hins vegar verið sjálfstætt starfandi í sínu fagi. Árið 1985 fór Endurskoðun hf. út í samstarf með fyrirtækinu KMG (Klynveld Main Gordeler). Árið 1987 rann sá rekstur saman við annað fyrirtæki, PMI (Peat Marvick International), og með því varð til risasamsteypa KPMG International sem í dag er ein sú



Framhald á næstu opnu →

stærsta á sviði endurskoðunar og ráðgjafar. Á sama tíma var tekin sú ákvörðun að breyta nafni Endurskoðunar hf. í KPMG hf.

Skipulag starfseminnar

Starfsemi KPMG byggir í dag á fjórum sviðum sem eru: endurskoðun og reikningskil, skattar, ráðgjöf og bókhald.

Endurskoðun og reikningskil: Helstu verkefni eru áritanir árs- og árs hlutareikninga ásamt annarri staðfestingarvinnu.

Skattar: Veitum alhliða ráðgjöf á sviði skattamála. Starfsfólk býr að mikilli þekkingu og reynslu á sínu sviði sem nýtist vel í þágu fyrirtækja og einstaklinga. Þjónustan hentar fyrirtækjum af öllum stærðargráðum og gildir einu hvort þau starfa hér heima eða á alþjóðlega vísu.

Ráðgjöf: Á þessu sviði er innlendum og erlendum fyrirtækjum veitt alhliða ráðgjöf sem byggð er á alþjóðlegu þjónustuframboði KPMG og er veitt samkvæmt alþjóðlegum gæðakröfum. Helstu verkefni tengjast t.d. verðmati, áreiðanleikakönnunum og innri endurskoðun ásamt endurskipulagningu og sölufelri fyrirtækja.

Bókhald: Meðalstórum og smærri viðskiptavinum er veitt margvísleg þjónusta sem snýr að skrifstofuhaldi fyrirtækja. Helstu verkefni eru t.d. gerð ársreikninga og skattaframtala, færsla bókhalds, launavinnsla og frágangur virðisaukaskattsuppgjóra.

Allar nánari og ítarlegri upplýsingar um starfsemina má finna á heimasíðunni: kpmg.is

Helstu stjórnendur félagsins eru:

Jón S. Helgason, framkvæmdastjóri

Magnús Jónsson, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs

Benedikt Magnússon, sviðsstjóri ráðgjafarsviðs

Birna M. Rannversdóttir, sviðsstjóri bókhaldssviðs

Soffía Eydís Björgvinsdóttir, stýrir KPMG Law

Í stjórn KPMG sitja:

Hlynur Sigurðsson, formaður

Ágúst Karl Guðmundsson

Hrafnhildur Helgadóttir

Kristrún Helga Ingólfssdóttir

Haraldur Örn Reynisson



Gildi KPMG

KPMG hefur sett sér fimm gildi sem eru leiðarljós starfseminnar. Þau varpa ljósi á það hver við erum og hvað við stöndum fyrir. Þau leiðbeina okkur og hafa áhrif á framkomu okkar og ákvarðanir á degi hverjum. Starfsfólk á allt þátt í að móta velgengni KPMG. Með því að sýna gildin í verki getum við skapað okkur trausta stöðu sem áreiðanlegt og faglegt fyrirtæki á sviði sérfræðipjónustu og mótað þannig viðhorf annarra til okkar.

Gildin eru:

Heilindi (e. Integrity)

Við veljum réttu leiðina

Framúrskarandi árangur (e. Excellence)

Við hættum aldrei að læra og gera betur

Hugrekki (e. Courage)

Við hugsum djarft og framkvæmum umbúðalaust

Samheldni (e. Together)

Við berum virðingu fyrir hvert öðru og eflumst með því að nýta mismunandi styrkleika okkar

Bjartari framtíð (e. For Better)

Verk okkar skipta máli

Sjálfbærni KPMG

KPMG ætlar að vera til staðar fyrir viðskiptavinum sínum til langs tíma og þess vegna þurfum við að huga að sjálfbærni með það að markmiði að treysta seiglu viðskiptalíkans KPMG og áhrifa okkar á umhverfið og samfélagið í heild. Heilsa og vellíðan starfsfólks er okkur því ofarlega í huga og við leggjum metnað í að fólki líði vel, sé öruggt og því sé ekki mismunad á grundvelli kyns, uppruna eða annarra þátta. Í því ljósi höfum við gert jafnréttis- og jafnlaunaáætlun og sett okkur stefnu og viðbragðsáætlun sem tekur á einelti, kynferðislegri og kynbundnu áreitni og ofbeldi. Jafnvægi milli vinnu og einkalífs starfsfólks er okkur mikilvægt og vinnutími því sveigjanlegur. Niðurstöður árlegrar könnunar sýna að 88% svarenda þótti vera jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Þá höfum við í COVID-19 faraldrinum tryggt að starfsfólk geti unnið annarsstaðar með vellíðan þess og samfellu í rekstri að sjónarmiði. Til að veita framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina okkar er mikilvægt að starfsfólk skari framúr í sínu fagi. Þar leikur þjálfun og símenntun starfsfólks lykil hlutverki. Til að styrkja okkur enn frekar á þessu sviði gengum við til formlegs samstarfs við systurfélög okkar á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum og höfum saman komið á fót fræðslusetri fyrir starfsfólk. Þá sækja löggildir endurskoðendur reglubundna fræðslu samkvæmt lögum nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun. Við ætlum að hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið okkar. Það gerum við með því að nýta þekkingu okkar til hagsbóta fyrir samfélagið. Starfsfólk okkar gerir það meðal annars með kennslu við nokkra af háskólum landsins. Auk þess höldum við námskeið opin almenningsi, sérstök námskeið fyrir sprotafyrirtæki og fagstéttir sem vinna innan okkar raða.



Frá upphafi hefur megintilgangur KPMG á Íslandi snúist um að veita fyrirtækjum og einstaklingum sérhæfða þjónustu á sviði endurskoðunar og ráðgjafar sem grundvallast á áreiðanleika, ítrustu fagmennsku og öryggi. Vel þjálfað starfsfólk okkar er opið fyrir innlendum og erlendum straumum nýrrar þekkingar og með þarfir viðskiptavina í fyrirrúmi.

KPMG og COVID-19

Árið 2020 var krefjandi hjá KPMG eins og öðrum fyrirtækjum. Stjórnendur og starfsfólk tóku höndum saman og í góðu samstarfi og með leiðbeiningar sóttvarnaryfirvalda að leiðarljósi hefur okkur tekist að tryggja heilsu starfsmanna og einnig að sinna verkefnum fyrir viðskiptavinum með sveigjanleika og útsjónarsemi við krefjandi aðstæður. Vinnustaðurinn umbreyttist og til varð verkefnumiðað aðlögun starfsmanna sem nýttu tæknina og til varð starfsemi án staðsetningar. Starfsfólk þurfti að vinna að heiman og náði að tileinka sér nýtt verklag og samstarf bæði innan hópsins og í samskiptum við viðskiptavinum. Árangur og reynsla þessi mun án efa nýtast vel á komandi árum til að þróa starfsemi og þjónustu KPMG.

Viðburðir á tímum COVID-19

KPMG hefur á undanförunum árum boðið til margvíslegra staðbundinna fróðleiksfunda í Borgartúni 27, en nú þurfti að grípa til breytinga og var það gert strax í upphafi faraldursins. KPMG hélt einn fyrsta fræðslufundinn um mögulegar afleiðingar og viðbrögð við COVID-19 í samstarfi við Stjórnvísir og var honum m.a. streymt á viðskiptavef Vísis. Fleiri fundir voru svo haldnir til að veita upplýsingar og ráðgjöf í gegnum streymi og á vef félagsins. Þegar stjórnvöld komu með úrræði vegna faraldursins var boðið upp á reiknivél, þjónustuborð og annað sem mögulega gat aðstoðað einstaklinga og fyrirtæki á þessum erfiðu óvissutímum.





Helstu stjórnendur PwC. Frá vinstri: Ljósbrá Baldursdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs, Friðgeir Sigurðsson, forstjóri, Sigurður Óli Sigurðarson, sviðsstjóri fyrirtækjaráðgjafar, Vignir Rafn Gíslason, stjórnarformaður, Katrín Ingibergsdóttir, mannauðsstjóri, Sigurbjörg Halldórsdóttir, fjármálastjóri, Vilborg Jónsdóttir, sviðsstjóri bókhalds & launa, Jón Ingi Ingibergsson, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs og Fannar Guðmundsson, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs. Ljós. Christopher Lund.

PricewaterhouseCoopers



Friðgeir Sigurðsson, forstjóri og Vignir Rafn Gíslason, stjórnarformaður. / Ljós. Christopher Lund.

PricewaterhouseCoopers ehf. á sér langa sögu á Íslandi. Upphaf fyrirtækisins má rekja til ársins 1924 þegar danski endurskoðandinn Niels Manscher sem starfað hafði hér á landi frá 1921 á vegum danskrar endurskoðunarskrifstofu keypti þann rekstur ásamt Birni E. Árnasyni. Fyrstu árin starfaði fyrirtækið undir nafninu Endurskoðunarskrifstofa N. Manscher & Björns E. Árnasonar, en hefur síðar borið mismunandi nöfn. Frá árinu 1998 hefur nafnið hins vegar verið PricewaterhouseCoopers ehf., eða PwC.

Eigendur og stjórnendur

PwC á Íslandi er í eigu 15 einstaklinga sem allir starfa hjá félaginu. Þeir eru endurskoðendurnir; Arna G. Tryggvadóttir, Atli P. Jóhannsson, Bryndís B. Guðjónsdóttir, Jón H. Sigurðsson, Kristinn F. Kristinsson, Ljósbrá Baldursdóttir, Magnús M. Vignisson, Ólafur Gestsson, Rúnar Bjarnason, Sara H.H. Arnbjörnsdóttir, Sighvatur Halldórsson, Vignir R. Gíslason, lögfræðingarnir; Friðgeir Sigurðsson, Jón I. Ingibergsson og viðskiptafræðingurinn Sigurður Ó. Sigurðarson. Stjórn félagsins skipa; Vignir Rafn Gíslason, stjórnarformaður, Bryndís Guðjónsdóttir og Rúnar Bjarnason, meðstjórnendur og varamaðurinn Ljósbrá Baldursdóttir.

Helstu stjórnendur eru: Friðgeir Sigurðsson, forstjóri, Ljósbrá Baldursdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs, Jón I. Ingibergsson, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs, Sigurður Ó. Sigurðarson, sviðsstjóri fyrirtækjaráðgjafar, Vilborg Jónsdóttir, sviðsstjóri bókhalds & launa, Rúnar Bjarnason, forstöðumaður starfsstöðva á Norðurlandi, Ólafur Gestsson, forstöðumaður starfsstöðva á Suðurlandi, Sigurbjörg Halldórsdóttir, fjármálastjóri, Fannar Guðmundsson, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs, Katrín Ingibergsdóttir, mannauðsstjóri, Bryndís B. Guðjónsdóttir, áhættustjóri og Arna G. Tryggvadóttir, fræðslustjóri.

Aðsetur

PwC rekur skrifstofur á sjö stöðum á landinu; í Reykjavík, Akureyri, Húsvík, Vestmannaeyjum, Hvalsveili, Árborg og Reykjanesbæ. Aðalskrifstofan er að Skógarhlíð 12 í Reykjavík.

Skipulag, gerð og sérstaða

PwC á Íslandi er að fullu í eigu Íslendinga sem starfa hjá því. Félagið er um leið fullgildur aðili að samstarfi PwC fyrirtækja sem starfa í 154 löndum þar sem starfa rúmlega 280 þúsund manns. Þátttöku í slíku fyrirtækjasamstarfi fylgja margvíslegar skuldbindingar sem fyrst og fremst snúa að því að tryggja ábyrga stjórnun, gæði vinnubragða og óhæði. Þátttökunni fylgja líka margvíslegir kostir, s.s. aðgangur að þekkingu, aðferðafræði og lausnum. Á litlum markaði eins og þeim íslenska getur verið kostur að geta kallað til erlenda sérfræðinga í tilfallandi verkefni. Þá hafa starfsmenn PwC á Íslandi starfað í verkefnum hjá samstarfyrirtækjum PwC erlendis og viðað að sér mikilvægri reynslu. Starfsemi PwC er skipt upp í fjögur megin svið; endurskoðunarsvið, skatta- og lögfræðisvið, fyrirtækjaráðgjöf og bókhald & laun. Innan þessara sviða er síðan boðið upp á mjög fjölbreytta þjónustu, s.s. endurskoðun, reikningskilapjónustu, innri endurskoðun og áhættuþjónustu, netöryggisráðgjöf, verðmöt, kostgæfniathuganir, aðstoð við kaup, sölu eða sameiningar fyrirtækja, ráðgjöf á sviði skatta- og fyrirtækjalögfræði, markaðslaunakannanir, ráðgjöf varðandi jafnlaunavottanir, o.fl.



Aðalskrifstofa PwC að Skógarhlíð 12, Reykjavík. Ljós. Christopher Lund.



Starfsmenn við störf. / Ljós. Christopher Lund.

Viðskiptavinir

PwC þjónustar mikinn fjölda viðskiptavina bæði einstaklinga og fyrirtæki, þó megináhersla sé lögð á þjónustu við fyrirtæki. Viðskiptavinirnir eru bæði innlendir sem erlendir, opinberar stofnanir, sveitarfélög, almannaveitafélög, lífeyrissjóðir og einkafyrirtæki. Lögð er áhersla á að aðlaga þjónustuna að þörfum hvers og eins og í sífellt auknum mæli er leitast við að manna verkefni með starfsfólki frá hinum ýmsu sviðum PwC allt eftir því sem verkefnið krefst hverju sinni.

Vinnulag – áhersla á gæði

PwC leggur ríka áherslu á gæði í öllum verkefnum sem fyrirækið tekur að sér. Þá er mikil áhersla lögð á að tryggja óháðni, bæði gagnvart verkefnum og viðskiptavininum. Íslensk löggjöf gerir ríkar kröfur til endurskoðundarfyrirtækja til að tryggja óháðni og gæði í vinnubrögðum en í tilvikum PwC eru ekki síður gerðar ríkar kröfur hvað þetta varðar af því regluverki sem PwC fyrirtæki á heimsvísu hafa komið sér saman um. Þáttur í því er regluleg úttekt á gæðum vinnubrögða og gæðastjórnunarkerfis fyrirtækisins. Bættist það við úttektir innlendra aðila, s.s. Endurskoðendaráðs. PwC hefur á liðnum árum lagt áherslu á innleiðingu á nýjum stafrænum lausnum og stöðluðum vinnubrögðum til að svara breytilegum þörfum viðskiptavina fyrirtækisins. Um leið hefur sjónum verið beint að nýjum þáttum sem búast má við að verði vaxandi í þjónustu fyrirtækisins, s.s. á sviði mannauðsmála, samfélagslegrar ábyrgðar og sjálfbærni.

Mannauður, endurmenntun og starfsmannastefna

Á árinu 2020 nam meðal starfsmannafjöldi 115 og stöðugildi voru 105. Skipting milli Reykjavíkur og landsbyggðarskrifstofa er þannig að u.þ.b. tveir þriðju starfa á skrifstofunni í Reykjavík og þriðjungur á skrifstofunum á landsbyggðinni. Langflestir starfsmanna tilheyra rekstri endurskoðunarsviðs annað hvort á Reykjavíkurskrifstofunni eða landsbyggðarskrifstofunum og má ætla að c.a. 60% starfsmanna tilheyri þeim hluta. Næst stærsti hlutinn með u.þ.b. 15% starfsmanna tilheyrir bókhaldi & launum en þar á eftir koma fyrirtækjaráðgjöf og skatta- og lögfræðisvið. Starfsmenn sem tilheyra rekstrar- og stöðsviðum eru síðan u.þ.b. 10% af heildarstarfsmannafjöldanum. Þar sem þjónusta fyrirtækisins tengist að mestu endurskoðun, reikningsskila-, bókhalds- og annarri fyrirtækjaþjónustu þá eru mjög margir starfsmenn fyrirtækisins með mismunandi viðskiptamenntun og sérnám á sviði endurskoðunar eða fjármála. Meðal starfsmanna eru hins vegar líka lögfræðingar, hagfræðingar, tölvunarfræðingar og fólk með margvíslega aðra menntun.

PwC er í raun fyrst og fremst mannauðsfyrirtæki sem leggur mikið upp úr sí- og endurmenntun starfsmanna. Um leið leggur fyrirtækið metnað sinn í að efla starfsánægju og skapa vinnuumhverfi sem er eftirsóknarvert svo fyrirtækinu haldist á öllu því góða fólki sem hjá því starfar. Starfsmönnum standa til boða fjöldi námskeiða á hverju ári sem mörg hver eru sérsníðin að því fagsviði sem þeir starfa á en önnur eru almenns eðlis, s.s. á sviði öryggis- eða siðamála, áhættustjórnunar eða heilsuvernd. Mörg af þessum námskeiðum eru rafræn og mjög mörg eru skyldunámskeið fyrir alla starfsmenn, bæði þá fagleg námskeið og á sviði óháðis- og siðareglna. Mjög almenn þátttaka starfsmanna er á þessum námskeiðum. Fyrirtækið hefur sett sér starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu og markvisst unnið að því að jafna stöðu kynja og vinna gegn hvers kyns mismunum eða misrétti. Enn sem komið er hallar á konur í hópi eigenda en í hópi helstu stjórnenda eru kynjahlutföll jöfn.


Starfmannafélag og félagslíf

Hjá PwC er er mjög virkt starfmannafélag sem stendur fyrir fjölda viðburða ár hvert og ber þar hæst árlega árhátíð sem er haldin á víxl í Reykjavík, úti á landi og erlendis. Þá á starfmannafélagið í miklu og nánu samstarfi við stjórnendur félagsins um hvað eina sem stuðlað getur að bættum anda í fyrirtækinu og vellíðan starfsmanna. Undir það fellur t.d. þátttaka í marvíslegum heilsuræktaráttökum, fyrirlestrahald o.fl.

Nú tíð og framtíð - Velta og hagnaður

Velta PwC hefur vaxið jafnt og þétt á síðustu árum og afkoma fyrirtækisins batnað. Ef horft er yfir lengra tímabil þá voru fyrstu árin eftir efnahagshrunið 2008 nokkuð góð í rekstri fyrirtækisins þar sem margvísleg verkefni tengd rannsóknnum og uppgjörsmálum rötuðu á borð PwC. Árin 2011-2013 voru síðan erfiðari en eftir það hefur fyrirtækinu jafnt og þétt vaxið ásmeginn, velta að aukast, hagnaður stöðugur og starfsmannafjöldi aukist. Forsvarsmenn fyrirtækisins horfa enda bjartsýnir til framtíðar.

Afkoma PwC 2016-2020



Afkoma PwC 2016-2020.



Aftari röð frá vinstri: Ívar Örn Jónsson, Bára Jónsdóttir, Lilja Torfadóttir, Zanný Vöggsdóttir, Berglind Helgadóttir, Hlín Hlöðversdóttir, Anna Margrét Kristjánsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Sigrún Anna Guðnadóttir og Hildur Eva Valgeirsdóttir. Fremri röð: Guðlaug Skúladóttir, Silja Dögg Ósvaldsdóttir og Ásdís Sturlaugsdóttir.

Fastland



Silja Dögg Ósvaldsdóttir, framkvæmdastjóri.



Ásdís á uppgjörsviði og Guðbjörg bókarí ræðast við.



Aðstaðan að Höfðabakka 9 ásamt vinsælasta starfsmanninum.

Fastland er framsækið bókhalds fyrirtæki sem sinnir öllum hliðum fjármála fyrir atvinnurekstur. Starfsfólk Fastlands leggur mikið upp úr persónulegri þjónustu og upplýsingagjöf til að styðja við rekstur viðskiptavina. Mottó fyrirtækisins er að hugsa af alúð um viðskiptavinum sína svo þeir geti áhyggjulausir hugsað um það sem þeir gera best. Fastland var stofnað í mars árið 2009 af Silju Dögg Ósvaldsdóttur. Í október 2009 var svo starfsmaður númer tvö ráðinn, Hlín Hlöðversdóttir. Á þessum 11 árum frá stofnun fyrirtækisins hefur þjónustan þróast, þjónustubáttum fjölgað og starfsemin vaxið til muna. Fyrsta árið deildi fyrirtækið skrifstofu með Visitor ferðabókunarþjónustu og var þá starfsemin í 60 fermetra húsnæði. Nú er starfsemin í 400 fm með 13 starfsmönnum ásamt því að einn endurskoðandi hefur starfsemi inni í fyrirtækinu. Nánast allir stafsmenn fyrirtækisins hafa annaðhvort viðskiptafræðimenntun eða hafa fengið löggildingu sem viðurkenndir bókarar. Framkvæmdastjóri er Silja Dögg Ósvaldsdóttir og Valgeir Magnússon er stjórnarformaður.

Þjónusta

Viðskiptavinir Fastlands nýta sér mismundandi leiðir í samstarfinu. Fastland sér um laun og skilagreinar, fjárhagsbókhald, skattskil, ársreikningagerð, greiðsluþjónustu, reikningagerð, VSK uppgjör og að gert stofnpappír fyrir stofnun fyrirtækja. Einnig getur Fastland tekið að sér fulla endurskoðun fyrirtækja. Hjá Fastlandi er viðmótið gagnvart viðskiptavinum á annan hátt en gengur og gerist hjá bókhalds- og endurskoðunarfyrirtækjum.

„Það sem okkur hefur fundist skipta mestu máli er að tala mannamál við okkar viðskiptavinum og leysa hratt og örugglega úr þeirra málum. Það hefur enginn áhuga á að hlusta á sérfræðinga tala í frösum sem enginn skilur eða hefur áhuga á. Einnig að það séu alltaf sömu einstaklingarnir sem viðskiptavinir okkar eru í samskiptum við, þá sem vinna verkin. Þannig vinnst þetta best og fólk finnur að það getur treyst því að allt verði í lagi. Það getur orðið mjög dýrt ef mistök eru gerð í okkar bransa, því er nauðsynlegt að vanda sig og sinna öllum verkefnum af alúð. Fólk vill láta hugsa um sig en ekki skamma sig. Þannig nálgumst við verkefni.“ Segir Silja Dögg Ósvaldsdóttir framkvæmdarstjóri um það hvernig fyrirtækið sker sig úr. „Við leggjum mikið upp úr persónulegum samskiptum og höfum metnað fyrir því að þjóna okkar viðskiptavinum hratt og vel. Fyrir viðskiptavininn er það mikilvægur þáttur í að geta treyst því að öllu sé skilað á réttum tíma og að allar kröfur opinberra aðila séu uppfylltar fuðlaust.“

Aðsetur og rekstur

Fastland hefur alla tíð verið á Höfðabakka 9 og hefur á þeim tíma frá því fyrirtækið var stofnað flutt frá 3. hæð upp á 6. hæð og svo stækkað við sig húsnæðið þar. Einnig hefur reksturinn vaxið um rúmt stöðugildi árlega, öll árin sem það hefur verið starfrækt. Viðskipti hafa einnig jafnt og þétt vaxið og hefur reksturinn 15 faldast í veltu á síðastliðnum 10 árum.



Á kaffistofunni. Frá vinstri: Eva Björk, Leifur Örn Leifsson, Þórunn Sigþórsdóttir og Jódís Ásta Gísladóttir.

LARSEN hönnun og ráðgjöf

LARSEN hönnun og ráðgjöf ehf. var stofnað árið 2015 af byggingafræðingnum og húsa-smíðameistararum Bent Larsen Fróðasyni sem jafnframt er eini eigandi fyrirtækisins. Megin starfsemi fyrirtækisins er almenn hönnun á byggingum, þ.e.a.s arkitektúr og burðarþol bygginga, en samhliða því hefur fyrirtækið staðið að byggingaframkvæmdum öll árin sem og útleigu fasteigna. Fljótlega eftir stofnun fyrirtækisins kom til starfa Eva Björk Birgisdóttir tækniteiknari og í janúar 2019 bættist í hópinn Leifur Örn Leifsson tæknifræðingur og haustið 2020 bættist í hópinn Jódís Ásta Gísladóttir byggingafræðingur. Síðan um mitt árið 2021 bættust við Þórunn Sigþórsdóttir tækniteiknari og Ólafur Tage Bjarnason byggingafræðingur. Í dag hefur fyrirtækið yfir að ráða miklum fjölbreytileika hæfileikaríks fólks. Í byggingarhluta fyrirtækisins er notast við ýmsa undirverktaka á svæðinu. Við ráðningar á starfsfólki hefur verið leitast við að ná inn sem mestri þekkingu og hæfni starfsmanna til að geta tekist á við stærri og meira krefjandi verkefni.

Rekstur og aðsetur

Rekstur fyrirtækisins skiptist upp í fjóra meginþætti, hönnun húsbýgginga, byggingarstjórn framkvæmda sem og byggingaframkvæmdir á eigin vegum og útleiga húsnæðis. Fyrirtækið hóf starfsemi sína að Austurvegi 6 á Selfossi en flutti síðan árið 2018 að Eyravegi 15 á Selfossi. Árið 2019 flutti skrifstofan að Austurvegi 38 og síðan um mitt árið 2021 í falllegt og bjart húsnæði rúmlega 100 fm sem staðsett er í Sigtúni 3, með átta starfsstöðvar og sex heilsársstöðugildi. Allir þessir flutningar hafa verið nauðsynlegir vegna stækkunar stofunnar.

Framtíðarsýn og markmið

Framtíðarsýn fyrirtækisins lítur nokkuð vel út miðað við núverandi verkefnastöðu og berum við miklar væntingar til næstu ára er varðar bæði hönnunarverkefni sem og byggingaframkvæmdir. Markmið stofunnar er að hanna byggingar sem henta vel hverju verkefni fyrir sig, sérstaklega með þarfir og nýtingu þeirra notkunar sem ætlast er til. Einnig að skila vönduðum vinnubrögðum til okkar viðskiptavina. Mikil áhersla hefur verið lögð á það í stofunni að skila af sér teikningum sem eru auðlesnar og einfaldar til framkvæmda fyrir okkar viðskiptavini.

Verkefni

Helstu verkefni stofunnar eru hönnun á einbýlishúsum, parhúsum, raðhúsum, fjölbýlishúsum, hesthúsum, reiðhöllum, fjósum, hótélum sem og ýmsum öðrum byggingum. Mikill fjölbreytileiki er því á allri hönnun á stofunni sem og skiptingu verkefna á öllu landinu þó allra mest af verkefnum komi frá Suðurlandsundirlendingu. Viðskiptavinir stofunnar spanna allt frá einstaklingum til stórra framkvæmdaáðila, þó stærsti hlutinn komi frá verktökum á svæðinu sem leitar til stofunnar vegna persónulegrar, góðrar og skilmerkilegrar þjónustu og samskipta. Einnig tókum við þátt í mjög skemmtilegu verkefni árin 2017-2019 sem var uppbyggingferðaþjónustu í Biskupstungum þar sem byggt var í gömlum torfhússtíl og leitast var við að hafa alla hönnun eins upprunalega og hún var í gamla daga, bæði að utan sem og að innan.



Bent Larsen eigandi og framkvæmdastjóri.



Frá vinstri: Bent Larsen, Jódís Ásta, Eva Björk og Leifur.



Skrifstofan.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ.

A2F arkitektar



Eigendur, Aðalheiður Atladóttir, arkitekt, Filip Nosek, arkitekt og Falk Krüger, arkitekt.

A2F arkitektar var stofnað í Reykjavík árið 2010. Eigendur eru Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ og Falk Krüger, arkitekt FAÍ AKB. Árið 2014, stofnuðu þau ásamt Filip Nosek, arkitekt AKB, fyrirtæki undir sama merki í Berlín, Þýskalandi. Filip Nosek er framkvæmdastjóri í Berlín, Aðalheiður Atladóttir er framkvæmdastjóri í Reykjavík. Samstarf Aðalheiðar, Falks og Filips, nær aftur til námsáranna, en þau hafa einnig unnið saman að ýmsum verkefnum saman eftir útskrift. Árið 2010 urðu tímamót þegar þau unnu til fyrstu verðlauna í samkeppni um hönnun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Í kjölfarið stofnuðu þau fyrirtækið á Íslandi sem hefur vaxið og þróast síðan. Árið 2014 unnu þau til fyrstu verðlauna um hönnun menningarmiðstöðvar og fjölnotasalar við grunnskóla í N-Þýskalandi. Þá stofnuðu þau fyrirtækið A2F Architekten, sem hefur haft aðsetur í Berlín síðan.

Vinnulag og framleiðsluferli

Verkefni A2F arkitekta eru fjölbreytt, allt frá innanhúss- og mannvirkjahönnun og til borgarskipulags; þátttaka í sýningum, málþingum og fyrirlestrum og kennsla á ýmsum sviðum arkitektúrs. Fyrirtækið leggur áherslu á þverfagleg vinnubrögð og vinnur þétt saman með verkkaupa og verktaka að því að finna bestu mögulega lausn hverju sinni. Það hefur jákvæð áhrif á rekstrarkostnað, umhverfis- og rýmisgæði og notkunargildi mannvirkja.

Skipulag og sérstaða

A2F arkitektar leggja áherslu á að finna lausnir miðaðar við þarfir verkkaupa og að þróa rými sem búa yfir einstökum gæðum, í smáum jafnt sem stórum skala. Vístvæn hönnun og orkusparnaður í byggingum eru höfð að leiðarljósi. Fyrirtækið hefur aflað sér þekkingar og reynslu í umhverfsvottun, en Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er t.d. BREEAM vottaður og er byggingin ein sú fyrsta á Íslandi sem hefur fengið þá vottun. A2F arkitektar nota aðferðarfræðina BIM (Building Information Modelling = upplýsingatækni í mannvirkjahönnun) í verkefnum sínum.

Framtíðarsýn

A2F arkitektar er framsækin og kraftmikil arkitektastofa með víðtæka reynslu í hönnun mannvirkja. Faglegur metnaður er ávallt hafður að leiðarljósi til þess að tryggja hönnun í hæsta gæðaflokki fyrir viðskiptavinum. Umhverfismál og þverfaglegt samstarf eru í hávegum höfð. Lögð er áhersla á að þróa vistvænar lausnir og efnisnotkun í samstarfi við íslenskan byggingariðnað hverju sinni.

Aðsetur og starfsmannafjöldi

A2F arkitektar er með aðsetur, annars vegar að Laugavegi 178 í Reykjavík og hins vegar í norðaustur hluta Berlínar; Langhansstraße 123, 13086 Berlin. Í Reykjavík er starfsmannafjöldi að jafnaði 4 til 6, í Þýskalandi starfa að jafnaði 3 til 5 starfsmenn.



Multi-Purpose Hall, Rendsburg.



AVH starfsmenn í vísindaferð 2018.

AVH arkitektúr - verkfræði - hönnun

AVH ehf. er arkitekta- og verkfræðistofa sem sér um og annast alhliða hönnun fyrir allar stærðir og gerðir af mannvirkjum. Fyrirtækið var formlega stofnað árið 1968 á Akureyri og hét þá Teiknistofa Hauks Haraldssonar sf. en var breytt í AVH arkitektúr – verkfræði – hönnun árið 2003. Starfstöðvar eru tvær, þ.e. á Akureyri og í Reykjavík en AVH ehf. tekur að sér verkefni hvort sem er hér innanlands eða utan. Starfssvið AVH ehf. spannar hönnun bygginga og mannvirkja, hönnun á verksviði arkitekta, hönnun burðarvirkis, hönnun lagnakerfa, þrívíddarvinnslu, áætlanagerð, verkumsjón og eftirlit, útboð framkvæmda, skipulagshönnun og hönnunarstjórn.

Eigendur og starfsfólk

Aðaleigendur eru Anna Margrét Hauksdóttir arkitekt, Anton Örn Brynjarsson verkfræðingur/framkvæmdastjóri og Fanney Hauksdóttir arkitekt. Aðrir eigendur og starfsfólk AVH eru Arnþór Tryggvason skipulagsfræðingur, Ásrún Ásgrímsdóttir tækniteiknari, Björgvin Smári Jónsson verkfræðingur, Björn Torfi Björnsson B.A. arkitektúr, Gísli Sverrisson tæknifræðingur, Guðni Helgason verkfræðingur, Kári Magnússon byggingafræðingur og Pétur Jónsson B.A. arkitektúr.

Stefna fyrirtækisins

AVH ehf. hefur að leiðarljósi að sýna frumkvæði og vera leiðandi í þjónustu á sínu sviði. Öll okkar verk eru vel og faglega unnin og samkvæmt lögum og reglugerðum. Samstarfsaðilar eru fjölmargir og við leggjum okkur fram um góð samskipti við alla viðskiptavini, aðra hönnuði, verkkaupa og framkvæmdaaðila. Starfsreynsla innan fyrirtækisins er mikil og fjölbætt og við hvetjum okkar fólk til að viðhalda þekkingu sinni með virkri símenntun.

Verkefni

Verkefnaskrá fyrirtækisins spannar yfir um 50 ár og samanstendur af hundruðum bygginga: einbýlis- og fjölbýlishús, sambýli, hjúkrunarheimili, menningarhús, skólabyggingar, íþróttahús, sundlaugar, iðnaðarhús, fiskvinnsluhús, verslunar- og skrifstofuhúsnæði o.fl. Á meðal viðskiptavina félagsins í gegnum tíðina eru opinberir aðilar, innlend og erlend fyrirtæki, byggingafélög, verktakar og einstaklingar. Hönnunarverkefni AVH ehf. hafa hlotið viðurkenningar í gegnum árin og má þar nefna Byggingalistaverðlaun Akureyrarbæjar, verðlaun í hinum ýmsu hönnunarsamkeppnum og þátttaka í alþjóðlegum sýningum. Vefsíða: www.avh.is



Leikskólinn Krilakot á Dalvík.



Hrafnabjörg við Eyjafjörð.



Halldóruhagi 8, 10, 12 og 14 á Akureyri.



Veitingastaður að kvöldlagi.



Sólríkur og skjólsæll garður í Mariuborgum.

Arkitektastofan Zeppelin



Orri Árnason, arkitekt.

Arkitektastofan Zeppelin var stofnuð árið 1997 af Orra Árnasyni sem lærði arkitektúr í Madrid á Spáni. Stofan fagnar því 25 ára afmæli 2022. Verkefni stofunnar eru af öllu tagi og má nefna skóla, verksmiðjur, skrifstofubyggingar, fjölbýlishús, einbýlishús og parhús, veitingastaði og sumarbústaði. Þá hefur stofan tekið þátt í arkitektasamkeppnum og unnið til verðlauna. Auk þess hefur stofan unnið að eigin hugmyndum, ein sér eða í samvinnu við fjárfesta. Stefna stofunnar er einföld, eða sú að leysa hvert verkefni af kostgæfni í takti við umhverfi sitt, hvort heldur það er manngert eða náttúrulegt. Náttúruvættir og saga viðkomandi svæðis geta skipt máli og við höfum mikla ánægju af að vinna út frá slíkum hugmyndum, enda erum við þess fullviss að sögulegar skírskotanir bæti verkefni, geri þau áhugaverðari og veiti þeim aukna dýpt. Við skoðum sérstaklega samspil sólar, útsýnis og vinda með það fyrir augum að hanna sem mannvænastar byggingar og útsvæði. Eins reynum við að lesa kúnnann, en til að árangurinn verði góður skiptir höfuðmáli að það sé traust og gott samband á milli arkitekts og kúnna. Best útkoma fæst með því að nota aðferð gríska heimspekingsins Sókratess, að spyrja af lítilletti út í eitt, en þannig fást svör við öllu.



Sjáländsskóli í morgunbirtu.

Sjáländsskóli í Garðabæ

Sjáländsskóli í Garðabæ er líklega þekktasta bygging stofunnar. Zeppelin arkitekta voru fengnir til verksins af Garðabæ sem stóð einstaklega myndarlega að öllum undirbúningi. Arkitektum var til að mynda bannað að stinga niður penna fyrir en að loknu viðamiklu undirbúningsferli hvers markmið var auk hefðbundinnar þarfagreiningar að að hreinsa huga viðkomandi af gömlum kreddum. Farið var í skoðunarferðir, m.a. til Danmerkur og haldnir voru fyrirlestrar af fræðimönnum um nýjustu hugmyndir í skólamáli. Á þessa fyrirlestra mættu bæjarfulltrúar, áhugasamir foreldrar og annað áhugafólk um skólamáli. Að undirbúningstímanum loknum mátti loksins byrja að teikna, en þá hafði hugmyndum hlutaðeigandi um skóla verið umturnað. Aðferðafræðin hefur nýst stofunni í meira eða minna mæli allar götur síðan og m.a. við hönnun Skólamiðstöðvar á Fáskrúðsfríði og við stækkun og endurnýjun Grunnskóla Borgarness sem er nýlokið.

Reykir River Lagoon (lúxushótel og baðlón)

Zeppelin arkitekta vinna að frumhönnun allt að 200 herbergja hótels og baðlóns á Efri-Reykjum í Biskupstungum, á Gullna hringnum, við Brúará, einni fallegustu bergvatnsá landsins. Skipulagsferlinu er lokið og unnið er að fjármögnun verkefnisins.

Landið er flatt, en til hliða rísa fjöll og hæðir, eyjar. Fyrirhuguð bygging tekur mið af landinu, minnir á hlið og myndar skjól fyrir vindum. Baðlónin verða í skjóli byggingarinnar, eins og tjarnir undir fjallshlíð. Þök verða grædd þeim gróðri sem fyrir er á svæðinu og útveggir verða viðarklæddir og vísa í gömlu torfbæina.

Hótel á Skerðingsstöðum (með Kirkjufell í huga)

Zeppelin arkitekta frumhanna einnig 80-100 herbergja hótél á jörðinni Skerðingsstöðum við Grundarfjörð. Hótelíð mun rísa á tanga sem gengur út í Lárós, sem er manngert lón



Efri Reykir, bygging fellur að landslagi.



Hótelið með Kirkjufell í bakgrunni.



Litríkur Sjálandsskóli.

og liggur að Breiðafirði, fjöll allt um kring og Kirkjufell í forsæti. Form hótélbyggingarinnar minnir á Kirkjufellið, enda tók staðurinn völdin og byggingin varð til af sjálfu sér, en þannig verða bestu verkefni til. Á vetrum leggur vatnið og þá er ýmist hægt að skauta á ísum eða dorga í gegnum vök. Á sumrin er hægt að synda í vatninu eða fara út á bátum. Málið er á lokastigum í skipulagsferli.

Seglin við Pollinn (íbúða- og þjónustubyggingar)

Til stóð að byggingarnar myndu rísa aftan við Gránufélagshúsið á Akureyri. Gránufélagið stofnað árið 1870 hóf verslunarrekstur á Oddeyrinni, rak fjögur seglskip, tákni nýrra tíma, frelsis og framfara og sagði dönskum kaupmönnum stríð á hendur. Því var nærtækast í tillögumíðinni og rómantískast, að leita fanga í sögu félagsins. Form bygginganna vísar í seglskipanna, en hver þeirra táknar eitt fjögurra skipa Gránufélagsins: Gránu, Rósu, Hertu og Njál. Þær áttu, auk þess að vera íbúða- og atvinnubyggingar, að vera minnisvarði um baráttuna fyrir frjálsri verslun, og Gránufélagið. Hafnarbakkinn framan við Gránufélagshúsið er eitt af hliðum Akureyrar. Farþegaskipin sem þar leggja að bryggju eru fjölmörg og farþegarnir skipta tugþúsundum. Aðkomu þeirra má verulega bæta og við sáum fyrir okkur að "seglin" tækju á móti farþegaskipunum og biðu þau velkomin.

Seglin við Pollinn er rómantísk sýn á skútuöld, starfsemi Gránufélagsins og baráttunni fyrir sjálfstæði Íslands.

Ránargrund 4 (veitingastaður)

Garðabær bauð fram sjávarlöd undir veitingastað og skyldi keppt um lóðina, sem er á milli Sjálandsskóla, sem Zeppelin hannaði einnig og útivistarsvæðis sem enn á eftir að útfæra. Tillaga Zeppelin varð hlutskörpust. Markmiðið var að hanna byggingu hvaðan hægt væri að njóta kvöldsólarinnar og útsýnisins yfir til Álftaness og Snæfellsjökuls, en hvar jafnframt væri hægt að sitja úti og njóta sólar í skjóli fyrir köldum vindum. Staðurinn átti að vera viðkomustaður hjólandi og staður fyrir útítonleika og uppákomur allskonar.

Perlan (heilsulind)

Eitt það skemmtilegasta sem við gerum er að vinna í eigin hugmyndum og koma þeim á framfæri. Árið 2010 hönnuðum við heilsulind við Perluna í Reykjavík. Við teiknuðum hótélherbergi utan á heitavatnstankana og ofaná þá lögðum við heita laug sem hringaði glerkúpulinn og hvaðan gestir gátu séð alla Reykjavík og víðar.

Mariuborgir íbúða- og þjónustubygging)

Annað hitaveitutankaverkefni sem Stofan hefur tekist á hendur er að umbreyta tönkunum á Grafarholti í Reykjavík sem gnæfa ógnvekjandi yfir aðliggjandi byggð. Við viljum breyta því svartholi í blómlega miðju, hjarta hverfisins. Leiðin sem við völdum var að byggja íbúðir og skrifstofur utan á tankana og almenningsrými ofaná þá. Öryggismálin vögu þungt og við lögðum á okkur mikla vinnu til að finna lausn á þeim.



Seglin við Pollinn.



Ránargrund 4, mannmergð utan við veitingastað.



Perlan heilsulind, horft yfir Reykjavík úr heitri laug sem hringar Perluna.



Eigendur Arkís frá 2020, talið frá vinstri: Viggó Magnússon, Aðalsteinn Snorrason, Thelma Guðmundsdóttir, Björn Guðbrandsson, Svava Björk Bragadóttir, Þorvarður Lárus Björgvinsson, Arnar Þór Jónsson og Birgir Teitsson.

Arkís arkitektar



Villa Panorama. / Ljós. Alex Fradkin.



Safnaðarheimili Ástjarnarkirkju. Ljós. Þorgils G. Gunnþórsson.

Arkís arkitektar er framsækið fyrirtæki sem náð hefur árangri bæði hérlendis sem og á alþjóðamarkaði. Fyrirtækið var stofnað árið 1997 og hefur starfsfólk fyrirtækisins unnið að því allar götur síðan í hönnun sinni að gera það besta fyrir hið manngerða umhverfi sem efni og aðstæður leyfa hverju sinni. Arkís arkitektar hafa aðsetur að Kleppsvegi 152 og starfa hjá fyrirtækinu 35 starfsmenn, arkitektar, innanhúsarkitektar, byggingafræðingar, tækniteiknara auk skrifstofufólks. Eigendur fyrirtækisins eru, Aðalsteinn Snorrason arkitekt, Arnar Þór Jónsson arkitekt, Birgir Teitsson arkitekt, Björn Guðbrandsson arkitekt, Svava Björk Bragadóttir byggingafræðingur, Viggó Magnússon byggingafræðingur, Thelma Guðmundsdóttir innanhússarkitekt og Þorvarður Lárus Björgvinsson byggingafræðingur.

Starfsemin

Megin tilgangur Arkís arkitekta er ávallt að stuðla að auknu vægi vistvænnar hönnunar og hefur fyrirtækið komið að mörgum þeim verkefnum á Íslandi sem hlotið hafa BREEAM vottun, auk þess að hafa fylgt viðmiðum Passivhus standard við hönnun Holmen svømmehall í Noregi sem einnig var valin bygging ársins þar í landi 2017 á Bygg dagene í Osló í mars 2018. Ennfremur var sú bygging valin eitt af fyrirmyndaverkefnum Future Built verkefnisins í Noregi. Þá hafa Arkís arkitektar einnig hannað þrjú verkefni sem tilnefnd hafa verið til hinna virtu Mies Van Der Rohe verðlauna. Hús Ístaks við Engjateig, Snæfellsstofu, gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Skriðuklaustri og Fangelsi á Hólmsheiði. Reynsla Arkís arkitekta spannar flest svið manngerðs umhverfis. Mikil reynsla er í gerð skipulagsverkefna og má þar nýjast nefna Urriðaholt og skipulag Elliðaársvogs í Reykjavík. Mikil reynsla er í hönnun verslunarhúsnæðis hérlendis og erlendis og má þar nefna nýlegar byggingar IKEA í Vilnius í Litháen, IKEA í Riga í Lettlandi og nú er unnið að IKEA í Tallinn í Eistlandi. Auk þessa má nefna skólabyggingar, s.s. Stapaskóli í Reykjanesbæ, þar sem fyrsti áfangi hefur verið tekinn í notkun og þjóðgarðsmiðstöðvar en tvær slíkar eru nú í byggingu, á Kirkjubæjarklaustri og Hellisandi. Allt frá upphafi verks til framkvæmdaloka er kostnaðargát eitt meginstef ábyrgar hönnunar. Virðing við umhverfið og vistvæn notkun byggingarefna þar sem því verður viðkomið er hluti þess verkefnis sem arkitektinn hefur tekið að sér. Með staðarvali hefur verkkaupinn tekið eina mikilvægustu ákvörðun verkefnisins og ræður það mestu um það hve umhverfsvænt verkefnið verður til lengri tíma litið. Er það miðlægt staðsett með tilliti til notenda og mun það verða til að draga úr heildarumferð og orkunotkun og er framkvæmd þess gerð með ábyrgum hætti gagnvart umhverfi sínu og framtíð þess? Verkefnin eru ákaflega mismunandi að stærð og gerð og því ekki alltaf ráðrúm né tækifæri til að ná þeim árangri sem menn myndu vilja í fullkomnum heimi. Verkefni Arkís er ávallt það að reyna að hámarka þann árangur sem viðkomandi aðstæður gefa. Með viðleitni sinni og ásetningi munum við sameiginlega færast nær þeim markmiðum að minnka vistspor okkar og skila heimi frá okkur betri en við tókum við honum þó síðustu áratugir hafi svo sannarlega verið á gagnstæðan veg. Styrkur Arkís arkitekta hefur legið í því að öll verkefni geta orðið spennandi séu þau unnin á þann hátt að lögð sé rækt við þá hluti sem áhugaverðastir eru hverju sinni. Með opnum huga



Fjaðrárgljúfur. / Ljós. Karl Vilhjálmsson.

hefur fyrirtækið verið einstaklega lánsamt með það starfsfólk sem ráðist hefur til fyrirtækisins. Ekki bara hvað faglega getu áhræfir, heldur einnig það að starfsmannavelta fyrirtækisins er ákaflega lítil og eru því margir starfsmenn þrautreyndir og innviðirnir að sama skapi sterkir. Með sínum áhersluatriðum um hágæða hönnun og vistvæna nálgun hefur Arkís ávallt lagt áherslu á þarfir viðskiptavinarins, því ljóst er að án góðs viðskiptavinar verður lítið úr háleitum hugmyndum arkitekta. Arkís hefur sýnt fram á það að með metnaðarfullum arkitektúr er hægt að ná muna lengra en væntingar stóðu til og þetta hefur reynist fyrirtækinu æ auðveldar eftir því sem verk þess hljóta meiri viðurkenningu. Til staðfestingar þessu hafa verk Arkís birst í fjölda erlendra bóka og miðla sem fjalla um arkitektúr og birta þá einkum verkefni sem hafa vistvæna nálgun. Sænska forlagið Arvinius+Orfeus hefur nýverið gefið út bókina Natural Elements sem fjallar um valin verkefni Arkís arkitekta.

Skipulagsverkefni hafa ætíð verið fyrirferðamikil í starfsemi Arkís arkitekta og hefur fyrirtækið komið að nokkrum verkefnum með vistvæn viðmið að leiðarljósi. Ber þar fyrst að nefna skipulag Urriðaholts í Garðabæ sem unnið hefur verið að ásamt fjölda annarra ráðgjafa, innlendra sem erlendra. Hefur það verkefni hlotið sértaka athygli og erlendar viðurkenningar og meðal annars frá arkitektafélaginu í Boston. Skipulag svæðisins við Elliðarávog hefur verið vinnslu undanfarin ár og er það verkefni afrakstur fyrstu verðlauna í opinni samkeppni. Þátttaka Arkís arkitekta í arkitektasamkeppnum hefur verið viðamikill þáttur í starfsemi fyrirtækisins allt frá stofnun þess. Með því móti hefur fyrirtækinu tekist að viðhalda þekkingu sinni og færni og jafnframt hafa samkeppnir verið mikilvægur þáttur í markaðssetningu fyrirtækisins og fjöldamörg verkefni verið byggð sem afrakstur fyrstu verðlauna í samkeppnum. Nú nýverið eru hafnar framkvæmdir við Þjóðgarðsmiðstöð á Kirkjubæjarklaustri sem er afrakstur fyrstu verðlauna í samkeppni. Búið er að bjóða út byggingu Þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellisandi sem unnin var í samkeppni um það verk. Snæfellsstofa sem er fyrsta Þjóðgarðsmiðstöðin byggð eftir hönnun Arkís arkitekta er einnig verðlaunaverkefni í samkeppni og er hún fyrsta verkefnið á Íslandi sem hlýtur vottun BREEAM. Nú er lokið byggingu fyrsta áfanga byggingar Stapaskóla en hönnun hans sigraði í samkeppni um það verk. Bygging fangelsisins á Hólmsheiði sem er BREEAM vottað verkefni er hlaut fyrstu verðlaun í opinni samkeppni. Bygging Háskólans í Reykjavík er verkefni sem unnið var í alþjóðlegri samkeppni í samvinnu við HLA í Danmörku. Þá hafa Arkís arkitektar nýverið hafið hönnun á hjúkrunarheimili á Húsavík sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni fyrir skemmstu.

Framtíðarsýn

Stefna Arkís arkitekta er skýr og byggir hún á sterkri stöðu á heimamarkmiði með það skýra markmið að vera samkeppnishæf í alþjóðlegu samhengi og vera ávallt með verkefni utan landsteinanna til að hafa þá víðsýni sem nauðsynleg er til að fylgja alþjóðlegri þróun með sínar sterku rætur í íslensku samfélagi sem byggir á norrænni þekkingu og menningu. Viðurkenningar Arkís erlendis styrkja þær hugmyndir að fyrirtækið sé samkeppnishæft í alþjóðlegu samhengi og hefur það blásið starfsmönnum fyrirtækisins byr í brjóst. Hafa verður það í huga að upphefðin kemur að utan og hafa þau sönnu orð ekkert breyst. www.ark.is



Sundhöllin Holmen í Asker í Noregi. / Ljós. Tove Lauluten.

Verkefni Arkís arkitekta eru á eftirtöldum sviðum:

- Mannvirkjahönnun
- Hönnunarstjórnun
- Skipulagsvinna
- Útboðs- og tilboðsgerð
- Mat á umhverfisáhrifum
- Eftirlit
- Gerð skipulagsáætlauna
- Eignaumsýsla
- Innanhússhönnun
- Húsnæðis- og byggingaáðgjöf
- Endurbætur eldra húsnæðis
- Iðnhönnun
- Breeam vottun bygginga
- Tölvuþrívídd og margmiðlun



Menningarhúsið Hof Akureyri.



Nýjar höfðstöðvar Landsbankans við Austurbakka Reykjavík.

Arkþing - Nordic

Arkþing Nordic ehf. er framsækin teiknistofa byggð á áralangri reynslu á sviði ráðgjafar og hönnunar og vinnur teiknistofan fyrir bæði einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki. Arkþing Nordic ehf. hannar allar stærðir og gerðir bygginga, allt frá sumarbústöðum til flugvallabygginga. Einnig fæst stofan við gerð skipulagsáætlana á deili- og aðal-skipulagsstigi sem og innanhússhönnun. Vefsíða: nordicarch.com

Saga teiknistofunnar

Upphaf Arkþing – Nordic ehf. má rekja til ársins 1970 þegar Guðmundur Kr. Guðmundsson arkitekt og Ólafur Sigurðsson arkitekt stofnuðu arkitektastofu í eigin nafni. Árið 1991 var Arkþing ehf. stofnuð á grunni þeirrar gömlu, þegar Sigurður Hallgrímsson arkitekt og Hjörtur Pálsson byggingafræðingur gengu til liðs við þá Guðmund og Ólaf.

Árið 2016 fjölgaði hluthöfum í Arkþing ehf, þegar Birkir Árnason byggingafræðingur, Hallur Kristmundsson byggingafræðingur og Helgi Mar Hallgrímsson arkitekt urðu hluthafar í fyrirtækinu. Við þessa breytingar voru kynslóðaskipti fyrirtækisins tryggð.

Nordic - Office of Architecture

Á vordögum 2019 sameinaðist Arkþing ehf. inn í Nordic Office of Architecture, sem er arkitektastofa með höfuðstöðvar í Osló í Noregi. Nordic Office of Architecture AS er ein stærsta arkitektastofa á Norðurlöndunum með um 280 starfsmenn. Nordic Office of Architecture er með starfsemi í Osló, Kaupmannahöfn, London og Reykjavík. Við sameininguna var nafninu á fyrirtækinu breytt í Arkþing Nordic ehf. Hallgrímur Þór Sigurðsson arkitekt sem hefur verið meðeigandi hjá Nordic Office of Architecture flutti til Íslands í kjölfar sameiningarinnar og gekk til liðs við Arkþing-Nordic. Nordic - Office of Architecture hefur á síðust árum staðið að nokkrum af stærstu verkefnum á Norðurlöndum, s.s. Gardermoen flugvöll við Ósló, ráðuneytishverfið í Ósló, St. Olavs spítala í Prándheimi og nýjan alþjóðaflugvöll í Istanbul í Tyrklandi. Sameiginleg reynsla fyrirtækisins nýtist í verkefnum hér á landi til að mynda við hönnun mannvirkja á Keflavíkurflugvelli o.s.frv.

Arkþing Nordic ehf.

Framkvæmdastjóri Arkþing Nordic er Hallur Kristmundsson. Auk Halls mynda fyrrum eigendur fyrirtækisins, þeir Birkir, Helgi Mar og Sigurður, ásamt Hallgrími, stjórnendateymi fyrirtækisins. Heiður Hjaltadóttir er fjármálastjóri fyrirtækisins. Stjórn Arkþing Nordic ehf. er skipuð þeim Eskild Andersen sem er stjórnarformaður, Hallgrími Þór Sigurðssyni, Birki Árnasyni og Þorgeiri Hólmi Ólafssyni. Eskild Andersen er framkvæmdastjóri móðurfélagsins Nordic office of Architecture í Noregi og Þorgeir Hólm er framkvæmdastjóri Norconsult á Íslandi. Að vera hluti af stóru alþjóðlegu arkitektafyrirtæki veitir Arkþing-Nordic sérstöðu á íslenskum markaði. Aðlögunarhæfnin er mikil og hægt er að fá liðsstyrk og sérfræðipækningu til mannaflsrekra verkefna frá útibúum fyrirtækisins erlendis. Einnig býr Nordic Office of



Borgarleikhúsið, Reykjavík.



Efstaleiti Reykjavík, Rúv reitur



Hótel Canopy, Hljómálinrarreitir Reykjavík

Architecture yfir sérhæfingu á ýmsum sviðum sem nær ómögulegt er fyrir fyrirtæki á litlum markaði að tileinka sér. Um er að ræða sérhæfingu t.d. á sviði flugstöðva, heilsustofnana auk tæknilegrar sérhæfingar, t.d. varðandi umhverfsvottanir, eignaumsjónar, vindgreininga og einnig sérhæfing á ýmsum hönnunarforritum sem stofnan notar. Arkþing-Nordic ehf. hefur á undanfönum árum unnið að fjölbreyttum hönnunarverkefnum. Þar má nefna Menningarhúsið Hof á Akureyri, nýbyggingu Landsbankans sem nú rís við Austurhöfn, deiliskipulag og hönnun bygginga á Rúv-reitnum auk fjölda annarra verkefna. Um þessar mundir eru á teikniborðinu m.a. endurnýjun Seðlabanka Íslands að innan, viðbygging við Flugstöð Leifs Eiríkssonar auk stórra íbúðaverkefna í Gufunesi, við Hlíðarenda, í Norðlingaholti og á Héðinsreit. Einnig hefur Arkþing-Nordic ehf. hannað fjölda sérbýlishúsa, sumarhúsa og verslunar- og iðnaðarhúsa í gegnum árin. Nálgun fyrirtækisins á verkefnum byggir á ítarlegri greiningarvinnu á forsendum og samhengi hvers verkefnis. Alltaf er leitast við að útkoman úr verkefninu þjóni þörfum viðskiptavinarins eins og best verður á kosið og að mannvirkid búi yfir hönnunargæðum sem bæti umhverfi sitt. Hvert verkefni er einstakt og lögð er áhersla á að verkefni taki mið af þeim stað þar sem þau rísa og falli vel að umhverfinu. Arkþing Nordic ehf. hefur verið virkur þátttakandi í samkeppnum undanfarin ár og á árinu 2018 bar fyrirtækið sigur úr bitum varðandi teikningu á nýjum höfuðstöðvum Landsbanka Íslands í samvinnu við teiknistofuna CF Møller frá Danmöku. Á árinu 2020 sigraði fyrirtækið samkeppni um hönnun á nýrri byggingu Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði.

Mannauður og aðsetur

Í dag eru starfandi hjá Arkþing Nordic ehf. 22 manns, sem skiptast þannig: 10 arkitektar, 10 byggingafræðingar, einn tækniteiknari og einn viðskiptafræðingur. Í lok nóvember 2020 flutti fyrirtækið úr Bolholti 8, þar sem stofan hafði verið í 20 ár og yfir í glæsilegt húsnæði við Hallarmúla 4 í Reykjavík. Nýja húsnæðið var hannað af arkitektum stofunnar og er gert til að styðja við skapandi starf og búa til starfsumhverfi þar sem fólk líður vel. Góð aðstaða er til að taka á móti viðskiptavinum í vel búnum fundarherbergjum.



Nýr stjórnarráðsreitur í Oslo.



Gardermoen flugvöllur í Osló.



Istanbul flugvöllur í Tyrklandi.



Hluti starfsfólks og makar 2015.

ASK arkitektar



Hof í Örfærum.



Kirkjusandur, Hallgerðargata, deiliskipulag 2018.



Snorrabraut, horft til norðurs, tillaga 2021.

ASK arkitektar ehf. er alhliða arkitektastofa sem fæst við hefðbundin verkefni á sviði arkitekta og innanhússarkitekta. ASK tekur að sér hönnun nýbygginga, endurhönnun eldri bygginga, hönnun húsgagna, skipulag nýbyggingasvæða og hönnunarstjórnun. Teiknistofan er í hópi stærstu arkitektastofa landsins og hafa eigendur hlotið menntun sína víða um heim. Saga ASK hófst árið 1980 og hefur stofan því áratuga langa reynslu í hönnun mannvirkja og alhliða þjónustu á sviði arkitekta fyrir einstaklinga, opinbera aðila og fyrirtæki. ASK vinnur frá árinu 2012 samkvæmt vottuðu gæðakerfi sem samræmist kröfum ÍST EN ISO 9001:2015.

Samkeppnir

Eitt af markmiðum ASK arkitekta er að taka þátt í samkeppnum. Þær veita starfsfólki stofunnar möguleika á að prófa nýjar leiðir og leita nýrra lausna. Þátttaka í samkeppnum er oft besta leiðin til öflunar verkefna, auk þess sem slíkar keppnir þetta hópinn og gefa honum tækifæri til að takast á við og leysa fjölbreytt verkefni. ASK arkitektar, einir og sér og í samstarfi við aðrar arkitektastofur, hafa hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga í samkeppnum. Stærsta verkefni síðstu ára var samkeppni um forhönnun Nýs Landspítala við Hringbraut. Með sigri í þeirri samkeppni hófst vinna við deiliskipulag og forhönnun Nýs Landspítala sem staðið hefur nánast óslitið frá 2010 og stendur enn, þó aðrir hafi komið að endanlegri hönnun einstakra byggingaráfanga. Samkeppnistillagan var unnin í samstarfi nokkurra arkitekta- og verkfræðistofa undir samheitinu SPITAL. Árið 2012 urðu ASK arkitektar hlutskarpastir í alþjóðlegri tveggja þrepa samkeppni um uppbyggingu á sk. Landsímareit í Kvosinni í Reykjavík. Deiliskipulagi lauk 2016 og er uppbygging reitsins skv. því deiliskipulagi á lokametrum árið 2021. Önnur samkeppni sem vert er að nefna var hugmyndaleit um íbúðarbyggð í Nýjum Skerjafirði. Í framhaldi þeirrar leitar var unnin rammaskipulagstillaga og síðar deiliskipulagstillaga 1. áfanga sem samþykkt var vorið 2021. Framundan er vinna við 2. áfanga deiliskipulags Nýs Skerjafjarðar. Að síðustu í kafla um samkeppnir má nefna hugmyndaleit um stokka undir Mikubraut og Sæbraut í Reykjavík. Það er gríðarlegt verkefni sem framundan er hjá ríki og Reykjavíkurborg í tengslum við nýundirritaðan samgöngusáttmála með Borgarlínu sem kjarna.

Umhverfi

Á síðustu árum hefur áhersla á umhverfismál og sjálfbærni í hinu byggða umhverfi orðið æ meiri, og hafa ASK arkitektar verið virkir þátttakendur í þeirri umræðu. ASK arkitektar hafa lagt mikla rækt við þennan þátt hönnunar. ASK hefur hannað flestar byggingar Sólheima í Grímsnesi síðustu áratugina en einnig leikskóla fyrir sveitarfélög auk fjölda smærri bygginga undir formerkjum sjálfbærni og vistvænnar hönnunar. Auk þess var ASK þátttakandi í rannsóknaverkefni undir nafninu Betri borgarbragur á árunum 2010-2012 ásamt fleiri aðilum, þar sem fjallað er um sjálfbærni í húsbýggingum og borgarskipulagi. Rannsóknaverkefnið fékk á sínum tíma Öndvegisstyrk frá Tækniþróunarsjóði (RANNÍS) til þriggja ára.



Nýr Skerjafjörður 2018.

Byggingar

Allar tegundir bygginga hafa komið við á borðum ASK, allt frá einföldustu íbúðaeiningum til flókinna fjölnotabygginga. Viðskiptavinir eru opinberir aðilar, einkafyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar. ASK hefur hannað skólabyggingar, íþróttahús, verslunarhús og íbúðarhús af öllum stærðum og gerðum. Mörgum þessara verkefna fylgir ráðgjöf á undirbúningsstigi og samskipti við stofnanir í ólíkum málaflokkum. Hér má nefna leikskóla í Hveragerði og á Selfossi, fiskvinnsluhús fyrir G. RUN á Grundarfirði og Brim hf. (áður HB Grandi) í Reykjavík, Akranesi og Vopnafirði. Nú er í byggingu fjölnota íþróttahús í Garðabæ, en það verkefni var unnið í samkeppni í samstarfi við verktaka sem sér um byggingu hússins. Fyrir Ríkiseignir hefur verið unnið, frá árinu 2010, að endurbótum og viðhaldi á Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) á Akranesi.

Innanhúss

Viðskiptavinir ASK arkitekta eru mörg stór fyrirtæki sem þurfa stöðuga ráðgjöf og þjónustu við móttun húsnæðis að þörf á hverjum tíma. Starfsemi fyrirtækja er í sífelldri þróun og meginverkefni ASK er ráðgjöf varðandi heildarskipulag, innréttingahönnun, húsgagna-, efnis- og litaval. Einnig sér ASK um áætlanagerð, þarfagreiningu, útboð og eftirlit í tengslum við verkefni sín. Á síðustu árum hefur ný stefna í innanhússhönnun fyrirtækja rutt sér til rúms. Stefnan hefur fengið verkefnið „verkefnamiðað vinnuumhverfi“ (VMV). ASK arkitektar unnu slíka vinnu fyrir nýjar höfuðstöðvar Íslandsbanka í Kópavogi, auk fjölda annarra fyrirtækja og stofnana. Má nefna Sjúkratryggingar Íslands við Vínlandsleið í Reykjavík og Kennarasamband Íslands við Borgartún í Reykjavík. Tæknin er á fljúgandi ferð. Þá er mikilvægt fyrir arkitektastofu að hafa á að skipa hæfu starfsfólki sem er fljótt að sjá nýja möguleika sem húsnæði hefur.

Skipulag

Í skipulagsvinnu eru lagðar línur um framtíðarárástýnd borga og bæja. Þessi vinna er unnin af arkitektum og skipulagsfræðingum í samstarfi við fjölda annarra sérfræðinga. Einn af meginþáttum starfsemi ASK arkitekta er skipulagsvinna. ASK hefur fengið við skipulag fyrir opinbera aðila, fyrirtæki og einstaklinga. Skipulagsverkefni eru fjölbreytt og snúast um allt frá skipulagi heilla hverfa að skipulagi einstakra lóða. Deiliskipulag er oft undanfari hönnunar stærri bygginga. Áður er nefnt ramma- og deiliskipulag fyrir Nýjan Skerjafjörð sem samþykkt var árið 2021. Deiliskipulag Kirkjusands í Reykjavík var unnið á árunum 2013-2016, en þar er um að ræða 85.000 fm byggingarmagn með íbúðum og atvinnuhúsnæði. Á Krikkjusandi hannaði ASK íbúðarhús með 82 íbúðum fyrir Bjarg íbúðafélag, sem er nýtt félag á vegum verkalyðshreyfingarinnar sem sinnir byggingu og rekstri leiguíbúða fyrir fyrir fólk með lágar tekjur. Svæðið er í uppbyggingu í dag. Á árunum 2017-2021 var unnið stórt deiliskipulag á Ártúnshöfða í Reykjavík. Þar er um að ræða 226.000 fm byggingarmagn, með blöndu íbúða, atvinnuhúsnæðis og stofnana. Skipulagið tengist einni megin biðstöð nýrrar Borgarlínu við Stórhöfða. ASK arkitektar hlutu skipulagsverðlaun Skipulagsfræðingafélags Ísland á Íslandi árið 2012 fyrir deiliskipulag Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni í Reykjavík og fyrir rammaskipulag Nýs Skerjafjarðar árið 2019. Fjöldi annarra skipulagsverkefna hafa verið unnin í Hveragerði, Mosfellsbæ, Kópavogi, Hafnarfirði og víðar um landið.

Í dag

Í dag eru starfsmenn ASK 22 talsins og verkefni fjölbreytt. Áratugurinn hófst á bankahruni sem sem tók toll af teiknistofunni, en segja þurfti upp fjölda manns. Við náðum þó vopnum okkar smám saman og erum á svipuðum stað hvað varðar rekstur og starfsmannfjölda í lok áratugarins. Áratugurinn endaði svo með heimsfaraldri sem hefur staðið í á annað ár og hafði töluverð áhrif á reksturinn. Sérstaklega vegna mikillar heimavinnu starfsmanna sem breytt hefur starfseminni töluvert. Stofnendur ASK eru smám saman að komast á eftirlaunaaldur og eigendahópur að breytast. Eigendur eru nú arkitektarnir Andri Klausen, Guðrún Ragna Yngvadóttir, Gunnar Bogi Borgarsson, Gunnar Örn Sigurðsson, Helgi Már Halldórsson, Sigríður Halldórsdóttir, Sigurlaug Sigurjónsdóttir og Þorsteinn Helgason. Stjórn er skipuð þremur eigendum, þeim Sigurlaugu Sigurjónsdóttur stjórnarformanni, Andra Klausen og Sigríði Halldórsdóttur. Helgi Már Halldórsson er framkvæmdastjóri. Frekari upplýsingar um teiknistofuna má finna á www.ask.is



Bláa Lónið Retreat. / Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.



Vök Baths. / Ljós. Vök Baths.

Basalt arkitektar



Óðinstorg. / Ljós. Basalt arkitektar.



Sundlaugin Hofsósi. / Ljós. Guðmundur Benediktsson.



Geosea á Húsavík. / Ljós. Gaukur Hjartarsson.

Árið 2009 stofnuðu Sigríður Sigþórsdóttir, Haraldur Sigurðsson og Ene Cordt Andersen Basalt arkitekta, að Mýrargötu 12 í Reykjavík. Í dag eru eigendur auk Sigríðar, þeir Hrólfur Karl Cela og Marcos Zotes og er stofan nú til húsa að Grandagarði 14. Starfsemi Basalt arkitekta hefur vaxið jafnt og þétt frá því að vera fimm starfsmenn í upphafi til þess að vera mest 20 og starfa nú 17 manns á stofunni. Gríðarlegur mannaúður býr í fjölbreyttum og samhentum hóp arkitekta, byggingafræðinga, innanhússhönnuða og starfsnema. Basalt arkitektar eru meðlimir í Samtökum arkitektastofa, Samark, og stofnaðilar Grænni byggðar. Eigendur Basalt arkitekta hafa gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum í þágu stéttar sinnar. Má þar nefna stjórnarsetu í Arkitektafélagi Íslands, Samark, Grænni byggð, Listskreytingasjóði Íslands og Hönnunarsjóði Íslands. Þeir hafa jafnframt setið í dómnefndum samkeppna og unnið við stefnumótun á sviði mannvirkjagerðar á Íslandi. Starfsumhverfi arkitekta, ekki síst á Íslandi, kallar á þverfaglega samvinnu. Í hverju verkefni er leitast við að stilla upp teymi sem uppfyllir best þarfir þess. Basalt arkitektar eiga í góðu samstarfi við hönnuði og framkvæmdaaðila, bæði á Íslandi og erlendis, þ.m.t. við aðra arkitekta, verkfræðinga, ljósvistarhönnuði, hljóðvistarhönnuði, landslagsarkitekta, innanhússarkitekta, margmiðlunarhönnuði, listamenn o.fl.

Frá upphafi hafa Basalt arkitektar lagt áherslu á umhverfismál í hönnun sinni. Stofan vinnur að fjölda umhverfissvottaðra bygginga, bæði með Breeamvottun og Svansvottun. Umhverfissvái er mesta ógn er steðjar að heiminum í dag og vistvæn nálgun því gríðarlega mikilvæg í öllum þáttum hönnunar, umhverfislegum, félagslegum og hagrænum. Vinna Basalt arkitekta einkennist af metnaði, fagmennsku og næmni gagnvart viðfangsefninu. Áhersla er lögð á að uppfylla þarfir og væntingar verkkaupa og notenda. Hvert verkefni hefur sínar einstöku áskoranir. Hönnunarnálgunin felst í að draga fram hið einstaka í hverju verki; á sviði náttúru, umhverfis, menningar, tækni og sögu, og miðla því á tungumáli byggingarlistar. Verkin hafa ríka skírskotun í samhengi sitt og upplifun notenda er í fyrirrúmi.

Verkefni

Verkefni Basalt arkitekta eru fjölbreytt og ná til hönnunar skipulags, bygginga, innréttinga, sýninga og vörhönnunar og er að finna í öllum landshlutum.

Sigríður Sigþórsdóttir er aðalhönnuður Bláa Lónsins frá upphafi og í kjölfarið hafa Basalt arkitektar unnið að fjölmörgum baðstöðum. Má þar nefna alla áfanga Bláa Lónsins, nú síðast Retreat við Bláa Lónið, sundlaugina á Hofsósi, Sjóböðin Geosea á Húsavík, Jaðarsbakkalaug og Guðlaugu á Akranesi og Vök Baths í nágrenni við Egilstaði. Í bígirð eru fleiri baðverkefni, t.a.m. Fjallaböð í Þjórsárdal, Skógarböð í Eyjafirði og endurgerð Jarðbaðanna á Mývatni.

Síðan 2015 hafa Basalt arkitektar, sem hluti af hönnunarhópnum Corpus 3, með Hornsteinum, VSÓ, Lotu og erlendum ráðgjöfum, unnið að hönnun nýs meðferðarkjarna Landspítalans og rannsóknarhúss. Þar er um að ræða eina stærstu og flóknustu framkvæmd Íslandssögunar



Einbýlishús við Hólmaþing. / Ljós. Árni Sæberg.



LAVA Centre. / Ljós. Ragnar Th. Slgurðsson.

en framkvæmdir við meðferðarkjarnann eru nú hafnar. Af öðrum verkefnum í heilbrigðisgeiranum má nefna hjúkrunarheimili á Höfn í Hornafirði sem framkvæmdir hefjast við 2021. Basalt hafa unnið að verkefnum tengdum ferðamannaíðnaðinum á Íslandi. Utan baðstaðanna má nefna hótélbyggingar, þ.m.t. þrjú hótél Fosshótela, við Vatnajökul, Mývatn og Reykholt. Fyrstu áfangar Waldorf skólans í Sóltúni hafa risið og hönnun fyrir Listaháskóla Íslands í Laugarnesi hefur staðið yfir jafnt og þétt. Vinna við húsnæði Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri hefur jafnframt staðið yfir um árabíl. Snemma árs 2021 fer af stöð hönnun nýs leikskóla og fjölskyldumiðstöðvar miðborgar við Njálsgötu í Reykjavík.

Af menningartengdum verkefnum má nefna sýningu um Jón Sigurðsson á Hrafnseyri við Arnarfjörð, sem var eitt af fyrstu verkum stofunnar. Lava Centre á Hvolsvelli hýsir sýningu um jarðfræði og eldvirkni Íslands en þar voru Basalt arkitektar bæði arkitektar hússins og hönnunarstjórar sýningar. Sumarið 2020 lauk framkvæmdum við Óðinstorg í Þingholtunum. Hönnun á viðbyggingu við Árbæjarkirkju stendur yfir sem hýsa mun nýtt safnaðarheimili.

Basalt arkitektar hafa unnið að fjölda verkefna fyrir verslanir, þjónustu og skrifstofur. Viðamesta verkefni Basalt af þeim toga er húsnæði fyrir Reginn við Lág múla en sú bygging mun marka spor í sögu húsnæðis á Íslandi sem hæsta timburbygging landsins. Allmörg einbýlishús og sumarhús hafa verið hönnuð og byggð frá stofnun Basalt en stærsta verkefni á sviði íbúðahúsnæðis er í byggingu á Nónhæð í Kópavogi, alls 140 íbúðir.

Verðlaun


Basalt arkitektar hafa unnið til fjölmargra innlendra og erlendra verðlauna og viðurkenninga frá stofnun, þ.m.t. Hönnunarverðlaun Íslands fyrir framlag sitt til baðmenningar á Íslandi, aðalverðlaun Architecture Masterprize, Red Dot Best of the Best og tilnefningar til Mies van der Rohe Evrópuverðlaunanna í byggingarlist. Verk Basalt hafa verið birt á alþjóðlegum vettvangi og fjallað hefur verið um þau í fjölmörgum fyrirlesturum utan landsteinanna og innan.



Marcos Zotes, arkitekt.



Sigríður Sigþórsdóttir, arkitekt.



Karl Cela, arkitekt.



Guðlaug á Akranesi. / Ljós. Ragnar Th. Slgurðsson.



Höfuðstöðvar Hafrannsóknarstofnunar, lokið 2020.

Batterið arkitektar



Guðmundur Ósvaldsson, framkvæmdarstjóri.



Jón Ólafur Ólafsson, arkitekt.



Sigurður Einarsson, arkitekt.

Batterið arkitektar ehf. er skapandi þekkingarfyrirtæki með yfir 30 ára reynslu og sérþekkingu á sviði byggðaskipulags og mannvirkjahönnunar. Fyrirtækið var stofnað 1988 og er rekið sem einkahlutafélag í eigu fjögurra hluthafa. Fyrirtækið er skipað vel menntuðu starfsfólki, samhentri og hægri liðsheild með mikinn faglegan metnað.

Vottað gæðakerfi

Fyrirtækið Batterið arkitektar ehf. starfar eftir vottuðu gæðakerfi í samræmi við kröfur ÍST EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnunarkerfi, skírteini nr. 55 Batterið-31.08.2020. Umfang vottunar er fyrir ráðgjafarþjónustu á sviðum arkitektúrs, skipulags og umhverfishönnunar. Fyrirtækið hefur innleitt ISO 14001, ISO 45001 og ISO 21500.

Sveigjanleiki

Við aðlögum okkar lausnir að þörfum viðskiptavina og eigum erindi við metnaðarfull fyrirtæki í fasteignapróun, verktaka, sveitarfélög og opinberar stofnanir.

Megináhersla á sköpunarkraftinn

Við virkjum sköpunarkraftinn frá hugmynd að veruleika. Við mótum sjálfbært, fallett og öruggt umhverfi, sem eykur lífsgæði fólks og tekur mið af staðbundnum aðstæðum og veðurfari.

Þekking - hæfni

Verkefnisstjórnun, skipulagsgerð, hönnun mannvirkja og ráðgjöf tengd henni myndar kjarnann í starfsemi Batterísins auk eftirlits og umsjónar með byggingaframkvæmdum.

Starfsmenn fyrirtækisins búa að umfangsmikilli reynslu við beitingu skilgreindrar aðferðafræði til að takast á við mjög stór og flókin verkefni. Hún felur m.a. í sér hæfni við undirbúning verkefna, þarfagreiningu, áætlanagerð, rannsóknir, kostnaðarútreikninga ásamt gerð útboðsgagna og kynningargagna. Starfsmenn fyrirtækisins búa að framúrskarandi þekkingu á sviði þrívíðrar hönnunar og BIM. Fjöldi starfsmanna er um 15; arkitektar, byggingafræðingar, verkfræðingar auk nema í starfsnámi og skrifstofufólks. Verkefnareynsla Batterísins nær yfir allt litróf hönnunar, frá iðnhönnun til skipulagsgerðar.

Erlent samstarf

Frá árinu 2003 hefur Batterið átt samstarf við erlend verktakafyrirtæki, ráðgjafarfyrirtæki arkitekta og verkfræðinga um hönnun mannvirkja, m.a. Noregi, Kanada og Svíþjóð. Fyrirtækið og starfsmenn þess hafa öðlast dýrmæta reynslu í að starfa þvert á landamæri og eiga samskipti á erlendum tungumálum og er fært um að taka að sér verkefni utan Íslands og á Íslandi í samstarfi við erlend ráðgjafarfyrirtæki.

Sérstaða

Yfirgripsmikil reynsla af erlendum verkefnum í Norður Ameríku og Skandinavíu birtist í afburða



Miðbær Selfoss, 1. áfanga lokið 2021.



Íþróttamiðstöð Grindavíkur, forsalur, lokið 2019.

samstarfshæfni og samskiptafærni starfsmanna, sem hefur gert fyrirtækið að eftirsóttum samstarfsaðila virtra erlendra arkitektastofa, ráðgjafafyrirtækja og verktakafyrirtækja. Sérstaða og meginstyrkur fyrirtækisins felst í yfirgripsmikilli þekkingu á aðlögun mannvirkja að náttúru- og veðurfari og mótun vinnuumhverfis, m.t.t. vinnuverndar og vinnuvistfræði. Markmið okkar er að öll verk fyrirtækisins beri merki þessarar sérstöðu og séu í samræmi við stefnu fyrirtækisins. Fyrirtækið er skipað vottuðum verkefnastjórum skv. alþjóðlegum viðmiðunum IPMA og Verkefnisstjórnunarfélags Íslands. Þeir búa að umfangsmikilli þekkingu og reynslu í áhættugreiningum og öryggis-áætlunum fyrir mannvirkjagerð og sinna faglegri verkefna- og hönnunarstjórn. Starfsmenn fyrirtækisins búa að umfangsmikilli þekkingu og reynslu á vistvænum lausnum og hönnun CLT bygginga, sem hafa verið vottaðar af Svaninum og BREEAM.

Verðlaun og viðurkenningar

- Harpa hlaut evrópsku Mies van der Rohe verðlaunin 2013*
- ALC-Active Living Center hlaut amerísku NRSA verðlaunin 2016*
- Íþróttamiðstöð í Grindvík hlaut steinsteypuverðlaunin 2015*
- Þjónustuskáli Alþingis hlaut Menningarverðlaun DV 2002*

Samkeppnisreynsla og samkeppnisárangur

Á síðustu 30 árum hefur fyrirtækið tekið þátt í meira en 100 samkeppnum og unnið til meira en 50 verðlauna og viðurkenninga. Fyrirtækið hefur til þessa hlotið 27 fyrstu verðlaun í arkitekta-samkeppnum, 14 önnur verðlaun og fern þriðju verðlaun.

Stefna Batterísins arkitekta

Orðspor Batterísins arkitekta og starfsmanna fyrirtækisins á umfram allt að tengjast góðri byggingarlist og framúrskarandi þjónustu, byggðri á faglegum metnaði.

- Við viljum** vera í framsveit norrænna arkitektafyrirtækja
- Við greinum** þarfir og væntingar viðskiptavina, notenda og annarra hagsmunaaðila og leitumst ávallt við að uppfylla þær og gott betur
- Við förum** að kröfum sem eiga við um starfsemi fyrirtækisins
- Við störfum** eftir vottuðu stjórnunarkerfi og vinnum að stöðugum umbótum á því
- Við leggjum** áherslu á þekkingu og hæfni starfsmanna með stöðugri þjálfun og endurmenntun
- Við leggjum** áherslu á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif fyrirtækisins og auka jákvæð umhverfisáhrif
- Við ræktum** góðan starfsanda og hlúum að heilsu og öryggi starfsmanna
- Við búum** starfsmönnum framúrskarandi starfsumhverfi
- Við skilum** eigendum og starfsmönnum fyrirtækisins virðisauka

Frekari upplýsingar um fyrirtækið er á vefsíðu þess: www.arkitekt.is



Nýr Kársnesskóli, aðal inngangur í útboði 2021.



Visthúsið Urriðaholti, fyrsta umhverfsvottaða íbúðarhúsið á Íslandi. Lokið 2017.



Áslaug Traustadóttir, framkvæmdastjóri.



Starfsfólk Landmótunar. Frá vinstri: Kristín Una, Margrét, Íris, Jóhann Sindri, Áslaug, Skarphéðinn, Eyrún, Einar, Björk, Þorsteinn Már, Aðalheiður, Þórhildur og Hulda.

Landmótun



Þórhildur Þórhallsdóttir, umsjón hönnunarverkefna.



Margrét Ólafsdóttir, umsjón skipulagsverkefna.



Aðalheiður E. Kristjánsdóttir.

Landmótun sf. er teiknistofa sem vinnur við landslagsarkitektúr og skipulagsmál og hefur veitt alhliða ráðgjöf á því sviði síðan stofan var stofnuð þann 15. sept. 1994. Stofnendur stofunnar voru Einar E. Sæmundsen, Gísli Gíslason og Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitektar. Þær Ingibjörg Kristjánsdóttir og Áslaug Traustadóttir landslagsarkitektar gerðust síðan meðeigendur 1999, Aðalheiður E. Kristjánsdóttir landslagsarkitekt 2004, Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfræðingur 2012 og Margrét Ólafsdóttir land- og stjórnsýslufræðingur og Þórhildur Þórhallsdóttir landslagsarkitekt 2017.

Eigendur, stjórnendur og starfsfólk

Núverandi eigendur Landmótunar eru: Áslaug Traustadóttir sem er framkvæmdarstjóri, Margrét Ólafsdóttir sem hefur umsjón með skipulagsverkefnum og er í stjórn, Þórhildur Þórhallsdóttir sem hefur umsjón með hönnunarverkum og er í stjórn, Aðalheiður E. Kristjánsdóttir og Óskar Örn Gunnarsson formaður stjórnar en Landmótun er sameignarfélag. Á stofunni vinna 15 manns sem eru með fjölbreytta menntun; það eru landslagsarkitektar, skipulagsfræðingar, landfræðingar, verkfræðingur, garðyrkjufræðingur, stjórnsýslufræðingur, menningarfræðingur, búfræðingur og arkitekt.

Aðsetur

Stofan er með aðsetur í Hamraborg 12, í Kópavogi auk þess að vera með starfstöð á Akureyri og í Brussel.

Landnám

Á vegum starfsmanna Landmótunar starfar sjálfstæður fræðslu- og ferðasjóður, Landnám, sem hefur umsjón með fræðsluferðum starfsmanna sem eru oftast nær erlendis. Landmótun hefur í gegnum tíðina stutt ýmis góðgerðarsamtök og lagt áherslu á ferlimál en einnig stutt við íþróttafélög, hjálparveitir svo eitthvað sé nefnt.

Umhverfis- og samgöngustefna

Landmótun er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi ISO-14001 og starfar eftir því. Stefna Landmótunar er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Landmótun vill taka þátt í því að móta öruggt umhverfi í anda sjálfbærni sem stuðlar að lífsgæðum sem tekur mið af aðstæðum á hverjum stað, í öllum verkefnum stofunnar.

Til þess að ná því markmiði hefur fyrirtækið mótað sér umhverfisstefnu. Í henni er lögð áhersla á að sjónarmið umhverfisverndar verði höfð að leiðarljósi í rekstri, stjórnun og verkefnum fyrirtækisins. Lögð hefur verið áhersla á að allir starfsmenn séu virkir við framkvæmd umhverfisstefnunnar en umhverfisstefnan og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi fyrirtækisins til að draga úr álagi á náttúru, auka gæði og vekja áhuga á innra og ytra umhverfisstarfi. Stefnan tekur til allrar starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. verkefnum, vinnuumhverfi,




notkun auðlinda og úrgangs og á einnig við um ræstingar og innkaup. Tilgangur samgöngustefnu Landmótunar er að hvetja starfsfólk sitt til að nýta sér vistvænan ferðamáta og hvetja til aukinnar umhverfisvitundar í allri vinnu stofunnar. Með vistvænum ferðaháttum er átt við almenningssamgöngur, reiðhjól, samnýtingu ökutækja og að ganga en þannig má draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, s.s. mengun og auknu álagi á gatnakerfið, um leið og stuðlað er að aukinni hreyfingu og bættri heilsu.

Verkefni

Starfsfólk Landmótunar hefur langa reynslu í vinnu í teyllum og leggur sérstakan metnað í góð samskipti við aðra sérfræðinga, hagsmunaaðila og verkkaupa. Stofan leggur áherslu á fagleg vinnubrögð og umhverfisstefnu í anda sjálfbærrar þróunar. Við höfum gert orð Pierre Berton að okkar „Landslagsarkitektúr er byggingarlist sem vinnur með fjórðu víddina – tímann.“ Stofan vinnur á tveimur sviðum það er á hönnunar- og skipulagssviði þó alltaf sé samvinna milli sviði. Á skipulagssviði hefur stofan verið að vinna við endurskoðun aðalskipulags fyrir nokkur sveitarfélög bæði ein og sér og í samvinnu við aðrar stofur. Síðustu ár hefur deiliskipulagsverkefnum fjölgað mjög innan stofunnar og hafa þau verkefni verið fjölbreytt bæði í þéttbýli og dreifbýli. Sem dæmi má nefna deiliskipulag fyrir íbúðabyggð, áningarstaði, verndarsvæði, vegi og verslun og þjónustu.

Hönnunarverkefni eru ekki síður fjölbreytileg, bæði stór og smá. Stærstu verkefni síðustu ár hafa verið ofanflóðavarnir við þéttbýlisstaði á Vestfjörðum og á Austfjörðum. Stofan hefur líka unnið að hönnun á stígum og pöllum á fjölmörgum áningarstöðum ferðamanna ásamt því að hanna skóla- og leikskólalóðir, torg og götur í þéttbýli. Stofan hefur lagt sig fram um að fylgja nýjstu stefnum og leysa verkefni sín með umhverfsvænum hætti svo sem blágrænum ofanvatnslausnum. Þar að auki hefur stofan unnið að verndarsvæði í byggð og mati á umhverfisáhrifum.





Austurbú, Akureyri.



Kirkjusandur, Reykjavík.

THG arkitektar



Mýrargata 18, Reykjavík.



Sléttuvegur, Reykjavík.



Ásabraut 1a-1b, Kópavogur.

Starfsemi THG Arkitekta ehf. hefur frá upphafi snúist um heildarhönnun bygginga, að utan sem innan, ásamt áætlanagerð varðandi þróun umhverfis- og deiliskipulaga fyrir einstaklinga og sveitarfélög. Á undanförunum áratugum hefur stofan jafnframt, haslað sér völl sem framsækinn brautryðjandi í verkefna- og byggingastjórnun auk eftirlits með framkvæmdum. Helstu viðfangsefni stofunnar hafa verið og eru enn, m.a. hönnun iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæðis, hótélbygginga, fjölbýlishúsa, öldrunarstofnana, skóla og íþróttamannvirkja auk endurbyggingar og útlitsbreytinga á eldra húsnæði ásamt þátttöku í umhverfismati. Hluti verkefna hefur verið sóttur út fyrir landsteinana, þótt minna hafi farið fyrir því hin síðari ár, en enn er oft á tíðum náð samstarf við ýmsar erlendar arkitektastofur. Eitt mikilvægasta metnaðarmál fyrirtækisins er að uppfylla óskir og þarfar viðskiptavina á faglegan og hagkvæman hátt. THG Arkitektar eru staðsettir í Faxafeni 9 í Reykjavík og starfsmannafjöldi fyrirtækisins telur um 26 manns. Þar er um að ræða sterkan kjarna vel menntaðs fagfólks sem býr að fjölpætri reynslu og þekkingu, héraendis og erlendis, sem hefur í mörgum tilvikum unnið lengi saman. Mikil áhersla er lögð á að hvetja hvern og einn til sífelldrar virkni hugvits og sköpunarkrafts í þágu góðra verka með fagmannlegu handbragði.

Sagan

Skammstöfun THG Arkitekta stendur fyrir Teiknistofa Halldórs Guðmundssonar og er hún kennd við stofnanda og núverandi framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Eftir útskrift frá Kunstakademiets Arktektsskole í Kaupmannahöfn árið 1976 hóf hann störf hjá Gísla Halldórssyni í Teiknistofunni Ármúla 6 og gerðist meðeigandi þar árið 1980. Starfsemi THG Arkitekta hófst síðan opinberlega árið 1994 að undirlagi Halldórs ásamt þremur öðrum fyrrum starfsmönnum Teiknistofunnar Ármúla. Í dag er eignarhald stofunnar dreift á sjö eigendur; Halldór Guðmundsson, Odd Kristján Finnbjarnarson, Ragnar Auðunn Birgisson, Samúel Guðmundsson, Frey Frostason, Elínbjörgu Gunnarsdóttur og Paolo Gianfrancesco. Árið 2015 fengu THG arkitektar ISO.9001 vottun á starfsemi sinni.

Umhverfisþættir og notagildi

Öldrunarmálin hafa löngum verið THG arkitektum hugleikin. Frá upphafi ferils síns hefur Halldór Guðmundsson sinnt þeim í nánu samstarfi við Sjómannaáráð og kjölfarið hafa THG arkitektar komið að hönnun allflestra hjúkrunarheimila og -íbúða á landinu. Á þeim 26 árum frá því að stofan hóf starfsemi, hefur hún skilað af sér fjöldamörgum athyglisverðum byggingum og mannvirkjum sem eru órækur vitnisburður um hvernig umhverfisþættir og notagildi geta haldist hönd í hönd. Nærtæk dæmi um þetta má t.d. finna í mörgum helstu hótélbyggingum í Reykjavík, íbúðabyggingum á þéttingasvæðum og nýjum hverfum, flugtengdum byggingum, verslunarmiðstöðvum og stórverslunum. Þá hefur endurbygging fasteigna að utan sem innan leikið stórt hlutverk í starfsemi stofunnar og lausnir hennar ýtt



Reykjavík Konsúlat Hotel, Reykjavík.



Reykjavík Konsúlat Hotel, Reykjavík.

undir ímyndarsköpun viðkomandi fyrirtækja. Í öllum verkferlum THG Arkitekta gengur hvert viðfangsefni í gegnum þrepaskipta greiningu og er markmiðið að tryggja hámarksgæði gagnvart verkkaupum. Allt frá upphafi hefur helsta metnaðarmál THG Arkitekta verið að stuðla að náinni samvinnu á milli kaupenda og seljenda þjónustunnar og uppfylla væntingar eins og best verður á kosið, með hagsmunum umhverfsins og verkkaupans að leiðarljósi.

Verkefnastjórnun og framkvæmdaefirlit

Verkefnastjórnun, skv. skilgreiningu, snýst um að taka að sér yfirumsjón með tilteknum framkvæmdum fyrir hönd verkkaupa. Í verklýsingu eru tiltekin fyrirfram skilgreind markmið og áætlanir, t.d. varðandi kostnað, tímasetningar og gæðamál auk framkvæmdaefirlits sem tryggir að verkefnið sé unnið í samræmi við gefnar forsendur. Fyrirkomulag verkefnastjórnunar af slíkum toga hefur sannað gildi sitt á síðustu árum en þar hafa THG Arkitekta verið öflugir brautryðjendur. Með því hefur stofan tvinnast saman fagþekkingu arkitekta, verkfræðinga og annarra tæknimanna við lausn verkefna frá grunnhugmynd til fullmótaðrar byggingar.

Umhverfsvæn þróunarverkefni

Á undanföllum árum hafa THG Arkitekta unnið náið með ýmsum fasteignafélögum að margs konar þróunarverkefnum þar sem kannaðir eru byggingamöguleikar á óbyggðum lóðum, viðbyggingar og breytingamöguleikar á þegar byggðum fasteignum og oftast en ekki eru væntanlegir leigutakar þátttakendur í mótun lausnar verkefnisins. Þá hefur stofan tekið þátt í ýmsum hönnunarsamkeppnum með góðum árangri. THG Arkitekta hafa innan sinna vébanda BREEAM vottunaraðila, sem er alþjóðleg umhverfsvottun, sem gerir stofuna að löggiltum vottunaraðila fyrir umhverfsvænar byggingar. Sömuleiðis kom stofan að fyrstu Svansvottuðu endurbyggingu skrifstofuhúsnæðis á Norðurlöndunum í samvinnu við eiganda fasteignarinnar, leigjanda og aðra ráðgjafa.

BIM – Aðferðafræði framtíðarinnar

THG Arkitekta hafa í auknum mæli tileinkað sér BIM (Building Information Model) í stærri verkum. Metnaður fyrirtækisins liggur í að til framtíðar verði öll verkefni unnin þannig að þau gögn sem stofan skilar frá sér standist viðmið í BIM.

Allar nánari upplýsingar má nálgast inn á heimasíðunni: www.thg.is



Finnsons, Kringlunni.



Sogavegur 73-77, Reykjavík.



Umhverfisstofnun.



Efri röð frá vinstri: Elma Klara Þórðardóttir, Melanie Lorenz, Solveig Berg, Ásdís Helga Ágústsdóttir, Gunnar Ágústsson og Sigurður Kolbeinsson. Neðri röð frá vinstri: Yngvi Karl Sigurjónsson, Magdalena Mokrzan, Laufey María Knútsdóttir og Anna Kristín Gísladóttir.



Söluhús við Ægisgarð.

Yrki arkitektar



Vigtarhúsið í Þorlákshöfn.

Arkitektastofan Yrki var stofnuð árið 1997 af þeim Ásdísi Helgu Ágústsdóttur og Sólveigu Berg í kjölfar 1. verðlauna sem þær hlutu í hönnunarsamkeppni arkitekta fyrir Lækningaminjasafnið í Nesi á Seltjarnarnesi.

Í dag, rúmlega 20 árum síðar, starfar fjölbreyttur hópur hönnuða í arkitektúr, skipulagi og landslagsarkitektúr hjá fyrirtækinu og leggja Yrki arkitektar ríka áherslu á að mæta kröfum viðskiptavina sinna á faglegan og hagkvæman hátt.

Nafnið Yrki hefur sérstaka merkingu í íslensku. Að rækta og að yrkja. Nafnið vísar til sýnar stofunnar um að sameina hið jarðbundna og ljóðræna, að samtvinna ólíka þætti í allri hönnun. Hin fjölbreyttu verk stofunnar bera því gott vitni. Má þar nefna söluhúsin við Ægisgarð í Reykjavík, Sveinatungu - innanhússhönnun móttöku- og fundaraðstöðu bæjarskrifstofu Garðabæjar - og vigtarhúsið við höfnina í Þorlákshöfn, en þessi verkefni voru tilnefnd til alþjóðlegra verðlauna auk þess sem söluhúsin voru tilnefnd til hönnunarverðlauna Íslands árið 2021.



Sveinatunga, móttöku- og fundaraðstaða við Garðatorg.

Önnur verk

Meðal annarra verka eru hjúkrunarheimili, íbúðir og þjónustumiðstöð aldraðra í Mörkinni, er hlutu verðlaun breska factúmaritsins Build árið 2019, félagslegar íbúðir við Móaveg í Grafavogi, stúdentagarðar við Sæmundargötu og leik- og grunnskóli í Helgafellssíðu í Mosfellsbæ. Árið 2021 hlutu Yrki arkitektar 1. verðlaun í arkitektasamkeppni um hönnun stækkunar á ráðhúsi Akureyrar. Lesendur eru hvattir til að kynna sér hin fjölbreyttu verkefni stofunnar á heimasíðu Yrki, yrki.is. Þess má geta að Lækningaminjasafnið í Nesi, er ýtti stofunni úr vör, mun von bráðar hýsa Náttúruminjasafn Íslands.

Samgöngu- og skipulagsmál, verkefni

Undanfarin ár hefur Yrki í auknum mæli unnið verkefni á sviði samgöngu- og skipulagsmála og unnið 1. verðlaun í samkeppnum á þessu sviði, s.s. skipulag nýrrar byggðar á Heklureit, í Borgartúni og ofan á Miklubrautastokk. Yrki er að auki hluti af alþjóðlegu teymi hönnuða sem vinna nú að hönnun Borgarlínu fyrir höfuðborgarsvæðið.

Vottanir

Yrki arkitektar eru fyrsta íslenska arkitektastofan sem hlýtur vottun fyrir gæðakerfi samkvæmt ISO 9001 staðlinum. Með því er unnt að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem hún veitir, gera samskipti skilvirk og hafa eftirlit með allri hönnun og ráðgjöf.

Umhverfismál

Umhverfismálin hafa verið tekin föstum tókum, en á stofunni starfar sérfræðingur í svonefndu BREEAM NC og IRFO umhverfismati sem er alþjóðlegt matskerfi frá Bretlandi sem gerir úttekt og metur umhverfisleg gæði nýbygginga og endurnýjunar eldri bygginga.



Ráðhús Akureyrar viðbygging og endurbætur.



Helgafellsskóli.



Hjúkrunarheimili, íbúðir og þjónustumiðstöð aldraðra í Mörkinni.

Framtíðarsýn

Yrki stefnir fram á við í vegferð sinni í hönnun fjölbreyttra verkefna með trausta reynslu og nýjar hugmyndir að vopni, en góður hópur reynndra hönnuða og ungra starfar náið saman í hvetjandi umhverfi.

Yrki stendur traustum fótum sem viðurkennd og öflug arkitektastofa sem bíður áskorananna framtíðarinnar.



Sjúkrahótel við Landsspítala Háskólasjúkrahús, unnið í samstarfi við GlámuKím.



Lækningaminjasafnið á Seltjarnarnesi.



Nýi Landspítalinn.

Lota



Gagnaver Advania.

Lota er framsækið þekkingar- og þjónustufyrirtæki á sviði verkfræði og ráðgjafar. Stofuna má rekja allt til ársins 1960 og sú reynsla sem skapast hefur í gegnum árin endurspeglast í þeim lausnum og þjónustu sem við veitum stórum hópi viðskiptavina okkar úr einkageiranum sem og hinu opinbera. Við erum blandaður hópur af góðu fólki sem finnst skemmtilegt að veita einfalдар, áreiðanlegar og skýrar lausnir fyrir viðskiptavinum okkar.

Sagan

Lota hefur vaxið frá því að vera lítil sérhæfð rafmagnsverkfræðistofa yfir í framsækið þjónustufyrirtæki. Starfsemin tengist enn raforkumálum svo sem flutningi, dreifingu og framleiðslu, auk þess sem Lota þjónustar stóra viðskiptavinum í ferðaþjónustu, iðnaði og viðkvæmum rekstri á borð við spítala og gagnaver. Lota býr yfir mikilli þekkingu og reynslu í flóknum iðnstýringum, loftræsti- og kælikerfum, bruna- og öryggishönnun. Þá hafa mörg verkefni Lotu verið í áætlanagerð, fýsileikagreiningum, verkefnaþróun og verkefnastýringu.

Mannauður

Starfsmenn Lotu eru með víðtæka menntun og reynslu á sviði verkfræði, verkefnastjórnunar, brunahönnunar, lýsingarhönnunar og öryggismála svo eitthvað sé nefnt. Starfsemin nýtur góðs af áralangri þekkingu og reynslu sem hefur safnast upp á tæpum 60 ára samfelldum rekstri fyrirtækisins. Gæðastjórnunarkerfi Lotu er vottað samkvæmt alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001 og jafnlaunavottunin handan við hornið.

Verkefni

Fyrirtækið er verkefnadrifið og starfa verkefnastjórar þvert á þekkingarsviðin. Verkefnastjórar Lotu hafa auk þess tekið að sér verkefnastjórnun fyrir viðskiptavinum sem og úttekktir og eftirlit utan fyrirtækisins. Starfsmenn Lotu hafa annast hönnun bæði smærri og stærri verkefna um allt land. Má þar nefna orkumannvirki, sjúkrahús, gagnaver, hjúkrunarheimili, íþróttahús, hótél, ýmsar opinberar byggingar sem og íbúða- og atvinnuhúsnæði. Þá hafa þeir einnig komið að ýmsum verkefnum erlendis og tekið þátt í nýsköpunarverkefnum, t.d. farþegaferju upp á Esju.

Reynsla, áreiðanleiki og lausnir

Eins og tæpt var á að framan þá starfar hjá Lotu þéttur hópur hámenntaðra starfsmanna með alþjóðlega þekkingu og reynslu sem hefur getið sér orðspor fyrir að vera úrræðagóður og sveigjanlegur. Þessi öflugur hópur starfsfólks Lotu hefur sýnt fram á getu til að leysa krefjandi verkefni.

Lota er meðal framsæknustu ráðgjafafyrirtækjum á Íslandi og tekur að sér fjölbreytt og krefjandi verkefni. Til nýlegra og yfirstandandi verkefna má telja: hönnun nýs raforkudreifikerfis fyrir Keflavíkurlugvöll, heildarhönnun rafmagns og stjórnkerfa auk brunahönnunar



Höfuðstöðvar Lotu í Grafarholti.



Orkuver, Svartsengi.

Nýja Landspítalans, alhliða hönnun gagnaversgarðs Advania á Reykjanesi, þar með talinn raforkudreifing með smartnetslausnum. Hönnun gagnaversbygginga og aðstoð við hönnun gagnaversgarðs Etix Everywere Borealis á Blönduósi, byggingarhönnun hátækni-frystihúss í Vestmannaeyjum. Öryggishönnun fjölmargra fyrirtækja og stofnana, þar með talið viðbragðs- og rýmingaráætlanir fyrir fjölmarga aðila, t.d. flugstöðina í Keflavík, Smáraturn og heilbrigðisstofnanir ásamt fjölbreyttri ráðgjöf og fræðslu á sviði bruna- öryggis- og vinnuverndar.

Framtíðin

Núverandi verkefni sýna breytt verksvið Lotu og það traust sem viðskiptavinir sýna Lotu til að klára krefjandi og fjölbreytt verkefni sem krefjast útsjónarsemi og áreiðanleika.



Karl Valur Guðmundsson.



Sölvi Kristjánsson og Ásta Logadóttir.



Ólöf Helgadóttir og Gunnar Sigvaldason.



Hekla Víglundsóttir og Einar Waldorff.



Vinnsla og nýting jarðhita er sérþekking hjá Mannvit.



Heildarhönnun og verkefnastjórnun á Marriott Edition hóteli.

Mannvit



Örn Guðmundsson, forstjóri.

Árangur í verki

Mannvit verkfræðistofa veitir ráðgjöf í orku, iðnaði og mannvirkjagerð. Mannvit sérhæfir sig í verkfræði, jarðvísindum, umhverfismálum, upplýsingatækni og byggingar-efnarannsóknunum auk verkefnastjórnunar. Ráðgjöf Mannvits byggir á meira en hálfri aldar reynslu og þekkingu. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur verkfræðinga og tæknimennnaðs starfsfólks með fjölbreytta reynslu.

Meira en 55 ára reynsla

Mannvit á rætur sínar að rekja til ársins 1963 þegar Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns (VGK) og Verkfræðistofan Hönnun voru stofnaðar. Á árunum 2007 og 2008 runnu þær, ásamt Rafhönnun, saman í þekkingarfyrirtækið Mannvit sem er að fullu í eigu starfsfólks. Tekjur samstæðu Mannvits undanfarin ár eru á bilinu 5-6 milljarðar króna á ári. Forstjóri fyrirtækisins er Örn Guðmundsson, sem starfaði fyrst sem fjármálastjóri frá árinu 2015 en tók við sem forstjóri árið 2018.

14 skrifstofur í 5 löndum

Aðalskrifstofa Mannvits er að Urðarhvarfi 6 í Kópavogi og vel útbúin rannsóknar- og prófunarstofa er að Víkurhvarfi 8 í Kópavogi. Þar eru gerðar athuganir á jarðefnum, stáli, bergi og steinsteypu. Að auki eru sjö starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins. Erlendar skrifstofur eru í Þýskalandi, Grænlandi, Indónesíu og Ungverjalandi. Dótturfélög Mannvits á sviði verkfræðipjónustu eru HRV verkfræðistofa og Vatnaskil á Íslandi, GTN GmbH í Þýskalandi. Hjá fyrirtækinu starfar því alþjóðlegt teymi um 250 sérfræðinga sem kappkosta að tryggja arðsemi verkefna viðskiptavina með áherslu á öryggi, umhverfi og sjálfbærni.

Vottuð gæðakerfi

Mannvit starfrækir samþætt stjórnkerfi sem tekur mið af stöðlunum ISO 9001 um gæðastjórnun, ISO 14001 fyrir umhverfisstjórnun og ISO 45001 um stýringu öryggis og vinnuverndar. Áhersla á góða stjórnarhætti hefur skilað fyrirtækinu fjölmörgum viðurkenningum fyrir góða stjórnarhætti undanfarin ár. Mannvit byggir samkeppnisforskot sitt á öflugum mannaúti og samfélagsábyrgð sem er samofin öllum rekstri fyrirtækisins og hlaut jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins árið 2018. Mannvit leggur metnað í að vera góður vinnustaður þar sem starfsfólki líður vel og hugað er að andlegri og líkamlegri heilsu fólks. Á hverju ári fer fram fræðsla um málefni tengd andlegri og líkamlegri vellíðan. Mannvit hvetur starfsfólk sitt til heilsuefningar, m.a. með styrk fyrir líkamsrækt og samgöngur en alls nýta um 60% starfsfólks sér líkamsræktarstyrk á ári hverju.

Skapa og stuðla að sjálfbæru samfélagi

Hlutverk fyrirtækisins er skilgreint að skapa og stuðla að sjálfbæru samfélagi. Fyrirtækið



Á skipuriti eru fjögur kjarnasvið og tvö stoðsvið.



Hjólaliðið komið í mark í hjólreiðakeppni í kringum landið.



BREEAM vottað fangelsi á Hólmsheiði.

Framhald á næstu opnu →

vill sýna gott fordæmi með því að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og vinnur eftir viðmiðum Global Compact og markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við stefnumörkun og markmiðasetningu. Mannvit styðst jafnframt við alþjóðleg viðmið um umhverfis- og félagslega þætti ásamt stjórnarháttum (UFS) í rekstri sínum. Árlega eru birtar upplýsingar samkvæmt UFS vísum sem gefnar eru út og birtar á vef fyrirtækisins.

Fjölbreytt verkefni

Frá stofnun hafa verkefni breyst með áherslum og sveiflum í íslensku efnahagslífi. Mannvit hefur ávallt haft þann styrk að vera sveigjanlegt og þannig tekist að bregðast við hröðum breytingum sem orðið hafa í viðskiptaumhverfi fyrirtækisins. Eins og fyrr segir nálgast Mannvit verkefni með sjálfbærni að sjónarmiði og leitast því við að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á umhverfi og samfélag, nýta auðlindir á ábyrgan hátt, takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og skapa öruggar, visthæfar og hagkvæmar lausnir fyrir viðskiptavinum sem skila þeim ábata til framtíðar.

Iðnaðarverkefni og sjávarútvegur

Mannvit veitir fjölbreytta þjónustu og tæknilausnir fyrir krefjandi verkefni á sviði vélaverkfræði hvort sem er í iðnaði eða sjávarútvegi. Starfsfólk Mannvits hefur leyst fjölbreytt verkefni í vélhönnun, meðal annars fyrir olíu-iðnaðinn, efnaverksmiðjur, fiskimjölverksmiðjur, veitur, sorp- og metangasvinnslu.

Mannvit hefur komið að öllum helstu verkþáttum við undirbúning, byggingu og ráðgjöf við rekstur tengdum orkufrekum iðnaði á Íslandi. Fyrirtækið býr að sérhæfðri tækniþekkingu til að þjónusta áliðnaðinn. Stór verkefni á sviði álvinnslu hafa verið unnin í samstarfi við HRV verkfræðistofu, sem er að meirihluta í eigu Mannvits. Þar má nefna uppbyggingu Fjarðaáls á Reyðarfirði, álver Norðuráls á Grundartanga og Ísal í Straumsvík.

Einnig hafa starfsstöðvar Mannvits á landsbyggðinni þjónustað sjávarútvegsfyrirtæki og sveitarstjórnir við ýmis verkefni við skipulagsgerð, veitur, umhverfismál og hafnaraðstöðu. Dæmi um nýleg verkefni fyrir sjávarútvegsfyrirtæki eru frystigeymslur Eskju á Eskfirði, uppbygging frystihúsa Síldarvinnslunnar og rafvæðing fiskmjölverksmiðja á Austurlandi.

Gas- og jarðgerðarstöð

Mannvit hefur komið að fjölmörgum verkefnum tengdum umhverfsvænum orkugjöfum, metani, lífetanóli, lífdísil og vetni. Sérfræðingar Mannvits hafa einnig unnið að þróun nýrra tæknilausna í umhverfsvænni orkuvinnslu ásamt gasvinnslu og jarðgerð úr lífrænum úrgangi, sorpi og fleiru. Viðamestu verkefni á því sviði hafa verið fyrir SORPU sem byggt hefur upp glæsilega aðstöðu til sorpvinnslu og metanvinnslu á Álfsnesi með nýrri gas- og jarðgerðarstöð. Væntingar standa til að yfir 95% úrgangs frá heimilum á höfuðborgarsvæðinu verði endurnýttur.



Tulu Moye jarðhitaverkefnið í Epiópiu er eitt af jarðhitaverkefnum.



Hönnun á hringvegnum frá Hveragerði að Biskupstungnabraut við Selfoss.



Tillaga að nýju skipulagi Hafnarfjarðarhafnar.



Brúarvirkjun var hönnuð af Mannvit.



Rannsóknarstofa Mannvits er vel tækjum búin.



Peistareykjaverkefnið hlaut verkefnastjórnunarverðlaun IPMA.



Höfuðstöðvar eru í Urðarharvi í Kópavogi.

Endurnýjanleg orka

Orkuverkefni á sviði vatnsaflsvirkjana, jarðhitanýtingar og flutnings raforku hafa ávallt leikið stórt hlutverk í rekstri fyrirtækisins. Verkefni á Íslandi eru í hönnun og byggingu umhverfissvænna lífgas- og lífildsneytisstöðva, endurbætur orkuflutningskerfa, jarðgerðarstöðva og grænna netþjónabúa, minnkun og bindingu koldíoxíðs (CO₂), kolefnisendurvinnslu, samþættingu varma- og raforkuvinnslu og fleira. Stefna fyrirtækisins er að styðja við nýtingu endurnýjanlegrar orku og hefur Mannvit yfir 50 ára reynslu í nýtingu jarðhita, byggingu vatnsaflsvirkjana, lagningu hitaveitna og tengdra verkefna. Undanfarin ár hafa stór jarðhitaverkefni eins og Hellsheiðarvirkjun ON, sem sér stórum hluta höfuðborgarsvæðisins fyrir hitaveitu, ásamt umtalsverðri raforkuframleiðslu, verið umfangsmikill hluti starfseminnar. Árið 2019 lauk framkvæmdum við fyrsta áfanga Þeistareykjavirkjunar Landsvirkjunar með aflgetu uppá 90 MW. Einnig hafa vatnsaflsvirkjanir, s.s. Brúarvirkjun, Hvammsvirkjun, Búrfellsstöð og Búðarhálsstöð verið á borði Mannvits undanfarin ár, ýmist við mat á umhverfisáhrifum, hönnun, innkaup, verkefnastjórnun eða framkvæmdaeftirlit. Nýjstu verkefni á sviði orku eru í undirbúningi vindlunda víðsvegar um landið, við mat á umhverfisáhrifum, ásamt umbótum og endurnýjun á raforkuneti Landsnets vítt og breitt um landið. Mannvit hefur í áratugi leikið mikilvægt hlutverk við nýtingu orkulinda á Íslandi og mun gera áfram. Sú þekking sem hefur skapast innan fyrirtækisins er nú orðin verðmæt útflutningsvara. Mannvit hefur komið að ýmsum verkefnum í Evrópu, Mið- og Suður Ameríku, Asíu og Austur Afríku. Undanfarin misseri hefur Mannvit og dótturfélag þess Vatnaskil hafa komið að fjölmörgum verkefnum í Austur-Afríku, m.a. í Kenía og í Eþíópíu.

Mat á umhverfisáhrifum

Í hartnær 30 ár frá setningu laga um mat á umhverfisáhrifum árið 1993 hefur Mannvit verið í fararbroddi þeirra ráðgjafafyrirtækja sem unnið hafa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismati áætlaða og komið að um þriðjungi allra verkefna á þessu sviði á Íslandi - bæði stórum og smáum. Helstu verkefni sem tengjast mati á umhverfisáhrifum eru á sviði stóriðju, vatnsafls- og jarðhitavirkjana, háspennulína, efnistöku og samgöngumannvirkja. Ávallt er reynt að finna lausnir sem draga úr eða bæta fyrir hugsanleg umhverfisáhrif framkvæmda, bæði á framkvæmda- og rekstrartíma.

Samgöngumannvirki og skipulag

Mannvit hefur komið að hönnun veitu- og samgöngumannvirkja, s.s. jarðganga, flugvalla, hafna, vega og brúa. Sérfræðingar Mannvits veita einnig ráðgjöf á sviði samgönguskipulags. Fyrirtækið býr yfir víðtækri þekkingu á hönnun veitumannvirkja, hvort sem um er að ræða hitaveitur, vatnsveitur, gagnaveitur eða fráveitur. Hér eru dæmi um samgöngu- og skipulagsverkefni: Breikkun Hringvegarins frá Hveragerði að Biskupstungnabraut. Vegagerðin stendur fyrir breikkun á hringveginum frá Hveragerði að Biskupstungnabraut við Selfoss. Markmið framkvæmdarinnar er aukið umferðaröryggi með aðskilnaði akstursstefna og



Byggingarstjórnun og ýmis hönnun á frystigeymslu og uppsjávarfrystihúsi Eskju.

fækkun tenginga við hringveg ásamt því að auka umferðarrýmnd vegakerfisins milli Hveragerðis og Selfoss. Mannvit veitti alla verkfræðihönnun og sá um gerð kynningarmyndbands á framkvæmdum.

Borgarlína

Nýtt Borgarlínuverkefni stendur fyrir dyrum. Mannvit hlaut hæstu einkunn í alþjóðlegu útboði um verkefnastjórnun og ráðgjöf við uppbyggingu þessa víðamikla verkefnis. Í verkefnahópi Mannvits er danski ráðgjafinn COWI og Arup frá Englandi. Hópnun er ætlað að veita forystu og stuðning á lykilsviðum verkefnisins, allt frá undirbúningi forhönnunar til afhendingar þess að loknum framkvæmdum.

Rammaskipulag í Hafnarfirði

Nýtt rammaskipulag fyrir Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði var niðurstaða úr sameiningu tveggja tillagna í hugmyndasamkeppni fyrir Hafnarfjarðarbæ og Hafnarfjarðarhöfn. Nýtt skipulag tengir mismunandi svæði og starfsemi saman, s.s. Siglingaklúbbinn, dráttarbraut, Íshúsið, Hafnartorgið og biðstöð Borgarlínu. Mannvit var ráðgjafi erlendra arkitektastofa sem unnu sameiginlega að rammaskipulaginu. Mannvit veitti einnig ráðgjöf tengda samgöngum á svæðinu.

Mannvirki frá upphafi til lúkningar

Mannvit veitir ráðgjöf á sviði mannvirkja frá upphaflegri hugmynd til framkvæmdar, hvort sem er á frumhönnunar-, verkhönnunar- eða byggingarstigi. Má þar nefna húsbýggingar, samgöngumannvirki, umferðar- og skipulagsmál, umhverfismál, vatnamælingar, landmælingar, jarðfræði og hljóðvist. Undanfarin ár hefur orðið aukning í mannvirkja- og innviðaverkefnum á kostnað iðnaðarverkefna sem áður voru stór hluti af veltu.

Fyrsti Svansvottaði skólinn

Kársnesskóli er merkilegt dæmi um hönnun húsnæðis fyrir Svansvottun og verður fyrsti slíki skólinn á Íslandi. Nýja skólabýggingin mun hýsa grunn- og leikskóla. Nýr Kársnesskóli verður 5.750 m² á þremur hæðum þar sem burðarvirki skólans verður úr krosslímdu timbureiningum (KLT). Mannvit sá um alla verkfræðihönnun á verkinu, ásamt því að veita ráðgjöf vegna Svansvottunar til Kópavogs.

Hótel Reykjavík EDITION

Hótel Reykjavík EDITION auk íbúða- og verslunarbyggingar Austurbakka. Hótelíð stendur við Austurhöfn og er 5 stjörnu hótél á vegum EDITION, sem er lúxuskeðja Marriott International. Hótelíð er á sex hæðum auk kjallara og um 16.500 m² að stærð með 250 herbergi, veitingastað og bari, fundarherbergi, veislusali og heilsulind. Við Austurbakka hafnarsvæðisins við hlið hótelsins er einnig 16.500 m² íbúða- og verslunarbygging. Við uppbyggingu mannvirkjanna sá Mannvit um verkefnastjórnun og heildarumsjón verkefnisins ásamt T.ark teiknistofan arkitektar.

Umhverfsvottanir skipulags og bygginga

Vitundarvakning um umhverfismál á Íslandi hefur haft í för með sér aukna eftirspurn á umhverfsvottunum og þar á meðal BREEAM vistvottun fyrir skipulag og húsnæði. Vottunin byggir á alþjóðlegu vottunarkerfi sem hefur það að markmiði að tryggja samfélagslegan og efnahagslegan ávinning og á sama tíma draga úr umhverfisáhrifum. Urriðaholt var fyrsta deiliskipulagið héraðs sem hlaut BREEAM Communities vottun og stóð Mannvit að þeirri vottun. Hjá fyrirtækinu starfar einnig hópur reynslumikilla sérfræðinga sem býr yfir mikilli þekkingu við hönnun og vottun sjálfbærra mannvirkja. Mannvit hefur komið að fjölda verkefna, annarsvegar sem hönnuð og hins vegar sem matsaðili að sjálfbærum verkefnum sem hlotið hafa BREEAM vottun.



Teikningar af 30 tonna hybrid dagrórabáti eru nær tilbúnar. Báturinn sem verður knúinn rafhlöðum og litlum brennslumótör mun ganga 60-100% fyrir raforku eftir aðstæðum og hve langt er á miðin. Hér kynna starfsmenn NAVIS, þeir Sverrir Bjarnason, Kári Logason og Bjarni Hjartarson, bátinn á Electric & Hybrid Marine World Expo í Hollandi 2019.

Navis



Verkefni NAVIS eru fjölbreytt og meðal annars hefur félagið komið að margvíslegum björgunaraðgerðum í gegnum tíðina. Hér er Hjörtur Emilsson framkvæmdastjóri á vettvangi við Reykjavíkurhöfn þegar unnið var að því að bjarga sanddæluskipinu Perlu sem sökk í höfninni í nóvember 2015.



Frá skrifstofu NAVIS í Sjávarklasanum í Reykjavíkurhöfn. Skipatæknifræðingarnir Hermann Haraldsson og Frímánn A. Sturluson að störfum.

Skipa-, verkfræði- og ráðgjafafyrirtæki

Verkfræði- og ráðgjafafyrirtækið NAVIS ehf var stofnað 21. mars árið 2003. Stofnendur voru skipatæknifræðingarnir Hjörtur Emilsson, Frímánn A. Sturluson og G. Herbert Bjarnason og Agnar Erlingsson skipaverkfræðingur. Stofnendurnir höfðu þá áratuga reynslu úr mismunandi fyrirtækjum sem tengdust sjávarútvegi, skipahönnun og margvíslegum öðrum verkefnum í þessum geira. Í ársbyrjun 2004 sameinuðu NAVIS og verkfræðistofan Fengur krafta sína og úr varð Navis-Fengur, sem fljótlega breyttist aftur í NAVIS, er þeir fyrrnefndu tóku alfarið yfir reksturinn. Starfsemi NAVIS hvílir þannig á traustum grunni sem lagður hefur verið á löngum tíma af sérfræðingum í hönnun og skipaverkfræði. Fyrirtækið sinnir fyrst og fremst þjónustu sem tengist skipum, skipasmíðastöðvum, útgerðum, fiskvinnslufyrirtækjum og skyldum rekstri.

Fjölbreytt verkefni

NAVIS hefur annast nýhönnun ólíkra gerða skipa, flestra gerða fiskiskipa svo sem togara, nóta- og flotvörpuskipa, frysti- og fullvinnsluskipa og línu- og handfærabáta, en einnig dráttarbáta, mælingabáta, kaupskipa, ferja og farþegaskipa. NAVIS hefur séð um breytingar á eldri skipum auk breytinga og nýhönnunar á vinnslulínum. Þá er ótalinn fjöldi annarra verkefna á sérviðum NAVIS í skipatækni og útgerð. Á seinni árum hafa tjonaskoðanir og matsgerðir af ýmsu tagi, fyrir innlend og alþjóðleg trygginga- og skipafélög, verið veigamikill þáttur í starfsemi NAVIS. Margvísleg önnur þjónusta og starfsemi fer fram á vegum NAVIS og í raun má segja að starfsmenn telji sér fátt óviðkomandi þegar kemur að skipum og bátum, sjávarútvegi og flutningastarfsemi.

Hörð samkeppni

Þrátt fyrir að mikil þekking og reynsla sé til í landinu er samkeppni á sviði skipahönnunar gríðarlega hörð og þá fyrst og fremst við erlenda aðila. Sem dæmi má nefna að hönnunarvinna í tengslum við stórfellda endurnýjun fiskiskipaflotans á undanföllum árum átti sér nær alfarið stað erlendis. Þótt sjálf skipin séu hönnuð erlendis hefur búnaður um borð eins og vinnslulínur hins vegar að mestu verið þróaður og framleiddur hér á landi. Þrátt fyrir harða samkeppni mun NAVIS halda áfram að leggja áherslu á nýhönnun í bland við önnur verkefni.

Orkuskipti

Framundan eru orkuskipti í sjávarútvegi og þar sér fyrirtækið mörg og gríðarlega spennandi verkefni. Á sama tíma er ánægjulegt að nýliðun er að aukast í faginu og nýir skipatækni- og verkfræðingar og annað fagfólk hefur verið að koma til starfa hjá NAVIS og fleiri eru á leiðinni. Ljóst er að á næstu árum verður haldið áfram að vinna markvisst að því að draga úr notkun jarðfnaeldsneytis í sjávarútvegi og samgöngum. Hvaða tækni verður ofan á liggur ekki fyrir



Starfsmenn Navis og Greenvolt við Reykjavíkurhöfn sjósetja tilraunalíkan af rafmagnsbát sem geymir rafhleðsluna í bátsskrokknum. Tækni sem spáð er að muni valda straumhvörfum.



Línuskipið Páll Jónsson GK 7 nýr á leið til hafnar í Grindavík í janúar 2020. Skipið er hannað af NAVIS fyrir sjávarútvegafyrirtækið Vísí í Grindavík.

en trúlega verður það blönduð leið, því mismunandi skip kalla á mismunandi lausnir. NAVIS fylgist vel með þessari þróun og tekur fullan þátt í henni.

Nýsköpun og vistvænni sjósókn

Undanfarin ár hefur NAVIS unnið að hönnun og þróun rafbáta þar sem lögð er áhersla á að draga úr olíunotkun og tilheyrandi kolefnisfótspori og mæta kalli markaðarins um vistvænni sjósókn. Árið 2018 fékkst styrkur frá Tækniþróunarsjóði til þessa verkefnis og nú liggur fyrir hönnun á 15 metra 30 tonna hybrid dagróðrabát sem hægt væri að hefja smíði á með skömmum fyrirvara. Þessi bátur sem gengur fyrir rafhlöðum og litlum brennslumótur mun ganga á bilinu 60-100% fyrir raforku eftir aðstæðum og hve langt er á miðin. Þessi tækni hefur þegar verið tekin upp í Vestmannaeyjaferjunni Herjólfí með góðum árangri.

Byltingarkennd tækni

NAVIS er einnig í samstarfi við nýsköpunarfyrirtækið Nanom (áður Greenvolt) sem hefur þróað og fengið einkaleyfi fyrir byltingarkenndri nanotækni til að geyma raforku í koltrefjum. Þessi tækni gæti kollvarpað fyrri hugmyndum um orkunotkun í framtíðinni. Í samstarfi fyrirtækjanna er horft lengra inn í framtíðina en það snýst um að nota koltrefjaefni í skrokk skipa og báta til að geyma orku sem síðan er notuð til að knýja skipin og starfseminu um borð. Fyrstu tilraunir með þessa tækni hafa verið gerðar á líkani sem hannað var hjá NAVIS úr koltrefjum og lofa þær góðu um framhaldið.

Öflugt samstarf í Sjávarklasnum

Fyrstu tíu árin fór starfsemi NAVIS fram á þremur stöðum í Kópavogi og Hafnarfirði en árið 2013 flutti fyrirtækið starfsstöðvar sínar í hús Sjávarklasans við Reykjavíkurhöfn og hefur síðan verið virkur þátttakandi og meðlimur í sjávarklasamstarfinu. Sjávarklasinn hefur reynt öflugur nýsköpunarvettvangur sem hefur opnað margvíslega nýja möguleika á samstarfi við önnur fyrirtæki í tengdum greinum. Samstarfið við Nanom (áður Greenvolt) er eitt þessara nýsköpunarverkefna en Nanom (áður Greenvolt) var til skamms tíma með aðsetur í Sjávarklasnum. Einnig má nefna Green Marine Technology sem er samstarf 10 íslenskra fyrirtækja sem vinna öll að því að þróa grænar lausnir.

Mannauður

Framkvæmdastjóri NAVIS og einn af stofnendum og eigendum félagsins er Hjörtur Emilsson en aðrir eigendur eru Frímarr A. Sturluson og Einar A. Kristinsson. Hjá félaginu starfar í dag níu manna hópur fjölhæfra fagmanna sem mynda sterka heild í þjónustu við sjávarútveg, skipasmíðar og matvælaíðnað.



Gengið frá samningi við Japani um hönnunavinnu vegna smíði nýs 60 metra skuttogara í stað skips sem hvarf í náttúruhamförum 2011.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson afhenti viðurkenningar Lagnafélags Íslands við hátíðlega athöfn fyrir árið 2015 - Lofsvert lagnaverk. Fyrir valinu varð TPZ teiknistofa fyrir Eldheima - Gosminjasafn Vestmannaeyjabæjar.



TPZ Teiknistofa Páls Zóphóníassonar



Eldheimar, gosminjasafn Vestmannaeyjabæjar.

TPZ ehf. Teiknistofa Páls Zóphóníassonar var stofnuð af Páli Zóphóníassyni tæknifræðingi í Vestmannaeyjum árið 1982 og breytt í einkahlutafélag árið 1997.

Eigendur fyrirtækisins eru Björgvin Björgvinnsson tæknifræðingur, Páll Zóphóníasson tæknifræðingur og Sigurjón Pálsson tæknifræðingur og vinna þeir allir hjá fyrirtækinu. Auk þess vinna þar Bragi Magnússon verkfræðingur og Ríkharður Stefánsson innanhúsarkitekt. TPZ ehf. hefur því starfað í tæp 40 ár og á þeim tíma komið að mörgum stærstu byggingum og framkvæmdum í Vestmannaeyjum, m.a. fyrir Vestmannaeyjabæ, stóru sjávarútvegsfyrirtækin og auk þess að margvíslegum verkefnum á fasta landinu. Þá hefur TPZ gert aðalskipulag fyrir sveitarfélög ein sér eða í samstarfi við aðra, svo sem fyrir Vestmannaeyjabæ og Sveitarfélagið Skagfjörð.

Starfsemin

TPZ ehf. rekur alhliða ráðgjafarverkfræðipjónustu og sinnir viðtækri tækniráðgjöf á sviði byggingar- og mannvirkjastarfsemi fyrir einstaklinga, stofnanir, fyrirtæki og sveitarfélög á Íslandi og er aðili að Félagi ráðgjafarverkfræðinga.

Verkefni 2020

Helstu viðfangsefni TPZ ehf. á árinu 2020 voru fjölbreytt að venju, þó var meginþorri verkefnanna tengdur byggingarstarfsemi, hönnun og undirbúningi við útboð og eftirlit.

Helstu verkefni sem TPZ kom að á árinu 2020 var vinna við eftirfarandi verkefni:

Heildarhönnun slökkvistöðvar í Vestmannaeyjum, viðbygging við frystihús Ísfélags Vestmannaeyja og fiskimjölsverksmiðju sama fyrirtækis, lagnir og loftræsting í uppsjavarfrystihús Vinnslustöðvarinnar, breytingar og viðhald stjórnsýsluhúss í Vestmannaeyjum, lögreglustöðvar og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Endurbuygging Ísfélagshússins og breyting á því í 32 íbúða íbúðarhús og rými fyrir útibú Íslandsbanka, endurbuygging Fiskiðjuhússins og breyta því að hluta til í íbúðir, annað fyrir stofnanir, safn og skrifstofur. Undirbúningsvinna og endurskipulagning á holræsakerfi Vestmannaeyjabæjar, hönnun lagna og dælustöðva. Umsjón með malbiksframkvæmdum í Vestmannaeyjum og eftirlit með öðrum framkvæmdum og byggingastjórn fyrir opinberar stofnanir. Auk þess hönnun og umsjón með margvíslegum iðnaðar- og íbúðarhúsabyggingum bæði í Vestmannaeyjum og uppi á landi. Hönnun vatnsúðakerfa og loftræstikerfa í frystihús og vélaverkstæði. Gerð deiliskipulags á bújörð og stækkunar kirkjugarðsins í Vestmannaeyjum.

Viðurkenningar

TPZ ehf. hefur hlotið viðurkenningar fyrir verk sín, m.a. verðlaun Lagnafélags Íslands í tvígang, annars vegar fyrir Safnaðarheimili Landakirkju og hins vegar Eldheima, gosminjasafn Vestmannaeyjabæjar.



Safnaðarheimili Landakirkju í Vestmannaeyjum.



Frá vinstri: Gísli Gunnlaugsson, Sveinn D. K. Lyngmo, Hallvarður Einar Aspelund, Hlynur Pálsson og Samúel Orri Stefánsson.

Tækniþjónusta Vestfjarða

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf. er stofnuð í desember 1973 og hefur starfað óslitið síðan með aðsetur á Ísafirði og unnið að verkefnum þar og í næsta nágrenni í fyrstu en seinni árin víðar um Vestfirði og öðrum landshlutum.

Eigendur og starfsmenn

Eigendur fyrirtækisins í dag eru Gísli Gunnlaugsson byggingatæknifræðingur, Sveinn D. K. Lyngmo byggingatæknifræðingur Hallvarður Aspelund arkitekt og Samúel Orri Stefánsson byggingafræðingur sem allir starfa hjá fyrirtækinu. Auk þeirra starfar hjá fyrirtækinu Hlynur Pálsson verkfræðingur og einn til tveir sumarstarfsmenn.

Verkefnum má skipta í eftirfarandi flokka:

1. Almenna hönnunarvinnu á sviði mannvirkjagerðar.
2. Gerð kostnaðaráætlana og tjónamat fyrir einstaklinga, sveitarfélög, tryggingafélög og fyrirtæki.
3. Mælingar og útsetningar allskonar, m.a. fyrir lóðir, vegi, hafnir og önnur mannvirki.
4. Gerð eignaskiptasamninga.
5. Gerð útboðsgagna og umsjón og eftirlit með útboðsverkum.

Meðal helstu verkefna síðustu ára má nefna:

Fjölbýlishús við Aðalstræti 20 í Bolungarvík, burðarþol og lagnir.
Virkanir fyrir Orkubú Vestfjarða, Tungudalsvirkjun, Fossárvirkjun og Mjólká III.
Viðbygging við Mjólkárirkjun I og II.
Geymsluhúsnæði við Mávagarð á Ísafirði fyrir Vestfirska Verktaka ehf.
Húsnæði Húsasmiðjunnar á Ísafirði.
Fjölbýlishús við Sindragötu 4a fyrir Ísafjarðarbæ, burðarþol og lagnir, verkumsjón og byggingarstjórn.
Fiskvinnsluhús fyrir Jakob Valgeir ehf. Bolungarvík.
Vinnsluhús við Brimbjótsgötu í Bolungarvík fyrir Fiskmarkað Vestfjarða.
Einbýlishús, fjölbýlishús og iðnaðarhús að ýmsum stærðum víðsvegar um Vestfirði, hönnunar-, útboðs- og eftirlitsvinna að hluta eða öllu leyti.



Starfsmaður Tækniþjónustu Vestfjarða.



Stjórn og hluthafar Verkfræðistofu Suðurnesja ehf. Aftari röð frá vinstri: Ingjör Björnsson, Gísli Lárusson, Sigurður Sigurðsson, Marínó Gunnarsson og Sindri Þrastarson. Fremri röð frá vinstri: Skúli Ágústsson, formaður stjórnar, Brynjólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri og Benedikt Ingi Sigurðsson.



Starfsfólk Verkfræðistofunnar, vorið 2020.

Verkfræðistofa Suðurnesja

Verkfræðistofa Suðurnesja ehf. var stofnuð þann 2. febrúar 1980, starfsmenn voru þá aðeins 2 talsins. Stofnendur voru Guðmundur Björnsson, verkfræðingur, Kjartan Rafnsson, tæknifræðingur og verkfræðistofan Fjarhitun hf. Í dag er Verkfræðistofa Suðurnesja níunda stærsta verkfræðistofa landsins. Fyrst um sinn var stofan til húsa að Hafnargötu 32, Reykjanesbæ, síðan Hafnargötu 58 en flutti á Víkurbraut 13 (við Keflavíkurhöfn) fyrir 18 árum. Þá var starfsemin orðin það mikil að gamla húsnæðið var orðið allt of lítið. Kjartan Rafnsson var framkvæmdastjóri fyrstu tvö árin en þá tók Guðmundur Björnsson við og var framkvæmdastjóri til loka árs 1995. Brynjólfur Guðmundsson, verkfræðingur, tók við sem framkvæmdastjóri frá ársbyrjun 1996 og er enn.

Mannauður

Í dag starfa 17 manns á Verkfræðistofunni, með fjölbreytta menntun - verkfræðingar, tæknifræðingar með ýmiskonar sérhæfingu, byggingafræðingar, tækniteiknarar og iðnmeistarar. Jafnan hefur verið lögð áhersla á að ráða starfsfólk af Suðurnesjum og því hafa margir af þessu svæði með menntun á sviði verk- og tæknifræði slitið barnskónum hjá Verkfræðistofunni. Starfsmenn hafa komið frá öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum. Eigendur eru nú sjö starfandi hluthafar.

Verkefni

Verkefni sem Verkfræðistofa Suðurnesja tekur að sér eru mjög fjölbreytt og hafa ávallt verið í gegnum tíðina. Stofan þjónustar jafnt sveitarfélögin á svæðinu, fyrirtæki og einstaklinga og sinnir öllum sviðum framkvæmda. Starfsmenn Verkfræðistofunnar hafa komið að uppbyggingu helstu mannvirkja á Suðurnesjum á þessum 40 árum. Uppbygging orkuveranna í Svartsengi og Reykjanesi, Bláa lónsins og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eru á meðal þeirra stærstu. Einnig uppbyggingu leikskóla, grunnskóla, hafnar-, gatna- og umferðamannvirkja sveitarfélaganna á svæðinu. Þá má nefna dreifikerfi hitaveitu, vatnsveitu og frárennslis. Gönguleiðin sem liggur meðfram strandlengju Reykjanesbæjar ásamt aðliggjandi sjóvarnargörðum eru einnig gott dæmi um verk sem heppnaðist vel og Verkfræðistofan hannaði og stjórnaði.

Þróunin

Þeir sem lengst hafa starfað á Verkfræðistofunni hafa upplifað gríðarlega þróun í tækni- og tækjabúnaði sem skipt hefur sköpum fyrir starfsemi. Í upphafi voru allar teikningar til dæmis gerðar í höndunum en ekki tölvum eins og í dag. Landmælingar voru að minnsta kosti tveggja manna verk og tóku langan tíma en í dag eru mælitækin orðin þannig að einungis einn maður getur annast þær. Flygildi sér um hluta mælinga og stór hluti vinnunnar fer í raun fram innandyra. Í gegnum árin hefur ávallt verið lögð mikil áhersla á það innan stofunnar að fylgja þróun tækninnar og er hún vel tækjum og forritum búin.

Framtíðin

Framtíðarhorfur Verkfræðistofunnar eru góðar enda má segja að þær fari saman við þróun og uppbyggingu á Suðurnesjasvæðinu. Fá landsvæði á Íslandi eiga jafn góða möguleika til að vaxa og dafna og Suðurnesin. Flugvöllurinn og ferðaþjónustan eru í mikilli uppbyggingu. Þá getur iðnaður dafnað vel á þessu svæði ásamt grænni orkuöflun og áframhaldandi uppbyggingu á innviðum svo sem gatnagerð og hafnaraðstöðu. Þessu fylgir fólksfjölgun ásamt tilheyrandi uppbyggingu á þjónustu og menntastofnunum. Öll þessi þróun skapar tækifæri til vinnu fyrir verkfræðistofur.

Frá því að Creditinfo fór að útnefna framúrskarandi fyrirtæki landsins hefur Verkfræðistofa Suðurnesja ávallt verið í þeim hópi, einungis um 0,2% fyrirtækja á landinu öllu hafa náð því.



Stigi við Stuðlagil á Efri-Jökuldal. Verkráð sá um hönnun, útfærslu og smiðateikningar.



Verið að leggja lokahönd á útsýnisvall við Skálanes í Seyðisfirði. Verkráð sá um hönnun fyrir Seyðisfjarðakaupstað.

Verkráð

Í mars árið 2017 ákváðu tveir ungir Héraðsbúar að stofna saman verkfræði- og ráðgjafabjónustuna Verkráð ehf. Þetta voru þeir Björgvin Steinar Friðriksson, véltækniþræðingur og Bogi Kárason, vélaverkfræðingur. Þeir félagar voru sammála um að vöntun væri á slíkri starfsemi með höfuðstöðvar í heimabyggð. Má segja að það sé í grunninn kveikjan að stofnun fyrirtækisins ásamt þeirri hugmynd að vera lítið fyrirtæki á austfirskum markaði.

Sagan

Í upphafi hafði Verkráð litla skrifstofu á leigu að Miðvangi 2-4 á Egilsstöðum. Fyrst um sinn voru verkin mestmegnis þjónusta fyrir Alcoa Fjarðaál með áherslu á fyrirbyggjandi viðhald búnaðar ásamt ýmsum smáverkefnum á vélasviði. Það sýndi sig þó fljótlega að rými var fyrir þriðja mann hjá fyrirtækinu, þar sem fyrirspurnir eftir fjölbreyttari þjónustu voru margar. Í lok árs 2017 var ákveðið að flytja starfseminu í stærra og hentugra húsnæði að Fagradalsbraut 11 og leita eftir starfskrafti á byggingarsviði. Í apríl 2018 bættist Guðmundur Þorsteinn Bergsson, byggingarverkfræðingur, í eigendahópinn. Þar með var hægt að takast á við fleiri og fjölbreyttari verkefni og mæta þeirri eftirspurn sem var fyrir hendi.

Mikill styrkur hefur verið fyrir Verkráð, að í sama leiguhúsnæði starfa einrykjar, annars vegar undir merkinu Logg – landfræði og ráðgjöf og hins vegar Snidda – arkitektastofa. Í sameiningu hafa þessi þrjú fyrirtæki getað tekið að sér fjölbreyttari og stærri verkefni heldur en ella, sem hefur í kjölfarið aukið umsvifin enn frekar. Um mitt ár 2019 var verkefnastaðan slík, að eigendum þótti ástæða til að fjölga starfsmönnum Verkráðs. Úr varð að fjórði eigandinn bættist í hópinn í maí 2020 og var það Jónas Hafþór Jónsson, byggingafræðingur.


Á þeim fjórum árum sem Verkráð hefur starfað hefur þjónustan aukist jafnt og þétt, m.a. við sveitarfélög, stærri fyrirtæki og verktaka sem og við einstaklinga, ásamt því að sinna áfram verkefnum fyrir Alcoa Fjarðaál.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Verkráðs er að halda áfram að þjónusta nærumhverfið og sinna smáum og meðalstórum verkefnum. Þar að auki sjá eigendur fyrir sér að flytja í eigið húsnæði, sem opnar enn frekar á möguleika á samstarfi við aðra eða frekari stækkun fyrirtækisins. Fjórmenningarnir gleðjast yfir þeirri staðreynd að lítil verkfræðistofa á Austurlandi, þar sem ákvörðunartaka fer fram heima í héraði, geti dafnað.



Eigendur og starfsmenn Verkráðs ehf. Frá vinstri: Björgvin Steinar Friðriksson, Jónas Hafþór Jónsson, Guðmundur Þorsteinn Bergsson og Bogi Kárason.



Eigendur. Sitjandi frá vinstri: Atli Gunnar Arnórsson og Björn Magnús Árnason. Standandi frá vinstri: Þórður Karl Gunnarsson og Eyjólfur Þór Þórarinnsson.



Starfsmenn. Frá vinstri: Karen Hulda Steindórsdóttir, Eyjólfur Þór Þórarinnsson, Arney Sindradóttir, Helga Berglind Valgeirsdóttir.

Verkfræðistofan Stoð

Mannauður og starfsmannafjöldi

Tólf starfsmenn vinna nú hjá stofunni, sem eiga það allir sameiginlegt að eiga sterkar rætur í héraðinu, ýmist fæddir hér og uppaldir, eða tengdir svæðinu sterkum fjölskylduböndum og hafa með því sérþekkingu á virkni samfélagsins og hreyfiafli þess.

Starfsmenn eru:

Atli Gunnar Arnórsson, verkfræðingur,
Arney Sindradóttir, skrifstofustjórn, Árni Ragnarsson, arkitekt og skipulagsfræðingur,
Björn Magnús Árnason, landfræðingur,
Bragi Þór Haraldsson, tæknifræðingur,
Eyjólfur Þórarinnsson, framkvæmdastjóri,
Hallgrímur Ingi Jónsson, tæknifræðingur,
Helga Berglind Valgeirsdóttir, umsjón húsnaðis, Karen Steindórsdóttir, bókhald og laun, Magnús Freyr Gíslason, arkitekt, Sigurður Óli Ólafsson, tæknifræðingur, Þórður Karl Gunnarsson, tæknifræðingur. Samanlagt eiga starfsmenn tæp 50 börn og barnabörn.

Verkfræðistofan hefur starfað á Sauðárkróki óslitið frá 1988 og á rætur að rekja til ársins 1985 vegna ráðgjafar í tengslum við uppbyggingu Steinullarverksmiðjunnar. Verkfræðistofan STOÐ var formlega stofnuð af Braga Þór Haraldssyni tæknifræðingi og Jóni Erni Berndsen verkfræðingi sem sameignarfélag sumarið 1988, en í maí 1997 kom Eyjólfur Þór Þórarinnsson tæknifræðingur inn í félagið með þriðjungs eignarhlut og var rekstrinum breytt í hlutafélagsform með kennitölu 420585-0639. Bragi og Eyjólfur keyptu hlut Jóns Arnar síðsumars 1998, þegar hann fór til annarra starfa. Eyjólfur og Bragi áttu félagið að jöfnu til ársins 2011, þegar Bragi seldi sinn hlut til Atla Gunnars Arnórssonar verkfræðings og Sólveigar Olgu Sigurðardóttur landslagsarkitekts. Eyjólfur og Atli keyptu hlut Sólveigar í mars 2014 og ráku félagið með jöfnu eignarhaldi til ársbyrjunar 2019, þegar Björn Magnús Árnason landfræðingur og Þórður Karl Gunnarsson tæknifræðingur urðu eigendur að jöfnum fjórðungshlut hvor. Í dag eru eigendur að jöfnu og skipa stjórn, þeir Atli, Björn, Eyjólfur og Þórður. Atli Gunnar er formaður stjórnar frá árinu 2011 og Eyjólfur framkvæmdastjóri frá árinu 1998.

Vinnulag og framleiðsluferli

Á starfstíma verkfræðistofunnar hafa orðið verulegar breytingar í tækniþróun. Allt frá því að leggja til hliðar reiknistokk og taka tölvutæknina í notkun, skipta blýöntum og tússpennum ásamt teikniborðum út til að vinna með öflug þrívíddarkerfi við hönnunarferlið og til þess að leggja gamla þríhyrningamælitækinu sem þurfti tvo menn til allra mælinga, og taka í notkun öflugan landmælingardróna sem skilar hæðarlíkönum með loftmyndum. Starfsmenn stofunnar hafa sérhæft sig í fjölbreyttum úrlausnum verkefna á sviðum verkfræði, arkitektúrs, skipulags, landfræði og þéttbýlistækni en aðallega sinnt þjónustu á Norðurlandi vestra. Verkefni spanna að mestu leyti svið samgangna og umhverfis, bygginga og mannvirkja ásamt framkvæmda og mælinga, fyrir ríki og sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

Skipulag og sérstaða

Starfsmenn og eigendur félagsins eiga það allir sameiginlegt að eiga sterkar rætur í héraðinu, ýmist fæddir hér og uppaldir, eða tengdir svæðinu sterkum fjölskylduböndum og hafa með því sérþekkingu á virkni samfélagsins og hreyfiafli þess. Í fjölbreyttu atvinnusamfélagi Norðurlands vestra liggur í hlutarins eðli að hluti starfseminnar sé sérhæfing í þjónustu við bændasamfélagið og afurðastöðvar tengdar því, ásamt þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki svæðisins. Starfsemi svæðisins einkennist einnig af háskólasamfélagi sem tengist, bændasamfélagi, ferðaþjónustu, sjávarútvegi og lífefnafræði. Á síðustu þremur áratugum hefur einnig byggst upp sérþekking á uppbyggingu hitaveitu- og vatnsveitukerfa á svæðinu, jafnt í þéttbýli og dreifbýli. Hitaveituverkefni hafa þróast með öflugri uppbyggingu Skagafjarðarveitna í Skagafjarðarsýslu, en sem dæmi hefur þekkingin verið nýtt í verkefnum jafnt í Húnavatnssýslunum, Kjósarhreppi og víðar á landinu. Á árunum 2004 til 2007 var



Starfsmenn. Frá vinstri: Þórður Karl Gunnarsson, Atli Gunnar Arnórsson, Björn Magnús Árnason og Árni Ragnarsson.



Starfsmenn. Frá vinstri: Bragi Þór Haraldsson, Hallgrímur Ingi Jónsson, Sigurður Óli Ólafsson og Magnús Freyr Gíslason.

samstarf við Blönduósbæ um skipulags- og byggingafulltrúabjónustu. Frá 2006 hefur verið samstarf við Höfðahrepp um skipulags- og byggingafulltrúabjónustu. Frá 2015 hefur einnig verið samstarf við Húnaþing vestra um skipulagsfulltrúabjónustu. Frá 2004 hafa skipulagsmál verið vaxandi þáttur í starfseminni. Verkfræðistofan vann að aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021, sem var staðfest 2012, í samvinnu við Lendis ehf., þá Árna Ragnarsson arkitekt/skipulagsfræðing og Pál Zóphóniasson tæknifræðing. Einnig hefur verið unnið að ýmissi vinnu á aðalskipulagsstigi ásamt fjölmörgum verkefnum á deiliskipulagsstigi. Auk þess sem stofan hefur annast gerð fjölda afstöðumynda af bújörðum og minni svæðum. Um þessar mundir er sem dæmi unnið að nýju deiliskipulagi Sauðárkrókshafnar með tilheyrandi þróunarvinnu sem fylgir svo fjölbreyttri og lifandi atvinnustarfsemi sem þarf að rúmast á slíku svæði.

Á undangengnum árum hefur verið öflug uppbygging í afurðavinnslu bændasamfélagsins og má þar helst nefna: **Purrkhús FISK Seafood á Sauðárkróki**, kæligeymsla, starfsmannaaðstaða, nýtt skrifstofuhúsnæði starfseminnar. **Mjólkursamlag KS á Sauðárkróki**, skrifstofur, ostalager, próteinverksmiðja, etanolverksmiðja og fleira. **Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki**, lausfrystir, móttökukúhús/rétt, loðdýrafóðurvinnslustöð og fleira. **Á Blönduósi, Skagatrönd og á Sauðárkróki** hefur Stoð sinnt hönnun, ráðgjöf og byggingarstjórn fyrir Ámundakinn ehf. í ýmsum fasteignaverkefnum, bæði nýbyggingar og viðhald.

Strax á fyrstu starfsárum Stoðar hófst uppbygging sérþekkingar á mannvirkjum **Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Sauðárkróki** og margvíslegum nýbyggingar- og endurbótaverkefnum verið sinnt yfir áratugin. Nýlega vann stofan stefnumörkun fyrir HSN, um nýtingu á húsnæði stofnunarinnar á Sauðárkróki, alls um einn hektari gólfplatar samanlagt.

Í seinni tíð tók stofan þátt í tilraunaverkefni um BIM væðingu á vegum Ríkiseigna, með uppmælingu og innfærslu á húsakynnum Héraðshælisins á Blönduósi inn í gagnalíkan með BIM hugmyndafræðinni, og borið saman við hönnun nýbyggingar fyrir Hús íslenskra fræða í höfuðborginni, á ráðstefnu sérstaklega þar um. Í gegnum tíðina hafa ótal verkefni verið unnin við mælingar, hönnun og framkvæmdaefirlit umferðar- og hafnarmannvirkja, sjóvarnargarða, ásamt nýlegu verkefni í framkvæmdaefirliti með endurröðun ölduvarnar á Gilsárstíflu og fleiru tengdu Blönduvirkjun fyrir Landsvirkjun. Stofan hefur yfir að ráða öflugum tækjum til landmælinga auk mælingardróna, ásamt tilheyrandi úrvinnsluhugbúnaði.

Frá 1996 hefur stofan unnið að uppbyggingu landupplýsingakerfis og viðhaldi kortagrunna sveitarfélaga og veitufyrirtækja. Verkfræðistofan hefur yfir að ráða hug- og vélbúnaði til landupplýsingavinnslu og kortagerðar. Á árunum 1997 og fram yfir aldamótin var Stoð aðili að Fyrirtækjaneti verkfræðistofa á Íslandi, allt til sameiningarbylgju margra landsbyggðaverkfræðistofa yfir í stórar rekstraeiningar á höfuðborgarsvæðinu með fylgjandi útibúavæðingu. Um allnokkur skeið var Stoð aðili að Skagafirskum verktökum ehf. og sá um framkvæmdastjórn, mælingar og utanumhald verkefna. Á þeim tíma var Þverárfjallsvegur byggður og síðar Þjóðvegur 1 lagður um Hrutafjarðarbotn hjá nýjum Staðarskála.

Einnig hefur félagið verið aðili að nýsköpun og atvinnuþróun í héraði með þátttöku í Atvinnuþróunarfélaginu Hring og á svipuðum tíma Árvirki, félagi um virkjun á vatnasvæði Héraðsvatna, og á síðari árum með þátttöku í Skagafjarðarhraðlestinni, samtökum um atvinnuframfarir í Skagafirði.

Aðsetur

Starfsemin var í upphafi að Aðalgötu 14 á Sauðárkróki, en fluttist að Aðalgötu 21 í byrjun júní 1989 og er þar enn rúmum þremur áratugum síðar.



Starfsfólk Verkís. Frá vinstri: Gunnar Kristjánsson, Ágúst Elfi Ágústsson og Hlíf Ísaksdóttir.



Veröld, Hús Vigdísar.

Verkís



Egill Viðarsson, framkvæmdastjóri.

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrtæki sem býður upp á fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði og tengdra greina. Fyrirtækið leggur áherslu á að veita vandaða og faglega þjónustu sem er samkeppnisfær við það sem best þekkt í heiminum. Þjónusta Verkís er á eftirfarandi sviðum: Byggingar, samgöngur og skipulag, umhverfi og öryggi, verkefnastjórnun, raforkuvinnsla, raforkuflutningur, fjarskipti og upplýsingakerfi, veitur og iðnaður. Þjónustuflokkarnir skipta tugum.

Elsta verkfræðistofa landsins

Höfuðstöðvar Verkís eru að Ofanleiti 2 í Reykjavík. Verkís rekur fimm útibú á níu starfsstöðvum víða um land. Þær eru á Akranesi, Borgarnesi, Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum og Selfossi. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 300 manns sem sinna fjölbreyttum verkefnum, bæði hér á landi og erlendis. Verkís hóf starfsemi árið 2008. Þá sameinuðust fimm eldri fyrirtæki úr sama geira; Fjarhitun, Fjölhönnun, RT – Rafagnatækni, Rafteikning og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen. Hin síðastnefnda rakti uppruna sinn til ársins 1932 og því hélt Verkís upp á 80 ára afmæli sitt árið 2012, elst allra verkfræðistofa á landinu. Almenna verkfræðistofan og Verkís sameinuðust síðan í apríl 2013 undir nafni Verkís.

Verkís er hlutafélag í eigu breiðs hóps starfsmanna og eru stjórn og helstu stjórnendur flestir úr hópi hluthafa. Framkvæmdastjóri Verkís er Egill Viðarsson. Stjórnarformaður er Helgi Þór Helgason og aðrir stjórnarmeðlimir eru Susanne Freuler, Snæbjörn Jónsson, Hugrún Gunnarsdóttir og Stefán Hjalti Helgason. Verkís rekur útibú í Noregi, Póllandi og í Úkraínu. Í Noregi á Verkís með samstarfsaðilum dótturfélagið OP-Verkís AS og á Grænlandi á Verkís með samstarfsaðilum dótturfélagið S&M Verkís Aps. Verkís og Berggrisi stofnuðu félagið Sanna landvætti í byrjun árs 2017. Markmið þess er að stuðla að uppbyggingu á ferðamannastöðum um allt land í samvinnu við fyrirtæki, landeigendur, sveitarfélög og ríki.



Vélasalur Þeistareykja.

Fjölbreytt verkefni á erlendri grundu

Verkís hefur sótt fram á erlendum mörkuðum á síðustu árum. Hér eru nefnd nokkur þeirra verkefna. **Sundhöllin Holmen í Asker í Noregi.** Valin Bygging ársins 2017 í Noregi og eitt af 50 fyrirmyndarverkefnum FutureBuilt. Umhverfissvæn orka er í lykilhlutverki en nærri helmingi orkunnar sem notuð er við rekstur Holmen er aflað á lóð hennar með varmadælum, sólarrafhlöðum og sólarföngurum. Sundhöllin er talin setja ný viðmið um hönnun sundhalla í Noregi hvað varðar orkunotkun og vistvæna hönnun. **Dariali virkjunin í Kákasusfjöllum í Georgíu.** 108 MW vatnsaflsvirkjun er með jarðgöngum og stöðvarhúsi neðanjarðar. Sóttu Georgíumenn þekkinguna og reynsluna til Íslands. Verkís sá um alla hönnun virkjunarinnar í samstarfi við Landsvirkjun Power og hönnuði í Georgíu. Verkefnið opnaði Verkís dyr í Georgíu og mun fyrirtækið taka þátt í frekari uppbyggingu á innviðum landsins á næstu árum.

Álver Hydro í Karmøy í Noregi. Eitt það umhverfissvænsta í heiminum, en minni orku þarf við framleiðsluna en í öðrum álverum. Verkís tók þátt í hönnun, innkaupum



Jarðgufuorkuver í Olkaria í Kenía í Afríku.



Sundhöllin Holmen.



Loftmynd af Búrfelli og svæðinu í kring.

og byggingu skautsmiðju og baðefnavinnslu, frá frumstigum verksins allt fram að afhendingu. Síðustu ár hefur Verkís unnið að hönnun og þróun stórra hitaveitna í Kína. Verkefni ná til rúmlega 300 varmaskiptistöðva í 40 borgum. Uppsett afl er um 2.000 MW og talið er að yfir 2 milljónir manna njóti upphitunar frá þessum veitum. Verkís hefur einnig unnið töluvert að orkumálum í Afríku, til að mynda fyrir fyrirtækið KenGen sem rekur jarðgufuorkuver í Olkaria í Kenía. Um er að ræða margvíslegar greiningar og endurbótaverkefni. Uppsett afl orkuveranna er nú 533 MW en um 80 MW þessa afls kemur frá mörgum holutoppsvirkjunum sem Verkís hannaði fyrir Green Energy Geothermal.

Verkefni innanlands

Verkís sinnir fjölbreyttum verkefnum á innlendum markaði. Hér eru nefnd nokkur þeirra: Stækkun Búrfellsvirkjunar. 100 MW vatnsaflsvirkjun með stöðvarhúsi neðanjarðar. Verkís sá um alla hönnunarvinnu á byggingarvirkjum ásamt hönnunarrýni á vél- og rafbúnaði og samræmingu fagsviða. Hönnunin var unnin samkvæmt BIM aðferðafræðinni.

Veröld, Hús Vigdísar. Verkís sá um alla verkfræðihönnun og vann verkefnið samkvæmt BIM aðferðafræðinni. Um er að ræða heildarhönnun á byggingu og lóð ásamt bílageymslu í kjallara og tengigangi við Háskólatorg undir Suðurgötu. Öll hönnun er unnin eftir svokölluðu BREEAM ferli, vottunarkerfi um vistvæna hönnun með það að leiðarljósi að ná einkunninni „very good“ samkvæmt vottunarkerfinu. **Þeistareykjavirkjun.** Um er að ræða 90 MW gufuaflsvirkjun, byggð í tveimur 45 MW áföngum. Verkís var aðalráðgjafi Landsvirkjunar við verkið ásamt Mannviti en stofnunar önnuðust fullnaðarhönnun virkjunarinnar og gufuveitunnar, ásamt gerð útboðsgagna og hönnunarrýni vélasamstæðna. **Flugstöð Leifs Eiríkssonar.** Verkís hefur unnið að öllum helstu þáttum við alla byggingaráfanga flugstöðvarinnar auk stækkunar flughlaða. Verkís hefur unnið mikið fyrir helstu orkufyrirtæki landsins og iðnfyrirtæki á sviði orkuflutnings einkum vegna tengivirkja og aðveitustöðva.

Jöfn laun, sömu tækifæri

Verkís hefur tvisvar hlotið Gullmerki PwC fyrir jafnlaunaúttekt en það þýðir að óútskýrður launamunur á grunn- og heildarlaunum karla og kvenna sé minni en 3,5%. Við úttektina 2012 var óútskýrður launamunur um 2% en innan við 1% árið 2018. Hjá Verkís er ýmslegt gert til að brjóta upp vinnuvikuna og efla liðsandann. Starfsmannafélagið er öflugt og stendur fyrir ýmsum viðburðum ásamt því að reka klúbbastarf þar sem fjölbreytt áhugamál starfsfólks fá að njóta sín. Verkís leggur áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun; jafnrétti kynjanna, sjálfbæra orku og sjálfbærar borgir og samfélag. Þá hefur Verkís einnig undirritað sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð, eða UN Global Compact. Nánari upplýsingar má nálgast inn á heimasíðunni: verkis.is.



Starfsfólk Verkís kemur í mark í hjóltreidakeppninni WOW Cyclothon sumarið 2017.




Verkís hlaut gullmerki í jafnlaunaúttekt PwC 2012 og 2018 Ágúst Elí Ágústsson og Arndís Magnúsdóttir.



Starfsmenn VSB verkfræðistofu ásamt mökum í árhátíðarferð sem farin var til Sínges á Spáni árið 2019.

VSB verkfræðistofa



Ásvallabraut, veg- og veituhönnun.

VSB verkfræðistofa ehf. sinnir almennri verkfræðilegri ráðgjöf og faglegri þjónustu fyrir fyrirtæki, opinbera aðila og einstaklinga. Helstu viðfangsefni ná yfir hönnun bygginga og tæknikerfa þeirra, hönnun gatna- og lagnakerfa, framkvæmdaefirlit og byggingastjórn, ráðgjöf við þróun verkefna, gerð útboðsgagna og áætlana. VSB verkfræðistofa hefur starfað eftir ISO9001 vottuðu gæðakerfi frá árinu 2011.

Upphaf stofunnar og nýr maður í brúnni

Aðdragandann að stofnun VSB verkfræðistofu má rekja til ársins 1987 þegar Stefán B. Veturliðason og Björn Gústafsson verkfræðingar stofna Verkfræðistofu Stefáns og Björns sf. Fyrsta stóra verkefnið var byggingarstjórn við smíði ratsjárstöðvar á Bolafjalli við Ísafjarðardjúp. Árið 1996 var VSB verkfræðistofa ehf. stofnuð með eignaraðild VSÓ ráðgjafar ehf. og stóð það samstarf í tíu ár, eða til ársins 2006.

Stefán B. Veturliðason gegndi stöðu framkvæmdastjóra í 33 ár með hléum, en þann 1. apríl í ár lét hann af störfum sem framkvæmdastjóri og tók við af honum Hjörtur Sigurðsson, 36 ára verkfræðingur. Aðstoðarframkvæmdastjóri er Örn Guðmundsson, verkfræðingur.

Auður VSB verkfræðistofu

Fyrirtækið hefur frá stofnun haft aðsetur í Hafnarfirði og rekur starfsemi sína í vistlegu húsnæði á tveimur hæðum að Bæjarhrauni 20, auk þess sem útibú eru rekin í Reykjanesbæ og að Hafnartorgi í Reykjavík. Frá árinu 2012 hefur fyrirtækið átt miklum vexti að fagna og hefur starfsmannafjöldi nær þrefaldast á tímabilinu. Hjá VSB starfar í dag 37 manna hópur fagfólks á sínu sviði og er vinnustaðurinn orðlagður fyrir góðan starfsanda. Eigendur fyrirtækisins eru allir starfsmenn stofunnar og eru þeir 12 talsins.

Nýjungar í verklagi

Undanfarin ár hafa mörg skref verið tekin í tækniþróun og er það stefna fyrirtækisins að halda áfram á þeirri braut. Drónar eru nú notaðir við mælingar og myndatökur úr lofti, laserskannar eru notaðir til þess að fanga nákvæma mynd af ástandi mannvirkja og umhverfi þeirra. Spjaldtölvur og hugbúnaður á snjalltækjum eru notuð í daglegu eftirliti við úttektir og ástandsmat. Samskiptakerfi eru notuð til samskipta við meðhönnuði, sem og í samskiptum á milli starfsmanna VSB. Þá fer hönnun allra tæknikerfa bygginga öll fram í þrívíðu BIM umhverfi.

Framtíðin


Það er markmið VSB verkfræðistofu að halda áfram á sömu vaxtarbraut og undanfarin ár. Að bjóða starfsfólki sínu upp á spennandi starfsumhverfi og krefjandi viðfangsefni. Að efla starfsfólk stofunnar til nýrra og skemmtilegra verkefna sem og að hagnýta tækni til þess að geta skilað afurð í betri gæðum á réttum tíma.



Þjónustumiðstöð Veltis Hádegismóum, verkfræðihönnun.



Stapaskóli í Innri Njarðvík, byggingarstjórn og eftirlit.
Mynd, ARKÍS.



Nýjar höfuðstöðvar Landsbankans, byggingarstjórn, eftirlit og umsjón hönnunar. Mynd, Arkþing og C.F. Møller.





Svanhildur Jónsdóttir og Stefán Gunnar Thors eru meðal þeirra sem vinna að undirbúningi Borgarlínu.



Jarðvinna vegna byggingar meðferðarkjarna nýs Landspítala, komin vel á veg sumarið 2020.


VSÓ Ráðgjöf

Fyrirtækið var stofnað af Stefáni Ólafssyni byggingarverkfræðingi árið 1958 og er því ein elsta starfandi verkfræðistofa á landinu. Starfsmenn eru um 90 talsins, mikill meirihluti þeirra með háskólamenntun og kynjahlutföll nálgast jafnvægi. VSÓ hefur frá upphafi verið í eigu starfsmanna og undanfarna fjóra áratugi haft aðsetur við Borgartún 20 í Reykjavík. Í upphafi var hönnun burðarvirkja grunnur starfseminnar en þjónusta fyrirtækisins hefur þróast og vaxið jafnt og þétt í takt við þarfir samfélagsins og nú sinnir VSÓ alhliða ráðgjöf og verkfræðihönnun við hvers konar mannvirkjagerð. VSÓ rekur dótturfyrirtækið VSO Consulting AS í Noregi og hefur undanfarinn áratug sinnt þar fjölda verkefna, ekki síst hönnun fjölmargra skóla og hjúkrunarheimila. Þessi norsku verkefni hafa reynst mikilvæg stöð við sveiflukennan heimamarkað á Íslandi og víkkað reynslu starfsmanna. Viðskiptavinir stofunnar eru jafnt einkafyrirtæki sem opinberir aðilar og árlega sinnir VSÓ hundruðum verkefna

Samfélagslega mikilvæg verkefni

Borgarlínan er stærsta viðfangsefni í samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins á komandi árum og þar hafa starfsmenn VSÓ unnið til þessa að mati á umhverfisáhrifum, umferðaröryggi, staðarvali og samgönguskipulagi. Stefnt er að því að árið 2040 muni 2/3 íbúa höfuðborgarsvæðisins búa í nálægð við góðar almenningssamgöngur. Því verði náð með uppbyggingu sérrýma fyrir stofnleiðanet hraðvagna samhliða þéttingu byggðar við stofnleiðir. VSÓ er einnig hluti af hönnunarhópnum Corpus3 sem hefur undanfarin ár unnið að hönnun tveggja helstu bygginga hins nýja Landspítala, Meðferðarkjarna og Rannsóknarhúss, sem alls eru um 85 þúsund fm² Corpus3 er myndaður af hópi innlendra arkitekta- og verkfræðistofa auk erlendra sérfræðiráðgjafa. Meðferðarkjarninn sem er um 70 þús fm² verður á sex hæðum, auk 2ja hæða neðanjarðar, og óhætt að segja að hann sé eitt stærsta og flóknasta hönnunarverkefni sem ráðist hefur verið í héraðs. Framkvæmdir eru hafnar og vonir standa til að spítalinn verði tekinn í notkun árið 2025.

Þjónusta VSÓ sem lýtur að umhverfismálum og sjálfbærni er kynnt undir heitinu Græna leiðin og ljóst er að vaxandi áhersla verður á þessa þætti á komandi árum. Græna leiðin kemur nú þegar við sögu á öllum sviðum starfseminnar og á einn eða annan hátt við flest verkefni.



Græna leiðin – Vistvænar og hagkvæmar lausnir fyrir fjölbreytt verkefni.



Eigendur frá vinstri: Sverrir Briem, Katrín S. Óladóttir og Geirlaug Jóhannsdóttir.

Hagvangur

Hagvangur var stofnað 2. apríl 1971 og er eitt elsta ráðgjafarfyrtæki landsins. Stofnendur voru tuttugu hluthafar sem vildu mæta brýnni þörf atvinnulífsins til að innleiða umbreytingar og nýjustu stefnur og strauma hjá fyrirtækjum í takt við þarfir atvinnulífsins. Markmiðið var að annast hvers konar ráðgjafar- og rannsóknarþjónustu á sviði þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði, hafa milligöngu um útvegum og samræmingu annarrar þjónustu og önnur skyld verkefni o.fl. Fyrsti framkvæmdastjóri fyrirtækisins var Sigurður R. Helgason sem var stofnfélagi. Aðrir stofnfélagar störfuðu ekki hjá félaginu en voru í forystu í ýmsum greinum atvinnulífsins. Við hans starfi tók síðar Ólafur Örn Haraldsson. Árið 1986 ákváðu stofnfélagar að selja fyrirtækið og 1. mars 1986 keyptu fyrirtækið fjórir starfsmenn Hagvangs, Gunnar Maack (d.1994), Katrín S. Óladóttir, Reynir Kristinsson og Þórir Ágúst Þorvarðarson. Megin tilgangur var að reka ráðgjafarþjónustu, s.s. rekstrar- og stjórnunarráðgjöf, tæknilega ráðgjöf, sölu- og markaðsráðgjöf, ráðningaráþjónustu, afleysingaráþjónustu, starfsmannaráðgjöf og skylda starfsemi. Skoðana- og markaðskannanir, tölvu- og bókhaldsþjónustu, námskeiðahald o.fl. Gunnar var ráðinn framkvæmdastjóri en síðar tók Reynir Kristinsson við hans starfi við lát Gunnars. Ráku þau fyrirtækið óbreytt þar til árið 1998 er ákveðið var að sameinast Coopers og Lybrand endurskoðunarfyrtækini. Fékk sameinað fyrirtæki nafnið Coopers & Lybrand - Hagvangur en innan ekki langs tíma nafnið PricewaterhouseCoopers eftir samruna erlendis á milli endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækjanna Coopers & Lybrand og Pricewaterhouse (PWC). Stóð sá sameiginlegi rekstur yfir þar til 2002 er fyrirtækið var selt til IBM. Ráðgjöfin var seld til Nýherja en ráðningarhlutinn til Katrínar og Þóris um áramótin 2002/2003. Hefur Katrín verið framkvæmdastjóri Hagvangs síðan þá. Núverandi eigendur Hagvangs eru Geirlaug Jóhannsdóttir, Katrín S. Óladóttir og Sverrir Briem. Hagvangur hefur verið valið fyrirtæki ársins og fyrirmyndarfyrtæki í VR könnunum í flokki minni fyrirtækja nú síðast fyrir árið 2020.

Vinnulag og framleiðsluferli

Í upphafi var mesta áherslan lögð á rekstrarráðgjöf sem síðan þróaðist yfir í alhliða ráðgjöf og rannsóknir til að styrkja rekstur og innleiða breytingar til aukins vaxtar og hagræðingar í rekstri viðskiptavina. Fyrirtækið hefur ávallt borið gæfu þess að laða að sér ungt og vel menntað starfsfólk sem flest hefur lokið framhaldsmenntun í ýmsum greinum. Þessu fólk hefur fylgt mikil þekking sem varð eftirsótt og mælanlegur árangur kom fljótt í ljós hjá fyrirtækjum sem nýttu sér þekkingu þeirra. Má því segja að Hagvangur hafi verið öflugur brautryðjandi á sviði ráðgjafar í viðum skilningi. Hefur fyrirtækið verið í fararbroddi hvað varðar starfsaðferðir, þróun og þjónustu frá upphafi. Að loknu starfi hjá Hagvangi hefur mörgu starfsfólki boðist starf hjá viðskiptavinum og hafa skipað æðstu stjórnunarstöður fyrirtækja og stofnana á Íslandi í mörg ár. Mörg þekkt nöfn í íslensku atvinnulífi eru þar á meðal.



Fyrirtæki ársins 2021, Sverrir Briem, stjórnarformaður, Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri, tveir af þremur eigendum Hagvangs, vantar Geirlaugu Jóhannsdóttur en hún var ekki viðstödd afhendinguna og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.



Fyrirmyndarfyrirtæki 2021, Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Árið 1976 tók ráðningarþjónusta Hagvangs formlega til starfa og hefur æ síðan verið í forystu um faglegar ráðningar og mannauðsráðgjöf. Fyrsti vinnusálfræðingurinn réðst til starfa hjá Hagvangi 1983. Í upphafi bar mest á ráðningum í stjórnunar- og sérfræðistörf en fljótlega hóf fyrirtækið að bjóða viðskiptavinum alhliða þjónustu við hvers konar ráðningar, stjórnendaráðgjöf, launakannir og mannauðsráðgjöf á breiðu sviði. Þá var fyrirtækið fljótt að innleiða notkun persónuleika- og hæfnisprófa og jók það gæði ráðninga verulega. Hefur fyrirtækið átt því láni að fagna að geta þjónustað stór og smá fyrirtæki, bæði íslensk og erlend og hefur verið í fararbroddi allt frá 1976 að innleiða allt það nýjasta sem snertir mannauðsmál í víðum skilningi. Fagleg vinnubrögð, trúnaður og persónuleg þjónusta hefur tryggt fyrirtækinu góða ímynd og orðspor. Jafnframt hefur starfsfólk starfað með skipuðum valnefndum eða verið fengið til ráðgjafar á hinum ýmsu stigum ráðninga. Vegna góðra tengsla í atvinnulífinu hafa stjórnendur verið eftirsóttir í hin ýmsu trúnaðarstörf í atvinnulífinu, unnið náið með stjórnum fyrirtækja og átt sæti í tilnefningarnefndum sem stofnaðar hafa verið á allra síðustu árum.

Hagvangur og Gallup International tóku upp formlegt samstarf fljótlega eftir stofnun Hagvangs og varð fyrirtækið þekkt fyrir kannanir af ýmsum toga, undir nafni Gallups í fyrstu en síðan undir vörumerkinu „Spurningavagn Hagvangs“ þegar samstarfinu lauk við Gallup. Má segja að ein þekktasta könnun sem Hagvangur annaðist var gerð í samstarfi við Gallup International, þar sem spurt var um gildismat þjóða 1984. Niðurstaða könnunarinnar leiddi í ljós að Íslendingar mældust hamingjusamasta þjóðin og vöktu niðurstöðurnar mikla athygli bæði hér heima og erlendis. Er enn vitnað í áður nefnda könnun og eftirspurn eftir henni er alltaf öðru hvoru af nemendum háskólanna.

Erlent samstarf

Í gegnum árin hefur Hagvangur átt í samstarfi við erlend fyrirtæki, s.s. Hogan Assessment Center, verið eigandi að EMA, EMA Partners International, sem eru alþjóðleg samtök hausaveiðara (head-hunting) og fyrr á árum gott samstarf við Pricewaterhouse í Danmörku og Gallup International og Dansk Management Forum o.fl.

Framtíðarsýn

Staða fyrirtækisins er sterk. Fyrirtækið hefur gott og sterkt tengslanet og nýtur góðs orðspors eftir langt og farsælt starf. Leiðarljós fyrirtækisins er að leggja stöðuga áherslu á nýjungar í þjónustu og áreiðanleika í öllum þeim störfum sem starfsfólk tekur að sér.

Sérstaða Hagvangs

Traust og gott orðspor, vönduð vinnubrögð, áralöng þekking og reynsla á íslenskum vinnumarkaði, sterkur og faglegur bakgrunnur starfsfólks, góð tengsl við erlend ráðgjafa-fyrirtæki og persónuleg þjónusta.



Á myndinni er Syndis að taka við viðurkenningu frá Verðlaunasjóði Iðnaðarins árið 2018 fyrir frumkvöðlastarf á sviði iðnaðar. Valdimar Óskarsson og Theódór R. Gíslason tóku við viðurkenningunni fyrir hönd Syndis.

Syndis

„Við erum helstu sérfræðingar í tölvuhakki og upplýsingaöryggismálum hérlendis. Við viljum hafa meiri tíma til að stunda rannsóknir. Af hverju stillum við ekki saman strengjum og stofnum fyrirtæki?“

Með þessum fleygu orðum hófst vinna að baki tölvuöryggisfyrirtækinu Syndis í lok 2012. Helstu forsprakkar þess voru Rich Smith, sem mætti bæði með langa reynslu af öryggismálum frá Bandaríkjunum sem og erlendan fjárfesti, Theódór (Teddi) Ragnar Gíslason, sérfræðingur og einn mesti reynslubolti í faginu frá því að hann hakkaði sig inn um víða veröld sem unglingur árið 1996, dr. Ýmir Vigfússon, sem nýverið mætti til landsins sem lektor í tölvunarfræði í Háskólanum í Reykjavík og jafnframt fyrrverandi hakkari, Árni Már Harðarson sérfræðingur í netöryggi og Hörður Ellert Ólafsson.

Markmið fyrirtækisins var að stuðla að bættu öryggi íslenskra og erlendra fyrirtækja og stofnana í gegnum árársarmiðaðar öryggisprófanir, rannsóknir tengdar tölvuöryggi, og almennri vitundarvakningu á landinu. Það var kappsmál stofnenda að fyrirtækið gæti veitt óháða ráðgjöf og væri ekki beintengt neinum tilteknum öryggislausnum.

Þegar fyrirtækið var formlega stofnað fyrsta mars 2013, með Rich, Tedda og Árna í fullu starfi og Ými og Hörð í ráðgjafarhlutverki, var efnt til veislu í húsakynnum Háskólans í Reykjavík þar sem fyrirtækið óx úr grasi fyrstu árin. Nafnið Syndis er samblanda af enska orðinu syndicate vegna hakkarabakgrunnis þess og íslensku netendingunni .is auk þess að orðið „synd“ var vísun í árársarmiðaða hlið netöryggis. Til þess að hanna helsta markaðsefni fyrir fyrirtækið var fenginn fær hönnuður á af síðunni Behance, sem síðar reyndist vera aðeins 13 ára gamall. Sem hluti af markaðssetningu voru bruggaðir kraftbjórar ár hvert með nafni fyrirtækisins á flöskunum og þeir sendir viðskiptavinum.

Aðsetur og mannaúður

Syndis sprengdi fljótlega utan af sér húsakynninn í HR og flutti inn í ný og stærri húsakynni í Borgartúninu í maí 2015. Valdimar Óskarsson tók við taumunum sem framkvæmdastjóri árið 2017 og fljótlega urðu starfsstöðvarnar í Borgartúni aftur of litlar. Haustið 2019 var svo flutt í glæsilegt húsnæði í Turninum við Katrínartún 4, sem þá var í smíðum, og viðskiptavinum var boðið í góðan gleðskap að vanda.

Fyrstu nýju starfsmenn Syndis, þeir Björn Símonarson og Charlie Eriksen, mættu með veföryggis- og vélbúnaðarsérfræðipækkingu árið 2013 og unnu báðir lengi hjá félaginu. Fyrirtækið stóð fyrir NSC ráðstefnu (Nordic Security Conference) síðar sama ár sem yfir 300 manns sóttu. Þá var Syndis jafnframt reglulegur þátttakandi í UTmessunni og hlaut verðlaun árið 2016 fyrir frumlegasta básinn þar sem fólk var boðið í „heimsókn“ til Syndis, enda væri „Syndis öryggisteymið þitt“.

Árið 2018 hlaut Syndis viðurkenningu Verðlaunasjóðs Samtaka iðnaðarins fyrir frumkvöðlastarf á sviði iðnaðar. Í verðlaunatilnefningunni segir að „Syndis hefur verið leiðtogi á íslenskum markaði í tæknilegum tölvuöryggismálum undanfarin ár og sinnir aðkallandi þörf á

að bæta öryggismál fyrirtækja á Íslandi og erlendis.“ Árið eftir bar Syndis sigur úr bítum sem UT-sprotinn 2018 á UTmessunni. Í þeirri tilnefningu segir „Fá fyrirtæki á Íslandi hafa verið jafn áberandi á sviði öryggismála og Syndis. Segja má að Syndis séu orðið að ímynd upplýsingaöryggis á Íslands. Hjá Syndis starfa miklir sérfræðingar sem þekktir eru um heim allan fyrir störf sín í upplýsingaöryggi. Starfsmenn Syndis eru að vinna um allan heim að öryggismálum og hafa haldið fjölda erinda á alþjóðlegum ráðstefnum. Starfsmenn Syndis hafa fundið stóra öryggisgalla í vörum og þjónustu frá stórum og þekktum framleiðendum.”

Fræðsla

Í samvinnu við Ými og Háskólann í Reykjavík kenndu starfsmenn Syndis reglulega 3-vikna námskeið um tölvuöryggi hjá HR. Þessi námskeið snertu heila kynslóð forritara og fjölmargir starfsmanna Syndis höfðu farið í gegnum „hakkarnámskeiðið í HR“. Þá voru einnig haldnar hakkarakeppnir sem fengu mikla athygli í fjölmiðlum, en sú stærsta var í sölum HR með 8 keppendur og um 350 áhorfendur. Sú aðferð að miðla upplýsingaöryggi með því að kenna tölvuhakk var nýstárleg, og TEDxReykjavík fyrirlestur Ýmis árið 2014, um Syndis og þessa nálgun hlaut nærri 2 milljónir áhorfa á YouTube. Svo mikil var ásóknin í fræðslu og kennslu hjá fyrirtækinu að Charlie og aðrir útbjuggu frumgerð að vefsíðu sem gat hjálpað fólki að læra um tölvuöryggi með því að leysa árásmiðaðar þrautir. Hugmyndin var að gefa fólki kost á því að læra um hvernig tölvuhakkarar brjótast inn á tölvukerfi til þess að geta betur varist slíkum árásum.

Theódór Ragnar og aðrir hjá Syndis sáu að mögulega væri hægt að taka þessa einföldu frumgerð og útbúa sjálfsafgreiðslu hugbúnaðarvöru sem skýjalausn (SaaS) fyrir örugga hugbúnaðarþróun. Umsókn fyrirtækisins hlaut svo stærsta styrk Tækniþróunarsjóðs árið 2015 undir verkefnaheitinu „Mótherji“ eða Adversary sem Theódór leiddi upphaflega en varð loks eigið fyrirtæki árið 2018 undir stjórn Steindór S. Guðmundssonar. Mótherji stækkaði ört eftir stofnun þess og var það selt ástralska fyrirtækinu Secure Code Warrior árið 2020 ásamt 10 starfsmönnum þess, fyrirtækið er með starfsemi á Ísland auk þess að hafa áætlanir um framtíðarvöxt hér á landi.

Afkoma

Syndis var rekið með hagnaði frá og með fyrsta degi og var í fullri eigu stofnenda frá árinu 2013 auk Valdimars sem kom inn í eigendahópinn fyrst sem stjórnarmaður árið 2015 en síðar sem hluthafi og framkvæmdastjóri. Eftir jafnan vöxt óx fyrirtækinu ásmegin þegar Origo ehf. keypti allt hlutafé í Syndis árið 2021 og við það tvöfaldaðist teymið á nær augabragði og úr varð öflugasta öryggisfyrirtæki Íslands og þó víðar væri leitað. Nú ganga því í garð spennandi tímar hjá fyrirtækinu og munu Valdimar og Theódór fylgja fyrirtækinu eftir í næstu vegferð þess sem og að halda uppi grunngildum Syndis og auka vegferð þessa iðnaðar.





Eigendur, Sesselja Jónsdóttir, Magnús B. Þórðarson og Bjarnþór S. Harðarson.

Verkhönnun



Starfsfólk bregður á leik í jólaþeysum.

Rafmagnsverkfræðistofan Verkhönnun var stofnuð í janúar 2007 af þeim Magnúsi Brynjólfi Þórðarsyni og Bjarnþóri Sigvarði Harðarsyni. Þeir höfðu starfað saman í fjölda ára bæði á verkfræðistofum og sem iðnaðarmenn á árum áður. Á fyrstu árum í rekstri störfuðu allt að 5 manns hjá fyrirtækinu þar til áhrif efnahagskreppunar 2009 gerðu það að verkum að Magnús og Bjarnþór störfuðu einir í nokkurn tíma. Í janúar 2012 hóf Sesselja Jónsdóttir störf hjá fyrirtækinu eftir nám á Ítalíu, hún hafði starfað með Bjarnþóri og Magnúsi áður í nokkur ár. Seinna sama ár bættust Grétar Örn Jóhannsson og Kristín Ósk Þórðardóttir í hópinn. Árið 2015 gerðust þau 3 meðeigendur í fyrirtækinu. Grétar og Kristín hurfu til annarra starfa árið 2018. Síðan þá hafa Magnús, Bjarnþór og Sesselja verið eigendur fyrirtækisins og setið í stjórn þess auk þess sem Magnús gegnir stöðu framkvæmdastjóra.

Aðsetur

Verkhönnun hóf starfsemi sína í Arkalind 6 í Kópavogi þar sem fyrirtækið hafði aðsetur árin 2007 til 2013. Þá fluttist það í Þórunnartún 2 í Reykjavík. Á þeim tíma stækkaði fyrirtækið umtalsvert sem varð til þess að starfsemin var flutt í glæsilegt stærra húsnæði við Katrínartún 4 árið 2019 þar sem starfsemin er til húsa í dag.

Mannauður

Verkhönnun hefur vaxið jafnt og þétt í takt við uppgang í þjóðfélaginu og síðustu 5 ár hafa starfsmenn verið á bilinu 12-16 manns. Árið 2020 störfuðu að jafnaði 12 manns hjá fyrirtækinu. Hjá Verkhönnun starfar fólk með fjölbreytta menntun og reynslu sem gefur okkur víða sýn á þau verkefni sem við tökum að okkur. Þar má nefna bókari, tækniteiknarar, innanhússarkitekt, byggingafræðingur, rafvirkjameistarar, rafmagnstæknifræðingur og rafmagns- og tölvuverkfræðingar. Stór meirihluti hönnuða og ráðgjafa Verkhönnunar hafa starfað sem iðnaðarmenn áður sem gefur þeim og fyrirtækinu sem heild góða innsýn inn í framkvæmdaferlið - slík reynsla er ómetanleg þegar kemur að samskiptum við viðskiptavini og framkvæmdaaðila.

Skipulag

Verkhönnun veitir ráðgjöf og sér um hönnun á þremur ólíkum en tengdum sviðum.

Rafkerfi - Verkhönnun sérhæfir sig í rafkerfum í allar tegundir bygginga. Engin verk eru of smá eða of stór. Verkefni allt frá sumarhúsum upp í stærðarinnar skrifstofu- og verslunarhúsnæði, flugskýli, íþróttamannvirki og skóla hvort sem er héraðs eða erlendis. Hönnun rafkerfa er mjög vítt hugtak og kemur við sögu á öllum stigum framkvæmda til að mynda frá djúpum jarðskautum, lögnum í steypu, stýringa á ýmsum kerfum og allt til fullnaðarfrágangs.

Lýsingarhönnun - er unnin í nánú samstarfi við verkkaupa og aðra hönnuði eins og arkitekta. Góð lýsingarhönnun hefur úrslitavægi í því hvort verkefni heppnist vel eða ekki. Við lýsingarhönnun leggjum við áherslu á það sem skiptir máli í hverju verkefni fyrir sig, hvort



Starfsfólk. Frá vinstri: Bjarnþór S. Harðarson, Ríkarður Jón Ragnarsson, Þórður K. Kristjánsson, Bryndís Elva Kjartansdóttir, Tinna Sigurðardóttir, Þórarinn Árni Pálsson, Sesselja Jónsdóttir, Birna Dís Ólafsdóttir, Kristinn Guðjónsson, Magnús B. Þórðarson og Halldór Prastarson.

sem um ræðir að lýsa upp umferðargötur, flugplan fyrir breiðpotur, skrifstofur, verslanir eða heimili og allt þar á milli. Öll verkefni krefjast mismunandi nálgunar. Við verklok eru mælingar gerðar til að tryggja það að hönnun hafi verið vel heppnuð og standist staðla og kröfur. **Hússtjórnarkerfi** - fela í sér virkni og stýringu á til dæmis loftræstikerfum, sundlaugum, ljósa- og hitastýrikerfum í byggingar ásamt viðmóti við þau fyrir notanda. Til að tryggja að kröfur hönnuða og viðskiptavinar skili sér alla leið til notandans býður Verkhönnun upp á forritun á þeim kerfum sem það hagnar auk þess sér Verkhönnun um forritun á ýmsum kerfum sem hönnuð eru af öðrum.

Verkefni

Helstu verkefni undanfarin ár hafa m.a. verið ráðgjöf, hönnun, forritun og útboð á rafkerfum fyrir skrifstofu- og verslunarhúsnæði, hótellbyggingar, fjölbýlishús, hjúkrunarheimili, skóla, íþróttamannvirki og sundlaugar. Viðskiptavinir hafa verið og eru einstaklingar, stórir og smáir verktakar, sveitafélög og ríki. Verkefni hafa verið stór og smá bæði hérlendis og erlendis. Verkhönnun hefur frá árinu 2012 sérhæft sig og unnið með BIM forrit í öllum sínum verkum. Fyrirtækið er því mjög vel sett þegar kemur að því að vinna stærri verk þar sem BIM er krafa og mikið lagt upp úr samræmingu á milli hönnuða. Um er að ræða því hönnun þar sem byggt er líkan í BIM hugbúnaði af byggingunni sem verið er að hanna ásamt öllum kerfum sem í bygginguna koma. Með slíkum aðferðum er hægt að draga verulega úr framkvæmdakostnaði. Starfsmenn Verkhönnunar hafa tekið að sér ýmsa kennslu í gegnum árin. Þar má nefna kennslu við á BIM hugbúnað í Tækniskólanum, ýmis námskeið í lýsingarhönnun hjá Rafiðnaðarskólanum og við Háskólann í Reykjavík.

Sérstaða

Einn af helstu kostum og sérstöðu Verkhönnunar er stærð þess, en fyrirtækið er ekki stórt miðað við aðrar verkfræðistofur í sama geira. Stærð þess hefur reynst viðskiptavinum mjög vel þar sem persónuleg tengsl við stjórnendur, ráðgjafa og hönnuði er mjög góð. Fyrirtækið er heldur ekki of smátt þar sem það getur og hefur leyst mjög stór verkefni á hagkvæman hátt fyrir sína viðskiptavini.

Framtíðarsýn

Framundan eru spennandi tímar þar sem Verkhönnun sér ýmis tækifæri til vaxtar og þátttöku í áhugaverðum og krefjandi verkefnum sem munu setja sinn svip á umhverfið sem við búum í. Verkhönnun er stöðugt að þróa og bæta hvernig það nálgast verkefni með hagkvæmni að leiðarljósi. Hagkvæmni á bæði við um framkvæmd ásamt rekstri bygginga. Þannig er Verkhönnun góður kostur þegar kemur að vali á samstarfsaðila.



Áslaug Dagbjört upplýsingaöryggisstjóri Þekkingar.

Umfang netógnna í stafrænum heimi vex á ógnarhraða og er það markmið Þekkingar að bjóða viðskiptavinum ávallt upp á fyrsta flokks öryggislausnir.



Þekking hf. hefur til margra ára þjónustað fjölda stórra og smærri fyrirtækja í smásölu. Hér má sjá Inga Þór Þorvaldsson sem er ásamt öðrum í sérfræðiteymi Þekkingar.

Þekking



Stefán Jóhannesson, framkvæmdastjóri Þekkingar.

Fyrirtækið Þekking hf. var stofnað þann 1. nóvember 1999 af KEA og Íslenska hugbúnaðarsjóðnum, með aðsetur á Akureyri og á því 20 ára afmæli í ár. Fyrirtækið var stofnað upp úr tölvudeild KEA sem var sett á fót árið 1974. Þekking hf. á sér því langa sögu miðað við fyrirtæki á sviði upplýsingatækni.

Gífurlegar breytingar urðu í atvinnu- og viðskiptalífi landsmanna í kringum síðustu aldamót sem höfðu m.a. áhrif á rekstur Kaupfélags Eyfirðinga eins og mörg önnur fyrirtæki. Ráðist var í viðamikla fyrirtækjavæðingu einstakra deilda félagsins og má þar á meðal nefna sjávarútvegsfyrirtækið Snæfell, Sjöfn og Kaffibrennslu Akureyrar. Hluti af þessari þróun var stofnun Þekkingar hf. í samvinnu við Íslenska hugbúnaðarsjóðinn. Frá þessum tíma hefur Þekking hf. eflst enn frekar og þann 1. maí 2001 sameinaðist fyrirtækið við Tristan ehf. sem var stofnað í ágúst 1996 og sérhæfði sig á sviði tölvuþjónustu og ráðgjafar. Fyrrum starfsemi Tristan myndaði kjarnann í því sem varð starfsstöð Þekkingar hf. á höfuðborgarsvæðinu með aðsetur í Kópavogi. Saman mynduðu félögin síðan eitt öflugt fyrirtæki með þjónustu um allt land á sviði kerfisveitu, hýsingar og rekstrarþjónustu undir nafninu Þekking hf.

Í dag er Þekking hf. í eigu KEA og eignarhaldsfélagsins Fjöru sem er í eigu nokkurra fjárfesta. Framkvæmdastjóri er Stefán Jóhannesson og í framkvæmdastjórn sitja auk Stefáns þeir Bjarni Áskelsson fjármálastjóri, Gunnar Ólafsson sviðsstjóri viðskiptaþróunar og Jón Ingi Björnsson sviðsstjóri rekstrar- og þjónustusviðs.

Vinnulag og framleiðsluferli

Þekking hf. hefur, og býður enn, fyrirtækjum upp á alhliða rekstrarþjónustu fyrir tölvukerfi, kerfisleigu, hýsingu, internetþjónustu og gagnaflutninga ásamt ráðgjöf og kennslu. Aftur á móti má nefna að miklar breytingar hafa orðið á upplýsingatækni á þeim árum sem Þekking hf. hefur starfað og hefur fyrirtækið þróast í samræmi við það. Samt sem áður hefur Þekking hf. ávallt haldið í sín grunngildi sem felast í því að fyrirtækið sé óháð, með skýrar áherslur og lipurð í þjónustu. Þekking hf. hefur til margra ára sinnt rekstrarþjónustu en hefur nú stórukið sérfræðiráðgjöf með það til hliðsjónar að aðstoða fyrirtæki og stofnanir við að taka upp og innleiða nýjar lausnir og vinnuaðferðir.

Undanfarin ár hefur landslag á upplýsingatæknimarkaði gjörbreytt, útivistun og sjálfvirkni-væðing hafa breytt starfsumhverfi hefðbundinna tölvudeilda. Með þessu breytta verklagi gefst tölvudeildum aukið rými til að sinna kjarnastarfssemi og eru stjórnendur í stóruaknum mæli að sjá kosti þess að nýta starfsfólk sitt betur með skipulagðri nýtingu skilvirkari upplýsingatækni.



Pekking hf. er einn af aðal stryktaraðilum barna- og unglíngastarfs Golklúbbs Kópavogs og Garðabæjar. Með því vill Pekking leggja sitt lóð á vogarskálamar til að efla hreyfingu og heilbrigði barna og unglínga.

Skipulag og sérstaða

Pekking hf. á rætur sínar að rekja til Akureyrar og þar eru höfuðstöðvar fyrirtækisins auk þess sem það starfar á höfuðborgarsvæðinu. Viðskiptavinir Pekkingar eru um land allt og er mikið lagt upp úr persónulegri þjónustu.

Skipurit félagsins felst í því að undir framkvæmdastjóra falla eftirfarandi svið: fjármálasvið, viðskiptaþróun og rekstrar- og þjónustusvið. Meðal þess sem sviðin bera ábyrgð á eru upplýsingaöryggi, rekstur þjónustuværs, viðskiptastýring, vettvangsþjónusta, kerfisstjórn, stjórn og skipulag innviða og þjónustu og gæðastjórnun.

Sérstaða Pekkingar hf. hefur ávallt falist í því að fyrirtækið sé óháð birgjum og starfi sem óháður samstarfsaðili sinna viðskiptavina. Stefna Pekkingar hf. er byggð á þeirri trú og ekki síst reynslu, að það sé ekki alltaf rétta leiðin fyrir fyrirtæki og stofnanir að velja sér einn birgja eða fyrirtæki þegar kemur að upplýsingatækni. Farsælla sé að velja það besta frá hverjum framleiðanda fyrir sig og búa þar með til tækniúthverfi sem sé sérsníðið að þörfum hvers og eins. Þar kemur Pekking hf. inn í myndina sem sá óháði aðili sem aðstoðar við slíka uppbyggingu enda býr fyrirtækið yfir þéttofnu tengslaneti fyrirtækja í upplýsingatækni.

Framtíðarsýn

Pekking hf. hefur ákaflega skýra framtíðarsýn. Að vera fyrsti valkostur fyrirtækja og stofnana í rekstri upplýsingakerfa og þjónustu við þau. Það hafa opnast algjörlega nýjar leiðir til að láta tæknina vinna fyrir sig og Pekking hf. leggur ríka áherslu á ráðgjöf hvernig megi hámarka árangur með skynsamlegri notkun upplýsingatækni. Það er einnig trú fyrirtækisins að í flóknum heimi tækninnar sé farsælast að leita til óháðra sérfræðinga eins og Pekking hf. býr yfir, sérfræðinga sem geta kallað réttu aðilana og komið með bestu lausnirnar að borðinu, óháð birgjum og vörumerkjum, til að hámarka hagsmuni viðskiptavina. Pekking hf. mun sem alltaf tryggja hlutleysi þar sem einu hagsmunirnir eru árangur viðskiptavinarins.

Aðsetur

Höfuðstöðvar Pekkingar hf. eru við Hafnarstræti 93-95 á Akureyri þar sem starfa ríflega 20 manns auk þess sem tæplega 50 manns starfa hjá Pekkingu hf. í Urðarhvarfi 6 í Kópavogi. Starfsfólk Pekkingar hf. hefur víðtæka reynslu úr atvinnulífinu, hjá fyrirtækinu er m.a. að finna tölvunarfræðinga, viðskiptafræðinga, kvikmyndagerðarfólk, stjórnmálafræðinga, kerfisstjóra og mætti svo lengi telja. Pekking hf. leggur áherslu á þá fjölbreytni og frjóu hugsun sem kemur með fjölbreyttum bakgrunni starfsfólks.





Frá haustráðstefnu Advania.

Advania



Starfsfólk Advania.

Advania er eitt stærsta upplýsingatæknifyrirtæki landsins árið 2021. Það varð til í ársbyrjun 2012 með sameiningu fjölda öflugra fyrirtækja og má því rekja söguna í margar áttir. Fyrstu skrefin voru stigin árið 1939 þegar frumkvöðullinn Einar J. Skúlason stofnaði samnefnt fyrirtæki sem í fyrstu fékkst við viðgerðir á skrifstofubúnaði. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Nú er fyrirtækið hluti af Advania-samsteypunni sem er meðal umsvifamestu upplýsingatæknifyrirtækja á Norðurlöndum. Samstæðan er með 25 starfsstöðvar í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Íslandi. Mikael Noaksson er forstjóri Advania-samstæðunnar og hjá henni starfa um 2500 sérfræðingar. Advania á Íslandi býður alhliða þjónustu á sviði upplýsingatækni. Fyrirtækið veitir viðskiptavinum ráðgjöf, býður stakar lausnir eða samþætta heildarþjónustu.

Stjórnandi og aðsetur

Ægir Már Þórisson er forstjóri Advania á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 sérfræðingar með margvíslegan bakgrunn og sérhæfingu. Höfuðstöðvar eru í Guðrúnartúni 10 í Reykjavík en einnig eru smærri starfsstöðvar vítt og breitt um landið.

Hugmyndafræði og viðskiptavinir

Hugmyndafræði fyrirtækisins snýst um að gera upplýsingatækni mannlega. Sérfræðingar Advania reyna eftir fremsta megni að aðstoða viðskiptavini við að skapa verðmæti með snjallri notkun upplýsingatækninnar. Þeir veita ráðgjöf og finna hentugar lausnir fyrir viðskiptavini óháð framleiðendum. Fyrirtækið smíðar og rekur vefi og vefverslanir, rekur margskonar upplýsingakerfi, fjárhagskerfi og netkerfi og veitir notendum tæknilega aðstoð. Ráðgjöf á sviði upplýsingatækni er sífellt stærri hluti af starfsemi Advania enda kalla örar tækniframfarir á stöðugt endurmat á lausnum.

Meðal viðskiptavina eru stór og smá fyrirtæki og stofnanir bæði á Íslandi og utan landsteinanna.

Starfsemin

Starfsemi Advania skiptist í fjögur tekjusvið; rekstrarlausnir, hugbúnaðarlausnir, sérlausnir og viðskiptalausnir. Sviðin eru leidd af framkvæmdastjórnunum Sigurði Sæberg Þorsteinsyni, Sigrúnu Ámundadóttur, Margréti Gunnlaugsdóttur og Heimi Fannari Gunnlaugssyni. Auk þess eru tvö stoðsvið, Fjármálasvið, sem leitt er af Jóni Brynjari Ólafssyni og Rekstrar og mannauðssvið sem Hinrik Sigurður Jóhannesson stýrir. Fyrir framkvæmdastjórninni fer Ægir Már Þórisson forstjóri.

Alþjóðlegt samstarf

Advania á í nánú samstarfi við fjölmörg alþjóðleg fyrirtæki í upplýsingatækni svo sem Microsoft, Dell, Oracle, Cisco, SAP og Verisign.



Starfsfólk Advania.



Höfuðstöðvar Advania eru í Guðrúnartúni 10 í Reykjavík.



Haustráðstefna Advania í Hörpu.

Þjónustan

Advania rekur einnig eina öflugustu vefverslun landsins með breiðu vöruúrvali frá Dell og HP. Vefverslunin er fyrst og fremst gerð með það í huga að auðvelda fyrirtækjum kaup á tölvubúnaði. Þá rekur Advania einnig viðgerðarþjónustu á tölvubúnaði í Borgartúni í Reykjavík. Á hverju ári heldur Advania veglega haustráðstefnu þar sem fjallað er um spennandi nýjungar í upplýsingatækni. Ráðstefnan hefur verið haldin af Advania og forverum fyrirtækisins í á þriðja áratug og er ein sú elsta sinnar tegundar í Evrópu.

Sérfræðingar Advania reyna eftir fremsta megni að aðstoða viðskiptavini við að skapa verðmæti með snjallri notkun upplýsingatækninnar. Þeir veita ráðgjöf og finna hentugar lausnir fyrir viðskiptavini óháð framleiðendum. Fyrirtækið smiðar og rekur vefi og vefverslanir, rekur margskonar upplýsingakerfi, fjárhagskerfi og netkerfi og veitir notendum tæknilega aðstoð.





Forstjóri Microsoft, Satya Nadella, að kynna lausna-hraðal sem byggir á hugverki Annata.

Annata

Annata ehf. er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi, stofnað árið 2001. Fyrirtækið fór fljótlega að leggja áherslu á þróun lausna byggðum á Microsoft Dynamics AX, í dag Dynamics 365, Power BI og Azure, og umlykjandi tækni sem síðan hefur fest sig í sessi á alþjóðamarkaði innan bíla- og tækjaiðnaðarins. Stofnendur Annata eru þrír og eru þeir enn allir í helstu stjórnendastöðum hjá Annata; Jóhann Ólafur Jónsson, sitjandi forstjóri, Björn Gunnar Karlsson, stjórnarformaður sem og framkvæmdastjóri vöruþróunnar og Birgir Ragnarsson, framkvæmdastjóri rekstrar.

Starfsemin

Annata er traust, íslenskt fyrirtæki sem býr að áratuga reynslu í þróun viðskiptalausna og viðskiptagreindar fyrir fyrirtæki sem sérhæfa sig í innflutningi, sölu, leigu, rekstri og þjónustu bíla, þungavinnuvéla eða annarra dýrra og flókinna tækja. Það er mikil eftirspurn eftir sérhæfðum lausnum innan bíla- og tækjaiðnaðarins og eru tækifærin margvísleg. Í dag er þessi iðnaður að ganga í gegnum meiri breytingar en áður hefur þekkt og munu mörg fyrirtæki í geiranum þurfa að berjast fyrir lífi sínu næstu áratuginna. Það skiptir því miklu máli að geta boðið lausnir sem auðvelda þá stafrænu umbreytingu sem í vændum er og búa fyrirtæki undir að takast á við þær breytingar sem er að vænta á markaði án þess þó að raska núverandi starfsemi þeirra. Á meðal viðskiptavina Annata erlendis má nefna stórfyrirtæki sem og Volvo, Hitachi, Yamaha, Komatsu, CNH, Scania, Honda, o.fl. Rekstrarumhverfi í fyrrgreindum iðnaði var þegar að ganga í gegnum miklar breytingar þegar heimsfaraldur Covid reið yfir og skiptir miklu máli fyrir þau að ná aftur fyrri styrk eins hratt og kostur er. Grundvallaratriðin sem þetta hafði í för með sér voru tvö: óvissan í viðskiptum var aukin, en þörfin til breytinga enn ljósari. Sem afleiðing af þessum aðstæðum hefur Annata kappkostað við að framlengja Microsoft lausnir sínar enn frekar - aðallega innan Dynamics 365 lausnanna - til að bæta ferla í virðiskeðjum þessara fyrirtækja með stafrænum hætti. Mikil þörf er fyrir einfaldari lausnir sem bjóða hagræðingu og stafræna umbreytingu tiltekinna vinnuferla án mikillar fjárfestingar eða áhættu við innleiðingu. Auk þess að veita viðskiptavinum okkar greiðan aðgang að skýjalausnum hefur þetta einnig gert Annata kleift að koma nýjum fyrirtækjum í skýjalausnir, opna á ný viðskiptamódel til að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum, styðja við nýja aðila í iðnaðinum og vinna gegn sterkum samkeppnisáðilum.

Nýnæmi og sérstaða Annata-lausna felst í þeirri virkni og hagræðingu sem lausnirnar bjóða upp á og byggja á Microsoft viðskiptalausnum sem sameina nýjustu Power Platform tæknina og á nýjustu stöðlum fyrir gagnasöfn í bíla- og tækjatengdum iðnaði sem Microsoft gaf út í nánú samstarfi við Annata árið 2019.

Vinnulag og framleiðsluferli

Annata selur lausnir og þjónustu ýmist beint til viðskiptavina eða gegnum alþjóðlegt net samstarfsaðila sem selja eða þjónusta Annata-lausnir á alþjóðlegum markaði. Þetta net samstarfsaðila samanstandur af yfir 50 alþjóðlegum fyrirtækjum og þeirra á meðal eru nokkur



Höfuðstöðvar Annata eru á Íslandi en dótturfyrirtæki Annata eru í Danmörku, Bretlandi, Malasíu, Chile, Bandaríkjunum, Kanada, Japan, Austurríki og á Spáni.

af stærstu ráðgjafafyrirtækjum heims svo sem Microsoft Consulting Services, Avanade, PWC, Hitachi Solutions og KPMG. Annata vinnur mjög náið með Microsoft á sviði viðskiptalausna fyrir bíla- og tækjaiðnað og er eitt örfárna fyrirtækja í heiminum sem Microsoft flokkar sem alþjóðlegan hugbúnaðarframleiðanda Microsoft sérlausna „Global ISV“. Þessi nána samvinna veitir Annata dýrmætan aðgang að þróunar-, markaðs- og söluteymum Microsoft og þýðir að sölunet Microsoft hefur hvata til að selja Annata-lausnir á heimsvísu.

Skipulag og sérstaða

Microsoft valdi Annata úr hópi þúsunda samstarfsaðila sem alþjóðlegan samstarfsaðila ársins 2019/2020 á sviði hugbúnaðar fyrir bíla- og tækjaiðnað, eða Microsoft Automotive Partner of the Year. Fyrirtækið fékk þessa viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í nýsköpun og þróun viðskiptavinalausna byggðum á Microsoft tækni. Aukin áhersla hefur verið á nána markaðssamvinnu með Microsoft og er Annata stefnumótandi samstarfsaðili „Strategic ISV“ innan Microsoft en í því felst sameiginleg sókn Annata og Microsoft inn á þá markaði sem Annata sinnir.

Framtíðarsýn

Í áralangri starfsemi á alþjóðlegum vettvangi hefur Annata séð hvernig kröfur markaðarins fyrir stafræna umbreytingu og samræmingu gagna innan fyrirtækja verða sífellt háværari. Áhrifin af Covid-19 heimsfaraldrinum hraðaði þessari þróun enn frekar. Framleiðendur jafnt sem sölu- og þjónustuaðilar sem glíma nú við lægð eða jafnvel hrun á markaði þurfa nauðsynlega að hagræða og fá betri lausnir og gögn til að gera starf sitt markvissara. Oft var þörf en nú er nauðsyn að skipta út hvers konar pappírdrifnum ferlum yfir í stafrænar lausnir. Með því móti verða til gögn sem nýtast öllum þessum aðilum til umbóta á viðkomandi vinnuferlum og beinskeyttari markaðssetningar til tekjuöflunar. Annata mun halda áfram að vinna náið með Microsoft og koma með nýstárlegar lausnir á markað fyrir bíla- og vinnutækjaiðnaðinn og auka fótspor Dynamics um allan heim.

Aðsetur og mannauður

Höfuðstöðvar Annata eru á Íslandi en starfsstöðvar Annata eru í Danmörku, Bretlandi, Malasíu, Chile, Bandaríkjunum, Kanada, Japan, Austurríki, Brasilíu, Mexíkó, Póllandi og á Spáni. Starfsmenn Annata eru í kringum 200 en á Íslandi starfa yfir 40 manns, en meirhluti starfsfólks Annata er starfandi á starfsstöðvum erlendis, þær stærstu í Bretlandi og Malasíu.

Velta og hagnaður

Annata hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin og skilað góðri afkomu. Árin 2017-2019 réðst fyrirtækið í umtalsverðar fjárfestingar með kaupum á fyrirtæki í Bretlandi, útvíkkun á starfsemi í Japan og lagði töluvert í fjárfestingar vegna þróunar á kjarnavörum til að festa sig frekar í sessi sem leiðandi fyrirtæki á sviði hugbúnaðarlausna fyrir bíla- og vélageirann. Þessar fjárfestingar hafa allar borið góðan ávöxt en árið 2020 var afkoma félagsins góð þrátt fyrir erfiðleika vegna heimsfaraldursins. Árangur ársins 2020 hefur haldið áfram inn í árið 2021 sem stefnir í að verða eitt besta ár í sögu félagsins.



EVE Online.

CCP



Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri.

Árið 1997 stofnaði Reynir Harðarson CCP ásamt Ívari Kristjánssyni og Þórólfi Beck. Eitt fyrsta verkefnið var að gefa út Hættuspilið, sem varð fljótlega eitt mest selda borðspil Íslandssögunnar. Fjármagnið sem fékkst úr sölu á Hættuspilinu var síðan sett í þróun á fyrstu skrefum tölvuleiksins EVE Online. EVE Online er fjölspilunarleikur (MMO) sem gerist í geimnum í framtíðinni og hefur ýmsa óvenjulega eiginleika eins og að hafa algjörlega frjálsan markað með vörur og hráefni sem er rekinn af spilurunum sjálfum ásamt því að hafa þá uppsetningu að allir leikmenn spila í sama heimi, eða svokallað „single shared universe“. EVE var þrjú ár í forframleiðslu og þrjú í framleiðslu og kom leikurinn út 6. maí 2003. Reksturinn var lengi vel mikið hark og var t.d. ekki hægt að greiða laun starfsmanna í nokkra mánuði þegar fyrirtækið var ennþá ungt.

Áskrifendahópur EVE stækkaði þó hröðum skrefum og sex árum eftir útgáfu leiksins var EVE Online kominn með fjölmennara hagkerfi en Ísland, með yfir þrjú hundruð þúsund þátttakendum. Árið 2006 var síðan opnaður nýr netþjónn þegar leikurinn var gefinn út í Kína. Það gekk á ýmsu við að koma getu fyrirtækisins á þann stað að geta haldið utan um svona stórt hagkerfi. Árið 2005 þurfti fyrirtækið t.a.m. að fá undanþágu frá Pentagon, varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna, til að flytja út tölvubúnað sem hafði aldrei verið notaður af óbreyttum borgurum en var nauðsynlegur til að geta eflt netþjóna og gagnagrunn fyrirtækisins. Í dag hafa um 9,5 milljón sálir spilað þetta íslenska hugverk sem er EVE Online og yfir 40 milljón manns prófað einhverjar af vörum fyrirtækisins. Íslensk fingraför eru sjáanleg víða í leiknum, bæði í nöfnum á geimskipum og stjörnukerfum en einnig kröftuglega í þeirri staðreynd að gjaldmiðillinn sem spilararnir nota heitir ISK, sem stendur fyrir InterStellar Kredit. EVE Online er stærsta vara fyrirtækisins og hefur haft öflugan og tryggan kúnnahóp síðan árið 2003.

CCP hefur gefið út fleiri leiki og má þar t.a.m. nefna fyrstu persónu skotleikinn Dust 514 sem var gefinn út fyrir Playstation árið 2013 en þar var rudd tæknibraut þegar leikurinn var tengdur við PC-leikinn EVE og leikmenn gátu spilað á milli þessara leikja og leikjakerfa. CCP hefur einnig þróað sýndarveruleikaleiki sem nutu töluverðrar hylli, eins og EVE Valkyrie, Gunjack 1 og 2 og íþróttaleikinn Sparc. Gunjack var um tíma mest seldi sýndarveruleikaleikur í heimi.

Starfsemi og starfsfólk

Í dag starfa 277 manns hjá fyrirtækinu. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Reykjavík en þar er jafnframt stærsta skrifstofan með 225 starfsmenn og eru 60% þeirra Íslendingar en aðrir starfsmenn eru frá 28 löndum sem eru gjarnan mikilvægir sérfræðingar með þekkingu sem erfitt getur verið að finna á heimamarkaði. Megnið af starfsemi skrifstofunnar í Reykjavík varðar rekstur og þróun á EVE Online leiknum. CCP er einnig með skrifstofur í London og Shanghai og minni starfstöðvar í Bandaríkjunum og Vestmannaeyjum og á Akureyri.

Hilmar Veigar Pétursson er í dag framkvæmdastjóri fyrirtækisins og hefur verið það síðan



CCP stofnendur í Bláa Lóninu í þá daga.



Stofnendur CCP stilla sér upp við Bláa Lónið.

Framhald á næstu opnu →

2004 en frá árinu 2000 gegndi hann starfi tæknistjóra og sinnti hann um tíma báðum störfum samtímis. Sigurður Stefánsson er fjármálastjóri fyrirtækisins en hann kom til CCP frá Lazy Town. Erna Arnardóttir er mannauðsstjóri fyrirtækisins, Eyrún Jónsdóttir er markaðsstjóri og James Debrowski leiðir vörubrún. Saman mynda þessir fimm einstaklingar stjórnendateymi CCP.

Tekjur, áhrif á heiminn og sala fyrirtækisins

Í dag þjónustar CCP yfir milljón viðskiptavini á ári, en árið 2019 spiluðu um 1,3 milljón einstaklingar EVE Online. EVE Online hefur á 16 árum þénað um 96 milljarða króna inn í íslenskt hagkerfi. Sérfræðingar hafa bent á að þetta sé ein besta ávöxtun á kílóvattstund sem finnst í íslenska hagkerfinu þar sem framleiðsla leiksins gengur að mjög takmörkuðu leyti á endanlegar náttúruauðlindir og byggir þekkingarmargfaldera inn í hagkerfið á meðan. CCP hefur líka reynst vera mikil landkynning fyrir Ísland enda eru vörur fyrirtækisins vel þekktar í tölvuleikjaiðnaðinum sem er orðinn stærri en kvikmyndaiðnaðurinn og tónlistariðnaðurinn til samans. Sem dæmi um þetta má nefna að MoMA-safnið í Bandaríkjunum tók EVE Online inn sem hluta af „permanent collection“ safni sínu árið 2013 sem ómetanlegt menningarframlag Íslendinga til veraldarinnar.

CCP var mestan hluta sögu sinnar í eigu hóps fjárfesta og starfsmanna og má þar helst nefna bandarísku fjárfestingarsjóðina General Catalyst og New Enterprise Associates (NEA) ásamt íslenska fjárfestingarfélaginu Novator. Fyrirtækið var hins vegar selt í heilu lagi til suður-kóreska leikjafyrirtækisins Pearl Abyss árið 2018. Áhersla Pearl Abyss er að gera góða tölvuleiki og sérstaklega að efla lykilveru CCP, EVE Online, enn frekar. CCP er því í dag sjálfstætt starfandi dótturfélag Pearl Abyss og eru höfuðstöðvar fyrirtækisins áfram í Reykjavík þar sem þær hafa alltaf verið en CCP flutti inn í nýjar höfuðstöðvar sínar, Grósku í Vatnsmýrinni, í febrúar 2020.

Rannsóknarstarf & þekkingaruppbygging

CCP hefur lengi verið segull á rannsóknir á fræðasviðinu ásamt því að vera óhrætt við að prufukeyra nýja tækni á ýmsum sviðum. Dæmi um slíkt er að með Project Discovery verkefninu var próteinatlas mannsins kortlagður með hjálp spilara í EVE Online. Þetta reyndist vera svo mikið afrek að þann 9. september 2018 var EVE Online á forsíðu Nature Biotechnology, sem er elsta og mest tilvitnaða vísindatímarit sögunnar. Í næsta Project Discovery, sem er samstarfsverkefni fjölda mennta- og rannsóknarstofnana, eru leikmenn EVE að leita að plánetum sem kunna að vera fýsilegar fyrir mannlegt líf til að þrífast.

CCP hefur lagt mikla áherslu á að efla tæknikunnáttu á Íslandi og tók fyrirtækið meðal annars þátt í því að styðja við microbit-verkefnið til að efla forritunarþekkingu grunnskólanema. CCP hefur einnig greitt fyrir stöðu í Háskólanum í Reykjavík til að efla þar kennslu í hátækni ásamt því að stunda margvíslegt samstarf með Háskóla Íslands enda er stefnan með nýjum höfuðstöðvum fyrirtækisins að geta aukið samstarfið við háskólasamfélagið enn betur. Mikilvægasta framlag fyrirtækisins til þekkingaruppbyggingar á Íslandi er þó líklegast



Starfsfólk CCP

Sýndarveruleiki

Þekkingin sem starfsmenn fyrirtækisins hljóta enda hafa fyrrum og núverandi starfsmenn CCP stofnað tugi nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi á undanförunum árum.

CCP byggði líka upp mikla þekkingu í þróun á sýndarveruleikalausnum. Þekkingin var orðin svo mikil að stærstu skjá kortaframleiðendur heims, AMD og Nvidia, sendu teymi til Íslands til að fá ráðgjöf hjá fyrirtækinu um hvernig ætti að smíða næstu kynslóð skjá korta. Við þróun á sýndarveruleika braut fyrirtækið marga múra og fékk t.d. þrjú einkaleyfi við þróun á síðustu vöru sinni á þessu sviði, raflífróttaleiknum Sparc.

Ekki er óalgengt að starfsmenn CCP hafi farið til stærstu tæknifyrirtækja í heimi eftir störf hjá CCP og síðan snúið aftur heim með mikilvæga þekkingarmargfaldara fyrir hagkerfið. Má þar nefna fyrirtæki eins og Google, Facebook, Microsoft, Nvidia, EA Games og fleiri.

Framtíðarsýn

CCP er nú komið í öflugt samstarf við nýju kóresku eigendurna, Pearl Abyss, og nýtur góðs af þekkingu og reynslu þess fyrirtækis. Stefnt er á mikla sókn inn á nýja markaði með EVE Online en hún hófst í lok 2019 með endurútgáfu á leiknum í Suður-Kóreu sem heppnaðist svo vel að á aðeins einum mánuði urðu Kóreubúar þriðji stærsti kúnnahópur CCP.

Árið 2020 er síðan stefnt að umfangsmikilli endurútgáfu leiksins á Kínmarkað. Þá er verið að koma EVE meira inn á snjallsímamarkaðinn með útgáfu á svokölluðu „companion app“ sem kallast EVE Portal og hefur gengið vel og mun stækka að umfangi árin 2020 og 2021. Að lokum má nefna að í gangi eru viðræður um að gera sjónvarpsþátt í Kína þar sem EVE-heimurinn er sögusviðið.

Langtímamarkmiðið er að EVE „lifi að eilífu“ en framkvæmdastjóri CCP, Hilmar Veigar Péturson, telur að mest spennandi tímar fyrirtækisins séu framundan. Árin 2018 og 2019 réðst fyrirtækið í umfangsmiklar rannsóknir á því hvernig vinátta verður til í tölvuleikjum og hvaða hæfileika og þekkingu vörur CCP byggja upp hjá viðskiptavinum þess. Þessar niðurstöður verða nýttar til frekari uppbyggingar og hafa nú þegar leitt til samstarfs við Háskóla Íslands í rannsóknum og kennslu, áætlanum um að auka hlut kvenna sem notenda, eflingar á djúpum tengingum á milli spilara í leikjum CCP og svo mætti áfram telja.

Fleiri stór verkefni eru í farvatninu hjá CCP. Má þar helst nefna tölvuleikinn EVE Echoes en stefnt er að útgáfu hans árið 2020. EVE Echoes er útgáfa af EVE Online fyrir farsíma. Verkefnið er uppskera af margra ára góðu samstarfi við kínverska fyrirtækið NetEase.

Slagorð CCP hefur lengi verið „Making virtual worlds more meaningful than real life“, sem útleiggst: Að smíða sýndarveruleikaheima sem eru tilgangsríkari en raunveruleikinn. Hilmar Veigar telur að fyrirtækið hafi styrkt stöðu sína undanfarin ár með þekkingu og vaxandi tæknigetu og aldrei stæði nær markmiðinu. Til að mynda hafi í raun enginn utan CCP skilið það almennilega, fyrr en rannsóknir fyrirtækisins sýndu fram á það með afgerandi hætti, hversu mikilvægar félagslegar tengingar, sterka vináttu og gagnlega hæfileika eins og þrautseigju og rekstrarþekkingu er hægt að mynda í gegnum EVE Online.



Mikil bróun í sýndarveruleika

Hilmar Veigar orðar þetta sjálfur svona: „Ef við horfum til sögu okkar Íslendinga þá er ljóst að það hefur alltaf verið mikill metnaður til þess að skapa ríkulega heima og upplifanir. Snorra-Eddu mætti t.d. lýsa sem leikjahönnunarhandriti, það er einfaldlega skrifað nákvæmlega þannig. Byggt á ríki sagnahefð, sem Íslendingar hafa þróað allt frá Snorra-Eddu og inn í skáldverk nútímans, hefur CCP metnað fyrir því að taka þetta stærsta skáldverk Íslandssögunnar, EVE Online, sem nær tíu milljón manns hafa tekið þátt í, og láta það dýpka enn þau áhrif sem íslensk skáldverk hafa haft á heimssöguna. Metnaður okkar nær til þess að koma leiknum upp á þann stall að það sem gerist í EVE Online hefur meiri áhrif á líf fólks heldur en það sem gerist á plánetunni jörð!“





Framkvæmdastjórn Controlant á 15 ára afmælisári félagsins 2022. Frá vinstri: Martin Thaysen, Guðmundur Árnason, Vally Helgadóttir, Gísli Herjólfsson, Elín María Björnsdóttir, Erlingur Brynjúlfsson og Anna Karlsdóttir.

Controlant

Controlant er framsækið hátæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í tæknilausnum sem tryggja gæði viðkvæmra vara í flutningi og draga úr sóun á lyfjum og matvælum.

Controlant var stofnað árið 2007 en rætur þess má rekja til samstarfs og vináttu frumkvöðla sem kynntust í verkfræðideild Háskóla Íslands nokkrum árum fyrr. Frumkvöðlarnir fengu vini sína til liðs við sig og stofnuðu þeir fimm saman fyrirtækið Controlant árið 2007.

Saga Controlant hófst í Háskóla Íslands

Upphafsár Controlant mörkuðust af tilraunum stofnendanna bæði við að þróa lausnina og einnig að finna út hvernig hún myndi nýtast sem best. Þessar tilraunir leiddu þá m.a. út í byggingariðnaðinn og matvælageirann en áherslan var ávallt sú sama að þróa og framleiða þráðlausa skynjara sem gefa upplýsingar í rauntíma.

Þegar svínafleusufaraldurinn skall á árið 2009 kom þessi tækni sér vel við að vakta bóluefnið gegn flensunni sem var viðkvæmt fyrir hitastigsbreytingum. Fyrsta stóra verkefni Controlant, sem einnig markaði innkomu þess í lyfjageirann var því samningur við Landlækni um að vakta bóluefnin sem komu til Íslands. Sama ár vann Controlant Gulleggið, sem er stærsta frumkvöðlakeppni Íslands og tryggði sér í kjölfarið fjármögnun til að styðja við frekari vöxt fyrirtækisins.

Controlant hélt áfram að þróa lausn sína í takt við tækniþróun og þarfir viðskiptavinna sinna og árið 2017 var tekin ákvörðun um að leggja áherslu á lyfjageirann og á það að fá stærstu lyfjaframleiðendur heims í viðskipti.

Lausn Controlant kom að góðum notum í lyfjageiranum og árið 2019 var fyrirtækið komið í viðskipti við flest af stærstu lyfjafyrirtækjum heims, þar á meðal Pfizer sem er stærsta lyfjafyrirtæki í heimi. Þegar að heimsfaraldurinn skall á 2020 gegndi Controlant lykilhlutverki í dreifingu og geymslu COVID-19 bóluefnis Pfizers og vakti árangurinn í dreifingunni mikla athygli í lyfjageiranum en 99,998% bóluefnisins komst heilt á áfangastað sem er áður óþekktur árangur.

Ævintýrlegur vöxtur í kjölfar heimsfaraldurs

Í kjölfar samningsins við Pfizer um að vakta dreifingu á COVID-19 bóluefninum stækkaði Controlant hratt. Í árslok ársins 2019 störfuðu rétt rúmlega 50 manns hjá fyrirtækinu en í árslok 2021 voru þeir orðnir 350 talsins. Á árinu 2021 tífölduðust tekjur félagsins og námu 68 milljónum Bandaríkjadala.

Nú, 15 árum eftir að Controlant var stofnað af 5 vinum sem deildu brennandi áhuga á nýsköpun og tækni er Controlant orðið að leiðandi hátæknifyrirtæki á sínu sviði með 370 starfsmenn og starfsstöðvar á Íslandi, Bandaríkjunum, Póllandi, Danmörku og Hollandi.



Lausn Controlant er þrískipt og skiptist í skynjara, hugbúnað og þjónustu. Skynjarinn er þráðlaus og sendir upplýsingar í rauntíma um gæði og staðsetningu vörunnar í hugbúnaðarlausn Controlant sem gerir viðskiptavininum kleift að nálgast gögn í rauntíma. Auk þessa býður Controlant upp á vöktunarþjónustu svo hægt sé að fylgjast með flutningi vörunnar í rauntíma og gripa inn í ef þörf er á.



Gísli Herjólfsson, forstjóri Controlant tekur við Útflutningsverðlaunum forseta Íslands árið 2021 á Bessastöðun frá Guðna Th Jóhannessyni, forseta.



Upphaf Controlant má rekja til verkfræðideildar Háskóla Íslands þar sem leiðir Gísla Herjólfssonar og Erlings Brynjúlfssonar lágu saman.

Viðskiptavinir og framtíðarsýn

Viðskiptavinir Controlant eru lyfja-, matvæla- og flutningafyrirtæki á heimsvísu. Daglega vakta lausnir Controlant viðkvæman og verðmætan varning út um allan heim og koma þannig í veg fyrir sóun og auka sjálfbærni en framtíðarsýn Controlant er að útrýma sóun í verðmætustu virðiskeðjum heimsins með hugvit og tækni að leiðarljósi.

Stofnendur Controlant taka við Nýsköpunarverðlaunum Íslands árið 2020.

Frá vinstri: Atli Þór Hannesson, Stefán Karlsson, Gísli Herjólfsson, Erlingur Brynjúlfsson og Þórdís Kolbrún R. Gyllfadóttir ráðherra nýsköpunarmála. Fimmti stofnandi Controlant, Trausti Þórmundsson er ekki á myndinni.





Hluti af starfsfólki dk hugbúnaðar.

dk hugbúnaður



Guðmundur Breiðdal, Dagbjartur Pálsson, Magnús Pálsson og Brynjar Hermannsson.



dk hugbúnaður, fyrirtæki ársins hjá VR. Frá vinstri: Ragnar Þór Ingólfsson og Dagbjartur Pálsson.

Hugbúnaðarfyrirtækið dk hugbúnaður ehf. framleiðir og selur viðskiptakerfi fyrir allar greinar atvinnulífsins. Viðskiptahugbúnaðurinn er alíslenskur hugbúnaður, þróaður og smíðaður frá grunni af starfsmönnum dk. Hann er séría af alls kyns samverkandi kerfum og er sérlega hentug heildarlausn fyrir íslensk fyrirtæki. Hugbúnaðurinn er afar einfaldur í uppsetningu og notkun og með honum fylgja full uppsett fyrirtækjaform sem hvert um sig inniheldur tilbúinn bókhaldslykil með tengingum við undirkerfi, uppsettan rekstrar- og efnahagsreikning ásamt sundurliðunum og sjóðstreymi.

dk

dk býður upp á allar algengustu kerfiseiningarnar eins og fjárhags-, viðskiptamanna-, lánadrottna-, innkaupa-, sölu-, birgða-, verk- og launakerfi. Auk þess býður það upp á úrval sérlausna fyrir ýmsar tegundir fyrirtækja, s.s. almenn þjónustufyrirtæki, verslanir, veitingahús, hótél og gististaði, stéttarfélag, sveitarfélag, endurskoðunar- og bókhaldsfyrirtæki, útgerðir, fiskvinnslur og framleiðslufyrirtæki svo eitthvað sé nefnt. Auk þess hefur dk smíðað önnur kerfi, bókonarvélur, vefsíður og vefþjónustur fyrir fyrirtæki og stofnanir. Einnig býður dk upp á alls kyns sérlausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja. Í öllum kerfiseiningum dk eru að finna öflug greiningartól, hvort sem unnið er með fjárhag, viðskiptamenn, lánadrottna, sölu, birgðir, innkaup, verk eða laun. Greiningarvinnslurnar virka frá upphafi og ekki er þörf á langri og erfiðri uppsetningarvinnu með tilheyrandi tilraunum og prófunum.

Áskrift

Vinsælt er orðið að vera með dk viðskiptahugbúnaðinn í áskrift en þá er greitt mánaðarlegt gjald fyrir hugbúnað, uppfærslur- og þjónustugjöld. Þá velja alltaf fleiri og fleiri að hafa hugbúnaðinn í hýsingu eða í skýinu en dk hugbúnaður er með öfluga hýsingardeild og rekur skýjaþjónustu fyrir stór og smá fyrirtæki. dk er stærsti hýsingaraðili SPLA-Microsoft lausna á Íslandi.

Skýjaþjónusta dk

Með því að notast við skýjaþjónustu dk eru fyrirtæki að tryggja sér aukið rekstraröryggi. Afritataka er alfarið í höndum dk og allur vélbúnaður sem og kerfissalur dk uppfyllir ströngustu skilyrði um gagnatengingar, vararafstöðvar, aðgangsstýringar, vírusvarnir og bruna- og vatnslekavarnir, auk þess að vera undir stöðugu eftirliti fagmanna allan sólarhringinn.

Stofnun dk hugbúnaðar

dk hugbúnaður var stofnaður 1. desember 1998 af þeim Brynjari Hermannssyni, Dagbjarti Pálssyni, Magnúsi Pálssyni, Guðmundi Breiðdal og nokkrum fjárfestum. Þeir ákváðu að hanna bókhalds- og hótélkerfi. Í upphafi var sú ákvörðun tekin að smíða skattframtalsforrit fyrir endurskoðendur og bókara. Þeir fjórmenningar héldu síðan fyrstu kynninguna á

dk viðskiptahugbúnaðurinn.



skattaframtalinu í sal Vinstri grænna í húsakynnum Strætós í Hafnarstræti 1 þar sem fullt var út úr dyrum og hleypa þurft inn í hollum. Í framhaldi af skattaframtalskerfinu kom svo dk viðskiptahugbúnaðurinn.

Staðan í dag

Nú rúmum 22 árum síðar er fyrirtækið orðið stórt og raunar eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins en það hefur vaxið að jafnaði um 15% ár hvert. Stefnt er að því að fyrirtækið vaxi áfram með sama hraða næstu ár. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan fyrirtækið hóf starfsemi í litlu skrifstofunni í Hafnarstræti 1 fyrir rúmum tveimur áratugum en núna eru höfuðstöðvar dk staðsettar í turninum á Smáratorgi og einnig er útibú í Hafnarstræti á Akureyri. Um 7.000 fyrirtæki hér á landi nota hugbúnað frá dk, þar af um 4.800 sem nýta sér skýjalausnir dk sem setur dk í 1. sæti hvað vinsældir varða.

Starfsmenn

Hjá dk starfa þrautreynt og öflugt lið vel menntaðra einstaklinga en starfsmenn dk eru orðnir um 70 og þar af 8 hjá útibúi fyrirtækisins á Akureyri. Starfsmenn veita hraða, nákvæma og örugga meðhöndlun upplýsinga sem er lykilþáttur í rekstri fyrirtækja og er ráðandi, jafnt við daglega stjórnun sem og stefnumótandi ákvarðanir. Starfsmenn dk veita aðstoð við úttekt á þörfum fyrirtækja og gefa góð ráð við endurskipulagningu þeirra. Markmið starfsmanna dk er að viðskiptavinir fyrirtækisins njóti bestu lausna og þjónustu hverju sinni.

Stöðug þróun

dk viðskiptahugbúnaður er í stöðugri þróun í takt við nýja tíma og nýjungar í allri nútímatækni. Hann hefur breyst mikið frá því hann kom fyrst á markaðinn, ekki sist eftir snjalltækjabyltinguna. Hugbúnaðurinn virkar á snjallsímum og spjaldtölvum. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar úr kerfinu í gegnum vafra.

Ný útgáfa „dk 5.0“

Ný útgáfa af dk viðskiptahugbúnaði kom út á árinu 2021. Útgáfa 5.0 inniheldur nýtt útlit sem er töluvert frábrugðið því sem hefur verið ráðandi síðustu 20 ár. Í þessari útgáfu hefur nýtt notendaviðmót verið tekið upp og er val um hvort aðalvalmynd kerfisins sé föst vinstra eða hægra megin á skjánum eða fljótandi eins og hún hefur verið í gegnum árin. Lögð er meiri áhersla á tækjastiku kerfisins sem aðlagar sig að þeim töflum og kerfiseiningum sem unnið er með hverju sinni. Allar aðgerðir eru sýnilegri en áður og útlitið nútímalegra. Einnig geta notendur aðlagð kerfið að sínum þörfum. Nú þegar hefur stór hópur tekið nýju útgáfuna í notkun og hún fengið mjög jákvæðar undirtektir.



Höfuðstöðvar dk hugbúnaðar eru staðsettar í Turninum við Smáratorg í Kópavogi.



Starfsmannahópur Dohop er fjölbjóðlegur. Þar starfa nú um 60 manns frá 11 þjóðlöndum.

Dohop



Davíð Gunnarsson framkvæmdastjóri, dregur út vinningshafa í nafnspjalda-happdrætti í Íslandsheimsókn erlendra samstarfsaðila Dohop.



Ragnar Jónsson kynnir niðurstöður verkefnis um notkun gervigreindar til að spá fyrir um kauphegðun.

Dohop var stofnað árið 2004, en á þeim tíma voru svokölluð laggjaldaflugfélög óðum að verða stærri hluti af flugi í heiminum en þau höfðu áður verið. Fram að því höfðu þau staðið utan við hinar hefðbundnu flugleiðir sem stóru flugfélögin markaðsetja. Dohop gerði mögulegt að tengja saman ólíkar flugleiðir og gat boðið viðskiptavinum sínum upp á ýmsa möguleika til að komast á áfangastað á hagstæðara verði. Til þess að svo mætti verða þurfti að kaupa gögn varðandi áætlanir flugfélaganna til að geta í framhaldinu miðlað þeim möguleikum sem sköpuðust við að tengja saman gríðarlegan fjölda flugáætlaða og geta þar með boðið notendum Dohop upp á að sníða sín ferðaplön að eigin þörfum á betra verði á skjótan og öruggan hátt.

Árið 2009 leit út fyrir að flestir Íslendingar vissu um tilvist Dohop þótt vissulega hafi verið þörf fyrir að markaðsetja félagið enn betur, einkum þó á erlendum mörkuðum. Dohop náði t.d. að tvöfalda þann fjölda sem nýtti sér þjónustu félagsins á árunum milli 2009 og 2010 og svo aftur á milli 2010 og 2011. Það voru að stærstum hluta farþegar frá Íslandi.

Hugbúnaður

Dohop er þó miklu fremur hugbúnaðarfyrirtæki en ferðaskrifstofa. Tæknin byggir á upplýsingum um öll farþegaflug og jafnvel önnur flug í heiminum sem er blandað saman eftir ákveðnu regluverki og hugbúnaðurinn finnur út ýmsar ólíkar tengileiðir til hinna ýmsu áfangastaða í heiminum með útreiknuðum tengitíma og sú niðurstaða er síðan birt á vefsíðu fyrirtækisins. Að auki tengist Dohop beint við flugfélögin til að fá upplýsingar um verð og flugáætlanir. Þetta gefur margháttða ferðamöguleika fyrir notendur þjónustunnar.

Sagan

Í raun má skipta sögu Dohop í tvo hluta. Fyrri hlutinn gerist á árunum 2004-2014 þar sem áherslan var mest á að þjónusta viðskiptavini á Íslandi í gegnum vefsíðuna dohop.is; en í dag og má segja frá ársbyrjun 2015 þegar Davíð Gunnarsson tók við sem framkvæmdastjóri þá var settur kraftur í að þjónusta flugfélög með því að nýta sömu grunntækni til að hjálpa flugfélögum að selja tengiflug í gegnum þeirra eigin vefsíður. Það er fyrst og fremst viðskiptamódel fyrirtækisins í dag.

Árið 2014 hófst samstarf við Gatwick-flugvöll í Lundúnum sem vildi fá aðstoð við að selja tengiflug þar sem þeir voru að þjónusta mörg laggjaldaflugfélög og í framhaldi af því fór Dohop að vinna með easyJet árið 2017. easyJet er eitt af stærstu flugfélögum í heimi og smám saman vatt þetta upp á sig og félagið fór að vinna beint með sífellt fleiri flugfélögum. En áföllin létu ekki standa á sér því í ársbyrjun 2020 gekk COVID-19 faraldurinn yfir heimsbyggðina og setti heldur betur strik í reikninginn fyrir farþegaflug í heiminum. Dohop tókst með herkjum að lifa af það gríðarlega högg sem dundi á.

Davíð segir flugbransann vera afar lifandi og skemmtilegan en hann verður þó oft fyrir skakkaföllum. Þrátt fyrir að COVID-19 sé að mestu um garð gengið þá eru sum lönd ennþá



Starfsmenn í heimsókn í Hvalasafninu að loknum stefnumótunardegi.

með strangar takmarkanir og ekki orðinn sami erill í farþegaflugi og var áður en bylgjan fór af stað. Sem dæmi má nefna að flug milli heimsálfa ennþá nokkuð skert; er rétt svo helmingurinn af því sem það var áður og svo kom Úkraínustríðið með tilheyrandi olúkreppu. Þannig að farþegaflug í heiminum hefur þurft að þola miklar sveiflur í gegnum tíðina.

Mannauður

Dohop hefur í dag á að skipa einum 60 starfsmönnum sem flestir vinna á Íslandi og vegna eðlis flugsamgangna þá þarf að hafa fólk á ýmsum stöðum í heiminum og á sama hátt eru starfsmenn af ólíku þjóðerni. Dohop rekur sömuleiðis þjónustuver til að þjónusta viðskiptavini sína sem áður var staðsett í Úkraínu en vegna aðstæðna í dag þá var nauðsynlegt að auka þjónustu frá öðrum löndum, m.a. Búlgaríu, Indlandi og Fillippseyjum, en þar eru samtals 50 manns að störfum. Fjöldi bókana á mánuði er á bilinu 20 til 25 þúsund, en það er ekki í gegnum vefsíðuna sjálfa heldur í gegnum flugfélögin sem Dohop er í beinu samstarfi við. Mikil vörubrúun og hugbúnaðarþróun á sér stað innan veggja fyrirtækisins og má sem dæmi nefna að vefsíðan dohop.is hefur hlotið verðlaun sem nefnast „World's Leading Flight Comparison Website“ ein sex ár í röð.

Starfsmannastefnan svarar kröfum nútímans svo ekki sé sterkara að orði kveðið. Hver og einn starfsmaður ber ábyrgð verkefnum sínum og sum eru þess eðlis að hægt er að vinna þau hvaðan sem er á hvaða tíma sem er. Allt byggist á trausti og færni hvers og eins metin að verðleikum.

Framtíðarsýn

Fyrirtækið er í stöðugri þróun og markviss uppbygging á sér stað þar sem verið að skapa hugbúnað, störf og tækni til framtíðar.

Afkoma

Velta á milli ára hefur verið rúmlega milljarður og að sögn framkvæmdastjórans er Dohop ekki að skila hagnaði þrátt fyrir að tekjurnar séu góðar, enn sem komið er.



Birgir Jónsson og Jonathan Ayache kynna framtíðarsýn Play og Lift í Íslandsheimsókn samstarfsaðila Dohop.



Vinningsliðið í árlegu „hackathon“ þar sem allir leggja niður dagleg störf í nokkra daga og vinna að nýsköpun.



Góð stemning í höfuðstöðvum Dohop.



Steinar Ingi Farestveit.



Anna Signý Guðbjörnsdóttir.



Daði Ingólfsson.

Kolibri



Skúli Valberg Ólafsson, framkvæmdastjóri.



Guðjón Guðjónsson.

Hugbúnaðarfyrirtækið Kolibri hjálpar fyrirtækjum og stofnunum að beisla óvissuna og þróa stafrænar lausnir sem bæta þjónustu upplifun viðskiptavina til muna. Á sama tíma er lögd áhersla á að einfalda og auka virðissköpun fyrirtækjanna. Til þess að ná árangri er Kolibri óhrætt við að gera tilraunir og nota framsækin vinnubrögð sem skilað hafa árangri hjá grasrótarfyrirtækjum víða um heim. Markmið lausnanna er alla jafna að bæta aðgengi, spara tíma og auka á lífsgæði fólksins sem veitir og þiggur þjónustuna. Sérfræðingar Kolibri á sviði notendaránnsóknna, hönnunar og hugbúnaðargerðar auk sérhæfðra fagstjóra, móta lausnir í nánu samstarfi við viðskiptavini fyrirtækisins. Oftar en ekki er unnið í langtíma samstarfi sem byggir á opnum samskiptum, trausti og virðingu fyrir fólki og umhverfi. Kolibri hefur starfað með mörgum af öflugustu fyrirtækjum og stofnunum landsins og eru lausnir fyrirtækisins rómaðar og margverðlaunaðar. Tilurð Kolibri til þrettán ára, má rekja til samruna hugbúnaðarfyrirtækjanna Spretts ehf. og Marimó ehf. og síðar hönnunarstofunnar Form5 ehf. Fyrirtækin voru stofnuð af hópum sérfræðinga með framsækið hugarfar og frumherja í nútímalegum vinnubrögðum við stjórnun, hönnun og hugbúnaðargerð, s.s. Agile, Lean og hönnunarhugsun. Sérfræðingar Kolibri hafa haldið fjölmörg námskeið og vinnustofur um fagleg vinnubrögð og nútímalega og framsækna stjórnunarhætti - sem eru sérkenni fyrirtækisins. Kolibri stofnaði m.a. ráðstefnurnar Lean Ísland og Agile Ísland og er leiðandi á sviðum þeirra aðferða. Vinnubrögð fyrirtækisins eru í stöðugri þróun með það að markmiði að auka samstarf, skilvirkni, hraða, gæði og starfsánægju.

Frumkvöðlar

Á meðal frumkvöðla fyrirtækisins má nefna hóp fyrrverandi starfsfólks OZ.com þau Dísu Anderiman, Ara Viðar Jóhannesson, Dr. Guðjón Guðjónsson, Ian McAdam og Jarl Stefánsson sem auk Þórðar Rúnars Magnússonar voru stofnendur Marimó. Stofnendur Spretts voru þeir Guðlaugur Stefán Egilsson, Petar Kostadinov Shomov og Pétur Orri Sæmundsen sem ásamt Daða Ingólfssyni og síðar Erni Haraldssyni gengu til liðs við Kolibri. Pétur var framkvæmdastjóri fyrirtækisins til loka ársins 2015, en þá tók Ólafur Örn Nielsen við framkvæmdastjórn í kjölfar sameiningar við Form5 og gekk til liðs við Kolibri ásamt Steinari Inga Farestveit. Skúli Valberg Ólafsson, sem hafði verið stjórnarformaður Kolibri frá 2019, tók við framkvæmdastjórn. Ari Viðar stofnaði hugbúnaðarfyrirtækið Andes ehf árið 2019, ásamt Petar, Kolibri og Ský 9, o.fl. Þeir Guðlaugur og Dr. Guðjón eru á meðal reyndustu hugbúnaðarsérfræðinga Kolibri. Daði stýrir hugbúnaðargerð Kolibri og Steinar Ingi fer fyrir hönnun fyrirtækisins. Friðrik Runólfsson er tæknistjóri, Unnur Halldórsdóttir sér um fjármál og þau Anna Signý Guðbjörnsdóttir og Baldur Kristjánsson leiða notendahönnun, stefnumótun og ráðgjöf. Svava Bjarnadóttir er stjórnarformaður Kolibri en ásamt henni sitja þau Guðný María Jóhannsdóttir, Ari, Guðjón og Daði í stjórn.



Friðrik Runólfsson.



Guðlaugur Egilsson.



Unnur Halldórsdóttir.

Stjórnskipulag

Stjórnskipulag Kolibri byggir á Holacracy, sem einkennist af skýrum hlutverkum og ábyrgðar sviðum, gagnsæi og stöðugri aðlögun í stað hefðbundins skipurits þar sem allt starfsfólk tilheyrir einni deild og einum yfirmanni. Holacracy hefur náð fótfestu í stærri og smærri fyrirtækjum víðsvegar um heiminn, þar á meðal á Íslandi. Hugmyndin kom fram á sjónarsviðið árið 2007, frá frumkvöðlinum Brian Robertson. Stjórnskipulaginu er ætlað að leiða til aukinnar skilvirkni, lipurðar, gegnsæis, ábyrgðar, aukinnar þátttöku og nýsköpunar starfsfólks innan skipulagsheildarinnar. Reynsla Kolibri af Holacracy stjórnskipulagi hefur leitt í ljós að það hentar hugverkafyrirtækjum afar vel og fellur að viðhorfi Íslendinga almennt til stjórnunar og opins upplýsingaflæðis. Mikilvægt hefur reynst að menning fyrirtækisins sé jafnframt byggð á djúpu og gagnkvæmu trausti starfsfólks og virðingu fyrir einstaklingum og umhverfi, sem stjórnskipulagið styður og endurspeglar.

Mannauður og aðsetur

Kolibri hefur haft á bilinu 20 til 30 háskólamenntaða sérfræðinga við störf undanfarin ár. Menntun starfsfólks er almennt á sviði tölvunarfræði, verkfræði, hönnunar og viðskipta. Velta fyrirtækisins hefur verið að jafnaði á fimmta hundrað milljón krónur og afkoma jákvæð. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Borgartúni 26 í Reykjavík, en starfsfólk hefur sveigjanleika í vinnutíma og nýtingu á samskiptatækni við að vinna heima við eða frá starfsstöð erlendis.

Verkefni

Kolibri er virkur þátttakandi í tímamótaverkefni um Stafrænt Ísland, sem snýst um að auka og efla þjónustu við fyrirtæki og almenning, byggja og styrkja stafræna innviði og stuðla að auknum samrekstri hins opinbera. Á meðal annarra stærri nýsköpunarverkefna má nefna samstarf um stafræna vegferð tryggingafélagsins TM og samstarf við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga um stafræn umsóknarferli borgara. Stafræn þjónusta er í auknum mæli að verða sjálfsgöð gæði í nútíma samfélagi, á sama tíma og ný ábyrgð fylgir; að hlúa stöðugt að hagsmunum og velsæld notenda. Eftirspurn eftir faglegri þjónustu á þessu sviði fer stöðugt vaxandi á Íslandi sem og um allan heim. Hugrekki, ástríða, forvitni, gagnrýn hugsun og varkárni þurfa að fara saman á þessari vegferð.

Stafræn framþróun, aukin velsæld

Ríkjandi í sýn Kolibri er að stafræn framþróun snúist um fólk. Þannig mynda vinnubrögð, aðferðir, þekking, reynsla og hugarfar starfsfólks leiðir til að draga fram það besta í fólki og fyrirtækjum með hagnýtingu stafræna lausna. Allt miðar þetta að því að auka velsæld fólks í starfi, lífi, samfélagi og umhverfi svo komandi kynslóðir megi efla lífsgæði sín og njóta stöðugt heilbrigðara samfélags.



Baldur Kristjánsson.



Ari Viðar Jóhannesson.



Starfsmenn LS Retail á góðri stund.

LS Retail



Kristján Jóhannsson, CCO.



Daði Kárason, CTO.



Hlynur Elísson, CFO.

LS Retail ehf. varð til sem sjálfstætt fyrirtæki árið 2007 þegar þróunardeild Landsteina Strengs klauf sig frá móðurfyrirtækinu. Forsagan nær allt aftur til 1986 þegar hugbúnaðar-fyrirtækið Strengur hóf vinnu við aðlögun og þróun danska Navigator hugbúnaðarins fyrir íslenskan markað. Navigator er forveri Microsoft Dynamics Business Central sem er grunnstoð starfsemi LS Retail. Landsteinar komu til sögu skömmu síðar og hösluðu sér fljótlega völl á alþjóðavísu. Landsteinar og Strengur sameinuðust árið 2003 og voru þá í raun samkeppnisaðilar, en eftir sameininguna varð smám saman til hugbúnaður, byggður á bestu kostum lausna frá báðum fyrirtækjum. Þegar LS Retail varð til árið 2007 var þegar til staðar mjög frambærileg hugbúnaðarlausn og gott net samstarfsaðila víðs vegar um heiminn.

Í stuttu máli má segja að saga fyrirtækisins frá árinu 2007 hafi snúist um að bæta við úrvalið af lausnum, uppfæra þær stöðugt og síðast en ekki síst fjölga samstarfsaðilum á heimsvísu. Það hefur skilað einstökum árangri, og LS Retail er margverðlaunaður samstarfsaðili Microsoft á sínu sviði. Það vakti athygli á Íslandi árið 2009 er Microsoft keypti verslunarlausnina LS Retail fyrir AX, en LS Retail hélt sínu striki og bætti enn í ef eitthvað var.

Nokkrir aðilar hafa komið við eigendasögu LS Retail. Þeirra helstir eru ALMC Holding (áður Straumur-Burðarás) og Anchorage Capital. Núverandi eigendur, bandaríska fyrirtækið APTOS, sem er hluti af eignasafni fjárfestingabankans Goldman Sachs, keypti LS Retail snemma árs 2021.

Aðalsteinn Valdimarsson var um hríð starfandi forstjóri og stjórnarformaður LS Retail á upphafsárum fyrirtækisins. Magnús Norðdahl tók við sem forstjóri árið 2010 og gegndi því starfi um 11 ára skeið, en skipurit fyrirtækisins breyttist nokkuð við yfirtöku APTOS. Pete Sinisgalli frá APTOS er forstjóri, en daglegum rekstri stýra Kristján Jóhannsson, framkvæmdastjóri sölu og markaðssviðs (CCO), Daði Kárason, framkvæmdastjóri þróunarsviðs (CTO), og Hlynur Elísson framkvæmdastjóri fjármála (CFO). Svæðisstjórar (VP) eru þeir: Carsten Wulff (Evrópa), Waddah Laham (MEA og Indland), Qiping Sun (APAC) og Eric Miller (Ameríka).

Núverandi stjórnarformaður fyrirtækisins er David Bertolino, fjármálastjóri Aptos, og meðstjórnandi er Amy Krawczyk, lykilstjórnandi í fjármálateymi APTOS.

Til gamans má geta þess að LS Retail hefur allt frá árinu 2008 fengið fjölda viðurkenninga frá Microsoft, fyrir góða frammistöðu við sölu lausna sem byggja á tækni frá Microsoft. Einnig ber að nefna að fyrirtækið hefur undanfarin fjögur ár í röð hampað titilinum Fyrirtæki ársins á Íslandi í sínum flokki. Sú útnefning byggir á árlegri könnun á vegum VR.

Vinnulag og framleiðsluferli

LS Retail hefur frá upphafi einbeitt sér að þróun og sölu hugbúnaðar fyrir verslanir og veitingarekstur. Megináherslan hefur verið á lausnina LS Central og forvera hennar sem



conneXion í Hörpu 2022, Daði Kárason, CTO.



Forseti Íslands ræðir við heimamenn við opnun skrifstofu LS Retail í Dubai.

Framhald á næstu opnu →

er byggð á viðskiptakerfinu MS Dynamics Business Central (áður Navision og NAV). LS Central hentar vel fyrir margs konar rekstur auk smásölu og veitingareksturs. Til dæmis eru í boði séraðlaganir fyrir apótek, hótél, bensínstöðvar og ferjarekstur. Styrkur kerfisins felst öðru fremur í því að það er heildstætt – engin þörf að samþætta sérkerfi fyrir birgðahald, afgreiðslukassa eða annað.

Þróunarstarf innan LS Retail fer fram í teyimum sem sérhæfa sig í ofangreindum hugbúnaði, en innan teymanna eru undirteymi sem þróa tiltekna þætti lausnanna. Einkum á þetta við um LS Central. Þar eru sérstök teymi t.d. innan veitingareksturs, birgðastjórnunar, greiðslulausna og gervigreindar (AI), sem nýtist m.a. við að spá fyrir um söluhorfur og birgðabörð. LS Retail fylgist vel með öllum nýjungum og vinnur stöðugt að því að mæta kröfum markaðarins. Þróun kerfanna fer fram á skipulegan hátt – skv. vel skilgreindum aðferðum við verkefnastjórnun þar sem tilgreind eru markmið, vinnuferli og niðurstaða. Í tilfalli LS Central fylgir þróunarstarfið ætíð í kjölfar Microsoft, þar sem grundvöllurinn er MS Business Central. Þannig koma nú út nýjar útgáfur LS Central um það bil á mánaðarfresti í takti við útgáfurnar frá Microsoft. Samlegðaráhrif eru einnig til staðar á vissum sviðum, t.d. varðandi þróun og aðlögun greiðslulausna, sem nýtast öllum kerfunum sem LS Retail býður uppá. Til þróunardeildar heyrir einnig teymi sem sinnir tæknilegri þjónustu til handa samstarfsaðilum.


Fyrirtækið starfrækir að auki öfluga ráðgjafadeild sem kemur að ýmsum verkefnum í samvinnu við samstarfsaðila þar sem krafist er sérþekkingar, svo sem við flóknar innleiðingar, sérsníðin lausna á tilteknum sviðum auk þjálfunar- og fræðslustarfs.

Skipulag og sérstaða

Þétt net samstarfsaðila um allan heim hefur frá upphafi verið lykillinn að útbreiðslu hugbúnaðar frá LS Retail. Nokkur samstarfsfyrirtækjanna hafa verið hluti af LS Retail fjölskyldunni frá því fyrir síðustu aldamót. Eftir því sem samstarfsaðilum fjölgar á heimsvísu hefur spurn eftir því að tengjast þessu neti aukist, en það er sýnd veiði en ekki gefin, enda miklar kröfur gerðar til þeirra sem sækja um að ganga til liðs við LS Retail.

Hluti af þjónustu LS Retail við þessa aðila er að efna til ýmissa viðburða þar sem m.a. eru kynntar helstu nýjungar sem eru á döfinni og tækifæri gefst til að ræða samstarfið. Stærstur viðburðanna er árleg ráðstefna, conneXion, þar sem koma saman samstarfsaðilar, viðskiptavinir og starfsfólk LS Retail. Yfir 500 manns mættu á ráðstefnunna sem var haldin í maí 2022 í Hörpu. Um þessar mundir eru um 400 hugbúnaðarfyrirtæki í 90 löndum víðs vegar um heiminn í samstarfi um sölu og þjónustu kerfa frá LS Retail. Þúsundir hafa sitt lífibrauð af því að selja og þjónusta þennan hugbúnað, svo það er hvort tveggja áskorun og heiður að sjá til þess að þetta fólk hafi réttu vörurnar og njóti þeirrar þjónustu sem þarf til. Lagaumhverfi og kröfur varðandi verslunarrekstur eru margvíslegar frá landi til lands, þannig að það er í mörg horn að líta varðandi staðfæringu kerfanna.

Meginsérstaða LS Central hugbúnaðarins, flaggskipis LS Retail, hefur lengi verið sú að kerfið



Waddah Laham-VP MEA og Inland.

Qiping Sun, CP APAC.



Carsten Wulff, VP Evrópu.

Eric Miller, VP Ameríku.



David Bertolino, stjórnarformaður.

Amy Krawczyk stjórnarkona.



Sigurður Ari Sigurjónsson og Sveinn Áki Lúðvíksson, núverandi og fyrrverandi sviðsstjórar fyrir Ísland.



Hluti af þróunarstarfi, daglegir fundir.



conneXion 2022, starfsmenn LS Retail skeggræða við samstarfsaðila.



Bás LS Retail NRF í New York 2019.



Hluti af þróunarstarfi, daglegir fundir.

uppfyllir grunnþarfir í verslunarrekstri eitt og sér. Þetta eykur öryggi, einfaldar viðhald og þjónustu og minnkar hættu er á bilunum. Sama tækni og viðmót blasir við notendum gegnum allt ferlið, sem auðveldar þjálfun starfsmanna.

Sveigjanleiki hefur einnig verið nefndur til sögu. Hugbúnaðurinn hentar jafnt fyrir eina verslun allt upp í heilu keðjunar. Þannig er hægt að höfða til fólks með háleit markmið um að byrja smátt en færa svo út kvíarnar. Engin þörf er fyrir að skipta um kerfi á miðri leið.

Undanfarin ár hefur mikið kapp verið lagt á að fylgja kröfum nútímans um hugbúnað í „skýinu“. Nú þegar er LS Central í boði sem skýjalausn í yfir 40 löndum, og á álíka mörgum tungumálum. Þessu fyrirkomulagi fylgir breytt útgáfuferli þar sem gefa þarf út sérpakka fyrir öll löndin og einnig færast sala leyfa að miklu leyti í áskrift. Innviðir eru enn ekki til staðar fyrir skýjalausnir um allan heim svo að áfram verður í boði að fá staðbundnar útgáfu, útgáfur fyrir skýið eða blöndu af hvoru tveggja.

Um mitt ár 2022 voru hugbúnaðarlausnir frá LS Retail í notkun í 83,000 verslunum og veitingastöðum í um 150 löndum um allan heim. Meðal viðskiptavina á Íslandi eru Bónus, Krónan, Leifsstöð, Lyf og heilsa, OLIS, Miklatorg (IKEA) og ÁTVR. Á alþjóðavettvangi má nefna vörumerki á borð við adidas, SPAR, DFDS, Scandlines, AS Roma, REMA 1000, JYSK, Plantorama, Juventus, Apoteksgruppen, Victoria's Secret, Davidoff, Juventus og svo mætti lengi telja. Sumir viðskiptavinir kjósa nafnleynð og það ber að sjálfsgöðu að virða.

Framtíðarsýn

Þegar COVID-19 brast á af fullum þunga vöknuðu margar spurningar um hugsanleg áhrif til framtíðar á verslun og þjónustu, og hvernig hægt væri að bregðast við. LS Retail stóð að mörgu leyti vel að vígi þegar fyrstu áhrifin raungerðust hjá verslunum og veitingastöðum: Netverslun margfaldaðist, heimsendingar sömuleiðis, auk þess sem snertilaus viðskipti breiddust út um allan heim. Allt þetta var þegar í boði hjá fyrirtækinu, og áfram verður unnið að því að tvinna saman stafrænar og hefðbundnar lausnir. Ómannaðar verslanir með hugbúnaði frá LS Retail hafa þegar verið opnaðar. Snjalllausnir á borð við ScanPayGo appið, þar sem viðskiptavinir skanna sjálfir með símanum þær vörur sem þeir hyggjast kaupa, snertiskjáiir sem einkum eru ætlaðir fyrir skyndibitastaði, skemmtigarða, söfn og slíkan rekstur eru einnig hluti af framtíðarsýn LS Retail. Allt miðar þetta að því að upplifun neytenda verði heildstæð, og markmiðið er að vera í forstuhlutverki með tækninýjungar hverju sinni.

Aðsetur

Höfuðstöðvar LS Retail voru í upphafi í Ármúla 7, þar sem Landsteinar Strengur voru til húsa og naut fyrirtækið í upphafi góðs af samstarfi við fyrri eigendur, t.d. varðandi almennan rekstur skrifstofu, mötuneyti og tæknipjónustu. Árið 2010 flutti LS Retail flutti í nýtt húsnæði að Katrínartúni 2 (Höfðatorg) og þar voru höfuðstöðvarnar næstu árin uns þrengja tók að með fjölgun starfsmanna. Fyrirtækið flutti síðan árið 2017 í efstu 4 hæðir Norðurturns verslunarkjarnans Smáralindar að Hagasmára 3, Kópavogi.



Aðalskrifstofa LS Retail.



Bás LS Retail á NRF ráðstefnunni í New York 2019.

Frá upphafi sögu LS Retail hefur hluti starfsmanna verið búsettur erlendis, auk þess sem margir hafa verið á faraldsfæti við þjálfun og uppsetningar víða um lönd. Fyrir um áratug var staðan orðin sú að hyggilegast var að skipta heiminum í fjögur svæði og byggja þar upp starfsemi undir yfirstjórn svæðisstjóra. Svæðisskrifstofurnar eru í Atlanta, Dubai og í Singapore. Nokkru síðar bættist við þjónustu- og þróunarteymi með aðsetur í Kuala Lumpur, en nýjasta útibú LS Retail er í Porto. Starfsfólk LS Retail er búsett víða um lönd og gerir út þaðan. Þegar ástand var sem verst vegna COVID-19 unnu flestir að heiman og þótti það gefast ágætlega enda flestir þá þegar alvanir fjölþjóðlegu samstarfi gegnum stafræna tækni. Starfsfólk getur áfram fengið að vinna heima samkvæmt samkomulagi við stjórnendur.

Mannauður og starfsmannafjöldi


Við stofnun LS Retail voru starfsmenn rétt innan við 40 talsins. Langflestir þeirra unnu við þróun hugbúnaðar, enda ýmis rekstrarþjónusta þá enn fengin frá LandsteinumStreng. Fjöldi starfsmanna fór yfir 100 snemma árs 2013 og hefur fjölgun verið nokkuð stöðug eftir því sem starfsstöðvum og samstarfsaðilum hefur fjölgað. Um mitt ár 2022 voru starfsmenn 310 talsins af um 30 þjóðernum. Yfir 90 prósent starfsmanna er með háskólagráðu og rúmlega þriðjungur starfsmanna eru konur. Nokkru eftir stofnun fyrirtækisins var stefnan mörkuð til framtíðar og einkunnarorðin sem starfsmenn völdu sjálfir eru: Nýsköpun, heilindi og valdefling. Fyrirtækið hefur hlotið Jafnlaunavottun og hefur markað skýra og afdráttarlausa stefnu gegn áreitni, ofbeldi og einelti.

LS Retail hefur um árabíl átt gott samstarf við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands, og hefur nemendum þaðan boðist að vinna að verkefnum sem tengjast starfsemi LS Retail beint eða óbeint. Margir af þessum nemendum hafa síðar komið til starfa hjá fyrirtækinu og staðið sig afburðaveil. Fyrir á árinu hleypti LS Retail af stokkunum verkefninu Framtíðarleiðtogar, sem miðar að því að styrkja afburðanemendur úr minnihlutahópum sem stunda nám í tölvunarfræði sérstakan stuðning, m.a. með því að greiða skólagjöld og bjóða sérfræðiaðstoð við verkefnavinnu.

Velta og hagnaður

Fyrstu árin eftir stofnun LS Retail árið 2007 gekk reksturinn bærulega, en vissulega setti hrun á fjármálamörkuðum skömmu síðar strík í reikninginn, eins og hjá svo mörgum. Sala LS Retail fyrir AX til Microsoft árið 2009 var þrýðileg búbot fyrir fyrirtækið og blés byr í seglin. Í kjölfarið var sett upp fimm ára áætlun um að auka tekjurnar úr fimm í 50 milljónir Evra. Sú áætlun gekk eftir og fjölgun verslana, afgreiðslukassa og notenda hefur verið stöðug. undanfarin. Velta og framlegð hefur stöðugt aukist á síðustu árum og framlegð hefur oftar en ekki farið fram úr áætlunum. Velta ársins 2022 er um 66 milljónir Evra og framlegðin er mjög góð eins og síðustu ár, sem telst mjög góður árangur á COVID-19 tímum.

LS Retail hefur alla tíð notið góðs af samstarfi við íslensk fyrirtæki sem eru óhrædd við að prófa nýjungar og standa framarlega í tæknimálum. Þótt markaðurinn sé lítill á Íslandi gefur hann góðar vísbendingar um stefnur og strauma. Þrátt fyrir góða stöðu á alþjóðamarkaði eru enn mörg vígi óunnin og ekkert sem bendir til annars en að full ástæða sé til bjartsýni um áframhaldandi vöxt LS Retail.



Þróun sölu 2014-2021. Verslanir, afgreiðslukassar, notendur.



Starfsfólk á starfsdegi í Hljómahöllinni 2018.

Meniga



Stofnendur Meniga með fulltrúum fyrstu fjárfestanna í júní 2013. Efst frá vinstri: Kolbrún Jónsdóttir, fv. frkvstj. Kjölfestu, Eggert Claessen, fv. frkvstj. Frumtaks, Ásgeir Örn Ásgeirsson, Georg Lúðvíksson og Viggó Ásgeirsson.



Stofnendur og fyrsti starfsmaður Meniga árið 2009. Efst frá vinstri: Viggó Ásgeirsson, Ásgeir Örn Ásgeirsson, Georg Lúðvíksson og Tinna Karen Gunnarsdóttir.

Meniga var stofnað árið 2009 af frumkvöðlunum Georgi Lúðvíkssyni, Ásgeiri Erni Ásgeirssyni og Viggó Ásgeirssyni. Hugsjón stofnendanna var frá upphafi að byggja upp alþjóðlegt fyrirtæki sem hefði það að markmiði að hjálpa fólki að stýra heimilisfjármálunum sínum og gera þau einfaldari og skemmtilegri og nýta til þess nýjustu tækni í hugbúnaðargerð. Stofnendurnir þrír starfa allir enn hjá fyrirtækinu, Georg er forstjóri, Ásgeir Örn tæknistjóri og Viggó stýrir starfsemi fyrirtækisins á Íslandi. Fyrsti starfsmaður fyrirtækis og ofurforritarinn, Tinna Karen Gunnarsdóttir starfar líka enn hjá Meniga eins og margir af fyrstu starfsmönnum, t.d. Áslaug Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri innleiðingaþjónustu, sem ber ábyrgð á að afhenda hugbúnað fyrirtækisins til alþjóðlegra fjármálastofnana. Fyrsti viðskiptavinur Meniga var Íslandsbanki og var heimilisfjármálalausnin *meniga.is* opnuð í samstarfi við bankann á stofnári fyrirtækisins 2009 og í kjölfarið í samstarfi við Arion banka og Landsbankann í ársbyrjun 2010. Meniga hlaut strax frá byrjun mjög góðar viðtökur á Íslandi og hefur allar götur síðan notið mikillar velvildar.

Vorið 2010 fjárfesti íslenski fjárfestingasjóðurinn Frumtak í Meniga, sem gerði fyrirtækinu kleift að opna söluskrifstofu í Stokkhólmi. Það leiddi til þess að Meniga náði að selja hugbúnað sinn til tveggja meðalstórra skandinavískra banka, Skandiabanken í Noregi og Svíþjóð og Säastöpankilitto í Finnlandi árið 2011. Í framhaldi af því óx Meniga hratt í Evrópu. Í ársbyrjun 2014 flutti Meniga sölu- og markaðsstarfsemi sína til London, miðstöðvar fjármálataekni í Evrópu, og í janúar 2016 voru höfuðstöðvar fyrirtækisins fluttar til Bretlands. Í ársbyrjun 2019 keypti Meniga svo sænska fjártækniyrirtækið Wrapp og varð þar með leiðandi í sölu og markaðssetningu endurgreiðslutilboða á Norðurlöndum. Í dag er Meniga leiðandi í þróun og sölu heimilisfjármálahugbúnaðar og nýrrar kynslóðar hugbúnaðar fyrir net- og farsímabanka fjármálastofnana um allan heim. Hugbúnaður Meniga hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar hérlendis sem erlendis.

Sagan

Meniga er alþjóðlegt fjártækniyrirtæki með 160 starfsmenn og starfsstöðvar í 7 löndum, Turninum í Kópavogi, Varsjá í Póllandi, Stokkhólmi í Svíþjóð, London í Englandi, Singapúr, Barcelona á Spáni og New York í Bandaríkjunum. Hugbúnaður Meniga hefur verið innleiddur hjá yfir 160 fjármálastofnunum og er aðgengilegur 100 milljónum manna í meira en 30 löndum. Meðal viðskiptavina eru margir stærstu bankar heims, þeirra á meðal Unicredit, Swedbank, BPCE, Santander, Commerzbank, ING Direct og Intesa Sanpaolo.

Tekjur og vöruframboð Meniga hafa vaxið jafnt og þétt frá stofnun og viðskiptavinum fjölgað ár frá ári. Í dag er Meniga leiðandi fyrirtæki í heiminum í þróun og sölu heimilisfjármálahugbúnaðar og eru viðskiptavinir fyrirtækisins margir af stærstu og framsæknustu bönkum heims. Yfir 90% af tekjum Meniga koma frá erlendum fjármálastofnunum, oftast bönkum, sem semja við Meniga um afnotagjöld af hugbúnaði sem þeir síðan leyfa viðskiptavinum sínum að nota. Þessir bankar geta boðið netbankanotendum sínum að nýta alla helstu virkni Meniga.



Þórhildur Birgisdóttir, framkvæmdastjóri mannaúðs.



Vöruþróunarteymið að störfum.

Hjá Meniga starfar öflugur og samhentur hópur sérfræðinga í hugbúnaðargerð, vöruþróun, gagnagreiningum og fjártækni. Starfsfólkið brennur fyrir þá hugsjón að hjálpa fólki að öðlast fjárhagslegt öryggi og þróa gagnadrifnar hugbúnaðarlausnir með framúrskarandi notendaviðmóti. Landsmönnum stendur til boða að nýta sér lausnir Meniga gjaldfrjálst á vefnum meniga.is og í Meniga appinu fyrir iPhone og Android síma. Sömuleiðis býðst fyrirtækjum á Íslandi að kaupa markaðsgreiningar sem byggja á neyslu tugþúsunda Íslendinga og bjóða þeim sérsniðin tilboð gegnum fríðindakerfi Meniga og Íslandsbanka. Gagnavörur Meniga byggja á ópersónugreinanlegum upplýsingum úr gagnagrunnum fyrirtækisins.

Markmið Meniga er að hjálpa fólki að öðlast fjárhagslegt öryggi.

Lausnirnar

Meniga þróar hugbúnað fyrir net- og farsímabanka fjármálastofnana og hjálpar þeim að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi netbankaþjónustu. Vörur Meniga eru fyrst og fremst ýmis konar heimilisfjármálhugbúnaður. Meniga kerfið flokkar allar færslur af reikningum og greiðslukortum sjálfkrafa, setur upp sjálfvirka fjárhagsáætlun og bókhald og gerir fólki kleift að setja sér fjárhagsleg markmið með einföldum og skilvirkum hætti.

Jafnframt hefur Meniga þróað fríðindakerfi sem gerir bönkum mögulegt að bjóða viðskiptavinum sínum sérsniðna afslætti af verslun og þjónustu. Nýjasta afurð Meniga reiknar svo út áætlað kolefnisfótspor notenda út frá neyklusögu þeirra. Hægt er að kynna sér vörur og þjónustu Meniga á alþjóðlegum vef fyrirtækisins www.meniga.com

Fjárfestar og mannaúður

Meniga hefur notið dyggs stuðnings fjárfesta en stærstu hluthafar fyrirtækisins auk stofnenda eru íslensku fjárfestingasjóðirnir Frumtak og Kjölfesta, hollenski fjárfestingasjóðurinn Velocity og sænski fjárfestingasjóðurinn Industrifonden. Mesta gæfa Meniga og stærsti lykillinn að velgengni fyrirtækisins er þó mannaúðurinn en Meniga hefur í gegnum tíðina laðað til sín framúrskarandi og vel menntað starfsfólk. www.meniga.is



Meniga hefur í gegnum tíðina laðað til sín framúrskarandi og vel menntað starfsfólk.



Skrifstofa Meniga í miðborg Varsjár.

Hugbúnaður Meniga hefur verið innleiddur hjá yfir 160 fjármálastofnunum og er aðgengilegur 100 milljónum manna í meira en 30 löndum.



Frá vinstri: Ásdís Guðjónsdóttir, Bergþóra Þorvaldsdóttir, Torfi Helgi Leifsson, Nökkvi Pálmason (sitjandi), Einar Hjaltason, Þorsteinn Guðmundsson, Steinar Logi Sigurðsson (sitjandi) og Guðmundur Ingvar Sveinsson

Ljósmyndir: Hafdís H. Einarisdóttir @h4fdís

Netorka



Netorka hf. er hlutafélag í eigu dreifiveitna raforku á Íslandi. Netorka hóf núverandi starfsemi árið 2005 til að bregðast við nýjum raforkulögum frá árinu 2003. Í lögnum var kveðið á um aðskilnað flutnings- og dreifikerfa annars vegar, sem sérleyfi þarf til að reka, og hins vegar framleiðslu og sölu á raforku sem fer fram í samkeppnisrekstri. Netorku var og er ætlað að annast lögbundnar skyldur dreifiveitna í markaðsvæddu umhverfi og vera nokkurskonar reiknistofa fyrir raforkufyrirtækin.

Starfsemi

Kjarnastarfsemi Netorku felst í að safna, vinna úr og miðla mæli- og uppgjörsgögnum fyrir íslenskan raforkumarkað ásamt því að halda utan um samskipti dreifiveitna þegar notandi skiptir um raforkusala. Netorka hefur vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ISO27001:2013 staðlinum.

Velta

Tekjur Netorku byggjast að verulegu leyti á þjónustusamningum við dreifiveiturnar en einnig hefur Netorka tekjur af ýmsum öðrum verkefnum.


Starfsfólk og aðsetur

Starfsmenn Netorku voru í upphafi 5 talsins en núverandi starfsmannafjöldi er 8 og er fyrirtækið staðsett í Hafnarfirði.

Mæligögn raforku

Gagnagrunnar Netorku hafa að geyma upplýsingar um alla raforkunotkun á Íslandi fyrir utan stóriðju frá árinu 2005. Einnig hefur Netorka yfir að ráða upplýsingum um framleiðslu allra virkjana og varavéla sem ekki eru tengdar beint við flutningskerfi Landsnets.

Lesið er af öllum rafmagnsmælum landsins á að minnsta kosti árs fresti og á það aðallega við um heimili og smærri fyrirtæki. Öll stærri fyrirtæki og nokkrir minni notendur eru með tímamælda notkun á raforku, en þá skrái rafmagnsmælirinn notkun notandans á klukkutíma fresti. Algengast er að dreifiveiturnar sjái um að safna þessum upplýsingum sjálfar frá rafmagnsmælinum einu sinni á sólarhring og skrá þær í sín kerfi, en Netorka býður dreifiveitum líka upp á þá viðbótarþjónustu að safna þessum gildum beint frá mælum dreifiveitnanna og skrá í gagnagrunna sína. Með þessu móti losnar dreifiveitan við daglega umsýslu við söfnunina. Eftir að dreifiveiturnar hafa fengið gögnin til sín frá rafmagnsmælunum, bæði þau sem eru skráð árlega sem og á hverri klukkustund, eru þau send áfram í gagnagrunn Netorku á sjálfvirkan hátt. Netorka miðlar þeim daglega til raforkusöluvyrirtækja og annarra aðila en einnig á sér stað margskonar vinnsla með gögnin og útreikningar sem nauðsynlegir eru fyrir aðila raforkumarkaðarins. Miðlun raforkumæligagna til þriðja aðila er einnig viðbótarþjónusta hjá Netorku sem auðveldar raforkusólum eða gagnavinnsluvyrirtækjum að nálgast raforkugögn



Vikunotkun raforku á landsvísu

Vetrarvika

Sumarvika

Síðasta vika



Vikunotkun raforku á landsvísu netorka.is



gegn umboði viðskiptavinar. Þetta nýta bæði raforkusöluþyrntækin sér, þegar þau gera tilboð í raforkunotkun og þurfa að fá yfirlit raforkunotkunar og einnig gagnavinnsluþyrntækin, til að geta sótt raforkumæligögn viðskiptavina sinna til frekari greiningar og vinnslu.

Söluaðilaskipti

Söluaðilaskipti eiga sér stað þegar notandi skiptir um raforkusala. Almennum notanda er heimilt að segja upp raforkusölusamningi við söluþyrntæki með þriggja vikna fyrirvara á gildistíma hans, sem taki þá gildi um næstu mánaðamót. Ef raforkusölusamningi er sagt upp minna en þrem viknum fyrir mánaðamót þá taka söluaðilaskiptin gildi eftir líðandi mánuð að viðbættum þeim næsta.

Netorka sér um alla vinnslu og samskipti við raforkusala sem eiga sér stað vegna söluaðilaskipta, fyrir hönd allra dreifiveitnanna.

Söluaðilaskipti geta einnig átt sér stað við notendaskipti (nýr notandi flytur inn/út úr húsnæði), en þá þarf viðkomandi söluþyrntæki að senda inn tilkynningu til Netorku áður en flutningur á sér stað. Að öðrum kosti fer salan á söluaðila til þrautavara, en það er sá söluaðili sem Orkustofnun hefur valið ef notandi velur sér ekki sjálfur raforkusala við flutninginn.

Algengast er þó að viðskiptavinur og raforkusali hafi stofnað til formlegs viðskiptasambands og í þeim tilfellum fylgir raforkusalinn viðskiptavininum við flutning.

Raforkuspár

Landsnet ber ábyrgð á að alltaf sé til reiðu sú raforka sem þarf hverju sinni. Til þess að þetta sé hægt þarf að spá fyrir um hver raforkunotkunin verður á hverjum tíma því raforku þarf að framleiða jafnóðum og hennar er þörf. Öll söluþyrntækin, eða jöfnunarábyrgir, þurfa að senda Landsneti spá um hversu mikla raforku þau telja að þau muni selja á hverjum klukkutíma. Ef spáin er of há, þurfa söluþyrntækin að selja orku á svokölluðu jöfnunarorkuverði en ef spáin er of lág þurfa þyrntækin að kaupa orku.

Netorka hefur yfir að ráða öflugu raforkuspákerfi sem raforkusöluþyrntækin geta nýtt sér til að sjá fyrir raforkunotkun sinna viðskiptavina á öllum dreifiveitusvæðum.

Raforkumæligögnin sem notuð eru við gerð raforkuspáanna eru bæði söguleg gögn um raforkunotkun og veðurspár frá nokkrum veðurspárþjónustum á Norðurlöndum. Einnig nýtir kerfið sér upplýsingar um frídaga og helgar því raforkunotkunin á landinu er mjög breytileg eftir því hvaða dagur er.



Mínar síður á netorka.is





Origo



Höfuðstöðvar Origo að Borgartúni 37.

Origo er upplýsingatæknifyrirtæki með djúpar rætur í íslensku samfélagi og má rekja forsögu þess allt til ársins 1899. Origo varð til árið 2018 við samruna Nýherja, TM Software og Applicon.

Starfsemi og dótturfélög

Meginstarfsemi félagsins fer fram á Íslandi en starfsstöðvar Origo og dótturfélaga eru einnig í Svíþjóð, Serbíu og Póllandi.

Í dag eru viðskiptavinir Origo samstæðunnar rúmlega 30.000, hérlandis og erlendis.

Origo býður upp á öflugt lausnaframboð fyrir lítil, meðalstór og stór fyrirtæki. Allt frá búnaði, stafrænni umbreytingu, kerfisrekstri og þjónustu að upplýsingaöryggi, ERP og BI, ásamt stafrænum heimi. Ennfremur býður Origo upp á sérhæfðara lausnaframboð fyrir banka, mannauðsdeildir, ferðaiðnaðinn, orkugeirann og heilbrigðisstofnanir.





Framhald á næstu opnu →

Hlutverk

Origo er þjónustufyrirtæki og býður upp á heildarlausnir á sviði upplýsingatækni. Hlutverk félagsins er að aðstoða viðskiptavinum sína til þess að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðipækkingu starfsfólks og lipurri þjónustu. Segja má að félagið skiptist í þrjú meginsvið sem veita þjónustu á mismunandi sviðum. Hvert sem um ræðir þróun og sölu á hugbúnaði, tækniþjónuð og ráðgjöf eða aðra tengda þjónustu.

Hugbúnaður

Origo býður upp á mikið úrval af hugbúnaðarlausnum, bæði af eigin og endurseldum hugbúnaði, þ.m.t. fyrir heilbrigðis-, fjármála- og ferðaþjónustugeirann.

Notendabúnaður

Origo býður upp á búnað frá þekktum framleiðendum eins og Lenovo, Sony, Bose og Canon í gegnum verslun, netverslun, heildsölu og söluráðgjöf. Einnig er boðið upp á þjónustu tengda búnaði þ.m.t. á verkstæði.

Rekstrarþjónusta

Origo sinnir ýmissi tölvutengdri þjónustu og ráðgjöf fyrir viðskiptavinum. Má þar helst nefna skýja-, sjálfvirkni- og öryggisþjónustu.

Hlutafé

Í árslok 2021 skiptist hlutafé Origo á 770 hluthafa en í ársbyrjum voru þeir 536. Félagið var fyrst skráð á markað Kauphallar Íslands árið 1995 og er hlutaféð í einum flokki. Í árslok 2021 nam skráð hlutafé þess 435 milljónum króna en félagið átti eigin hluti að nafnverði 0,1 millj. kr. Notendabúnaður er tekjuhæsta sviðið, því næst hugbúnaður og svo rekstrarþjónusta. Um 15% tekna koma frá viðskiptavinum utan Íslands. Ríflega 5% tekjuvöxtur hefur verið að meðaltali frá árinu 2018 og er stefnt að því að stuðla að áframhaldandi vexti félagsins með áherslu á að fjárfesta í framtíðarvexti. Vöxtur var í öllum starfspáttum félagsins en hann var mestur í notendabúnaði og tengdri þjónustu.

Mannauður

Í mannaúsmálum er lögð áhersla á fyrsta flokks starfsumhverfi sem ýtir undir vellíðan og nýsköpun starfsfólks. Starfsfólki er boðið frábært tækni- og vinnuumhverfi, þar sem það fær tækifæri til að vinna með nýja tækni í bland við rótgróna. Vinnustaðurinn, starfsumhverfið, tækin og tólin sem starfsfólk nýttir í starfi eru í stöðugri þróun og þannig er ýtt undir stöðugar umbætur. Mikill metnaður er lagður í gott vinnuumhverfi sem tryggir að aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustaðnum séu eins og best verði á kosið. Með því að efla vitund um mikilvægi heilbrigðs



Í árslok 2021 eru stærstu hluthafar félagsins eftirfarandi:

Hluthafar	Eignarhlutur
Lífeyrissjóður verslunarmanna	13,3%
Birta lífeyrissjóður	11,2%
Stapi lífeyrissjóður	7,4%
Lífsvæðing lífeyrissjóður	6,3%
Frigus II ehf.	4,3%
Akta Stokkur hs.	4,2%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	3,2%
IS EQUUS Hlutabréf	2,9%
IS Hlutabréfasjóðurinn	2,9%
Landsbréf – Úrvalsbréf	2,8%



Reiðhjólalið Origo í Cyclothon árið 2021.



Jón Björnsson, forstjóri.



Hjalti Þórarinnsson, stjórnarformaður.

lífs, ýta undir jafnvægi vinnu og einkalífs og styrkja alhliða heilsuefningu starfsfólks stuðlar Origo að bættri heilsu og öryggi starfsfólks.

Markmið hefur verið sett á að auka fjölbreytileika meðal starfsfólks og fjölga ráðningum ungra og upprennandi einstaklinga til móts við þá miklu reynslu sem starfsmenn búa yfir. Einnig er unnið að því markmiði að auka hlut kvenna í tækni og að 50% nýráðninga séu konur. Árið 2021 voru 585 starfsmenn hjá Origo.

Stjórnendur

Um mitt ár 2020 lét Finnur Oddsson af störfum sem forstjóri en hann hafði sinnt því starfi frá árinu 2013. Við starfinu tók Jón Björnsson, hann hefur víðtæka reynslu af fyrirtækjarekstri og umbreytingarverkefnum bæði á Íslandi og í Skandinavíu. Jón hefur meðal annars gegnt forstjórastarfi Festi og Krónunnar, Högum og Magasin du Nord. Stjórn Origo samanstendur af fimm stjórnarmönnum sem kjörnir eru árlega á aðalfundi. Árið 2022 sitja Ari Daníelsson, Ari Kristinn Jónsson, Auður Björk Guðmundsdóttir, Hjalti Þórarinnsson sem er stjórnarformaður og varaformaður stjórnar er Hildur Dungal. Í framkvæmdastjórn félagsins sitja Dröfn Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Mannauðssviðs, Gunnar Már Petersen framkvæmdastjóri Fjármála, Gunnar Zoëga framkvæmdastjóri Notendalausnasviðs, Hákon Sigurhansson framkvæmdastjóri Hugbúnaðarlausnasviðs, Ingimar G. Bjarnason framkvæmdastjóri Viðskiptalausnasviðs og Örn Þór Alfreðsson framkvæmdastjóri Þjónustulausnasviðs.

Sjálfbærni

Upplýsingatækni verður í stóru hlutverki þegar kemur að því að leysa vandamál í umhverfismálum. Nýsköpun, hugvitsamlegar tæknilausnir og hagnýting gervigreindar eru þar mjög mikilvægir þættir. Origo ætlar því að ganga á undan með góðu fordæmi í sjálfbærnimálum og veita skýrar og áreiðanlegar upplýsingar um árangur félagsins. Félagið leitast við að virkja hagaðila sína til góðra verka og hvetja þá til dáða. Sjálfbærnistefna félagsins er þrískipt en hún tekur á umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Markmið stefnunar er að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á samfélagið og efla þau jákvæðu. Origo er stór kaupandi búnaðar og þjónustu og getur því haft áhrif bæði í eigin starfsemi sem og í samstarfi við birgja og samstarfsaðila. Origo hefur sett sér metnaðarfull markmið í umhverfismálum og ætlar m.a. að draga úr myndun úrgangs og ná endurvinnsluhlutfalli í 90% fram til ársins 2030, ásamt því að draga úr gróðurhúsalofttegundum um 40% til ársins 2030. Einnig er lögð áhersla á að þær lausnir, þjónusta og búnaður sem fyrirtækið býður uppá styðji við stefnuna. Þau svið sem fyrirtækið getur sérstaklega haft áhrif á þegar kemur að sjálfbærni eru nýsköpun, netöryggi og heilbrigðislausnir.



Markmið Origo er að auka fjölbreytileika meðal starfsfólks og fjölga ráðningum ungra og upprennandi einstaklinga til móts við þá miklu reynslu sem starfsmenn búa yfir.



Í verslun Origo er lögð áhersla á persónulega þjónustu.


Framtíðarsýn

Markmið fyrirtækisins er að nýta styrk hvernar vöru til að vaxa en nýta samhliða því einnig samlegðaráhrif í kostnaði og mögulegri tekjuaukningu. Einnig verður hægt að nálgast viðskiptavininn með sterkara og heildrænna vöruframboð en áður.

Framtíðarsýn Origo byggir á kjörorðunum „*Betri tækni bætir lífið*“ og til að takast það vinnur starfsfólk eftir gildunum: **Vinum traust, þróum áfram og breytum leiknum.**

Megináherslur

Origo leggur ríka áherslu á að tryggja upplifun og árangur viðskiptavina og vera fremst í þeim lausnum sem boðið er upp á. Stöðugar mælingar og eftirfylgni á tölulegri frammistöðu verða mikilvæg samtaka því að sinna framþróun starfsfólks og tæknihverfis.



Gildi Origo

Vinum traust

Origo byggir á hugviti, reynslu og sérþekkingu starfsfólks. Þessi djúpa tækniþekking ásamt því að hlusta og skapa virði fyrir viðskiptavininn gerir það að verkum að við ávinnum okkur traust og gerum okkur gildandi í samfélaginu.

Þróum áfram

Góðar lausnir þarf stöðugt að þróa áfram til að þær séu fremstar á markaðnum og uppfylli þarfir viðskiptavina. Tæknin er hröð og til þess að hún verði sífellt betri þarf stöðugt að vera að þróa hana áfram – hratt en örugglega.

Breytum leiknum

Við trúum að betri tækni breyti leiknum og skapi um leið virði fyrir viðskiptavininn. Við viljum að tæknin skipti sköpum og geri viðskiptavinum okkar kleift að skara fram úr.





Á myndinni eru starfandi eigendur Samsýnar.
Frá vinstri: Magni Þór Birgisson, Sölvi Þór Bergsveinsson,
Þórunn Ýr Oddsdóttir, Kristinn Guðmundsson og
Stefán Guðlaugsson.

Samsýn

Samsýn var stofnað þann 25. febrúar 1995 af Verkfræðistofunni Hnit, Geodata AS frá Noregi og 3 einstaklingum, m.a. Kristni Guðmundssyni núverandi framkvæmdastjóra. Tilgangur félagsins þá var að selja og veita þjónustu á Íslandi fyrir landupplýsingakerfi frá Esri, sem höfðu verið tekin í notkun víða árin á undan.

Fyrsta áratuginn voru yfirleitt starfandi einn eða tveir starfsmenn við fyrirtækið, sem sinni þá einungis þjónustu við Esri hugbúnaðinn. Í lok árs 2005 hafði Eignarhaldsfélagið Hnit eignast Samsýn að fullu og var þá ráðist í töluverðar breytingar til að stækka fyrirtækið og gera það öflugra á sínu sviði. Samsýn keypti rekstur hugbúnaðar-, landupplýsinga- og kortadeilda Hnits hf. og fékk til starfa starfsmenn með mikla reynslu á þeim sviðum ásamt nýju fólki sem hafa verið burðarásar í að gera fyrirtækið að því sem það er í dag.

Stjórnendur, starfsmenn og aðsetur

Stjórnendur Samsýnar eru Kristinn Guðmundsson framkvæmdastjóri, Stefán Guðlaugsson stjórnarformaður og Magni Þór Birgisson þróunarstjóri. Stjórnendur og starfsmenn Samsýnar hafa ávallt gert sér grein fyrir mikilvægi staðsetningar í starfsemi fyrirtækja og lífi fólks. Staðsetning skiptir höfuðmáli þegar við skipuleggjum okkar daglega líf og þær leiðir sem við förum til að ná markmiðum okkar. Það er því megintilgangur Samsýnar að útbúa lausnir til að aðstoða viðskiptavini sína við að nýta sér staðsetningu á sem hentugastan hátt í starfsemi sinni. Frá árinu 2001 hefur Stefán Guðlaugsson verið formaður stjórnar og gerðist hann seinna eigandi með Eignarhaldsfélaginu Hnit. Eftir það hafa Magni Þór Birgisson, Þórunn Ýr Oddsdóttir og Sölvi Þór Bergsveinsson bæst í hóp eigenda. Í dag eru starfsmenn 14 og hefur farið hægt fjölgandi með auknum umsvifum í verkefnum og veltu á undanförunum árum. Starfsmenn eru með fjölbreyttan bakgrunn og menntun, sem mestmegnis er á háskólastigi. Skrifstofur félagsins hafa alltaf verið á Háaleitisbraut 58-60.

Í stórum dráttum má skipta starfseminni í 3 megin svið

Sölu- og þjónustu við ArcGIS hugbúnaðinn á Íslandi, sem m.a. felst í aðlögun hans að sérstökum þörfum notenda. Birtingarmynd þess má m.a. sjá í Borgarvefsjá og öðrum sambærilegum kortasjám. Þróun eigin lausna og samhæfing kerfa. Þar má helst nefna þróun kerfa hjá Neyðarlínunni 112 og öðrum viðbragðsaðilum. Samsýn hefur hannað frá grunni **SiteWatch kerfið** sem er notað við flotastýringu og vöktun farartækja. **Gagnavinna**, sem felst í að búa til og safna saman landupplýsingum og auka verðmæti þeirra fyrir notkun og útgáfu. Dæmi þess má sjá á ýmsum vefkortum eða kortum fyrir leiðsögu- og útivistartæki.

Covid-19

Eins og hjá flestum öðrum fyrirtækjum hafði COVID faraldurinn mikil áhrif á rekstur ársins 2020. Strax í upphafi faraldursins var Samsýn falið að þróa hugbúnað fyrir rakningu COVID tilfella og afrakstur þeirrar vinnu er kerfi sem teygir anga sína um heilbrigðiskerfið og stofnanir löggæslu og almannavarna.



Ólafur Friðbjörnsson, Björn Viggósson, Haraldur Gunnarsson, Leó Kolbeinsson, Kristján Gunnarsson og Freyja Ásgeirsdóttir.

Stólpi viðskiptalausnir



Guðmundur Ingi Hauksson, framkvæmdastjóri.

STÓLPI viðskiptalausnir ehf. er á meðal elstu hugbúnaðarfyrirtækja hér á landi og var stofnað haustið 1984. Félagið hét lengst af Kerfisþróun en því var breytt fyrir nokkrum árum í STÓLPI viðskiptalausnir. Stofnendur félagsins eru Björn Viggósson og Kristján Gunnarsson og leiddu þeir félagið með frábærum árangri í gegnum róstarsöm upphafsár félagsins ásamt dyggum hópi starfsmanna.

Starfsemin

Bókhaldskerfið STÓLPI hefur frá upphafi verið hryggjarstykkið í rekstri félagsins. Viðskiptavinir félagsins eru í nánast öllum tilvikum meðalstór og lítil fyrirtæki sem nota kerfið við daglegan rekstur, en í dag eru um eitt þúsund íslensk fyrirtæki sem nota kerfið. Meginhlutverk félagsins er dagleg þjónusta við notendur og áframhaldandi þróun kerfisins. Mikill metnaður er lagður í að veita góða þjónustu, enda hafa ánægðir notendur verið aðalsmerki félagsins allt frá upphafi. Má jafnvel segja að félagið hafi náð að skapa sér ákveðna sérstöðu við samkeppnisaðila á þessu sviði. Þjónustuborð félagsins annast alla daglega þjónustu við nýja sem eldri notendur. Allt frá kynningu á kerfinu, uppsetningu þess og kennslu fyrir nýja notendur, mánaðarlegar uppfærslur kerfisins og allt annað því tengdu sem og ótengdum atriðum sem notendur þurfa hjálp við. Frá öndverðu hefur félagið einnig aðstoðað viðskiptamenn með val á og rekstri tölvubúnaðar og jaðartækja. Á síðustu árum hefur einnig fæst í vöxt að endurselja og þjónusta hugbúnaðarlausnir frá Microsoft svo sem Ms. Office, tölvupóst og fleiri lausnir. Í rúm tíu ár hefur félagið boðið viðskiptavinum hýsingarþjónustu þar sem viðskiptavinir hafa aðgang að sinni persónulegu skýjatölvu sem þeir geta tengst frá hvaða tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma sem er þar sem STÓLPI er þá einnig aðgengilegur. Í dag eru vel flestir viðskiptavinir búnir að færa sig í hýsingarþjónustu félagsins sem bætir enn frekar við daglega þjónustu við notendur og gerir í raun rekstur og aðgengi að kerfinu fyrirhafnalaus. STÓLPI var upphaflega hannaður að beiðni Landssambands iðnaðarmanna til að mæta vaxandi þörfum iðnaðarmanna um öflugt verkþókhald, sölu- og fjárhagskerfi. Mun fleiri kerfi fylgdu í kjölfarið svo sem launakerfi, stimpillukka, innheimtakerfi, birgðakerfi og fleiri kerfi og með því fjölgaði jafnframt hratt fjöldi atvinnugreina sem sáu sér hag í að nota STÓLPA. Kerfið var strax í upphafi gríðarlegt framfara skref og naut mikilla vinsælda, ekki bara hjá iðnaðarmönnum heldur í vel flestum atvinnugreinum. Sérstaka kerfisins var meðal annars í lágum uppsetningakostnaði og lágum rekstrarkostnaði. Kerfið er hannað sem margar sjálfstæðar einingar sem gátu allar virkað saman sem ein heild. Einfalt er að aðlaga kerfið að smekk og þörfum notenda í ólíkum atvinnugreinum með innbyggðum stillingum kerfisins sem einfaldar mjög alla áframhaldandi þróun og heldur kostnaði niðri þar sem allar atvinnugreinar eru í raun að nota sama kerfið. Fyrstu árin var kerfið skrifað í DOS en upp úr aldamótum tók við nýtt og endurhannað kerfi sem skrifað var í Windows umhverfi á PC tölvur. Kerfið var þá sett upp á eina eða margar nettengdar tölvur á miðlægum netþjóni. Kerfið er nú orðið mjög frábrugðið upphaflega kerfinu enda nú hannað til að mæta mjög ólíkum þörfum fyrirtækja í ólíkum atvinnugreinum.



Kristján Ö. Hjálmarsson, Akureyri.



Leó Kolbeinsson, Ólafur Friðbjörnsson og Björn Viggósson.



Vinnuferð til Búdapest. Ingi Davíð Ragnarsson, Jóhann Ágúst Jóhannsson og Ólafur Friðbjörnsson.

Í dag er kerfið alfarið í skjálausn sem gerir notendum kleift að tengjast frá hvaða tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma sem er. Kerfið hefur allta tíð verið í stöðugri þróun og má því segja að kerfið sé búið að taka út mikinn þroska og getur enn frekar aðlagast mjög ólíkum þörfum notenda án þess að gera þurfi kostnaðarsama séraðlögun. Árlega eru gefnar út um 12 til 18 nýjar útgáfur af kerfinu með mörg hundruð nýjungum og breytingum á eldri virkni.

Mannauður

Stofnendur félagsins, Björn Viggósson og Kristján Gunnarsson, ráku félagið til ársins 2007, eða í um 23 ár þegar félagið var selt til nýrra eigenda. Núverandi eigandi og framkvæmdastjóri, Guðmundur Ingi Hauksson, tók við rekstri félagsins árið 2015. Aðsetur félagsins frá 2015 hefur verið í Borgartúni 28, Reykjavík. Hugbúnaðarfyrtækni mega sín lítils ef ekki er til staðar öflugur hópur starfsmanna sem gjörþekkir hugbúnaðinn og virkni hans. Hjá félaginu starfa sjö starfsmenn sem starfað hafa hjá félaginu í sjö til tuttugu ár, allir með djúpa sérþekkingu og reynslu á sínu sviði. Hópurinn í heild er sá mannaúður sem þarf til að veita félaginu og Stólpa áframhaldandi brautargengi og veita öfluga þjónustu til notenda. Helsta ógn við íslenskan hugbúnaðargeira er erlend samkeppni. Erlend stórfyrirtæki hafa bæði vilja og getu til að þróa sambærilegar hugbúnaðarlausnir fyrir alheimsmarkað. Þröngur innlendir markaður og erfitt aðgengi að heimsmarkaði veldur því að íslenskar hugbúnaðarlausnir eiga undir högg að sækja frá erlendum stórfyrirtækjum. Veikleiki þeirra er slök þjónusta við íslenskan markað, sem er jafnframt styrkleiki Stólpa viðskiptalauna ehf. Án öflugs mannaúðs og fráberrar þjónustu væri félagið ekki til.

Þróun og framtíðarsýn

Síðastliðin ár hefur verið mikil áhersla á þróun kerfisins enda margt að breytast í ytra umhverfi fyrirtækja sem kallar á róttækar breytingar á bókhalds- og upplýsingakerfum. Öflugir snjallsímar hafa þannig tekið við sem skráningar- og upplýsingatæki og gera notendum fært að skrá og fá upplýsingar um daglegan rekstur beint úr símanum. Félagið er um þessar mundir að gefa út nýtt forrit fyrir snjallsíma sem gefur framkvæmdaraðilum og iðnaðarmönnum kleift að skrá vinnu sína, efnisnotkun, akstur og fleira í snjallsímann jafnóðum. Skráningar verða þannig unnar jafnóðum sem bætir alla skilvirkni og eykur yfirsýn. Mikill áhugi og eftirspurn er til staðar fyrir þessa lausn í atvinnulífinu og verður spennandi að sjá hvernig til tekst á komandi mánuðum. Félagið hefur ekki farið varhluta af þeirri illvígu óværu sem farið hefur sem sinueldur um heimsbyggðina á árinu 2020 og valdið snörpum efnahagssamdrætti og algjöru tekjuhruni heilu atvinnugreinanna með samverkandi keðjuverkun um allan heim. Fjöldmargir viðskiptavinir félagsins hafa þannig orðið fyrir miklum tekjumissi eða jafnvel lagt upp laupana með tilheyrandi tekjusamdrætti fyrir félagið. Þrátt fyrir snarpan tekjusamdrátt hefur félaginu tekist að standa þetta nokkuð vel af sér, jafnvel þótt ekki sé svo auðvelt að skera niður rekstrarkostnað þess sem er að lang mestu leyti fastur rekstrarkostnaður svo sem launakostnaður, húsnæðiskostnaður og föst leyfsgjöld. Vonir standa til að atvinnulífið taki aftur við sér á seinni helmingi ársins 2021 og mun félagið þá eflast að nýju samhliða sterkara atvinnulífi í landinu og heiminum öllum.

	DAGL.	ÁLAG		
8	mánudagur	8:00	2:15	0 3
9	þriðjudagur	8:00	2:15	0 3
10	miðvikudagur	8:00	2:15	0 3
11	fimmtudagur	8:00	2:15	0 3

SUNDURLIÐUN	
Dagvinna	40:00
Álag 33%	12:45
Álag 66%	3:30
Akstur (skráningar)	18
Vara (skráningar)	23

SAMTALS: 40:00 16:15 18 23

Skjámynd af nýju snjallsímaforriti Stólpa.



Aðalskrifstofur Wise Ofanleiti 2, Reykjavík.



Wise heldur ráðstefnur fyrir notendur, til að mynda hinn árlega jólamorgunverðarfund og annað hvert ár er haldin ráðstefna fyrir notendur Sveitastjóra.

Wise lausnir



Jóhannes Helgi Guðjónsson, forstjóri Wise.

Wise er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í fjárhags- og viðskiptalausnum sem byggja á þeirri hugmyndafræði að gera fyrirtækjum kleift að taka góðar og vel ígrundaðar viðskiptaákvæðanir, byggðar á öruggum upplýsingum úr viðskipta- og birgðakerfum fyrirtækisins. Fyrirtækið Wise á sér langa sögu, var áður Maritech en hefur starfað undir merkjum Wise frá árinu 2013. Starfsemi fyrirtækisins byggir á endursölu á Microsoft Dynamics 365 viðskiptalausnum. Wise er með skrifstofur í Reykjavík og á Akureyri og starfa samtals um 100 manns hjá fyrirtækinu.

Sagan

Saga Wise er samvinnuð sögu hugbúnaðarfyrtækja á Íslandi. Upphaf Wise má rekja til Maritech ehf. sem stofnað var sem sjálfstætt fyrirtæki út frá viðskiptalausnasviði TölvuMynda árið 1995. TM Software var stofnað á Íslandi árið 1986 af Friðriki Sigurðssyni sem var forstjóri félagsins til ársins 2006. Í upphafi hét félagið TölvuMyndir en nafninu var formlega breytt í TM Software í byrjun árs 2005. Maritech sérhæfði sig upphaflega í sjávarútvegi en jók fljótt vöruúrval sitt og varð öflugt á sviði sjávarútvegs-, sveitarfélaga- og viðskiptalausna. Árið 2007 var Maritech selt til Akva Group, norsks fyrirtækis sem er skráð á hlutabréfamarkað í Osló. Maritech breytti um nafn árið 2013 í Wise. Í dag er Wise einn stærsti söluaðili Microsoft Dynamics 365 Business Central á Íslandi og er í fararbroddi í upplýsingatækni með sérstaka áherslu á ráðgjöf, hugbúnaðargerð og innleiðingu hugbúnaðar ásamt persónulegri þjónustu.

Eigendur og stjórnendur

Eigandi Wise er: Adira. **Stjórnarformaður er:** Jónas Hagan. **Stjórnendur Wise ehf. eru:** Jóhannes Helgi Guðjónsson, forstjóri, Elín Málmfríður Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Inga Birna Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri markaðssviðs, Jón Heiðar Pálsson, framkvæmdastjóri sölusviðs, Sigríður Helga Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri þróunarsviðs, Stefán Þór Stefánsson, framkvæmdastjóri þjónustu- og ráðgjafasviðs og Stefán Torfi Höskuldsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs

Viðskiptavinir og aðföng

Viðskiptavinir Wise má finna víðs vegar um heiminn: Í Evrópu, Asíu, Bandaríkjunum og Eyjaálfu. Wise býður staðlaðar Microsoft Dynamics 365 lausnir auk fjölda sérlausna fyrir íslenskan og alþjóðlegan markað með sérhæfingu á sviðum fjármála, viðskiptagreindar, verslunar og þjónustu, sveitarfélaga, sjávarútvegs og flutninga. Meðal stærstu viðskiptavina Wise má nefna Össur, BRIM, CCP, Tassal, Hafnarfjarðarbæ, Securitas, Sanford o.fl.

Vinnulag og framleiðsluferli

Wise leggur mikið upp úr þróun lausna og að fylgjast með nýjungum á markaðnum til að geta veitt viðskiptavinum sínum lausnir sem veita forskot í samkeppni. Wise er vottaður



We put the human in digital

Mantran á skrifstofunni.



Wise-skólinn.

Gullsamstarfsaðili Microsoft en hefur einnig hlotið fjölda viðurkenninga fyrir framúrskarandi lausnir og þjónustu m.a. „Samstarfsaðili ársins hjá Microsoft á Íslandi“ og „Fyrirmyndarfyrirtæki VR“ um margra ára skeið.

Skipulag, gerð og sérstaða

Starfsemi Wise er skipt niður í sex svið: Þróunarsvið, Þjónustu- og ráðgjafasvið, Sölusvið, Markaðssvið, Rekstrar- og tæknisvið og Fjármálasvið sem hverju um sig er stjórnað af framkvæmdastjóra sem sér um daglegan rekstur og ut anumhald verkefna

Nútíminn og framtíðin

Wise er stöðugt vaxandi fyrirtæki sem hefur það að markmiði að auka vörulínur og þjónustu til viðskiptavina með frekari þróun stafræna lausna til að fylgja eftir hraðri breytingu í heimi hugbúnaðarlausna, starfrænni vegferð fyrirtækja og auknum kröfum neytenda. Stafræn umskipti eru talin vera einn mesti drifkraftur umbreytingar samfélaga og viðskiptalífs þjóða í dag. Mikil áhersla er og verður á að innleiða stafrænar lausnir hjá fyrirtækjum og hinu opinbera og minnka tækniskuld með það að markmiði að auka skilvirkni sem skilar sér í hagræðingu fyrir alla hlutaðeigandi.

Stafræn umbreyting er knúin áfram af tækniframförum en snýst þó ekki eingöngu um tækni. Ekki síður snýst þessi þróun um hvernig notendur og viðskiptavinir breyta hegðun sinni og hvernig við í auknum mæli komum til með að nota stafrænar lausnir og þjónustu í daglegu lífi.

Aðsetur, mannauður og starfsmannafjöldi

Wise rekur í dag tvær skrifstofur í Reykjavík og á Akureyri. Wise á Íslandi: Ofanleiti 2, Reykjavík og Skipagata 9, Akureyri, Wise 365 í Danmörku og Grænlandi. Auk þess að vinna með samstarfsaðilum um allan heim. Hjá Wise starfar öflugur hópur sérfræðinga með áralanga reynslu í Microsoft lausnum. Starfsfólk Wise er um 100 talsins. Hlutfall háskólamenntaðra er hátt og samanlögð reynsla í árum talið af Microsoft Dynamics Business Central hugbúnaði telur um 600 ár. Fjölbreyttari menntun, virðing og jafnréttisáætlun er líklegast það sem hefur haft mest að segja varðandi stöðu kvenna innan atvinnulífsins á síðustu árum. Wise hefur unnið að jafnréttisáætlun og vinnur stöðugt að því að auka hlutfall kvenna hjá fyrirtækinu. Hjá Wise starfa um 100 manns og er hlutfall kvenna 40% í heildina.

Starfsmannafélag og félagslíf

Wise rekur öflugt starfsmannafélag, WiseGuys, sem skipuleggur fjölda viðburða allt árið um kring við góðar undirtektir starfsmanna. Árlegir viðburðir eru: Keilumót, spurningakeppni, furðuleikar og annað skemmtilegt.

Endurmenntun og starfsmannastefna

Stefna Wise í endurmenntun er skýr, en starfsfólk er hvatt til að auka við þekkingu sína með vottunum frá Microsoft og öðrum námskeiðum sem kunna að efla starf þeirra. Almenn er leitað eftir hæfu starfsfólki með rétta menntun og/eða bakgrunn í störf hjá Wise en persónuleiki skiptir einnig miklu máli við val starfsmanna. Wise hefur haft það að leiðarljósi að gera vel við starfsfólk sitt með sveigjanlegum vinnutíma, góðu starfsumhverfi og góðum starfsanda sem skilar sér í aukinni starfsánægju.

Velta og hagnaður

Wise veltir um tveimur milljörðum á ári og hefur skilað hagnaði undanfarni ár.



Boðleið



Þorvaldur Harðarson, stofnandi Boðleiðar.

Helstu vörumerki okkar sem við þjónustum og seljum

3CX
Yealink
Uniconta
Juniper
Unifi
Vtech
O365
Teams
Crave
Totalview
JedWare
N-ABLE

Hjónin Þorvaldur Harðarson og Guðný Helga Helgadóttir stofnuðu fyrirtækið Boðleið í október árið 2001 með það að leiðarljósi að bjóða fyrirtækjum alla almenna tækniþjónustu, vönduð vörumerki og hátt þjónustustig. Starfssemin hófst á lítilli skrifstofu í Ármúla 38 þar sem Radióbær var áður til húsa.

Sagan

Í byrjun var starfssemi félagsins sala á ISDN símkerfum frá NEC og Panasonic ásamt allri almennri tækniþjónustu við fyrirtæki eins og tölvulagnir, uppsetning á tölvuskápum ásamt tengingum við internet. Með tímanum var markmiðið að bæta jafnóðum við nýjum þjónustum og vera leiðandi fyrirtæki á þessum markaði með fókus á lítil og miðlungs stór fyrirtæki ásamt hótélum.

Í lok árs 2001 voru 2 starfsmenn starfandi en voru orðnir 4 í lok árs 2002. Fyrsti viðskiptavinur Boðleiðar var Grand hótél Reykjavík sem er enn einn af tryggustu viðskiptavinum fyrirtækisins. Starfssemi Boðleiðar þróaðist hægt og bítandi áfram næstu árin en tók miklum breytingum með samning við fyrirtækið 3CX árið 2010 en 3CX er eitt af þekktustu merkjum í hugbúnaðar-símkerfum á markaðnum í dag. Boðleið byrjaði þar með að leigja út aðgang að 3CX símkerfi til fyrirtækja og sá um hýsingu á símkerfinu. Þetta gerði alla innleiðingu mun einfaldari fyrir viðskiptavinum Boðleiðar og einn helsti kosturinn var sá að starfsmenn fyrirtækja voru nú orðnir algerlega óháðir staðsetningu þar sem hægt var að eiga samskipti í gegnum fastlínunúmer gegnum tölvu, farsíma eða borðsíma hvar sem var.

Árið 2016 þegar komin var góð reynsla á útleigu 3CX opnaðist möguleiki á að bjóða hagstæðari, einfaldari og gegnsærri verðskrá en áður, viðskiptavinum til hagsbóta.

Árið 2019 var ímynd og ásýnd fyrirtækisins uppfærð með nýju logo og heimsasíðu.

Í lok árs 2020 voru fyrirtæki sem nýta sér lausnaframboð og þjónustu Boðleiðar um eitt þúsund talsins og þar af eru um 300 fyrirtæki sem nýta sér leigu á 3CX hugbúnaðar-símkerfi í hýsingu ásamt fleiri þjónustum.

Aðsetur og starfsmenn

Í dag eru skrifstofur Boðleiðar staðsettar í Akralind 8 í Kópavogi og fjöldi starfsmanna er orðinn 10 manns. Áætlanir gera ráð fyrir frekari fjölgun starfsmanna þar sem starfssemi fyrirtækisins vex ár frá ári.

Samstarf og samvinna

Boðleið leitast við að vinna með viðskiptavinum til að finna réttu lausnirnar fyrir hvern og einn viðskiptavin. Boðleið lítur á samstarf og samvinnu með viðskiptavinum sem einstaklega mikilvægan part í að þróa og gera betur í þjónustu og lausnum til framtíðar.

Í dag má segja að upphafleg markmið fyrirtækis hafi náðst þar sem fyrirtækið býður heildarlausn fyrir fyrirtæki eins og bókhaldskerfi, samskiptakerfi, tölvubúnað, símabúnað,




Myndfundarbúnaður fyrir fjarfundi hefur verið vinsæll vara hjá Boðleið síðustu ár.

crm viðskiptahugbúnað, fjarfundarbúnað, afritunartöku, símanúmer, internettengingar séraðlaganir og samþættingar á kerfum ásamt því sem skiptir okkar viðskiptavinum mestu máli er að öll þjónusta er á einum stað. Í raun má segja að það eina sem viðskiptavinur Boðleiðar þarf að útvega er húsnæði og húsgögn, Boðleið sér um rest.



Ný ásjón heimasíðu Boðleiðar.





Þorvarður Sveinsson.



Örn Orrason.



Örn Jónsson.

Farice

Hlutafélagið Farice ehf. var stofnað formlega í 12. september 2002 af nokkrum fjarskipta-fyrirtækjum á Íslandi og í Færeyjum ásamt íslenska ríkinu til lagningar sæstrengs. Eigandi Farice ehf. árið 2020 er íslenska ríkið sem heldur á 100% hlut í félaginu. Sæstrengurinn fékk nafnið FARICE-1 og fyrirtækið dró nafn sitt af strengnum. Strengurinn var lagður sumarið 2003 og var formlega tekinn í notkun í janúar 2004. Árið 2009 lagði fyrirtækið DANICE sæstrenginn til Danmerkur. Cantat-3 sæstrengurinn var þá orðinn of lítill í afkastagetu til að sinna þörfum Íslands og DANICE tekur við hans hlutverki. Þorvarður Sveinsson er framkvæmdastjóri félagsins, Örn Orrason er yfirmaður sölu- og viðskiptaþróunar og Örn Jónsson er tæknistjóri fyrirtækisins.

Vinnulag og framleiðsluferli

Farice er ábyrgt fyrir því að Ísland sé tengt við umheiminn og skal tryggja bæði nægilega afkastagetu og háan uppitíma. Á starfstíma Farice hefur Ísland aldrei misst samband við umheiminn og uppitími strengjanna 100%.

Skipulag og sérstaða

Þótt Farice sé ekki eina fyrirtækið (Tele Greenland einnig) sem býður útlandasambönd til og frá Íslandi þá er Farice eina félagið sem býður útlandasambönd til Evrópu. Að selja og þjónusta útlandasambönd er það eina sem Farice gerir og það er sérstaða Farice. Þetta hlutverk var áður í höndum ríkissímafélaga víða um heim sem á flestum stöðum hafa horfið eða verið einkavædd í samkeppni og leggja ekki sæstrengi lengur.

Framtíðarsýn

Farice vinnur að undirbúningi þriðja sæstrengsins til Íslands í sinni eigu og hefur sá strengur hlotið nafnið IRIS. Fyrirhugað er að hann komi í land á suðvesturhorni landsins og nemi land á Galway Írlandi. Þjónusta Farice um IRIS mun ná til Dublin frá afhendingarstöðum á Íslandi sem verða nokkrir. IRIS mun auka öryggi fjarskiptasambanda við útlönd umtalsvert eða tífalda afhendingaröryggið.

Mannauður og starfsmannafjöldi

Stöðugildi við Farice eru 7. Stjórnendur eru þrír eins og áður sagði og að auki starfa þrír við tæknirekstur og einn aðili við fjármál. Þjónustuefirlit (e. NOC) er úthýst til Mílu, dótturfyrirtæki Símans, en þar er vakt 24 tíma á sólarhring á kerfinu og samskipti við viðskiptavini varðandi tilkynningar um rekstartruflanir. Menntun starfsmanna Farice er á sviði rafmagnsverkfræði, -tæknifræði, rafeindavirkjunar og viðskiptafræði.

Velta og hagnaður

Farice veltir um 1,5-1,8 milljarði ISK á ári (1,2 M€). Félagið er rekið á viðskiptalegum forsendum en rekstraráherslur eru á öryggi og sjálfbæra endurnýjun fjarskiptastrengsins. Félagið er sjálfbært í dag og er frá árinu 2019 að fullu fjármagnað af ríkinu með bæði hlutafé og láni. Tekjur félagsins eru að stærstum hluta upprunnar frá Íslandi, frá fjarskiptafélögum og gagnaverum en félagið sinnir einnig þjónustu fyrir viðskiptavini frá Grænlandi og Færeyjum.



Hringiðan

Hringiðan ehf. var stofnuð 1995 í Tæknigarði í Háskóla Íslands. Skrifstofan var flutt að Skúlagötu 19 árið 2010. Hringiðan ehf. er ein elsta Internetþjónusta á Íslandi. Stofnendur eru Magnús E. Sigurðsson, Guðmundur Kr. Unnsteinsson og Sigurður Skúlason en Guðmundur keypti hans hlut árið 1997 þegar Sigurður lét af störfum. Hjá Hringiðunni ehf. vinnur hópur starfsmanna með mikla reynslu að fjarskiptaþjónustu og rekstri. Við leggjum okkur fram við að veita viðskiptavinum okkar fyrsta flokks þjónustu og veitum við viðskiptavinum persónuleg og góð þjónusta sem er okkar markmið. Hringiðan var stofnuð í byrjun árs 1995, fyrirtækið er því eitt elsta Internet- og fjarskiptafyrirtæki á Íslandi. Frá 2007 hefur Hringiðan ehf. einnig veitt Bloomberg og fleiri fjármálafyrirtækjum þjónustu vegna reksturs net- og tölvukerfa sinna á Íslandi. Hjá Hringiðunni ehf. starfa að jafnaði 8-10 starfsmenn. Guðmundur Unnsteinsson M.Sc. er framkvæmdastjóri.



Guðmundur Unnsteinsson, framkvæmdastjóri.

Þjónustan

Þjónustan sem Hringiðan selur er Internettengingar fyrir heimili og fyrirtæki, farsímaþjónusta sem styður 3G, 4G og 5G (farsímarekstur hófst 2013), Hringiðan býður einnig 4G og 5G Internet tengingar, heimilissíma, sip-netsímaþjónusta og hýsingar á vefum, lénum og hýstum símkerfum. Einnig býður Hringiðan Skýja-þjónustu Microsoft, t.d. Microsoft 365, Azure; hýst símkerfi (fyrir fyrirtæki), uppsetningu og þjónustu við WIFI kerfi fyrirtækja og alhliða lén og vefhýsingu. Hringiðan hyggst áfram leggja áherslu á betri þjónustu og meiri hraða. Það eru einkunnarorð fyrirtækisins. *Hringiðan ehf. sýnir samfélagsleg ábyrgð með því að styrkja góð málefni.* Í dag eru 120.000 íslenskra heimila tengd ljósleiðara og um 78% þeirra nýta sér ljósleiðara-tengingar. Það er hæsta hlutfall heimila í Evrópu sem nýtir sér nettengingar um ljósleiðara. Árið 2020 hafa fjölmargir sinnt vinnu sinni heimanfrá, höfum við verið minnt á mikilvægi traustra og öruggra innviða í fjarskiptum.

Hringiðan ehf. er til húsa á Skúlagötu 19, 101 í Reykjavík. Vefsíða: www.hringidan.is



Hringiðan leitast við að vera leiðandi í nýjungum á Internet- og fjarskiptaþjónustu og vorum fyrst til að...

- þjóða 33.6 kbps upphringiþjónustu á öllum línnum
- þjóða upp á 56K V.90 staðalinn á Íslandi
- þjóða bæði 64 og 128K ISDN sambönd
- þjóða 120Mbps VDSL2 með Vectoring tengingar við Internetið
- taka inn 1.000 Mbps tengingu við Internetið
- þjóða uppá ótakmarkað gagnamagn á Internettengingar
- þjóða 100 Mbps ljósleiðaratengingu á heimili við Internetið
- þjóða 400 Mbps ljósleiðaratengingu á heimili við Internetið
- þjóða 1000 Mbps ljósleiðaratengingu á heimili við Internetið
- þjóða 10.000 Mbps ljósleiðaratengingu fyrirtækja við Internetið



Hringiðan var stofnuð í Tæknigarði, Dunhaga 5, árið 1995.





Skrifstofa Hringdu.

Hringdu

Hugmyndin að stofnun Hringdu ehf. varð til árið 2010 þegar Játvarður Ingvarsson sem var nýlega útskrifaður úr rekstrarverkfræði, ásamt frænda sínum Davíð Fannari Gunnarsyni, snjöllum forritara, fundu hjá sér þörf til að skapa sér eitthvað að gera. Áður höfðu þeir hannað eina heimasíðu (hestaleit), en á þessum tíma var ekki um auðugan garð að gresja í þeim efnunum.

Sagan og starfsemin

Systir Davíðs Fannars bjó í Mexíkó á þessum tíma og var hann að leita leiða til að geta verið í símasambandi við systur sína með ódýrari hætti og saman fóru þeir félagar að brjóta heilann um hvernig það gæti orðið. Það fyrsta sem þeir gerðu var að koma upp batteríi sem hét þá callit.is sem byggði á fyrirframgreiddum símkortum sem hægt var að kaupa á völdum stöðum, t.d. á bensínstöðvum. Aðferðin til að geta hringt ódýrt byggði á kóða sem veitti aðgang að tilteknu símkerfi og þannig var hægt að hringja til útlanda fyrir lægra gjald. Þessi símkort voru í sölu í u.p.b. eitt ár en þá fóru þeir frændur að hugsa um hvort hægt væri að taka þetta eitthvað lengra. Það fór svo að þeir gerðu samning við Símann og hófu að selja aðgang að internetinu í gegnum ADSL ásamt heimasíma og settu sig niður með fyrirtækið að Grensásvegi 22. Í ársbyrjun 2011 hófu þeir að selja áskrift að interneti og heimasíma. Það varð strax handgangur í öskjunni því það var farið hratt af stað með fulltingi foreldra þeirra félaga sem voru hluthafar í fyrirtækinu. Tækjabúnaður var fremur rýr í byrjun og ekki miklir fjármunir til að fjárfesta í nýjum svo það var gripið til þess ráðs að kaupa notaða routera og tæknivæðast eins ódýrt og kostur var. Viðskiptavinir tóku vel við sér þar sem Hringdu gat boðið betur en keppinautarnir og þannig tókst að renna stöðum undir reksturinn, þótt það tæki tíma og kostaði mikla vinnu. Í árslok 2011 fer Hringdu að bjóða upp á GSM-þjónustu í gegnum fyrirtækið Alterna en gengið var fremur brösugt og erfitt að keppa við aðra sem voru í hraðri þróun og farsímagjald fór lækkanði. Árið 2013 verða straumhvörf þegar Jon Von Tetzchner kemur inn í fyrirtækið með nokkrum gusti og þá komst hreyfing á hlutina. Hann er nú stór hluthafi í Hringdu.

Nokkur ár í röð var Hringdu með ánægðustu viðskiptavinina samkvæmt neytendakönnun (Ánægjuvugin) auk þess sem tvö ár í röð var Hringdu valið fyrirtæki ársins og fyrirmyndar-fyrirtæki fjögur ár í röð. Játvarður Ingvarsson framkvæmdastjóri, vill meina að lykkillinn að velgengni Hringdu sé að þakka því hvað starfsfólkið hefur verið ötult við að vera í góðu sambandi við viðskiptavinina og sér til þess að þjónustan og allt viðmót sé þeim að skapi. Hjá Hringdu starfa nú 36 manns og þar leggja allir sig fram um að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og starfsandinn innandyra er þægilegur. Starfsmannastefnan snýst um vellíðan og sveigjanleika. Meirihluti starfsmanna er ungt fólk sem í lengist í starfi fremur en að staldra stutt við svo starfsmannavelta er lítil. Styrkur Hringdu felst í stuttum boðleiðum og hraðri ákvarðanatöku. Eins og í upphafi er ennþá mikil áhersla á að bjóða bestu mögulegu verðin á markaðnum ásamt því að gera eins vel við viðskiptavini hverju sinni eins og kostur er.



Játvarður Ingvarsson, framkvæmdastjóri.





Stefán Pálsson og Goddur með síðustu Símaskrána sem kom út árið 2016. Goddur hannaði kápu og Stefán Pálsson ritaði sögu Símaskrárinnar sem er að finna á innsíðum hennar.

Já



Vilborg Helga Harðardóttir, forstjóri.

Já hf. var stofnað árið 2005 utan um rekstur upplýsinganúmersins 118, sem nú er 1818, og útgáfu prentaðrar símaskrár. Frá upphafi var lögð rík áhersla á góðan rekstur, sem og nýsköpun og þróun stafrænnar þjónustu. Mikilvægt skref í fjárfestingu í tæknihæfni voru kaup félagsins á fyrirtækinu Spurl árið 2006, en Spurl var þá fremst í leitartækni á Íslandi. Samkeppnisumhverfið hefur gjörbreytt frá stofnun og ekki síður tæknin og notendahegðun. Útgáfu prentaðrar símaskrár var hætt árið 2016 og koma nú tekjur félagsins að meginpartu til frá stafrænni þjónustu, s.s. Já.is vefnum og Já appinu.


Starfsemin

Þótt tekjustraumarnir hafi gerbreyst frá stofnun hefur stefnan og sýnin verið sú sama frá upphafi, þ.e. að auðvelda viðskipti og samskipti, með notandann í forgrunni og þá sérstöðu að vera nálægt notandanum. Með það að leiðarljósi eru allar vörur og þjónusta félagsins þróuð. Vefsíðan Já.is er einn mest heimsótti vefur landsins og eru Já vefurinn og Já appið vinsælustu leiðir landsmanna til að finna upplýsingar um heimilisföng, símanúmer og opnunartíma fyrirtækja. Áhersla er á útvíkkun stafræns vöruframboðs með það í huga að uppfylla nýjar og breyttar þarfir notenda. Vöruleit Já er dæmi um það, en árið 2018 var ráðist í það stóra verkefni að búa til leitarvél fyrir íslenskar vefverslanir. Frá því í lok árs 2018 hefur verið hægt að leita í vöruúrvali íslenskra vefverslana á Já.is og eru þar nú leitanlegar um 1,5 milljón vara frá um 800 íslenskum vefverslunum. Í Vöruleitinni slærðu inn þá vöru sem þig vantar og getur síað niðurstöður, t.d. niður á vörumerki, verslanir og verð og verður leitinn þannig hnimiðaðri en í almennum leitarvélum. Einnig er hægt að búa til óskalista og bera saman verð með einföldum hætti. Nýtsemi þjónustunnar er ótvíþætt, ekki síst í ljósi aukningar í netverslun, hvort tveggja fyrir neytendur, sem geta sparað bæði peninga og spor, sem og vefverslanir, sem fá enn betra tækifæri til að koma sér og vöruframboði sínu á framfæri. Kortin á Já.is hafa einnig verið í mikilli þróun en árið 2019 setti Já í loftið eigin kort af Íslandi, sem byggð eru á nýjustu kortatækni. Spennandi viðbætur hafa litið dagsins ljós, svo sem upplýsingar um lokanir og færð á vegum, en einnig vegvísun fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, sem fram að því var hvergi hægt að finna. Já kortið hlaut silfurverðlaun í flokki stafrænna korta á árlegri verðlaunaafhendingu British Cartographic Society árið 2021. Á kortavef Já.is eru einnig 360° götummyndir og fór fyrsta 360° myndatakan fram sumarið 2013. Myndirnar hafa verið endurnýjaðar á tveggja til þriggja ára fresti síðan og eru nýjar myndir væntanlegar á Já vefinn haustið 2022.

Auk þess að bjóða upp á upplýsingar á Já.is vefnum, Já appinu og í gegnum upplýsinganúmerið 1818 stendur fyrirtækjum til boða að beintengja sín eigin kerfi upplýsingaveitunni, og auðvelda sínu starfsfólki þannig enn frekar að afla þeirra upplýsinga sem Já býður uppá. Þess ber að geta að Já keypti Gallup og Markaðsgreiningu árið 2015 og átti félagið Leggja þjónustuna á árunum 2017 til 2019.



Auk upplýsinga um símanúmer, heimilisföng og opnunartíma er vöruúrval um 800 vefverslana leitanlegt á Já.is



Upplýsingar úr símaskrá, þjóðskrá og fyrirtækjaskrá eru aðgengilegar í gegnum API þjónustu á Gagnatorgi Já.



Aðsetur og starfsfólk

Fyrstu höfuðstöðvar félagsins voru til húsa að Stórhöfða 33, fluttust þær árið 2011 í Álfheima 74 en hafa frá árslokum 2020 verið að Lynghálsi 4. Sigríður Margrét Oddsdóttir var forstjóri félagsins frá stofnun til febrúar 2019, þegar Vilborg Helga Harðardóttir tók við starfinu. Hjá félaginu starfar fjölbreyttur og samhentur hópur fólks, eða um 90 manns í 58 stöðugildum sem hefur það sameiginlega markmið að auðvelda landsmönnum viðskipti, samskipti og ákvarðanatöku.

Framtíðarsýn

Sú áhersla sem lögð var upp með strax við stofnun félagsins á nýsköpun og umbreytingu á ekki síður vel við nú en þá. Tækniumhverfið breytist hratt og því fylgja nýjar áskoranir og ný tækifæri. Sem dæmi stendur fyrir dyrum að kynna nýtt viðskipta- og samskiptakerfi með sjálfsafgreiðsluviðmóti fyrir viðskiptavinum Já, þar sem vöruframboðið er aðgengilegra og þjónustan hraðari. Það eru spennandi tímar og tækifæri framundan í upplýsingatækni fyrir upplýsingaveitu eins og Já. Já hlýtur þá að vera svarið.



Já billinn að leggja upp í ferð að mynda götur landsins, sumarið 2022, ásamt bílstjóranum Sigurði Júlíusi Guðmundssyni.



Mílabíll við fjarskiptastað á fjalli.

Míla



Jón Ríkharð Kristjánsson, framkvæmdastjóri.

Míla er undirstaða fjarskipta á Íslandi

Míla ehf. er heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði sem á og rekur víðtækasta fjarskiptakerfi landsins. Kjarnastarfsemi Mílu felst í uppbyggingu og rekstri fjarskiptainnviða á landsvísi. Fjarskiptakerfi Mílu samanstendur af ljósleiðurum, koparstrengjum, og örbylgjusamböndum sem liggja hringinn um landið, til allra þéttbýlisstaða og til heimila, fyrirtækja og stofnana um land allt. Míla sér viðskiptavinum sínum fyrir dreifileiðum fyrir fjarskiptaþjónustu sína og aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað, og er þannig mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og í lofti. Fjarskipti eru ein af grunnþjónustum samfélagsins og það er mikilvægt fyrir öryggi fjarskipta að til staðar sé eitt heildstætt kerfi fjarskiptainnviða sem þjónar öllu landinu. Það kerfi er Míla.

Fyrirtækið Míla var stofnað árið 2007 og er í eigu Símans. Fyrirtækið var stofnað þegar grunnkerfi fjarskipta voru skilin frá starfsemi Símans. Stjórn Mílu er skipuð þremur aðilum. Stjórnarformaður Mílu er Óskar Jósefsson og stjórnarmenn eru Sigríður Dís Guðjónsdóttir og Sýlvía Kristín Ólafsdóttir. Framkvæmdastjóri Mílu er Jón Ríkharð Kristjánsson. Höfuðstöðvar Mílu eru á Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík.

Starfsemi Mílu byggir á gömlum grunni, en upphaf rekstursins má rekja til ársins 1906 þegar fyrsti sæstrengurinn kom á land á Seyðisfirði. Þegar Landsími Íslands var stofnaður var hafist handa við lagningu koparstrengja um landið og til höfuðborgarinnar. Lagningu kopars í dreifðari byggðum var lokið um 1960 og voru þá flest heimili á landinu komin með símatengingu.

Upphaf ljósleiðaravæðingar má rekja til ársins 1985 þegar fyrsti ljósleiðarinn var lagður innan borgarmarkanna og 1986 var fyrsti ljósleiðarinn lagður utan borgarinnar með streng frá Reykjavík til Selfoss. Í upphafi báru strengirnir 1920 símarásir (140 Mb/s) sem var mikil bylting á sínum tíma. Nákvæmlega sömu strengir flytja í dag margfalt meira gagnamagn enda hefur tækninni fleygt fram hvað varðar endabúnað sem tengist ljósleiðara. Þróun í bandvíddarþörf er hröð og vinnur Míla stöðugt að því að mæta auknum þörfum.

Vinnulag og framleiðsluferli

Fjarskiptakerfi Mílu - Míla veitir viðskiptavinum sínum aðgengi að fjarskiptakerfi sínu og sér þeim fyrir aðstöðu og dreifileiðum fyrir sína þjónustu. Míla leggur áherslu á að veita viðskiptavinum örugga þjónustu og ráðgjöf til að hámarka öryggi fjarskipta.

Fjarskiptakerfi Mílu byggist upp á tveimur meginkerfum, stofnneti og aðgangsneti.

Stofnnet Mílu byggir að mestu á ljósleiðurum, en einnig á örbylgjum. Ljósleiðarakerfi Mílu nær til allra þéttbýlisstaða á landinu og liggur hringinn í kringum landið. Kerfið er þannig uppbyggt að ávallt er reynt að tryggja hringtengingu eða tvítengingu til að auka öryggi fjarskipta. Þau svæði sem ekki tengjast ljósleiðaranum eru tengd með stafrænum örbylgjusamböndum. Auk þess býður Míla aðstöðuleigu fyrir viðskiptavinum sínum í tækjarymum á um 600 stöðum um allt land.



Höfuðstöðvar Mílu, Stórhöfða 22-30.



Unnið við fjarskiptalagnir.



Ís brotin af mastri upp á fjöllum.

Aðgangsnét Mílu sér um flutning frá sírstöð til endanotanda og er opið aðgangsnét sem þýðir að kerfi Mílu er opið öllum fjarskiptafyrirtækjum sem bjóða fjarskiptaþjónustu til notenda. Kerfið byggist upp á ljósleiðara og kopar og nær til allra heimila, fyrirtækja og stofnana í landinu.

Meirihluti heimila og fyrirtækja hefur nú aðgang að Ljósleiðara Mílu og öll heimili í þéttbýli á landinu hafa aðgang að Ljósneti Mílu, sem er blanda af ljósleiðara og kopar. Míla leggur eingöngu ljósleiðara til heimila í nýjum hverfum og hefur gert það allt frá stofnun fyrirtækisins. Þá hefur Míla unnið síðustu ár að endurnýjun aðgangsnets í þéttbýli á landinu með því að leggja ljósleiðara alla leið til heimila. Alls hafa nú yfir 95 þúsund heimili á landinu öllu möguleika á að tengjast Ljósleiðara Mílu þar af eru 75 þúsund á höfuðborgarsvæðinu. Kerfi Mílu er landsdekkandi kerfi og skiptir það miklu máli að endurnýjun kerfa nái til landsins alls. Því er fókusinn ekki síður á þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins þegar kemur að lagningu ljósleiðara til heimila. Míla hefur einnig komið að mörgum ljósleiðaraverkefnum í dreifbýli um land allt í gegnum verkefni ríkisins, Ísland Ljóstengt. Aðkoma Mílu að þeim verkefnum hefur verið allt frá ráðgjöf og hönnun til lagningar og reksturs kerfa.


Míla leggur mikla áherslu á stöðuga uppbyggingu fjarskiptainviða, auk þess að setja á markað nýjar lausnir til að mæta þörfum markaðarins. Kerfi Mílu eru grunnur að fjölbættri fjarskiptaþjónustu um allt land og til útlanda hvort sem það eru fjarskipti fyrir almenning, fyrirtæki eða öryggisfjarskipti.



Starfsmaður Mílu við tengingu ljósleiðara í brunn.

Skipulag og mannaúður

Starfsemi Mílu er skipt upp í 7 svið og eru aðalsviðin fimm: Stofnkerfi, Aðgangskerfi, Sala og þjónusta, Grunnkerfi og Framkvæmdir. Stoðsviðin eru tvö: Fjármál og greining og Tæknistöð. Í framkvæmdastjórn Mílu sitja framkvæmdastjóri, lögfræðingur og sviðsstjórar allra sviða. Hjá Mílu starfa 137 manns auk fjölda samstarfsaðila og verktaka um land allt sem vinna með starfsmönnum Mílu að uppbyggingu og viðhaldi fjarskiptakerfa landsins. Um 88% starfsfólks Mílu eru karlar. Starfsmannavelta er lítil hjá fyrirtækinu og meðal starfsaldur er rúm 18 ár. Það helgast m.a. af því að störfín eru sérhæfð og um leið samfélagslega mikilvæg. Starfsfólk Mílu starfar eftir gildum Mílu. Þau eru áreiðanleg, framsækin og traust. Starfsfólk Mílu býr yfir fjölbættri menntun, þekkingu og reynslu, sem nýtist vel í starfi við að tryggja örugg samskipti, öfluga þjónustu og ráðgjöf.



Skipurit Mílu.



Nova

Nova opnar fólki dyr að stærsta skemmtistað í heimi - internetinu!

Nova er íslenskt þjónustufyrirtæki sem veitir fjarskipta- og samskiptaþjónustu. Hlutverk Nova er að styðja við sibreytilegan lífsstíl viðskiptavina og gera þeim kleift að nýta tímann betur. Nova hf. var stofnað í maí 2006. Í lok mars 2007 fékk Nova úthlutað 3G rekstrarleyfi og opnaði svo formlega 1. desember 2007. Síðan þá hefur Nova lagt ofuráherslu á að hlaupa hratt og vera fyrst með nýjungarnar á dansgólfið fyrir viðskiptavinum sína. Nova var fyrst allra íslenskra símafyrirtækja til að bjóða upp á 4G, 4.5G og nú síðast 5G. Nova á og rekur eigið 4G/4.5G farsíma- og netkerfi á landsvisu og í febrúar 2019 hóf Nova prófanir á fyrsta 5G sendinum á Íslandi. Þann 5.5.2020 fór Nova í loftið með 5G farsíma- og netþjónustu, fyrst allra farsímafyrirtækja á Íslandi og uppbygging á 5G kerfi Nova er á fullri ferð. Árið 2016 bætti Nova ljósleiðaraþjónustu í vöruframboð sitt sem byggir á ljósleiðarakerfi Gagnaveitunnar. Ljósleiðari hjá Nova styður 1000 Mb/s hraða, sem er mesti hraði í heimatengingum á Íslandi. Nova ryður braut nýrrar fjarskipta- og samskiptatækni á Íslandi, snjallvæðir íslensk heimili og einfaldar fólki lífið í leik og starfi með hjálp tækninnar. Við TRÚUM á þráðlausa framtíð og ætlum okkur að leiða hana. Margrét Tryggvadóttir er forstjóri og hefur hún gjarnan kallað sig skemmtanastjóra í stað forstjóra. Menning Nova einkennist af árangri, stemningu og gleði.

Skipulag og sérstaða

Sérstaða Nova er kúltúr starfsfólksins, tónn vörumerkisins og loforðið um að vera alltaf skemmtileg, samhliða því að veita framúrskarandi þjónustu. Tónn Nova er rétt eins og fyrirtækið sjálft, ferskur, öðruvísi og skemmtilegur en á sama tíma jákvæður og skýr. Við viljum svara hratt og vel og skilja eftir góða upplifun og ánægju. Við erum meðvituð um tóninn okkar og áferð allra skilaboða hvar sem við komum þeim á framfæri. Frá upphafi hafa meginmarkmið Nova verið fjögur; Að vera í hópi þriggja bestu þjónustufyrirtækja á Íslandi, vera á meðal sterkustu vörumerkja á Íslandi, besta vinnustaður í heimi og síðast en ekki síst best á netinu. Með þessi markmið að leiðarljósi hefur Nova vaxið og dafnað frá árinu 2006 með gleðina að vopni. Nova hefur átt ánægðustu viðskiptavinina í farsímaþjónustu skv. Íslensku ánægjuvöginni sl. 12 ár, verið í hópi fyrirmyndarfyrirtækja VR, hlotið nafnbótina Fyrirtæki ársins á vegum VR sl. tvö ár og verið valið markaðsfyrirtæki ársins í þrjú skipti að af ÍMARK. Grunnhugmynd viðskiptamóðels Nova er að trúa á snjalla framtíð og vera það fyrirtæki sem markaðurinn vill á hverjum tíma, ekki ýta á móti kröfum markaðarins með það fyrir augum að verja gamalt viðskiptamódel. Þannig leggur viðskiptamódelið grunninn að sérstöðu Nova og getum við því með beinum hætti bent markaðnum á gamaldags vöruframboð og markaðsnálgun samkeppninnar. Við horfum til framtíðar og segjum „Ekki vera risaeðla!“ Viðskiptamódel Nova er því á sama tíma sérstaða Nova og undirstaða vörumerkisins sem skapar forskot. Því er komið til skila með sterkum tóni sem skapar ásýnd með sérstöðu gagnvart samkeppninni.



Sjálfbærni og umhverfi

Neikvætt fótspor Nova tengist minna umhverfinu en meira óraunhæfum staðalímyndum, stanslausu skruni, ofnotkun skjátíma og þeim neikvæðu afleiðingum sem samfélagsmiðlar geta haft í för með sér. Farsíminn og internetið eru nauðsynleg tæki en óhófleg notkun á sér dimmari hliðar, eins og með margt annað. Nova vekur athygli á þessum neikvæðu hliðum á „Novalegan“ hátt. Þegar kemur að umhverfismálum þá vegur þyngst að við bjóðum viðskiptavinum að „Endurgræða“ gömul símtæki og höfum nú þegar „Endurgrætt“ á annan tug þúsunda símtækja þar sem gömlu tækjunum er komið í grænt og vænt ferli. Engu er hent sem hægt er að nýta. Tæki sem hægt er að laga eru gerð upp og önnur tæki eru notuð í varahluti. Það sem ekki er hægt að endurnýta fylgir WEEE (Waste Electrical and Electronic Equipment) reglugerðinni frá Evrópusambandinu um hvernig skal endurvinna öll raftæki. Nova hefur kolefnisjafnað sinn rekstur í samvinnu við Votlendissjóð.

Nova liðið

Í dag starfa 163 einstaklingar hjá Nova, sem oftast eru kallaðir dansarar. Hjá Nova er mikið lagt upp úr því að efla fólk í starfi, tryggja starfsþróun og verðlauna frumkvæði. Margir stjórnendur Nova í dag hófu einmitt störf sín í sölu & þjónustu. Samskipti milli starfsmanna og deilda eru óformleg, það eru allir í sama liðinu. Stjórnunar- og starfsmannastefna Nova er einföld: Komdu fram við aðra eins og þú vilt að sé komið fram við þig, vertu góð fyrirmynd og láttu verkin tala.

Góð liðsheild er lykilinn að árangri Nova. Hjá Nova er lögð áhersla á leikgleðina. Innanhúss eru fjölbreyttir viðburðir og enginn dagur er eins. Nova fagnar sigrunum með diskó, gimmeri og gleðisprengjum en starfsfólk Nova er árangursdrifið og mikið keppnisfólk sem sprengr skalann í hvert skipti. Ánægt starfsfólk skapar besta vinnustað í heimi og þar af leiðandi ánægðustu viðskiptavinina en Nova hefur átt ánægðustu viðskiptavinina í farsímaþjónustu 12 ár í röð skv. Íslensku ánægjuvuginni.

Aðsetur

Verslanir Nova eru í Lág múla 9, Kringlunni, Smáralind, Akureyri og Selfossi. Símaver og skrifstofur eru til húsa í Lág múla 9. Hjá Nova er lokað á sunnudögum en lokunin er hugsuð til þess hvetja landsmenn til þess að logga sig út, fara út að leika með vinum og fjölskyldu og njóta lífsins.



Starfsmaður vinnur við eftirlitskerfin.



Niðurstetning á brunni

Orkufjarskipti



Bjarni M. Jónsson, framkvæmdastjóri.

Uppruni fyrirtækisins nær aftur til sjöunda áratugarins er flutningssvið Landsvirkjunar sá um sérhæfða fjarskiptaþjónustu vegna orkustjórnkerfa fyrirtækisins. Það var svo árið 2000 í kjölfar afnáms einkaleyfis almennra fjarskipta að Fjarski ehf. var stofnaður um fjarskiptahluta Landsvirkjunar. Flutningssvið Landsvirkjunar bar ábyrgð á rekstri fjarskiptakerfisins á þessum tíma, en með tilkomu nýrra raforkulaga árið 2005 var flutningshlutinn gerður að sér fyrirtæki, sem í dag er Landsnet. Árið 2010 var tekin ákvörðun um að taka Fjarska af almennum markaði og í framhaldi af því voru markaðstengdar eignir félagsins seldar og var nafni félagsins breytt og hefur fyrirtækið verið rekið undir nafninu Orkufjarskipti hf. frá 1. janúar 2012.

Tilgangur

Tilgangur Orkufjarskipta er að eiga og reka öryggisfjarskiptakerfi sem hluthöfum er nauðsynlegt vegna reksturs raforkukerfa þeirra á landsvísu og leigja aðgang að því eftir því sem tók eru á og lög heimila.

Þjónusta

Félagið byggir tilvist sína á þörfum eigendanna með því að byggja upp og reka öryggismiðað fjarskiptakerfi byggt á ljósleiðarækni, þar sem yfirsýn kerfisins er á einni hendi sem styttr boðleiðir, sem stuðlar að auknu öryggi og stuttum viðbragðstíma.

Mikil áhersla er lögð á öryggi kerfis Orkufjarskipta og í því augnamiði er kerfið byggt upp á þann hátt að raunverulegur aðskilnaður sé á milli almenna kerfisins og kerfis Orkufjarskipta, sem þýðir að kerfin fara ekki um sama ljósþráð, sem dregur úr hættu á innbrotum inn á kerfið. Þjónustutengdur fjarskiptabúnaður tekur og mið af þörfum viðskiptavina og viðhaldsvinna við kerfin er á þeirra forsendum. Kerfin fyrir orkustýringu og varnir eru að sama skapi aðskilin frá skrifstofukerfum fyrirtækjanna. Leiðarval lagna tekur fyrst og fremst mið af þörfum viðskiptavina og burðarlag kerfisins er óháð tækni sem notuð er í almennum kerfunum, sem dregur úr hættu á þjónusturofi vegna örra tæknibreytinga í þeim kerfum.

Verkefni

Stærsta verkefni Orkufjarskipta undanfarin ár hefur verið uppbygging ljósleiðarakerfis sem tengir saman öll helstu orkuvirki og stórnotendur hringinn í kringum Ísland og er ljósleiðarakerfi Orkufjarskipta orðið um 1.800 km að lengd. Áætlað er að uppbygginu ljósleiðarakerfis sem mun mynda einskonaár áttu um Ísland ljúki árið 2022. Við þau tímamót verður mögulegt að tengja notendur úr tveimur aðskildum áttum á ljósleiðurum sem mun auka rekstraröryggi til muna.



Starfsmaður vinnur við tæknibúnað.



Ljósleiðaralögn sem eyðilagðist í síðasta Skaftárhlaupi. Lögnin sést hanga yfir vatninu og myndin sýnir hvað náttúruöflin geta verið óútreknanleg og erfð að eiga við.

Eigendur og stjórnendur

Núverandi eigendur félagsins eru Landsvirkjun og Landsnet að jöfnum hlutum. Sá síðarnefndi gerðist aðili að félaginu eftir endurskipulagningu þess og breytingar á raforkulögum á árinu 2011 um heimild til þátttöku í slíku félagi. Núverandi stjórnarmenn eru Guðlaug Sigurðardóttir og Sverrir Jan Norðfjörð, fulltrúar Landsnets og Jóna Soffía Baldursdóttir og Einar Mathiesen, fulltrúar Landsvirkjunar. Orkufjarskipti eru með aðsetur að Krókhálsi 5c í Reykjavík og starfsmenn félagsins eru 9. Skipulagið er svokallað „lífrænt“ skipulag þar sem allir starfsmenn eru í beinni tengingu við framkvæmdastjóra. Slíkt skipulag býður uppá stystu mögulegar boðleiðir en krefst um leið mikils verkefnaþroska starfsmanna. Skipulagið hefur gefist vel enda allir starfsmenn reynslumiklir. Þriðjungur starfsmanna er með háskólamenntun og aðrir með iðnmenntun. Mikil fjölbreytni er í verkefnum og eru starfsmenn sérhæfðir í ákveðnum þáttum en ganga engu að síður í þau verk sem þörf er á hverju sinni. Framkvæmdastjóri félagsins er Bjarni M. Jónsson og tók hann við rekstri félagsins í janúar 2011 er félagið var endurskipulagt.

Vinnulag og framleiðsluferli

Í upphafi var mikið notast við háspennusíma og örbylgjusambönd til samskipta við orkuvirki sem oft voru mönnuð svo bregðast mætti skjótt við bilunum. Þessi tækni hefur nú verið aflögð í okkar kerfum með tilkomu ljóstækninnar sem gefur mikla möguleika á fjarvöktun og fjarstýringu. Vegna eðlis starfseminnar þarf vinnuumhverfi að vera agað og innleidd var gæðastefna til að tryggja að gæði vöru og þjónustu væru í samræmi við væntingar viðskiptavina, samstarfsaðila og starfsmanna. Til að ná þeim markmiðum fór fyrirtækið í vottunarferli og hefur nú hlotið vottun ISO 9001, 14001, 27001 og 18001 staðla. Til að halda utan um upplýsingar varðandi ljóslagnir fyrirtækisins er notað fullkomið skráningarkerfi svokallað línubókhald. Fullkomið eftirlits- og stjórnkerfi fylgist með tæknibúnaði sem notaður er vegna starfseminnar og er hann vaktaður 24 tíma á sólarhring.



Ljósleiðaralögn.



Niðurstetning á brunni.



Dagskrárgerðarmennirnir Gunnlaugur Helgason og Heimir Karlsson.



Frá vettvangi starfsemi Sýnar.

Sýn



Heiðar Guðjónsson, forstjóri.

Sýn er heiti á sameinuðu félagi Vodafone og Stöðvar 2, en fyrirtækin tóku saman höndum árið 2017 með það fyrir augum að verða að leiðandi afli þegar kemur bæði að fjarskiptaþjónustu og rekstri ljósvakamiðla á Íslandi. Undir hatti Sýnar má því finna starfsemi af ýmis konar tagi, en Vodafone og Stöð 2 eru að sjálfsgöðu burðarstöðirnar, en nefna má þar að auki Stöð 2 Sport, útvarpsstöðvarnar Bylgjuna, FM957 og X-ið 977 að ónefndum mest lesna fréttamiðil á Íslandi, Visi.is.

Gildin okkar

Gildin sem starfsfólk Sýnar tileinkar sér eru **sameiginlegt virði**, en í því hugtaki kristallast fyrirætlanir fyrirtækisins um að hafa jákvæð áhrif á samfélagið í gegnum vandaða viðskiptahætti og loforð um að hafa frammi þrotlausa tilburði til að skapa örugga framtíð snjallra fjarskiptalausna og fjölmiðlunar, öllum til heilla. **Sjálfbærni**, en í það hugtak leggur starfsfólk Sýnar þann skilning að þeim beri að hafa að leiðarljósi virðingu fyrir umhverfi sínu og samfélagi, sjálfbærni og jafnrétti á öllum sviðum án undantekninga eða málamiðlana, en Sýn býr að því að vera handhafi Hvatningarverðlauna jafnréttismála, ásamt því að taka sterka afstöðu með umhverfinu með því að til dæmis lágmarka notkun á óendurnýjanlegum auðlindum eins og kostur er, ásamt öðrum sambærilegum stefnum og aðgerðum. Síðast en ekki síst nefnum við gildið okkar, **hlitni**, það er að ganga úr skugga um að starfsemi Sýnar og framkvæmdir lúti alltaf þeim reglum og stöðlum er eru fyrir hendi til hið ítrasta, svo sem að taka alltaf mið af persónuverndarsjónarmiðum þegar vörur og þjónustur eru þróaðar, en virðing fyrir einkalífi viðskiptavina er ávallt sett í öndvegi í öllum gjörðum og framkvæmdum Sýnar.

Þjónustan

Í gegnum Vodafone-arm samsteypunnar býður fyrirtækið fjarskiptaþjónustu af öllu tagi, jafnt til fyrirtækja og einstaklinga. Vodafone á Íslandi hefur úr að spila GSM-neti sem hefur gríðargóða dreifingu um landið – sem og á miðunum, en Vodafone hefur ekki látið sitt eftir liggja til að tryggja sæförum samband við umheiminn í gegnum 4G-samband innan íslenskrar landhelgi, sem og í gegnum gervihnött þegar lengra er komið út fyrir landsins strendur. Uppi á landi getur Vodafone boðið háhraða internet-tengingar til flestra landsmanna, sem og sjónvarpsþjónustu samhliða henni, þá í gegnum vandaða Samsung-myndlykla, eða í gegnum Stöð 2-appið sem hefur aðeins orðið vinsælla í tímans rás frá því að smáforritinu var hleypt af stokkunum árið 2018.

Afbreytingarefni

Í gegnum miðla-hluta samsteypunnar býður Sýn upp á fjölbreytt afbreytingarefni í gegnum flestar tegundir miðla, það er sjónvarp, útvarp, fréttaveitur á internet-formi og síðast en ekki síst, í gegnum hlaðvörp sem er hratt að ryðja sér til rúms sem athyglisverður vettvangur skemmtiefnis og skoðanaskipta.



Höfuðstöðvar Sýnar að Suðurlandsbraut 8-10, Reykjavík.



Fréttamenn ræðast við.



Telma Tómasson, les fréttir á Stöð 2.



Textavél í fréttauðsendingu.

Sjónvarp

Stöð 2 hefur vermt sjónvarpsskjái landsfólks síðan árið 1986 og rásin skipar ákveðinn sess í huga fólks sem fyrsta, sjálfstæða sjónvarpsstöðin á öldum ljósvakans á Íslandi. Rásin hefur upp á að bjóða margt af vinsælasta sjónvarpsefni landsins en Stöð 2 er aukinheldur leiðandi þegar kemur að framleiðslu innlends sjónvarpsefnis en margt af okkar fremsta listafólki hefur í gegnum tíðina tekið höndum saman við okkar fólk og þá er útkoman jafnan eftirtektarverð, til dæmis má nefna Drauma-þáttaraðirnar góðkunnu sem vöktu lukku landsmanna – og gera enn. Fréttabátturinn Kompás hefur einnig rutt sér til rúms á íslenskum fréttavettvangi með vandaðri og tæpitungulausri umræðu um málefni sem snerta alla landsmenn.

Útvarp

Þær útvarpsstöðvar er Sýn hefur innan sinna vébanda bjóða landsmönnum upp á fjölbreytta afþreyingu daglega, en útvarpsþættir Bylgjunnar, svo sem Bítíð og Reykjavík Síðdegis, njóta mikilla vinsælda um land allt, sem og hefur X-ið haldið merki roksins uppi á landsvísi í áratugi, en stilli fólk á systurrás X-ins, FM957, geta áheyrendur gengið að því vísu að heyrja það vinsælasta úr heimi dægurtónlistar hverju sinni í bland við annað efni, fréttir og fróðleik í léttari kantinum

Vefur

Síðast en ekki síst höfum við innan okkar raða vinsælasta vef landsins, Visir.is, sem myndar ákveðinn miðpunkt þegar kemur að starfsemi miðlana, en allt efni fer með einum eða öðrum hætti inn á Vísi, hvort sem um er að ræða fréttir, íþróttafeni, menningar eða lífstílsefni, efni úr útvarps, hlaðvarps og sjónvarpsþáttum. Visir hefur verið í örum vexti á síðustu misserum og sú er staðan í dag að hér er um að ræða mest lesna fréttavef landsins, enda hefur vefurinn úr að spila færur og reyndum fréttaritutum sem fjalla um mál liðandi stundar af staðfestu og heilindum. Það er því lítil ráðgáta hvers vegna Vísi er treyst fyrir því að flytja þjóðinni fregnir allan sólarhringinn um þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni.

Starfsemin

Eins og lesa má kennir ýmissa grasa þegar kemur að starfsemi Sýnar, en mest af öllu er lögð áhersla á að viðskiptavinir Sýnar geti gengið að fagmannlegri þjónustu og afþağðs búnaði vísam, sé stofnað til viðskiptasambands við Vodafone eða Stöð 2. Við viljum að viðskiptavinir upplífi sig örugga og í bílstjórásætinu og geti sótt sér nákvæmlega þá þjónustu til okkar sem þeir óska – á sínum eigin forsendum.



Stjórnherbergið.



Bein útsending úr myndveri.



Verslun Vodafone.



Smá fönn er engin fyrstaða ef það þarf að koma á ljósleiðarasambandi.



Sérsmíðuð plægingarvél í eigu Tengis, sú eina sinnar tegundar á landinu. Þessi er mikið notuð og hefur plægt niður stóran hluta ljósleiðaranetsins á Norðausturlandi.

Tengir

framúrskarandi fjarskiptasamband og framtíðin er ljós!



Ljósleiðari lagður að heimili með nýrri handsög til að koma honum á mikið dýpi. Þorri Starrason (t.v.) hefur nýlokið við að saga og Knútur G. Henrysson, yfirverkstjóri hjá Tengir hf. (f.m.) og Leifur Ólafsson hópstjóri (t.h.), eru spennir að skoða árangurinn.

Fjarskiptafélag í eigu Akureyringa

Tengir hf. er fjarskiptafyrirtæki sem stofnað var á Akureyri árið 2002 með það að markmiði að byggja upp ljósleiðaranet á Eyjafjarðarsvæðinu. Frá árinu 2010 hefur félagið verið í eigu veggja hluthafa, G&B ehf. og Norðurorku hf. og er því alfarið í eigu heimamanna. Framkvæmdastjóri Tengis, Gunnar Björn Þórhallsson, hefur gegnt því starfi frá upphafi. Sérstaða og styrkur Tengis er meðal annars fólgin í þeirri miklu reynslu og þekkingu sem starfsmenn hafa á hönnun, lagningu og rekstri fjarskipta- og hugbúnaðarkerfa. Markmið félagsins er að öllum íbúum á starfssvæði Tengis muni standa til boða að nýta sér framúrskarandi fjarskipti um ljósleiðaranet í eigu heimamanna, sem rekið er af heimamönnum. Stjórn: Frans Árnason, stjórnarformaður, Gunnar Björn, varaformaður, Helgi Jóhannesson, ritari og Ari Fossdal, varamaður.

Uppbygging ljósleiðaranets Tengis

Í upphafi lagði Tengir ljósleiðarastreng um Akureyri fyrir stórnotendur í símstöðvar bæjarins og gátu fjarskiptafélög þá tengst við nýjan ljósleiðarastreng sem lagður hafði verið milli Akureyrar og Reykjavíkur yfir Sprengisand. Jók þetta verulega gagnaflutningsgetu inn á svæðið auk þess að samkeppni skapaðist milli fjarskiptafélaga um stór fjarskiptasambönd. Á upphafsárunum setti Tengir upp VDSL búnað og notaði fyrirbyggjandi koparlínukerfi til að bjóða viðskiptavinum upp á mun afkastameiri þjónustutengingar en áður hafði þekkt, tenging sem síðan hefur verið nefnd ljósnet. Þá var einnig lagður ljósleiðari og settur upp ADSL búnaður fyrir smærri þéttbýlisstaði á svæðinu, þar sem sítengdar netþjónustur höfðu ekki verið í boði um koparkerfi. Því má segja að Tengir hafi frá upphafi stuðlað að stórbættri þjónustu á starfssvæðinu, sem er í dag mun víðtækara en upphafleg markmið gerðu fyrirætlanir um. Tengir hefur byggt ljósleiðaranet sitt upp jafnt og þétt en fyrstu árin var áhersla lögð á að leggja ljósleiðara þar sem þörf var mest fyrir mikla flutningsgetu, s.s. í stofnanir ríkis- og sveitarfélaga, skóla og sjúkrahús. Þannig var markvisst unnið að undirbúningi framtíðar fjarskiptanets sem í dag nær um stóran hluta Norðausturlands, frá Siglufirði í vestri til Blikalóns á Melrakkasléttu í austri og inn til Svartárkots í Bárðardal.

Í lok árs 2019 stóð nánast öllum íbúum með fasta búsetu í dreifbýli og smærri þéttbýliskjörnum á starfssvæði Tengis til boða að tengjast við ljósleiðaranetið. Þeim árangri er meðal annars að þakka góðu samstarfi við sveitarfélögin sem og átaksins Íslands ljóstengt.

Ljósleiðaranetið, högun og þjónusta

Ljósleiðaranet Tengis er byggt upp með s.k. Point-To-Point (P2P) högun, þar sem hver ljósleiðarabráður nær alla leið frá tengistöð Tengis og inn í fasteign viðskiptavinar. Með þessum hætti hefur hver notandi eigin þráð og hægt er að breyta þjónustubörf og stækka sambandið eins og hentar hverjum og einum. Er þetta talin framtíðarhaldnasta ljósleiðaraupbyggingin hvað varðar búnað, flutningsgetu og rekstraröryggi. Lengd ljósleiðarastrengja í dreifbýli á Íslandi er á mörgum svæðum veruleg, en slíkt er ekki takmarkandi þáttur í P2P högun.



Starfsmenn Tengis hf. í vinnu við krefjandi aðstæður við að koma ljósleiðara og stýrisstreng upp Hlíðarfjall veturinn 2019.

Tengir hefur frá upphafi kappkostað að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu og samkeppnishæft verð. Annars vegar er um að ræða heimilisnotendur sem leigja aðgang að ljósleiðaranetinu í staðin fyrir koparkerfi og kaupa internet-, sjónvarps- og heimasímaþjónustu um ljósleiðaranet af þjónustuveitum. Hins vegar leigja flestar þjónustuveitur landsins heildsöluaðgang að ljósleiðaraneti Tengis og bjóða um það þjónustur sínar, annað hvort um virkan netbúnað Tengis eða um búnað sem Míla ehf. rekur um ljósleiðaranet Tengis með eigin endabúnaði. Þá býður Tengir einnig upp á ýmsar fjarskiptalausnir fyrir stórnotendur, svosem staðar- og víðnet fyrir sveitarfélög til að sinna eftirliti og stýringum á ýmsum veitu- og fráveitukerfum. Í upphafi árs 2019 voru viðskiptavinir Tengis rúmlega 6.000, þar af um 4.500 á Akureyri. Er það fyrir utan tengingar í símsstöðvar og fjarskiptahús fyrir útsendingar ljósvakamiðla, GSM fjarskiptakerfi og stofnsambönd sem fjarskiptafélögin og Tengir eru með til eigin nota. Frá árinu 2017 hefur Tengir náð að bæta um 1000 nýjum viðskiptavinum á ljósleiðaranetið árlega og er markmið félagsins að bæta 500-1000 nýjum viðskiptavinum við ljósleiðaranetið árlega, þar til öllum íbúum starfsvæðisins mun standa til boða að tengjast.

Tækjabúnaður af bestu gerð

Véla- og tækjabúnaður Tengis er mjög sérhæfður og hefur félagið yfir að ráða tækjabúnaði af bestu gerð á öllum stigum framkvæmda. Þar er um að ræða stórvirkar vinnuvélar, sérhannaðar til að leggja ljósleiðara í jörðu með sem minnstu raski, minni jarðvegsploða á beltum og handploða. Þá hefur Tengir yfir að búa bestu fánlegu suðu- og mælitækjum fyrir ljósleiðara sem og net- og tölvubúnaði til að keyra virka búnað ljósleiðaranetsins. Efni til uppbyggingar og reksturs ljósleiðaranets flytur Tengir að mestu sjálf inn til landsins og hefur félagið myndað sterk viðskiptasambönd um allan heim, lengst af við fyrirtæki í Bandaríkjunum, Kína og á Indlandi.

Rekstur

Velta félagsins árið 2019 var tæplega 500 m.kr. og hefur það verið rekið með hagnaði flest ár frá upphafi. Eigendur Tengis hafa ekki greitt sér arð þrátt fyrir góða rekstrarstöðu, þar sem allt mögulegt fjármagn er nýtt til uppbyggingar ljósleiðaranetsins. Tengir hefur verið í hópi Framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi frá árinu 2015.

Aðsetur og mannauður

Aðsetur Tengis er að finna að Fjölnisgötu 6c á Akureyri og deilir félagið starfsaðstöðu sinni með Netkerfi og Tölvur ehf., sem er helsti verktaki Tengis er kemur að lagningu og rekstri ljósleiðaranetsins. Starfsmenn Tengis eru 12 talsins en það sem helst einkennir sterka liðsheild starfsmanna er breiður bakgrunnur, fjölbreytt menntun og mikil reynsla á sviði fjarskiptalagna og reksturs fjarskiptakerfa. Tengir og Netkerfi og Tölvur eru með sameiginlegt öflugt starfsmannafélag sem skipuleggur reglulega ferðir og fjölbreytta samveru fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra. www.tengir.is



Jón Ólafsson (t.v.) og Gunnar Freyr Gunnarsson (t.h.) sérfræðingar Netkerfa vinna í ljósleiðaraskáp Tengis.



Starfsmenn Netkerfa vinna við lagningu ljósleiðara Tengis á Akureyri.

Netkerfi og tölvur



Björk Vilhelmsdóttir og Gunnar Björn Þórhallsson.

Jón Ólafsson (t.v.) og Gunnar Freyr Gunnarsson (t.h.) sérfræðingar Netkerfa vinna við lagfæringu kerfisskáps fyrir viðskiptavin.



Öflugt þjónustufyrirtæki í tölvu- og upplýsingatækni

Netkerfi og tölvur ehf. var stofnað árið 1997 af Gunnari Birni Þórhallssyni framkvæmdastjóra félagsins, sem þá starfaði sem kerfisfræðingur og sinnti ráðgjöf og netkerfisþjónustu fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu. Segja má að félagið hafi verið stofnað sem utanumhald reksturs eins manns en verkefnastaðan hafði aukist jafnt og þétt árin á undan.

Bakgrunnur og upphaf

Frá árinu 2007 hefur fyrirtækið Netkerfi og tölvur verið í eigu G&B ehf., en stafirnir í nafni fyrirtækisins standa fyrir upphafsstafi eigenda þess, Gunnars og eiginkonu hans Bjarkar Vilhelmsdóttur. Gunnar starfaði áður sem gröfu- og vélamaður en hefur alla tíð haft mikinn áhuga á tækni, tölvum og forritun. Rúmlega tvítugur keypti hann sér sína fyrstu PC tölvu, hóf að forrita og jókst þekking hans hratt. Gunnar lærði uppbyggingu og hönnun netkerfa hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Novell, en þaðan hefur hann gráðu sem Certified Network Engineer (CNE). Björk er menntaður leikskólakennari og hefur starfað sem slíkur til fjölda ára. Hún hefur einnig mikla reynslu af fyrirtækjarekstri, bókhaldi og fjármálum, en hún átti og rak fyrirtæki á Akureyri í rúm 10 ár.

Þjónusta, verkefnastaða og velta

Netkerfi og tölvur hafa eins og önnur fyrirtæki í tæknitengdum greinum þróast mikið gegnum árin og í dag er reksturinn orðinn mjög fjölbreyttur. Árið 2002 gerði félagið þjónustusamning við Tengir hf., fyrirtæki í örum vexti sem stofnað var til að byggja upp ljósleiðaranet á Eyjafjarðarsvæðinu. Við þetta jókst fjölbreytni verkefna verulega, þar sem við bættust verkefni á sviði ljósleiðaralagningar og uppsetningar á ljósleiðarabúnaði. Fyrirtækið gerði þjónustusamning við Opin Kerfi og Hewlett Packard árið 2004 og fór í kjölfarið að selja HP tölvubúnað ásamt Cisco netbúnaði, en þessir samningar ásamt öðrum styrktu verulega stöðu fyrirtækisins á sviði netkerfiþjónustu, sér í lagi til stórnotenda á Eyjafjarðarsvæðinu. Netkerfi og tölvur hafa ávallt verið leiðandi í nýjungum á breiðu sviði upplýsinga- og vélbúnaðar, enda hefur drifkrafturinn og grunnildi starfsmanna einkennst af nýjungagirni alveg frá upphafi. Fyrirtækið var til dæmis fyrst til að hefja innflutning á geisladiskabrennurum, Unifi netaðgangspunktum, þrívíddarprenturum og nú síðast fjarverum og hefur þannig rutt brautina fyrir nýjungar í tæknigeiranum hérlandis. Fyrirtækið hefur alltaf haft að leiðarljósi að viðskiptavinir njóti bestu mögulegu þjónustu sem völ er á og sama gildir um þær vörur sem fyrirtækið hefur boðið upp á hverju sinni. Mikill metnaður hefur verið lagður í að viðskiptavinir þurfi ekki að eyða sínum tíma í annað en að sinna sinni kjarnastarfssemi. Þessi grunnildi hafa haft það í för með sér að viðskiptavinaheldnin hefur alltaf verið mjög há, enda staðreynd að mörg fyrirtæki sem eru í rekstrar- og búnaðarþjónustu hjá Netkerfi og tölvur, hafa verið það alveg frá upphafi. Stefna



Ingimar Baddi, starfsmaður Netkerfa vinnur við að tengja ljósleiðara Tengis í götuskáp.

eigenda er að ráða þjónustulundaða og metnaðarfulla starfsmenn sem leggja sig að fullu fram við framúrskarandi þjónustu við viðskiptavini.

Helstu viðskiptavinir félagsins eru stærri fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu, ásamt Tengir hf. og fjölmörgum fjarskipta- og hugbúnaðarfyrirtækjum á landsvísu.

Velta Netkerfa og tövla er rúmlega 500 m.kr. á ársgrundvelli. Rekstur fyrirtækisins hefur verið stöðugur, félagið rekið með hagnaði frá upphafi og verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi síðan árið 2015.

Mannauður og aðsetur

Frá upphafi hefur félagið vaxtið jafnt og þétt og árið 2019 eru starfsmenn þess að jafnaði um 30 talsins, en yfir sumartímenn þegar framkvæmdir við ljósleiðaralagningu eru í hámarki fjölga starfsmönnum upp í um 40 manns. Hjá fyrirtækinu starfar breiður hópur, s.s. tölvunar-, kerfis- og viðskiptafræðingar auk raf- og rafeindavirkja, símsmiða, húsasmiða, vélstjóra, tæknimanna, vélamanna og verkamanna.

Aðsetur félagsins er að finna að Fjölnisgötu 6 á Akureyri og deilir félagið rúmlega 1.000 fm starfsaðstöðu sinni með Tengir hf. Fyrirtækin eru einnig með öflugt sameiginlegt starfsmannafélag sem skipuleggur viðburði og starfsmannafærðir við ýmis tilefni, þar sem áhersla hefur verið lögð á bæði fróðleik og skemmtun.

Öflugt og gott starfsmannafélag Netkerfa og Tengis. Hérna eru starfsmenn staddir á toppi Kaldbaks í Eyjafirði.





Starfsmenn PREMIS á fundi.

Premis



Kristinn Elvar Arnarsson forstjóri PREMIS.

PREMIS ehf. starfar á sviði upplýsingatækni með megináherslu á þjónustu við rekstur tölvukerfa og forritun á vefrænum lausnum fyrir fyrirtæki. Fyrirtækinu er skipt upp í tvö svið, rekstrarsvið og hugbúnaðarsvið sem hvort um sig sinnir þessum ólíku megináherslum. Rekstrarsviðið sér um rekstur tölvukerfa, einblínir á heildarþjónustu við fyrirtæki þar sem allt er innifalið í föstum mánaðarlegum kostnaði. Vissulega er líka hægt að fá þjónustu í einstaka þjónustubætti eftir þörfum. Þar má nefna hýsingu tölvukerfa, skýjalausnir Microsoft, nettengingar, notendabjónustu, rekstur netþjóna og kerfa, ásamt margskonar ráðgjöf og fræðslu. Hugbúnaðarsviðið framleiðir vefsíður og vefverslanir með tengingar í fjárhagskerfi, ásamt því að sérsníða vefrænar lausnir. PREMIS býður líka hýsingu á þessum vefsíðum og veflausnum. PREMIS er vottað samkvæmt ISO 27001 öryggisstaðlinum í stjórnun upplýsingaöryggis. Á árinu 2020 var heildarföldi viðskiptavina rúmlega 1500 talsins og fjöldi starfsmanna 45. Höfuðstöðvar PREMIS eru í Skútuvogi 2, í húsnæði sem er sérsníðið að starfsemi.

Saga og framgangur PREMIS

Fyrirtækið var stofnað 1999 og hét í upphafi Nethönnun. Fyrstu verkefnið fólst í tölvuþjónustu við nokkur fyrirtæki í Reykjavík og Ísafirði. Vöxtur var hægur en stöðugur fyrstu árin. Árið 2007 urðu þáttaskil í rekstri fyrirtækisins þegar Nethönnun tók að sér heildarrekstur tölvu- og netkerfa fyrir N1. Árið 2008 kaupir Nethönnun fyrirtækið Greind ehf. og stofnaði í kjölfarið hugbúnaðardeild til að smíða lausnir sem auðvelduðu rekstur á tölvukerfum viðskiptavina, og í framhaldi af því bættist síðan vefsíðugerð í þjónustuflóru fyrirtækisins. Árið 2013 var ákveðið að breyta nafni og vörumerki fyrirtækisins í PREMIS. Önnur þáttaskil urðu í rekstrinum 2016 þegar nýir fjárfestar komu inn í reksturinn. Á næstu árum voru nokkur lítil upplýsingatækniyrirtæki keypt inn í reksturinn þannig að fyrirtækið hefur stækkað hratt á skömmum tíma. Helst má þar nefna Netvistun, Davíð og Góliat, Opex og Tölvustöð. Öll þessi fyrirtæki móta þá heild sem PREMIS er í dag. Framundan er svo áframhaldandi vöxtur með áherslu á heildarþjónustu við fyrirtæki með traust og samvinnuð markmið beggja aðila að leiðarljósi.

Eigendur PREMIS eru í dag tveir sem skipta hlut jafnt á milli sín. Það eru Eskimo Rental ehf. sem er að mestu í eigu Kristins Elvars Arnarssonar og Fiskisund ehf. Kristinn sem hefur verið einn af eigendum frá upphafi situr í stjórn ásamt Kára Þór Guðjónssyni sem situr fyrir hönd Fiskisunds, en Kári er jafnframt stjórnarformaður.

Í dag er Kristinn forstjóri PREMIS, en aðrir lykilstjórnendur eru Daði Hannesson fjármálastjóri, Gunnar Ingi Björnsson, sölu og markaðsstjóri, Björgvin Þorsteinsson framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og Halldór Áskell Stefánsson framkvæmdastjóri hugbúnaðarsviðs.



Tekist á við verkefni.



Kaffisþjall á Hrefnubar.

Rekstrarþjónusta

Rekstrarþjónusta tölvukerfa snýst að mestu leiti um að byggja upp áreiðanlega og örugga heild af búnaði og kerfum svo viðskiptavinir geti unnið að sínum verkefnum og markmiðum án atvika sem trufla starfsemina. Þegar eitthvað kemur upp þurfa að vera til staðar ferlar og þekking til að leysa úr málum hratt og örugglega. Með þetta að leiðarljósi nálgast PREMIS sína rekstrarþjónustu. Unnið er samkvæmt stöðlum og bestu aðferðum í uppsetningu og öryggismálum þar sem bæði búnaður og kerfi eru vöktuð til að tryggja samfellda þjónustu þeirra. Þjónustuframlínan er síðan til staðar með þau verkfæri sem þarf til að leysa vandamálín þegar þau koma upp.

Skýjalausnir

Á undanförunum árum hafa orðið straumhvörf í skýjaþjónustum fyrir fyrirtæki. Microsoft ber þar höfuð og herðar yfir aðra enda er nánast öll fyrirtæki og stofnanir að nýta sér Microsoft 365 skýjaþjónustu þeirra. PREMIS hefur lagt mikla áherslu á að byggja upp þekkingu þar. Það skiptir miklu máli hvernig þessar lausnir eru settar upp og að farið sé vel yfir stillingar á öryggismálum innan lausnarinnar. Einnig er mjög mikilvægt að fyrirtæki nýti þá miklu möguleika sem felast í þeim hugbúnaði sem fylgir skýjalausnapakkanum. Þar hefur PREMIS byggt upp öflugt fræðslukerfi og ráðgjöf í að sérsníða lausnirnar að þörfum viðskiptavina.

Hýsing og nettengingar

Tölvukerfin eru oft á tíðum hjarta hvers fyrirtækis. Þó svo að skýjalausnir séu almennt að ryðja sér til rúms og mörg fyrirtæki reka sína starfsemi eingöngu í skýinu, þá eru fjölmörg fyrirtæki og stofnanir sem þurfa að hýsa hluta sinna kerfa hér landi. PREMIS hefur byggt upp öflugt og öruggt hýsingarumhverfi sem staðsett er í þremur gagnaverum hér á landi. PREMIS er einnig fjarskiptafyrirtæki með sitt eigið netlag og getur boðið sínum viðskiptavinum nettengingar af öllum gerðum og stærðum.

Vefhýsing og veflausnir

PREMIS er annar stærsti vefhýsingaraðili landsins. Langflestar þeirra vefsíðna sem þar eru hýstar hafa verið smíðaðar af PREMIS eða fyrirtækjum sem nú er hluti af PREMIS, og má telja þær í þúsundum. Á hverju ári setur PREMIS í loftið 60-80 nýja vefi fyrir viðskiptavini sína.



Umhverfisvænn bílafloki PREMIS.



Spjallrýmið nýttast vel.



Hluthafahópur TRS ehf. á aðalfundi í febrúar 2020.
Frá vinstri: Sigurður Þór Sigurðsson stjórnarformaður,
Kristín Gunnarsdóttir fjármálastjóri, Dagný Björg Ólafsdóttir,
Gunnar Bragi Þorsteinsson framkvæmdastjóri og Ármann
Ingi Sigurðsson upplýsingaöryggis- og tæknistjóri.

TRS



Rafmagnsdeild TRS á verkstað við fjölbylshús á Selfossi.



Verslun á Selfossi.



Höfuðstöðvar TRS að Eyravegi 37 á Selfossi.

TRS ehf. var stofnað af þeim félagum Gunnari Braga Þorsteinssyni og Júlíusi Magnúsi Pálssyni og hóf það starfsemi síðla árs árið 1995. TRS ehf. er í dag í eigu Gunnars Braga Þorsteinssonar framkvæmdastjóra og Dagnýjar Bjarkar Ólafsdóttur, Kristínu Gunnarsdóttur fjármálastjóra og Sigurðar Þórs Sigurðssonar stjórnarformanns, auk Ármanns Inga Sigurðssonar upplýsingaöryggis- og tæknistjóra.

TRS hefur frá upphafi þjónað fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum með tölvu- og fjarskiptabúnað. Fyrirtækið hét í upphafi „Tölvu- og rafeindapjónusta Suðurlands“ en nafnið var stýtt í TRS í upphafi árs 2017. Fjöldi starfsmanna TRS hefur vaxið ár frá ári og eru nú um 35 manns að störfum hjá fyrirtækinu.

TRS er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni, raflögnum og fjarskiptum

Nánari skýring á rekstrinum er:

Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir með rekstri tölvukerfa

Ráðgjafar á sviði upplýsingaöryggis og vottunar

Vefþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir

Rekstur gagnavera sem hýsingu fyrir tölvukerfi fyrirtækja og stofnana

Sala á tölvum og fylgihlutum þeirra ásamt rekstrarvörum

Sölu fjarskiptabúnaði, s.s. sínum, símkerfum o.fl.

Viðgerðir á tölvum og skrifstofubúnaði

Nýlagnir og viðhald fjarskiptakerfa

Tengingar og blástur á ljósleiðara

Viðhald og nýlagnir raflagna

Uppsetningar og viðhald öryggiskerfa

Tækjabúnaður, mannauður og aðsetur

Fyrirtækið er með mikið af tólum og tækjum til að sinna sínum verkefnum og má þar nefna 30 bíla, þar af um 10 sérútbúna fyrir ljósleiðaravinnu, loftpressur, tengi- og blástursvélar bilanaleitarbúnað, traktorsgröfu, litla beltagröfu, o.fl.

Hjá TRS er rekin metnaðarfull endurmenntunarskema starfsfólks með það að leiðarljósi að starfsfólki líði vel í starfi og viðskiptavinir okkar fái framúrskarandi þjónustu.

Slagorð fyrirtækisins er „Ein heild í þína þágu“ og var valið á sínum tíma eftir samkeppni meðal starfsmanna og lýsir vel starfsemi og yfirbragði fyrirtækisins.

Fyrstu árin var fyrirtækið til húsa að Eyravegi 25 á Selfossi en fluttist svo árið 2001 að Eyravegi 37 sem eru núverandi höfuðstöðvar og megin starfstöð fyrirtækisins. Einnig er starfsstöð í Kópavogi svo og gagnaver við Austurveg á Selfossi. Áhaldahaldahús er einnig við Austurvegin, birgða- og áhaldageymsla við Breiðumýri á Selfossi auk aðstöðu í gagnaveri Verne á Ásbrú í Keflavík.



Fjarskiptadeild TRS að störfum – verið að blása og tengja ljósleiðara á Selfossi.

TRS ehf. hefur komið að margvíslegum og fjöldbreyttum verkefnum í gegnum tíðina má þar nefna:

Verkefni í upplýsingatækni:

Hýsing tölvu og tölvukerfa fyrir fjölmörg fyrirtæki og stofnanir víðsvegar af landinu. Rekstur tölvukerfa fyrir fjölda sveitarfélaga, fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana, víðsvegar af landinu.

Sala og uppsetning á búnaði:

Sala á margskonar tölvubúnaði, s.s. borðtölvum, fartölvum, tölvuklösum, prenturum, ljósritunarvélum, tengibúnaði, símkerfum o.fl. Í verslun TRS á Selfossi er til sölu margskonar búnaður tengdur upplýsingatækni og fjarskiptum, s.s. tölvur af öllum gerðum og stærðum, prentarar, prentaravörur, s.s. blekhylki og tónerar, farsímar og farsímatengdar vörur, s.s. hulstur, snúrur, tengistykki o.fl.

Verkefni í fjarskiptalögnum:

Viðhald, nýlagnir og tengingar ljósleiðara í fjölda verkefna fyrir Mílu hf. á Suðurlandi og víðar um land, blástur og tengingar ljósleiðara fyrir Gagnaveitu Reykjavíkur á Selfossi, blástur og tenging ljósleiðara fyrir Ásahrepp, Rangárþing ytra, Hrunamannahrepp, Orkufjarskipti o.fl. aðila.

Verkefni í raflögnum og öryggiskerfum:

Nýlagnir í fjölda sérbylis- og fjölbýlishúsa á Suðurlandi, uppsetning og viðhald öryggiskerfa fyrir fyrirtæki og sveitarfélög, uppsetningar og tengingar á fjarskiptanetum á fjölda hótela og gistihúsa.

Afkoma

Tekjur fyrirtækisins hafa vaxið frá ári til árs og á árinu 2020 námu þær um 800 mkr. Hagnaður hefur verið af rekstrinum öll árin frá stofnun.

Vottun og viðurkenningar

Árið 2014 hlaut TRS vottun um að upplýsingaöryggisstjórnkerfi fyrirtækisins samræmist alþjóðlega ISO/IEC 27001 upplýsingaöryggisstaðalinum og hefur sú vottun verið staðfest árlega eftir það.

Síðastliðinn sjö ár hefur TRS hlotið útnefningu sem Framúrskarandi fyrirtæki hjá Credit Info. Einungis fyrirtæki sem skara framúr í sínum rekstri hljóta þennan heiður, eða um 2% íslenskra fyrirtækja.

Á árunum 2018 og 2019 var TRS valið sem „Fyrirmyndar fyrirtæki“ í könnunum á vegum VR sem Gallup framkvæmdi og á árinu 2019 var TRS útnefnt sem „Fyrirtæki ársins“ í sömu könnun.



Velta TRS ehf. árin 1995-2019 í milljónum króna.

Nafnaskrá

Nafn.....BlS.	Endurskoðun Vestfjarða.....264	Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík.....212
A2F arkitektar.....276	Enor.....266	Iðnsveinafélag Skagafjarðar.....213
Advania.....326	Farice.....362	Íslandsstofa.....180
AFL Starfsgreinafélag.....184	Fastland ehf.....274	Já.....366
Aldan stéttarfélag.....186	Félag heilbrigðisgagnfræðinga.....199	Keilir.....34
Alþýðusamband Íslands.....188	Félag iðn- og tæknigreina.....204	Kennarasamband Íslands.....214
Annata.....328	Félag íslenskra flugumferðarstjóra.....202	Kolibri.....340
Arkitektastofan Zeppelin.....278	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.....38	Konnasafn.....131
Arkís arkitektar.....280	Fjölbrautaskóli Snæfellinga.....40	KPMG.....268
Arkþing - Nordic.....282	Fjölbrautaskóli Vesturlands.....42	Kvennaskólinn í Reykjavík.....50
ASK arkitektar.....284	Fjölbrautaskólinn við Ármúla.....44	Kvikmyndaskóli Íslands.....52
AVH arkitektúr - verkfræði - hönnun.....277	Flugakademiá Íslands.....98	Landbúnaðarháskóli Íslands.....30
Basalt arkitektar.....286	Flugfreyjufélag Íslands.....206	Landmótun.....290
Batterið arkitektar.....288	Flugsafn Íslands.....128	Landssamband lögreglumanna.....216
Báran stéttarfélag.....190	Flugvirkjafélag Íslands.....208	LARSEN hönnun og ráðgjöf.....275
BHM.....192	Foss stéttarfélag.....210	Listasafn Íslands.....122
Bilgreinasambandið.....178	Framhaldsskólinn á Laugum.....46	Ljósmaðrafélag Íslands.....218
Boðleið.....360	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ.....48	Lota.....296
Borgarholtsskóli.....36	Framsýn stéttarfélag.....207	LS Retail.....342
Borgarleikhúsið - Leikfélag Reykjavíkur.....116	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.....86	Læknafélag Íslands.....220
Brú félag stjórnenda.....187	Fræðslusetrið Starfsmennt.....89	Mannvit.....298
BSRB.....194	Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri.....129	Matvis.....222
Byggðasafn Árnesinga.....124	Hagvangur.....316	Meniga.....346
Byggðasafn Skagafjarðar.....125	Happdrætti Háskóla Íslands.....16	Menningarfélag Akureyrar.....118
Byggðasafnið í Görðum Akranesi.....126	Háskólaásetur Vestfjarða.....32	Menningarmiðstöð Þingeyinga.....132
Byggið.....196	Háskóli Íslands.....20	Menntaskóli í tónlist.....54
CCP.....330	Háskólinn á Bifrost.....24	Menntaskólinn að Laugarvatni.....56
Controlant.....334	Háskólinn í Reykjavík.....26	Menntaskólinn á Akureyri.....58
Deloitte.....260	Hjallastefnan.....100	Menntaskólinn á Egilsstöðum.....60
dk hugbúnaður.....336	Hringdu.....365	Menntaskólinn á Isafirði.....62
Dohop.....338	Hringiðan.....363	Menntaskólinn á Tröllaskaga.....66
Drífandi stéttarfélag.....198	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík.....102	Menntaskólinn í Kópavogi.....68
Eining - Iðja.....200	Hvalasafnið á Húsavík.....130	Menntaskólinn í Reykjavík.....70
Eldheimar.....127	Iðan fræðslusetur.....90	Menntaskólinn við Hamrahlíð.....72

Menntaskólinn við Sund.....	74	Sjúkraliðafélag Íslands	234	Verkfræðistofan Stoð.....	308
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	92	Skógasafn.....	140	Verkhönnun.....	320
Minjasafn Austurlands.....	133	Skóli Ísaks Jónssonar	104	Verkís.....	310
Míla.....	368	Starfsgreinasamband Íslands.....	235	Verkmenntaskóli Austurlands.....	80
Navis.....	302	Steinasafn Petru.....	141	Verkmenntaskólinn á Akureyri	82
Náttúruminjasafn Íslands	134	Stéttarfélagið Samstaða.....	227	Verkráð.....	307
Netkerfi og tölvur.....	378	Stofnun Árna Magnússonar.....	14	Verzlunarmannafélag Skagafjarðar.....	253
Netorka	348	Stofnun múslima á Íslandi.....	157	Verzlunarskóli Íslands.....	84
Norðurlóð.....	136	Stólpi viðskiptalausnir	356	VM - Félag vélstjóra og málmteknimanna.....	254
Nova.....	370	Syndis.....	318	VSÍ verkfræðistofa.....	312
Origo.....	350	Sýn.....	374	VSÓ Ráðgjöf.....	315
Orkuþjónustufélagið	372	Söfnin á Akureyri	142	Wise lausnir.....	358
Premis.....	380	Söfnin í Fjarðabyggð.....	144	Yrki arkitektar.....	294
PricewaterhouseCoopers	272	Tengir.....	376	Þekking.....	322
Rafræðingafélag Íslands	224	THG arkitektar.....	292	Þjóðleikhúsið.....	120
Rafmennt.....	94	Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum ..	18	Þjóðminjasafn Íslands	146
Rithöfundasamband Íslands	226	Tónlistarskóli Árneseinga.....	106	Þórbergissetur	148
Safnahús Vestmannaeyja.....	137	Tónlistarskóli Kópavogs.....	108	ÖBÍ réttindasamtök.....	256
Samband stjórnendafélaga.....	228	Tónlistarskóli Rangæinga.....	107		
Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu.....	230	TPZ Teiknistofa Páls Zóphóniassonar	304		
SAM-félagið.....	158	TRS	382		
Samgönguminjasafnið.....	138	Tækniskólinn.....	76		
Samiðn	232	Tækniþjónusta Vestfjarða.....	305		
Samorka.....	167	Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur	238		
Samsýn.....	355	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis.....	239		
Samtök atvinnulífsins.....	162	Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis	240		
Samtök ferðaþjónustunnar.....	168	Verkalýðsfélag Akraness	242		
Samtök fjármálafyrirtækja.....	170	Verkalýðsfélag Grindavíkur.....	241		
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.....	172	Verkalýðsfélag Snæfellinga.....	244		
Samtök iðnaðarins	174	Verkalýðsfélag Suðurlands.....	246		
Samtök verslunar og þjónustu	176	Verkalýðsfélag Vestfirðinga.....	248		
Síldarminjasafn Íslands.....	139	Verkalýðsfélag Þórshafnar.....	249		
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar SÍMEY	96	Verkalýðsfélagið Hlíf.....	250		
Sjómannafélag Íslands.....	236	Verkfræðistofa Suðurnesja.....	306		

